

2

Málsatvik í tengslum við snjóflóð
í Súðavík 16. janúar 1995

Skýrsla rannsóknarnefndar
Alþingis samkvæmt ályktun
Alþingis 30. apríl 2024

Málsatvik í tengslum við snjóflóð í Súðavík 16. janúar 1995

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis samkvæmt ályktun
Alþingis 30. apríl 2024

2

Útgefandi:

Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt ályktun
Alþingis 30. apríl 2024 um rannsókn vegna snjóflóðs
sem féll í Súðavík 16. janúar 1995.

Ritsjórn:

Dóra Hjálmarsdóttir
Finnur Þór Villhjálmsson
Sonja Hjördís Berndsen
Þorsteinn Sæmundsson

Hönnun og umbrot:

Stefán Einarsson

Prófarkalestur:

Berglind Steinsdóttir

Ljósmynd á kápu:

Þorsteinn Haukur Þorsteinsson.

Mynd á kápu skýrslunnar er af veggklukku sem var í
pósthúsinu við Aðalgötu í Súðavík. Þegar snjóflóðið lenti
á pósthúsinu árla morguns 16. janúar 1995 féll klukkan af
vegg sem hún hékk á og stoppaði. Hún sýndi þá tímann
06:17, sem þá og síðar hefur einkum verið notaður til
viðmiðunar um nákvæma tímasetningu snjóflóðsins.
Eins og sjá má af myndinni sýna vísar klukkunnar hins
vegar nú tímann 06:25. Eftir því sem næst verður komist
mun þar vera tvennt að baki: þyngdaraflið og tíminn
sem liðið hefur frá snjóflóðinu. Klukkuna er nú að finna
í glerkassa, ásamt minningarskildi með upplýsingum
um hana, í anddyri stjórnsluhúss Súðavíkurhrepps að
Grundarstræti 1 í Súðavík.

Ljósmynd á bls. 3 í greinargerð Einars Sveinbjörnssonar, sjá
viðauka 5.3 með skýrslunni:

Ljósmyndari: Mats Wibe Lund. Myndin er birt með
góðfúslegu leyfi hans.

Myndefni rikissjónvarpsins frá 7. janúar 1983, sjá viðauka
4.4 með skýrslunni:

Tökumaður: Kristján Kristjánsson.

Tákn í tilvitnunum:

[...] úrfelling

[/] úrfelling á greinarskilum

Efnisyfirlit

5. Fyrirkomulag og framkvæmd almannavarnaáðgerða í kringum snjóflóð í Súðavík 16. janúar 1995.....	1
5.1. Inngangur.....	1
5.2. Snjóflóð á Vestfjörðum árið 1994.....	2
5.2.1. Umræða í kringum snjóflóð í Tungu- og Seljalandsdal í apríl 1994.....	2
5.2.2. Snjóflóð í Súðavík 18. desember 1994.....	4
5.3. Snjóflóð í Súðavík 16. janúar 1995 og veður og veðurspár í aðdraganda þeirra	7
5.3.1. Snjóflóðin og veður í aðdraganda þeirra.....	7
5.3.2. Veðurspá í aðdraganda snjóflóðanna.....	10
5.4. Almannaavarnaáðgerðir í aðdraganda snjóflóðsins	11
5.4.1. Samskipti sunnudaginn 15. janúar 1995.....	12
5.4.2. Samskipti aðfaranótt mánudagsins 16. janúar 1995.....	13
5.5. Almannaavarnaáðgerðir í kjölfar snjóflóðsins og þar til hættuástandi var aflétt.....	20
5.5.1. Áðgerðir 16. janúar 1995 frá kl. 06:17 til 08:00.....	21
5.5.2. Áðgerðir 16. janúar 1995 frá kl. 08:00 til 10:00.....	25
5.5.3. Áðgerðir 16. janúar 1995 frá kl. 10:00 til 12:00.....	27
5.5.4. Áðgerðir 16. janúar 1995 frá kl. 12:00 til 18:00.....	30
5.5.5. Áðgerðir 16. janúar 1995 frá kl. 18:00 til miðnættis	33
5.5.6. Áðgerðir 17. janúar 1995 frá miðnætti til kl. 06:00.....	35
5.5.7. Áðgerðir 17. janúar 1995 frá kl. 06:00 til 12:00.....	36
5.5.8. Áðgerðir 17. janúar 1995 frá kl. 12:00 til 20:00.....	37
5.5.9. Áðgerðir 17. janúar 1995 frá kl. 20:00 til miðnættis	39
5.5.10. Áðgerðir 18. og 19. janúar 1995.....	40
5.5.11. Áðgerðir 20. til 23. janúar 1995.....	42
5.5.12. Helstu atriði úr umræðum og rýni í kjölfar björgunaraðgerða í Súðavík.....	45
5.5.13. Skýrsla Almannaavarna ríkisins „Snjóflóð 95“.....	48
5.5.14. Samskipti við fjölmiðla.....	49
5.6. Samantekt rannsóknarnefndar.....	51
6. Eftirfylgni stjórnvalda í kjölfar snjóflóðsins.....	60
6.1. Inngangur.....	60
6.2. Hreinsunarstarf í kjölfar snjóflóðsins og eftirmál þess.....	60
6.2.1. Hreinsunarstarf frá 23. til 29. janúar 1995.....	61
6.2.2. Hreinsunarstarf frá 29. janúar til 22. mars 1995.....	64
6.2.3. Hreinsunarstarf frá 23. mars til 10. október 1995.....	66
6.2.4. Eftirmál hreinsunarstarfa og hugað að minningarreit.....	70
6.2.5. Eftirfylgd lýkur og samráð um minningarreit	74
6.2.6. Lokið við uppbyggingu minningarreits í Súðavík.....	75
6.3. Sjúkrahjálp, fjöldahjálp og félags- og áfallahjálp í kjölfar snjóflóðsins	77

6.3.1. Inngangur og almenn atriði.....	77
6.3.2. Sjúkrahjálpi í kjölfar snjóflóðsins (meðferð slasaðra).....	78
6.3.3. Fjölda- og félagshjálpi í kjölfar snjóflóðs.....	79
6.3.3.1. Fjölda- og félagshjálpi á Ísafirði.....	80
6.3.3.2. Fjölda- og félagshjálpi í Reykjavík.....	80
6.3.3.3. Samhugur í verki.....	82
6.3.4. Áfallahjálpi í kjölfar snjóflóðsins.....	84
6.3.4.1. Áfallahjálpi fyrir vestan.....	84
6.3.4.2. Grunn- og leikskólar Súðavíkur.....	86
6.3.4.3. Eftirfylgni við Súðvíkinga fyrir vestan.....	88
6.3.4.4. Áfallahjálpi í Reykjavík og eftirfylgni við Súðvíkinga.....	88
6.3.5. Eftirmál er varða skipulag áfallahjálpar á Íslandi 1995 til 2025.....	89
6.4. Uppkaup húsa og uppbygging nýrrar Súðavíkur.....	94
6.4.1. Fyrstu viðbrögð vegna húsnæðisvanda Súðvíkinga.....	94
6.4.2. Hugað að uppkaupum og flutningi húsa í Súðavík.....	100
6.4.3. Bygging varnarvirkja eða uppkaupt húsa í Súðavík?.....	101
6.4.4. Viðmiðunarverð uppkeyptra fasteigna og flutningsbóta.....	104
6.4.5. Um 10% hlut Súðavíkurhrepps í uppkaupum fasteigna.....	107
6.4.6. Mismunabætur.....	109
6.4.7. Hugað að framtíð gömlu byggðarinnar.....	110
6.4.8. Uppgjöri lýkur vegna Súðavíkur.....	112
6.4.9. Nýting húsa í gömlu byggðinni í Súðavík 1995–2025.....	115
6.5. Viðbrögð stjórnvalda, einkum breytingar á lögum, reglum og skipulagi stjórnáslu.....	118
6.5.1. Umræða stjórnvalda fyrst eftir snjóflóði um stöðu og breytingar regluverks í snjóflóðamálum.....	119
6.5.2. Breytingar á ofanflóðalögum 1985 með lögum nr. 50/1995: snjóeftirlit, kostnaður vegna varnarvirkja og heimild til kaupa á húseignum.....	124
6.5.3. Breytingar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands með lögum nr. 36/1995 vegna tekjuöflunar fyrir ofanflóðasjóð.....	128
6.5.4. Frekari umræða stjórnvalda vetur og vor 1995 um regluverk í snjóflóðamálum.....	128
6.5.5. Breytingar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands og ofanflóðalögum 1985 með lögum nr. 102/1995: fjárbörf ofanflóðasjóðs.....	130
6.5.6. Reglusetning á sviði ofanflóðalaga á árinu 1995, rannsóknir á nýjum hættumatsaðferðum, snjóflóðahættumat fyrir Súðavík frá ágúst 1995 o.fl.....	131
6.5.7. Breytingar á ofanflóðalögum 1985 með lögum nr. 151/1995: málaflokkurinn færður undir umhverfisráðuneyti, Ofanflóðanefnd lögð niður, „mismunabætur“ o.fl.....	139
6.5.8. Breytingar á ofanflóðalögum 1985 með lögum nr. 62/1996 (fjárbörf ofanflóðasjóðs), reglusetning á sviði ofanflóðamála árið 1996 o.fl.....	142
6.5.9. Ný lög nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.....	144
6.5.10. Lagabreytingar og reglusetning frá og með setningu ofanflóðalaga 1997.....	147
6.6. Áköll um opinbera rannsókn.....	148
6.6.1. Erindi lögmans fyrir hönd Rögna Aðalsteinsdóttur til sveitarstjórnar Súðavíkur 21. febrúar 1995.....	149
6.6.2. Erindi lögmans fyrir hönd Þorsteins Gestssonar, Berglindar Kristjánsdóttur, Hafsteins Númasonar og Maríu Gestsdóttur til dómsmálaráðherra 21. mars 1995.....	149
6.6.3. Erindi lögmans fyrir hönd Rögna Aðalsteinsdóttur til dómsmálaráðuneytisins 5. apríl 1995.....	151
6.6.4. Krafa Heiðars Guðbrandssonar á fundi hreppsnefndar Súðavíkur 11. ágúst 1995.....	152
6.6.5. Greinargerð sex aðstandenda látinna í snjóflóðinu birt í Morgunblaðinu 30. mars 1996.....	152
6.6.6. Erindi sex aðstandenda látinna í snjóflóðinu til dómsmálaráðherra 30. apríl 1996.....	152
6.6.7. Erindi sjö aðstandenda látinna í snjóflóðinu til ríkissaksóknara 20. ágúst 1996.....	153
6.6.8. Kvörtun Bjarkar Þórðardóttur til umboðsmanns Alþingis 23. apríl 1997.....	155
6.6.9. Erindi lögmans fyrir hönd Rögna Aðalsteinsdóttur til dómsmálaráðherra 21. júlí 1998.....	156
6.6.10. Grein Hafsteins Númasonar í Morgunblaðinu 16. janúar 1999.....	157
6.6.11. Umfjöllun í fréttum ríkissjónvarpsins 17. janúar 2000 og atvik í kjölfar hennar.....	159
6.6.12. Umræða og athugun innan dómsmálaráðuneytisins á fyrri helmingi árs 2000.....	161
6.6.13. Erindi Sverris Hermannssonar alþingismanns til dómsmálaráðherra 27. mars 2000 og tengd atvik árin 2000 og 2001.....	162
6.6.14. Greinargerð vararíkislögreglustjóra 14. janúar 2001.....	163
6.6.15. Erindi lögmans fyrir hönd Rögna Aðalsteinsdóttur til ríkissaksóknara 21. janúar 2003.....	164
6.6.16. Erindi lögmans fyrir hönd Rögna Aðalsteinsdóttur til umhverfisráðuneytisins 4. október 2004 og síðari meðferð þess hjá forsætisráðuneytinu.....	165
6.6.17. Erindi Maríu Sveinsdóttur til ríkissaksóknara 20. janúar 2005.....	166
6.7. Samantekt rannsóknarnefndar.....	167

6.7.1. Hreinsunarstarf í kjölfar snjóflóðs, sáttargjörð og minningarreitir	167
6.7.2. Sjúkrahjálpi, fjöldaþjálpi og félags- og áfallahjálpi í kjölfar snjóflóðsins	170
6.7.3. Uppkaup húsa og uppbygging nýrrar Súðavíkur	175
6.7.4. Viðbrögð stjórnvalda eftir snjóflóðið og breytingar á lögum, reglum og skipulagi stjórnsýslu í kjölfar þess.....	177
6.7.5. Áköll um opinbera rannsókn.....	184

7. Frekari samantekt rannsóknarnefndar 187

7.1. Viðhorf eða meðvitund vegna snjóflóðahættu í Súðavík á árunum fyrir snjóflóðið	187
7.2. Viðhorf eða meðvitund vegna snjóflóðahættu og snjóflóðavarnir í öðrum snjóflóðabygðum en Súðavík.....	195
7.3. Hættusvæði og hættumörk í snjóflóðahættumati fyrir Súðavík	198
7.4. Hús á snjóflóðahættusvæði undir Súðavíkurhlíð samkvæmt hættumatskortu	200
7.5. Veður í aðdraganda snjóflóðsins auk annarra snjóflóða úr Súðavíkurhlíð	202
7.6. Snjódypt í upptökum snjóflóðafarvegjar í Súðavíkurhlíð ofan „gömlu byggðarinnar“	203
7.7. Skipulag almannavarna og almannavarnir í Súðavík.....	205
7.8. Uppkaup fasteigna á hættusvæðum í stað varnarvirkja vegna snjóflóða.....	206
7.9. Stórt snjóflóð úr Súðavíkurhlíð í upphafi 20. aldar?.....	207

8. Lokaorð 209

5. Fyrirkomulag og framkvæmd almannavarnaáðgerða í kringum snjóflóð í Súðavík 16. janúar 1995

5.1. Inngangur

Í þessum kafla skýrslunnar er fyrst og fremst fjallað um fyrirkomulag og framkvæmd almannavarnaáðgerða í Súðavík í janúar 1995, frá því daginn áður en snjóflóðið féll úr Súðavíkurhlíð á byggðina árla morguns mánudaginn 16. janúar og þar til hættuástandi var aflétt viku síðar, þ.e. að morgni mánudagsins 23. janúar 1995.¹ Þar á meðal er gerð grein fyrir samskiptum meðlima almannavarnanefndar Súðavíkur, Veðurstofu Íslands og Almannavarna ríkisins í aðdraganda snjóflóðsins, þ.e. frá sunnudeginum 15. janúar og aðfaranótt 16. janúar.

Áður en kemur að ofangreindu er í fyrri hluta kaflans, vegna samhengis og til frekari upplýsingar, vikið að umræðu um snjóflóð og snjóflóðahættu, m.a. á Vestfjörðum, mánuðina fyrir snjóflóðið í Súðavík í janúar 1995 eða frá og með stórum snjóflóðum sem féllu á Vestfjörðum í byrjun apríl 1994, m.a. á skíða- og sumarbústaðasvæði Ísfirðinga í Seljalands- og Tungudal, en getið hefur verið um þau snjóflóð áður í skýrslunni. Einnig er fjallað um snjóflóð sem féllu 18. desember 1994 í Súðavík, einkum þá stórt snjóflóð úr Traðargili, og atvik því tengdu, þar á meðal fundi almannavarnanefndar Súðavíkur og opinbera umfjöllun um það snjóflóð, auk þess sem raktar eru aðrar upplýsingar sem fram hafa komið við rannsóknina um atvik eftir það snjóflóð og fram að snjóflóðinu 16. janúar 1995. Þá er einnig í fyrri hluta kaflans gerð grein fyrir gögnum og upplýsingum um veðurfarslegar aðstæður, þ.e. veður og veðurspár, í aðdraganda snjóflóðsins og helstu atriðum varðandi snjóflóðið sjálft sem og önnur snjóflóð sem féllu í Súðavík 16. janúar 1995, þ.e. úr Traðargili.

Hér fyrir neðan er gerð stutt og almenn grein fyrir gögnum sem umfjöllun í kaflanum er einkum byggð á en þar er m.a. um að ræða gögn sem birt eru í heild með skýrslunni.

Með bréfi 21. mars 1995 til þáverandi dómsmálaráðherra fóru eigendur húsa að Túngötu 4 og Túngötu 5 í Súðavík fram á rannsókn á skipulagi snjóflóðavarna á svæðinu, hvernig fylgst var með hættum af snjóalögum, hvernig staðið hafði verið að viðvörðun til bæjarbúa daginn eða dagana fyrir umrætt snjóflóð og, að endingu, hvernig staðið hafði verið að hjálparstarfi og hreinsun þar sem eigur hefðu glatast í kjölfar þeirra áðgerða.² Með bréfi 31. mars 1995 fór dómsmálaráðuneytið fram á það við Almannavarnir ríkisins að unnin yrði greinargerð um þau atriði sem nefnd voru í þessu erindi.³ Í kjölfarið var greinargerð unnin af hálfu Almannavarna ríkisins og lá hún fyrir 28. apríl 1995. Samkvæmt inngangi greinargerðarinnar var hún unnin út frá þeim gögnum sem lágu fyrir hjá Almannavörnum ríkisins vegna snjóflóðsins, en auk þess hefðu fundir farið fram með þeim einstaklingum sem að málinu komu. Sá hluti greinargerðarinnar sem laut að því hvernig fylgst var með hættu af snjóalögum var byggður á bókunum vaktmanna Almannavarna ríkisins, minnisblöðum sýslumannsins á Ísafirði og skýrslum þeirra sem að málum voru sagðir koma. Í lokaorðum greinargerðarinnar kom fram að unnið væri að heildarskýrslu vegna allra þátta snjóflóðsins í því skyni að draga lærdóm af áðgerðunum með tilliti til „endurbóta á skipulagi Almannavarna í framtíðinni“. Þessi greinargerð Almannavarna ríkisins kom fram í ýmsum skjalasöfnum sem athuguð voru við rannsóknina og fylgdi einnig með erindi aðstandenda og eftirlifenda vegna snjóflóðsins til forsætisráðherra í apríl 2023 sem síðar var framsent stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, eins og nánar er greint frá í 1. kafla skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Greinargerðin er birt með skýrslunni, ásamt fylgiskjöllum, nánar tiltekið eintak hennar sem aflað var frá dómsmálaráðuneytinu.⁴

1. Kafli tekur þannig til þeirra atriða sem fram koma í 2. lið ályktunar Alþingis 30. apríl 2024, líkt og nánari grein er gerð fyrir í umfjöllun í inngangskafli skýrslunnar.

2. Skjalasafn sýslumannsins á Vestfjörðum. Gögn afhent 21.2.2025.

3. Skjalasafn sýslumannsins á Vestfjörðum. Gögn afhent 21.2.2025.

4. Skjalasafn dómsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 22.4.2025. Rétt er að taka fram að greinargerðin sjálf, ásamt fylgibréfi Almannavarna ríkisins, en án fylgiskjala, var í einni PDF-skrá sem afhent var umræddan dag („Greinargerð Almannavarna 28.4.1995“) en í annarri PDF-skrá („Ýmis bréf“) var einnig eintak hennar með fylgiskjöllum (sem voru tvö). Greinargerð Almannavarna ríkisins 28. apríl 1995 er birt með skýrslu rannsóknarnefndarinnar í [viðauka 5.1](#) með skýrslunni.

Í janúar 1996 birtu Almannavarnir ríkisins fyrrnefnda heildarskýrslu um snjóflóðið og fékk hún heitið „Snjóflóð 95 – Skýrsla um snjóflóðin í Súðavík og Reykhólasveit í janúar 1995“. Samkvæmt formála skýrslunnar var tilgangur hennar að taka saman þá reynslu sem fengist hafði í aðgerðum vegna snjóflóða í Súðavík og Reykhólasveit í janúar 1995, í því skyni að vinna að úrbótum á skipulagi og framkvæmd almannavarna til framtíðar.⁵ Þessi skýrsla kom sömuleiðis víða fram við rannsókn rannsóknarnefndarinnar en hér er birt eintak hennar úr gögnum Almannavarna ríkisins á Þjóðskjalasafni.⁶ Jafnan er vísað til skýrslunnar hér á eftir sem skýrslunnar „Snjóflóð 95“.

Hinn 13. janúar 1997 lá fyrir mannskaðaskýrsla lögreglunnar á Ísafirði um snjóflóðið.⁷ Við gerð skýrslunnar var stuðst við frásagnir og upplýsingar aðila, en engar skýrslutökur fóru fram við rannsóknina.⁸ Í skýrslunni er þess getið að vegna veðurs í Súðavík hafi ekki verið unnt að framkvæma vettvangsrannsókn fyrr en tveimur dögum eftir snjóflóðið. Á þeim tíma höfðu ummerki um nákvæma staðsetningu þeirra sem fundust að mestu máðst út þar sem snjóað hafði yfir svæðið. Skýrslan skiptist í tvo kafla, annars vegar heildarskýrslu lögreglunnar með skýrslu um líkskoðun og dánarorsök og hins vegar kafla með ljósmyndum og vettvangsteikningu. Rannsóknarnefndin fékk afhent afrit af lögregluskýrslunni hjá lögreglustjóranum á Vestfjörðum.

Umfjöllun í þessum kafla er m.a. byggð á upplýsingum sem fram koma í aðurnefndri greinargerð og skýrslu Almannavarna ríkisins og lögregluskýrslu sem og upplýsingum úr gögnum sem aflað var eða urðu til við gerð þeirra. Þar á meðal eru skriflegar athugasemdir frá nefndarmönnum almannavarnarnefndar Súðavíkur sem aflað var og stuðst var við vegna vinnu að greinargerð Almannavarna í apríl 1995. Í því sambandi ber einnig að geta þess að nokkrir einstaklingar sem í hlut áttu þar eru fallin frá. Þá er í kaflanum stuðst við önnur gögn sem komið hafa fram við rannsókn nefndarinnar og umfjöllun fjölmiðla um tiltekin atriði og vísað til þess hverju sinni.

5.2. Snjóflóð á Vestfjörðum árið 1994

5.2.1. Umræða í kringum snjóflóð í Tungu- og Seljalandsdal í apríl 1994

Þann 5. apríl 1994 féll snjóflóð yfir skíðasvæðið á Seljalandsdal nálægt Ísafjarðarbæ og ruddi þar burt mannvirkjum, að undanskildum skíðaskálanum.⁹ Flóðið hélt áfram niður í Tungudal og yfir sumarhúsabyggð í dalnum þar sem það eyðilagði á fjórða tug sumarhúsa sem þar stóðu. Fjórir einstaklingar voru staddir í sumarhúsum á svæðinu þegar flóðið féll og lést einn þeirra í flóðinu. Annar einstaklingur slasaðist mikið en tvennt komst lífs af án teljandi meiðsla.¹⁰ Þá féllu tvö snjóflóð til viðbótar á Skutulsfjarðarbraut. Enginn varð fyrir þessum síðarnefndu snjóflóðum, en umferð var lokað um veginn. Í öryggisskyni voru hús rýmd á Ísafirði og í nágrenni. Ýmsar smáskriður féllu á Vestfjörðum sama sólarhring, m.a. á leiðinni til Flateyrar og fyrir ofan snjóflóðavarnir Ísafjarðar.

Í viðtali við Morgunblaðið 6. apríl 1994, daginn eftir snjóflóðið á Seljalandsdal, kom fram í máli Magnúsar Más Magnússonar, deildarstjóra snjóflóðavarna Veðurstofu Íslands, að orsakir snjóflóðsins væru ókunnar. Hann kvað ekkert hafa bent til þess að „snjóflóð af

5. Undirbúningi og gerð skýrslunnar er lýst nánar síðar í kaflanum.

6. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2011. B-111 (275). Skýrsla Almannavarna ríkisins „Snjóflóð 95“ er birt með skýrslu rannsóknarnefndarinnar í [viðauka 5.2](#) með skýrslunni.

7. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025. Rétt er að fram komi að í formála að lögregluskýrslunni segir m.a. varðandi tímasetningu skýrslunnar að ýmsar ástæður hafi orðið þess valdandi að ekki hafi verið unnt að klára hana endanlega fyrr en tveimur árum eftir snjóflóðið. Helst er þar nefnt að lögreglumaðurinn sem gerði skýrsluna hafi unnið einn að rannsókn málsins og skýrslugerð. Einnig er þar vísað til áhrifa frá snjóflóðinu á Flateyri 26. október 1995 en eins og gefi að skilja hafi vinna lögreglu í tengslum við það tafið mjög fyrir afgreiðslu skýrslu vegna snjóflóðsins í Súðavík. Skriður hafi fyrst komist þar á þegar lögreglumaðurinn sem vann skýrsluna hafi fengið leyfi frá öðrum skyldustörfum í tiltekinn tíma til að hafa næði til að klára skýrsluna.

8. Fram kemur í lögregluskýrslunni að stuðst hafi verið við frásagnir og upplýsingar einstaklinga en engar yfirheyrslur hafi farið fram heldur hafi verið um að ræða almenna upplýsingaöflun lögreglu. Nánar segir þar í formála að hafi hefði verið samband við a.m.k. einn íbúa í hverju húsi á áfallasvæðinu og upplýsingar um fjölda íbúa og staðsetningar þeirra (þ.e. innan húsa sem snjóflóðið féll á) verið fengnar á þann hátt.

9. [Ísfríðingur – 3. tölublað \(12.04.1994\) – Tímarit.is](#)

10. Nánari upplýsingar um þetta snjóflóð er m.a. að finna í greinargerð Veðurstofu Íslands um snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal sem starfsmenn snjóflóðavarna Veðurstofunnar tóku saman (útg. Veðurstofa Íslands, VÍ-ÚR11, Reykjavík, mars 2003). Greinargerðin er aðgengileg á vef Veðurstofunnar á þessum tengli: <https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/is/is-annall.pdf>.

Þessari stærðargráðu væri yfirvofandi¹¹. Annað viðtal birtist við Magnús Má í dagblaðinu DV 7. apríl 1994 undir yfirskriftinni „Snjóflóðavörnum ábótavant á öllum þekktum hættusvæðum landsins: Fjöldi byggðarlaga er í snjóflóðahættu – fullkomnar varnir kosta hundruð milljóna“¹². Fram kom í viðtalinu að á annað hundrað manns hefðu látist í snjóflóðum á þeirri öld. Mannskæðustu flóðin hefðu fallið á Seyðisfjörð, Hnífsdal, Siglufjörð og Neskaupstað, en þar byggi fólk á hættusvæðum án þess að varnarvirki hefðu verið reist til að verja svæðin. Menn væru einna lengst komnir með uppbyggingu varnarvirkja á Flateyri, þótt enn ætti eftir að ljúka þeirri framkvæmd. Í niðurlagi umfjöllunarinnar var fjallað um kostnaðarhlutdeild ofanflóðasjóðs í snjóflóðavörnum og tiltekið að sveitarfélögum væri gert að greiða 20% þess kostnaðar á móti sjóðnum.

Nokkru áður, eða 7. febrúar 1994, tveimur mánuðum fyrir snjóflóðið á Tungu- og Seljalandsdal, hafði birst umfjöllun í dagblaðinu DV um stöðu snjóflóðavarna á Flateyri. Fjallað var um þá stöðu sem upp væri komin varðandi byggingu varnarvirkja á Flateyri. Samkvæmt umfjölluninni reyndist sveitarfélagið ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að greiða kostnað við varnirnar og vísað var til þess að ofanflóðasjóður greiddi einungis 80% af kostnaði við uppbyggingu varnarvirkja. Fram kom í umfjölluninni það mat blaðamanns að fjárhagsstaða sveitarfélaga og kostnaðarhlutdeild þeirra við uppbyggingu snjóflóðavarna gerði það að verkum að ekki mætti „búast við að gangskör [yrði] gerð að þessum málum“¹³. Rætt var við Magnús Má Magnússon, sem kvað hættumöt tilbúin fyrir flest þéttbýli á landinu. Eftir honum var einnig haft að „ástand snjóflóðavarna [væri] ekki gott eins og er“. Hins vegar stæði það vonandi til bóta, því eftir samþykkt hættumata gætu sveitarfélög fengið aðstoð ofanflóðasjóðs til að fjármagna varnir.

Ráða má af ýmsum gögnum frá þessum tíma að töluverð umræða hafi skapast í samfélaginu í kjölfar flóðsins í Tungu- og Seljalandsdal, einkum með tilliti til skipulags almannavarna og eftirlits með snjóflóðahættu. Í dagblaðinu Tímanum 7. apríl 1994 birtist sem dæmi pistill frá ritstjóra með yfirskriftinni „Eyðilegging sem aldrei verður metin til peninga“ þar sem sagði m.a.:

„Baráttan við náttúruöflin krefst fórnarkostnaðar. Stórsjóir ganga á land, stórflyótin brjóta gróið land, og snjóflóð falla og hafa í för með sér eyðileggingu mannvirkja og dauða, þegar þau ber óvænt að. Sjóvarnargarðar eru byggðir og fyrirhleðslur við fljótin, en hins vegar er bygging snjóflóðavarna tiltölulega skammt á veg komin hérlendis, enda ókleifar fjárhagslega fyrir þau byggðarlög sem eiga hlut að máli. Þessi mál þarf að yfirfara og kanna hvaða ráð eru til úrbóta.

Það er ljóst að snjóflóðahætta verður ekki útilokuð með varnargörðum, og skipulag þeirrar byggðarlaga, sem eru á hættusvæðum, þarf að taka mið af því hvar örugg svæði eru. Eigi að síður verður óhjákvæmilegt að leggja í kostnað við varnir á þessu sviði, og það er eðlilegt að samfélagið allt standi straum af honum.“¹⁴

Af fréttaumfjöllun dagana á eftir má ráða að stefnt hafi verið að því að opna skíðasvæðið á Seljalandsdal að nýju veturinn á eftir. Bæjarstjórinn á Ísafirði gerði ráð fyrir því að endurreisa skíðasvæðið á sama stað, enda væri snjóflóðið sem hefði fallið „alveg einstakur viðburður“¹⁵. Kvaðst hann jafnframt vona að sumarhúsabyggðin og svæðið yrði reist á ný. Í september 1994 var enn beðið eftir byggingarleyfi til að endurreisa sumarhúsabyggðina, sem sveitarfélagið mun hafa haft áform um.¹⁶ Á fundi Ofanflóðanefndar síðar um haustið 1994 var rætt um enduruppbyggingu á sumarhúsunum á Tungudal eftir snjóflóðin og kom fram að bæjaryfirvöld á Ísafirði vildu leyfa enduruppbyggingu á svæðinu með fyrirvara um aðgengi eftir árstíma og gerð snjóflóðavarna, en umhverfisráðherra biði umsagna. Fram kom einnig í fundargerð þess fundar að þá hefði þegar verið byrjað að byggja fimm bústaði án heimilda. Í umræðum innan nefndarinnar kom fram að slíkar leyfisveitingar kynnu að skapa fordæmi sem „erfitt yrði að aðlaga fjölbreytilegum aðstæðum“¹⁷.

11. Morgunblaðið – 76. tölublað (06.04.1994) – Tímarit.is

12. Dagblaðið DV – 78. tölublað (07.04.1994) – Tímarit.is

13. Dagblaðið DV – 31. tölublað (07.02.1994) – Tímarit.is

14. Tíminn – 65. tölublað (07.04.1994) – Tímarit.is

15. Bæjarins besta – 14. tölublað (07.04.1994) – Tímarit.is

16. Bæjarins besta – 36. tölublað (07.09.1994) – Tímarit.is

17. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010 D-1-2 (56-57).

Líkt og áður hefur komið fram var haldinn fundur í Ofanflóðanefnd 11. apríl 1994 þar sem fjallað var um vandamál sem hefðu komið upp í snjóflóðahrinunni sem hefði gengið yfir, þar á meðal á Tungudal. Daginn eftir, 12. apríl 1994, var haldinn fundur Almanna- og borgaradgerða ríkisins með almanna- og borgaradgerða nefnd Súdavíkur að ósk Guðjóns Petersen, framkvæmdastjóra Almanna- og borgaradgerða ríkisins, þar sem m.a. var farið yfir störf snjóathugunarmanna, mælingar þeirra og ráðgjöf við nefndina.¹⁸ Á forsíðu Vestfirsku fréttablaðsins 14. apríl 1994 birtist viðtal við Sigríði Hrönn Elíasdóttur sveitarstjóra um stöðu mála í Súðavík m.t.t. snjóflóðahættu eftir fyrrgreind snjóflóð í Tungu- og Seljalandsdal.¹⁹ Þar var m.a. haft eftir henni að aldrei hefði myndast snjóflóðahætta í Súðavík við þær aðstæður sem ríkt hefðu dagana eða vikurnar á undan, þ.e. kringum umrædda snjóflóðahrinu á Vestfjörðum, en fylgst hefði verið með snjóalögum, hitastigi og öðru slíku og fólk verið í viðbragðsstöðu. Við spurningu blaðamanns þess efnis hvort það væru „einhver dæmi um snjóflóð í Súðavík“ var haft eftir Sigríði Hrönn að dæmi væru um snjóflóð úr Traðargili alveg niður í sjó. Einnig vísaði hún til snjóflóðanna 1983, þ.e. að þá hefðu fallið tvö snjóflóð „fyrir ofan Nesveg og Túngötu“.²⁰ Í framhaldinu var haft eftir henni:

„Það eru tvö hættusvæði hjá okkur sem búið er að gera hættumat á og eru inni á skipulagsupprætti. Annað svæðið er fyrir ofan byggðina við Nesveg og hluta Túngötu en hitt er fyrir neðan Traðargil.“

5.2.2. Snjóflóð í Súðavík 18. desember 1994

Hinn 18. desember 1994, tæpum mánuði fyrir snjóflóðin í Súðavík, féll snjóflóð úr Traðargili á íbúðarhúsi á bænum Saurum í Súðavík, sem stóð ofan Aðalgötu um miðbik þorpsins, á svæðinu undir Traðargili.²¹ Karlmaður á áttæðisaldri lenti í flóðinu. Hann mun hafa verið staddur í svefnherbergi sínu í húsinu á tali við ættingja sinn í síma, þegar símasambandið rofnaði skyndilega. Varð það til þess að umræddur ættingi hringdi eftir aðstoð viðbragðsaðila. Þegar björgunarsveitarmenn bar að um það bil klukkustund eftir að snjóflóðið féll mun maðurinn hafa verið orðinn kaldur og þrekaður en bjargaðist á lífi. Nokkur hús í kringum Saura voru rýmd í kjölfarið.²² Samkvæmt björgunarsveitarmanni sem rætt var við eftir flóðið hafði húsið rifnað af grunni sínum og borist með flóðinu, auk þess sem efri hæð hússins hafði rifnað frá neðri hæð þess á leiðinni. Flóðið féll jafnframt á útihús og húsdýr drápu.²³

Sama dag féll annað snjóflóð úr Súðavíkurhlíð ofan byggðarinnar í Súðavík. Það flóð stöðvaðist nærri hesthúsum við norðurenda byggðarinnar, þ.e. utan meginbyggðarinnar á svæðinu við Túngötu og Nesveg, en ekki er nánar ljóst af fyrirliggjandi upplýsingum hve langt niður það snjóflóð náði.²⁴

Almanna- og borgaradgerða nefnd Súdavíkur kom saman til fundar sama dag, 18. desember 1994, og ræddi þar snjóflóðið úr Traðargili.²⁵ Samkvæmt fundargerð frá fundinum var rætt um atburðarás dagsins. Fram kom að formaður almanna- og borgaradgerða nefndar hefði strax haft samband við Almanna- og borgaradgerða ríkisins og lögreglustjóra eftir fregnir af snjóflóðinu. Ákveðið hefði verið að rýma hús á hættusvæði neðan Traðargils og fara í að flytja íbúana, auk þess sem nefndin hafi verið á viðbúnaðarstigi. Aftur kom nefndin saman til fundar 28. desember 1994 þar sem tilgangur fundarins virðist hafa verið að fara yfir atburði og störf nefndarinnar

„Þegar við nálgudumst bæinn sáum við að þetta leit nokkuð illa út og heyrðum manninn hrópa. Hann hefur orðið okkar var og reyndi að kalla á hjálp en þetta var ekkert annað en óskur eða vein. Þegar við komum að bænum sáum við ekkert en svo urðum við varir við höfuðið á honum, þakið snjó. Við fórum inn í bæinn. Karl hafði setið á divan inn í stofunni og verið að tala í símann þegar flóðið féll og skorðast af þarna inni þannig að hann gat ekki hreyft sig. Hann hafði hrufast, það blæddi úr honum og hann var mjög kaldur.“

Úr viðtali við Garðar Sigurgeirsson, meðlim í björgunarsveitinni Kofra í Súðavík, í dagblaðinu DV 19. desember 1994.

18. Fjallað er nánar um þessa fundi í kafla 4.6 í skýrslunni og vísast hér til þeirrar umfjöllunar. Einnig eru þar rakin helstu viðkomandi atriði varðandi aðra og síðari fundi Ofanflóðanefndar á síðari hluta árs 1994, einkum þá í október og desember það ár og vísast hér einnig til þeirrar umfjöllunar. Líkt og einnig hefur nánar komið fram í fyrri umfjöllun í skýrslunni (kafli 4.8) var svo í kjölfar snjóflóðsins á Seljalandsdal og Tungudal skipuð nefnd í því skyni að leggja drög að breytingum á lögum nr. 28/1985 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Meðal annars kom fram þar að nefndin var skipuð 15. júní 1994 og skilaði tillögum til félagsmálaráðherra 17. nóvember 1994, tveimur mánuðum fyrir snjóflóðin í Súðavík. Á grundvelli tillagnanna var svo unnið lagafrumvarp til breytinga á ofanflóðalögum sem dreift var á Alþingi 29. desember 1994.

19. Vestfirsku fréttablaðið – 15. tölublað (15.4.1994) – [Tímarit.is](#).

20. Í viðtalinu var raunar tiltekið ártalið 1982 en ljóst er að átt var við snjóflóðin 6. janúar 1983.

21. [Dagblaðið DV – 290. tölublað \(19.12.1994\) – Tímarit.is](#)

22. [Helgarpósturinn – 23. tölublað – Morgunpósturinn \(19.12.1994\) – Tímarit.is](#)

23. [Dagblaðið DV – 290. tölublað \(19.12.1994\) – Tímarit.is](#)

24. Takmarkaðar upplýsingar eru annars um þetta snjóflóð í gögnum rannsóknarnefndarinnar en upplýsingar hér koma úr snjóflóðaánnál Væðurstofunnar fyrir Súðavík frá árinu 2003 sem áður hefur verið stuðst við og vísað til í skýrslunni en einnig er vísað til í þessum kafla hér á eftir.

25. Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna- og borgaradgerða ríkisins 2010. D-18 (99). Af fundargerð frá fundinum verður ekki ráðið að rætt hafi verið um snjóflóðið sama dag sem stöðvaðist ofan við hesthúsin norðan byggðarinnar.

í kjölfar snjóflóðsins úr Traðargili 18. desember.²⁶ Í fundargerð almannavarnanefndar þennan dag segir:

„Nefndarmenn fóru yfir það sem betur mætti fara og ræddu um atburðarásina. Fram kom að sambandið milli þeirra er voru á vettvangi og stjórnstöðvar almannavarna var ekki nógu gott og kom í ljós að björgunarsveitin þarf að eignast fleiri talstöðvar og þarf ein að vera til staðar í stjórnstöð almannavarna. Einnig kom fram að almannavarnanefnd er ekki látin vita strax og ljóst var að hugsanlega hefði fallið snjóflóð úr Traðargili.“

Samkvæmt fundargerðabók almannavarnanefndar Súðavíkur var þetta síðasti skráði fundur nefndarinnar fram til þess þegar snjóflóðið féll í Súðavík 16. janúar 1995. Af fréttaumfjöllun í kjölfar snjóflóðsins í Súðavík 18. desember 1994 má ráða að nokkur umræða hafi skapast í samfélaginu um stöðu fólks sem byggi innan svæðisins. Þann 20. desember 1994 var rætt við Magnús Má Magnússon í Morgunblaðinu, þar sem eftirfarandi kom fram:

„Snjóflóðavarnir hafa verið dálítið út undan. Fólk gerir sér ekki grein fyrir því hvað snjóflóðin eru mikill vágastur hér á landi. Á þessari öld hafa 130 manns farist í snjóflóðum. Síðan sögur hófust hafa a.m.k. á sjöunda hundrað manns farist í snjóflóðum á Íslandi. Frá árinu 1600 hafa yfir 500 manns farist þannig að yfir 100 manns farast af völdum snjóflóða á hverri öld. Næst á eftir sjónum taka snjóflóðin flest mannlíf. Miklu fleiri farast í snjóflóðum en í jarðskjálftum eða eldgosum.“²⁷

Aðspurður svaraði hann því játandi hvort Íslendingar hefðu vanmetið gildi snjóflóðavarna. Kvað hann það sjást hvað best á því að einungis tveir hjá Veðurstofu Íslands sæju um að fylgjast með snjóflóðum og snjóflóðahættu. Mun fleiri sinntu rannsóknum á jarðskjálftum og eldgosum innan stofnunarinnar.

Umfjöllun birtist einnig í dagblaðinu DV 29. desember 1994 þar sem haft var eftir Heiðari Guðbrandssyni, hreppsnefndarmanni og starfandi snjóathugunarmanni í Súðavík, að snjóflóðið að Saurum væri „efnahagslegt áfall fyrir það fólk sem [byggi] innan svæðisins“.²⁸ Kvað hann skipulag svæðisins hafa verið staðfest af umhverfissráðherra nýlega og að gengið hefði verið út frá því að svæðið kringum Saura væri „tiltölulega öruggt og utan hættusvæðis“. Hann tiltók þó jafnframt að ekki væri um að ræða fyrsta skipti sem snjóflóð féllu á svæði sem áður hefðu verið talin örugg. Kvað hann um að ræða annað skiptið sem skipulag hefði „hrunið eftir að það var samþykkt“ og nefndi í því sambandi snjóflóð sem fallið hefðu í Súðavík árið 1983.²⁹ Kvaðst hann telja atburðina hafa í för með sér að eignir sem stæðu á svæðum þar sem flóð féllu myndu lækka í verði og erfitt myndi reynast að selja þær. Sú staða ætti ekki einungis við um Súðavík, heldur alla staði þar sem snjóflóðahætta væri fyrir hendi.

Í þessari umfjöllun dagblaðsins DV var einnig rætt við Magnús Má Magnússon, sem kvað aldrei „hægt að segja fyrir um það með fullri vissu hvar snjóflóð lendi“. Einnig var haft eftir honum þar að við hættumat á einstökum svæðum væri „byggt á þeim flóðum sem þegar [hefðu] fallið“, auk þess sem hann lýsti nánar þeim aðferðum og reiknilíkönnum sem Veðurstofan stýddist við þegar hættumót væru unnin.

Þann 5. janúar 1995, tíu dögum fyrir snjóflóðin í Súðavík, birtist umfjöllun í Vestfirski fréttablaðinu með viðtali við þáverandi sveitarstjóra Súðavíkur, Sigríði Hrönn Elíasdóttur.³⁰ Fyrirsögn umfjöllunarinnar var: „Það verður að fara að vinna nýtt hættumat í kjölfar snjóflóðsins“. Eftirfarandi var haft eftir henni:

[...] ég held að það sé alveg ljóst að nú verður að fara að vinna nýtt hættumat vegna snjóflóðsins sem féll nú fyrir áramótin. Það kom þarna snjóflóð inn á svæði sem búið var að vinna hættumat fyrir og átti að vera öruggt. Innan hættusvæðis nú eru níu hús, tíu með því sem fór í flóðinu. Þarna er meðal annars hús Kaupfélagsins. Fyrir ofan sum þessara húsa var gert ráð fyrir íbúðabyggð sem nú er út úr myndinni. Það bjargar okkur að við keyptum allt Eyrartúnið svo við höfum þar byggingarsvæði.“

„Það eru tekin til viðmiðunar snjóflóð sem þegar hafa fallið. Við erum með reiknilíkön sem við stemmum af miðað við snjóflóð sem þegar hafa fallið og reiknum svo til hliðanna með tilliti til þess hvar hugsanlega geti fallið snjóflóð. Þetta er í rauninni mjög alvarlegur hlutur sem við erum að gera því að þetta miðast við það að snjóflóðin sem við notum til að stemma af séu þau flóð sem eru með mesta skriðlengd. Það er nokkuð sem aldrei er hægt að ábyrgjast.“

Úr viðtali við Magnús Má Magnússon í dagblaðinu DV 29. desember 1994.

26. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-18 (100). Í fundargerð frá fundinum kemur ekki fram að rætt hafi verið um snjóflóðið 18. desember sem stöðvaðist ofan við hesthúsin norðan byggðarinnar.

27. [Morgunblaðið – 291. tölublað \(20.12.1994\) – Tímarit.is](#)

28. [Dagblaðið DV – 297. tölublað \(29.12.1994\) – Tímarit.is](#)

29. Sjá hér nánari umfjöllun um snjóflóðin í Súðavík 6. janúar 1983 í 4. kafla skýrslunnar.

30. [Vestfirski fréttablaðið – 1. tölublað \(05.01.1995\) – Tímarit.is](#)

Í viðtalinu var sveitarstjórinn einnig spurð hvort til greina kæmi að þetta yrði „hugsanlega leyst með einhvers konar vörnum“ og haft eftir henni um það:

„Ég veit að nú fyrir jólin var tekið til fyrstu umræðu á Alþingi breyting á lögum um ofanflóðasjóð sem gerir ráð fyrir að heimilt sé að kaupa upp eignir á hættusvæðum, en áður var eingöngu um það að ræða að búa til varnir. Ef við erum til dæmis að tala um hverfi eins og hjá okkur, þá getur verið mikið ódýrara að kaupa upp fasteignir. Eftir því sem ég kemst næst hjá þingmönnum, þá er enginn ágreiningur um þetta og útlit fyrir að málið verði afgreitt [fyrir] febrúarlok. Þetta auðveldar þessi mál mjög mikið.“³¹

Í viðtali við þáverandi umhverfisráðherra, Össur Skarphéðinsson, sem birtist í ríkissjónvarpinu klukkan 20:00 hinn 16. janúar 1995, kom fram að ráðherrann hefði farið til Súðavíkur um það bil viku fyrir snjóflóðið í Súðavík.³² Hann kvað Heiðar Guðbrandsson, snjóathugunarmann í Súðavík, hafa haft samband við sig og haft „miklar áhyggjur“. Hann hefði viðrað áhyggjur sínar vegna snjóflóðsins sem hefði fallið 18. desember 1994 og rætt við ráðherra um að það væru fleiri svæði í Súðavík sem hann teldi að snjóflóð gætu fallið á. Þeir hafi meðal annars „sérstaklega skoðað leikskólann“ í Súðavík á því svæði sem snjóflóðið síðan féll á. Ráðherra lýsti því í viðtalinu að hann yrði að segja að honum hefði fundist „ótti Heiðars vera byggður á rökum“. Í þessu sambandi má einnig nefna að í gögnum sem rannsóknarnefnd aflaði hjá umhverfisráðuneytinu er ræða Össurar Skarphéðinssonar, dagsett 27. febrúar 1995, þar sem hann fjallaði um þessa heimsókn.³³ Þar segir m.a.:

„Ég kom á Súðavík tíu dögum fyrir flóðið, beinlínis vegna þess að eftirlitsmaður okkar hafði þungar áhyggjur. Ég fór um staðinn, sem ég þekkti vel frá sjómennskuárum mínum [í] Súðavík. Í fylgd með mér voru nokkrir ágætir menn, og það fór ekki framhjá mér að þeir töldu áhyggjur eftirlitsmannsins fráleitar.“

Um þetta kom nánar fram í skýrslu Össurar hjá rannsóknarnefndinni að hann hefði skrifað ræðuna í tilefni af ráðstefnu í Rúgbraudsgerðinni sem hefði verið fámenn og lokuð.³⁴ Hann kvað það rétt að Heiðar Guðbrandsson hefði hringt í hann eftir snjóflóðið að Saurum og lýst áhyggjum sínum. Össur kvaðst í kjölfar þessa hafa farið til Súðavíkur ásamt Magnúsi Jóhannessyni, ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneytinu, skömmu fyrir snjóflóðið í janúar 1995, og þeir hitt sveitarstjórnina og Heiðar. Hér á eftir er gerð grein fyrir atriðum sem fram komu nánar um þetta í skýrslu Össurar hjá rannsóknarnefnd.

Í skýrslu Össurar kom m.a. fram um þetta að Heiðar hefði hringt í hann tvisvar sinnum eftir snjóflóðið að Saurum og borð upp við hann „mjög miklar áhyggjur sínar“. Nánar hefði hann þá haft áhyggjur af því að „bæjarstjórnin beindi árvekni sinni einkum að tilteknu svæði“ sem Össur kvaðst hafa skilið svo að Heiðar hefði þá haft áhyggjur af öðru svæði eða stað en Össur á þeim tíma ekki vitað nákvæmlega hvar það var. Á Heiðari hefði mátt skilja að hættumatið væri „snarvitlaust“ og það væru „skrítnir hlutir“ þar en ekki komu skýrlega fram við skýrslutökuna hjá rannsóknarnefndinni upplýsingar um hvað hefði hugsanlega verið átt við nánar með slíku orðalagi. Össur kvaðst hafa skoðað hættumatið strax eftir áramót 1994/1995 og þá „ekki þurft annað en að líta á það til að sjá að það var eitthvað skrítið við það“. Þeir Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu, hefðu þá farið vestur.

Í heimsókninni kvað Össur þá Magnús hafa hitt bæjarstjórnina eða einhver úr bæjarstjórninni, m.a. Sigríði Hrönn Elíasdóttur, Heiðar og fleiri en ekki kom nánar fram við skýrslutökuna hver þau hefðu hugsanlega verið. Heiðar hefði í þessari heimsókn sagt við Össur að það væri nokkuð sem hann vildi sýna honum og hefði farið með hann og Magnús á svæðið við leikskólann og fyrir ofan hann. Þar hefði hann bent „upp í gilið“ og sagt: „Það mun koma þar. Snjóflóðið mun koma þaðan.“ Í skýrslutökunni kom fram hjá Össuri nánar aðspurðum að hann minntist þess ekki, a.m.k. ekki skýrlega, að fleiri hefðu

31. Eins og komið hefur fram hér ofar, þar sem einnig var vísað til nánari umfjöllunar annars staðar í skýrslunni, var hér skírskotað til frumvarps um breytingar á ofanflóðalögum sem komið hafði fram á Alþingi í lok desember 1994. Benda má á að frumvarpið hafði þá ekki verið tekið til fyrstu umræðu.

32. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaþingin 2010. D-45 (57).

33. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025. 2028-B-243-1.

34. Össur Skarphéðinsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd Alþingis 25. september 2025.

verið viðstödd þarna en hann, Heiðar og Magnús. Össur var spurður við skýrslutökuna hvort hann hefði rætt þessar áhyggjur við heimamenn. Hann kvaðst telja að hann hefði átt eitt samtál við Sigríði Hrönn en var ekki viss um það.

Hjá Össuri kom einnig fram í skýrslu hans hjá rannsóknarnefndinni að hann hefði á þessum tíma upplifað stöðu Heiðars gagnvart hreppsnefnd og samskipti þar á milli á þá leið að ekki væri almennt tekið mikið mark á Heiðari og skoðunum hans af hálfu hreppsnefndar. Í skýrslunni var Össur einnig spurður, með vísan til ummæla hans í áðurnefndri ræðu um að áhyggjur Heiðars hefðu verið taldar „fráleitar“, hvort hann hefði borið áhyggjur Heiðars undir hreppsnefndina. Hann taldi svo hafa verið og að hann hefði rætt við Sigríði Hrönn í síma áður en hann fór vestur. Hann tók einnig fram í því sambandi að hann væri að reyna að láta hlutina ekki blandast saman í minni sínu en það hefði hins vegar verið „algjörlega klárt“ að þau, þ.e. hreppsnefndin eða fólk þar, hefðu verið „mjög framstyggt“ gagnvart Heiðari og hann verið „kominn með svolítið sigg því þau voru búin að vera höggva í hann“. Loks kom fram hjá Össuri varðandi þessa heimsókn og samskipti í tengslum við hana að hann hefði upplifað það sem eins konar örþrifarad þegar Heiðar hafði samband við hann því þá hefði hann verið „búinn að létta á sér“. Össur var spurður hvort eitthvað hefði verið gert með upplýsingarnar sem fengust í heimsókninni. Hann kvað hafa liðið sjö til átta daga þar til snjóflóðið féll og ekkert verið hægt að gera.³⁵

5.3. Snjóflóð í Súðavík 16. janúar 1995 og veður og veðurspár í aðdraganda þeirra

5.3.1. Snjóflóðin og veður í aðdraganda þeirra

Mánudaginn 16. janúar 1995 féllu þrjú snjóflóð á byggðina í Súðavík. Hið fyrsta er talið hafa fallið klukkan 06:17 um morguninn.³⁶ Að kvöldi 16. janúar 1995 þegar björgunaraðgerðir stóðu enn yfir í Súðavík féllu tvö snjóflóð úr Traðargili og náði annað þeirra í sjó fram. Það fyrra féll klukkan 20:35. Það lenti á þremur íbúðarhúsum við Aðalgötu og ruddi þeim húsum að hluta til út í sjó. Það seinna féll jafnframt úr Traðargilinu og var það nokkuð minna og rann saman við tungu fyrra flóðsins. Samkvæmt greinargerð Veðurstofu Íslands frá árinu 2003 um snjóflóð í Súðavík (snjóflóðaannál fyrir Súðavík) var samanlagt umfang þessara tveggja flóða úr Traðargili svipað og flóðsins sem féll úr Súðavíkurlíð um morguninn.³⁷

Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunni „Snjóflóð 95“ er talið líklegt að í reynd hafi tvö snjóflóð fallið úr Súðavíkurlíð að morgni 16. janúar 1995 með fárra sekúndna millibili. Því til stuðnings er vísað til þess í skýrslunni að vélstjóri sem hafði verið á vakt í varaafsstöðinni í Súðavík um morguninn hafði lýst tveimur truflunum á raforkukerfinu með nokkurra sekúndna millibili um klukkan 06:20 þennan morgun.³⁸

Í skýrslunni „Snjóflóð 95“ er nokkuð fjallað um veðuraðstæður í Súðavík þegar snjóflóðið féll, umfang þess, hraða og fleira en þar segir nánar:

„Snjóflóðið féll að öllum líkindum úr efstu brúnum fjallsins, og veður hin mikla skriðlengd þess/þeirra varla skýrð ef upptökin hafa verið neðar í fjallinu. Ástæðan virðist vera mikil og feiknahröð snjósofnun vegna ofankomu og skafrennings fram af fjallsbrúninni, eftir að vindur hafði snúist til N- og NV-lægra átta um kvöldið.

Lengd snjóflóðsins var um 1200 metrar og breiddin nálægt 400 metrum. Áætlað er að snjómassinn, sem niður kom, hafi verið um 80.000 rúmmetrar. Samkvæmt reiknilíkani sem notað er til hættumats hefur flóðið náð rúmlega 40 m/sek (150 km hámarkshraða) í um 100 m hæð í fjallinu og verið á um 65 km hraða þegar það skellur á efstu húsum við Túngötu og Nesveg. Af ummerkjum að dæma og þeirri staðreynd að hámarkshraðinn í um

35. Í skýrslu Magnúsar Jóhannessonar hjá rannsóknarnefnd 7. október 2025 komu ekki fram sérstakar upplýsingar varðandi þau atriði sem hér hafa verið rakin.

36. Síðar í kaflanum er fjallað nánar um tímasetningu snjóflóðsins og mögulega tímasetningu þess fáeinum mínútum síðar.

37. Greinargerð 03004 – Starfsmenn snjóflóðavarna Veðurstofu Íslands – Snjóflóð í Súðavík, VÍ-ÚR04. Veðurstofa Íslands. Reykjavík, janúar 2003. Greinargerðin er aðgengileg opinberlega á vefsvæði Veðurstofu Íslands á þessum tengli: https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/su/su_annall.pdf.

38. Skýrslan „Snjóflóð 95“ (8).

100 m hæð er um 85 km meiri en þegar flóðið lendir á húsunum, er líklegt að höggbylgja, sem hafi náð hámarkshraða samhliða hámarkshraða flóðsins, hafi skolið á húsunum fyrst og brotið þau niður, áður en snjómassinn lagðist yfir.³⁹

Í mannskaðaskýrslu lögreglunnar er jafnframt fjallað um veðuraðstæður í aðdraganda snjóflóðsins. Í skýrslu lögreglunnar er varðandi umfang snjóflóðsins vísað til þess sem fram kemur í áðurnefndri skýrslu og þær upplýsingar sagðar stafa frá starfsmönnum snjóflóðadeildar Veðurstofu Íslands. Þó er sá fyrirvari gerður í skýrslu lögreglunnar að mælingar hafi ekki verið nákvæmar þar sem aðstæður í Súðavík hafi verið erfiðar til vettvangsrannsóknar fyrstu dagana eftir snjóflóðið vegna mikils skafrennings og snjókomu. Af þeim sökum hafi ekki reynst mögulegt að skoða vel aðstæður strax eftir snjóflóðið.⁴⁰ Þetta staðfesti Hlynur Hafberg Snorrason, þáverandi rannsóknarlögreglumaður hjá lögreglunni á Vestfjörðum, í skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd. Hann kvaðst hafa dvalið í Súðavík eftir að björgunaraðgerðum þar lauk og beðið eftir að veðri slotaði til að geta sinnt vettvangsrannsókn. Hann kvað hafa reynst erfitt að afmarka nákvæmlega upptök og efri línur snjóflóðsins þar sem mikið hefði skafið.⁴¹

Í skýrslu lögreglunnar er fjallað um veður nokkrum klukkustundum áður en snjóflóðið féll að morgni 16. janúar 1995. Þar kemur fram að samkvæmt upplýsingum Veðurstofu Íslands hafi verið „mjög hvasst á Vestfjörðum og ríkjandi N-, NV- og [v]estanátt“. Í lögregluskýrslunni er fjallað um veðurathuganir í Æðey og Bolungarvík sem næstar voru Súðavík, en engin veðurathugarstöð var þá í Súðavík. Af hálfu lögreglu var upplýsinga aflað hjá Veðurstofu Íslands og sagði um það í skýrslunni:

„Að morgni sunnudagsins 15. janúar 1995 fór að gæta áhrifa frá lægð skammt vestur af Írlandi. Lægðinni fylgdi mikill A og NA-vindur, snjócoma og skafrenningur, sérstaklega á Vestfjörðum. Þetta veður stóð yfir þann 15. jan. og aðfaranótt 16. s.m. Þá gekk lægðarmiðjan norður yfir landið austanvert og fylgdi henni mikið hvasviðri. Hins vegar snerist vindáttin til N-, NV- og [v]estanáttar. Samkvæmt veðurgögnum frá Æðey undanfarin 40 ár hefur aldrei áður verið jafn hvasst í svo langan tíma úr NV-lægri átt. Skafrenningur og snjókoman í þessari vindátt olli gífurlegri snjósöfnun á ákveðnum svæðum og skömmum tíma, sem talið var óvenjulegt.

Skv. veðurathugun í Æðey var NV-átt og 11 vindstig kl. 06:00 að morgni mánudagsins 16. janúar, eins og áður er komið fram. Lægðinni fylgdi mikill raki og ákóf snjócoma. Hún mun hafa orðið dýpst 940 mill.b. seinni hluta aðfaranætur 16. jan. Mikill vindstrengur lá í suður yfir Vestfirði og er talið að mikil snjósöfnun hafi orðið efst í Súðavíkurhlíð í N- og NV-átt aðfaranótt þess 16. Þannig hafi myndast stórar hengjur í klettunum fyrir ofan þorpið. Ásamt þessu er talið að mikil snjósöfnun hafi orðið í hlíðinni fyrir ofan þorpið og í giljunum efst í hlíðinni.

Talið er að snjóflóðið hafi byrjað sem svokallað „hengjuhlaup“ efst í fjallinu fyrir ofan þorpið og komið af stað stærra snjóflóði með því snjómagni sem hafði sest í hlíðinni fyrir neðan. Þá er talið að flóðið sem féll hafi verið svokallað „flekaflóð“. Það reyndist við athugun vera mest 400 metrar á breidd.“

Í áðurnefndri greinargerð Veðurstofu Íslands frá árinu 2003 (snjóflóðaannál fyrir Súðavík) hefur jafnframt verið fjallað um veðuraðstæður á landinu í aðdraganda snjóflóðsins.⁴² Þar segir:

„Dýpkandi lægð kom upp að landinu að morgni þess 15. og gekk norður með austurströndinni. Varð hún 940 mb þegar lægst lét og fylgdi henni bæði mikill vindur (t.d. féll vindhraðametið á Hveravöllum) og snjócoma (sem mjög erfitt er að mæla í svo miklum vindi), fyrst af A, en vindáttin snerist síðan til NA, N og NV. Safnaðist þá víða mikill snjór í þær fjallshlíðar sem nutu skjóls, en aðrar hlíðar voru að mestu auðar.“

Í sömu greinargerð Veðurstofunnar kemur m.a. fram um eðli og upptök snjóflóðsins að

39. Skýrsla „Snjóflóð 95“ (8).

40. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

41. Skýrsla Hlyns Hafbergs Snorrasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 18. september 2025.

42. Greinargerð 03004 – Starfsmenn snjóflóðavarna Veðurstofu Íslands – Snjóflóð í Súðavík. VÍ-ÚR04. Veðurstofa Íslands. Reykjavík, janúar 2003. Greinargerðin er aðgengileg opinberlega á vefsvæði Veðurstofu Íslands á þessum tengli: https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/su/su_annall.pdf.

Það hafi verið þurr flekahlaup og líklegt sé að hengjur hafi fallið úr fjallsbrúninni og klettum neðan hennar og komið af stað fleka neðar í hlíðinni.

Við rannsókn nefndarinnar kom fram að ekki mun hafa verið tekin saman ítarleg fræðileg greining á veðuraðdraganda snjóflóðsins og einkennum þess eða gerður samanburður á því hvort álíka veðuraðstæður hafi skapast hér á landi á undanförunum árum eða áratugum.⁴³ Af þessum sökum leitaði rannsóknarnefndin til Einars Sveinbjörnssonar, veðurfræðings hjá Veðurvaktinni, í því skyni að fá nánari greiningu á veðuraðdraganda snjóflóðanna í Súðavík 1995. Nánar tiltekið, eins og dregið er saman í greinargerð Einars, var honum falið að:

1. Setja fram upplýsingar um og gera grein fyrir veðuraðstæðum tengdum snjóflóðinu mikla í Súðavík morguninn 16. janúar 1995 næstu daga og klukkustundir áður en það féll.
2. Leggja mat á hvort og þá hvernig megi telja þær veðuraðstæður hafa verið óvenjulegar, einkum m.t.t. vindáttar og styrks sem og snjókomu og skafrennings í fjallinu ofan byggðarinnar.

Greinargerð Einars Sveinbjörnssonar um framangreind atriði lá fyrir 4. september 2025 og er hún birt með skýrslu rannsóknarnefndarinnar.⁴⁴ Samantekt helstu efnisatriða greinargerðarinnar kemur fram í lok hennar og hljóðar svo:⁴⁵

„Almennt er álitð að orsakir snjóflóðsins í Súðavík megi auk mikillar ofankomu, einkum rekja til óvenjulegrar vindáttar og veðurhæðar á Súðavíkurfjalli sem leiddi til snjóburðar fram á brúnir Súðavíkurfjalls ofan byggðarinnar.

Ofviðri samfara norðvestanátt eru tiltölulega fátíð á Vestfjörðum. Norðaustanveður eru algengust ofviðra. Undir Súðavíkurhlíð er alla jafna ekki snjóflóðahætta þegar snjóar og blæs af norðaustri vegna þess að þá ber snjóinn frá og skefur í drög Arnardals handan Súðavíkurfjalls, en einnig fram af norðanverðu Traðargili.

Um miðjan janúar 1995 var talsverður snjór til fjalla. Mæling snjóathugunarmanns á snjódypt á fastri snjódyptarstöð á Breiðafelli (600 m) ofan Seljalandsdals á Ísafirði gaf til kynna 290 cm snjódypt 12. janúar.

Dagana 10. – 14. janúar sköpuðust miklar og greinilegar hitaandstæður á milli kalda heimskaualoftsins við Grænland og milda Atlantshafsloftsins í suðri, vestur af Bretlandseyjum. Skilyrði voru öll til staðar til myndunar lægða og óðadýpkunar þeirra nærri Íslandi og gerðist það í reynd.

Óðadýpkun óveðurslægðarinnar yfir landinu var samfara vendingu á stefnu hennar. Í stað þess að halda áfram norðaustur yfir landið sveigði hún af leið sinni og barst til vesturs fyrir norðan land. Í sinni vestustu stöðu, með lægðarmiðju úti fyrir Skagafirði, varð lægðin dýpst um 940 hPa um eða upp úr kl. 03 aðfaranótt þess 16. janúar. Mikill veðurhamur með N- og NV-átt náði hámarki um svipað leyti. Milt og rakt loft að uppruna komst í ríkum mæli í veg fyrir mun kaldara loft í vestri. Við það varð ofankoma einnig ákafari en annars hefði orðið um norðvestanvert landið.

Með aðstoð veðurendurgreininga var leitað að svipuðu veðri allt frá 1940. Á mælikvarða líklegs vinds í sníði í fjallahæð yfir Vestfjörðum finnst ekkert viðlíka norðanveður og það sem var 15. til 16. janúar 1995. Þeim sem næst koma fylgdi hins vegar ekki snjóflóð ofan Súðavíkur.

Í snjóflóðaskrá Veðurstofunnar finnast fjögur önnur frekar stór eða stór snjóflóð í hlíðinni ofan Súðavíkur. Í tveimur tilvikum (6. janúar 1983 og 21. febrúar 1999) er veðuraðdragandinn ekki ólíkur þeim sem var 16. janúar 1995.

Ekkert bendir til þess að viðlíka óveður og það sem orsakaði snjóflóðið í Súðavík 16. janúar

43. Þó má nefna í þessu sambandi að Unnur Ólafsdóttir, veðurfræðingur, fjallaði um veðuraðdragandann í stutttri grein sem birtist í Polarfronten árið 1996 (Unnur Ólafsdóttir 1996. Lavinen í Súðavík den 16. januari 1995. Polarfront, nr. 89, október 1996, árg. 23). Eins tók Trausti Jónsson, veðurfræðingur, saman yfirlit um „Súðavíkurlægðina“ í janúar 1995 á bloggsíðu sinni þann 17. janúar 2015 (Trausti Jónsson 2015. Súðavíkurlægðin í janúar 1995 (<https://trj.blog.is/blog/trj/entry/1583586>)). Nefna má að í samantekt sinni velti Trausti m.a. fyrir sér hvort og þá hvernig veðrinu í aðdraganda snjóflóðsins í Súðavík í janúar 1995 kynni að hafa verið spáð ef við hefði notið reiknilíkana og gervihnattaathugana sem fram voru komnar á þeim tíma þegar færsla hans var skrifuð, þ.e. árið 2015, en taldi ekki gott að segja um það þar sem miklar skekkjur kæmu þá enn fram í spám.

44. Veðuraðdragandi snjóflóðanna í Súðavík 1995 og samanburður við svipuð þekkt illviðri. Greinargerð Einars Sveinbjörnssonar 4. september 2025, unnin fyrir rannsóknarnefnd Alþingis vegna snjóflóðs í Súðavík 16. janúar 1995. Greinargerð Einars Sveinbjörnssonar er birt með skýrslu rannsóknarnefndarinnar í [viðauka 5.3](#) með skýrslunni.

45. Nánar er fjallað um greinargerð Einars og atriði þar í samantekt rannsóknarnefndar síðar í skýrslunni.

1995 hafi orðið a.m.k. frá því um miðja síðustu öld. Erfiðara er um allan samanburð framan af 20. öldinni, en þó má fullyrða með nokkurri vissu að óveður þetta sé einstakt í sinni röð a.m.k. frá því að þéttbýli tók að myndast undir Súðavíkurfjalli utan Traðargils um 1920.“

5.3.2. Veðurspá í aðdraganda snjóflóðanna

Rannsóknarnefnd Alþingis leitaðist jafnframt eftir því að kanna efni og tíðni þeirra veðurfregna sem færðar voru landsmönnum dagana fyrir snjóflóðið í Súðavík 16. janúar 1995, einkum með tilliti til veðurfregna á Vestfjörðum.

Í útvarpsfréttum 15. janúar 1995 voru færðar fregnir af snjókomu og skafrenningi um land allt og tilgreint að ekkert ferðaveður.⁴⁶ Innanlandsflug var sagt liggja niðri um land allt. Bragi Jónsson, veðurfræðingur á Veðurstofunni, lýsti djúpri lægð yfir Vatnajökli sem væri „956 mb djúp og [hreyfðist] hægt í norður“. Hann taldi að lægðin yrði yfir Grímsey um miðjan daginn eftir. Um nóttina og allan morgundaginn yrði norðanhvassviðri eða stormur vestanlands og norðanlands. Fram kom að það liti út fyrir að slæmt veður yrði á öllu vestanverðu landinu 16. janúar 1995, „sérstaklega þó á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum“. Einnig sagði að „búast [mætti] við að vindur [færi] upp í 10, jafnvel 11 stig“ aðfaranótt 16. janúar 1995 með „mikilli snjókomu og skafrenningi“.⁴⁷ Í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 15. janúar 1995 var fjallað um að hið versta ferðaveður væri um mestallt landið og nefnt í því sambandi að flestir vegir væru ófærir á Vestfjörðum, auk fleiri staða á landinu þar sem ekkert ferðaveður væri víða.⁴⁸

Rannsóknarnefndin fór þess á leit við Veðurstofu Íslands að kanna hvaða veðurlýsingar eða viðvaranir hefðu verið gefnar í fjölmiðlum dagana fyrir snjóflóðið, einkum í veðurfréttum útvarps eða sjónvarps eða í fréttum þessara miðla. Minnisblað veðurstofunnar lá fyrir 27. ágúst 2025. Þar kemur fram texti veðurspáa sem lesnar voru í útvarpi 15. til 16. janúar 1995, ásamt kortum sem sýna veðurathuganir sem gerðar voru.⁴⁹ Samkvæmt minnisblaðinu unnu veðurfræðingar Veðurstofu Íslands textaspár fyrir land og miðin á atburðatíma og voru veðurspár þeirra lesnar á Rás 1 í útvarpinu klukkan 01:30, 04:30, 06:45, 07:30, 10:45, 12:45, 16:30, 19:30 og 22:30. Textaspá var unnin af vakthafandi veðurfræðingi fyrir hvern spátíma og bærust athuganir á þriggja tíma fresti allan sólarhringinn.

Klukkan 10:45 sunnudaginn 15. janúar 1995 kom fram í textaspá fyrir Vestfirði að spád væri vaxandi A- og síðar NA-átt. Allhvasst eða hvasst yrði þegar líða tæki á daginn, með éljagangi og skafrenningi. NA-hvassviðri og áfram dálítil él degi síðar. Í veðurspá klukkan 12:45 kom fram að spár gerðu ráð fyrir allhvasstri eða hvasstri NA-átt með éljagangi og skafrenningi. NA-hvassviðri og áfram dálítil él degi síðar. Veðurspá var sú sama klukkan bæði 16:30 og 18:45 þegar spád var NA-stormi eða roki á Vestfjörðum og Vestfjarðamiðum, en sums staðar ofsaveðri. Þá var spád snjókomu. Klukkan 22:30 kom fram að fyrir Vestfirði, Strandir og Norðurland vestra, Vestfjarðamið og Norðvesturmið væri spád N-roki um nóttina, en síðan ofsaveðri og snjókomu.

Klukkan 01:30 aðfaranótt 16. janúar 1995 sagði í veðurfregnum að fyrir Vestfirði, Strandir og Norðurland vestra, Vestfjarðamið og Norðvesturmið væri spád N- og NA-ofsaveðri eða fárviðri og snjókomu. Þremur tímum síðar, klukkan 04:30, kom fram að fyrir sömu svæði væri spád norðlægri átt, víðast roki og ofsaveðri, en fárviðri á stöku stað. Snjókomu var spád. Hér mun hafa verið um að ræða síðustu textaspána sem flutt var í útvarpinu fyrir snjóflóðið sem féll að morgni 16. janúar 1995.

Í veðurspá klukkan 06:45 þann 16. janúar var spáin fyrir Vestfirði, Strandir og Norðurland vestra, Vestfjarðamið og Norðvesturmið norðlæg átt, víðast rok eða ofsaveður en fárviðri á stöku stað og snjókoma. Klukkan 10:45 mánudaginn 16. janúar var spád fyrir Vestfirði og Vestfjarðamið N- og NV-roki eða ofsaveðri með ofankomu og skafrenningi, en að rofa myndi talsvert til um tíma síðar um daginn. N-stormi eða roki og aftur snjókomu eða

46. Skjalasafn Ríkisútvarpsins. Gögn afhent 24.9.2025.

47. Skjalasafn Ríkisútvarpsins. Gögn afhent 24.9.2025.

48. Skjalasafn Ríkisútvarpsins. Gögn afhent 24.9.2025.

49. Veðurspár á textaformi, lesnar í útvarp 15. – 16. janúar 1995 og kort sem sýna veðurathuganir. Minnisblað Veðurstofu Íslands til rannsóknarnefndar Alþingis 27. ágúst 2025.

éljagangi var spáð um nóttina og fram að morgundeginum, en síðan færi að hægja um eða upp úr miðjum degi.

5.4. Almanna-varnaáðgerðir í aðdraganda snjóflóðsins

Hér eftir fer umfjöllun um ákvarðanatöku og samskipti meðlima almannavarnanefndar Súðavíkur, Almanna-varna ríkisins og Veðurstofu Íslands frá sunnudagskvöldi 15. janúar og aðfaranótt mánudagsins 16. janúar 1995 fram til þess tíma þegar snjóflóðið féll. Umfjöllunin er í grunninn byggð á bókunum Almanna-varna ríkisins frá atburðatíma og lýsingum og staðhæfingum um atvik sem fram koma í athugasemdum (greinargerðum) einstakra nefndarmanna almannavarnanefndar Súðavíkur og deildarstjóra snjóflóðadeildar Veðurstofu Íslands til Almanna-varna ríkisins sem aflað var vegna vinnslu greinargerðar Almanna-varna ríkisins frá 28. apríl 1995.⁵⁰

Almannavarnanefnd Súðavíkur var skipuð eftirtöldum einstaklingum þegar snjóflóðið féll að morgni 16. janúar 1995:

- Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður
- Gunnar Finnsson, hreppstjóri og staðgengill lögreglustjóra
- Elvar Ragnarsson, slökkviliðsstjóri
- Sigríður Hrönn Elíasdóttir, sveitarstjóri og formaður almannavarnanefndar
- Ólafur Sveinbjörnsson, heilsugæslulæknir
- Heiðar Guðbrandsson, „byggingarfróður maður“
- Frosti Gunnarsson, kjörinn fulltrúi SVFÍ
- Kjartan Geir Karlsson, kjörinn fulltrúi

Þegar rannsóknarnefndin hóf störf í upphafi árs 2025 voru fimm ofangreindra einstaklinga fallin frá, nánar tiltekið Elvar Ragnarsson, Gunnar Finnsson, Heiðar Guðbrandsson, Kjartan Geir Karlsson og Sigríður Hrönn Elíasdóttir.⁵¹ Af þeim nefndarmönnum almannavarnanefndar Súðavíkur sem gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar endurspeglar á annað borð að hafi verið í samskiptum að kvöldi 15. janúar 1995 og aðfaranótt 16. janúar 1995, sem nánar greinir frá hér á eftir, er einungis eftirlifandi Ólafur Helgi Kjartansson, þáverandi sýslumaður og lögreglustjóri á Ísafirði.⁵² Eins og fram kom nánar í 1. kafla skýrslunnar ber að hafa framangreind atriði í huga við lestur og íhugun upplýsinga sem fram koma í þessum kafla skýrslunnar og jafnframt þá staðreynd að úr þessu verður hvorki aflað frekari né fyllri upplýsinga frá þeim einstaklingum sem hér koma við sögu og nú eru látin né heldur verða gögn eða frásagnir annarra af atvikum borin undir þau. Áréttu ber einnig að fyrrnefndra athugasemda eða greinargerða frá þessum einstaklingum, og lýsinga á atvikum og staðhæfinga sem þær hafa að geyma, var ekki aflað eða þær settar fram á grundvelli lagareglna um vitnaskyldu og vitnaábyrgð, einkum þá samkvæmt þágildandi lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Gera verður eðlilegan fyrirvara þess efnis hér.

50. Í kaflanum er fjallað um athugasemdir Sigríðar Hrannar Elíasdóttur (dags. 27. apríl 1995, fimm blaðsíður að lengd), Magnúsar Más Magnússonar (dags. 26. apríl 1995, hálf blaðsíða auk fylgiskjala, ein blaðsíða), Heiðars Guðbrandssonar (dags. 4. apríl 1995, tæpar tvær blaðsíður að lengd auk fylgiskjala, tvær blaðsíður), Gunnars Finnssonar (dags. 27. apríl 1995, tæpar tvær blaðsíður að lengd) og Ólafs Helga Kjartanssonar (dags. 24. apríl 1995, ein blaðsíða að lengd). Í öllum tilfellum er um að ræða skriflegar athugasemdir sem látnar voru Almanna-vörnum ríkisins í té við vinnslu greinargerðar almanna-varna um snjóflóðin í Súðavík sem lá fyrir 28. apríl 1995 og gögn sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni með gögnum Almanna-varna ríkisins. Þess skal getið að í athugasemdum Sigríðar Hrannar Elíasdóttur og Gunnars Finnssonar var vikið að því með gagnrýnum hætti að þau hefðu haft skamman fyrirvara til að setja þær fram og má telja það annars endurspeglast skýrlega í dagsetningum þessara gagna og þeim skamma tíma sem Almanna-vörnum ríkisins var ætlaður til að vinna greinargerðina, líkt og áður hefur komið fram. Til styttingar verður hér eftir í umfjöllun í kaflanum vísað til framangreindra gagna með almennum hætti sem athugasemda viðkomandi hverju sinni.

51. Þetta hefur komið fram fyrir í skýrslunni varðandi þrjú af þessum einstaklingum, þ.e. Elvar Ragnarsson, Heiðar Guðbrandsson og Sigríði Hrönn Elíasdóttur. Gunnar Finnsson, fæddur 1950, lést árið 2010. Kjartan Geir Karlsson, fæddur 1934, lést árið 2017.

52. Í samtali formanns rannsóknarnefndar við Frosta Gunnarsson 1. október 2025 kom m.a. fram hjá Frosta aðspurðum að hann hefði ekki komið nálægt samskiptum innan almanna-varnanefndarinnar kvöldið og nóttina fyrir snjóflóðið í Súðavík 16. janúar 1995. Í samtali starfsmanns rannsóknarnefndar við Ólaf Sveinbjörnsson 21. nóvember 2025 kom fram að hann hefði ekki komið að störfum almanna-varnanefndarinnar svo hann myndi, hvorki fyrir né eftir snjóflóðið, og þar á meðal ekki verið í samskiptum við neinn innan nefndarinnar í aðdraganda snjóflóðsins.

5.4.1. Samskipti sunnudaginn 15. janúar 1995

Klukkan 17:30 sunnudaginn 15. janúar 1995 mun Magnús Már Magnússon, deildarstjóri snjóflóðavarna hjá Veðurstofu Íslands, hafa haft samband við vaktmann Almannavarna ríkisins.⁵³ Samkvæmt bókunum almannavarna lýsti Magnús Már því í samtalinu að hann teldi ástæðu til að fylgjast með snjóflóðahættu á Vestfjörðum og mögulega á Siglufirði. Í samtalinu kvaðst hann ætla að hafa samband við snjóathugunarmenn á Ísafirði og í Súðavík og sýslumanninn á Ísafirði, Ólaf Helga. Þá kvaðst hann vera í sambandi við Veðurstofuna.⁵⁴ Um sama leyti hafði Magnús Már samband við Ólaf Helga. Samkvæmt athugasemdum Ólafs Helga mun hafa komið fram í þeim samskiptum frá Magnúsi Má á þeim tímapunkti að ekki væri talin yfirvofandi hætta í umdæminu en ástæða væri til að fylgjast sérstaklega með Súðavík um kvöldið. Ólafur Helgi staðfesti í athugasemdum sínum að þessi samskipti hefðu átt sér stað um þetta leyti.⁵⁵

Klukkan 19:10 hafði Magnús Már samband við vaktmann almannavarna og tilkynnti að hann hefði haft samband við fyrrnefnda aðila og að þeir teldu ekki hættuástand á þeim tímapunkti. Klukkan 19:15 mun vaktmaður almannavarna hafa upplýst framkvæmdastjóra Almannavarna ríkisins, Guðjón Petersen, um fyrrnefnd samskipti almannavarna við Magnús Má vegna málsins.⁵⁶

Samkvæmt athugasemdum Ólafs Helga ræddu þeir Magnús Már aftur saman á bilinu frá klukkan 19:30 til 20:30. Fram hafi komið í samtali þeirra að á þeim tímapunkti hafi ekki verið talin yfirvofandi snjóflóðahætta.⁵⁷ Af yfirliti um hringd símtöl úr síma Magnúsar Más dagana 15. og 16. janúar 1995 má ráða að símtalið hafi farið fram klukkan 19:49 og varað í um það bil þrjár og hálfu mínútu.⁵⁸ Í athugasemdum Gunnars Finnssonar, hreppstjóra í Súðavík, kemur fram að hann hafi haft samband við Ólaf Helga snemma kvölds.⁵⁹ Hafi hann rætt við hann um veðurspá fyrir Vestfirði með tilliti til snjóflóðahættu í Súðavík. Ólafur Helgi hafi þá tjáð honum að hann hefði verið í sambandi við Veðurstofuna og að ekki væri talið hættuástand í Súðavík.

Þess skal getið hér að við rannsókn rannsóknarnefndarinnar komu fram upplýsingar um að tiltekið hús á svæðinu undir Traðargili hefði verið rýmt þennan dag, sunnudaginn 15. janúar, að tilhlutan almannavarna í Súðavík, þ.e. að nafngreindur íbúi þar hefði verið beðinn að yfirgefa húsið vegna snjóflóðahættu. Hér var um að ræða húsið Holt við Aðalgötu 50 í Súðavík og þáverandi íbúa þar, Daða Kjartansson. Umrætt hús stóð neðan við íbúðarhúsið á bænum Saurum sem snjóflóðið 18. desember 1994 úr Traðargili hafði fallið á og eyðilagt en mannbjörg orðið. Þetta var borið undir Daða Kjartansson við rannsókn nefndarinnar og kom þá fram hjá honum að Gunnar Finnsson hreppstjóri hefði komið heim til hans í Holt sunnudagskvöldið 15. janúar og sagt honum að hann yrði að fara úr húsinu. Daði hefði samþykkt það og farið heim til foreldra sinna í Eyrardal og verið þar um nóttina og til morguns daginn eftir.⁶⁰

Í athugasemdum Heiðars Guðbrandssonar kemur fram að um klukkan 20:00 hafi hann farið að undirbúa veðurathugun á Þverfjalli.⁶¹ Kvað hann Gunnar hafa haft samband við sig um klukkan 20:00 og sagt honum að snjór legðist með svipuðum hætti og 17. desember 1994, skömmu áður en snjóflóð hefði fallið á bæinn Saura neðan við Traðargil í Súðavík. Í samtalinu var ákveðið að Heiðar skyldi fylgjast með veðri en Gunnar skyldi hafa samband við Sigríði Hrönn Elíasdóttur, sveitarstjóra Súðavíkur. Fram kemur í athugasemdum Sigríðar Hrannar að Gunnar Finnsson hafi hins vegar ekki rætt við hana fyrr en um klukkan 01:00 aðfaranótt 16. janúar 1995 um þetta efni.⁶² Á þeim tímapunkti hafi hún þegar verið búin

53. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (321).

54. Magnús Már var samkvæmt gögnum og upplýsingum rannsóknarnefndar staddur heima hjá sér á þessum tíma.

55. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (81).

56. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (321).

57. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (81).

58. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (26). Þess skal getið að þetta yfirlit sýnir aðeins símtöl úr síma Magnúsar Más en ekki símtöl í síma hans.

59. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-17 (103–104).

60. Símtöl formanns rannsóknarnefndar við Daða Kjartansson 10. október og 17. nóvember 2025. Daði kvaðst aðspurður ekki muna frekar eftir þessum atvikum, umfram þau atriði sem fram koma í meginmáli, eða hvað honum og Gunnari hefði nánar farið í milli umrætt sinn.

61. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (36–37).

62. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-17 (106–110).

að ræða við Magnús Má hjá Veðurstofunni og í því símtali hafi ekki verið talin hætta á snjóflóðum í Súðavík en að fylgjast þyrfti með. Kvaðst hún hafa upplýst Gunnar um þetta í þeirra símtali.

Heiðar Guðbrandsson lýsti því í athugasemdum sínum að honum hefðu borist upplýsingar frá veðurstöð á Þverfjalli klukkan 20:35 þess efnis að vindur hefði snúist úr 33 gráðum klukkan 19:00 í 10 gráður klukkan 20:30.⁶³ Í ljósi þeirra hefði hann talið að „stefndi í óefni ef veðurspá rættist þar sem nú mættum við ekki við snjóflóðum þar sem báðir þekktustu snjóflóðafarvegirnir væru eitt gler eftir rigningar og síðan frost“. Í athugasemdunum kom einnig fram að hann hefði haft samband við Elvar Ragnarsson, slökkviliðsstjóra, og tjáð honum áhyggjur sínar en tímamarkur þess er óljós samkvæmt athugasemdunum. Þeir hafi rætt „yfirvofandi snjóflóðahættu og að einfaldast væri að eiga samstarf við íbúana um aðgerðir minnugur þess að um hugarfarsbreytingu hefði verið að ræða hjá mörgum“ eftir snjóflóðið 18. desember 1994. Frá þessum tíma og til miðnættis kvaðst Heiðar Guðbrandsson hafa í nokkur skipti rætt við Magnús Má um veðurþróun. Þessi samtöl eru ekki tímasett eða skráð í gögnum sem rannsóknarnefndin hefur aflað.

Um klukkan 20:35 mun vaktmaður almannavarna hafa haft samband við Ólaf Helga í kjölfar veðurfregna í sjónvarpinu.⁶⁴ Í því samtali mun Ólafur Helgi hafa sagt vaktmanninum frá því að Magnús Már og „Oddur“, en með því var væntanlega vísað til þáverandi snjóeftirlitsmanns á Ísafirði, hefðu verið í sambandi. Það væri niðurstaða þeirra að ekki væri snjóflóðahætta á Vestfjörðum.

Heiðar og Ólafur Helgi munu hafa rætt saman um miðnætti. Heiðar kvaðst í athugasemdum sínum hafa rætt við Ólaf Helga um áhyggjur sínar vegna yfirvofandi snjóflóðahættu, sem Ólafur Helgi staðfesti í athugasemdum sínum. Fram kom í athugasemdum bæði Heiðars og Ólafs Helga að sá síðarnefndi hefði sagt að heimamenn yrðu að meta aðstæður og grípa til ráðstafana út frá því mati, enda sýslumaður staddur á Ísafirði og ekki í þeirri stöðu að komast á fund vegna veðurs. Þá kom fram í máli Heiðars að þeir Ólafur Helgi hefðu í samtali sínu verið sammála um að eðlilegt væri að almannavarnarnefnd Súðavíkur kæmi saman til að taka ákvörðun um „til hvaða aðgerða skyldi gripið“ í Súðavík.

5.4.2. Samskipti aðfaranótt mánudagsins 16. janúar 1995

Í athugasemdum Sigríðar Hrannar Elíasdóttur kemur fram að hún hafi verið í sambandi við Magnús Má um klukkan 01:00 aðfaranótt mánudagsins 16. janúar 1995. Í því samtali hafi komið fram að Magnús Már teldi ekki snjóflóðahættu í Súðavík, en að fylgjast þyrfti með. Kvaðst hún hafa upplýst Gunnar Finnsson um þessi samskipti í þeirra samtali. Þessu lýsti Gunnar með sambærilegum hætti í athugasemdum sínum, þar sem fram kom um þetta að Sigríður Hrönn hefði sagst vera í stöðugu sambandi við Veðurstofuna og að þar væri ekki talið hættuástand í Súðavík.

Samkvæmt lögregluskýrslu var bókað um símtal frá Heiðari í dagbók lögreglu klukkan 01:06 aðfaranótt 16. janúar 1995. Í bókuninni kom fram að Heiðar hefði rætt um veður og ástand í símtalinu. Þá hefði komið fram í máli Heiðars að almannavarnarnefnd kæmi saman fljótlega og kannaði með færð og annað vegna veðurs, þar sem aftakaveður væri í Súðavík.⁶⁵

Samkvæmt athugasemdum Heiðars voru þeir Magnús Már í samskiptum um nóttina til klukkan 03:00. Heiðar kvaðst hafa gefið Magnúsi Má upplýsingar um veður í Súðavík og haft milligöngu um að afla honum upplýsinga frá veðurathugunarstöðinni á Þverfjalli. Magnús Már staðfesti í athugasemdum sínum að hann hefði átt í samskiptum við Heiðar þetta kvöld, þar sem þeir hefðu skipst á upplýsingum og mati á ástandi. Samkvæmt athugasemdum Heiðars var það álit þeirra að um hættuástand væri að ræða. Magnús Már hefði sagst ætla að vera í sambandi við Sigríðu Hrönn vegna þess og Heiðar hefði átt að hafa samband við Gunnar Finnsson.

Í athugasemdum Magnúsar Má kom fram að í síðasta símtali hans við Heiðar Guðbrandsson

63. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (36–37).

64. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (321).

65. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

hefði „ótvírætt [komið] fram að ekki væri síður ástæða til að hafa áhyggjur af „ytra svæðinu““.⁶⁶ Út frá fyrirliggjandi gögnum, þ.e. áðurnefndu yfirliti um hringd símtöl úr síma Magnúsar Mús, má helst ætla að þessi samskipti hafi átt sér stað klukkan 01:34 og staðið yfir í rúmlega 38 mínútur.⁶⁷ Magnús Mús kvað í athugasemdum sínum ekki hafa verið rætt um rýmingu á „ytra svæðinu“ í samtali þeirra Heiðars, en þeir hefðu rætt sín á milli hvort hafa ætti samband við íbúa á því svæði og t.d. koma þeim tilmælum áleiðis að fólk héldi sig neðan til í húsum.

Magnús Mús kvaðst í athugasemdum sínum hafa haft samband við Sigríði Hrönn eftir samtali þeirra Heiðars. Samkvæmt yfirliti yfir símtöl úr síma Magnúsar Mús átti samtali hans og Sigríðar Hrönnar sér stað klukkan 02:19 um nóttina og stóð það yfir í tæplega þrjár og hálfu mínútu.⁶⁸ Um símtalið segir í athugasemdum Magnúsar Mús:

„YSVÍ [þ.e. Magnús Mús] hafði síðan samband við sveitarstjóra og tjáði henni að hann og HG [þ.e. Heiðar Guðbrandsson] hefðu „ekki síður“ áhyggjur af „ytra svæðinu / svæðinu ofan byggðarinnar / svæðinu ofan Túngötunnar“, er hún spurði um snjóflóðahættuna í Traðargili. Sveitarstjórinn svaraði því til að hún álti það svæði í lagi og fyrst HG og YSVÍ hefðu ekki bráðar áhyggjur af Traðargili væri þetta „líklega í lagi““.⁶⁹

Samkvæmt athugasemdum Magnúsar Mús lagði hann í kjölfar þessa svars áherslu á að almannavarnanefnd Súðavíkur kæmi saman til fundar til að „fleiri aðilar athuguðu málið og ræddu það“. Því hefði Sigríður Hrönn svarað svo að það væri ekki hægt þar sem „það væri ekki hundi út sigandi“. Magnús Mús hefði þá lagt til að hún héldi símafund, sem hún hefði sagst ekki kunna og þá spurt Magnús Mús hvort hann kynni það en hann neitaði því. Niðurstaða þessa samtals var samkvæmt athugasemdum Magnúsar Mús sú að Sigríður Hrönn hefði samband við Ólaf Helga, en Magnús Mús hefði samband við vaktmann almannavarna til að tilkynna Almennavörnum ríkisins um niðurstöðu samtalsins.

Í athugasemdum Sigríðar Hrönnar um þetta símtal kom fram að Magnús Mús hefði hringt í hana á fyrrgreindum tíma og tjáð henni að „aðstæður væru þannig að snjóflóðahætta gæti skapast“.⁷⁰ Ekki væri bráð hætta á Traðargilssvæðinu en almannavarnayfirvöld í Súðavík yrðu að taka ákvörðun um hvort rýma ætti svæðið. Hún kvaðst hafa rætt við Ólaf Helga strax í framhaldi af þessu samtali og gert honum grein fyrir samskiptum sínum við Magnús Mús. Á þessum tímamarki hefði verið mikill veðurofsi og götur ófærar í Súðavík. Samkvæmt athugasemdum Sigríðar Hrönnar var það niðurstaða þeirra Ólafs Helga í samtalinu að hún léti strax rýma hús á Traðargilssvæðinu og að hún hefði samband við alla í almannavarnanefndinni, gerði þeim grein fyrir því að rýma ætti það svæði og að fundur yrði haldinn hjá nefndinni klukkan 08:00 um morguninn.

Ólafur Helgi staðfesti í athugasemdum sínum að hann hefði fengið fyrrgreint símtal frá Sigríði Hrönn klukkan 02:30.⁷¹ Í samtalinu hefði hún lýst því að hún hefði nýlökkið samtali við Magnús Mús og að niðurstaða þess samtals hefði verið sú að það væri álitin snjóflóðahætta undir Traðargili. Fyrirmæli Ólafs Helga til Sigríðar Hrönnar að þessum upplýsingum fengnum hafi verið svohljóðandi: „Láttu rýma húsin, moka Aðalgötuna og kalla saman almannavarnanefndina.“ Sigríður Hrönn hefði hins vegar talið ómögulegt að komast á fundarstað vegna ófærðar og veðurs og viljað fresta fundi til morguns. Sýslumaður hafi þá sagt henni að halda símafund eða hafa símasamband við alla nefndarmenn og hafa þann háttinn á að fundargerð nefndarinnar yrði þá staðfest síðar um morguninn. Ólafur Helgi kvaðst í athugasemdum sínum ekki hafa verið í frekari samskiptum vegna málsins fyrr en eftir að snjóflóðið hafði fallið.

66. Þjóðskjalasafn Íslands. Almennavarnir ríkisins 2010. D-15 (25–26).

67. Þjóðskjalasafn Íslands. Almennavarnir ríkisins 2010. D-15 (26).

68. Þjóðskjalasafn Íslands. Almennavarnir ríkisins 2010. D-15 (26).

69. Orð innan gæsalappa innan tilvitnunarinnar hér og í frekari umfjöllun hér á eftir um athugasemdir Magnúsar Mús, þ.e. orð hans sjálfs og Sigríðar Hrönnar, standa þannig upprunalega í athugasemdum hans. Um leið skal þess getið að í upphafi athugasemda Magnúsar Mús er settur eftirfarandi skýr og ótvíræður fyrirvari við þessa framsetningu, sem hér með ber að áretta af hálfu rannsóknarnefndarinnar vegna þessarar skýrslu að því leyti sem stuðst er við athugasemdir Magnúsar Mús (leturáherslur, þ.e. feitletrun og upphafsstafir, eru upprunalegar): „ATHUGIÐ! Gæsalappir (‘‘‘‘) í frásögn þessari eru EKKI beinar tilvitnanir í orð viðkomandi, heldur það orðalag sem situr eftir í huga undirritaðs eftirá, en samtölin voru ekki skráð.“

70. Þjóðskjalasafn Íslands. Almennavarnir ríkisins 2010. D-17 (106–110).

71. Þjóðskjalasafn Íslands. Almennavarnir ríkisins 2010. D-15 (81).

Samkvæmt bókun vaktmanns Almannavarna ríkisins fékk hann símtal klukkan 02:25 frá Magnúsi Má þar sem hann kvaðst hafa „vaxandi áhyggjur af Súðavík“.⁷² Þar væri komin norðvestanátt og versta veður. Helst hefði hann áhyggjur af Traðargili. Magnús Már hefði einnig sagst hafa verið í sambandi við Sigríði Hrönn og lagt til að almannavarnanefndin yrði kölluð saman og hún sagst fyrst myndu hafa samband við Ólaf Helga. Magnús Már lýsti því síðar í athugasemdum sínum að samtal hans og vaktmannsins væri rétt eftir haft í bókunum vaktmanns, þ.e. að Magnús Már hefði ekki nefnt „ytra svæðið“ við vaktmanninn, og hefðu það verið mistök af hans hálfu. Hins vegar hefði „ótvírætt“ komið fram í samskiptum hans við Sigríði Hrönn að hann og Heiðar hefðu „ekki síður“ áhyggjur af „ytra svæðinu“.⁷³

Í kjölfar ofangreindra samskipta kvaðst Sigríður Hrönn strax hafa hafist handa við að rýma Traðargilssvæðið.⁷⁴ Í því skyni hefði hún kallað út snjómoksturstæki og bíl til að flytja fólk. Á meðan á rýmingu stóð hefði hún verið í símasambandi við ökumann moksturstækisins og áður en hann lauk störfum hefði hún beðið ökumann moksturstækisins að moka snjó frá skrifstofu Súðavíkurhrepps, sem jafnframt var stjórnstöð almannavarna Súðavíkur. Þá kvaðst Sigríður Hrönn hafa hringt í leikskólastjórnann og óskað eftir því að hún hringdi í foreldra og tilkynnti að leikskólinn yrði lokaður þennan morgun. Enn fremur kvaðst Sigríður Hrönn hafa haft samband við Heiðar Guðbrandsson.⁷⁵ Í því samtali hafi hún sagt Heiðari að hún hefði verið í sambandi við Ólaf Helga, sem hafi fyrirskipað að rýma skyldi svæðið neðan við Traðargil og Aðalgatan skyldi mokuð, en að nefndin ætti að koma saman klukkan 08:00 til að bóka um þá ákvörðun.

Nánar um ágreiningu eða ósamræmi í lýsingum hlutaðeigandi á samskiptum innan almannavarnanefndar Súðavíkur aðfaranótt 16. janúar 1995

Tilfni er til þess hér að gera nánari grein fyrir því sem ber á milli í skýringum og skýrslum hlutaðeigandi um þessi samskipti innan almannavarnanefndar Súðavíkur aðfaranótt 16. janúar 1995 varðandi þau atriði sem rakin hafa verið hingað til í atburðarásinni þessa nótt.

Heiðar Guðbrandsson lýsti því í athugasemdum sínum að í fyrrgreindu símtali þeirra Sigríðar Hrannar Elíasdóttur hefði hann bent henni á að hættuástand væri að skapast. Af þeim sökum mætti það ekki dragast að almannavarnanefndin kæmi saman. Kvaðst hann vera með Gunnar í hinum símanum, sem væri sammála þessu mati Heiðars. Þeir hefðu verið búnir að ákveða útkall nefndarinnar þá þegar og boða Elvar Ragnarsson til fundar. Heiðar kvað snörp orðaskipti hafa orðið á milli sín og Sigríðar Hrannar sem Gunnar hefði orðið vitni að. Segir svo í athugasemdum Heiðars:

„[...] ég gerði henni ljósa þá skoðun mína að um almannavá væri að ræða á ytra snjóflóðasvæðinu og því skylda okkar að bregðast við því strax, hætt væri við því að of seint gæti orðið að grípa til aðgerða að morgni.“

Heiðar kvað Sigríði Hrönn hafa neitað að kalla saman fund og hafi hún vísað um það til orða Ólafs Helga um að fundurinn skyldi haldinn um morguninn. Því næst hafi hún slitið samtalinu. Í viðtali við DV þann 27. maí 1995, í kjölfar þess að greinargerð Almannavarna ríkisins lá fyrir, kvaðst Heiðar hafa verið búinn að hefja boðun fundar almannavarnanefndar, en kvað Sigríði Hrönn hafa afboðað nefndarmenn sem hann hefði þegar boðað.⁷⁶ Við rannsókn nefndarinnar hafa ekki komið fram frekari upplýsingar sem varpað gætu ljósi á þá staðhæfingu, þar á meðal ekki til staðfestingar henni.

Meðfylgjandi athugasemdum Heiðars eru skráningar hans í dagbók sunnudaginn 15. janúar 1995 og aðfaranótt mánudagsins 16. janúar 1995.⁷⁷ Í skráningum hans kemur fram, líkt og í athugasemdum hans sem áður hafa verið raktar, að hann hafi verið í sambandi við Magnús Má til klukkan 03:00 og að það hafi verið „samdóma álit“ þeirra að um hættuástand væri að ræða. Kvaðst hann Magnús Má hafa ætlað að vera í sambandi við Sigríði Hrönn. Heiðar kvaðst hafa hringt í Gunnar Finnsson og hann upplýst Heiðar um að sveitarstjóri hefði metið það svo að „ekki væri neins að óttast“. Sigríður Hrönn hafi hringt

72. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (321).

73. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (25–26).

74. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-17 (106–110).

75. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-17 (106–110).

76. [Dagblaðið DV – 119. tölublað – Helgarblað \(27.05.1995\) – Tímarit.is](#)

77. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (39). Dagbókarfærslur Heiðars sem hér um ræðir fylgdu með athugasemdum hans til Ólafs Helga Kjartanssonar 4. apríl 1995 sem, eins og áður greindi, voru svo sendar Almannavörnum ríkisins vegna vinnu við greinargerð þeirra síðar í sama mánuði. Af texta dagbókarfærslunnar verður m.a. ráðið að þær hafi verið skráðar í dagbókina 17. janúar 1995.

í Heiðar og sagst hafa rætt við Ólaf Helga, sem hafi fyrirskipt að láta rýma svæðið fyrir neðan Traðargil og moka Aðalgötuna og að síðan skyldi almannavarnanefnd koma saman til að rita um ákvarðanir sínar í gerðabók. Heiðar ritaði í dagbókarfærslur sínar að hann hefði gert Sigríði Hrönn grein fyrir því „strax í upphafi samtalsins“ að ekki mætti dragast að kalla nefndina saman. Nánar kom fram um það að Gunnar Finnsson væri „í hinum símanum“ og þeir væru búnir að „ákveða útkall strax og E.R. [þ.e. Elvar Ragnarsson] hefði fengið boð“. Í framhaldi hafi orðið þau „snörpu orðaskipti“ sem áður hefur verið vikið að. Þessu næst kvað Heiðar Sigríði Hrönn hafa neitað að halda fund og vitnað í Ólaf Helga sem hefði viljað að þau mættu til fundar klukkan 08:00 um morguninn. Samtalinu hafi lokið með því að Sigríður Hrönn „skellti á“. Í dagbókarskráningum Heiðars er því sem gerst hafi næst lýst svo og nær sú lýsing fram til þess tíma þegar Heiðar frétti af því að snjóflóðið væri fallið:

„Eftir það áttum við G.F. [þ.e. Gunnar Finnsson] langt tal um það hvað við gætum gert því að hann fengi þessi boð frá Ó.H. [þ.e. Ólafi Helga] og þar með ekki í hans höndum að gera neitt, tilfinningin var eins og að öll ráð væru runnin okkur úr greipum sem vitanlega var ekki og gerðum við okkur grein fyrir að nokkrir kostir væru í stöðunni en ákváðum að halda sambandi sem leiddi til þess að við ákváðum að vera búnir að moka frá dyrum Hreppsskrifstofunnar fyrir kl. 8.00 [...]“

Sigríður Hrönn lýsti því í athugasemdum sínum að það hefði verið erfitt að ná sambandi við alla nefndarmenn aðfaranótt 16. janúar 1995.⁷⁸ Síminn hafi verið á tali hjá bæði Gunnari og Elvari. Ástæða þess hefði síðar komið í ljós og væri sú að Heiðar, sem átti tvö símtæki, hefði verið að ræða við þá báða. Af sömu ástæðu hefði Heiðar einnig getað rætt bæði við Sigríði Hrönn og Gunnar á sama tíma. Svo sagði í athugasemdum Sigríðar Hrannar:

„Rétt er að geta þess að Heiðar Guðbrandsson hringdi aldrei í mig, hvorki kvöldið áður eða þessa umræddu nótt. Þegar ég ræddi við hann í þessu símtali, var hann ósáttur við að ég væri að láta rýma Traðargilssvæðið og vildi að fundur yrði boðaður þá þegar og ákvörðun um rýmingu tekin þar af nefndinni. Aldrei kom fram í máli hans í þessu símtali að snjóflóðahætta væri á „Ytra svæðinu“, einungis var rætt um Traðargilssvæðið. Hreppstjóri sem hlustaði á Heiðar Guðbrandsson í gegnum hinn símann staðfesti það á fundi almannavarnanefndar Súðavíkur sem haldinn var þann 22. mars sl. að einungis hefði verið rætt um hættu á Traðargilssvæðinu í þessu símtali. Rétt er að taka fram að Heiðar var mjög æstur í þessu símtali og lá hátt rómur.“⁷⁹

Sigríður Hrönn lýsti því jafnframt að þar sem hún hefði ekki verið búin að ná í alla nefndarmenn og var að láta rýma Traðargilssvæðið hefði hún sagt við Heiðar að hún hefði ekki tíma til að ræða við hann. Kvað hún Heiðar hafa orðið mjög ósáttan og sagt henni að þeir Gunnar ætluðu að boða strax til fundar almannavarnanefndar. Kvaðst hún hafa sagt að það væri hans mál og lokið símtalinu.

Í fundargerð frá fundi almannavarnanefndar Súðavíkur 22. mars 1995, sem vikið er m.a. að í ofangreindri tilvitnun, voru ummæli og orðaskipti á þeim fundi um þau atriði sem hér eru til umfjöllunar skráð svo:⁸⁰

„Guðjón Petersen ræddi um þann hörmungaratburð sem varð í Súðavík þann 16. janúar sl. þegar snjóflóð féll á byggðina í Súðavík.

Guðjón óskaði eftir því að Sigríður Hrönn, Gunnar Finnsson og Heiðar Guðbrandsson gerðu grein fyrir aðdraganda að snjóflóðunum sem féllu þann 16. janúar sl. og fyrstu klt. eftir að snjóflóðið fellur.

Sigríður Hrönn gerði grein fyrir kvöldinu áður en atburðurinn gerðist og símtölum sínum við lögreglustjóra, Almanna- og ríkisins og Magnús Má hjá Veðurstofunni og hringingar í almannavarnanefndarmenn í Súðavík. Einnig gerði hún grein fyrir rýmingu á Traðargilssvæði og atburðarás eftir að hún fékk tilkynningu frá formanni björgunarsveitarinnar Kofra, Fjalari Gunnarssyni, þar sem hann lét vita um snjóflóðið.

[...]

Gunnar Finnsson ræddi um erfiðleika þess að skyldleiki væri mikill í litlu samfélagi.

Guðjón Petersen sagðist hafa rætt við lögreglustjóra, Magnús Má Magnússon og Sigríði Hrönn Elíasdóttur og borið saman frásögn þeirra við skráð símtöl hjá Almanna- og ríkisins og hefði það allt passað saman.

Heiðar Guðbrandsson ræddi um atburðina um nóttina og sagðist hafa krafist fundar í nefndinni þar sem hann taldi að snjóflóðahætta væri í ytri byggðinni.

Ólafur Helgi sagði að almannavarnanefndarmenn væru að bregðast skyldu sinni ef þeir hringdu ekki í sig ef þeir teldu hættu á snjóflóðum og spurði Heiðar Guðbrandsson og Gunnar Finnsson hvers vegna þeir hefðu ekki hringt í sig ef þeir hefðu haft grun um snjóflóðahættu á Túngötusvæðinu. Þeim beri að tilkynna sér það sem lögreglustjóra.“

78. Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna- og ríkisins 2010. D-17 (106–110).

79. Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna- og ríkisins 2010. D-17 (107).

80. Samkvæmt upphafi fundargerðarinnar voru meðal annarra viðstödd á fundinum Guðjón Petersen, Ólafur Helgi Kjartansson, sem stýrði fundi, Sigríður Hrönn Elíasdóttir, Heiðar Guðbrandsson og Gunnar Finnsson. Úrfelling í tilvitnuninni tekur til þess einungis þegar skráð er að annar tilgreindur almannavarnanefndarmaður hafi mætt á fundinn.

Þessi fundargerð frá fundi almannavarnanefndarinnar 22. mars 1995 greinir ekki að öðru leyti frá ummælum eða orðaskiptum um atriði sem hér eru til umfjöllunar.

Eftir snjóflóðið kom fram opinberlega verulegur ágreiningur um það sem fram hefði farið í samskiptum innan almannavarnanefndar Súðavíkur og einstakra nefndarmanna við Veðurstofu Íslands þessa nótt. Þann 26. janúar 1995 birtist umfjöllun í blaðinu Morgunpóstinum þar sem m.a. sagði að Almannavarnir ríkisins hefðu haldið fund á Ísafirði 24. sama mánaðar vegna atburðanna í Súðavík.⁸¹ Fram kom að Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins, hefði sagt við þetta tilefni að það ætti að fara í gegnum ferlið til að geta lært af „því sem vel gekk og eins hinu sem miður fór“. Greint var frá því að Heiðar Guðbrandsson hefði „yfirgefið fundinn í fússi“, auk þess sem hann myndi hafa haft á orði að „ýmis mistök hafi verið gerð í Súðavík áður en flóðið féll“ og þar m.a. vísað til þess að almannavarnanefnd Súðavíkur hefði ekki komið saman „kvöldið áður“ en snjóflóðið féll.

Viðtal við Sigríði Hrönn Elíasdóttur birtist í blaðinu Nýju lífi í febrúar 1995.⁸² Í viðtalinu ræddi Sigríður m.a. um aðstæður sínar, samskipti og ákvarðanatöku aðfaranótt 16. janúar 1995. Hún kvað föður sinn hafa verið í heimsókn á Íslandi á þessum tíma og að fjölskylda hennar hafi verið saman komin á sunnudagskvöldinu 15. janúar 1995.⁸³ Hún kvaðst hafa verið í símasambandi við Magnús Má hjá Veðurstofu Íslands og Almannavarnir ríkisins „allt kvöldið“. Veður hefði farið stöðugt versnandi um kvöldið og veðrið verið orðið „kolvitlaust“. Hún kvaðst hafa „brotist heim“ í veðurofsanum ásamt manni sínum og „haldið áfram að vera í símasambandi suður“. Klukkan 01:00 nóttina hafi hún fengið tilkynningu frá Magnúsi Má um snjóflóðahættu á Traðargilssvæðinu. Þá sagði í viðtalinu:

„Ég er formaður Almannavarnanefndar Súðavíkur og á að sjá um, í samvinnu við lögreglustjóran á Ísafirði, að hús á hættusvæði séu rýmd. Svo vill til að þrjú af þeim húsum, sem ákveðið var að rýma í þetta skipti, voru hús móður minnar, Ragnheiðar móðursystur og Gunnu Möggu systur. Fólkið kom því allt heim til mín en ég bý í ysta húsinu í bænum sem er á nokkuð öruggu svæði þó að snjóflóð hafi nú fallið sitt hvorum megin við það.

Þegar rýming fer fram fer ég ekki að sofa fyrir en fólk hefur tilkynnt mér að það sé komið á öruggan stað. Í þetta skipti kom það líka í minn hlut að hjálpa fólkinu úr húsunum og tók tíma að flytja það í þeim mikla veðurham sem kominn var. Ég var nýbúin að koma öllum fyrir í rúmum og á flatsæng og ætlaði að fara að sofa sjálf þegar hringt var í mig klukkan hálf sjö og mér sagt að snjóflóð hefði fallið á Túngötu og Nesveg og eitthvað mikið hefði gerst.“⁸⁴

Síðar í viðtalinu kvaðst hún vera þakklát fyrir að hafa farið á námskeið í almannavörnum og að „fullkomið skipulag yfir aðgerðir í neyðartilvikum“ hafi verið til staðar. Þá lýsti hún því að spurningar hefðu leitað á hana eftir atburðinn:

„Hún velti fyrir sér hvort hún hefði átt að láta rýma húsin við Túngötu og Nesveg um nóttina en fékk hjálp við að hreka slíkar efasemdir á brott, m.a. frá þeim íbúum sem björguðust úr flóðinu. Þeir sögðu henni að ef hún hefði beðið fólk að yfirgefa hús sín hefði það bara hlegið að henni. Í Súðavík lét enginn sér detta í hug að snjóflóð gæti fallið á þetta svæði.“⁸⁵

Stuttu síðar kom svo ágreiningur um þessi atriði fram opinberlega í umfjöllun Helgarpóstsins 30. mars 1995 sem bar yfirkritina „Skellti á mig þegar ég varaði hana við“.⁸⁶ Í þeirri umfjöllun kom fram að Heiðar Guðbrandsson hefði rætt um það innan Súðavíkur, m.a. við blaðamann „Póstsins“ 22. janúar 1995, þ.e. fáeinum dögum eftir snjóflóðið, að „harmleikurinn hefði ekki þurft að vera jafn hrikalegur og raun [bar] vitni“ ef almannavarnanefndin hefði verið kölluð til fundar líkt og hann kvaðst hafa krafist þessa nótt. Í umfjölluninni var einnig fjallað um samskipti næturinnar út frá frásögnum Heiðars og Sigríðar Hrannar. Heiðar kvaðst hafa rætt „alvarlega við Sigríði Hrönn að það væri um það að ræða að gera ráðstafanir á Túngötu og Nesvegi“ og að hann hefði viljað kalla nefndina saman. Hann kvaðst hafa sagt við hana orðrétt: „Ég hef mikið meiri ótta núna af svæðinu [úti] á Túngötu og Nesvegi en af Traðargilssvæðinu.“ Sigríður Hrönn hefði svo skellt á hann þegar hann hefði varað hana við.

Þessi lýsing Heiðars var borin undir Sigríði Hrönn í umfjöllun Helgarpóstsins. Hún mótmælti lýsingu Heiðars á þessum samskiptum. Eftirfarandi var nánar haft eftir henni:

81. [Helgarpósturinn – 8. tölublað – Morgunpósturinn \(26.01.1995\) – Tímarit.is](#)

82. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (72–78).

83. Nánar tiltekið hefur komið fram við rannsókn nefndarinnar að fjölskyldan var samankomin í Súðavík umrætt kvöld á heimili Margrétar Guðrúnar Elíasdóttur, systur Sigríðar Hrannar, við Aðalgötu.

84. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (75).

85. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (77).

86. [Helgarpósturinn – 26. tölublað – Morgunpósturinn \(30.03.1995\) – Tímarit.is](#)

„Við töluðum saman í þremur sínum þarna um nóttina; ég, Heiðar og Gunnar Finnsson, staðgengill lögreglustjóra. Gunnar staðfesti á fundi með Almannaáæðnum ríkisins í síðustu viku að það hefði aldrei verið rætt um annað um nóttina en hættuna á Traðargilssvæði. Þessi fundur sem Heiðar var að biðja um var til þess að taka ákvörðun um rýmingu á því svæði en ekki hættu annars staðar. Ég sagði honum að við værum búin að taka ákvörðun um það og ég væri að hringja í íbúana. Hann tjáði mér aldrei áhyggjur sínar af húsum við Túngötu og Nesveg. Það kom fram hjá Gunnari á fundinum í síðustu viku að hann hafi aldrei gert það. Það var bókað eftir Gunnari: „Heiðar, ef þú hafðir aðrar upplýsingar en við hin, af hverju í ósköpunum hringdirðu þá ekki í mig og lést mig vita um þær? Þér bar skylda til þess.“ Heiðar svaraði því ekki heldur þagði. Hann er snjóeftirlitsmaður og hefði því átt að láta okkur vita.“⁸⁷

Sigríður Hrönn gaf jafnframt þær skýringar á því hvernig hún lauk símtalinu við Heiðar að hún hefði tjáð honum að hún hefði ekki tíma til að tala við hann þar sem hún væri að láta rýma húsin á Traðargilssvæðinu. Hún gat þess jafnframt að Heiðar hefði verið að tala við hana um fleiri mál heldur en snjóflóðahættu og fullyrti að Heiðar hefði ekki komið að einu orði um áhyggjur sínar af húsum við Túngötu og Nesveg. Þá kvað hún Magnús Mhá hafa hringt í sig um nóttina og sagt sér að það væri hætta á Traðargilssvæðinu, en aldrei hefði verið minnst á Túngötu og Nesveg. Með þessari umfjöllun var einnig viðtöl við Ólaf Helga Kjartansson sýslumann en þar var haft eftir honum meðal annars að enginn hefði rætt við hann um snjóflóðahættu annars staðar en í Traðargili þessa nótt og að Veðurstofan hefði ekki haft samband við hann vegna þess. Loks voru í þessari umfjöllun hafðar eftir Magnúsi Mhá upplýsingar um þessi samskipti sem voru efnislega á sömu leið og athugasemdir hans til Almannaáæðnum ríkisins, sem áður hafa verið raktar, greindu frá.

Samkvæmt tuttri athugasemd í Helgarpóstinum fáeinum dögum síðar, 3. apríl 1995, kallaði Ólafur Helgi Heiðar á fund 30. mars 1995 eða sama dag og fyrirnefnd umfjöllun birtist í Helgarpóstinum.⁸⁸ Gögn rannsóknarnefndar eru í samræmi við það en samkvæmt bréfi sýslumannsins á Ísafirði til Heiðars 30. mars 1995 áttu þeir tveir fund þann sama dag.⁸⁹ Bréfið hljóðaði svo, að undanskildum inngangi og niðurlagi:

„Á fundi okkar kom fram að þú hafir aðeins einu sinni tekið snjógrýfju, en hafir notfært þér snjógrýfju þær, sem Oddur Pétursson hefur tekið, þó þannig að það hafirðu gert fyrir milligöngu Magnúsar Más Magnússonar snjóflóðafraeðings á Veðurstofu Íslands.

Í samtali okkar kom einnig fram hjá þér að ekki hefur verið gerður við þig neinn samningur um störf þín sem snjóathugunarmanns. En sú vinnuregla hafi verið viðhöfð, að leita til Magnúsar Más sem yfirmanns. Einnig kom fram hjá þér að þú teldir þig ekki hafa næga þekkingu á snjókrístillum til þess að nýta þér slíkar snjógrýfjur, sem þú sjálfur sæir um að taka.

Að þessu athuguðu er enn brýnni ástæða til þess að fá skriflegar skýrslur þínar um snjóathuganir, hvenær gerðar, hvar, hver niðurstaða var og hverjum var tilkynnt um þær.

Einnig er ítrekað að þú skilir umbeðinni skýrslu um það við hverja og með hvaða hætti þú hafðir samband um nóttina vegna veðurs og hættaástands að kvöldi 15. janúar 1995 og aðfararnótt hins 16. janúar. Einnig óskast skýrsla um þær athuganir sem þú gerðir á umræddum tíma hverjum tilkynnt hvenær og hvernig.“

Með bréfinu óskaði sýslumaður eftir því að skýrsla Heiðars um þessi atriði lægi fyrir 4. apríl næstkomandi. Sú skýrsla Heiðars til sýslumanns var móttekin hjá sýslumanni þann dag og sendi sýslumaður hana til Almannaáæðnum ríkisins 19. apríl 1995 með þeirri athugasemd að hjálagað væri send greinargerð Heiðars um þessa atburði.⁹⁰

Í athugasemdum sínum til Almannaáæðnum ríkisins lýsti Sigríður Hrönn ástæðum þess hvers vegna hún kvaðst ekki hafa viljað boða til fundar almannaáæðnefndar um nóttina. Um það kom fram að veðurofsi hefði verið mikill og allar götur ófærar.⁹¹ Það hefði því tekið langan tíma fyrir nefndarmenn að mæta á fundarstað. Hún kvaðst telja að moksturstæki hefði orðið að hætta við að aðstoða þá íbúa sem voru að yfirgefa heimili sín vegna rýmingar á Traðargilssvæðinu og fara þess í stað að aðstoða nefndarmenn við að komast til stjórnstöðvar almannaáæðnefndar, en einungis eitt snjómoksturstæki hefði þá verið til í Súðavík. Einnig hefði þurft að hreinsa snjó frá stjórnstöð almannaáæðnefndar. Hún kvað hafa verið erfitt að slíta símtalinu við Heiðar og hún því ítrekað að hún hefði ekki tíma til að tala við hann lengur þar sem hún væri að hringja í alla nefndarmenn og hringja í íbúa á Traðargilssvæðinu vegna rýmingar. Hún hafi sagt „bless“ og lagt tólið á. Sigríður Hrönn kvað hafa komið fram í samtali sínu við Gunnar eftir

87. Af dagsetningu þessarar umfjöllunar, 30. mars 1995, og annars af samhengi, virðist mega ráða að fundur í vikunni áður sem Sigríður Hrönn vísaði til í tilvitnuðum texta hafi verið fundur almannaáæðnefndar Súðavíkur 22. mars 1995 sem greint hefur verið frá hér ofar, m.a. með tilvitnun til fundargerðar.

88. [Helgarpósturinn – 27. tölublað – Mánudagspósturinn \(03.04.1995\) – Tímarit.is](#)

89. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaáæðnir ríkisins 2010. D-15 (34).

90. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaáæðnir ríkisins 2010. D-15 (35–37).

91. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaáæðnir ríkisins 2010. D-17 (106–110).

atburðina að hann hafi verið sammála því að rýma einungis Traðargilssvæðið, þar sem „aldrei hafi komið fram vitneskja“ um að snjóflóðahætta væri á „ytra svæði“.

Í athugasemdum Gunnars Finnssonar til Almannafróðunar ríkisins, dagsettu 27. apríl 1995, kom m.a. fram að eina tækifærið sem hann hefði fengið fram að því til að tjá sig um þau atriði sem hér eru til umfjöllunar hefði verið ofangreindur fundur almannafróðunarnefndar Súðavíkur 22. mars 1995. Um þann fund tók hann fram að eins og viðtakanda bréfsins, Guðjóni Petersen, væri kunnugt hefði sá fundur verið haldinn „undir mikilli tímapressu og aðeins fáir nefndarmenn frá Súðavík [verið] til staðar og að [hans] mati [hefði] fundurinn fljótlega [þróast] upp í tveggja manna tal“. Að auki vildi hann lýsa undrun á því að nefndarmenn í almannafróðunardeildinni skyldu fara í viðtöl við fjölmiðla um málið á meðan viðkomandi yfirvöld væru „enn að vinna að greinargerð um það“. Hann tók einnig fram varðandi það að í „þeim viðtölum [hallaði] verulega réttu máli og [teldi hann] þetta ámælisvert“. Um samskiptin kvöldið 15. janúar og aðfaranótt 16. janúar kom svo m.a. fram í athugasemdum Gunnars, eftir að hann hafði lýst samskiptum sínum við sýslumann um kvöldið 15. janúar og við sveitarstjórn „öðru hvoru megin við miðnætti“:

„Ég vil taka skýrt fram að allt umrætt tímabil til kl. 06.35 hafði enginn samband við mig utan Heiðar Guðbrandsson. Enginn sagði mér að Veðurstofan hafi lagt til að Alm. Súðavíkur kæmi saman eins og fram kemur í greinargerðinni. Enginn sagði mér að sýslumaður hafi óskað eftir því að nefndin kæmi saman fyrir en kl. 08.00 þann 16. jan. Umræddan tíma var alltaf verið að hafa áhyggjur af Traðargilssvæði en Túngata barst lítilliga í tal á milli mín og Heiðars. Rétt er að við Heiðar vorum sammála um að nefndin kæmi saman um nóttina vegna hættuástands sem við töldum að væri að myndast á Traðargilssvæði.

Ég vil taka fram að þá höfðu engin skilaboð komið frá Veðurstofu um hættuástand í Súðavík. Varðandi símtal það sem Heiðar átti við sveitarstjóra og segir að ég sé vitni að vil ég taka það fram að ég gat einungis hlustað á það sem Heiðar sagði og það frekar ógreinilega. Varðandi þau ummæli Heiðars að í umræddu símtali hafi hann talið að um almannavá væri að ræða á ytra svæði get ég ekki staðfest það, en rétt er að hann fór fram á það að nefndin kæmi saman strax. Eftir samtali Heiðars við sveitarstjóra sagði hann mér að verið væri að rýma Traðargilssvæðið og að sýslumaður í samráði við sveitarstjóra hefðu ákveðið að nefndin kæmi saman kl. 8:00 þann 16. jan. Eftir stuttar samræður okkar á milli vorum við sammála um að nóg væri gert að svo stöddu. Eftir það hafði enginn samband við mig fyrir en kl. 06:35 að formaður björgunarsv. Kofra í Súðavík hringir og lætur mig vita að snjóflóð hafi fallið á byggðina.“⁹²

Gunnar gerði sérstaka athugasemd við það að í þá fyrirbyggjandi drögum að greinargerð almannafróðunar væri fullrytt að honum hefði verið „kunnugt um mat Heiðars að hættuástand gæti verið á ytra svæði“. Um það tók hann fram:

„Eins og ég hef áður sagt barst Túngata lítilliga í tal milli okkar, en í þeim umræðum var aldrei talað um að þar væri veruleg hættuástand eða að það ætti að rýma það svæði. Í því sambandi bendi ég á að ég og mín fjölskylda búum í Túngötu.“

Um framangreind atriði má loks taka fram að Sigríður Hrönn vakti athygli á því í athugasemdum sínum að þegar Traðargilssvæðið hefði verið rýmt hefðu tveir íbúar á svæðinu verið fluttir í hús að Nesvegi 4 sem hefði verið talið „öruggt svæði“.⁹³ Nánar komu svo fram í athugasemdum Sigríðar eftirfarandi sjónarmið:

„Vitneskja um snjóflóðahættu á „ytra svæði“ kom aldrei fram um nóttina enda ef svo hefði verið, hefðu íbúar ekki verið fluttir í hús á því svæði.

Aldrei frá því að Almannafróðunardeild Súðavíkur var stofnuð, hefur verið rýmt annars staðar en á Traðargilssvæði en einnig hefur leikskólanum verið lokað þar til hættuástandi hefur verið aflýst á Traðargilssvæðinu. Í ljós hefur komið í viðtölum við íbúa eftir að snjóflóðið féll að morgni þann 16. janúar sl. að þeir sem sváfu neðan til í húsnum sínum björguðust ekkert frekar en þeir sem sváfu ofan til í húsunum.

Ég tel að ef vitneskja hefði komið fram um að snjóflóðahætta væri á „ytra svæði“ hefði einungis verið hringt í íbúana og þeir beðnir að sofa neðan til í húsnum sínum. Engum hefði komið til hugar að rýma alla byggðina og flytja fólkið niður í Frosta hf.“

Fram kemur í bókunum vaktmanns Almannafróðunar ríkisins að vaktmaður almannafróðunar hafi haft samband við formann almannafróðunarnefndar Súðavíkur klukkan 02:35, sem mun hafa verið Sigríður Hrönn.⁹⁴ Hafi Sigríður Hrönn þá veitt þær upplýsingar að Ólafur Helgi teldi ekki ástæðu til að kalla almannafróðunarnefnd Súðavíkur saman fyrir en klukkan 08:00. Þau hafi verið sammála um að Sigríður Hrönn léti rýma sex hús neðan við Traðargilið. Sigríður Hrönn mun hafa lýst því í samtalinu við vaktmann almannafróðunar að hún væri að

92. Til skýringar er rétt að fram komi að af athugasemdum Gunnars, sem og athugasemdum sumra annarra sem hér er fjallað um, má ráða að við gerð þeirra hafi þau haft undir höndum drög að greinargerð Almannafróðunar ríkisins og athugasemdir viðkomandi tekið mið af slíkum drögum.

93. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannafróðunardeild ríkisins 2010. D-17 (106–110).

94. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannafróðunardeild ríkisins 2010. D-45 (321).

hringja í íbúa þessara húsa og að hún myndi senda gröfu á undan fjórhjóladrifnum bíl til að safna fólki saman. Í þessu samtali kvaðst Sigríður Hrönn ætla að taka eitthvað af þessu fólki af svæðinu heim til sín, en þar kemur nánar fram að um ættingja væri að ræða, en aðrir færu þangað sem þeir vildu. Hún myndi „halda utan um málið“. Vaktmaðurinn spurði í samtalinu hvort hún vildi að stjórnstöð Almannavarna ríkisins yrði virkjuð. Sigríður Hrönn taldi ekki þörf á því þar sem um væri að ræða „fyrst og fremst fyrirbyggjandi aðgerðir“.

Í greinargerð almannavarna, og í bókunum almannavarna, kemur fram að klukkan 02:40 hafði vaktmaður almannavarna samband við stjórnstöð Landhelgisgæslunnar og upplýsti starfsmenn hennar um fyrrgreind samskipti sín við Sigríði Hrönn. Var það gert í því skyni að tryggja vitneskju vaktmanna um stöðuna þar sem stjórnstöðin vaktaði neyðarsíma Almannavarna ríkisins utan hefðbundins vinnutíma.

Í mannskaðaskýrslu lögreglu var haft eftir Sigríði Hrönn að tveir menn á einni bifreið hefðu verið fengnir til að aka fólki á ýmsa staði í þorpinu í því skyni að rýma Traðargilssvæðið. Mun rýmingin hafa verið seinleg og tekið rúmar tvær klukkustundir. Sigríður Hrönn kvaðst hafa beðið til klukkan 06:00 eftir því að síðasti íbúi Súðavíkur tilkynnti komu sína í öruggt húsaskjól. Alls hafi átta hús verið rýmd á Traðargilssvæðinu, íbúðarhús með heitinu Dalbær, verslun Kaupfélags Ísfirðinga og hús númer 34, 40, 44, 46b, 48 og 50 við Aðalgötu. Alls munu 15 til 18 manns hafa yfirgefið húsín, en einn íbúi mun hafa neitað að fara að fyrirmælum um að yfirgefa hús sitt vegna rýmingarinnar.⁹⁵

Klukkan 06:29 barst fyrsta tilkynning til lögreglu á Ísafirði um að snjóflóð hefði fallið í Súðavík.⁹⁶ Tilkynnandi var Sigríður Hrönn sem lýsti því að hún teldi að snjóflóð hefði fallið á hús. Fleiri tilkynningar bárust lögreglu í kjölfarið frá fólki í Súðavík. Klukkan 06:31 tilkynnti stjórnstöð Landhelgisgæslunnar bakvaktarmanni Almannavarna ríkisins að tilkynning hefði borist frá Sigríði Hrönn um að snjóflóð hefði fallið í Súðavík. Klukkan 06:34 er bókað um tilkynningu hjá lögreglunni á Ísafirði um að slys hefðu orðið á fólki og hús hefðu orðið undir flóðinu. Óskað var aðstoðar hjúkrunarfólks og björgunarsveita.

5.5. Almannavarnaáðgerðir í kjölfar snjóflóðsins og þar til hættuástandi var aflétt

Hér á eftir fer umfjöllun um almannavarnaáðgerðir í kjölfar þess að snjóflóðið féll í Súðavík 16. janúar 1995 og þar til hættuástandi var aflétt 23. janúar 1995. Áhersla er lögð á umfjöllun um leitar- og björgunaraðgerðir og hreinsunarstarf.⁹⁷ Þá verður fjallað um samskipti við fjölmiðla á meðan almannavarnaáðgerðir stóðu yfir og vikið að athugasemdum eða rýni vegna aðgerðanna í kjölfar þeirra.⁹⁸

Umfjöllun um björgunaraðgerðir byggir í meginatriðum á þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslu lögreglunnar á Ísafirði sem var unnin vegna málsins, gögnum að baki lögreglurannsókninni, skýrslu vettvangsstjóra aðgerða í kjölfar snjóflóðsins, dagbókarfærslum vaktmanna Almannavarna ríkisins og skráningum frá Landssambandi björgunarsveita. Þá verður vísað til annarra gagna sem rannsóknarnefndin aflaði eftir

95. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025. – Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010, D-15 (54).

96. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

97. Rétt er að geta þess að vera kann að einhverjar þær aðgerðir og athafnir yfirvalda í kjölfar snjóflóðsins sem lýst er í kaflanum verði ekki felldar undir almannavarnaáðgerðir í ströngum skilningi þess hugtaks en í samhengi þessarar skýrslu þykir ekki sérstök ástæða til að ætla umtalsverða þýðingu á hugsanlegum greinarmun sem kynni að mega gera þar.

98. Eins og nærri má geta er hér ekki unnt að gera til fyllstu hlitar grein fyrir öllu sem átti sér stað í Súðavík fyrst eftir snjóflóðið og dagana á eftir eða fylgja öllum þáttum atburðarásarinnar eða upplifun fólks af hinu sama frá upphafi til enda. Nefna má nánar þar að umfjöllun hér varðandi þau sem lentu í snjóflóðinu hlýtur fyrst og fremst að taka til aðgerða björgunarliðs og fólks sem þannig fannst, lífs eða liðið, en síður til þeirra sem björguðust af sjálfsdáðum. Til fyllingar því sem hér kemur fram má vísa til umfangsmikillar umfjöllunar fjölmiðla frá þessum tíma, sem að töluverðu leyti er aðgengileg opinberlega, a.m.k. hvað prentmiðla varðar, í opinberum gagnasöfnum, svo sem gagnasafninu www.timarit.is. Einnig má nefna umfjöllun í bókinni Prekvirki eftir Egil St. Fjeldsted, sem áður getið var um í upphafi skýrslunnar. Þar eru þessum atburðum gerð ítarleg skil, meðal annars á grundvelli viðtala við eftirlifendur og björgunarfólk um persónulega reynslu þeirra: Prekvirki – Snjóflóðin í Súðavík og Reykhólasveit 1995. Egill St. Fjeldsted. 2021.

Því sem við á. Umfjöllun um aðgerðir vegna fjölda-, áfalla- og félagshjálpar byggja auk ofangreindra skýrslna m.a. einnig á gögnum og upplýsingum frá Rauða krossi Íslands, heilbrigðisstofnunum á Ísafirði og í Reykjavík og Þjóðkirkjunnar.

5.5.1. Aðgerðir 16. janúar 1995 frá kl. 06:17 til 08:00

Talið er að snjóflóðið hafi fallið á milli klukkan 06:17 og 06:20, en óvíst hvort um hafi verið að ræða eitt eða tvö flóð.⁹⁹ Tímasetning snjóflóðsins hefur jafnan verið miðuð við það að klukka á vegg í pósthúsinu í Súðavík, sem var á meðal húsa sem urðu fyrir snjóflóðinu, fannst síðar þar og hafði fallið af vegg þar sem hún hékk áður uppi. Rafhlöður höfðu farið úr henni við fallið og vísar klukkunnar þegar hún fannst sýndu áður nefnda tímasetningu, kl. 06:17. Vélstjóri sem var á vakt í varaafsstöð Súðavíkur þennan morgun lýsti því einnig að hafa orðið þess áskynja að tvær rafmagnstruflanir hefðu orðið um klukkan 06:20 þennan morgun með nokkurra sekúndna millibili. Talið hefur verið líklegra að klukkan sýni réttan tíma flóðsins, þar sem starfsmaður varaafsstöðvar Súðavíkur mun ekki hafa tímasett truflanirnar nákvæmlega.¹⁰⁰

Hús sem urðu fyrir snjóflóðinu og afdrif fólks sem þar var stadd

Með mannskaðaskýrslu lögreglunnar á Ísafirði vegna snjóflóðsins er afstöðuteikning eða vettvangsuppráttur sem sýnir mörk snjóflóðsins, hús sem það féll á og fleiri upplýsingar. Á uppráttinum er greint á milli húsa sem „urðu fyrir flóðinu“ og húsa sem „urðu rústir einar eða skemmdust mikið“ eða með öðrum orðum eyðilögðust í snjóflóðinu. Hér fyrir neðan koma fram upplýsingar samkvæmt þessum upprætti um hús sem urðu fyrir snjóflóðinu, staðsetningu þeirra og áhrif snjóflóðsins á húsin, a.m.k. eins og þarna er lýst og upplýsingar lágu fyrir um við gerð skýrslunnar, þ.e. tekið er fram í sviga ef viðkomandi hús voru talin hafa eyðilagst alveg í snjóflóðinu.

Ef horft er til efri húsaðar við Túngötu, efstu húsaðar við Nesveg og leikskólans þar fyrir ofan þá fór flóðið á eða yfir Túngötu 12 og 10, Túngötu 8, 6, 4 og 2 (eyðilögðust), leikskólann við Engjaveg 2 (eyðilagðist) og Nesveg 1 og 7 (eyðilögðust).

Ef horft er til neðri húsaðar við Túngötu og húsa við Nesveg næst fyrir neðan þau ofangreindu fór flóðið á eða yfir Túngötu 9, 7, 5, 3 og 1 (eyðilögðust) og Nesveg 3 og 5.

Neðan þessa svæðis, ef horft er til húsa ofan Aðalgötu, fór snjóflóðið á pósthúsið (Aðalgötu 6) og „Blokkin“ svonefndu, þ.e. fjölbýlishúsið við Aðalgötu 2.

Neðan Aðalgötu fór snjóflóðið á sambyggð hús við Njarðarbraut 14-20, þar sem m.a. var stjórnarsýsluhús Súðavíkur, og yfir Njarðarbraut 10 (eyðilagðist).

Þess má geta varðandi mörk snjóflóðsins og tungu þess að umrædd afstöðuteikning lögreglu virðist að því leyti í meginatriðum í samræmi við teikningar af mörkum snjóflóðsins sem birtar hafa verið í umfjöllun fjölmiðla og aðgengilegar eru opinberlega. Vísað er til dæma þar um í neðanmálgrein með tenglum á viðkomandi umfjöllun.¹⁰¹

Helstu afleiðingar snjóflóðsins eru dregnar saman í inngangi lögregluskýrslunnar með þeim hætti sem fram kemur hér til hliðar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir upplýsingum úr gögnum rannsóknarnefndarinnar um einstaklinga sem voru stódd í viðkomandi húsum þegar snjóflóðið féll. Þar er einkum byggt á kafla í mannskaðaskýrslu lögreglu með yfirskriftinni „Umfang hamfaranna og afdrif einstaklinga“.¹⁰² Ekki er sérstaklega rakið nánar hvernig snjóflóðið féll á eða inn í og skemmdi viðkomandi hús heldur tekur umfjöllun hér til íbúa í húsum og

„Alls lentu 25 hús innan áfallsvæðisins og urðu ýmist rústir einar eftir snjóflóðið eða skemmdust af þess völdum. Fyrirtæki eða stofnanir voru í 7 af húsum og 18 íbúðarhús. Íbúar í þeim voru 64 talsins en umrædda nótt voru 63 einstaklingar í húsum. Af völdum snjóflóðsins létust 14 og af þeim sem komust lífs af leituðu 10 sér læknaaðstoðar vegna áverka, en mikill fjöldi leitaði andlegrar aðhlyningar.“

Úr inngangi mannskaðaskýrslu lögreglu vegna snjóflóðsins í Súðavík.

99. Vert er að geta þess að í mannskaðaskýrslu lögreglunnar á Ísafirði er flóðið sagt hafa fallið klukkan 06:25.

100. Skýrslan „Snjóflóð 95“ (8).

101. Hér má til dæmis vísa til teikningar sem birtist í [Morgunblaðinu \(13. tölublað\) 17. janúar 1995](#) eða daginn eftir snjóflóðið og teikningar sem birtist í [Helgarpóstinum \(6. tölublað\) 19. janúar 1995](#).

102. Einnig er hér horft til annarra gagna nefndarinnar, einkum þá umfjöllunar í áður nefndri bók, Þrekkvirki, um snjóflóðið, aðdraganda þess og afleiðingar. Sem fyrr sagði koma meðal annars fram þar ítarlegar lýsingar margra þeirra sem lentu í snjóflóðinu og lifðu það af á persónulegri upplifun sinni af því. Eftirlifendur og aðstandendur látinna í snjóflóðinu hafa einnig lýst reynslu sinni og upplifun vegna þess í viðtölum sem birst hafa á opinberum vettvangi, bæði fyrst eftir snjóflóðið og síðar. Frá síðastliðnum árum má þar vísa til umfjöllunar fjölmiðilsins Heimildarinnar frá apríl 2023 og kvikmyndarinnar „Fjallið, það öskrar“ en áður var getið um hvort tveggja í inngangskafli skýrslunnar. Frá tímanum fyrst eftir snjóflóðið má finna viðtöl og aðra umfjöllun í prentmiðlum vegna þess í gegnum gagnasafnið www.timarit.is.

„[Veðrið] var mjög, mjög slæmt, sást ekki á milli húsa og bara kyngdi niður snjó ... Og varla hægt að fara út úr húsi. [...] Það hvein í öllu og hristist allt [...] Ég var hrædd allan sunnudaginn og ég var alltaf að spyrja manninn minn [Þorstein Örn Gestsson] hvort það gæti verið hætt. Hann hringdi í mömmu sína [Hrafnhildi Þorsteinsdóttur, íbúa á Nesvegi 7] og spurði hana hvort það gæti verið einhver hætt. Og hún segir þetta, hún Habbý, að við erum með almannavarnarnefnd sem myndi hringja í okkur og láta okkur vita ef það væri einhver hætt. Sem sagt, við settum traust okkar á almannavarnir.“

Úr skýrslu Sigríðar Rannveigar
Jónsdóttur, íbúa að Túngötu 4, hjá
rannsóknarnefnd 23. september 2025.

„Við lágum [í vari] undir Grænuhlíðinni [skipið Bessi, á leið af rækjuveiðum með Hafsteini Númasyni og öðrum skipverjum, aðfaranótt 16. janúar 1995] og vorum þarna framundir [í skipinu]. Það er holt undir brúnni, alveg fram í stefni, og þar eru spil sem hífa trollin inn og við vorum með eitt troll þar, sem var rífið, og vorum að fara að vinna í að gera við það. Og maður heyrði, um nóttina, hviðurnar þegar þær voru að koma, maður heyrði þær koma niður fjallið, heyrði öskrin koma og svo þegar skall á skipinu þá lagðist það, lagðist yfir 20 gráður á hliðina [...] Og það var svo mikill súgur þarna undir að maður fékk hellu fyrir eyrun. Ég hafði aldrei upplifað svona lagað. Og það var brunagaddur, 16 stiga frost.“

Úr skýrslu Hafsteins Númasonar, íbúa
að Túngötu 5, hjá rannsóknarnefnd
8. september 2025.

afrífa þeirra og annarra sem þar voru stödd. Aldur fólks í árum á þessum tíma er innan sviga. Rétt er að taka fram að í umfjöllun síðar í þessum kafla skýrslunnar koma svo fram nánari upplýsingar varðandi þau sem björgunarmenn fundu látin eða á lífi á áfallasvæðinu við leitar- og björgunaraðgerðir eftir snjóflóðið en þar er fylgt tímaröð atvika samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum rannsóknarnefndarinnar, eins og fram hefur komið.

Leikskólinn að Engjavegi 2 var mannlaus þegar snjóflóðið féll.

Að **Nesvegi 1** bjuggu fjórir einstaklingar, hjónin Elvar Ragnarsson (37) og Anna Sigurðardóttir (35) og börn þeirra Guðrún Astrid (16) og Ragnar Berg (13) Elvarsbörn. Þegar snjóflóðið féll var Elvar að heiman og staddur í rafstöð Orkubús Vestfjarða innar í þorpinu, þar sem hann hafði dvalið frá kvöldinu áður vegna starfa sinna. Einn næturgestur var í húsinu, Arnar Rey Steinsson (13), sem bjó að Túngötu 9. Anna, Guðrún Astrid, Ragnar Berg og Arnar komust af sjálfsdáðum út úr húsinu og sakaði ekki.

Að **Nesvegi 3** bjuggu fimm einstaklingar, hjónin Jónatan Ingi Ásgeirsson (41) og Lilja Ósk Þórisdóttir (40) ásamt börnum sínum, Kristjáni Jóni (13), Steinunni Björk (17) og Sædisi Maríu (20) Jónatansbörnum.¹⁰³ Fjögur fyrstnefndu voru stödd í húsinu þessa nótt ásamt móður Lilju Óskar, Steinunni Ingvadóttur (58), sem þar var gestkomandi. Engan í húsinu sakaði í snjóflóðinu og komust þau af sjálfsdáðum út úr því.

Að **Nesvegi 5** bjuggu þrjú einstaklingar, hjónin Auðunn Karlsson (51) og Fríður Jónsdóttir (47) og sonur þeirra Bjarni Auðunsson (20), en einn næturgestur, Sigurrrós Jónasdóttir (15), íbúi að Túngötu 8 og unnusta Bjarna, var auk þess í húsinu. Engan þessara fjögurra einstaklinga sakaði í snjóflóðinu og komust þau sjálf út úr húsinu.

Að **Nesvegi 7** bjuggu þrjú einstaklingar, hjónin Hrafnhildur Þorsteinsdóttir (49) og Sveinn G. Salómonsson (48) ásamt uppeldissyni þeirra og dóttursyni Sveins, Jeff Daniel Magnússyni (13). Einnig var staddur þar gestkomandi tengdasonur hjónanna, Bjarni Guðbjartsson (36), vegna starfa sem hann sinnti þá í þorpinu. Hrafnhildur og Sveinn fórust bæði í snjóflóðinu en Jeff Daniel og Bjarni bárust út úr húsinu með flóðinu og björguðust af sjálfsdáðum með minni háttar áverka, samkvæmt lögregluskýrslunni.

Að **Túngötu 1** bjuggu tveir einstaklingar, hjónin Guðmundur Matthíasson (62) og Fríða Ólafsdóttir (61) og voru þau bæði heima þessa nótt. Þau sakaði ekki í snjóflóðinu og komust sjálf út úr húsinu.

Enginn bjó í húsinu að Túngötu 2 á þessum tíma og var það mannlaust þegar snjóflóðið féll.

Að **Túngötu 3** bjuggu fimm einstaklingar, hjónin Frosti Gunnarsson (44) og Björg Hansdóttir (44) og börn þeirra Ingibjörg Steina (20), Elma Dögg (14) og Gunnar Ágúst (22) Frostabörn. Af þeim voru Frosti og Björg, ásamt yngsta barninu, Elmu Dögg, stödd í húsinu þegar snjóflóðið féll.¹⁰⁴ Þau grófust öll í snjóflóðinu en fundust á lífi í björgunaraðgerðum eins og síðar greinir frá.

Að **Túngötu 4** bjuggu fjórir einstaklingar, hjónin Þorsteinn Örn Gestsson (27) og Sigríður Rannveig Jónsdóttir (22) ásamt tveimur dætrum sínum, Lindu Rut Ásgeirsdóttur (5) og Hrafnhildi Kristínu Þorsteinsdóttur (1), og voru þau öll heima þessa nótt. Þorsteinn Örn og Sigríður Rannveig bárust með flóðinu út úr húsinu og björguðust af sjálfsdáðum með tölverða áverka. Linda Rut og Hrafnhildur Kristín grófust báðar í snjóflóðinu. Eins og síðar greinir nánar var Lindu Rut bjargað með minni háttar áverka en Hrafnhildur Kristín fannst látin.

Að **Túngötu 5** bjuggu fimm einstaklingar, hjónin Hafsteinn Númason (43) og Berglind M. Kristjánsdóttir (31) ásamt börnum sínum Hrefnu Björgu (7), Kristjáni Núma (4) og Aðalsteini Rafni (2) Hafsteinsbörnum. Hafsteinn var að heiman á sjó þessa nótt en Berglind og börnin stödd í húsinu. Berglind og börnin þrjú bárust öll út úr húsinu með snjóflóðinu. Berglind bjargaðist af sjálfsdáðum úr flóðinu og komst lífs af með tölverða áverka. Börnin þrjú grófust í snjóflóðinu og fórust af völdum þess, eins og síðar greinir frá.

Að **Túngötu 6** bjuggu þrjú einstaklingar, sambýlisfólkið Björk Þórðardóttir (46) og Hafsteinn Björnsson (40), ásamt dóttur Bjarkar og fósturdóttur Hafsteins, Júlíönnu Bergsteinsdóttur (12). Björk var að heiman þessa nótt, veðurteppt á Ísafirði þar sem hún starfaði, en Hafsteinn og Júlíanna voru stödd í húsinu. Þau létust bæði í snjóflóðinu.

103. Sædis María mun hafa verið við nám á Akureyri á þessum tíma og var að heiman þegar snjóflóðið féll.

104. Elsta barn hjónanna, Ingibjörg Steina, mun hafa verið stödd að heiman, í Hafnarfirði, á þessum tíma. Gunnar Ágúst mun hafa verið staddur hjá unnustu sinni annars staðar í þorpinu.

Að **Túngötu 7** bjuggu fjórir einstaklingar, Bella Aðalheiður Vestfjörð (39) með dóttur sinni Petreu Vestfjörð Valsdóttur (12) og Wieslawa Lupinska (33) með syni sínum Tomasz Lupinski (10). Þau voru öll stödd heima þessa nótt og bárust út úr húsinu með snjóflóðinu. Wieslawa komst af sjálfsdáðum úr flóðinu án teljandi áverka. Bella Aðalheiður, Petrea og Tomasz grófust öll í snjóflóðinu og fundust þær síðar látnar en Tomasz á lífi og var honum bjargað.

Að **Túngötu 8** bjuggu fimm einstaklingar, hjónin Jónas Hrólfsson (37) og Hjördís Björnsdóttir (37) og börn þeirra Sigurrós (15), Birna Dís (14) og Helga Björk Jónasdætur (10). Af þeim voru Jónas, Hjördís, Birna Dís og Helga Björk stödd heima þessa nótt en Sigurrós var, eins og fram hefur komið, stödd að Nesvegi 5. Fyrir liggur að um miðnæturbilið um nóttina færðu þau fjögur sig úr herbergjum sínum vestan megin í húsinu og í stofu austan megin í húsinu, þ.e. fjær fjallshlíðinni, vegna áhyggna út af veðrinu og snjókomunni. Öll fjögur bárust út úr húsinu í snjóflóðinu. Jónas komst úr flóðinu af sjálfsdáðum með nokkra áverka og bjargaðist en Hjördís, Birna Dís og Helga Björk grófust í flóðinu og fórust.

Að **Túngötu 9** bjuggu á þessum tíma fjórir einstaklingar, hjónin Helen Dröfn Hjaltadóttir (44) og Steinn Ingi Kjartansson (45), ásamt tveimur barna sinna, Ernu Rut (15) og Arnari Rey Steinsbörnum.¹⁰⁵ Af þeim voru þau þrjú fyrstefndu heima um nóttina en Arnar Rey ein og fram hefur komið staddur á Nesvegi 1. Auk þeirra þriggja var þá gestkomandi á heimilinu Hrannar Erlingsson (26), samstarfsmaður Steins Inga. Af þeim fjórum sem stödd voru í húsinu þegar snjóflóðið féll sakaði engan og komust þau út af sjálfsdáðum.

Að **Túngötu 10** bjuggu Jónína Margrét Guðmundsdóttir (39) og sonur hennar, Þorsteinn Bragi Jónínuson (19). Um nóttina dvaldi Þorsteinn Bragi við vakt í vélarvana skipti í Súðavíkurhöfn og var því Jónína ein í húsinu. Hana sakaði ekki í snjóflóðinu og komst út úr húsinu af eigin rammleik.

Að **Túngötu 12** bjuggu hjónin Anna Gísladóttir (45) og Þráinn Ágúst Garðarsson (48) með dóttur sinni Hjördísi Þráinsdóttur (14). Þráinn var á sjó og að heiman um nóttina en gestkomandi í húsinu var móðir Önnu, Sigríður Kristjana Vagnsdóttir (74). Önnu, Hjördísi og Sigríði Kristjönu sakaði ekki í snjóflóðinu en bjarga þurfti þeim út úr húsinu.

Í „Blokkinni“ svonefndu við **Aðalgötu 2** bjuggu á þessum tíma fjórtán manns í átta íbúðum en ein þeirra mun hafa verið mannlau. Snjóflóðið kom á vesturenhlið hússins og fór inn í kjallara þess þar sem enginn bjó. Engan af íbúum hússins sakaði í snjóflóðinu.

Pósthúsið í Súðavík var við **Aðalgötu 6**. Það var mannlaust þegar flóðið féll.

Að **Njarðarbraut 10** bjó Sigurborg Guðmundsdóttir (66) einsömul. Hún fórst í snjóflóðinu.

Sambyggð hús við **Njarðarbraut 14-20** urðu loks fyrir snjóflóðinu. Við Njarðarbraut 14 og 16 var skrifstofa og áhaldahús Súðavíkurhrepps en við Njarðarbraut 18 og 20 voru verkstæði. Húsin voru mannlau þegar snjóflóðið féll utan þess að eigandi verkstæðis að Njarðarbraut 18 var þar staddur en sakaði ekki í snjóflóðinu.

Samkvæmt greinargerð Fjalars Gunnarssonar, íbúa í Súðavík, til lögreglu vegna rannsóknar hennar kvaðst hann hafa fengið símhringingu frá íbúa í húsi sem staðsett var í jaðri flóðsins.¹⁰⁶ Það hús hafði fyllst af snjó en íbúi hússins hafði tók á að nota símann í húsinu til að hringja eftir aðstoð. Símhringingin barst innan tveggja mínútna frá því að flóðið féll og mun Fjalari hafa hringt strax í sveitarstjórn og sagt henni hvað hefði gerst. Því næst hafi hann kallað út björgunarsveitina Kofra í Súðavík. Aðsetur björgunarsveitarinnar var syðst í þorpinu og um einn kílómetra frá snjóflóðasvæðinu og var því ekki mögulegt að fara á staðinn til að ná í búnað á þeim tímapunkti.

Samkvæmt dagbók lögreglunnar barst lögreglu fyrsta tilkynning um snjóflóðið frá Sigríði Hrönn klukkan 06:29. Í símtalinu kvað hún menn úr björgunarsveitinni Kofra á leið á vettvang að skoða ástandið en hún kvaðst telja að flóðið hefði fallið á hús. Í kjölfarið bárust fleiri símhringingar til lögreglu frá Súðavík um sama efni. Aðfaranótt 16. janúar 1995 hafði lögreglan verið við störf ásamt björgunarsveitum á Ísafirði við leit að týndum

„Veðrið var alveg óskaplegt. Ég hef aldrei upplifað annað eins veður. Það er þetta veður, veðrið þarna '83 og svo '68 þegar togarinn fórst í Djúpinu. Þessi þrjú óveður eru þau skelfilegustu sem ég lifað á ævinni – en þetta það skelfilegasta, það er '95. Ég rumskaði um morguninn og ætlaði að fara fram á klósett, lít á klukkuna og hún var 6:22. Og þá kemur þessi sprenging, ég var að rísa upp úr rúminu þegar þessi sprenging kom, þá skall þetta á húsinu. [...] Einhvern veginn áttaði ég mig á því að það hefði komið snjóflóð. En einhvern veginn í huganum, þarna fyrst og dálítið á eftir, þá sá ég þetta bara fyrir mér í huganum sem einhverja ræmu. Ég gat aldrei ímyndað mér í huganum fyrir fram að þetta væri svona breitt. Hélt að þetta væri bara einhver ræma úr fjallinu þarna niður hjá mér.“

Úr skýrslu Steins Inga Kjartanssonar, íbúa að Túngötu 9, hjá rannsóknarnefnd 9. september 2025.

„Aðkoman var vægast sagt hræðileg. Fyrsta húsið sem ég kom að var ekki lengur hús heldur þriggja til fjögurra metra hár haugur af snjó og timbri. Maður fylltist miklu vonleysi. Hvar átti að byrja að leita? Húsið var gersamlega í rúst og hvergi neinn augljós staður til að byrja að leita á. Eftir að hafa gengið úr skugga um að enginn væri sjáanlegur í rústunum var ekki annað að gera en að halda áfram og reyna að átta sig á umfangi flóðsins.“

Úr greinargerð Fjalars Gunnarssonar 16. nóvember 1995 til lögreglunnar á Ísafirði.

105. Tvö eldri börn hjónanna munu þá hafa verið af heimilinu vegna skólagöngu annars staðar.

106. Skjalasafn lögreglustjórnar á Vestfjörðum. Gögn afhent 8.5.2025.

„Svo man ég bara ekkert. Ég man þegar ég gróf mig upp úr skaflinum og ráfaði barna um í kolvitlausu veðri á nærbuxunum. Og kól á löppunum mjög illa. Svo man ég að ég bankaði á rúðu hjá honum hérna Steina [Steini Inga Kjartanssyni, íbúa í Túngötu 9] og hann kom út í glugga og sagði „það er allt í lagi með alla hér“ og lokaði aftur. Svo lánaði hann mér einhverjar buxur og einhverja treyju og við löbbuðum, hann heimtaði að ég kæmi með sér niður í frystihús eða þeim. Meira man ég bara ekki. Ég man ekki eftir að hafa farið með bát til Ísafjarðar. Einhvern veginn bara, ég man eftir þegar ég labbaði inn í frystihúsið og búið. Ekki fyrr en svo einum, tveim dögum seinna á spítalanum. Það er eins og þetta bara „blakkist“ út.“

Úr skýrslu Jónasar Hrólfssonar, íbúa
að Túngötu 8, hjá rannsóknarnefnd
Alþingis 2. september 2025.

„Ekki var um neina skipulagða leit að ræða til að byrja með. Hluti mannskapsins fór um snjóflóðasvæðið til að hjálpa fólki sem ekki komst út úr húsum sínum af sjálfsdáðu(m) og til að grófleita í rústunum en aðrir fóru til að rýma hús í þorpinu sem sloppið höfðu við flóðið og var öllu fólkinu komið fyrir í frystihúsi staðarins. Einn maður fannst mjög fljótlega og var farið með hann í frystihúsið þar sem gerðar voru lífgunartilraunir á honum í meira en tvo tíma en því miður reyndust þær árangurslausar. Síðan þegar menn höfðu náð áttum var byrjað að leita í flóðinu og voru notaðar stangir af ýmsum toga, þó aðallega rafmagnsrör sem gáfu bara góða raun.“

Úr greinargerð Fjalars Gunnarssonar 16.
nóvember 1995 til lögreglunnar á Ísafirði.

manni. Mannsins hafði verið saknað frá Hótel Ísafirði frá því klukkan 02:00 um nóttina og grunur lék á að hann hefði orðið sér að voða. Með björgunarsveitunum höfðu verið leitarmenn með björgunarhunda.¹⁰⁷

Klukkan 06:34 barst tilkynning til lögreglu frá Súðavík um að slys væru á fólki og að einhver hús hefðu orðið fyrir snjóflóði. Óskað var eftir skjótri aðstoð björgunarsveita og hjúkrunarfólks. Lögreglan hafði samband við sjúkrahúsið á Ísafirði og óskaði eftir læknum og hjúkrunarfólki til að senda til Súðavíkur. Þá var haft samband við Ólaf Helga Kjartansson, sýslumann og lögreglustjóra á Ísafirði, klukkan 06:38. Í kjölfarið hringdi vaktmaður almanna-
varna í Sigríði Hrönn sem kvað líklega hafa orðið stórslys þegar snjóflóð hefði fallið á Túngötuna. Hún kvað einum manni vera að blæða út og óskaði eftir skipi með lækni innanborðs. Vaktmaður tjáði henni að stjórnstöð Almanna-
varna ríkisins yrði opnuð þá þegar. Bakvaktarmaður Almanna-
varna ríkisins sendi því næst út neyðarboð í boðtæki starfsmanna almanna-
varna klukkan 06:41. Starfsmaður fór á stjórnstöð almanna-
varna sem var opnuð klukkan 06:47. Á sama tíma voru björgunarsveitarmenn upplýstir um stöðu mála af lögreglunni á Ísafirði, en formenn björgunarsveita á Ísafirði og í Hnífsdal voru boðaðir strax á lögreglustöð.¹⁰⁸

Vegna óveðurs og fannfergis var vegurinn milli Ísafjarðar og Súðavíkur ófær og kom síðar í ljós að fjöldi snjóflóða hafði fallið á Súðavíkurhlíð. Akvegir á norðanverðum Vestfjörðum voru ófærir. Færð var erfið á Ísafirði og við blasti að það yrði erfitt að koma björgunarsveitarmönnum milli staða. Klukkan 06:40 hafði lögreglan samband við skipstjóra á skipinu Fagranesi. Hann var spurður hvort hann treysti sér til að fara með björgunarmenn og búnað til Súðavíkur. Skipstjórinn kallaði áhöfnina út í kjölfarið og aðstoðaði lögreglu við að sækja mennina og koma þeim um borð í Fagranes.¹⁰⁹

Fyrst um sinn fóru íbúar sem komust af sjálfsdáðum úr snjóflóðinu inn í húsnæði söluskála bensínstöðvarinnar Shell sem stóð í jaðri snjóflóðsins í Súðavík og leituðu þar skjóls, samkvæmt lýsingum vitnis sem lögregla ræddi við undir rannsókn lögreglunnar en hið sama hefur einnig komið fram í frásögnum eftirlifenda snjóflóðsins í fjölmíðlum og hjá rannsóknarnefndinni. Sú aðstaða var í upphafi einnig notuð fyrir björgunarmenn sem fyrstir komu á vettvang. Fyrstu viðbrögð Sigríðar Hrannar, sveitarstjóra Súðavíkur, voru að opna frystihúsið Frosta til að tryggja fólki húsaskjól. Þangað flutti fólk sig frá bensínstöðinni. Þar var jafnframt komið á fót neyðarathvarfi fyrir stjórn aðgerða, þar sem flóðið hafði lent á stjórnaraðstöðu almanna-
varnanefndar sem var jafnframt skrifstofa Súðavíkurhrepps.¹¹⁰ Sigríður Hrönn lýsti því síðar í blaðaviðtali að aðrir meðlimir almanna-
varnanefndar Súðavíkur á staðnum hefðu farið út að leita í flóðinu og að í hennar hlut hefði komið að stjórnarstarfinu í frystihúsinu. Hennar fyrsta verk hefði verið að fá fólk til að hringja í alla íbúa Súðavíkur og fá þá til að koma í húsnæði Frosta hf. Fyrst hefði verið hringt í íbúa við Nesveg og Túngötu og fljótlega hefði komið í ljós að snjóflóð hafði fallið á þau hús þar sem ekki var svarað.¹¹¹ Klukkan 06:47 barst lögreglu tilkynning frá Súðavík um að snjóflóð hefðu fallið á nokkur hús á Túngötu og Nesvegi.¹¹²

Eftir að boð bárust um slysið tók lögreglan á Ísafirði að sér stjórn á fyrstu aðgerðum til hjálpar. Í skýrslunni „Snjóflóð 95“ er því lýst að stjórnkerfi almanna-
varna, þ.e. í Súðavík, hafi af eðlilegum orsökum verið lamað, m.a. vegna tengsla almanna-
varnanefndar Súðavíkur við hamfarirnar, auk þess sem flóðið hafi lent á aðsetri stjórnarinnar á hreppsskrifstofunni í Súðavík. Flestir nefndarmenn hafi jafnframt farið að aðstoða við björgunarstörf eftir snjóflóðið. Veður hafi byrgt mönnum sýn og erfitt hafi verið að ná yfirsýn yfir svæðið þar sem snjóflóðið hafði fallið.¹¹³

Klukkan 06:50 hafði lögreglan samband við skipstjórnann á skipinu Bessa ÍS 410 sem var staddur í Ísafjarðardjúpi á leið til Súðavíkur. Skipstjórinn var beðinn um að koma til

107. Þegar tilkynning barst um snjóflóðið hafði leitinn að manningum staðið yfir í um það bil tvo klukkutíma og hafði ekki borið árangur. Maðurinn fannst síðar heill á húfi.

108. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025 og Skýrslan „Snjóflóð 95“ (9).

109. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025 og Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna-
varniríkisins 2010. D-15 (54).

110. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

111. Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna-
varniríkisins 2010. D-15 (75).

112. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

113. Skýrslan „Snjóflóð 95“ (9 og 43).

Ísafjarðar og ferja björgunarsveitarmenn og búnað til Súðavíkur. Skipstjórinn benti á aðra togara sem voru staðsettir í Ísafjarðarhöfn, þar sem hann taldi réttara að hann héldi áfram til Súðavíkur og reyndi að lýsa upp leitarsvæðið til aðstoðar við björgunarsveitarmenn. Skipstjórinn kvaðst ætla að kalla upp fleiri nálæg skip í Djúpinu og biðla til skipstjóra þeirra að halda til Ísafjarðar og Súðavíkur.¹¹⁴ Skip sem voru við bryggju í Súðavíkurhöfn voru fengin til að lýsa upp svæðið, en ekkert mun hafa sést vegna óveðurs.¹¹⁵

Almannavarnir ríkisins höfðu samband við lögregluna á Ísafirði klukkan 06:54 til að kanna stöðu mála. Þá var upplýst að mörg hús hefðu orðið fyrir snjóflóði í Súðavík, fólk væri slasað og týnt. Unnið væri að því að koma skipi til Súðavíkur, en veður væri slæmt og „jafnvel stærstu skip treystu sér ekki þangað“. Lögreglan kvaðst myndu gera allt til að koma mannskap og tækjum til Súðavíkur.¹¹⁶ Klukkan 07:06 ræddi framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins við sýslumanninn á Ísafirði sem lýsti því að mikið af slösuðu fólki væri við Túngötuna, börn væru týnd og fólki að blæða út. Hann kvað lækna búa sig undir að fara með skipinu Stefni og að áhöfn þess væri að safnast saman.¹¹⁷

Klukkan 07:08 var lögreglan í samskiptum við skipstjóra togarans Stefni sem hugðist gera áhöfn sína klára.¹¹⁸ Samkvæmt bókunum Almannavarna ríkisins var dómismálaráðherra og forsætisráðherra tilkynnt um atburðina í Súðavík klukkan 07:20 þennan morgun. Klukkan 7:30 var rætt á ný við Sigríði Hrönn sem lýsti því að flóðið hefði fallið á Túngötu og Nesveg í Súðavík og að mörg hús hefðu orðið undir, þar sem stærstu barnafjölskyldurnar byggju. Hún kvað skip sem væru í höfninni reyna að lýsa upp leitarsvæðið án árangurs, þar sem veður væri slæmt. Ekki væri unnt að sjá hversu mörg hús væru farin. Um svipað leyti höfðu fjölmiðlar samband og óskuðu upplýsinga, en þess var óskað af hálfu sýslumannsins á Ísafirði að fréttir yrðu ekki sagðar þar sem lítið væri vitað um stöðuna í Súðavík.¹¹⁹

5.5.2. Aðgerðir 16. janúar 1995 frá kl. 08:00 til 10:00

Klukkan 08:03 barst tilkynning í neyðarsíma björgunarsveita um mjög stórt snjóflóð sem hefði fallið í Súðavík. Tilkynningin barst frá björgunarsveitinni Tindum í Hnífsdal. Fram kom í tilkynningunni að mjög margt fólk væri í flóðinu, unnið væri að því að kalla saman mannskap til björgunarstarfa sem yrði sendur sjóleiðis til Súðavíkur. Óskað var eftir því að menn yrðu viðbúnir því að beðið yrði um mannskap annars staðar frá. Fimm mínútum síðar var landsstjórn björgunarsveita kölluð út með hópalli eftir að fréttir um snjóflóðið höfðu borist frá sameiginlegum neyðarsíma Landsbjargar og Slysavarnafélags Íslands.¹²⁰

Klukkan 08:10 voru nefndarmenn almannavarnanefndar Ísafjarðar boðaðir til fundar og kom nefndin saman til fundar 20 mínútum síðar á slökkvistöðinni á Ísafirði.¹²¹ Fram kemur í mannskaðaskýrslu lögreglunnar að vegna umfangs atburðarins hafi lögreglustjóri ákveðið að almannavarnanefnd Ísafjarðar tæki að sér stjórn björgunaraðgerða, þar sem almannavarnanefnd Súðavíkur var skipuð fólki sem var nátengt atburðinum og verkefnið fram undan þótti stórt.¹²² Á fundinum var Snorri Hermannsson beðinn um að fara með skipinu Fagranesi ásamt björgunarfólki til Súðavíkur í því skyni fara með vettvangsstjórn. Á slökkvistöðinni á Ísafirði voru fyrir staddir björgunarmenn vegna leitar að manni sem staðið hafði yfir um nóttina, líkt og fram hefur komið, en þeir höfðu verið kallaðir úr þeirri aðgerð um klukkan 07:00. Sökum þess höfðu björgunarmennirnir með sér helsta búnað til leitar, en hófust þá þegar handa við að safna leitarstöngum, skóflum, snjóflóðaylum og öðru til leitarstarfa. Ljóst þótti að frekari mannskap þyrfti til aðstoðar í Súðavík og var því haft samband við fleiri björgunarmenn, óháð því hvort þeir væru ennþá starfandi innan björgunarsveita.¹²³

„Við erum þarna í Frosta og það kemur alltaf fleira og fleira fólk. Það er búið að láta vita út á Ísafjörð og það er allt í gangi þar vitum við. Björgunarsveitin heima hún fer af stað og þeir koma þarna Gardar [Sigurgeirsson], Fjalar Gunnarsson og fleiri, Gunnar Finnsson, hreppstjóri, og það er ákveðið að fara út. Og það fara allir sem vettlingi geta valdið út að leita að fólki því það er vitað að það er fólk einhvers staðar í flóðinu. Við tökum með okkur svona rafmagnsrör, plaströr sem voru notuð til að draga í, sem snjóflóða ... til að pikka í snjóflóðið og svo allar skóflur sem til voru í frystihúsinu.

[...]

Svo þegar þeir koma frá Ísafirði þá erum við [þ.e. íbúar í Súðavík sem voru að leita] send inn, sem eðlilegt er. Við vorum öll í áfalli líka, eðlilega.“

Úr skýrslu Steins Inga Kjartanssonar, íbúa að Túngötu 9, hjá rannsóknarnefnd Alþingis 9. september 2025.

114. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

115. Skýrslan „Snjóflóð 95“ (9).

116. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (321-322).

117. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (322).

118. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (54).

119. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (322).

120. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (89 og 103).

121. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (39).

122. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

123. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (39).

„Ég man bara svo eftir mér að ég var alblóðugur, nakinn, grafandi með höndunum í snjónum að leita að barninu mínu. Og ég veit ekki hversu lengi það var en það var allavega ... það leið allavega einhver tími. Líka, ég var eitthvað að reyna að finna leiðina inn í hús, ég labbaði í kringum þarna, höfuðið var svo ruglað. Bara, hvar er ... hvar er inngangurinn? Af hverju er ég úti? Svo labbaði ég bara í kringum steinvegginn þarna og var að reyna að finna útidyrhurðina og svo þegar ég áttaði mig á því þá fór ég bara að reyna að moka og moka og moka. Ég veit ekki einu sinni hvar ég mokaði. Svo endaði á því að ég náttúrulega hélt ekki út lengur þarna í þessu veðri, nakinn í þessu frosti og óveðri. Og þá heyrði ég herna Linda hans Hafsteins [Berglind M. Kristjánsdóttir] öskraði þarna og þá hélt ég bara svo að segja að það væru bara ég og hún sem hefðu lifað af, það væru allir dánir í Súðavík.“

Úr skýrslu Þorsteins Arnar Gestssonar, íbúa að Túngötu 4, hjá rannsóknarnefnd Alþingis 8. september 2025.

„Svo kom ég upp í Frosta. Þar var maður skráður inn og ég labba þarna og þegar ég er kominn inn á ganginn þá sé ég inn í kaffistofuna eða matsalinn þar var svona uppi á borði, þar lá yngsti sonur minn. Hann lá þarna bara á bleyjunni. Ég fór til hans. Þá voru þeir að hætta lífgunum. Hann fannst á lífi. Ég tók í hendina á honum og hún var ísköld. Svo fór ég að tala við Lindu, þá var hún þarna inni og var öll blóðug herna í framan og grátandi. Hún grátbað mig að fara út að leita. Ég fór af stað út, en maður var svo dofinn að ég lét stoppa mig. Mér var bannað að fara út, maður verður eins og ég veit ekki alveg hvað, viljalas sauður.“

Úr skýrslu Hafsteins Nímasonar, íbúa að Túngötu 5, hjá rannsóknarnefnd Alþingis 8. september 2025.

Fagranes lagði af stað frá Ísafirði til Súðavíkur klukkan 08:49, eða um það bil tveimur og hálfri klukkustund eftir fyrstu tilkynningu um snjóflóðið. Innanborðs voru 52 einstaklingar. Þar á meðal voru björgunarmenn, þrír læknar, tveir hjúkrunarfræðingar, Snorri Hermannsson, vettvangsstjóri almannavarnarnefndar Ísafjarðar, Guðmundur Fylkisson, varðstjóri hjá lögreglunni á Ísafirði, og þrír leitarhundar. Veður var vont, fárviðri og hliðarveltingur mikill inn með Súðavíkurhlíð.¹²⁴ Stjórnstöð landsstjórnar björgunarsveita var opnuð klukkan 08:50 og lýsingar af atburðum bárust þangað frá Almannavörnum ríkisins tíu mínútum síðar. Landsstjórnin aflaði strax upplýsinga um staðsetningu snjóflóðaleitarhunda á landinu.¹²⁵ Klukkan 08:57 hafði lögreglan samband við Sigríði Hrönn sem kvað ástandið í Súðavík „hörmulegt“. Mörg hús hefðu orðið fyrir snjóflóðinu. Nokkrir íbúar hefðu fundist slasaðir og fleiri væru týndir í flóðinu.

Hafsteinn Björnsson (40 ára), búsettur að Túngötu 6, fannst milli klukkan 08:00 og 09:00 samkvæmt upplýsingum björgunarmanna, en samkvæmt upplýsingum vettvangsstjóra fannst hann klukkan 07:15 þennan dag.¹²⁶ Hafsteinn fannst fyrir neðan heimili sitt, því sem næst í garðinum fyrir ofan Túngötu 5. Samkvæmt frásögn vitnis sem lögreglan ræddi við undir rannsókn málsins var Hafsteinn með lífsmarki þegar hann fannst og var hann færður í húsakynni Frosta hf., þar sem lífgunartilraunir báru ekki árangur. Andlát hans var það fyrsta sem staðfest var þennan morgun.¹²⁷

Því næst fannst Aðalsteinn Rafn Hafsteinsson (2 ára), sem búsettur var að Túngötu 5. Samkvæmt lögregluskýrslu bar mönnum ekki saman um fundartíma, en í skráningum vettvangsstjóra kemur fram að Aðalsteinn Rafn hafi fundist klukkan 07:20 þennan morgun. Björgunarmenn úr röðum heimamanna sögðu hann hafa fundist á milli klukkan 09:00 og 10:00. Aðalsteinn Rafn mun hafa borist með flóðinu frá heimili sínu að Túngötu 5 og yfir á svæði fyrir ofan Aðalgötu, því sem næst mitt á milli húsa númer 2 og 6. Samkvæmt frásögnum af fundi Aðalsteins Rafns var hann með lífsmarki þegar hann fannst og var hann færður í húsakynni Frosta hf. þar sem lífgunartilraunir fóru fram. Þær báru ekki árangur.

Í skýrslu séra Magnúsar Erlingssonar, sóknarprestis á Ísafirði, kemur fram að laust fyrir klukkan 9:00 hafi hann verið kallaður á fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Eftir viðræður við lækna á sjúkrahúsinu hafði séra Magnús samband við biskup Íslands, sem þá var Ólafur Skúlason, og nefndi biskup þann möguleika að senda hjálp vestur. Óskaði séra Magnús eftir því að séra Sigfinnur Þorleifsson, sjúkrahúsprestur á Borgarspítalanum, yrði boðaður. Hann var síðar í áfallahjálparteymi Borgarspítalans sem sent var til Ísafjarðar.¹²⁸

Í skýrslu héraðslæknis Vestfjarða, Ágústs Oddssonar í Bolungarvík, kemur fram að um klukkan 9:00 um morguninn hafi hann fengið vitneskju um atburðinn og stuttu seinna hafi fulltrúi landlæknis haft samband við hann og rætt möguleika á hjálparstarfi, sérstaklega áfallahjálpar. Lagði Ágúst til að haft yrði samband við Rudolf Adólfsson, geðhjúkrunarfræðing á Borgarspítalanum. Í símtalinu var einnig tekin ákvörðun um að héraðslæknirinn bæri ábyrgð á skipulagningu áfallahjálpar á staðnum og myndi kalla til þá aðstoð sem nauðsyn krefði í samræði við fulltrúa landlæknis.¹²⁹ Í dagbókarskráningum Almannavarna ríkisins klukkan 9:40 kemur fram í samtali framkvæmdastjóra við Ágúst, héraðslækni í Bolungarvík, að þar sé 30 manna björgunarsveit í viðbragðsstöðu, en ófært var til Ísafjarðar. Björgunarsveitarmennirnir og Ágúst héraðslæknir voru síðan veðurteptir í Bolungarvík fram undir hádegi þriðjudaginn 17. janúar.¹³⁰

Fagranesið lagðist að bryggju í Súðavík klukkan 09:42 með fyrsta hóp björgunarmanna, lækna og hjúkrunarfólks, tæpri klukkustund eftir að skipið lagði úr höfn á Ísafirði. Á þeim

124. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (3) og Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 8.5.2025.

125. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (89).

126. Í mannskaðaskýrslu lögreglunnar var um fundartíma stuðst við upplýsingar frá vettvangsstjóra, björgunarsveitarmönnum og heimamönnum. Af þeim sökum eru mismunandi tímar nefndir í skýrslu lögreglunnar. Uppgefnir fundartímar í skýrslu rannsóknarnefndar eru þeir sömu og fram koma í mannskaðaskýrslu lögreglunnar.

127. Vert er að geta þess hvað fundartíma og staði varðar að erftitt reyndist að staðsetja nákvæmlega fundarstaði og fundartíma allra vegna veðurofsa í Súðavík, líkt og fram kemur í lögregluskýrslu vegna málsins. Í lögregluskýrslu var um fundartíma stuðst við upplýsingar björgunarmanna og vettvangsstjóra.

128. „Skýrsla sóknarprestis á Ísafirði vegna náttúruhamfaranna í Súðavík.“ Magnús Erlingsson, „á adventu 1995“. Skjalasafn Þjóðkirkjunnar. Gögn afhent 4.11.2025.

129. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (189–192).

130. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (323).

tímapunkti fengu almannavarnir upplýsingar um það að níu hús hefðu lent í flóðinu, 18 manns væri saknað og eitt barn hefði fundist.¹³¹ Snorri Hermannsson, vettvangsstjóri, fór fyrstur frá borði og fór í húsnæði Frosta hf. Þar kvaðst Snorri hafa hitt Súðvíkinga sem „ýmist höfðu komist úr flóðinu við illan leik eða verið þeirrar gæfu aðnjótandi að búa utan flóðjaðarsins“.¹³² Íbúarnir sem þar voru staddir gáfu björgunarmönnum upplýsingar um umfang snjóflóðsins, útveguðu götukort og upplýsingar um þá sem týndir voru. Eftir að björgunarlið kom frá Ísafirði og almannavarnanefnd Ísafjarðar tók við stjórninni tók björgunarlið að mestu við leitinni af heimamönnum.¹³³

Strax var hafist handa við áframhaldandi leit og lækna skoðuðu þá sem voru slasaðir og úrskurðuðu um látna.¹³⁴ Lögreglumanninum Guðmundi Fylkissyni var falið það verkefni að koma upp aðstöðu fyrir söfnunarsvæði látinna og annast fyrstu aðgerðir lögreglu á áfallasvæðinu. Snorri Hermannsson var í fjarskiptasambandi við almannavarnanefnd Ísafjarðar.¹³⁵ Innan almannavarnanefndar Ísafjarðar var unnið að því að útvega fleiri björgunarmenn og rýma snjóflóðahættusvæði á Ísafirði. Í skýrslu almannavarna „Snjóflóð 95“ kemur fram að um hafi verið að ræða fyrsta skipti sem beitt var grenndarstjórnun með almannavarnanefnd nágrannasvæðis þar sem almannavarnanefnd Ísafjarðar stjórnaði aðgerðunum í Súðavík frá þessum tíma.¹³⁶

Klukkan 09:48 upplýstu almannavarnir landsstjórn björgunarsveita um að varðskipið Týr færi vestur til björgunarstarfa í Súðavík og væri á áætlun frá Reykjavík klukkan 14:00. Óskað var eftir björgunarmönnum til að fara með varðskipinu vestur. Landsstjórn bauð fram 40 björgunarmenn auk 15 manna sem skyldu fylgja snjóbílum og leitartækjum og sinna áfallahjálþ. Þetta var samþykkt af almannavörnum klukkan 10:30.¹³⁷ Klukkan 09:51 bárust almannavörnum upplýsingar frá Ólafi Helga um að skipið Júlíus Geirmundsson væri að leggja að á Ísafirði með prest (séra Karl V. Matthíasson), 26 leitar menn og leitarhund frá Tálknafirði, Bíldudal og Flateyri. Skipið Haffari mun á þessum tíma hafa verið á leiðinni til Ísafjarðar og upplýst var að Haffari færi til Súðavíkur með mennina sem voru um borð í Júlíusi Geirmundssyni.¹³⁸

Í samantekt varðstjóra Slökkviliðs Reykjavíkur kemur fram að fyrir klukkan 10:00 hafi fregnin um snjóflóðið borist til slökkviliðs Reykjavíkur og í framhaldi af því var Almannavörnum ríkisins boðin aðstoð neyðarsveitar Slökkviliðsins.¹³⁹

Vert er að geta þess að á meðan á björgunaraðgerðum stóð dagana 16. til 23. janúar 1995 kölluðu almannavarnir reglulega eftir upplýsingum um stöðu mála við leitina í Súðavík, auk þess sem bókað er um upplýsingar frá Veðurstofu Íslands um veðurhorfur fyrir Vestfirði.¹⁴⁰

5.5.3. Aðgerðir 16. janúar 1995 frá kl. 10:00 til 12:00

Klukkan 10:00 kom almannavarnaráð ríkisins saman til fundar. Á fundinum var ákveðið að senda björgunarmenn með búnað og leitarhunda, tæki, lækna og hjúkrunarlið til Súðavíkur með varðskipinu Tý sem áætlað var að myndi leggja frá höfn í Reykjavík klukkan 14:00. Áætlað var að skipið yrði 14 til 20 klukkutíma á leiðinni til Súðavíkur. Þá var samþykkt að björgunarlið og búnaður yrði sendur frá Reykjavík með togaranum Engey RE 1 sem myndi leggja af stað síðar þann dag. Jafnframt var ákveðið að frekari mannskapur yrði fenginn frá öðrum stöðum á Vestfjörðum með skuttogurunum Júlíusi Geirmundssyni og Margréti EA 710. Loks kom fram á fundinum að skipið Múlafoss væri tilbúið að leggja af stað frá Norðurlandi með björgunarmenn. Ljóst var að allir vegir væru lokaðir og flugsamgöngur

„Svo vöknum við bara við snjóflóðið um nóttina eða þegar það skellur á, við dynkinn. Skildum náttúrulega ekki alveg hvað gerðist. En húsið fyrir ofan okkur hjá Habbý og Svenna [Hrafnhildur Þorsteinsdóttir og Sveinn G. Salómonsson, íbúum á Nesvegi 7] það sem sagt svona var komið inn í garð og inn í þvottahús hjá okkur [þ.e. á Nesvegi 5]. Það brotna gluggar og eitthvað slíkt. Við vöknum við það og vorum svona að reyna að átta okkur á hvað hefði gerst. Þá fer maðurinn minn [Bjarni Auðunsson] út og svona að kanna aðstæður og segir okkur að það sé bara risasnjóflóð. Við höldum fyrst að það sé bara þeirra hús þannig að ég fer strax í að hringja í pabba [Jónas Hrólfsson, íbúa að Túngötu 8] eða reyna það, að láta hann vita til að fá hann til að koma og hjálpa af því þetta voru góðir vinir okkar. En það náttúrulega svaraði enginn. Og þegar hann [Bjarni] kemur inn aftur þá lætur hann okkur vita að þetta sé allt bara ... farið.“

Úr skýrslu Sigurrósar Jónasdóttur, íbúa á Túngötu 8 (stöðd um nóttina á Nesvegi 5), hjá rannsóknarnefnd Alþingis 2. október 2025.

131. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (324).

132. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (39).

133. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 8.5.2025.

134. Skýrslan „Snjóflóð 95“ (27).

135. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

136. Skýrslan „Snjóflóð 95“ (10).

137. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (89).

138. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (324).

139. „Samantekt vegna ferðar til Súðavíkur 16.01.1995 – Unnið af Gunnari Ö. Péturssyni, varðstjóra Slökkviliðs Reykjavíkur“. Ódagsett. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (18–22). Þetta leiddi til þess að tíu menn fóru síðar þennan dag, 16. janúar, með varðskipinu Tý undir stjórn Gunnars Arnar Péturssonar varðstjóra og aðrir tíu með Engey RE 1 undir stjórn Björns Gíslasonar varðstjóra. Þeim til afleysingar var síðan send sveit sjö manna undir stjórn Bergsveins Alfónssonar varðstjóra þann 22. janúar 1995.

140. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (320–381).

„Þetta sem maður sá, þetta var svo óraunverulegt. Að maður einhvern veginn, var einhvern veginn, þú gast ekkert verið með tilfinningu, nema kannski bara smá [...] Þú verður bara eins og frosinn. Bara finnur ekki neitt. Svo bara vorum við þarna yfir daginn þegar var verið að koma með líkin inn. Það var lokað af, við bara þarna á ganginum. [...] Fólki vissi ekki hvað það átti að gera, þau voru svo lengi að koma sér til inn eftir til okkar. Svo fórum við bara með Fagranesinu og það dó næstum því hálf þorp á leiðinni þangað.

[...]

Veðrið var bara þannig að það átti aldrei að fara með alla íbúa og öll börn yfir. En þetta er það sem ég man, svo fórum við bara upp á sjúkrahús og krakkarnir mínir upp á hótél ... Þetta var bara allt eitt stórt kaos. Eins og að vera bara í stríði sem þú áttar þig ekki á.“

Úr skýrslu Maríu Mayu Hrafnhildardóttur, íbúa að Aðalgötu 2, hjá rannsóknarnefnd Alþingis 8. september 2025.

lægju niðri vegna veðurofsa, til Súðavíkur væri einungis fært sjóleiðina.¹⁴¹

Klukkan 10:10 var skipulagðri leit komið á í Súðavík enda þá fyrsti björgunarhópur og vettvangsstjóri kominn til Súðavíkur með Fagranesinu. Á þeim tímapunkti hafði 21 einstaklingur komist af sjálfsdáðum eða með aðstoð úr flóðinu. Ekki var unnt að senda alla björgunarmenn út á leitarsvæðið í einu þar sem takmarkað magn var af snjóflóðaylum. Ákveðið var að skipta hópnum upp í fjögurra til sex manna hópa, sem var skipt inn á leitarsvæðið á um það bil tveggja klukkustunda fresti. Hópnum var komið fyrir á stöðum sem taldir voru líklegir við straumlínu flóðsins, eins og við hús sem höfðu orðið fyrir flóðinu. Hundar stýrðu því hvar grafið var og var það reynsla björgunarmanna að þeir veittu góðar vísendingar um staðsetningu þeirra sem grófust undir flóðinu.¹⁴²

Fyrsti björgunarhópurinn fór út og merkti útlínur flóðsins með snjóflóðaveifum, en skyggni mun hafa verið afar takmarkað vegna ofsaveðurs. Enginn mun hafa farið út á leitarsvæðið án þess að bera snjóflóðayla. Þrír leitarhundar fóru á leitarsvæðið ásamt þjálfurum, auk sex björgunarmanna. Björgunarmenn höfðu með sér skóflur og leitarstangir. Aðrir björgunarmenn biðu í húsnæði Frosta, gerðu sig klára og biðu fyrir mæla úr talstöðvum frá leitarhöfnum sem voru á svæðinu með hunda. Hugað var að því að hvíla afgang hópsins og eiga þá til að skipta út mönnum með skipulegum hætti, en fljótlega varð fundur á leitarsvæðinu sem varð til þess að hópurinn fór út til leitar.¹⁴³

Fyrsti björgunarhópurinn taldi 50 manns og reyndist björgunarstarfið erfitt vegna fárviðris fyrir bæði björgunarmenn og leitarhunda. Þá hafði hluti björgunarmanna verið við leit vegna útkalls frá því fyrr um nóttina og reyndust þeir þar af leiðandi þreyttir.¹⁴⁴ Fram kemur í skýrslu vettvangsstjóra, Snorra Hermannssonar, að honum hefði fljótt verið ljóst eftir komuna að verkefnið væri björgunarmönnum „ofviða“. Fleiri leitar menn þyrfti á staðinn með fleiri snjóflóðayla og snjóruðningstæki. Þá taldi vettvangsstjóri einsýnt að aðgerðirnar myndu taka nokkra sólarhringa, þar sem staðan hafi verið mjög slæm.

Í húsnæði Frosta hf. var komið á fót neyðarathvarfi fyrir stjórn aðgerða, þar sem flóðið hafði lent á stjórnarsýsluhúsinu í Súðavík þar sem almannavarnanefnd Súðavíkur hafði jafnan aðstöðu. Á meðan á björgunarstarfi stóð var vettvangslið, lækna og lögregla með aðstöðu á skrifstofu á 2. hæð í húsnæði Frosta. Á sömu hæð í aðgreindu rými höfðust Súðvíkingar við þar til þeir voru fluttir til Ísafjarðar. Í umbúðageymslu á sömu hæð voru svokölluð „söfnunarsvæði látinna“ en einungis lögregla hafði aðgang að því rými. Aðstaða björgunarmanna og skráning þeirra út og inn á áfallarsvæðið var á neðri hæð í húsnæði Frosta og þar var jafnframt borinn fram matur til þeirra sem komu að björgun.¹⁴⁵ Enginn mátti fara út úr húsnæði Frosta nema skrá sig hjá flokkstjórn sem var stödd við útganginn. Þar var einnig skráður allur mannaflí sem tók þátt í aðgerðunum.¹⁴⁶

Fram kemur í skýrslu vettvangsstjóra að sett hafi verið upp stjórnstöð vettvangsstjórnar í skrifstofuherbergi á 2. hæð í húsnæði Frosta. Þar var vettvangsstjóri í samskiptum við almannavarnanefnd Ísafjarðar, sem var með stjórnstöð á slökkvistöðinni á Ísafirði. Vettvangsstjórn hafði afnot af tölvu og símbréfstæki í húsnæði Frosta og gat því veitt upplýsingar þannig til almannavarnanefndar Ísafjarðar. Vettvangsstjórn gaf stjórnstöðinni á Ísafirði reglulega upplýsingar um stöðu mála í Súðavík á meðan á aðgerðum stóð.¹⁴⁷ Samkvæmt skýrslu vettvangsstjóra lágu upplýsingar um fólk í Súðavík ekki fyrir með vissu fyrir en síðar þennan dag, þar sem ekki var vitað hvort skráðir íbúar hefðu verið heima eða að heiman þegar snjóflóðið féll.¹⁴⁸

Klukkan 10:15 hafði vettvangsstjóri samband við almannavarnanefnd Ísafjarðar og óskaði eftir frekari mannskap til leitar „með öllum tiltækum leiðum og ráðum“. Á þeim tímapunkti var verið að flytja tvo slasaða frá bensínstöðinni í Súðavík yfir í húsnæði

141. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-46 (159).

142. Í skýrslu almannavarna „Snjóflóð 95“ er lýst nánar aðferðum við björgun úr snjóflóðinu.

143. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (39).

144. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (40).

145. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

146. Skýrslan „Snjóflóð 95“ (32).

147. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (40).

148. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (41).

Frosta og endurlífgunartilraunir að eiga sér stað.¹⁴⁹ Nefndin mun þá hafa sent af stað tvö snjóruðningstæki og snjóblásara í því skyni að ryðja veginn til Súðavíkur. Það bar engan árangur vegna veðurofsa. Klukkan 10:30 tilkynnti lögreglan á Ísafirði vettvangsstjóra að togarinn Stefnir ÍS 28 væri tilbúinn til brottfarar frá Ísafirði með fleiri björgunarmenn. Auglýst hafði verið eftir sjálfbóðaliðum í svæðisútlarpi Vestfjarða og 72 sjálfbóðaliðar höfðu boðið sig fram og fóru um borð í skipið.¹⁵⁰ Klukkan 10:35 hafði framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins samband við vettvangsstjóra og bauð fram aðstoð sérþjálfaðra snjóflóðaleitarmanna frá höfuðborgarsvæðinu. Upplýst var í samtalinu að mennirnir kæmust með varðskipinu Tý sem færi frá Reykjavík klukkan 15:00.

Klukkan 10:37 var beðið um björgunarmenn með sjúkrabörur og skóflur bak við pósthúsið í Súðavík. Sigurborg Guðmundsdóttir (66 ára), búsett að Njarðarbraut 10, fannst svo látin í húsarústum heimilis síns um klukkan 11:00.¹⁵¹

Klukkan 10:45 sendu Almannavarnir ríkisins tilkynningu til dómsmálaráðherra þar sem upplýst var um stöðu mála í Súðavík. Fram kom í erindinu að Almannavarnir ríkisins væru að skipuleggja frekari aðstoð við svæðið yrði þess óskað, auk þess sem upplýst var að varðskip væri tilbúið til brottfarar frá Reykjavík. Þá kom fram að fyrir lægju upplýsingar um skip og togara á Vestfjörðum sem gætu flutt hjálparlið frá syðri hluta Vestfjarða ef þörf krefði. Fram kom í tilkynningunni að allir vegir á Vestfjörðum væri meira eða minna ófærir og því væri einungis unnt að fara til Súðavíkur sjóleiðina.¹⁵² Um sama leyti höfðu Almannavarnir ríkisins ákveðið að senda mannskap og búnað frá Reykjavík til Súðavíkur með varðskipi sem skyldi fara frá Reykjavík klukkan 14:00, líkt og fram hefur komið.¹⁵³ Um klukkan 11:00 óskuðu Almannavarnir ríkisins eftir því að Rauði kross Íslands hefði samband við deild þess á Ísafirði svo starfsmenn hennar yrðu í viðbragðsstöðu.¹⁵⁴

Um klukkan 10:50 voru Almannavarnir ríkisins í samskiptum við yfirlækni á slysideild Borgarspítala um að senda mannskap með varðskipi. Hann kvaðst myndu kalla hópslysanefnd spítalans saman. Nefndin ákvað í framhaldinu að senda þrjá lækna og tvo hjúkrunarfræðinga. Klukkan 11:45 staðfesti Landspítalinn að þaðan færu barnalæknir, barnaskurðlæknir og barnahjúkrunarfræðingur. Endanleg samsetning læknameyja beggja spítala lá svo fyrir klukkan 13:10.¹⁵⁵

Í greinargerð Rauða kross Íslands og skýrslunni „Snjóflóð 95“ kemur fram að laust fyrir klukkan 11:00 hafi frést af atburðunum í Súðavík til skrifstofu Rauða kross Íslands. Framkvæmdastjóri hafði samband við Guðjón Petersen hjá Almannavörnum ríkisins og fékk staðfestingu á atburðinum og gangi björgunaraðgerða. Sagði hann mikilvægt að Rauði krossinn hefði samband við sitt fólk sem yrði til taks en að viðunandi skráning væri hafin á fólki sem komið væri í hús í Frosta. Haft var þá þegar samband við deildina á Ísafirði og þau beðin um að vera viðbúin að taka við fólki frá Súðavík. Einnig var deildinni falið að sjá um skráningu þeirra Súðvíkinga sem kæmu til Ísafjarðar.¹⁵⁶

Samkvæmt lögregluskýrslu fannst Bella Aðalheiður Vestfjörð (39 ára), búsett að Túngötu 7, klukkan 11:10. Hún fannst í garðinum fyrir neðan heimili sitt og reyndist látin.¹⁵⁷ Björg Hansdóttir, búsett að Túngötu 3, fannst á lífi klukkan 11:25 og Frosti Gunnarsson, eiginmaður hennar, fannst á lífi skömmu síðar, eða um klukkan 11:35, og var bjargað. Bæði fundust þau á svipuðum stað, grafin í snjó við austurúttegg Túngötu 3, norðanvert.

Klukkan 11:40 var haft samband við sóknarprestinn á Ísafirði og í Súðavík, séra Magnús Erlingsson. Þess var óskað að hann færi með í næstu skipsferð til Súðavíkur til sálgaesluverka. Þá var Oddur Árnason, aðalvarðstjóri hjá lögreglunni á Ísafirði, kallaður út. Hann átti að fara með næsta skipi til Súðavíkur og vera Snorra Hermannssyni, vettvangsstjóra, til

149. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (62).

150. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (40).

151. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

152. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-46 (68).

153. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (325).

154. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (29).

155. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (325 og fylgiskjal 6, nafnalisti).

156. „Greinargerð vegna starfs RKÍ vegna Súðavík.“ Óundirritað. Dagsettt 13. mars 1995. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (29–33).

157. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 8.5.2025.

aðstoðar. Með honum skyldi fara Rögnvaldur Ólafsson, lögreglu maður, sem skyldi vera Guðmundi Fylkissyni til aðstoðar. Klukkan 11:40 fannst Linda Rut Ásgeirsdóttir á lífi í húsarústum að Túngötu 4, við norðausturhorn húsgrunns og var bjargað.¹⁵⁸

Fyrir hádegi 16. janúar 1995 höfðu fjögur verið úrskurðuð látin í kjölfar snjóflóðsins.

5.5.4. Aðgerðir 16. janúar 1995 frá kl. 12:00 til 18:00

Samkvæmt lögregluskýrslu fannst Petrea Vestfjörð Valsdóttir (12 ára) klukkan 12:01. Petrea var til heimilis að Túngötu 7 og fannst rétt fyrir ofan pósthúsið í Súðavík. Hún reyndist látin.

Í kjölfarið var farið að huga að flutningi slasaðra og annarra íbúa til Ísafjarðar til aðhlyningar á sjúkrahúsinu á Ísafirði. Ákveðið var að flytja fólk með Fagranesi klukkan 14:00.¹⁵⁹ Vettvangsstjóri hafði samband við almannavarnanefnd Ísafjarðar og upplýsti um ákvörðunina, en í kjölfarið var sett upp fjöldahjálparstöð á Ísafirði til að taka á móti íbúum Súðavíkur.¹⁶⁰

Samkvæmt skýrslu vettvangsstjóra kom fram í hádegisfréttum þennan dag að fólk hefði látist í Súðavík. Í ljósi þessa var strax hafist handa við að tilkynna aðstandendum látinna um mannskaða og hafði vettvangsstjóri sjálfur samband við aðstandendur í því skyni. Mikið álag mun hafa verið símleidis við björgunarlið í Súðavík á þessum tímapunkti, enda vildi fólk fá upplýsingar um afdrif ættingja sinna og vina í Súðavík.¹⁶¹ Einnig er bókað hjá lögreglu síðar þennan dag að óteljandi símhringingar hefðu borist á lögreglustöðina á Ísafirði, þar sem annríki var mikið. Bókað var að símtölin þangað hefðu numið „hundruðum ef ekki þúsundum“ frá því klukkan 06:29 um morguninn.¹⁶²

Í skýrslu kvennadeildar Slysavarnafélags Íslands kemur fram að formaður deildarinnar hafi haft frumkvæði að því að hafa samband við almannavarnir á Ísafirði upp úr hádegi 16. janúar til að kanna hvort hugsað hefði verið fyrir mat fyrir björgunarsveitarmenn í Súðavík. Svo hafði ekki verið og var hún beðin að útvega vistir og mannskap til að elda. Hafði hún samband við matsveininn á Guðbjarti ÍS 16 og fór hann samdægurs við annan mann til Súðavíkur með vistir. Þessu verkefni fylgdi kvennadeildin eftir næstu daga.¹⁶³

Í skýrslu áfallateymis Borgarspítala kemur fram að um klukkan 12:00 hafi hópur lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkrahúspresta á Borgarspítala hist og ákveðið að senda áfallateymi með varðskipinu Tý sem fara skyldi til Súðavíkur klukkan 14:00. Var ákveðið á fundinum að sent yrði fjögurra manna teymi sérfræðinga, þ.e. Rudolf Adolfsson geðhjúkrunarfræðingur, Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur, Hildur Helgadóttir, hjúkrunarframkvæmdastjóri geðlækningasviðs, og Tómas Zoëga geðlæknir.¹⁶⁴

Í skýrslu vegna vinnu áfallahóps með grunnskóla Súðavíkur kemur fram að Páll Ásgeirsson, yfirlæknir barna- og unglingsgeðdeildar Landspítala, hafi kallað á sinn fund meðlimi „Félags um áfalla- og stórslysasálfræði“.¹⁶⁵ Í hópnum voru sálfræðingar og einn sjúkrahúsprestur. Í framhaldi af fundinum bauð hópurinn fram aðstoð sína við Almannavarnir ríkisins, sem vísaði hópnum til Rauða krossins, þar sem meðlimir hópsins tóku þátt í að veita áfallahjálp í höfuðstöðvum samtakanna. Þeirra samskipta er getið í dagbókarfærslu Almannavarna ríkisins klukkan 14:30 sama dag. Í kjölfarið hafði Páll samband við fræðslustjóra Vestfjarðaumdæmis, skólastjóra gunnskólans og leikskólastjóra leikskólans í Súðavík og bauð fram aðstoð fagfólks þegar skóla- og leikskólastarf hæfist að nýju. Einnig hafði Páll haft samband við sálfræðing á meðferðar- og móttökustöð unglinga sem var fyrrverandi

158. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

159. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (326).

160. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (40).

161. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (40).

162. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

163. „Kvennadeild Slysavarnafélags Íslands Ísafirði – Súðavík 1995“. Kristín B. Jónsdóttir, formaður. Ódagsett. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins. D-15 (70–71).

164. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (194–199). Með Tý fór einnig séra Kristján Björnsson sem fór til sálfræslu með björgunarsveitarmönnum til Súðavíkur. Áður en Tý lét úr höfn mun áfallahópurinn hafa fundað og skipulagt starfið sem framundan var. Að auki fóru síðan læknar og hjúkrunarfræðingar frá slysadeild, svæfinga- og gjörgæsludeild Borgarspítalans með Tý.

165. „Skýrsla vegna vinnu áfallahóps með grunnskóla Súðavíkur.“ Séra Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur, Ingbór Bjarnason sálfræðingur, Margrét Arnljótsdóttir sálfræðingur og Margrét Ólafsdóttir sálfræðingur. Reykjavík, 13. febrúar 1995. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins. 2010. D-15 (180–184) og D-45 (327). Í gögnum rannsóknarnefndarinnar er iðulega vísað til þessa hóps sem „FÁSTOS“ hópsins.

skólasálfræðingur á Vestfjörðum og óskað liðsinnis hans. Í kjölfarið vann hópurinn áætlun um aðstoð við skólana sem hófst þann 22. janúar 1995 á Ísafirði.

Um klukkan 12:45 óskuðu almannavarnir eftir því við landsstjórn björgunarsveita að óskað yrði eftir hjálparliði frá Bolungarvík og Sauðárkróki. Skilaboð voru send frá skipinu Júlíusi Geirmundssyni til björgunarsveita á Þingeyri, Bíldudal, Tálknafirði og Flateyri að hringja í skipstjórnann og boða komu sína. Þá voru björgunarsveitir kallaðar út til að mæta í varðskipið Tý sem skyldi fara klukkan 14:00 þennan dag.¹⁶⁶

Klukkan 13:00 var tilkynnt að Stefnir ÍS 28 væri á leiðinni frá Ísafirði til Súðavíkur með sjálfboðaliða. Þá var tilkynnt að björgunarmenn frá Bolungarvík kæmust ekki vegna ófærðar í höfninni. Óshlíðin reyndist ófær og því lokað fyrir umferð. Togarinn Stefnir lagðist að bryggju í Súðavík klukkan 13:20 með 72 sjálfboðaliða frá Ísafirði, ásamt tveimur lögreglumönnum og séra Magnúsi Erlingssyni. Á svipuðum tíma barst vettvangsstjóra tilkynning um að fjöldahjálparstöð á Ísafirði væri tilbúin. Þegar sjálfboðaliðar komu í húsnæði Frosta hf. fengu þeir upplýsingar um skipulag leitarinnar og voru því næst sendir á leitarsvæðið til að skipta út og hvíla björgunarmenn sem voru fyrir á svæðinu.¹⁶⁷

Í áðurnefndri skýrslu séra Magnúsar Erlingssonar kemur fram að eftir komuna til Súðavíkur hafi hann fyrst sinnt þeim Súðvíkingum sem voru í frystihúsinu Frosta og síðdegis farið með björgunarmönnum í grunnskólann og veitt þar tveim hópum aðstoð ásamt lækni og sálfræðingi. Til stóð að taka á móti þriðja hópnum, en hann komst ekki vegna snjóflóðs sem féll um klukkan 20:30 og lokaði leiðinni eins og kemur fram hér að neðan.¹⁶⁸

Fram kemur í áðurnefndri greinargerð Rauða krossins að klukkan 13:00 hafi verið ákveðið að senda fulltrúa samtakanna og búnað fyrir fjöldahjálparstöð með varðskipinu. Einnig hafi verið rætt um það hlutverk samtakanna að veita upplýsingar um aðsetur og afdrif fólks og var ákveðið að setja upp upplýsingamiðstöð (símaver) og tilkynna fjölmiðlum að frá klukkan 15:00 yrði hægt að hringja og fá upplýsingar. Að símsvörun kom starfsfólk á vegum Rauða krossins ásamt fagmenntuðum sjálfboðaliðum, þ.e. læknum, sálfræðingum og prestum. Farið var yfir og ákveðið hvernig skipulagi símsvörunar yrði háttað, jafnframt því sem aflað var nauðsynlegra upplýsinga, svo sem íbúaskrár Súðavíkur, lista yfir látna og þá sem var enn saknað og skráninga sem höfðu verið teknar saman um hvar íbúar Súðavíkur sem bjargast hefðu dveldu.¹⁶⁹

Klukkan 13:05 barst vettvangsstjórn tilkynning frá Almannavörnum ríkisins um að hjálparliði myndi berast frá Reykjavík með varðskipinu Tý. Í Reykjavík var varðskipið Týr undirbúið undir brottför til Súðavíkur. Björgunarsveitarmenn voru boðaðir klukkan 13:30, en þegar björgunarmenn mættu á bryggju reyndist þurfa að seinka brottför vegna búnaðar sem þurfti að ferja um borð í varðskipið, þar á meðal þriggja snjóbíla.¹⁷⁰ Týr lagði úr höfn klukkan 14:40.¹⁷¹ Um borð í Tý voru 17 farþegar og fréttamenn, tíu lækna og hjúkrunarfræðingar, 66 björgunarmenn, tíu slökkviliðsmenn og tíu menn frá Rauða krossi Íslands ásamt tveimur björgunarhundum. Áætlað var að skipið kæmi vestur klukkan 07:00 næsta morgun.¹⁷²

Klukkan 13:30 var hafist handa við að ferja íbúa Súðavíkur um borð í Fagranesið sem lá við bryggju í Súðavík, en fyrirhugað var að flytja fólkið til Ísafjarðar. Hugað var að því að fjölskyldum yrði ekki sundrað í flutningunum.¹⁷³ Klukkan 14:10 lagði Fagranesið af stað frá Súðavík til Ísafjarðar.¹⁷⁴ Fagranesið lagði að bryggju á Ísafirði rúmri klukkustund síðar eða klukkan 15:30. Innanborðs voru 94 íbúar, þar af sjö slasaðir. Allir íbúar voru fluttir á sjúkrahúsið á Ísafirði, til aðhlyningar og skráningar. Í kjölfarið fór hluti íbúa til ættingja og vína, en aðrir fengu gistingu á hótelinu, þar sem fjöldahjálparstöðin í Menntaskólanum

„Það var eitt áfallið í viðbót að þurfa að fara með þessum bát [Fagranesinu]. Það var bara, ég hélt að ég myndi ekki lifa það af. Það var skelfilegt sko. Að vera nýbúin að lifa af snjóflóð og að þurfa að fara þarna yfir og að þurfa að skilja dóttur mína eftir í Súðavík í snjóflóði. Það var skelfilegt að fara þarna yfir og nýbúið að bjarga eldri dóttur minni og hugsa að við værum að fara að farast í sjóslysi. En við komumst á leiðarenda og við fórum þarna á sjúkrahúsið og það var tekið rosalega vel á móti okkur. Það voru allir yndislegir.“

Úr skýrslu Sigríðar Rannveigar Jónsdóttur, íbúa að Túngötu 4, hjá rannsóknarnefnd Alþingis 24. september 2025.

166. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (326).

167. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (40).

168. Skjalasafn Þjóðkirkjunnar. Gögn afhent 4.11.2025. Skýrsla sóknarprests á Ísafirði.

169. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (29-33) og skýrslan „Snjóflóð 95“.

170. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (19).

171. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (90).

172. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (329) og [Morgunblaðið – 13. tölublað \(17.01.1995\) – Tímarit.is](#)

173. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (41).

174. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (327).

á Ísafirði var þegar orðin yfirfull af fólki sem hafði þurft að rýma hús sín í Hnífsdal.¹⁷⁵ Munu fjórir lögreglumenn hafa farið niður á bryggju á Ísafirði til að taka á móti fólkinu og skýla því fyrir ljósmyndurum fjölmiðla. Klukkan 14:15 er bókað í dagbókar skráningum Almannavarna ríkisins að barnageðlæknir, sjúkrahúsprestur og sálfræðingur muni starfa á vegum Rauða krossins í höfuðstöðvum þeirra.¹⁷⁶

Bókað er í skýrslu lögreglu að á þessum tímapunkti hefði legið fyrir að 26 manns hefðu lent í flóðinu, fimm væru látin, ellefu saknað og tíu hefðu fundist á lífi. Ákveðið var um svipað leyti, líkt og áður kom nánar fram, að skrifstofa Rauða kross Íslands í Reykjavík tæki að sér umsjón með nafnbirtingu þeirra sem látist höfðu í Súðavík auk samskipta og áfallaástoðar við ættingja og vandamenn þeirra.¹⁷⁷

Klukkan 14:40 var ákveðið að hvíla upphaflega björgunarmenn í Súðavík í nokkrar klukkustundir. Ákveðið var að nota til þess sambyggða byggingu grunnskólans og íþróttahússins í Súðavík. Fimm mínútum síðar var snjóruðningstæki gert klárt til að ryðja veginn frá húsnaði Frosta hf. að grunnskólanum og íþróttahúsinu. Á meðan á þessum aðgerðum stóð fékk vettvangsstjórn boð um að leitarmenn gætu hvílast um borð í skipunum Kofra ÍS 41 og Eyborgu EA 59 sem lágu við hafnarkantinn nálægt húsnaði Frosta. Alls tóku 18 manns ákvörðun um að hvílast þar, en aðrir leitarmenn héldu til í skólanum og íþróttahúsinu ásamt presti, lækni og sálfræðingi sem veittu áfallahjálp. Björgunarmenn voru fluttir í grunnskólann og íþróttahúsið með rútum í tveimur áföngum og var þeim flutningi lokið klukkan 16:40.¹⁷⁸

Samkvæmt bókunum almannavarna tilkynnti læknir á sjúkrahúsinu á Ísafirði klukkan 14:50 að von væri á 93 einstaklingum frá Súðavík og yrðu öll tekin inn á sjúkrahúsið til skráningar. Klukkan 17:00 var staðfest að þessir einstaklingar væru komin á sjúkrahúsið, þar af sjö slösuð en ekki alvarlega.¹⁷⁹

Frá klukkan 15:00 var upplýsingamiðstöð Rauða krossins opin og barst strax mikill fjöldi símtala bæði frá Súðvíkingum á Ísafirði og einnig aðstandendum þeirra um land allt. Upplýsingamiðstöðin var opin allan sólarhringinn næstu daga. Einnig var Rauði krossinn með opið hús í Rauðakrosshúsinu Hótel Lind í Reykjavík, en fáir munu hafa nýtt sér þá þjónustu.¹⁸⁰ Stuttu áður, klukkan 14:20, var Ólafur Helgi sýslumaður í sambandi við Almannavarnir ríkisins vegna birtingar á nöfnum þeirra látnu og var honum tjáð í samráði við framkvæmdastjóra Rauða krossins að Rauði krossinn myndi sjá um það. Þetta er staðfest í bókunum almannavarna klukkan 14:35.¹⁸¹

Almannavarnaráð fundaði aftur klukkan 16:00 þennan dag.¹⁸² Fram kom á fundinum að sýslumaðurinn á Ísafirði hefði leitað til ráðsins með ýmis atriði í tengslum við björgunaraðgerðir og til almannavarna um einstök framkvæmdaratriði. Fram kom að sett yrði upp miðstöð fyrir aðstandendur og aðra hjá Rauða krossi Íslands, þar sem unnt væri að nálgast upplýsingar um ættingja og vini í Súðavík. Til verksins yrðu fengnir „sálusorgarar og sérlærðir menn vegna áfallahjálpar“.¹⁸³

Klukkan 16:50 var ákveðið að senda togarann Engey RE 1 frá Reykjavík með 60 manna hjálparlið til Súðavíkur, þ.e. 50 björgunarsveitarmenn og 10 menn frá slökkviliðinu í Reykjavík.¹⁸⁴ Klukkan 17:17 fóru 20 björgunarmenn um borð í Júlíus Geirmundsson frá Tálknafirði og Bíldudal. Skipið Margrét tók 20 björgunarmenn frá Þingeyri og Flateyri. Skipin hugðust sigla til Ísafjarðar með björgunarmennina.¹⁸⁵ Í bókunum lögreglu, almannavarna, Landssambands björgunarsveita og skýrslu vettvangsstjóra er ítrekað fjallað

175. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (41) og D-15 (29–23).

176. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins. 2010. D-45 (327).

177. Skýrslan „Snjóflóð 95“ (11).

178. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (41) og Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

179. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (328).

180. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (29–33).

181. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (327).

182. Þess ber að geta að almannavarnaráð kom saman til fundar dag hvern á tímabilinu 16. til 20. janúar 1995. Sjá Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-46 (159).

183. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-46 (160).

184. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (329) og Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (111).

185. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (330).

um komur og brottfarir skipanna Stefnis, Fagraness og Haffara. Í skýrslu vettvangsstjóra er ferðum Haffara með björgunarmenn og búnað sem dæmi líkt við ferðir strætisvagna þar sem ferðirnar hafi verið „reglulegar og öruggar“.¹⁸⁶

Skuttogarinn Stefnir kom til Ísafjarðar frá Súðavík með 33 einstaklinga um klukkan 18:00. Á þessum tímapunkti höfðu alls 125 manns verið flutt sjóleiðis frá Súðavík til Ísafjarðar. Í fréttatilkynningu almannavarnanefndar Ísafjarðar var upplýst að þar af hefðu sjö manns farið slösuð á sjúkrahús, níu farið til gistingar á vegum almannavarnanefndar og önnur í gistingu hjá vinum og vandamönnum.¹⁸⁷ Um sama leyti var tilkynningu komið áleiðis til útvarpsstöðva um að farsímakerfi skyldu notuð sparlega þar sem mikil notkun þeirra hindraði fjarskipti björgunarsveita.

5.5.5. Aðgerðir 16. janúar 1995 frá kl. 18:00 til miðnættis

Klukkan 18:30 var staðan sú í leitaráðgerðum að 11 manns var ennþá saknað.¹⁸⁸ Klukkan 18:35 kom Fagranes til Súðavíkur frá Ísafirði með 52 sjálfboðaliða ásamt búnaði sem vantaði við leitina. Skóflur höfðu brotnað og rafhlöður í talstöðvum voru orðnar lélegar. Þá hafði verið óskað eftir fleiri snjóflóðaylum á svæðið.¹⁸⁹ Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Ísafirði, var einn af þeim sem komu með Fagranesi og var þar með kominn vettvangsstjóra til aðstoðar í húsnæði Frosta.¹⁹⁰

Menn voru sendir til að kanna breidd og dýpt flóðsins við Aðalgötuna. Á þessum tímapunkti var unnt að reikna út staðsetningu flóðsins út frá gömlu deiliskipulagskortu sveitarstjórnar með aðstoð Súðvíkinga sem gátu gefið upplýsingar um staðsetningu húsa. Með þessari aðgerð reyndist einfaldara að skipuleggja leit út frá því hvar líklegast þætti að hægt væri að finna fólk. Þegar útlitsteikning flóðsins lá fyrir var unnt að áætla betur hvar þau voru sem enn var saknað.

Samkvæmt skýrslu vettvangsstjóra voru menn með stöðugar áhyggjur af því að annað snjóflóð kynni að falla á Súðavík. Álag var farið að segja til sín hjá bæði björgunarmönnum og leitarhundum. Leitarhundar reyndust orðnir þreyttir og skornir, en mikið brak, glerbrot og oddhvassir hlutir voru í rústunum. Hundarnir voru jafnframt orðnir áhugalausir og var því brugðið á það ráð að grafa björgunarmenn í snjó og fá hundana til að finna þá, en með því vaknaði leitargleði hundanna á ný. Sjálfboðaliðar sem komið höfðu með Stefni fyrir um daginn voru undir verulegu álagi og suma var einungis hægt að senda út til leitar klukkutíma í senn. Aðrir treystu sér ekki til frekari aðgerða og fóru aftur til Ísafjarðar.¹⁹¹

Klukkan 18:40 óskuðu almannavarnir eftir því við landsstjórn að kannað yrði með stöðu veðurs á Skagaströnd þar sem áhersla var lögð á að fá björgunarmenn að norðan með skipinu Múlafossi sem þar var staðsett. Á þeim tíma var mikið brot í innsiglingunni á Skagaströnd og skipstjóri upplýsti að skipið færi um leið og fært yrði. Múlafoss lagði af stað frá Skagaströnd klukkan 22:15 þetta kvöld með 31 björgunarmann innanborðs. Þá fóru 64 björgunarsveitarmenn og tíu menn frá Slökkviliði Reykjavíkur með skipinu Engey RE 1 frá Reykjavík klukkan 19:15, ásamt tveimur björgunarhundum.¹⁹²

Í áðurnefndri greinargerð Rauða krossins kemur m.a. fram að framan af þessum degi og fram á kvöld hefðu upplýsingar borist „heldur treglega“ til Rauða krossins af gangi björgunaraðgerða. Tekið er dæmi um upplýsingar um framgang leitar sem hafi verið komnar fyrir í fréttir útvarps en til upplýsingamiðstöðvar Rauða krossins. Ítrekað var við Almannavarnir ríkisins að láta Rauða krossinn vita strax og einhverjar fregnir bærust þannig að unnt yrði að upplýsa aðstandendur áður en fregnin bærisk í fjölmiðla.¹⁹³

Klukkan 20:20 var samkvæmt skráningum vettvangsstjóra tilkynnt um að Hjördís Björnsdóttir (37 ára), Birna Dís Jónasdóttir (14 ára) og Helga Björk Jónasdóttir (10 ára)

186. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (42).

187. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-46 (89).

188. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-46 (90).

189. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (41).

190. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (41).

191. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (42).

192. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (331) og [Morgunblaðið – 13. tölublað \(17.01.1995\) – Tímarit.is](#)

193. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (29–33).

„Fallið hefur annað snjóflóð í Súðavík. Flóðið féll við kaupfélagið á staðnum og stórskemmdi nokkur hús til viðbótar. Ekki varð tjón á fólki. Rafmagnslaust er nú í Súðavík, nema í skólanum og bænum Eyrardal. Hefur stjórnstöð hjálparstarfsins verið flutt um borð í Fagranesið sem liggur í höfninni á staðnum. Fólk er í skólahúsinu syðst í Súðavík og hefst þar við uns tekst að komast þangað. Ekki amar neitt að fólkinu. Tafir verða á flutningi björgunarliðs frá Reykjavík þar sem varðskipið Týr kemur líklega við á Patreksfirði til þess að ná í veikt barn. Verður það flutt á Sjúkrahúsið á Ísafirði. Skuttogarinn Margrét EA er sótt hafði viðbótar björgunarlið til Þingeyrar og Flateyrar fékk á sig brotsjó og leitar nú í var undan veðrinu. Af þessum sökum mun skuttogarinn Júlíus Geirmundsson tefjast nokkuð þar sem skipið var við aðstoð Margrétar.

Skuttogarinn Bessi frá Súðavík strandaði í innsiglingu við Sundahöfn í ferð sinni frá Súðavík. Tekist hefur að losa skipið af strandstað. Unnið hefur verið að því að koma moksturstækjum til Súðavíkur en það hefur ekki tekist vegna fárviðris. Skipið Haffari frá Súðavík mun fara frá Ísafirði seinna í kvöld með búnað til björgunarstarfa.“

Úr fréttatilkynningu almannavarnarnefndar Ísafjarðar 16. janúar 1995 klukkan 22:45.

hefðu fundist láttnar. Þær voru allar búsettar að Túngötu 8 og fundust grafnar í snjó við suðvesturhorn Túngötu 7.¹⁹⁴ Á þessum tímapunkti höfðu þannig samtals átta verið úrskurðuð látin vegna snjóflóðsins.

Líkt og áður sagði féll annað snjóflóð í Súðavík klukkan 20:35, að þessu sinni úr Traðargili innan við meginbyggðina. Flóðið féll yfir raflínu og hreif með sér þrjú íbúðarhús við Aðalgötu. Ekkert manntjón varð vegna þessa snjóflóðs.¹⁹⁵ Á þessum tíma hafði vettvangsstjórn fengið mann á gröfu til að greiða leið björgunarmanna sem hvíldust í grunnskólanum og ípróttahúsinu, sem fyrirhugað var að kalla aftur til leitar til afleysinga þeim sem stóðu í leitaradgerðum. Þeim aðgerðum var frestað vegna snjóflóðsins sem þá hafði fallið. Allt rafmagn fór af húsnæði Frosta hf. vegna snjóflóðsins, en í Súðavík var einungis rafmagn á hluta bæjarins. Vegna rafmagnsleysis var ákveðið að flytja vettvangsstjórn um borð í skipið Fagranes þar sem náðist samband við stjórnstöð almannavarnarnefndar á Ísafirði. Talstöðvasambandi var haldið á milli Fagraness og Frosta á meðan þessu stóð.¹⁹⁶ Hér til hliðar koma fram nánari upplýsingar sem veittar voru með fréttatilkynningu almannavarnarnefndar Ísafjarðar um ástand mála og stöðu björgunarstarfa í Súðavík þetta kvöld.¹⁹⁷

Í því skyni að koma á rafmagni í Súðavík á ný var ákveðið að tengja ljósavél skipsins Kofra við rafmagnstöflu Frosta. Það bar árangur og var rafmagn þar eftir sparað í húsnæði Frosta. Lýsing var einungis notuð þar sem lækna höfðu aðstöðu, en að öðru leyti var húsnæðið lýst með kertaljósom. Samkvæmt skýrslu vettvangsstjóra höfðu menn áhyggjur af því að símasambandi væri á þessum tímapunkti einungis viðhaldið með rafgeymum í pósthúsinu, en pósthúsið var illa farið eftir snjóflóð. Það þótti því mikil hætta á að símasamband myndi rofna og starfsmenn Pósts og síma töldu líkur á því að sambandið myndi fara af klukkan 08:00 um morguninn. Almannavarnarnefnd Ísafjarðar var gerð grein fyrir þessari stöðu mála.¹⁹⁸ Bókað er hjá Almannavörnum ríkisins um klukkan 22:20 að menn hjá Orkubúi Vestfjarða hafi ekki komist til að gera við rafmagn á Arnarnesi vegna snjóflóðs sem hefði fallið á veg innan Ísafjarðar og er líklega þar átt við snjóflóð sem féll á Skutulsfjarðarbraut fyrir um kvöldið.¹⁹⁹

Um klukkan 21:00 er því lýst að brot hafi riðið yfir togarann Margrét EA 710 sem var á leiðinni með björgunarmenn til Súðavíkur frá Þingeyri. Til stóð að skipið kæmi við á Flateyri og tæki þar björgunarmenn með til Súðavíkur. Á sama tíma var einnig verið að safna björgunarmönnum í togarann Júlíus Geirmundsson ÍS 270 á Suðurfjörðunum, þar á meðal á Tálknafirði og Bildudal.²⁰⁰

Klukkan 21:30 fannst á lífi Elma Dögg Frostadóttir, búsett að Túngötu 3. Hún fannst grafín í snjó og húsarústum við suðausturhorn hússins.²⁰¹ Á þessum tímapunkti er skráð hjá Almannavörnum ríkisins að 140 björgunarmenn hafi verið stödd í Súðavík.²⁰²

Um klukkan 21:40 er skráð hjá Almannavörnum ríkisins að skipið Bessi, sem tók þátt í flutningi björgunarsveitarmanna af Suðurfjörðum, hefði strandað og treysti sér ekki á sjó aftur. Hið sama ætti við um skipið Stefni. Upplýst var að skuttogarinn Margrét EA 710 hefði snúið við þar sem gluggar hefðu brotnað vegna veðurs. Skipin Júlíus Geirmundsson og Týr voru sögð halda áfram siglingu.²⁰³ Í viðtali við Morgunblaðið þann 17. janúar 1995 kvað sýslumaðurinn á Ísafirði skipið Bessa hafa „tekið niðri í innsiglingunni við Sundahöfn á Ísafirði“ um klukkan 18:30 og að Haffari hafi dregið togarann á flot um klukkan 21:30. Hefði Bessi verið að koma frá Súðavík þar sem honum hefði verið ætlað að sækja fólk, en þar hefði togarinn ekki komist að bryggju vegna óveðurs og sjávarfalla.²⁰⁴

194. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

195. Nánari upplýsingar um þetta snjóflóð koma m.a. fram í greinargerð Veðurstofunnar frá 2003 sem áður hefur verið vísað til.

196. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

197. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-46 (95).

198. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (42).

199. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (333).

200. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

201. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

202. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (332).

203. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (332).

204. [Morgunblaðið – 13. tölublað \(17.01.1995\) – Tímarit.is](#)

Fyrst um sinn töldu menn að varðskipið Týr myndi komast til Súðavíkur um klukkan 05:00 eða 06:00 að morgni 17. janúar 1995, en vegna veðurs seinkaði því nokkuð. Á leið sinni vestur kom skipið jafnframt við á Patreksfirði til að sækja veika stúlku sem nauðsynlegt taldist að koma undir læknishendur á Ísafirði.²⁰⁵ Síðar um kvöldið eða um nóttina mun annað snjóflóð hafa fallið úr Traðargili sem reyndist minna en hið fyrra sem féll klukkan 20:35 um kvöldið. Tunga snjóflóðsins rann saman við tungu þess fyrra.²⁰⁶

5.5.6. Aðgerðir 17. janúar 1995 frá miðnætti til kl. 06:00

Um miðnætti fór Haffari ÍS 430 frá Ísafirði og lagði að höfn í Súðavík klukkan 01:30. Í fyrrnefndu viðtali við Morgunblaðið lýsti Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður aðstæðum í Súðavík kringum miðnættið með þeim hætti sem fram kemur hér til hliðar. Innanborðs var björgunarlið, búnaður og annað sem óskað hafði verið eftir að almannavarnanefnd Ísafjarðar myndi útvega vegna leitarinnar. Haffari lagði aftur af stað frá Súðavík til Ísafjarðar með slasaðan einstakling klukkutíma síðar.²⁰⁷

Klukkan 00:40 var skipt um menn sem stjórnðu björgunarmönnum inn á og út af leitarsvæðinu í Súðavík.²⁰⁸ Klukkan 01:46 voru 40 menn í hvíld í grunnskólanum í Súðavík.²⁰⁹ Týr kom til Patreksfjarðar klukkan 02:30 og sótti veikt barn og hélt þaðan áfram til Ísafjarðar. Björgunarsveitir eru sagðar hafa komið á bryggjuna á Patreksfirði í því skyni að berja ís af skipinu svo það kæmist áfram leiðar sinnar.²¹⁰ Upp úr klukkan 03:00 var þremur skipum stefnt í Álftafjörð til að lýsa upp leitarsvæðið.²¹¹

Samkvæmt lögregluskýrslu fundu björgunarmenn Júlíönnu Bergsteinsdóttur (12 ára) um klukkan 03:00 þessa nótt. Hún fannst í húsarústum heimilis síns að Túngötu 6 og reyndist látin.

Um klukkan 04:00 var ákveðið að gera aðra tilraun til að sækja björgunarmenn sem höfðu verið í hvíld í grunnskólanum. Gröfumaður var fenginn í verkið og hann hóf að moka veginn til að sækja mannskapinn til afleysinga.²¹² Á sama tíma upplýsti Ólafur Helgi Almannavarnir ríkisins um að hann vildi fá varðskipið Tý til Ísafjarðar og að fréttamenn færu þar í land, þar sem hann teldi að þeir ættu ekki erindi til Súðavíkur.²¹³

Rétt fyrir klukkan 04:00 rofnaði símasamband við Súðavík þar sem rafhlöður í símstöðinni á Arnarnesi voru tómar. Boðtækjakerfi voru þar með úti. Með því varð stjórnstöð í húsnæði Frosta hf. símasambandslaus. Símasamband til Ísafjarðar var rofið og einungis unnt að hringja milli húsa í Súðavík, en það samband brast einnig skömmu síðar. Vettvangsstjórn gat einungis haft samband um stund með farsíma sem var um borð í togaranum Fagranesi í gegnum Bæi í Ísafjarðardjúpi. Síðar var komið á talstöðvasambandi í gegnum Ísafjarðarradíó. Á þessum tímamarki voru tveir togarar komnir í höfn í Súðavík og lýstu upp leitarsvæðið.²¹⁴

Klukkan 05:10 var bókað hjá almannavörnum að verið væri að skipta út mannskapnum og að þeir sem lengst hefðu verið yrðu sendir heim. Bókað var að Stefnir hefði strandað við innsiglingu á Ísafirði og að Bessi væri innilokaður.²¹⁵

Klukkan 05:35 var óskað eftir lækni að pósthúsinu. Tuttugu mínútum síðar var tilkynnt að manneskja hafi fundist með lífsmarki. Það var Tomasz Lupinski, til heimilis að Túngötu 7. Hann fannst í garðinum austan megin við heimili sitt og var bjargað. Samkvæmt skýrslu vettvangsstjóra mun þessi fundur hafa gefið leitarmönnum aukinn þrótt enda var á þessum

„Nú eru um 140 manns við björgunars törf í Súðavík og hafa flestir aðstöðu um borð í Fagranesinu, sem liggur þar við bryggju. Þó eru einhverjir í barnaskólanum og komast ekki þaðan í bili og enn aðrir hafast við á neðri hæð Frosta, þar sem enn er einhver yllur. Það hefur hins vegar verið rafmagnslaust í bænum frá því að síðara flóðið féll í gærkvöldi, sem enn eykur erfiðleika við leitina. Það verður hins vegar leitað í alla nótt og þar til allir eru fundnir.“

Úr viðtali við Ólaf Helga Kjartansson í Morgunblaðinu aðfaranótt 17. janúar 1995.

205. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (19).

206. Greinargerð 03004 – Starfsmenn snjóflóðavarna Veðurstofu Íslands – Snjóflóð í Súðavík. VÍ-ÚR04. Veðurstofa Íslands. Reykjavík, janúar 2003. Greinargerðin er aðgengileg opinberlega á vefsvæði Veðurstofu Íslands á þessum tengli: https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/su/su_annall.pdf.

207. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (42).

208. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

209. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (335).

210. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (335).

211. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (335).

212. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (42) og Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

213. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (336).

214. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (63).

215. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (336).

tímamarki töluverður tími liðinn frá því að snjóflóðið féll að morgni 16. janúar 1995.²¹⁶

Samkvæmt skýrslu vettvangsstjóra var gerð árangurslaus tilraun til að koma snjóblásara og ruðningstæki til Súðavíkur þessa nótt. Landleiðin til Súðavíkur var ennþá ófær, veðurofsi var mikill og því ekki unnt að komast til Súðavíkur með tækin. Þegar komið var undir morgun fannst björgunarmönnum orðin þörf fyrir öflug ruðningstæki á svæðið, þar sem brak úr húsum, þakplötur og múrveggir gerðu leitina afar erfiða. Leitarhundar höfðu merkt mikið undir rústunum og þótti það gefa vísbendingu um að fólk gæti legið undir þökum og veggjum. Ljóst þótti að það þyrfti að saga burðarbita og brjóta gólf til að komast að fólki. Vettvangsstjórn óskaði eftir því við stjórnstöð almannavarna um klukkan 05:40 að til Súðavíkur yrðu sendar bensindrífna keðjusagir, járnkarlar, kúbein og önnur verkfæri sem gætu aðstoðað við leitina.²¹⁷

5.5.7. Aðgerðir 17. janúar 1995 frá kl. 06:00 til 12:00

Um klukkan 07:50 kom Haffari til Súðavíkur frá Ísafirði. Klukkan 08:20 lagði Haffari aftur af stað frá Súðavík áleiðis til Ísafjarðar, með 41 sjálfboðaliða og einn slasaðan einstakling.²¹⁸

Rafmagnsleysi hafði á þessum tíma varað um langa hríð og menn ræddu áhyggjur af rækjuafnanum í frystigeyslu Frosta, sem lá undir skemmdum og fyrirséð að tjón næmi mörgum milljónum ef ekki yrði gripið til ráðstafana. Starfsmenn Orkubús Vestfjarða voru fengnir til að kanna stöðu mála, en þeir höfðu þegar rætt mögulegar leiðir til að koma rafmagni á eftir þær skemmdir sem höfðu orðið vegna snjóflóðanna.²¹⁹

Um morguninn milli klukkan 08:00 og 09:00 voru Almannavarnir ríkisins samkvæmt bókunum þeirra í sambandi við lækna á Ísafirði og í Súðavík vegna meðferðar einstaklinga sem myndu í snjóflóðinu. Einnig er leitað ráða hjá sérfræðingum varðandi meðferð þeirra sem myndu kaldir og eftir að hafa legið undir fargi. Síðar um morguninn, klukkan 10:24, voru bókuð samskipti við fulltrúa sýslumannsins á Ísafirði um undirbúning vegna frágangs og geymslu látinna og að ráðlagt hefði verið að skipaður yrði vinnuhópur.²²⁰

Klukkan 09:45 var beðið um björgunarmenn með skóflur að Nesvegi. Klukkan 11:00 var tilkynnt að tveir einstaklingar hefðu fundist við Nesveg. Það voru Sveinn G. Salómonsson (48 ára) og Hrafnhildur K. Þorsteinsdóttir (49 ára), sem búsett voru að Nesvegi 7.²²¹ Þau reyndust látin. Klukkan 10:05 höfðu Almannavarnir ríkisins óskað eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi leitina og hvort búið væri að leita á öllu svæðinu. Þær upplýsingar gaf vettvangsstjórn strax.

Klukkan 10:31 var bókað hjá lögreglu að skipið Múlafoss hefði þá verið statt norður af Drangaskörðum í fávírði, því rétt miðaði áfram og rétt héldi sjó.²²² Um hádegi komst á fjarskiptasamband við Fagranesið um fjarskiptakerfi lögreglu, með endurvarpa björgunarsveita á Þverfjalli. Móðurstöð lögreglu skyldi haldið opinni til fjarskipta við Súðavík þar til farsímakerfið kæmist aftur á. Lögreglan notaði rás slökkviliðs.²²³

Klukkan 10:50 er bókað hjá almannavörnum að varðskipið Týr væri komið til Ísafjarðar.²²⁴ Um borð voru björgunarsveitir af höfuðborgarsvæðinu, neyðarsveitarmenn slökkviliðsins í Reykjavík, lækna og hjúkrunarfólk ásamt fagfólki á sviði áfallahjálpar. Premur snjóbilum og öðrum búnaði var skipað í land á Ísafirði, þar sem varðskipið gat ekki lagst að bryggju í Súðavík. Þá fóru frá borði lækna og fólk til áfallahjálpar á sjúkrahúsinu á Ísafirði. Um klukkan 9:50 kom skipið Júlíus Geirmundsson til hafnar á Ísafirði með björgunarmenn af Suðurfjörðum Vestfjarða, en skipið hafði tekið niðri við Flateyri fyrr um nóttina og hafði setið fast um tíma.²²⁵

216. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (43) og Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

217. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (43) og Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

218. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (43).

219. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (43).

220. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (337-338)

221. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

222. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (339).

223. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (57).

224. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (339).

225. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (19).

Klukkan 10:50 var samkvæmt bókunum almannavarna rætt við stjórnanda lækna um borð í Tý um hvernig heilbrigðisstarfsfólki yrði skipt milli Súðavíkur og Ísafjarðar og lagt upp með að læknar og tveir hjúkrunarfræðingar færu áfram til Súðavíkur. Einnig var rætt við Rudolf Adolffson í áfallahópnum og upplýsti hann að fjórir björgunarsveitarmenn og séra Kristján Björnsson færu til Súðavíkur og veittu þar aðstoð, en þau fjögur í áfallahópnum yrðu eftir á Ísafirði. Lögð yrði áhersla á aðstoð við fólkið á sjúkrahúsinu.²²⁶

5.5.8. Aðgerðir 17. janúar 1995 frá kl. 12:00 til 20:00

Klukkan 12:15 var almannavörnum á Ísafirði gerð grein fyrir stöðu á leitarsvæði. Stjórnstöð tilkynnti þá að Haffari væri á leiðinni til Súðavíkur með 25 björgunarmenn frá Tálknafirði, Bíldudal og Flateyri sem hefðu komið með togaranum Júlíusi Geirmundssyni ÍS 270 til Ísafjarðar fyrir um morguninn. Haffari lagðist að bryggju í Súðavík klukkan 13:30, en lenti í vandræðum á leiðinni sem seinkaði sjóferðinni nokkuð.²²⁷

Ágúst Oddsson héraðslæknir komst til Ísafjarðar frá Bolungarvík upp úr hádegi og kom inn í starf áfallateymisins sem komið hafði með Tý fyrir hádegi. Áfallateymið að sunnan myndaði teymi með prestunum séra Magnúsi Erlingssyni og séra Karli V. Matthíassyni og Ágústi Oddssyni héraðslækni og skiptu þau með sér verkum við aðhlyningu Súðvíkinga á sjúkrahúsinu sem og annars staðar á Ísafirði. Þau sinntu einnig björgunarsveitar- og slökkviliðsmönnum sem tóku þátt í björgunarstarfinu í Súðavík. Einnig sinntu þau næsta dag þeim björgunarsveitarmönnum sem komu til Ísafjarðar en fóru ekki til Súðavíkur.²²⁸

Í skýrslu áfallateymis Borgarspítala kemur fram að eftir að Týr kom til hafnar á Ísafirði hefðu læknar, hjúkrunarfólk og áfallateymið haldið á sjúkrahúsið til aðstoðar heilbrigðisstarfsfólki sjúkrahússins sem tekið hafði á móti Súðvíkingum daginn áður. Í fyrstu hafi megináherslan verið lögð á að sinna aðstandendum hinna látnu og týndu þar sem leit stóð enn yfir. Útbúin hafi verið aðstoða til aðhlyningar fyrir Súðvíkinga og starfsaðstoða fyrir heilbrigðisstarfsfólk í nýrri álmu á sjúkrahúsinu, sem ekki hafði verið tekin í notkun. Hópurinn hafi einnig farið til starfa annars staðar á Ísafirði og aðstoðað björgunarsveitarmenn sem verið höfðu við störf í Súðavík.²²⁹

Klukkan 13:00 lagði varðskipið Týr frá bryggju á Ísafirði og fór með hjálparlið til Súðavíkur. Með hjálparliðinu var séra Kristján Björnsson, sóknarprestur á Hvammstanga, sem veitti björgunarliðinu og þeim Súðvíkingum sem enn voru í Súðavík áfallahjálp.²³⁰ Áður en skipið lagði úr höfn fór Ólafur Helgi, sýslumaður og lögreglustjóri á Ísafirði, um borð í skipið og ræddi við björgunarmenn. Hlynur Hafberg Snorrason lögreglumaður, sem fór fyrir lögreglurannsókn á slysinu, fór um borð í varðskipið til Súðavíkur. Á sama tíma voru fjarskipti vettvangsstjórnar flutt aftur í húsnæði Frosta hf., þar sem rafmagn hafði komist á í Súðavík.²³¹ Í heildina fóru 25 björgunarsveitarmenn frá Tálknafirði, Bíldudal og Flateyri til Súðavíkur með Júlíusi Geirmundssyni klukkan 13:30.²³²

Varðskipið Týr kom til Súðavíkur 14:20, en ekki reyndist unnt að leggja að bryggju vegna aðstæðna við höfnina. Af þeim sökum var varðskipinu lagt við legufæri úti fyrir Súðavík og fyrstu björgunarmenn fluttir með gúmmibát í land klukkan 15:10. Fram kemur í bókunum lögreglu að ferðin hafi verið erfið. Skipherrann á varðskipinu, Höskuldur Skarphéðinsson, lýsti siglingunni svo í viðtali í blaðinu Helgarpóstinum (Morgunpóstinum) tveimur dögum síðar að hún væri með þeim verstu sem hann hefði upplifað á 40 ára sjómansferli.²³³

Fyrstu menn úr varðskipinu Tý munu hafa komið á land í Súðavík um klukkan 14:50.²³⁴ Farið

„Það var ruddaveður allan tímann og undir venjulegum kringumstæðum hefði maður verið farinn með skipið í var fyrir löngu. En þessar óvenjulegu aðstæður gerðu það að verkum að við sigldum mun hraðar en aðstæður leyfðu og þetta tók auðvitað á taugarnar.

[...]

Þetta er tvímælaust ein versta ferðin sem ég hef lent í. Þar er fyrst og fremst um að kenna aðstæðunum, þrjáluðu veðri og þeirri staðreynd að engan tíma mátti missa og að hver klukkustund gat skipt máli. Það er einkar erfitt að vera á leiðinni og leiða hugann að blessuðu aumingja fólkinu sem liggur bjargarlaust á snjófarginu.“

Úr viðtali við Höskuld Skarphéðinsson, skipherra á varðskipinu Tý, í Helgarpóstinum 19. janúar 1995.

226. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (339, 341-342)

227. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (43) og D-15 (90).

228. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (189-192) og D-15 (193-199).

229. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins. 2010. D-15 (193-199).

230. Skjalasafn Þjóðkirkjunnar. Gögn afhent 4.11.2025.

231. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025 og Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (43) og Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (340-341).

232. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (90).

233. [Helgarpósturinn \(Morgunpósturinn\) – 6. tölublað \(19. janúar 1995\) – Tímarit.is](#).

234. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

var með fyrstu mennina sem komu í land í húsnæði Frosta, þeim kynnt staða leitarinnar og þeim svo skipt inn á leitarsvæðið. Á meðan á því stóð voru aðrir sem staddir voru í varðskipinu Tý fluttir í land með gúmmibát.²³⁵ Klukkan 14:50 kom skipið Fagranes til Ísafjarðar frá Súðavík. Með í för voru nokkrir Súðvíkingar og björgunarlið sem var hvíldar þurfi.²³⁶

Í greinargerð Rauða krossins kemur fram að samtökin hafi talið nauðsynlegt að ítreka verkaskiptingu hvað varðaði fjölmiðlatengsl því fjölmiðlum hefðu verið gefnar of miklar upplýsingar um aðstandendur. Farið hafi verið yfir verkaskiptinguna með fulltrúa sýslumanns og ítrekað að það væri hlutverk almannavarnanefndar Ísafjarðar að ákveða hvenær gefin yrðu upp nöfn látinna. Síðar um daginn hafi komið fram á fundi með áfallahjálparliði Rauða krossins að búið væri að hafa samband við presta um allt land þar sem aðstandendur látinna bjuggu.²³⁷ Ámóta upplýsingar má ráða af dagbókarskráningu Almannavarna ríkisins klukkan 14:30, þ.e. að Rauði krossinn hafi óskað eftir að fá að vita strax þegar fréttist um einhverja fundna. Skráð var að útvarpið hefði greint frá slíku aðeins mínútu eftir að Rauði krossinn hefði fengið tilkynningu um að tveir væru fundnir.²³⁸

Hrafnhildur K. Þorsteinsdóttir (1 árs), búsett að Túngötu 4, fannst látin í húsarústum heimilis síns klukkan 14:35 samkvæmt lögregluskýrslu.²³⁹ Þegar björgunarmenn af varðskipinu Tý komu til lands í Súðavík stóð þannig ennþá yfir leit að tveimur börnum. Klukkan 15:35 var bókað hjá Almannavörnum ríkisins að alls væru 246 manns við björgunartörf í Súðavík.²⁴⁰

Björgunar- og slökkviliðsmenn sem komið höfðu til Súðavíkur með varðskipinu Tý hófu strax leit í snjóflóðinu og leystu af þá björgunarmenn sem fyrir voru á svæðinu. Um klukkan 15:30 var leitarflokkur með sérstakan búnað kominn í land og fór strax á leitarsvæðið. Aðstæður til leitar voru ennþá mjög erfiðar vegna veðurs og snjóflóðahætta var á svæðinu.²⁴¹ Leitarsvæðið var afmarkað samkvæmt legu heimilis barnanna sem enn voru ófundin, nánar tiltekið við Túngötu 5. Björgunarmenn lýstu aðstæðum til leitar sem erfiðum, takmarkað hefði verið unnt að nota snjóflóðaleitarstangir þar sem mikið brak úr húsunum var í flóðinu og nota þurfti skóflur.²⁴² Klukkan 16:30 var farið yfir stöðu leitar í Súðavík og gengið frá endurskoðaðri skrá yfir björgunarlið í Súðavík í kjölfarið.

Samkvæmt skýrslu vettvangsstjóra gekk skipting björgunarfólksins sem kom með varðskipinu Tý inn á leitarsvæðið vel fyrir sig.²⁴³ Klukkan 15:30 var kominn hópur með sérbúnað til að leita í snjóflóði og fór strax inn á leitarsvæðið. Þegar Hlynur Hafberg Snorrason lögreglumaður kom í bækistöðvar vettvangsstjóra á skrifstofu Frosta hf. var þar fyrir vettvangsstjóri og hjálparlið, þar á meðal lögreglumennirnir Oddur Árnason og Rögnvaldur Ólafsson. Hlyni var kynnt staðan og vísað að söfnunarsvæði látinna, sem Rögnvaldur og Guðmundur Fylkisson höfðu gætt. Veður var mjög slæmt og skyggni nánast ekkert og ljóst að mati Hlyns að vettvangsrannsókn væri óframkvæmanleg að svo stöddu. Klukkan 15:55 var tilkynnt að símasamband væri aftur komið á í stjórnstöð í Súðavík með rafgeymum, eftir að símasamband hafði rofnað aðfaranótt 17. janúar 1995.²⁴⁴

Klukkan 17:05 ákvað vettvangsstjórn að Engey RE 1 sem lá í höfn á Ísafirði með björgunarfólk skyldi bíða frekari fyrirmæla. Á þessum tíma lá fyrir að skipið Múlafoss sem var á leiðinni til Ísafjarðar með björgunarmenn af Norðurlandi hefði lent í erfiðleikum norður af Horni vegna óveðurs. Skipið rak undan veðri að landi og þurfti að leita vars. Samkvæmt bókunum almannavarna var ákveðið klukkan 17:30 að ekki væri þörf fyrir frekara björgunarlið til Súðavíkur og að landsstjórn hefði verið beðin um að „koma þessu áleiðis og fá að vita hvað skipstjórnin [á Múlafossi] ætlaði að gera“. Korterli síðar var landsstjórnin upplýst, fyrir milligöngu varðsksipsins Týs, að Múlafoss „lónaði í vestur

235. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (43).

236. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

237. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (29-33).

238. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (342).

239. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025 og 8.5.2025.

240. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (342).

241. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

242. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (20).

243. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (43).

244. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (42) og D-15 (57).

með Ströndum og [ætlaði] til Ísafjarðar“. Múlafoss lagði að bryggju á Ísafirði laust fyrir kvöld 19. janúar 1995 eða um tveimur sólarhringum síðar.²⁴⁵

Í skýrslunni „Snjóflóð 95“ kemur fram að klukkan 17:10 hafi Almannavarnir ríkisins rætt við Rauða krossinn um að listi yfir látna yrði birtur í fréttum klukkan 19:00, svo sem einnig kemur fram í viðkomandi dagbókarskráningu Almannavarna ríkisins.²⁴⁶

Samkvæmt lögregluskýrslu fannst Kristján Númi Hafsteinsson (4 ára), til heimilis að Túngötu 5, látinn klukkan 18:00. Systir hans, Hrefna Björg Hafsteinsdóttir (7 ára), fannst látin klukkan 19:25. Samkvæmt gögnum að baki lögregluskýrslunni fundust börnin fyrir neðan heimili sitt, nálægt Aðalgötu. Þau voru þau síðustu sem fundust sem leitað var að eftir snjóflóðið og höfðu þá 14 manns fundist látin.

Almannavarnanefnd Ísafjarðar sendi frá sér tilkynningu klukkan 19:55 með nöfnum allra hinna látnu. Fram kom einnig í tilkynningunni að skipið Haffari myndi fara til Súðavíkur um kvöldmatarleytið með starfsmenn Orkubús Vestfjarða og búnað til að koma á rafmagni í Súðavík. Einnig sagði þar að 207 björgunarmenn væru stödd í Súðavík. Af þeim hafi 60 komið með varðskipinu Tý, 25 annars staðar af Vestfjörðum og 122 frá Ísafirði.²⁴⁷

Í kjölfar þess að síðasti einstaklingurinn fannst sem leitað var að voru samkvæmt lögregluskýrslu formlega borin kennsl á lík þeirra 14 sem látist höfðu og komið hafði verið fyrir í svonefndu söfnunarsvæði látinna í húsnæði Frosta hf. Tveir íbúar í Súðavík báru kennsl á þau látnu að beiðni Hlyns Hafbergs Snorrasonar og Þorsteins Jóhannessonar yfirlæknis.²⁴⁸

5.5.9. Aðgerðir 17. janúar 1995 frá kl. 20:00 til miðnættis

Í kjölfar þess að öll höfðu fundist sem leitað var að í Súðavík tók almannavarnanefnd Ísafjarðar ákvörðun um að hjálparlið skyldi flutt frá Súðavík til Ísafjarðar. Ákveðið var að eftir yrðu í Súðavík nokkrir björgunarsveitarmenn, tveir lögreglumenn, nokkrir íbúar Súðavíkur, læknir, auk nokkurra yfirmanna og starfsmanna Frosta hf., þar sem afurðir voru í frystigeymslum sem þurfti að halda rafmagni á. Lögreglumanninum Hlyni Hafberg Snorrason var falið að vera fulltrúi almannavarnanefndar Ísafjarðar í Súðavík ásamt hreppstjóra á staðnum, Gunnari Finnssyni. Gunnar fékk það hlutverk að fara með yfirstjórn svæðisins. Lögreglumaðurinn Rögnvaldur Ólafsson var einnig um kyrrt í Súðavík til aðstoðar við Hlyn. Almannavarnanefnd Ísafjarðar ákvað að engin umferð skyldi vera um áfallasvæðið og að umferð fólks frá húsnæði Frosta hf. í grunnskólann yrði takmörkuð. Fulltrúar almannavarnanefndar skyldu hafa eftirlit með því.²⁴⁹

Í kvöldfréttum ríkissjónvarpsins kom fram að ekki hefði verið unnt að hefja hreinsun þennan dag vegna veðurs.²⁵⁰ Þetta kvöld var búnaður tekinn saman og Haffari hélt til Ísafjarðar klukkan 20:00 með eins marga menn og hann mögulega gat tekið um borð. Aðrir fóru með skipinu Fagranesi klukkan 23:00. Veður var enn slæmt og samkvæmt skýrslu vettvangsstjóra tók það skipin um það bil tvo klukkutíma að sigla til Ísafjarðar.²⁵¹ Eftir í Súðavík urðu þrír menn til aðstoðar lækni Borgarspítalans á staðnum vegna stuðnings við björgunarmenn og aðra á staðnum, ásamt hluta af þeim búnaði sem sveitin hafði haft með sér.²⁵² Björgunarmenn gistu á Ísafirði um kvöldið og munu hafa verið á staðnum næstu daga við frekari aðstoð.²⁵³

Um klukkan 20:00 kom Engey til Ísafjarðar eftir um 25 tíma siglingu með björgunarsveitar- og slökkviliðsmenn frá Slökkviliði Reykjavíkur. Fyrir þeim fór Björn Gíslason, varðstjóri hjá Slökkviliði Reykjavíkur. Slökkviliðsmennirnir gengu til liðs við slökkvilið Ísafjarðar og

245. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (344 og 365) og Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (141). Eins og ráða hefur mátt af umfjöllun hér og fyrr í kaflanum varðandi um þriggja sólarhringa siglingu Múlafoss frá Skagaströnd lenti skipið í hrakningum á leiðinni í því fávíðri sem geysaði þessa daga. Sá tiltekni þáttur í almannavarnaáðgerðum vegna slyssins sætti síðar gagnrýni af ýmsum ástæðum, eins og vikið er að síðar í kaflanum.

246. Skýrslan „Snjóflóð 95“ og Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (344).

247. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-46 (121).

248. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

249. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

250. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins. D-45 (98)

251. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (44).

252. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (18–22).

253. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (91).

sinntu sjúkra- og eldútköllum á Ísafirði og í Hnífsdal. Einnig hittu þeir slökkviliðsmenn sem verið höfðu í Súðavík og komu með Haffara til Ísafjarðar þá um kvöldið.²⁵⁴

Það fólk sem eftir varð í Súðavík hafðist aðallega við í húsnæði Frosta hf. og í grunnskólanum. Þá hafðist fólk við í Árnesi, bænum Eyrardal og á Langeyri innar í Álftadal. Enn fremur var vaktmaður staðsettur í rafstöðvarhúsi Orkubús Vestfjarða innst í þorpinu. Rafmagn fór af þorpinu af og til og þurfti því að notast við talstöðvar. Reynt var að halda fjarskiptasambandi við fólk sem eftir varð í Súðavík og fylgjast með því.²⁵⁵

5.5.10. Aðgerðir 18. og 19. janúar 1995

Vettvangsrannsókn lögreglunnar á Ísafirði fór fram miðvikudaginn 18. janúar 1995, þegar veðri hafði slotað. Til stóð að vettvangsrannsókn myndi fara fram 17. janúar 1995 en því var ekki unnt að koma við vegna veðurs í Súðavík. Í lögregluskýrslu var tekið dæmi um veðurofsann þann dag. Skip hefðu kastast til við bryggjuna í Súðavík og eitt skip sem var vélarvana hefði slitið nokkra bryggjupolla og landfestar. Á meðan beðið var eftir því að veðrinu slotaði framkvæmdu lögreglumennirnir Hlynur Hafberg Snorrason og Rögnvaldur Ólafsson hefðbundna líkskoðun og undirbyggju lík undir flutning. Þennan dag ákvað forsætisráðherra að fáni skyldi dreginn í hálfá stöng á opinberum byggingum, til að votta þeim virðingu sem létu lífið í snjóflóðinu.²⁵⁶

Í skýrslu Slökkviliðs Reykjavíkur kemur fram að 18. janúar 1995 hafi hluti almannaþingarnefndar Ísafjarðar og áfallahjálparhópsins haldið fund með björgunarsveitar- og slökkviliðsmönnum um ástandið í Súðavík.²⁵⁷ Á fundinum var óskað aðstoðar slökkviliðsmanna við skipulagningu hjálpar- og hreinsunarstarfs í Súðavík, sem og starfs á slökkvistöðinni á Ísafirði. Það leiddi til samstarfs við margvísleg störf í alls 14 daga, þar af seinni sjö dagana eingöngu í Súðavík. Eftir fundinn var slökkviliðsmönnum falið að sjá um flutning á hinum látnu frá Súðavík til Ísafjarðar. Þar sem ekki varð komist til Súðavíkur aðstoðuðu slökkviliðsmenn við ýmis störf á Ísafirði.

Dagana 18. og 19. janúar 1995 hélt Rauði krossinn áfram að veita neyðaraðstoð bæði á Ísafirði og í Reykjavík. Skrifstofa var opnuð í stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði sem Súðvíkingar gátu leitað til.²⁵⁸ Þann 19. janúar fóru tveir fulltrúar Rauða krossins af Suðurnesjum vestur til aðstoðar. Haldið var utan um framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum sem gáfu bæði fjármuni og vörur til stuðnings. Farið var yfir skipulag áfallahjálpar með fulltrúum Borgarspítala og ákveðið að Rauði krossinn héldi áfram að taka á móti símtölum og vísa til sérfræðinga.²⁵⁹

Þessa sömu daga voru áframhaldandi samskipti milli Almannaþingarnefndar ríkisins, fulltrúa sjúkrahússins á Ísafirði, Rauða krossins og landlæknis vegna fjölda-, félags- og áfallahjálpar. Landlæknir tilkynnti að hópslysanefnd Almannaþingarnefndar ríkisins sæi um áfallahjálparna sem hluta af hópslysi og að nýr hópur væri tilbúinn að fara til Ísafjarðar. Áformað var að senda hóp til að leysa af áfallahjálparteymið á Ísafirði og rætt var um liðsflutninga til og frá Ísafirði við Flugmálastjórn og um flutning látinna frá Súðavík til Ísafjarðar við fulltrúa sjúkrahússins.²⁶⁰

Meðal gagna sem rannsóknarnefnd aflaði var bráðabirgðaskýrsla verkfræðistofunnar Hnit hf. um ferð til Súðavíkur 19. til 22. janúar 1995. Undir skýrsluna ritar Árni Jónsson verkfræðingur.²⁶¹ Þá liggja fyrir dagbókarfærslur og minnisblað vegna ferðar Leifs Benediktssonar og Þráins Sigurðssonar til Súðavíkur, ásamt skýrslu þess fyrrnefnda um ástand húsa í Súðavík.²⁶² Samkvæmt þessum gögnum mun þess hafa verið óskað að Árni Jónsson kæmi til Súðavíkur til að skoða aðstæður eftir snjóflóðið. Með honum voru m.a.

254. Skjalasafn slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 15.9.2025.

255. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

256. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaþingarnefnd ríkisins 2010. D-46 (122).

257. Ódagsett skýrsla Björns Gíslasonar, varðstjóra hjá slökkviliði Reykjavíkur, um störf slökkviliðsins í Súðavík eftir snjóflóðið 16. janúar 1995. Skjalasafn slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 15.9.2025.

258. Sú skrifstofa mun hafa verið opin fram í miðjan febrúar 1995.

259. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaþingarnefnd ríkisins 2010 D-15 (29–33).

260. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaþingarnefnd ríkisins 2010. D-45 (348–366).

261. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaþingarnefnd ríkisins 2010. D-18 (113–118).

262. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaþingarnefnd ríkisins 2010. D-46 (165–172) og D-15 (51–52).

fyrirnefndir Leifur Benediktsson verkfræðingur og Þráinn Sigurðsson tæknifræðingur. Þessir sérfræðingar munu hafa farið til Súðavíkur á vegum Almannavarna ríkisins.

Samkvæmt bráðabirgðaskýrslu Árna Jónssonar var tilgangur ferðarinnar að safna verkfræðilegum upplýsingum, m.a. til að reyna að kanna hvers vegna „mann- og eignatjón var eins mikið og raun bar vitni“. Þá var fyrirhugað að skoða burðarvirki húsa sem höfðu orðið fyrir snjóflóði og kanna hvað hefði gefið sig, auk þess sem reikna átti ástreymisþrýsting snjóflóðsins á húsin. Skýrsluhöfundur skoðaði flest skemmd og ónýtt hús, auk þess sem rústir voru skoðaðar með tilliti til burðarkerfis. Einnig skyldi hafa í huga að nýta mætti upplýsingarnar við skipulag og stjórnun björgunaraðgerða í framtíðinni. Tilgangur ferðar þeirra Leifs og Þráins var að aðstoða við skipulagningu hreinsunarstarfs, björgun muna, skráningu og varðveislu, sem og að taka út ástand skemmdra bygginga eftir snjóflóðin. Hér á eftir er getið atriða úr dagbókarfærslum Leifs og Þráins sem lúta að störfum þeirra og hjálparliða í Súðavík.

Þeir Leifur og Þráinn munu hafa komið með flugi til Ísafjarðar fimmtudaginn 19. janúar 1995 og fundað þá með stjórn almannavarna á Ísafirði um skipulag verkefnisins, þar sem m.a. var tekið saman hversu mikinn og hvers konar mannafla þyrfti til starfa. Aflað var upplýsinga frá byggingarfulltrúa Súðavíkur og farið í skoðunarferð til Súðavíkur um kvöldið og fundað með heimamönnum og fulltrúum slökkviliðs Reykjavíkur. Í skoðunarferðinni, í fylgd Garðars Sigurgeirssonar, byggingarmeistara í Súðavík, fengust upplýsingar um ástand hvers húss og hvað hefði gerst á hverjum stað. Þá kom í ljós að búið var að moka snjó út úr tveim húsum sem minnst höfðu skemmt í snjóflóðinu og búið var að sinna hitakerfum sumra húsanna. Eftir það var ákveðið að heimamenn myndu sjá um viðgerðarvinnu en aukinn mannafla þyrfti til að moka snjó út úr húsum. Töldu þeir Leifur og Þráinn að allt að 40 manns kæmust að verki í einu við snjómokstur og gert var ráð fyrir að verkið myndi standa fram á sunnudaginn 22. janúar.²⁶³

Í skýrslu héraðslæknis Vestfjarða kemur fram að tilteknir þrír lækningar Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðar hafi tekið virkan þátt í áfallateyminu allan tímann sem það starfaði á Ísafirði. Þau hefðu komið inn í þá vinnu 18. janúar eftir að hafa hvílt eftir erfið störf við björgunarstarfið. Einnig segir að úrvinnslufundur hafi verið haldinn með þeim. Þá hafi tilteknir fleiri starfsmenn og lækningar fjórðungssjúkrahúsins tekið þátt í starfinu eftir föngum. Þess er einnig getið að „starfsfólk FSÍ/HSÍ [hafi lagt] á sig ómælda vinnu þennan tíma“.

Hinn 19. janúar bættust m.a. í hóp áfallateymisins sjúkrahúsprestur, geðlæknir og tveir hjúkrunarfræðingar frá Borgarspítalanum og Landspítalanum til afleysinga. Svo kom séra Jakob Hjálmarsson, dómkirkjuprestur og fyrrum sóknarprestur Súðvíkinga, til stuðnings þeim hópi sem fyrir var. Síðdegis þann dag ræddu fulltrúar úr áfallateyminu við aðstandendur og undirbjuggu með þeim kistulagningar eða kveðjustundir sem fyrirhugaðar voru á degi síðar (föstudaginn 20. janúar) og minningarathöfnina sem fram færi á laugardeginum (21. janúar).²⁶⁴ Þann 19. janúar fengu fjölmiðlamenn einnig að fara til Súðavíkur í fylgd lögreglu.²⁶⁵ Að kvöldi þessa dags hófst landssöfnunin „Samhugur í verki“ með ávarpi þáverandi forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur, og söfnuðust 38 milljónir króna þetta fyrsta kvöld.²⁶⁶ Stofnað var til söfnunarinnar í samvinnu Rauða krossins, Hjálparstofnunar kirkjunnar og fjölmiðla og stóð hún í þrjá daga.²⁶⁷ Þennan dag kom Ingbór Bjarnason sálfræðingur til Ísafjarðar á vegum áðurnefnds FÁSTOS-hóps og hóf undirbúningsvinnu vegna aðstoðar við grunn- og leikskólana í Súðavík.

Í áðurnefndri skýrslu og samantekt slökkviliðs Reykjavíkur kemur fram að hluta dags 19. janúar 1995 hafi slökkviliðsmennirnir frá Reykjavík verið á Ísafirði og sinnt sjúkraútköllum, aðstoð við eldra fólk og undirbúningi móttöku Súðvíkinga á sjúkrahúsinu. Einnig munu þeir hafa fundað með sýslumanni upp úr hádegi til að undirbúa flutning hinna látnu. Um klukkan 15:00 var farið til Súðavíkur með skipinu Haffara með þann búnað sem til þurfti

263. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-46 (165–172).

264. Skjalasafn Þjóðkirkjunnar. Gögn afhent 4.11.2025. Skýrsla sóknarprests á Ísafirði. – Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (189–192), (1993–1999), (206–209).

265. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

266. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (32).

267. [Morgunblaðið – 16. tölublað \(20.01.1995\) – Tímarit.is](#)

vegna flutningsins. Um klukkan 16:00 var komið til Súðavíkur og þá hafist handa við að undirbúa flutning í samvinnu við slökkviliðsmenn á staðnum og lækni. Um kvöldið kom í ljós að flutningurinn færi fram landleiðina, þar sem langt var komið að ryðja þjóðveginn.

Rétt fyrir miðnætti að kvöldi 19. janúar var búið að ryðja veginn milli Súðavíkur og Ísafjarðar. Umferð um veginn var einungis heimilud með leyfi almannavarnanefndar og gæsla viðhöfð við veginn. Áður en líkin voru flutt var stutt bænarsund í söfnunarsvæði látinna með lögreglumönnum og meðlimum neyðarsveitar slökkviliðsins í Reykjavík, undir stjórn Kristjáns Björnssonar, sóknarprests á Hvammstanga. Flutningur hinna látnu hófst um miðnætti og lauk um klukkan 04:30 aðfaranótt 20. janúar. Farnar voru tvær ferðir á sjúkrahúsið á Ísafirði og fylgdu slökkviliðsmenn flutningunum í báðum ferðum. Tekið var á móti hinum látnu á Ísafirði og stóð vinna við frágang og undirbúning kistulagningar fram á morgun. Óskað var eftir að slökkviliðsmenn yrðu eftir í Súðavík vegna frekari björgunarstarfa næstu daga. Þeir sem urðu eftir á Ísafirði héldu áfram að sinna ýmiss konar aðstoð við almenning og björgunaraðila á Ísafirði og í Hnífsdal næstu daga, sem og að leysa féлага sína í Súðavík af þegar veður hamlaði ekki ferðum.²⁶⁸

5.5.11. Aðgerðir 20. til 23. janúar 1995

Síðdegis föstudaginn 20. janúar 1995 fóru fram kistulagningar og kveðjuathafnir á Ísafirði vegna þeirra sem létust í snjóflóðinu. Aðstandendur munu hafa valið sjálf hvern þau óskuðu að hafa með sér úr áfallateyminu til stuðnings, en auk þess aðila voru fleiri til stuðnings við athafnirnar. Auk þeirrar aðstoðar sem áfallateymið veitti við undirbúning og framkvæmd athafnanna veitti það einnig einstaklingsviðtöl fram á nótt.²⁶⁹

Sama dag, 20. janúar 1995, fóru fyrstu Súðvíkingarnir sem höfðu lent eða orðið fyrir missi í snjóflóðinu til Reykjavíkur. Starfsfólk flugfélagsins Flugleiða á Ísafirði fékk það hlutverk að skrá alla Súðvíkinga þegar þau færu til Reykjavíkur frá Ísafirði, auk þess sem dreifa skyldi upplýsingablaði til Súðvíkinga með ábendingum um að unnt væri að leita til Rauða kross Íslands eða hjálparstarfs kirkjunnar þegar komið væri til Reykjavíkur. Starfsfólk Rauða kross Íslands tók á móti fyrsta hópnum, veitti aðstoð og skráði aðsetur þeirra. Hinn 22. janúar 1995, kom annar hópur Súðvíkinga til Reykjavíkur og kemur fram í greinargerð Rauða krossins um það að hópnum hafi verið veitt tiltekin aðstoð, þ.e. „útvegaður sængurfatnaðar o.fl.“²⁷⁰

Samkvæmt bókunum almannavarna ræddu Almennavarnir ríkisins við Ólaf Helga Kjartansson að morgni föstudagsins 20. janúar 1995. Ákveðið var að 50 manna liðsafla yrði til staðar vegna áframhaldandi starfa í Súðavík og að landsstjórn björgunarveita í samvinnu við Almennavarnir ríkisins myndu annast útskiptingar á björgunarliði. Fram kom í samtalinu að verkfræðingar sem staddir væru á svæðinu hefðu lokið skipulagi við framkvæmd verðmætavörslu og að fundað yrði með þeim um frekari framkvæmd. Þá hélt almannavarnanefnd Ísafjarðar fund þar sem rætt var um áframhald aðgerða vegna varðveislu eigna og Leifur Benediktsson verkfræðingur gaf Almennavörnum ríkisins yfirlit yfir stöðu bygginga á svæðinu.²⁷¹

Um sama leyti birtist fréttatilkynning frá almannavarnanefnd Ísafjarðar þar sem fram kom að búið væri að koma á vegasambandi milli Súðavíkur og Ísafjarðar en umferð um veginn væri takmörkuð við hjálparstarf og að afla þyrfti heimildar nefndarinnar til að fara þar um. Fram kom að mikil snjóflóðahætta væri á veginum, auk þess sem það ætti eftir að

268. Þjóðskjalasafn Íslands. Almennavarnir ríkisins 2010. D-15 (18–22). Skjalasafn slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 15.9.2025. Upplýsingar um flutning hinna látnu koma einnig fram í mannskaðaskýrslu lögreglu (Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025) og skýrslu héraðslæknis Vestfjarða (Þjóðskjalasafn Íslands. Almennavarnir ríkisins 2010. D-15 (189–192)).

269. Skjalasafn Þjóðkirkjunnar. Gögn afhent 4.11.2025. Skýrsla sóknarprests á Ísafirði. Þjóðskjalasafn Íslands. Almennavarnir ríkisins 2010. D-15 (189–192).

270. Þjóðskjalasafn Íslands. Almennavarnir ríkisins 2010. D-15 (29–33). Hér er stuðst við áður nefnda greinargerð Rauða kross Íslands, sem vísað hefur verið nánar til. Nefna má að í greinargerðinni segir um næsta dag, 23. janúar 1995, að tilteknum fulltrúa á skrifstofu Rauða krossins hafi verið falið að annast aðstoð við Súðvíkinga og hafi hann svo sinnt því verkefni meira og minna næsta mánuðinn, þ.e. vegna fjárhagsaðstoðar, útvegnaðar húsnæðis o.fl. Um það er í greinargerðinni nánar vísað til sérstakrar greinargerðar um aðstoð Rauða krossins í Reykjavík sem fylgdi með fyrrnefndu greinargerðinni. Nánar er fjallað um stuðning við Súðvíkinga eftir snjóflóðið í 6. kafla skýrslu rannsóknarnefndarinnar en eins og komið hefur fram lýtur þessi 5. kafli skýrslunnar að almannavarnaáðgerðum og öðrum aðgerðum vegna snjóflóðsins þann tíma þegar yfirlýst hættuástand varði í Súðavík, þ.e. fram á mánudagsmorguninn 23. janúar 1995.

271. Þjóðskjalasafn Íslands. Almennavarnir ríkisins 2010. D-45 (368–369).

meta snjóflóðahættu í Súðavík.²⁷² Eftir að björgunarlið var farið frá Súðavík fór Gunnar Finnsson, íbúi í Súðavík og hreppstjóri, með forsvar yfirstjórnar á svæðinu, með aðstoð fulltrúa slökkviliðs Reykjavíkur sem þar voru staddir og annarra björgunarmanna sem voru á svæðinu. Þá flutti vettvangsstjórn starfsemi sína yfir í skrifstofur Súðavíkurhrepps úr húsnæði Frosta hf.²⁷³

Í áðurnefndum gögnum um för Leifs Benediktssonar og Þráins Sigurðssonar til Súðavíkur segir að 20. janúar 1995 hafi átt sér stað fundur liðsmanna slökkviliðs Reykjavíkur í Súðavík, björgunarsveitarmanna og nokkurra Súðvíkinga á staðnum með þeim Leifi og Þráni og að skipulögð hefði verið vinna við hreinsun húsa og björgun verðmæta. Einnig er greint frá fundinum og aðgerðum í kjölfar hans í áðurnefndri skýrslu Björns Gíslasonar, varðstjóra hjá slökkviliðinu, sem var yfirmaður hóps slökkviliðsmannanna og er einkum stuðst við þá skýrslu hér á eftir um það sem fór fram. Björn og tilgreindur annar maður fóru með vettvangsstjórn, myndaðir voru fimm vinnuhópar og hópstjórar voru skipaðir. Einnig var skipaður tækjavörður til að sjá um verkfæri og tæki til starfsins. Á hádegi komu björgunarsveitarmenn og var þeim skipt niður á hópstjórana ásamt „nokkrum Súðvíkingum sem voru á staðnum“. Þeir munu svo hafa fengið ýmis verkefni við að hreinsa út úr húsum og bjarga verðmætum. Hópstjórum var falið að sjá til þess að allt sem fyndist væri sett í kassa, merkt og sent í verðmætavörslu. Verðmætagymsla var læst og lykklavöld í höndum verðmætavarðar og fulltrúa Almannavarna ríkisins. Fram kemur einnig að fulltrúar almannavarna hafi verið í nánú sambandi við vettvangsstjórn og þeir, þ.e. fulltrúar almannavarna, hafi þurft „að gefa upp þau hús sem mátti hreinsa út“. Jafnframt segir að heimild hafi þurft að liggja fyrir „frá eigendum eða aðstandendum þeirra húsa er átti að hreinsa“. Pípulagningamenn unnu að því að finna inntök og loka fyrir og höfðu þeir sama hlutverk og hreinsunarhópar með söfnun muna. Rafvirkjar frá Orkubúi Vestfjarða sáu um að finna og aftengja inntök. Smiður tók að sér að byrgja glugga og hópur pípulagningamanna af Vestfjörðum fór um og athugaði hitakerfi. Vegna snjóflóðahættu á svæðinu var snjóflóðaeftirlitsmaður beðinn að kanna ástand snjóalaga og standa snjóflóðavakt. Einnig var af þeim sökum almenn tilkynningarskylda í gildi, bæði inn og út úr frystihúsi Frosta hf. og inn og út af svæðinu.

Í áðurnefndum gögnum um för Leifs Benediktssonar og Þráins Sigurðssonar er greint frá hreinsun þennan dag, 20. janúar, úr kjallara fjölbýlishúss að Aðalgötu 2, hreppsskrifstofu, hreinsun áhaldahúss (Njarðarbrautar 14) og hreinsun pósthússins (Aðalgötu 6). Eftir þetta skyldi moka út úr þeim húsum sem snjór var í og virtust ekki ónýtt og að lokum grafa eftir einstökum munum úr ónýtum uppistandandi húsum. Þennan dag var byrjað að moka út úr húsum við Túngötu 10 og Nesveg 1. Unnið var til klukkan 21:00 um kvöldið. Veður mun hafa verið slæmt þann dag, bylur þannig að ekki sást til fjalls. Að kvöldi var farið aftur á Ísafjörð og fundað með sýslumanni og farið yfir ástand og rætt hversu langt skyldi ganga í að grafa eftir munum. Niðurstaða þeirra umræðna var að grafið yrði eftir tilteknum munum samkvæmt óskum eigenda eða umboðsmanna þeirra, sem myndu benda á líklegan stað muna.

Samkvæmt áðurnefndum gögnum, skýrslu slökkviliðs Reykjavíkur og gögnum um för Leifs og Þráins var haldið áfram með vinnu við hreinsun úr húsum næsta dag, 21. janúar, fram til klukkan 14:00, en þá var öll vinna stöðvuð vegna minningarathafnar um hin látnu. Eftir athöfnina var vinnu haldið áfram og fengin aðstoð pípulagningamanna frá Ísafirði til að finna vatnsinntök skemmdra húsa og loka fyrir. Þennan dag munu samkvæmt þessum gögnum einnig hafa komið þrjár snjóflóðasérfræðingar til Súðavíkur og fundað með fulltrúum almannavarna og vettvangsstjórn. Enn mun þá hafa verið talin snjóflóðahætta á svæðinu. Þennan dag var lokið við að grafa út úr húsum við Túngötu 9 og 10 og loka þeim báðum. Munum var safnað úr húsinu við Nesveg 1 og einnig úr Túngötu 1 og Njarðargötu 10, en þau hús voru ónýtt. Ástand húsanna við Aðalgötu 44, 46 og 48 hafði verið kannað dagana áður, en þau lentu í seinna flóðinu úr Traðargili. Ekki var talið þorandi að eiga við Aðalgötu 44 en kannað var hvort unnt væri að bjarga munum úr Aðalgötu 46. Einhverju

272. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-46 (133).

273. Skýrslan „Snjóflóð 95“ (16).

af munum (myndum) mun hafa verið bjargað en síðan horfið frá þar sem stórvirkar vélar hefði þurft til að hreinsa snjó frá húsinu.

Í lok farar Leifs og Þráins mun hafa verið farið yfir stöðuna í hverju húsi og verkstjóri slökkviliðsins síðan tekið við stjórn hreinsunar- og björgunarmála. Með umræddum gögnum Leifs og Þráins fylgdu lýsingar á öllum húsunum sem skemmdust í snjóflóðunum en þær verða ekki raktar sérstaklega hér. Ekki er þess getið hvort eða hvenær var á þessum tíma unnið að hreinsun og björgun muna úr öðrum húsum en hér að framan eru talin. Um klukkan 18:00 var vettvangsstjóra slökkviliðsins afhent yfirumsjón björgunaraðgerða í nafni Almannaþingarinnar ríkisins við brottför Leifs og Þráins. Unnið var fram á nótt við að koma hita á þau hús sem búið var að moka út úr og voru heil.²⁷⁴

Kistur 11 einstaklinga sem fórust í snjóflóðinu voru fluttar til Reykjavíkur um borð í varðskipinu Tý sem fór frá Ísafirði klukkan 17:00 laugardaginn 21. janúar 1995. Sama dag kom þáverandi forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, og ýmsir fulltrúar stjórnvalda til Ísafjarðar og voru viðstödd minningarathöfn um hin látnu sem haldin var í íþróttahúsinu á Ísafirði.²⁷⁵

Sunnudaginn 22. janúar 1995 var grunnskóli Súðavíkur settur á sal grunnskólans á Ísafirði. Veittar voru upplýsingar um áfallahjálpar og nemendur og foreldrar skoðuðu bráðabirgðaaðstöðu skólans og aðstöðu fyrir leikskólabörn í skóladagheimili á Ísafirði. Fulltrúar úr áfallateyminu funduðu þennan dag með fræðslustjóra, kennslufulltrúa, kennurum, skólastjóra og leikskólastjóra. Meðal annars mun hafa verið rætt um tilhögun á væntanlegu skólastarfi.²⁷⁶

Samkvæmt drögum að skýrslunni „Snjóflóð 95“, sem eru meðal gagna rannsóknarnefndar, funduðu Leifur Benediktsson og Þráinn Sigurðsson sunnudaginn 22. janúar með sýslumanni, Ólafi Helga Kjartanssoni, þar sem þeir munu hafa upplýst um stöðu mála í Súðavík og lagt fram tvo valkosti vegna frekari hreinsunar svæðisins en fyrir lá að þeir, fulltrúar Almannaþingarinnar ríkisins, væru á förum og að slökkviliðið tæki við umsjón verksins.²⁷⁷ Annar valkostanna var að einungis yrðu ruddar götur og ruðningi ekið á tiltekinn stað sem yrði vaktaður og munir tándir út til vörslu og skráningar um leið og þeir myndu. Að öðru leyti yrði svæðið látið óhreyft, þannig að íbúar gætu leitað að vild, en vaktmenn væru jafnframt yfir því til að taka muni sem kæmu undan bráðnun og koma þeim í vörslu. Hinn valkosturinn var að allt svæðið yrði hreinsað upp og keyrt á tiltekinn stað, sem yrði vaktaður og munir tándir úr til vörslu og skráningar.

Slökkviliðs- og björgunarmenn í Súðavík héldu áfram vinnu 22. janúar 1995 við hreinsun og björgun muna undir stjórn Björns Gíslasonar varðstjóra sem tekið hafði við sem fulltrúi Almannaþingarinnar ríkisins á svæðinu. Í gögnum varðandi þetta kemur fram að mikið hefði snjóað nóttina á undan. Þá mun einnig hafa verið von á Súðvíkingum frá Ísafirði í heimsókn eftir hádegið. Rétt fyrir hádegi féllu tvö lítil snjóflóð norðan við bæinn en öllu ekki tjóni. Unnið var að opnun þjóðveggarinnar til Ísafjarðar fram eftir degi. Slökkviliðsmenn munu hafa talið í samráði við heimamenn að snjóflóðahætta væri á svæðinu, en ekki mun hafa náðst í snjófirtilitsmann. Af þeim sökum var ferð Súðvíkinganna frestað um einn dag. Unnið var þá um daginn við flutning á húsmunum og áframhaldandi hreinsun og tryggingu húsa fyrir frostskemdum. Vaktaskipti voru hjá slökkviliðsmönnum þegar hópur kom frá Ísafirði og leysti fyrri hópinn af. Einnig mun þá hafa komið fram að til stæði að senda 40 björgunarsveitarmenn til Súðavíkur daginn eftir.²⁷⁸

Þennan dag, 22. janúar, kom til Ísafjarðar hópur sjö slökkviliðsmanna frá Reykjavík undir stjórn Bergsveins Alfonssonar varðstjóra, til afleysinga. Flestir þeirra fóru beint til Súðavíkur og tóku þátt í verðmætaleitinni undir stjórn Björns Gíslasonar en aðrir urðu eftir á Ísafirði til aðstoðar þar. Þegar sá hluti hópsins sem varð eftir á Ísafirði kom til Súðavíkur fór heim hluti af þeim slökkviliðsmönnum sem fyrir voru.

274. Skjalasafn slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 15.9.2025. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaþing ríkisins 2010. D-46 (165–172).

275. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaþing ríkisins 2010. D-15 (58).

276. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaþing ríkisins 2010. D-15 (180–187).

277. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaþing ríkisins 2011. B-110 (86).

278. Skjalasafn slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 15.9.2025. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaþing ríkisins 2010. D-46 (165–172).

Í skýrslu Ágúst Oddssonar héraðslæknis kemur fram að þessa daga hafi farið fram vaktaskipti hjá meðlimum áfallateymisins. Komið hafi þrjú geðlæknar og tveir sálfræðingar til afleysinga og aðrir úr hópnum farið aftur suður til Reykjavíkur. Fram kemur að ekki hafi þótt verjandi að fólkið starfaði lengur en þrjú til fjóra daga undir því álagi sem aðstæður fólu í sér. Einnig segir að áfram hafi verið unnið með aðstandendum, björgunarsveitum og sjálfboðaliðum. Farið hafi verið inn í Súðavík og fólkinu þar sinnt eftir föngum og Súðvíkingar komið í talsverðum mæli á sjúkrahúsið og fengið aðstoð. Sunnudaginn 22. janúar 1995 mun hafa verið haldinn kynningarfundur um streituvíðbrögð eftir áföll í íþróttahúsinu á Ísafirði og mættu 70 til 80 manns á fundinn. Einnig bættust sálfræðingur og námsráðgjafi framhaldsskóla Vestfjarða þennan dag í hópinn til að taka þátt í starfinu sem framundan var.²⁷⁹

Að morgni mánudagsins 23. janúar 1995 klukkan 08:47 var send út tilkynning sýslumannsins á Ísafirði um að hættuástandi í Súðavík væri aflétt. Í tilkynningunni kom fram að umferðartakmarkanir yrðu til Súðavíkur fyrst um sinn.²⁸⁰ Þann sama dag var ákveðið að björgunarstarfi væri lokið og að hreppsnefnd Súðavíkur tæki við hreinsunar- og uppbyggingarstarfi. Björgunarmenn að sunnan fóru suður 26. janúar 1995 og heimasveitir tóku við því verkefni að aðstoða við hreinsunarstarf.²⁸¹ Í bókunum Almannavarna ríkisins kemur fram að sýslumaður hafi heimilað íbúum í Súðavík að fara til Súðavíkur þann daginn til að huga að eignum sínum en þá í fylgd björgunarsveitarmanna, sem annast skyldu gæslu. Nauðsynlegt hafi verið talið að halda björgunarsveitum fram á þriðjudaginn 24. janúar og einnig að fulltrúi slökkviliðsins stjórnaði mannaflapörfinni. Þar með lýkur dagbókarskráningum Almannavarna ríkisins vegna snjóflóðsins í Súðavík á tímabilinu 16. til 23. janúar 1995.²⁸²

Þrátt fyrir að formlegri aðkomu Almannavarna ríkisins að björgunar- og hreinsunarstarfi væri lokið var neyðarsveit slökkviliðs Reykjavíkur beðin að vera áfram að störfum til aðstoðar við heimamenn fram undir lok janúar 1995. Einnig hélt fjölda-, félags- og áfallahjálparstarf áfram í Súðavík, á Ísafirði og í Reykjavík.²⁸³

5.5.12. Helstu atriði úr umræðum og rýni í kjölfar björgunaraðgerða í Súðavík

Í kjölfar björgunaraðgerða í Súðavík fór fram nokkur umræða og rýni vegna aðgerðanna meðal þeirra sem að þeim komu. Í fjölmiðlaumfjöllun um atburðina kom fram að samtök björgunarsveita í landinu teldu Almannavarnir ríkisins hafa gert mistök með því að hafa ekki tilkynnt Landsstjórn björgunarsveita fyrir um snjóflóðið. Þá kom fram frá sömu aðilum gagnrýni á fyrstu viðbrögð Almannavarna ríkisins varðandi það að björgunarsveitarmenn í Reykjavík og nágrenni hefðu verið kallaðir út of seint og að varðskipið Týr hefði komið seinna til Súðavíkur en eðlilegt gæti talist. Í sjónvarpsviðtali þann 30. maí 1995 svaraði Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins, gagnrýninni og lýsti því að ekki hefði legið fyrir hversu mikið umfangið hefði verið fyrir en landssambandið hefði verið kallað til og að ekki hefði verið vitað í upphafi að svo mikinn liðsafla þyrfti.²⁸⁴

Gagnrýni í sömu átt kom fram í greinargerð Fjalars Gunnarssonar, björgunarsveitarmanns hjá björgunarsveitinni Kofra í Súðavík, til lögreglu vegna rannsóknar hennar á atburðinum.²⁸⁵ Þar sagði að Almannavarnir ríkisins hefðu fengið upplýsingar um snjóflóðið innan tíu mínútna frá því að það féll, en ekki hefði verið haft samband við landsstjórn fyrir en rúmum tveimur klukkutímum síðar. Fjalar féllst ekki á skýringar framkvæmdastjóra Almannavarna ríkisins um að umfang slyssins hefði ekki verið vitað fyrir og benti á að fram hefði komið í tilkynningum sem bárust um morguninn að hið minnsta tíu manns væru grafin í flóðinu. Að hans mati hefði það átt að nægja til að setja landsstjórn björgunarsveita í viðbragðsstöðu. Þá tók Fjalar fram í greinargerð sinni að honum hefði þótt „dálítið vafasöm“ sú aðgerð að

279. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (189–192).

280. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-46 (149).

281. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (93).

282. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (381).

283. Frekar er fjallað um atvik varðandi þau efni eftir þetta tímamark, þ.e. á tímanum eftir afléttingu hættuástands í Súðavík 23. janúar 1995, í kafla 6 hér á eftir með öðru varðandi eftirfylgni stjórnvalda í kjölfar snjóflóðsins.

284. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (46).

285. Snjóflóðið í Súðavík 16. janúar 1995. Greinargerð Fjalars Gunnarssonar send lögreglunni á Ísafirði. Dagsett 16. nóvember 1995. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 8.5.2025.

„Þegar er komið kvöld þá á að koma mönnum í burtu frá svæðinu og inn í gamla þorpið, sum sé inn eftir inn í skóla. Það átti að fara með okkur þangað sko. Það er rúta sem tekur okkur nokkra eða fulla rútu. Við förum af stað til að fara í skólann og grafa á undan okkur. Við erum að keyra þarna inn eftir og við þurfum að stoppa aðeins þarna við innri höfnina, þar ætlum við að hleypa einum eða tveimur mönnum sem áttu að fara niður í báta að moka úr af því það var búið að kyngja svo mikið niður þarna og bátarnir farnir að síga. Það sem gerist þá að við náum ekki að opna hurðina, þetta stendur eitthvað á sér og það er bara svona smá tími sem það gerist og grafan er stöpp þá við kaupfélagið. Svo náum við allt í einu að opna, þeir fara út og við keyrum af stað og grafan fer af stað. Þá verður allt svart. Þá er flóðið að koma sem kemur úr gilinu. Og ég segi bara það ef einhver örlög geta ráðið einhverju þá hafi það gerst þar.“

Úr skýrslu Eiríks Ragnarssonar, íbúa í Súðavík og eins af björgunarmönnum í aðgerðum eftir snjóflóðið, hjá rannsóknarnefnd Alþingis 13. október 2025.

„Fullljóst er að björgunarfólk vann mikið þrekvirki í Súðavík þessa daga. Þessi störf voru unnin við eins erfiðar aðstæður og hægt er að hugsa sér og nánast á eins fullkominn hátt og hægt var að ætlast til.“

Lokaorð í kafla um aðgerðir á slysstað í greinargerð Landsbjargar og Slysavarnafélags Íslands, dags. 29. maí 1995, um snjóflóðið í Súðavík.

hvíla björgunarmenn í grunnskóla Súðavíkur sem væri staðsettur í hinum enda þorpsins í Súðavík. Hann skýrði það nánar svo, en tók um leið fram að auðvelt væri að vera vitur eftir á, að til þess að komast að skólanum hefði þurft að fara fram hjá Traðargili sem væri þekktur snjóflóðafarvegur. Þegar rúta með björgunarmönnum innanborðs hefði verið á leið í grunnskólann hefði snjóflóðið úr Traðargili fallið og rútan einungis verið um 100 metra frá þeim stað þar sem snjóflóðið fór yfir veginn og út í sjó. Ekki hefði þurft að spyrja um hvað orðið hefði um rúturna ef hún hefði lent í snjóflóðinu enda hefði það hrifið með sér stórt timburhús og þeytt út í sjó.

Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri Almannavarna ríkisins, sendi Almannavarnaráði minnisblað, dags. 1. júní 1995, varðandi fram komna gagnrýni björgunarsamtaka sem áður var lýst. Í minnisblaðinu kom fram að boð um snjóflóðið hefðu borist bakvaktarmanni Almannavarna ríkisins klukkan 06:31.²⁸⁶ Bakvaktarmaður hefði boðað starfsfólk til stjórnstöðvar klukkan 06:41 eftir að hafa ráðfært sig við sveitarstjórnann í Súðavík og fengið upplýsingar um að trúlega hefði orðið stórslys. Stjórnstöð Almannavarna ríkisins hefði þá verið opnuð klukkan 06:47. Umfang slyssins hafi orðið ljóst klukkan 07:47 og landsstjórn björgunarsveita svo fengið boð um að taka til starfa klukkan 08:35, þ.e. 48 mínútum eftir að umfangið varð ljóst. Hún hefði tekið til starfa klukkan 08:50.

Í minnisblaðinu kom fram að á þeim tíma þar til stjórnstöðin var opnuð og landsstjórnin virkjuð hefði stjórnstöð almannavarna annast 108 erindi vegna snjóflóðsins.²⁸⁷ Í þessu hefði falist að afla upplýsinga um umfang tjónsins, meta aðstoðarþörf, sinna ráðgjöf og eftirliti með fyrstu viðbrögðum í Súðavík og skipulagi, virkja aðstoð frá Ísafirði og flutning liðsafla, kanna veður og færð ásamt möguleikum til flutninga liðs, kanna flutningskosti með flugvélum, kanna staðsetningu skipa og færð á sjó og í lofti. Einnig hafi samskiptin varðað „fjölmiðlun“. Í lok minnisblaðsins sagði svo:

„Almennt mat þeirra sem samband var haft við um möguleika til liðsflutninga í lofti eða á sjó var að báðar þessar leiðir væru ófærar vegna veðurofsa, og hafði það mat á áhrif á forgang í boðun Landsstjórnar vegna liðsflutninga.“²⁸⁸

Að tilstuðlan Landssambands björgunarsveita og Slysavarnafélags Íslands var unnin greinargerð um snjóflóðið í Súðavík með undirskriftinni „athugasemdir við framkvæmdir og ábendingar um atriði sem hugsanlega hefðu mátt betur fara“. Greinargerðin er dagsett 29. maí 1995.²⁸⁹

Í greinargerðinni kom fram að ekki væri að mörgu að finna varðandi framkvæmdir björgunaraðgerða í Súðavík og var talið að aðgerðirnar hefðu „gengið frábærlega vel í flestu“ sem tiltekin dæmi voru nefnd um en kafla um aðgerðir á slysstað lýkur annars með þeim orðum sem tekin eru upp hér til hliðar. Þó voru talin „fáein atriði“ sem rétt væri að minnast á. Þar var m.a. nefnt að hugsa þyrfti fyrir því hvernig best væri að búa björgunarmenn undir erfiðar sjóferðir, auk þess sem tryggja þyrfti safn korta og loftljósmynda á þéttbýlisstöðum til að nota við björgunarstörf. Þá var gerð athugasemd við það að björgunarmenn hefðu verið sendir til hvíldar í grunnskóla og íþróttahús Súðavíkur en til þess hefði þurft að ferja fólk um snjóflóðahættusvæði í vondu veðri og hefði farið svo að snjóflóð féll á svæðið að kvöldi 16. janúar 1995 á meðan á björgunaraðgerðum stóð. Fram kom að tryggja þyrfti að nauðsynlegur búnaður, sem nánar var rakinn, væri til staðar, sérstaklega til leitar í snjóflóðum, og tryggja þyrfti að nánar tilgreindur „ruðningsbúnaður“ væri til staðar. Loks var athugasemd gerð við þá tilhögun að auglýsa eftir sjálfbóðaliðum til björgunarstarfa og senda þá áleiðis á áfallasvæði, óháð því hvernig sjálfbóðaliðar væru útbúnir eða undirbúnir til slíkra starfa en sérstakt eftirlit þyrfti með því. Á því hefði borið að sjálfbóðaliðar sem komu til Súðavíkur hefðu verið ófærir um að vinna björgunarstörf þar sem sjálfbóðaliðarnir höfðu takmarkaðan búnað og höfðu enga þjálfun fengið. Af þeim sökum hefðu margir verið sendir til baka af

286. Skjalasafn dómsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 22.4.2025.

287. Ljóst er af samhengi þar í minnisblaðinu að um var að ræða símtöl til stofnunarinnar og tekið er fram að „meðal afgreiðslulengd [hafi verið] upp á 50 sek.“

288. Skjalasafn dómsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 22.4.2025.

289. Snjóflóð í Súðavík í janúar 1995 – Athugasemdir við framkvæmdir og ábendingar um atriði sem hugsanlega hefðu mátt betur fara. Greinargerð Landsbjargar og Slysavarnafélags Íslands, dags. 29. maí 1995. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (164–178).

áfallasvæðinu með fyrstu ferð frá Súðavík. Fram kom að þetta væri nefnt til að minna á að í slíkar aðgerðir ætti ekki að senda óvant fólk.

Í greinargerðinni komu fram, í sömu átt og áður hefur verið rakið, alvarlegar athugasemdir við það að landsstjórn björgunarsveita hefði ekki verið kölluð út strax eftir að Almannavörnum ríkisins barst vitneskja um flóðið. Talið var að forgangsmál hefði átt að vera að virkja landsstjórn björgunarsveita sem fyrst eftir atburðinn. Einnig komu fram athugasemdir varðandi viðbrögð almannavarnanefndar Ísafjarðar á þá leið að um tvær klukkustundir og 20 mínútur hefðu liðið frá því að tilkynning um slysið barst til Ísafjarðar og þar til björgunarmenn lögðu af stað með Fagranesi til Súðavíkur.

Gerð var athugasemd við það að varðskipið Týr hefði fyrst lagt úr höfn með björgunarlið og tækjabúnað þegar átta klukkustundir og 15 mínútur voru liðnar frá því að snjóflóðið féll. Þessi tími var talinn of langur enda þótt sýna þyrfti því skilning að flestir hlutir tækju lengri tíma en áætlað væri í fyrstu. Viðbrögð Almannavarna ríkisins og landsstjórnar hefðu verið „fálmkennd“. Of langur tími hefði verið gefinn til brottfarar og landsstjórn hefði strax átt að fara í að virkja mannskap af höfuðborgarsvæðinu til ferðarinnar og safna saman búnaði, án tillits til þess hvort samþykki eða beiðni þess efnis hefði borist frá almannavörnum. Fram kom það mat að „trúlega hefði skipið átt að komast af stað um 6 klukkustundum fyrr“.

Varðandi söfnun björgunarliðs kom fram að taka hefði átt tillit til þess við söfnun mannskaps frá Vestfjörðum að þar hafi verið mikil snjóflóðahætta. Hefði því átt að safna björgunarfólki einungis af stöðum þar sem ekki var snjóflóðahætta, á borð við Tálknafjörð, Bíldudal og Suðureyri. Mikið álitamál hlyti að vera hvort safna hefði átt björgunarliði frá Patreksfirði, Þingeyri og Flateyri. Með söfnun liðs þaðan hefðu varnir á þeim stöðum verið veiktar. Varðandi söfnun mannskaps frá Norðurlandi þótti flutningur björgunarmanna með Múlafossi frá Skagaströnd hafa verið vanhugsaður, enda hefði skipið sem flutti mannskapinn ekki verið búíð til slíkra nota. Gerð var athugasemd við að „allt of stór“ hópur slökkviliðsmanna hefði komið frá Reykjavík en hópurinn hefði auk þess ekki haft þjálfun í að taka þátt í snjóflóðabjörgun og á sama tíma hefði þjálfað björgunarlið setið heima. Áréttað var að leitarhundar hefðu skipt sköpum í björgunaraðgerðunum og að standa bæri vörð um starfsemi Björgunarahundasveitar Íslands.

Í greinargerðinni voru dregin fram þau meginatriði sem samtökin gagnrýndu samkvæmt framangreindu og settar fram tillögur til úrbóta vegna þeirra. Samkvæmt framangreindu og á heildina litið virðast helstu athugasemdirnar hafa lotið að því að útkall björgunarliðs hafi tafist umfram það sem eðlilegt gæti talist á fyrstu stigum aðgerðanna en um það komu m.a. fram þær athugasemdir úr greinargerðinni sem vitnað er til hér til hliðar.

Einnig sagði í greinargerðinni að nauðsynlegt þætti að Landsbjörg, Slysavarnafélag Íslands og Rauði kross Íslands ættu fulltrúa í almannavarnaráði. Þá var á það bent að eðlilegt þætti að björgunarsveitir ættu fulltrúa í almannavarnanefndum um land allt.

Fyrir liggur einnig áðurnefnd greinargerð Rauða kross Íslands, dagsett 13. mars 1995, um aðgerðir og störf samtakanna vegna snjóflóðsins í Súðavík.²⁹⁰ Í skýrslunni var m.a. gerð athugasemd við upplýsingaflæði til aðstandenda frá Súðavík sem voru stödd á sjúkrahúsinu á Ísafirði, sem sáu sig í einhverjum tilfellum knúin til að hringja í Rauða krossinn í Reykjavík til að fá upplýsingar um stöðu mála í leitinni og möguleg afdrif fjölskyldu sinnar og vana. Í skýrslunni kom fram að seinnipart 16. janúar 1995 hefði einn einstaklingur hringt af fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði sem átti börn sem enn var saknað og óskað upplýsinga um hvort tekist hefði að finna börnin. Á þeim tímapunkti hafi komið í ljós að fólk sem hafði orðið fyrir snjóflóðinu og var komið á sjúkrahúsið á Ísafirði til aðhlyningar fékk ekki upplýsingar umfram aðra um stöðu mála. Þannig reyndist ekkert samband á milli almannavarnanefndar Ísafjarðar og fólksins sem statt var á sjúkrahúsinu á Ísafirði. Af þessum sökum hefði því jafnskjótt á þessum tíma verið komið til skila innan Rauða krossins að halda þyrfti upplýsingaflæði góðu þar á milli og að þau sem stödd væru á sjúkrahúsinu og biðu fregna af fjölskyldumeðlimum sínum skyldu fá fréttirnar um leið og þær bærust.

„Það eina sem ég bað Almannavarnir ríkisins um var að fá skip vestur eins fljótt og hægt væri með mannskap sem væri með snjóflóðaleitarhunda og ýlur og leitarstangir. Ekkert annað. Hvað gerist? Það er verið að raða um borð í Reykjavíkurhöfn í fleiri klukkutíma allskonar tækjum sem enginn af sunnanmönnum þorði svo að keyra á Ísafirði af því það var svo mikill snjór þar og vont verður. Þannig að þarna brugðust, og ég segi það alveg blákalt, þarna brugðust Almannavarnir ríkisins. Algjörlega.“

Úr skýrslu Ólafs Helga Kjartanssonar
fyrir rannsóknarnefnd Alþingis
18. september 2025.

„Allir aðilar verða að gera sér ljóst að í tilfellum sem þessum ríður á að björgunarlið komist sem allra fyrst af stað. Það verður að vera forgangsmál.“

[...]

„Það má segja að björgunaraðgerðir hafi gengið vel í flesta staði. Þótt allir eigi heiður skilinn, er óumdeilt að mestu er að þakka frábærri frammistöðu björgunarmanna frá Súðavík, Ísafirði, og nágrenni.

Samt eru ýmis atriði sem vert er að hugleiða. Það liða 2. klst. og 25 mínútur þangað til fyrsta hjálparleggur af stað frá Ísafirði. Það liður 1. klst. og 38 mínútur þangað til Landsstjórn er gert viðvart í Reykjavík. Það tekur 8. klst. og 15 mínútur að senda hjálparleggur frá Reykjavík. Þetta eru talandi dæmi um að eitthvað hefði mátt betur fara.“

Úr greinargerð Landsbjargar og
Slysavarnafélags Íslands (bls. 4 og 11), dags.
29. maí 1995, um snjóflóðið í Súðavík.

290. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (29).

Í greinargerð Rauða krossins er einnig vikið að því að tregða hefði verið á veitingu upplýsinga um gang aðferða til Rauða krossins framan af degi 16. janúar 1995. Tekið er dæmi um að upplýsingar um fjögur sem hefðu fundist látin hefðu komið fram í fjölmiðlum áður en þær upplýsingar bárust Rauða krossinum. Af hálfu Rauða krossins hefði þá verið haft samband við almannavarnir að kvöldi 16. janúar 1995 og ítrekað að það væri mikilvægt að upplýsingar fengjust strax og þær lægju fyrir, svo unnt væri að hringja í aðstandendur áður en fréttir rötudu til fjölmiðla. Í skýrslunni er jafnframt vikið að því að almannavarnanefnd Ísafjarðar hefði þann 17. janúar ákveðið að gefa út tilkynningu með nöfnum látinna og sú tilkynning átt að birtast í fjölmiðlum klukkan 20:00 „til að róa fólk“. Rétt áður en tilkynningin birtist í útvarpi og sjónvarpi hefðu síðustu líkin fundist og það verið tilkynnt ásamt öðrum nöfnum. Stuttu fyrir hefði Rauði krossinn verið látinn vita af þessu og fulltrúum hans hefði ekki gefist tími til að láta aðstandendur vita áður en tilkynningin birtist í fjölmiðlum.²⁹¹

Í skýrslu Ágústs Oddssonar, héraðslæknis Vestfjarða, um áfallahjálp vegna snjóflóðsins, dagsettri 16. febrúar 1995, kom m.a. fram að mikilvægt væri að öll áfallahjálp væri skipulögð af einum aðila sem hefði yfirsýn yfir viðfangsefnið og stjórnaði jafnframt verkinu. Þess var getið að Almannavarnir ríkisins hefðu borið ábyrgð á þeirri áfallahjálp sem veitt var eftir snjóflóðið í Súðavík og að ákveðið hefði verið í upphafi að þeir aðilar sem kæmu vestur hlytu samþykki annars vegar stjórnstöðvar Almannavarna ríkisins og hins vegar héraðslæknis, sem borið hefði ábyrgðina í héraði. Þrátt fyrir þetta hefði hópur sálfræðinga á vegum fræðsluskrifstofunnar (Fræðsluskrifstofu Vestfjarða) farið vestur og unnið störf sín en um þau störf var nánar tekið fram í skýrslu héraðslæknisins „sem enginn [vissi] hver voru, algjörlega til hliðar við og án vitneskju áfallateymisins“. Afstaða Ágústs í þessari skýrslu var sú að slíkt mætti ekki endurtaka sig.

5.5.13. Skýrsla Almannavarna ríkisins „Snjóflóð 95“

Í janúar 1996 lá fyrir skýrsla Almannavarna ríkisins, „Snjóflóð 95 – Skýrsla um snjóflóðin í Súðavík og Reykhólasveit í janúar 1995“. Liður í undirbúningi og gerð skýrslunnar var, auk skjallegra gagna um snjóflóðið og aðgerðir eftir það, ráðstefna sem haldin var í Hnífsdal dagana 30. og 31. maí 1995 sem bar yfirskriftina „Snjóflóð 95“. Á ráðstefnunni voru lögð fram gögn og skýrslur vegna atburðanna, sem ráðstefnugestir fengu tækifæri til að ræða.²⁹² Á meðal ráðstefnugesta voru viðbragðsaðilar og aðrir sem búsettir voru á svæðum þar sem snjóflóðahætta þótti til staðar, en samkvæmt formála skýrslunnar var þátttakendum gefinn kostur á að „móta lokaskýrsluna“. Ráðstefnugestum mun hafa verið skipt upp í fimm hópa, nánar tiltekið hópa um stjórnsýslu og almannavarnir, björgunar- og hjálparstarf, sjúkra-, fjölda- og félagshjálp, samgöngur, fjarskipti, orku og flutninga og almannatengsl. Í upphafi skýrslunnar var gerður sá fyrirvari að skýrslan hefði verið unnin á miklum hraða, sem komið hefði að einhverju leyti niður á gæðum hennar. Fram kemur einnig að skýrslan hafi að mestu verið unnin af hlutlausum aðila sem sérstaklega hefði verið fenginn til verksins.

Í skýrslunni er farið yfir atburðinn, björgunaraðgerðir vegna hans, hjálpar- og hreinsunarstarf og eftir atvikum önnur tengd málefni. Í lok hvers kafla eru tiltekin atriði til umhugsunar út frá reynslu þeirra sem komu að hjálparstarfi í Súðavík.²⁹³ Í skýrslunni koma fram lýsingar á atburðum, aðdraganda flóðsins, eftirliti með snjóflóðahættu, fyrstu viðbrögðum almannavarna og íbúa Súðavíkur, vettvangsstjórn, björgunarstarfi, aðferðum til leitar, gæslu á áfallasvæðinu eftir björgunar- og hjálparstörf, reynslu af fjarskiptum og veitukerfi, samgöngum á meðan á björgunarstarfi stóð, meðferð slasaðra og látinna, áfallahjálp, fjölda- og félagshjálp Rauða kross Íslands, tengslum við fjölmiðla og stjórn og stjórnsýsluviðbúnaði á svæðinu. Þá var í skýrslunni fjallað um rýmingar á öðrum svæðum á Vestfjörðum á meðan hættuástand varði. Í formála skýrslunnar kemur fram að hún hafi

291. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (29).

292. Þar á meðal mun hafa verið áður nefnd greinargerð Almannavarna ríkisins frá 28. apríl 1995 sem lýst hefur verið fyrir í þessum kafla og öðrum köflum skýrslunnar og birt er með skýrslunni.

293. Einnig er í skýrslunni einn kafli um snjóflóðið á Grund í Reykhólasveit sem féll að kvöldi 18. janúar 1995 á fjárhús á þeim bæ með þeim afleiðingum að tveir menn sem þar voru staddir við gegningar lentu í snjóflóðinu. Í björgunaraðgerðum fundust báðir mennirnir snemma morguninn eftir og virtist annar þá látinn (og var úrskurðaður látinn skömmu síðar sama morgun) en hinn var með lífsmarki og var bjargað.

verið unnin út frá „skriflegum og munnlegum upplýsingum“ frá þeim sem að aðgerðunum komu í janúar 1995, auk þess sem stuðst hafi verið við dagbækur, tímaskráningar og önnur gögn sem voru sögð til staðar hjá Almannavörnum ríkisins til aflestrar. Ekki er tilgreint nánar í formálanum hvaða gagna var vísað til með þessu.

Skýrslan er lögð fram í heild sinni með skýrslu rannsóknarnefndar og má vísa nánar þangað um efni og efnistöð í skýrslunni.

Í lok ráðstefnunnar í Hnífsdal þann 31. maí 1995 birtist viðtal í sjónvarpinu við Guðjón Petersen, framkvæmdastjóra Almannavarna ríkisins, Ólaf Helga Kjartansson, sýslumanninn á Ísafirði, og Kristbjörn Óla Guðmundsson, formann Landssambands björgunarsveita.²⁹⁴ Í viðtalinu var m.a. rætt um fram komna gagnrýni landssambandsins varðandi þann tíma sem leið þar til fyrstu björgunarmenn lögðu af stað, auk þeirrar gagnrýni að ekki hafi verið haft samband við landsstjórn björgunarsveita fyrr en tæpum tveimur tímum eftir að snjóflóðið féll. Fram kom í viðtali við Kristbjörn Óla að landssambandið mótmælti frumdrögum almannavarna sem lögð voru til grundvallar á ráðstefnunni og kvað léleg vinnubrögð liggja að baki þeim frumdrögum. Takmarkað er fjallað um þessa gagnrýni sem fram kom af hálfu landssambandsins í skýrslu Almannavarna ríkisins, „Snjóflóð 95“, en í niðurlagi kafla um fyrstu viðbrögð er tiltekið að landsstjórn hafi fundið að því að hafa ekki verið virkjuð fyrr til starfa og að unnið væri að úrbótum vegna þess. Í niðurlagi kaflans er tekið fram að það sem hefði ráðið þeirri ákvörðun að „vanda vel val og samsetningu þess liðs og búnaðar sem fór með Tý“ hefði verið það mat á þeim tíma að það myndi taka skipið a.m.k. 18 tíma að komast vestur miðað við „það foráttuveður sem var“, auk þess sem megináhersla hefði verið lögð á tildirátt liðs með skipum sem voru nær áfallasvæðinu.²⁹⁵

5.5.14. Samskipti við fjölmiðla

Mikil ásókn fréttamiðla var í upplýsingar frá Almannavörnum ríkisins og viðbragðsaðilum um snjóflóðið í Súðavík og framgang aðgerða. Í bókunum Almannavarna ríkisins dagana 16. til 23. janúar 1995 kemur fram að fjölmargir fréttamiðlar, bæði innlendir og erlendir, hefðu haft samband og óskað eftir upplýsingum. Klukkan 07:45 að morgni 16. janúar hefði Ríkisútvarpið haft samband við stjórnstöð almannavarna og svör almannavarna verið þau að lítið væri vitað og þess verið óskað að upplýsingarnar færu ekki í fréttir. Samtals gaf almannavarnanefnd Ísafjarðar út 19 fréttatilkynningar á tímabilinu 16. til 23. janúar 1995.²⁹⁶

Í gögnum rannsóknarnefndarinnar kemur fram að Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaðurinn á Ísafirði, hafi tekið ákvörðun um að beðið yrði með fréttatilkynning af atburðinum um morguninn.²⁹⁷ Almannavarnanefnd Ísafjarðar sendi fyrstu fréttatilkynningu um snjóflóðið í Súðavík klukkan 10:37 að morgni 16. janúar 1995, um fjórum klukkustundum eftir að snjóflóðið féll.²⁹⁸ Að minnsta kosti einn fréttaritari mun hafa farið frá Ísafirði með skipinu Stefni til Súðavíkur um hádegi 16. janúar 1995.²⁹⁹ Þá fóru alls 13 fréttamenn með varðskipinu Tý vestur mánudaginn 16. janúar 1995 og áleiðis til Súðavíkur með varðskipinu 17. janúar 1995. Bládamenn munu hafa dvalið í húsnæði Frosta hf. á meðan á björgunaraðgerðum stóð þann dag og þeim ekki leyft að fara um svæðið.³⁰⁰ Fréttamönnum var heimilað að fara um áfallasvæðið í Súðavík tveimur dögum síðar, þann 19. janúar 1995, í fylgd lögreglu.³⁰¹

Auk fréttar af snjóflóðinu og aðgerðum yfirvalda og viðbragðsaðila í kjölfar snjóflóðsins bar á umfjöllun í fjölmiðlum um ákvarðanir sýslumannsins á Ísafirði varðandi fréttamenn á áfallasvæðinu. Fréttamenn gagnrýndu þær takmarkanir sem voru settar á aðgengi þeirra að svæðinu og þá ákvörðun Ólafs Helga Kjartanssonar að hafa fyrirskipað svokallað „fréttabann“ í kjölfar slyssins. Bládamannafélag Íslands efndi til fundar um samskipti

„Snjóflóð féll í Súðavík um kl. 06.25 í morgun. Tilkynning barst til lögreglu kl. 06.29. Flóðið féll á nokkur hús og leitað er að fólki. 17 manns er saknað, en slyshafa orðið á fólki. Björgunarsveitir eru á staðnum og læknar, hjúkrunarfólk ásamt 44 manna björgunarliði og 4 leitarhundum frá Ísafirði eru komin til Súðavíkur. Leit stendur yfir og verið er að hlynnna að slösuðum. Skip lýsa upp leitarsvæðið. Allir íbúar Súðavíkur eru í fjöldahjálparstöð.“

Fyrsta fréttatilkynning almannavarnarnefndar Ísafjarðar send kl. 10:37 16. janúar 1995.

294. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (47–50).

295. Skýrslan „Snjóflóð 95“ (12).

296. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (320–381).

297. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45. – Skjalasafn dómsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 22.4.2025.

298. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-46 (67).

299. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (15).

300. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (24, 68 og 297–298).

301. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (141) og skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

Fréttamaður: „Nú hafa fréttamenn sem komust til Súðavíkur fyrir rest, þeir hafa sagt að þeir hafi verið í stofufangelsi, þeir hafa notað það orð, meðan þeir voru hafðir lokaðir inni Frosta?“

Ólafur Helgi Kjartansson: „Fréttamenn gengu að því vísu þegar þeir fóru inn í Súðavík að skipherrann réði skipinu og flytti þá og réði hvenær hann flytti þá í land eða yfirleitt hvort hann flytti þá í land og jafnframt því að vettvangsstjóri á staðnum væri sá sem bæri ábyrgð á lífi og línum björgunarsveitarmanna og annarra þeirra sem fá að fara inn á svæðið. Ef við berum þetta saman við stríðsástand að þá voru stríðsherrarnir ekki ábyrgir fyrir þeim fréttamönnum sem eru að taka þátt í stríðinu með óbeinum hætti en almannavarnanefnd og almannavarnir bera ábyrgð á mönnum á hættusvæðum og þar eiga þeir einir að vera sem eiga brýnt erindi.“

Úr viðtali við Ólaf Helga Kjartansson á Stöð 2 13. febrúar 1996. Þjóðskjalasafn Íslands. AVR 2010 D-45 (297).

yfirvalda og fjölmiðla eftir snjóflóðið þar sem fram kom gagnrýni á Ólaf Helga vegna þessara ákvarðana. Þá hóf Blaðmannafélag Íslands viðræður við Almannavarnir ríkisins og dómsmálaráðuneytið um samskipti við fjölmiðla í því skyni að ná fram breytingu á skipulagi þeirra mála til frambúðar.³⁰²

Í tveimur viðtölum í sjónvarpinu 13. febrúar 1995 var rætt við Ólaf Helga um þær hömlur sem sagðar voru hafa verið settar á fjölmiðla.³⁰³ Fram kom þar að hann hefði verið „harðlega gagnrýndur“ fyrir að hafa sett bann á flutning fréttu af snjóflóðinu fyrstu klukkustundirnar eftir að það féll og jafnframt fyrir að hafa takmarkað aðgengi blaðamanna að svæðinu eftir að þeir komu til Súðavíkur. Afleiðingin væri sú að langur tími hafi verið liðinn þegar ljósmyndir birtust af hamförunum. Ólafur Helgi lýsti því að aðgengi hefði verið takmarkað til að tryggja öryggi blaðamanna og að ákveðið hefði verið að biða með að flytja fregnir af slysinu að morgni 16. janúar 1995 þar sem óljósar upplýsingar hefðu legið fyrir um atburðinn fyrst um morguninn. Hann nefndi að alþjóðlega fjölmiðlafyrirtækið Reuters hefði flutt fréttir um morguninn sem hefðu verið rangar og misvísandi og taldi alla geta verið sammála um að það væri verra en að biða með að flytja fréttir. Í viðtalinu kom fram sú spurning fréttamanns og svar Ólafs Helga sem vitnað er til hér til hliðar. Einnig kom fram hjá Ólafi Helga að ekkert hefði verið hægt að sjá í Súðavík vegna veðurs.

Í drögum að skýrslu almannavarna „Snjóflóð 95“ er umfjöllun um það hvort mistök hafi verið gerð þegar fréttamönnum var heimilað að fara með Tý til Súðavíkur strax þann 17. janúar 1995, þar sem þeir hefðu tekið pláss frá björgunarmönnum í þeim bátum sem notaðir voru til að ferja búnað og björgunarmenn í land. Nefnt var að fréttamenn hefðu farið með bátsferð númer tvö frá varðskipinu í land í Súðavík, á meðan björgunarmenn biðu eftir að komast um borð í bátana. Hluti af björgunarbúnaði hefði jafnframt orðið eftir um borð í Tý þar sem ekki hefði tekist að ferja hann í land áður en varðskipið þyrfti frá að hverfa vegna veðurs, á sama tíma og fjölmiðlamenn voru þá komnir til lands. Nefnt var að „foráttuveður“ hefði verið og ekkert skyggni til myndatöku, auk þess sem snjóflóðahætta vofði yfir. Þá hafi fjölmiðlamenn haft á sér snjóflóðayla og þannig tryggt öryggi sitt, á sama tíma og skortur var á snjóflóðaylum fyrir björgunarmenn sem takmarkaði fjölda björgunarmanna sem gátu verið úti við leit í Súðavík. Athugasemd var gerð við forgangsröðun að þessu leyti og nefnt að aðstaða björgunarmanna hefði verið þröng í húsnæði Frosta hf. og að þjónusta sjálfboðaliða við fjölmiðlamenn hefði bætt við álagi.³⁰⁴

Í skýrslu Ólafs Helga Kjartanssonar hjá rannsóknarnefndinni lýsti hann því að blaðamenn hefðu kvartað undan því eftir snjóflóðið að hafa ekki komist fyrr að í Súðavík til að birta fréttir.³⁰⁵ Ólafur Helgi kvaðst hafa viljað koma í veg fyrir að björgunaraðilar sem voru að vinna björgunarstörf í Súðavík þyrftu jafnframt að koma blaðamönnum til bjargar. Ólafur Helgi var beðinn um að útskýra nánar þá ákvörðun að biða með fréttir af snjóflóðinu þar til síðar að morgni 16. janúar 1995. Hann lýsti því að hann hefði viljað fá mann frá sér til Súðavíkur til að fá upplýsingar um stöðu mála áður en hann færi að tjá sig um stöðuna. Hann taldi ákvörðunina hafa verið rétta á sínum tíma.

Meðal gagna rannsóknarnefndar er óundirrituð og ódagsett samantekt úr gögnum Almannavarna ríkisins frá þessum tíma sem ber yfirskriftina „Almannatengsl og fjölmiðlun“.³⁰⁶ Í samantektinni birtist umfjöllun um það hvort rétt hefði verið að heimila fréttamenn um borð í varðskipið Tý þegar höfð væri í huga forgangsröðun varðandi flutning mannafla og tækja til Súðavíkur. Fram kemur í samantektinni að þröngt hafi verið um björgunarmenn í húsnæði Frosta og að aðstæður hafi ekki boðið upp á að fréttamenn væru á svæðinu á sama tíma. Þá kemur fram að bæta þyrfti skipulag almannatengsla og fjölmiðlunar í náttúruhamförum. Útbúa þyrfti skýrar verklagsreglur sem stjórnvöld og fjölmiðlar gætu stuðst við á neyðar- og hættutímum. Brýnt þætti að almannavarnanefndir hefði þjálfaða menn sem tækju að sér almannatengsl og fjölmiðlun á neyðar- og hættutímum. Vettvangsstjóri í Súðavík hefði þurft að skipa fjölmiðlafulltrúa á staðnum, sem hefði haft

302. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (268).

303. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (296–300).

304. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-41 (43).

305. Ólafur Helgi Kjartansson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 18. september 2025.

306. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (42–44).

Það hlutverk að hafa umsjón með ferðum fjölmiðla um svæðið og ganga úr skugga um að fjölmiðlamenn hindruðu ekki störf björgunarmanna. Sambærileg sjónarmið komu fram í skýrslu Almanna- og Almannavarna ríkisins „Snjóflóð 95“ þar sem fram kom að þörf væri á því að skipuleggja betur almannatengsl og fjölmiðlun í náttúruhamförum.

Vert er að geta þess loks að í skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd lýsti Ólafur Helgi Kjartansson að annarri aðferð hefði verið beitt varðandi aðgengi fjölmiðla að áfallasvæði eftir snjóflóðið á Flateyri. Þegar snjóflóðið hefði fallið á Flateyri hefði verið tekið ákvörðun um að kvikmyndatökumaður og ljósmyndari fengju að fara inn á snjóflóðasvæðið í fylgd björgunarmanna, með því skilyrði að þeir deildu upplýsingum og myndum með öðrum fjölmiðlum.

5.6. Samantekt rannsóknarnefndar

Töluverð umræða varð í samfélaginu í kjölfar snjóflóðsins í Tungu- og Seljalandsdal sem féll 5. apríl 1994, einkum með tilliti til skipulags almannavarna og eftirlits með snjóflóðahættu. Leiddi það m.a. til umræðu innan Ofanflóðanefndar og Almanna- og Almannavarna ríkisins, sem fundaði með almannavarnarnefnd Súðavíkur í apríl 1994, vikuna eftir snjóflóðið í Tungu- og Seljalandsdal, um störf snjóathugunarmanna, mælingar þeirra og ráðgjöf við nefndina.

Hinn 18. desember 1994 féll snjóflóð úr Traðargili á íbúðarhús á bænum Saurum í Súðavík, sem stóð ofan Aðalgötu um miðbik þorpsins, á svæðinu undir Traðargili. Sama dag féll jafnframt annað snjóflóð úr Súðavíkurhlíð ofan byggðarinnar í Súðavík, sem stöðvaðist nærri hesthúsum utan meginbyggðarinnar á svæðinu við Túngötu og Nesveg. Almanna- og Almannavarnarnefnd Súðavíkur kom saman til fundar þann dag þar sem rætt var um snjóflóðið úr Traðargili og atburðarás dagsins. Almanna- og Almannavarnarnefndin hittist svo aftur undir lok ársins, 28. desember 1994, þar sem nánar var farið yfir atriði varðandi þetta snjóflóð. Sá fundur var síðasti skráði fundur nefndarinnar fram til þess þegar snjóflóðið féll í Súðavík 16. janúar 1995.

Af fréttaumfjöllun í kjölfar snjóflóðsins í Súðavík 18. desember 1994 má ráða að nokkur umræða hafi skapast í samfélaginu um stöðu mála í Súðavík með tilliti til snjóflóðahættu. Fram kom m.a. í viðtali við þáverandi sveitarstjóra Súðavíkur, Sigríði Hrönn Elíasdóttur, að vinna þyrfti nýtt hættumat í kjölfar snjóflóðsins þar sem snjóflóðið hefði komið inn á svæði sem átti að vera öruggt og búið var að vinna hættumat fyrir. Aðspurð um hugsanlegar snjóflóðavarnir vísaði hún til þess að samkvæmt hennar skilningi væri frumvarp til meðferðar á Alþingi sem gerði ráð fyrir heimild til að kaupa upp eignir á hættusvæðum í stað þess að byggja varnarvirki. Það frumvarp varðaði hins vegar ekki sérstaklega þá heimild sem talin var þá þegar felast í ofanflóðalögum til slíkra ráðstafana heldur fyrst og fremst önnur atriði, þ.e. breytingar og umbætur á snjóeftirlitskerfinu og lækkun á kostnaðarhlut sveitarfélaga vegna snjóflóðavarna, einkum þá í tengslum við byggingu og viðhald varnarvirkja. Á hinn bóginn stóð þá einnig fyrir dyrum setning nýrrar reglugerðar um gerð hættumats vegna snjóflóða. Drög að nýrri reglugerð höfðu að geyma ákvæði í þessu sambandi, á grundvelli heimildar sem talin var felast í ofanflóðalögum fyrir því, þ.e. að liður í varnaraðgerðum gæti verið að kaupa upp fasteignir innan hættusvæða í stað þess að reisa varnarvirki vegna þeirra.

Í janúar 1995, nokkrum dögum fyrir snjóflóðið, kom fram við rannsóknina að Össur Skarphéðinsson, þáverandi umhverfisráðherra, hefði farið til Súðavíkur í tilefni af áhyggjum sem Heiðar Guðbrandsson, snjóathugunarmaður í Súðavík, hefði komið á framfæri við Össur af ástandi mála varðandi viðbúnað gegn snjóflóðum þar. Í skýrslu hjá rannsóknarnefndinni lýsti Össur því nánar að Heiðar hefði hringt í hann í tvígang eftir snjóflóðið í desember 1994 og borið upp „miklar áhyggjur sínar“ af því að bæjarstjórnin beindi „árvekni sinni einkum að tilteknu svæði eða stað“ sem Össur hefði á þeim tíma ekki vitað nákvæmlega hver var. Á Heiðari hefði mátt skilja að hættumatid væri „snarvitlaust“ og það væru „skritnir hlutir“ þar, en ekki komu skýrlega fram við skýrslutökuna hjá rannsóknarnefndinni upplýsingar um hvað hefði hugsanlega verið átt við nánar með slíku orðalagi. Össur hefði í kjölfarið farið til Súðavíkur ásamt ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneytinu. Þar hefðu þeir hitt

Sigríði Hrönn, Heiðar og fleiri, sem ekki kom nánar fram hver hefðu verið. Heiðar hafi farið með Össur á svæðið við leikskólann og þar fyrir ofan, bent upp gilið og sagt: „Það mun koma þar. Snjóflóðið mun koma þaðan.“ Hjá Össuri kom fram að hann hefði á þessum tíma upplifað stöðu Heiðars gagnvart hreppsnefnd og samskipti þar á milli á þá leið að hreppsnefnd tæki almennt ekki mikið mark á Heiðari og skoðunum hans. Össur orðaði það svo að þau hefðu verið „framstyggt“ gagnvart Heiðari. Össur var spurður við skýrslutökuna hvort hann hefði rætt þessar áhyggjur Heiðars við heimamenn eða hvort eitthvað hefði annars verið gert með þær. Fram kom um það að hann hefði átt samtál um áhyggjur Heiðars við Sigríði Hrönn en í ljósi þess hve skammur tími leið frá þessu til snjóflóðsins hefði ekki verið hægt að grípa til aðgerða.

Greint var frá veðri og veðuraðstæðum í aðdraganda snjóflóðsins bæði í mannskaðaskýrslu lögreglunnar á Ísafirði og skýrslu Almannaþingarinnar „Snjóflóð 95“. Þar kemur fram að snjóflóðið hafi að öllum líkindum fallið úr efstu brúnum fjallsins og að mikil skriðlengd þess yrði varla skýrð ef upptökin hefðu verið neðar í fjallinu. Ástæðan var talin „mikil og feiknahröð snjósöfnun vegna ofankomu og skafrennings fram af fjallsbrúninni, eftir að vindur hafði snúist til N- og NV-lægra átta um kvöldið“. Lengd snjóflóðsins var talin hafa verið um 1200 metrar og breidd þess nálægt 400 metrum. Snjómassi var áætlaður um 80.000 rúmmetrar. Talið var líklegt að höggbylgja hefði skolið fyrst á húsunum og brotið þau niður áður en snjómassinn lagðist yfir og má telja það í samræmi við frásagnir fólks sem í húsunum var þegar snjóflóðið féll á þau, þar á meðal við skýrslutökur hjá rannsóknarnefndinni. Við mannskaðarannsókn lögreglunnar á Ísafirði var jafnframt aflað upplýsinga hjá Veðurstofu Íslands um veður nokkrum klukkustundum fyrir snjóflóðið og er þar getið upplýsinga úr veðurathugunum frá þessum tíma.

Rannsóknarnefndin leitaði til Einars Sveinbjörnssonar veðurfræðings í því skyni að fá nánari greiningu á veðuraðdraganda snjóflóðanna í Súðavík 1995. Einari var falið að setja fram upplýsingar um og gera grein fyrir veðuraðstæðum tengdum snjóflóðinu í Súðavík morguninn 16. janúar 1995 og næstu daga og klukkustundir áður en það féll. Þá var honum falið að leggja mat á hvort og þá hvernig mætti telja þær veðuraðstæður hafa verið óvenjulegar, einkum m.t.t. vindáttar og styrks sem og snjókomu og skafrennings í fjallinu ofan byggðarinnar.

Samkvæmt greinargerð Einars má samandregið telja að orsakir snjóflóðsins í Súðavík megi, auk mikillar ofankomu, einkum rekja til óvenjulegrar vindáttar og veðurhæðar á Súðavíkurfjalli sem leiddi til snjóburðar fram á brúnir Súðavíkurfjalls ofan byggðarinnar. Um miðjan janúar 1995 hafi verið talsverður snjór til fjalla. Dagana 10. til 14. janúar 1995 hafi skapast miklar og greinilegar hitaandstæður á milli kalda heimskaualoftsins við Grænland og milda Atlantshafslóftsins í suðri, vestur af Bretlandseyjum. Skilyrði til myndunar lægða og óðadýpkunar þeirra nærri Íslandi hafi öll verið til staðar og raungerðist það. Óðadýpkun óveðurslæðarinnar yfir landinu var samfara vendingu á stefnu hennar. Í stað þess að halda áfram norðaustur yfir landið sveigði lægðin af leið sinni og barst til vesturs fyrir norðan land. Í sinni vestustu stöðu, með lægðarmiðju úti fyrir Skagafirði, varð lægðin dýpst um 940 hPa um eða upp úr klukkan 03:00 aðfaranótt 16. janúar. Mikill veðurhamur með N- og NV-átt hafi náð hámarki um svipað leyti. Milt og rakt loft að uppruna komst í ríku mæli í veg fyrir mun kaldara loft í vestri. Við það varð ofankoma einnig ákafari en annars hefði orðið um norðvestanvert landið.

Rannsóknarnefndin fór þess jafnframt á leit við Veðurstofu Íslands að taka saman hvaða veðurlýsingar eða viðvaranir hefðu verið gefnar í fjölmiðlum dagana fyrir snjóflóðið, einkum í veðurfréttum útvarps eða sjónvarps eða í fréttum þessara miðla. Af þeim upplýsingum má ráða að síðustu veðurfregnir fyrir snjóflóðið hafi verið fluttar klukkan 04:50 aðfaranótt 16. janúar 1995 og var þá spáð norðlægrri átt, víðast roki og ofsaveðri, en fávíðri á stöku stað og snjókomu á Vestfjörðum. Í veðurfregnum sólarhring fyrir snjóflóðið voru færðar fregnir af snjókomu og skafrenningi um land allt og tilgreint var að ekkert ferðaveður væri. Fram kom í veðurfréttum að það liti út fyrir að slæmt veður yrði á öllu vestanverðu landinu 16. janúar 1995, „sérstaklega þó á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum“. Í kvöldfréttum

Ríkisútvarpsins 15. janúar 1995 var fjallað um að hið versta ferðaveður væri um mestallt landið og nefnt í því sambandi að flestir vegir væru ófærir á Vestfjörðum, auk fleiri staða á landinu þar sem ekkert ferðaveður væri víða.

Björgunar- og hjálparstörf í Súðavík, á tímabilinu 16. til 23. janúar 1995, voru unnin við afar krefjandi veðurastæður í Súðavík og á Vestfjörðum, einkum þá fyrstu tvo dagana, 16. og 17. janúar, og undir stöðugri hættu á frekari snjóflóðum. Sú hætta raungerðist að kvöldi 16. janúar 1995 þegar annað stórt snjóflóð féll í Súðavík, að þessu sinni úr Traðargili, á meðan á björgunaraðgerðum stóð. Lýsingar og atvik varðandi aðstæður til siglinga til og frá Súðavík og ferðir skipa sem ferjuðu hjálparlið og björgunarbúnað til Súðavíkur styðja það enn frekar. Í heild tóku á fjórða hundrad manns þátt í björgunaraðgerðum í Súðavík og 13 skip tóku þátt í flutningum og hjálparstarfi.³⁰⁷

Í helstu gögnum sem komu fram við rannsóknina varðandi björgunarstörf í Súðavík vegna snjóflóðsins, svo sem skýrslunni „Snjóflóð 95“ og greinargerð Landsbjargar og Slysavarnafélags Íslands, kemur fram það álit að björgunarfólk hafi unnið þrekvirki við hinar erfiðustu aðstæður í störfum sínum og var þar sérstaklega vísað til þess björgunarfólks frá Súðavík, Ísafirði og nágrenni sem fyrst kom á vettvang og bar hitann og þungann af leit og björgun lengst af í aðgerðunum. Hið sama má ráða af umfjöllun í fjölmiðlum meðan aðgerðirnar stóðu yfir og eftir þær, þar á meðal af ummælum ráðamanna stjórnvalda á þessum tíma. Vettvangsstjórn aðgerðanna var einnig talin hafa verið eins góð og markviss og aðstæður frekast leyfðu.

Samkvæmt mannskaðaskýrslu lögreglunnar á Ísafirði og rannsóknargögnum hennar lentu 25 hús innan áfallasvæðisins, þar af sjö hús sem hýstu fyrirtæki og stofnanir. Alls voru 64 íbúar búsettir í íbúðarhúsum og voru 63 í húsunum þegar snjóflóðið féll að morgni 16. janúar 1995. Í kaflanum er gerð grein fyrir upplýsingum um hús sem urðu fyrir snjóflóðinu og afdrifum þess fólks sem þá var þar innandyrá. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar hlutu tíu manns líkamlega áverka í hamförunum og leituðu læknaaðstoðar en mikill fjöldi fólks leitaði andlegrar aðhlyningar. Alls fórust 14 manns, átta börn og sex fullorðnir, á aldrinum eins og hálfis árs til 66 ára.³⁰⁸ Um 37 klukkustundir liðu frá því að snjóflóðið féll að morgni 16. janúar 1995 þar til síðustu einstaklingarnir sem leitað var að fundust við björgunarstörf í Súðavík.

Í kjölfar björgunaraðgerða í Súðavík fór fram nokkur umræða og rýni vegna aðgerðanna meðal þeirra sem að þeim aðgerðum komu. Þetta birtist bæði í umfjöllun fjölmiðla og í skýrslum hlutaðeigandi, m.a. í greinargerð Landsbjargar og Slysavarnafélags Íslands. Í greinargerð þeirra voru dregin fram þau meginatriði sem samtökin vildu taka til frekari rýni eftir aðgerðirnar og settar fram tillögur til úrbóta vegna þeirra. Þar kom fram að ekki væri að mörgu að finna varðandi björgunaraðgerðir í Súðavík, sem taldar voru hafa gengið frábærlega vel að flestu leyti, en nokkur atriði nefnd sem taka þyrfti til skoðunar. Þau lutu í meginatriðum að aðdrætti björgunarliðs og aðbúnaði þeirra. Þar voru jafnframt m.a. gerðar alvarlegar athugasemdir við það að landsstjórn björgunarsveita hefði ekki verið kölluð út strax eftir að Almannavörnum ríkisins barst vitneskja um flóðið að morgni 16. janúar 1995. Einnig voru gerðar athugasemdir við þann tíma sem leið frá því að björgunarmenn lögðu fyrst af stað til Súðavíkur með skipinu Fagranesi. Loks var gerð athugasemd við það að varðskipið Týr hefði fyrst lagt úr höfn frá Reykjavík með björgunarlið og tækjabúnað þegar átta klukkustundir og 15 mínútur voru liðnar frá því að snjóflóðið féll. Þessari rýni var svarað af hálfu Almannavarna ríkisins eins og rakið er nánar í kaflanum.

Þá komu fram athugasemdir í greinargerð Rauða kross Íslands þess efnis að upplýsingar hefðu borist treglega um gang aðgerða og tekið dæmi um það að á meðan á aðgerðum stóð hafi aðstandendur fengið fregnir af láti ættingja sinna í fjölmiðlum áður en gefist hafði tími til að láta þau vita. Héraðslæknir Vestfjarða ritaði skýrslu um áfallahjálp vegna snjóflóðsins og bar fram ábendingar um áfallaaðstoð. Í fjölmiðlaumfjöllun og á vettvangi Błaðamannafélags Íslands birtist jafnframt gagnrýni á þá ákvörðun sýslumannsins á Ísafirði, Ólafs Helga Kjartanssonar, að bíða með fréttaflutning af atburðinum að morgni

307. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025 og skýrslan „Snjóflóð 95“ (23).

308. Skjalasafn lögreglustjórans á Vestfjörðum. Gögn afhent 19.2.2025.

16. janúar 1995 og hafa hömlur á aðgangi fjölmiðla að flóðasvæðinu. Þá gerðu blaðamenn athugasemdir við það að fréttamönnum hafi ekki verið heimilað að fara á áfallasvæðið fyrir en nokkrum dögum síðar og þá í fylgd lögreglu. Þessu var svarað af hálfu sýslumannsins, sem kvað aðgengi blaðamanna hafa verið takmarkað til að tryggja öryggi blaðamanna og að ákveðið hefði verið að bíða með að flytja fregnir af slysinu um morguninn þar sem óljósar upplýsingar hefðu legið fyrir um atburðinn í upphafi. Þetta kom jafnframt fram í skýrslu Ólafs Helga hjá rannsóknarnefndinni.

Rúmum þremur mánuðum eftir að snjóflóðið féll lá fyrir greinargerð Almanna- ríkisins um snjóflóðin í Súðavík, dagsett 28. apríl 1995. Á sama tíma fór fram vinna við heildarskýrslu um snjóflóðið í því skyni að unnt væri að draga lærdóm af atburðinum. Sú heildarskýrsla Almanna- ríkisins lá fyrir í janúar 1996 undir heitinu „Snjóflóð 95“ þar sem fjallað er um skipulag og framkvæmd hjálparstarfs í Súðavík og einnig um sömu efni varðandi mannskætt snjóflóð sem fallið hafði á fjárhús við bæinn Grund í Reykhólasveit 18. janúar 1995. Samkvæmt formála skýrslunnar var tilgangur hennar að taka saman þá reynslu sem fengist hafði í aðgerðum vegna snjóflóða í Súðavík og Reykhólasveit í janúar 1995, í því skyni að vinna að úrbótum á skipulagi og framkvæmd almanna- ríkisins til framtíðar. Þá lá mannskaðaskýrsla lögreglunnar á Ísafirði fyrir í janúar 1997.

Meðal gagna sem rannsóknarnefnd Alþingis aflaði við rannsóknina voru frumdrög að áðurnefndri skýrslu almanna- ríkisins, „Snjóflóð 95“. Drögin voru lögð fyrir gesti ráðstefnu sem haldin var í Hnífsdal í lok maí 1995 í tengslum við vinnu við þá skýrslu, í því skyni að móta endanlega mynd hennar. Af þessum frumdrögum má sjá að skýrslan hafi tekið breytingum undir vinnslu hennar og hafi upphafleg drög verið styttnokkuð við þá vinnu.³⁰⁹ Af drögum má ráða að þær breytingar hafi einkum lotið að orðalagi, breytingum á röð og skipan kafla, samræmingu til að forðast endurtekningar og viðleitni til að stytta og skýra framsetningu í skýrslunni. Þess má jafnframt geta að í inngangi að endanlegri útgáfu skýrslunnar segir m.a. að hún hafi verið unnin undir miklum þrýstingi um að hraða gerð hennar sem mest. Tekið er fram í innganginum að ekki leiki vafi á að sá mikli hraði hafi að einhverju leyti komið niður á gæðum skýrslunnar. Á meðal breytinga á efni skýrslunnar frá frumdrögum hennar má nefna að stytt var verulega umfjöllun um samskipti meðlima almanna- ríkisins við Veðurstofu Íslands og Almanna- ríkisins sunnudaginn 15. janúar og aðfaranótt 16. janúar 1995 en hins vegar er sömu umfjöllun, að meginstefnu orðrétt eins eða efnislega á sömu leið, að finna í áðurnefndri fyrri greinargerð Almanna- ríkisins 28. apríl 1995. Í endanlegri skýrslu var þannig ekki fjallað um þær athugasemdir sem höfðu borist frá hlutaðeigandi vegna vinnslu þessarar fyrri greinargerðar Almanna- ríkisins og ósamræmi sem birtist í frásögnum þeirra varðandi samskiptin þessa nótt, svo sem hins vegar var fjallað fremur ítarlega um í greinargerðinni. Í niðurlagi þess kafla endanlegrar útgáfu skýrslunnar „Snjóflóð 95“ sem fjallar um aðdraganda flóðsins kemur þó samandregið og í stuttu máli fram að misskilningur hafi komið upp á milli „aðila í Súðavík“ og „réttar upplýsingar um þann misskilning“ hafi aldrei komist til sýslumanns eða Almanna- ríkisins. Þá er fullyrt að ekki hafi verið fylgt skipulagi almanna- ríkisins um viðbúnaðar- eða hættustig við boðskipti og mat á aðstæðum eða því formi sem átt hefði að vera á tilkynningaflæði og mati á hættuástandi. Þessar fullyrðingar voru hins vegar ekki settar fram þannig í skýrslunni að jafnframt væri sundurliðað sérstaklega hvernig framkvæmd hefði nánar og nákvæmlega ekki verið í samræmi við einstök fyrirmæli í neyðarskipulagi.

Af því sem rakið er í þessum kafla skýrslu rannsóknarnefndarinnar um samskipti meðlima almanna- ríkisins við Veðurstofu Íslands og Almanna- ríkisins aðfaranótt 16. janúar 1995 má ráða að í grunninn séu helst tvö atriði sem borið hafi í milli í frásögnum nefndarmanna almanna- ríkisins við Veðurstofu Íslands og Almanna- ríkisins.³¹⁰ Í fyrsta lagi hélt Sigríður Hrönn Elíasdóttir því fram að Heiðar Guðbrandsson hefði aldrei nefnt áhyggjur af „ytra svæðinu“ í samtölum þeirra á milli, öndvert við frásögn Heiðars. Hvorki Sigríður Hrönn né Ólafur Helgi Kjartansson kváðust hafa fengið upplýsingar um mögulega hættu á „ytra svæðinu“.

309. Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna- ríkisins 2010. D-41 (1–134).

310. Eins og nánar kemur fram í kaflanum má minna á hér að þar sem talað er um „athugasemdir“ viðkomandi hér á eftir er átt við athugasemdir eða greinargerðir hlutaðeigandi einstaklinga sem sendar voru eða aflað var af Almanna- ríkisins í tilefni af vinnslu greinargerðarinnar 28. apríl 1995 um þessi atvik.

Magnús Már Magnússon kvaðst í skýrslu sinni hjá rannsóknarnefndinni hafa rætt við Heiðar, Sigríði Hrönn og Ólaf Helga um þá hættu. Í blaðaviðtali við Sigríði Hrönn í Morgunpóstinum 30. mars 1995 kom fram að hún kannaðist ekki við að Magnús Már hefði rætt við hana um hættu á Nesvegi og Túngötu.³¹¹ Í öðru lagi kvaðst Ólafur Helgi ekki hafa lagt það til í símtali þeirra Sigríðar Hrannar að fundi almannavarnanefndar Súðavíkur yrði seinkað til klukkan 08:00 um morguninn. Þvert á móti kvaðst hann hafa fyrirskipað Sigríði Hrönn að efna þá þegar til fundar innan nefndarinnar símléiðis og bóka um ákvarðanir nefndarinnar um morguninn þegar hægt væri að halda fund.

Ólafur Helgi gaf skýrslu hjá rannsóknarnefndinni 18. september 2025.³¹² Um þessi atriði kom helst fram að hann kvaðst hafa verið í samskiptum við Magnús Má og Sigríði Hrönn frá sunnudeginum 15. janúar 1995. Ólafur Helgi sagði það hafa verið „klárt mál“ í samskiptum hans og Sigríðar Hrannar að „gengið yrði í þær rýmingar sem hættumatið segði til um“. Þau hefðu farið lið fyrir lið yfir leiðbeiningar og möppur Almannavarna ríkisins, farið eftir fyrirmælum þar og þar með hefði verið „uppfyllt hið formlega skilyrði að undirbúningnum“. Hann sagðist ekki hafa rætt við aðra nefndarmenn almannavarnanefndar Súðavíkur um nóttina. Ólafur Helgi lýsti því að Gunnar Finnsson hafi verið staðgengill hans í almannavarnanefndinni að tilhlutan Almannavarna ríkisins til að hann hefði staðgengil. Hann kvað þá ekki hafa verið í sambandi þessa nótt.

Í skýrslu Ólafs Helga ræddi hann meðal annars um að fram kæmu í skriflegum athugasemdum hans til almannavarna á sínum tíma fyrirmæli hans þessa nótt til Sigríðar Hrannar, sem hefðu verið: „Láttu rýma húsin, moka Aðalgötuna og kalla saman almannavarnanefndina“. Það hafi hins vegar ekki verið gert og fundargerð ekki verið rituð um ákvarðanir nefndarinnar á þessum tíma. Ólafur var spurður hvort hann myndi eftir síðasta símtalinu við Sigríði Hrönn þessa nótt. Hann kvaðst hafa munað það nógu vel til að hafa getað skráð það í áður nefndar athugasemdir sínar og tók auk þess fram að hann myndi eftir því að hafa gert kröfu um að „gengið yrði í að rýma allt sem þurfti að rýma samkvæmt hættumatinu“. Hann kvaðst þó ekki muna einstök orð sem kynnu að hafa fallið þeirra á milli í símtalinu.

Ummæli Ólafs Helga um síðastnefnd atriði í skýrslu hans, þar á meðal við nánari spurningar rannsóknarnefndarinnar í tilefni af þeim við skýrslutökuna, mætti hugsanlega skilja efnislega svo að hann hefði í umræddu samtali við Sigríði Hrönn gefið fyrirmæli um að allt hættusvæði vegna snjóflóða í Súðavík skyldi rýmt. Í ljósi þessa má telja tilefni hér til að vitna beint til lýsinga þeirra beggja á efni eða inntaki þessara samskipta í athugasemdum hvors um sig til Almannavarna ríkisins á sínum tíma vegna vinnslu greinargerðar þeirra sem fyrir lá 28. apríl 1995.

Í athugasemdum Ólafs Helga, dagsettum 24. apríl 1995, kemur fram varðandi þessi samskipti hans og Sigríðar Hrannar:

„Næst var haft samband frá Súðavík kl. 02.30, er sveitarstjórinn í Súðavík Sigríður Hrönn Elíasdóttir hringdi og kvaðst hafa verið að ljúka símtali við Magnús Má. Niðurstaðan væri sú að undir Traðargili væri álitin hætta á snjóflóðum. Svar sýslumanns var svohljóðandi: „Láttu rýma húsin, moka Aðalgötuna og kalla saman almannavarnanefndina“. Sveitarstjóri sagði ómögulegt að komast á fundarstað vegna ófærðar og veðurs og vildi fresta fundi til morguns. Svar sýslumanns var að þá skyldi hafa símafund eða símsamband við hvern nefndarmann. Fundargerð yrði þá staðfest um morguninn.

Um frekari samskipti var ekki að ræða fyrr en snjóflóðið hafði fallið.³¹³

Í athugasemdum Sigríðar Hrannar, dagsettum 27. apríl 1995, kemur fram um sama samtali hennar og Ólafs Helga það sem hér fer á eftir en samhengis vegna fylgir þar einnig með lýsing hennar næst á undan í athugasemdunum á samtali við Magnús Má Magnússon áður en hún hringdi í Ólaf Helga:

Blaðamaður: „Nú staðfestir Magnús Már, snjóflóðasérfræðingur, að þeir Heiðar hafi rætt þessa hættu [vegna húsa við Túngötu og Nesveg]?

Sigríður Hrönn Elíasdóttir: „Það þekki ég ekki. Magnús Már hringdi í mig um nóttina og sagði að það væri hætta á Traðargilssvæðinu. Það var aldrei minnst á Nesveg og Túngötu.“

Úr viðtali Helgarpóstsins við Sigríði Hrönn Elíasdóttur 30. mars 1995.

„Rýmingin í Súðavík, hún fór eftir snjóflóðahættumatinu. Það var enginn sem sá það fyrir að öll hlíðin beint fyrir ofan bæinn myndi falla þarna niður og það var vegna, eins og þið sjálfsagt vitið, vegna mjög sérstakra veðuraðstæðna. Og ég var í stöðugu sambandi þessa nótt, alveg frá því bara snemma á sunnudagsmorgni, ef ég man það rétt, það er kannski hægt að kanna það, en ég skal ekki fullyrða það eftir allan þennan tíma, en ég var í stöðugu sambandi við Magnús Má Magnússon á Veðurstofunni. Hann sagði mér að það liti ekki vel út með veðrið en það kom aldrei að því í okkar samtölum að þessi atburður gæti gerst.“

Úr skýrslu Ólafs Helga Kjartanssonar, hjá rannsóknarnefnd Alþingis, 18. september 2025.

311. Helgarpósturinn – 26. tölublað – Morgunpósturinn (30.03.1995) – Tímarit.is

312. Skýrsla Ólafs Helga Kjartanssonar fyrir rannsóknarnefnd, 18. september 2025.

313. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (81).

„Á tímabilinu milli kl. 02.15 og 02.30 hringdi YSVÍ [Magnús Mát Magnússon] í mig og tjáði mér að aðstæður væru þannig að snjóflóðahætta gæti skapast en ekki væri bráð hætta á Traðargilssvæðinu en almannavarnayfirvöld yrðu að taka ákvörðun um það hvort ástæða væri til að rýma svæðið. Strax að loknu þessu símtali við YSVÍ hringdi ég í Ólaf Helga Kjartansson lögreglustjóra og gerði honum grein fyrir samtali mínu við YSVÍ. Þar sem veðurofsinn var mjög mikill og allar götur ófærar, varð niðurstaðan í því samtali sú að sveitarstjóri léti strax rýma hús á Traðargilssvæði og hringdi í alla almannavarnanefndarmenn og gerði þeim grein fyrir að verið væri að rýma það svæði og fundur yrði haldinn í nefndinni kl. 08.00 á mánudagsmorguninn 16. janúar 1995. Ég fór strax í það að rýma Traðargilssvæðið og kallaði út moksturteki og bíl til að flytja fólk. [...]“³¹⁴

Ekki verður annað séð en að upplýsingar um umrædd samskipti í þessum gögnum, sem voru tekin saman skömmu eftir snjóflóðið af annars vegar Ólafi Helga og hins vegar Sigríði Hrönn og send opinberu stjórnvaldi í því skyni að varpa ljósi á umrædd atvik, varði Traðargilssvæðið og einskorðist við þau. Þessar athugasemdir hvors um sig voru svo lagðar til grundvallar í áðurnefndri greinargerð Almannavarna ríkisins 28. apríl 1995, ásamt öðru sem aflað var við vinnslu greinargerðarinnar um þessi atvik.

Magnús Mát Magnússon gaf skýrslu hjá rannsóknarnefndinni 14. október 2025.³¹⁵ Um þessi atriði kom helst fram að hann kvað menn hafa farið að ræða veðurastæður um eftirmiðdag sunnudaginn 15. janúar 1995. Hann hafi verið í sambandi við Heiðar Guðbrandsson í Súðavík og Odd Pétursson á Ísafirði. Magnús Mát kvaðst hafa átt samtal við Heiðar á sunnudagskvöldinu, þar sem Heiðar hafi sagt að hann hefði ekki síður áhyggjur af svæðinu yfir þorpinu þar sem snjóflóðið síðan féll, hinu svokallaða „ytra svæði“. Magnús Mát kvaðst hafa komið þessum upplýsingum áfram til Sigríðar Hrannar en upplifað að ekki væri „tekið mark“ á Heiðari. Hann kvaðst ekki muna nákvæmlega viðbrögð Sigríðar Hrannar en honum hafi fundist ástæða til að hringja í Ólaf Helga. Ólafur Helgi hafi verið „harður á því“ að hafa samband við Sigríði Hrönn og segja henni að kalla saman almannavarnanefndina. Magnús Mát var spurður hvort áhyggjur af svæðinu fyrir ofan byggðina hefðu verið ræddar á milli hans og Ólafs Helga sem hann svaraði játandi.³¹⁶ Magnús Mát var jafnframt spurður hvernig hefði verið rætt um „ytra svæðið“, þ.e. hvort talað hefði verið um að fá fólk til að rýma svæðið eða um að færa íbúum önnur tilmæli. Hann kvaðst ráma í að rætt hafi verið um að láta fólk vita. Magnús Mát kvaðst hvorki hafa talað við Gunnar Finnsson að kvöldi 15. janúar 1995 né aðfaranótt 16. janúar. Hann kvaðst einungis hafa rætt við Heiðar, Ólaf Helga og Sigríði Hrönn. Hann kvaðst hafa litið svo á að Sigríður Hrönn væri formaður nefndarinnar.³¹⁷

Af því sem fram kom við rannsókn rannsóknarnefndarinnar varðandi þessi atriði, þ.e. fyrirbyggjandi gögnum og skýrslum nefndarinnar, er ekki unnt að leiða í ótvírætt ljós hvað nákvæmlega átti sér stað í samskiptum nefndarmanna varðandi mögulega hættu á „ytra svæðinu“ og varðandi þau tilmæli sýslumanns að kalla ætti almannavarnanefnd til fundar aðfaranótt 16. janúar 1995. Um það stóðu og standa enn orð gegn orði og fær rannsóknarnefndin ekki séð að úr því verði frekar greitt, a.m.k. samkvæmt því sem komið hefur fram við rannsóknina. Hafa ber m.a. í huga þar, líkt og fram kemur einnig í umfjöllun í kaflanum, að þegar rannsókn þessi hófst var einungis einn nefndarmaður almannavarnanefndar Súðavíkur á lífi og til frásagnar um samskiptin þessa nótt, þ.e. Ólafur Helgi Kjartansson.

Af þeim helstu gögnum sem hér liggja fyrir, sem þó má hafa í huga að eru m.a. gögn sem tekin voru saman fremur fljótt í kjölfar þessara atburða, verður einungis ráðið það sem í meginatriðum hefur verið dregið saman hér á undan og lýst er í nánari atriðum í þessum kafla skýrslunnar. Umfram það má taka fram að sömu gögn, sem og önnur gögn og

314. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-17 (106-110)

315. Skýrsla Magnúsar Mát Magnússonar hjá rannsóknarnefnd, 15. október 2025.

316. Í samtali fulltrúa rannsóknarnefndar við Ólaf Helga Kjartansson varðandi þessi atriði úr framburði Magnúsar Mát kvaðst Ólafur Helgi ekki muna eftir slíkum samskiptum við Magnús Mát. Hann kvaðst þó muna að Magnús Mát hefði aldrei nefnt að það ætti að rýma meira en það sem var rýmt. Ef sú hefði verið raunin kvaðst Ólafur Helgi mundu hafa gert það.

317. Um þetta atriði, þ.e. að Magnús Mát hafi rætt við Sigríði Hrönn sem formann almannavarnanefndarinnar, sem hún vissulega var, má til hliðsjónar vísa til umfjöllunar í kafla 6.5 í skýrslunni þar sem gerð er m.a. grein fyrir minnisblaði sem Magnús Mát skrifaði síðar, í október 1995, varðandi m.a. samskipti við almannavarnayfirvöld þessa nótt og grundvöll þeirra. Einnig má hér vísa til umfjöllunar neðar í þessari samantekt um stjórnskipulag almannavarnanefndarinnar.

upplýsingar rannsóknarnefndarinnar, endurspegla á sinn hátt jafnframt að samskiptaörðugleikar og að því er virðist misskilningur um boðleiðir innan nefndarinnar hafi haft sín áhrif á störf, ákvarðanir og aðgerðir almannavarnanefndar Súðavíkur um nóttina. Athugasemdir þess efnis komu einnig fram í greinargerð Almannavarna ríkisins 28. apríl 1995 og síðar í skýrslu þeirra „Snjóflóð 95“. Þá liggur fyrir að á fundi Ofanflóðanefndar 23. janúar 1995, nokkrum dögum eftir að snjóflóðið féll, komu til umræðu samskiptaörðugleikar milli athugunarmanns með snjóflóðahættu og sveitarstjórans í Súðavík þessa nótt. Þegar fundargerðin var rituð þóttu hins vegar ekki liggja fyrir nægar upplýsingar til að fjalla nánar um það á fundinum. Í þessu sambandi er jafnframt rétt að geta þess að upplýsingar sem komið hafa fram við rannsóknina, í ýmsum gögnum og samhengi sem og við skýrslutökur hjá rannsóknarnefndinni, má telja að beri með sér að samskiptaörðugleikar hafi verið fyrir hendi milli Heiðars Guðbrandssonar og Sigríðar Hrannar Elíasdóttur um nokkra hrið bæði fyrir og eftir að snjóflóðið féll.

Til viðbótar ofangreindu þarf jafnframt að gæta að því að fram kom í athugasemdum Magnúsar Mús til Almannavarna ríkisins á sínum tíma, og jafnframt í skýrslu hans hjá rannsóknarnefndinni, að í samtölum sem hann hefði átt þessa nótt varðandi hættu á „ytra svæðinu“ hefði ekki um leið verið rætt um að rýma ætti hús á því svæði. Þeir Heiðar hefðu hins vegar rætt það sín á milli hvort hafa ætti samband við íbúa þar í því skyni að láta fólk vita eða koma þeim tilmælum áleiðis að það héldi sig neðan til í húsum sínum. Um það sama má einnig hafa í huga að Sigríður Hrönn lét þess getið í athugasemdum sínum að ef vitneskja hefði komið fram um snjóflóðahættu á „ytra svæðinu“ teldi hún að einungis hefði verið hringt í íbúana og þau beðin að sofa neðan til í húsum sínum en engum hefði komið til hugar að rýma alla byggðina. Í samhengi við þessi ummæli í athugasemdum Sigríðar Hrannar benti hún jafnframt á að þau sem sváfu neðan til í húsunum sem urðu fyrir snjóflóðinu hefðu ekki bjargast í snjóflóðinu umfram þau sem sváfu ofan til í húsunum.

Í athugasemdum Gunnars Finnssonar, hreppstjóra í Súðavík, kvað hann áhyggjur þessa nótt hafa beinst að Traðargilssvæðinu en Túngata hefði borist lítillaga í tal milli hans og Heiðars. Aldrei hefði þar verið talað um að þar væri veruleg hætta eða að rýma ætti það svæði. Sammæli þeirra Heiðars um að almannavarnanefnd kæmi saman um nóttina kvað hann hafa varðað hættuástand sem þeir töldu vera að myndast á Traðargilssvæðinu. Í athugasemdum Gunnars kom einnig fram að hann gæti ekki staðfest frásögn Heiðars Guðbrandssonar um að Heiðar hefði rætt áhyggjur af „ytra svæðinu“ í símtali við Sigríði Hrönn heldur einungis það að Heiðar hefði farið fram á að almannavarnanefndin yrði strax kölluð saman.

Þeirri spurningu var einnig varpað fram í athugasemdum Gunnars á hvaða tímapunkti hreppstjóri yrði yfirmaður almannavarnanefndar en samhengi þess varðaði nánar fyrirliggjandi neyðarskipulag í Súðavík og ákvæði þess. Gunnar vakti þar athygli á því að Ólafur Helgi hefði komið að málum allt til klukkan 02:30 aðfaranótt 16. janúar 1996. Þau sem hefðu talið sig þurfa að heyrja í yfirmanni nefndarinnar hefðu alltaf haft samband við Ólaf Helga. Hvorki Ólafur Helgi, starfsmenn Veðurstofunnar né starfsmenn Almannavarna ríkisins hefðu hins vegar haft samband við Gunnar. Meðal annars í ljósi framangreinds verður hér stuttlega vikið að stöðu nefndarmanna almannavarnanefndar Súðavíkur samkvæmt skipulagi stjórnar almannavarna í Súðavík og neyðarskipulagi Almannavarna ríkisins á tíma atburða. Eins og fram hefur komið í 4. kafla, þar sem jafnframt var vísað nánar til þessara skjala og neyðarskipulaginu lýst nánar, eru bæði þessi skjöl birt með skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

Samkvæmt grein 3.1 í neyðarskipulagi Almannavarna ríkisins sem var í gildi í janúar 1995 var almannavarnanefnd skylt að hefja aðgerðir ef hópslys, hernaður, náttúruhamfarir eða önnur vá yrði sem dagleg slysa- og öryggisþjónusta gæti ekki annað. Þá sagði í grein 3.2 að lögreglustjóri eða staðgengill hans gæti ákveðið hvenær sem er að almannavarnanefnd kæmi saman og hæfi aðgerðir tafarlaust. Þó kom jafnframt fram í grein 3.3 í neyðarskipulaginu að einstakir nefndarmenn gætu „hver fyrir sig kallað nefndina saman“ ef þeir teldu að hættuástand væri að skapast eða hefði orðið. Skyldi hún þá mæta í stjórnstöð til mats á ástandi, ákvarðanatöku og stjórnunar aðgerða.

„Þá var farið yfir aðdraganda snjóflóðanna í Súðavík og Magnús Mús beðinn að lýsa eftirliti Veðurstofunnar með snjóflóðahættunni sunnudaginn 15. janúar og mánudaginn 16. janúar, fram til þess að flóðið féll [í Súðavík um kl. 06:25, og gera grein fyrir samskiptum sínum við viðkomandi yfirvöld almannavarna vegna þess. Því næst var Guðjón Petersen beðinn að lýsa samskiptum Almannavarna ríkisins við Veðurstofuna og viðkomandi almannavarnayfirvöld á sama tímabili. Í ljós kom að dagbókarfærslur Almannavarna ríkisins um þessi viðskipti og lýsingar Veðurstofu voru fullkomlega samhljóða og samskipti með eðlilegum hætti við yfirmenn almannavarna á svæðinu. Rætt var um að umrædda nótt hefðu komið upp samskiptaörðugleikar milli athugunarmanns með snjóflóðahættu [í Súðavík og sveitarstjórans þar, en ekki lágu fyrir nægar upplýsingar um það til að hægt væri að fjallar frekar um málið.“

*Úr fundargerð Ofanflóðanefndar
23. janúar 1995.*

Samkvæmt skipuriti stjórnar almannaþingarinnar Súðavíkur, frá október 1994, fóru lögreglustjóri og staðgengill hans með yfirstjórn í almannaþingarnefnd og skyldu þeir fara með löggæslu, verndun og gæslu, viðvaranir, brottflutning, mannflutninga og tengsl við Almannaþingir ríkisins. Sveitarstjóri skyldi sinna fjölda- og félagshjálpi, upplýsinga- og gagnasöfnun fyrir almannaþingarnefnd og fjölmiðlun. Í skipulaginu var ekki gert ráð fyrir að einstaklingur sem gegndi stöðu formanns nefndarinnar hefði á þeim grundvelli sérstaka stöðu eða skyldur umfram aðra nefndarmenn.

Samkvæmt því sem rakið er í neyðarskipulagi Almannaþingarinnar ríkisins og skipuriti stjórnar almannaþingarnefndar Súðavíkur var ekki sérstaklega kveðið á um eða gert ráð fyrir því að einstakur meðlimur nefndarinnar færi með stöðu formanns almannaþingarnefndar eða að sá færi með sérstakt hlutverk eða vald umfram aðra nefndarmeðlimi. Þeir sem fóru með yfirstjórn nefndarinnar samkvæmt skipuritinu voru lögreglustjóri og, að honum frágengnum, staðgengill hans. Í kafla 5.4 kemur fram hvernig almannaþingarnefnd Súðavíkur var skipuð í janúar 1995, m.a. þá að Gunnar Finnsson, hreppstjóri, var tilgreindur staðgengill lögreglustjóra í almannaþingarnefnd Súðavíkur.³¹⁸ Af því má leiða að samkvæmt skipuritinu út af fyrir sig taldist hann formlega séð yfirmaður almannaþingarnefndar Súðavíkur í fjarveru Ólafs Helga Kjartanssonar, lögreglustjóra og sýslumanns á Ísafirði. Fyrir liggur að Ólafur Helgi var staddur á Ísafirði þessa nótt. Ekki liggur fyrir hvers vegna ekki var haft samband við Gunnar Finnsson aðfaranótt 16. janúar 1995 af hálfu sýslumannsins á Ísafirði, Almannaþingir ríkisins eða Veðurstofu Íslands en samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og skýrslum sem gefnar voru hjá rannsóknarnefnd liggur fyrir að það var ekki gert. Gögn rannsóknarnefndar gefa helst til kynna að óvissa hafi ríkt innan almannaþingarnefndar Súðavíkur um hver færi í reynd með stjórn nefndarinnar í fjarveru Ólafs Helga og enn fremur hvert væri umboð einstakra nefndarmanna innan hennar.

Frásagnir af atburðum og samskiptum innan nefndarinnar aðfaranótt 16. janúar 1995 benda til þess að Sigríður Hrönn, sveitarstjóri í Súðavík, hafi í framkvæmd verið talin fara fyrir nefndinni í fjarveru Ólafs Helga. Í bæði greinargerð Almannaþingir ríkisins frá 28. apríl 1995 og skýrslu Almannaþingir ríkisins „Snjóflóð 95“, er vísað til hennar sem „formanns“ almannaþingarnefndar Súðavíkur. Það var hún vissulega í reynd en eins og fram hefur komið leiddi ekki af því að hún hefði á þeim grundvelli sérstaka stöðu, skyldur eða ábyrgð umfram hina nefndarmennina og í því fólst ekki að hún stýrði nefndinni sem yfirmaður í skilningi neyðarskipulagsins heldur var það hlutverk formlega séð í höndum lögreglustjóra en ella hreppstjóra. Samkvæmt því sem fram kom síðar í viðtali við Sigríði Hrönn virðist hún sjálf hafa litið svo á að hún sem „formaður almannaþingarnefndar Súðavíkur“ hafi í samvinnu við Ólaf Helga átt að sjá til þess að hús yrðu rýmd í Súðavík.³¹⁹ Þá liggur fyrir að þegar Sigríður Hrönn hafi borið þau skilaboð, að sögn frá Ólafi Helga, til annarra nefndarmanna að þar sem ekki væri unnt að halda fund um nóttina skyldi hann haldinn morguninn eftir hafi aðrir nefndarmenn látið þar við sitja, þótt þeir hafi síðar lýst því að þeir hafi verið óvissir um að þau skilaboð væru rétt flutt.

Auk framangreinds ber að hafa hugfast í þessu sambandi að samkvæmt neyðarskipulaginu gat, sem fyrr sagði, hver einstakur meðlimur í nefndinni hvenær sem væri ákveðið að kalla almannaþingarnefnd saman og hefja aðgerðir tafarlaust ef þeir teldu að hættuástand væri að skapast. Af margnefndum athugasemdum frá nefndarmönnum almannaþingarnefndar Súðavíkur virðist hins vegar mega ráða að ekki hafi verið skýr meðvitund innan nefndarinnar um verkaskiptingu eða viðbragðsheimildir einstakra nefndarmanna samkvæmt neyðarskipulaginu. Þess má geta að í umræðupunktum eftir ráðstefnu almannaþingirinnar í Hnífsdal í lok maí 1995 kom fram að sá hópur sem fjallaði um björgunar- og hjálparstarf

318. Vert er að geta þess að árið 1995 var skipulag löggæslu á Íslandi með þeim hætti að sýslumenn fóru með lögreglustjórn innan sinna umdæma. Á þeim tíma þegar atvik gerðust var staðan því sú að Ólafur Helgi Kjartansson var í senn lögreglustjóri og sýslumaður á Ísafirði. Um hlutverk hreppstjóra er fjallað í lögum nr. 32/1965 um hreppstjóra, sem enn eru í gildi. Samkvæmt 1. gr. laganna skal hreppstjóri vera í hverju sveitarfélagi utan aðseturs sýslumanns nema sýslumaður telji þess ekki þörf. Í 6. gr. laganna segir að hreppstjóri sé umboðsmaður sýslumanns, hver í sínum hreppi. Hreppstjórnir fara með lögregluvald og innheimtu opinberra gjalda í umboði sýslumanns, svo og önnur störf samkvæmt settum lögum eða reglugerðum. Þessi tvö ákvæði hafa haldist óbreytt frá því fyrir snjóflóðið 1995 og allt þar fram á tíma rannsóknarinnar. Samkvæmt [athugasemdum með frumvarpi til laganna](#) er ekki um að ræða tæmandi talningu á hlutverki þeirra í lögum, en meginhlutverk þeirra er og var að annast störf fyrir og í umboði sýslumanna.

319. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaþingir ríkisins 2010. D-15 (75).

taldi að þekking almannavarnanefnda á reglum og lögum sem þær störfuðu eftir væri almennt lítil. Af þeim sökum væri að mati hópsins nauðsynlegt að nefndir kæmu saman til að samlesa reglurnar og að það þyrfti að vera ákvæði þess efnis í reglum almannavarna.³²⁰

Í neyðarskipulagi Almannavarna ríkisins var einnig fjallað um viðbúnaðarstig og hættustig vegna snjóflóða, þar sem tilgreindum verkefnum var skipt á milli snjóathugunarmanna, Veðurstofu Íslands, Almannavarna ríkisins og lögreglustjóra eða staðgengils hans. Þar kom fram að á viðbúnaðarstigi skyldi snjóathugunarmaður fylgjast með snjósöfnun og framkvæma athuganir á ástandi snævar og senda upplýsingar um það til Veðurstofu Íslands, sem hafði það hlutverk að gefa út landshlutaspar á grundvelli þeirra upplýsinga. Ef slíkar spár gæfu til kynna líkur á að snjóflóð gæti fallið skyldi sú aðvörun send Almannavörnum ríkisins. Þeirri aðvörun áttu almannavarnir að koma áleiðis til lögreglustjóra sem skyldi tryggja að aðvörunin bærist til allra byggða innan umdæmis og „fyrirskipa að fram [færi] staðlæg athugun á snjóflóðahættu“. Nánar er tilgreint í neyðarskipulaginu í hverju staðlæg athugun átti að felast en á grundvelli hennar átti almannavarnanefnd að framkvæma hættumat sem varð að leiða til niðurstöðu um umfang hættunnar. Yrði það niðurstaðan eftir staðlæga athugun að hættuástand væri talið viðvarandi átti almannavarnanefnd að grípa til ákveðinna ráðstafana sem tilgreindar eru í skipulaginu, m.a. að taka afstöðu til rýmingar eða brottflutnings til að tryggja öryggi íbúa sem taldir væru í hættu.

Fyrir liggur að almannavarnanefnd Súðavíkur kom aldrei saman til fundar aðfaranótt 16. janúar 1995. Af því leiðir að framangreindum atriðum í neyðarskipulagi Almannavarna ríkisins hvað varðar viðbúnað- eða hættustig var ekki fylgt, enda kom nefndin ekki saman til að framkvæma hættumat á aðstæðum sem kveðið var á um í neyðarskipulaginu eða til að efna til þeirra aðgerða sem neyðaráætlunin gerði ráð fyrir í kjölfar slíks hættumats, þótt rýmingar færu fram í hluta þorpsins aðfaranótt 16. janúar 1995. Í því sambandi skal nefnt að í þessu felst ekki sérstök afstaða eða gildisdómur nefndarinnar í þá átt að fundið sé að því að framkvæmdin varð þessi heldur eru með þessu, sem endranær í þessari skýrslu, dregnar fram upplýsingar um atvik á grundvelli þess sem fram hefur komið við rannsóknina. Um leið má þá vísa nánar til umfjöllunar í kaflanum um tilgreindar ástæður sem komu fram síðar fyrir því að nefndin var ekki kölluð saman til fundar þessa nótt og að samráð nefndarmanna um nóttina varð þannig einungis með þeim hætti sem raun bar vitni. Ljóst má telja af því sem komið hefur fram við rannsóknina að upplýsingum eða áhyggjum um að snjóflóðahætta væri að skapast á „ytra svæðinu“ var ekki komið til Almannavarna ríkisins og orð standa gegn orði um það hvort hinu sama hafi verið komið á framfæri við lögreglustjóra og sveitarstjóra Súðavíkurhrepps.

320. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-41 (179).

6. Eftirfylgni stjórnvalda í kjölfar snjóflóðsins

6.1. Inngangur

Umfjöllunarefni þessa kafla falla undir þriðja og síðasta lið ályktunar Alþingis 30. apríl 2024 en samkvæmt honum skal rannsókn nefndarinnar taka til *eftirfylgni stjórnvalda í kjölfar snjóflóðsins*.¹ Umfjöllun hér varðar afmarkaða en að ýmsu leyti innbyrðis tengda þætti sem áttu sér allir stað á sama eða svipuðum tíma frá því skömmu eftir snjóflóðið í Súðavík í janúar 1995 og næstu ár á eftir. Þannig á við hér að ekki gat talist hentugt út frá skýrleika og samhengi að kaflinn í heild væri í tímaröð en í hverjum og einum undirkafla um þessa tilteknu þætti hvern fyrir sig er hins vegar leitast við að fylgja tímaröð, a.m.k. þar sem við á og umfjöllun kallar ekki á annað. Við störf rannsóknarnefndarinnar var talið rétt að rannsókn samkvæmt þessum lið í þingsályktuninni tæki til þeirra efna sem þessi kafli varðar.

Undirkaflaheitin bera með sér þá efni sem hver undirkafla fjallar um. Fyrstu tveir kaflarnir varða annars vegar hreinsunarstarf í Súðavík og hins vegar sjúkrahjálp, fjöldahjálp og félags- og áfallahjálp eftir snjóflóðið en í báðum tilvikum er þá tekinn upp þráðurinn frá 5. kafla skýrslunnar varðandi þessi efni um það bil frá því tímamarki þegar hættuástandi var aflýst í Súðavík að morgni 23. janúar 1995. Í kafla þar á eftir er gerð grein fyrir atriðum varðandi húsnæðismál í Súðavík eftir snjóflóðið, einkum þá um uppkaup fasteigna, flutning byggðarinnar og uppbyggingu nýrrar Súðavíkur ásamt tengdum atriðum. Því næst er kafli um viðbrögð stjórnvalda í bráð og lengd eftir snjóflóðið, einkum þá breytingar á regluverki og stjórnsýslu á sviði snjóflóðamála. Í sama kafla er gerð grein fyrir mati og umræðu innan stjórnvalda á hverjum tíma, þar á meðal strax eftir snjóflóðið, um tilefni og inntak nauðsynlegra breytinga á þessu sviði og vikið að fleiri atriðum sem má telja hafa þýðingu í samhengi kaflans. Loks er í síðasta undirkafla þessa kafla skýrslunnar fjallað í meginráttum, svo langt sem gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar ná eða finna mátti opinberlega, um viðleitni aðstandenda þeirra sem létust í snjóflóðinu og annarra til að krefjast opinberrar rannsóknar á snjóflóðinu og aðdraganda og eftirmálum þess en um leið komu þá fram af þeirra hálfu ýmsar athugasemdir og gagnrýni á tiltekin atriði tengd aðdraganda snjóflóðsins, þar á meðal á umfjöllun í opinberum skýrslum um það.

6.2. Hreinsunarstarf í kjölfar snjóflóðsins og eftirmál þess

Eftir að björgunarstarfi lauk í Súðavík og hættuástandi hafði verið aflétt að morgni 23. janúar 1995 hófst hreinsunarstarf formlega. Hreinsunarstarfið fólst í meginatriðum í hreinsun á götum og í rústum húsa með það í huga að bjarga munum úr flóðinu, skráningu og vörslu þeirra, aðstoð við aðstandendur við leit að munum, hreinsun og vörnum á skaða- og haugsvæðinu á Langeyri í Súðavík.

Á meðan á björgunarstarfi stóð og þar til hættuástandi var aflétt var vettvangsstjórn í höndum almannavarna og viðbragðsaðila. Á þeim tíma störfuðu á svæðinu hópar björgunarsveita, neyðarsveit Slökkviliðs Reykjavíkur sem og þrjár verkfræðingar á vegum Almannavarna ríkisins, auk vélamanna við stjórnun stórvirkra vinnutækja.² Munum sem fundust á þeim tíma var komið fyrir í verðmætageymslu, en eignavarsla hafði verið skipulögð og hófst 20. janúar 1995. Störfum þessara hópa á tímabilinu 17. til 22. janúar 1995 eru gerð skil í kafla 5 í skýrslunni.

Umfjöllun í þessum kafla tekur til tímabilsins frá og með 23. janúar 1995 eftir að sýslumaður aflétti hættuástandi í Súðavík og henni lýkur þegar minningarritur um þá sem létust í snjóflóðinu var vígður sumarið 2005. Umfjöllunin verður að mestu rakin í tímaröð og byggir á þeim skráðu heimildum sem rannsóknarnefndin hefur aflað, þ.e. skýrslum,

1. Um afmörkun á efni kaflans má nánar vísa til umfjöllunar um það í 1. kafla skýrslunnar.

2. Liðsmenn neyðarsveitar Slökkviliðs Reykjavíkur voru að störfum í Súðavík á tímabilinu 17. til 29. janúar 1995. Verkfræðingarnir þrjár á vegum Almannavarna ríkisins störfuðu í Súðavík á tímabilinu 19. til 22. janúar 1995 og lögðu fram tillögur um framhald hreinsunarstarfs við sýslumann.

greinargerðum, minnisblöðum, fundargerðum og dagbókarskráningum sveitarstjórnar og annarra aðila, umfjöllun í ljósvaka- og prentmiðlum, sem og skýrslutökum sem fram fóru undir rannsókn rannsóknarnefndarinnar.

6.2.1. Hreinsunarstarf frá 23. til 29. janúar 1995

Eftir að hættuástandi í Súðavík var aflýst að morgni 23. janúar 1995 fór yfirmaður neyðarsveitar Slökkviliðs Reykjavíkur enn með umboð sýslumanns sem vettvangsstjóri í Súðavík, þar til hann ásamt sveitinni yfirgaf þorpið þann 24. janúar 1995. Þeir slökkviliðsmenn sem komu til Súðavíkur þann 22. janúar 1995 og dvöldu þar til 29. janúar s.á. störfuðu þá á vegum framkvæmdanefndar sveitarstjórnar Súðavíkur frá og með eftirmiðdegi 23. janúar 1995. Við það urðu þáttaskil í starfinu þar sem uppbyggingar- og hreinsunarstarf á vegum sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps hófst eftir að Viðlagatrygging hafði, þann 24. janúar 1995, gefið heimild fyrir hreinsun. Með því færðist hreinsunarstarfið í hendur sveitarfélagsins og aðkomu Almannavarna ríkisins að hreinsun lauk, samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu Almannavarna ríkisins.³

Í skýrslu Björns Gíslasonar, varðstjóra neyðarsveitar slökkviliðsins og vettvangsstjóra í Súðavík, kemur fram að fyrstu aðgerðir þeirra að morgni 23. janúar 1995 hafi verið að flytja stjórnstöð aðgerða úr Frosta yfir á skrifstofu sveitarstjórnar.⁴ Þá var fundað með þeim slökkviliðsmönnum, sem komið höfðu frá Ísafirði kvöldið áður, um verkefnin og sérstaklega farið yfir verðmætavörslu á svæðinu. Enn fremur voru þrír menn skipaðir í verkefni um meðhöndlun muna og verðmætavörslu.⁵

Um klukkan 10:00 komu 40 björgunarsveitarmenn til Súðavíkur og var þeim skipt í fjóra hópa eins og áður og fór hópstjóri fyrir hverjum hópi. Þeir voru settir í störf með hópi slökkviliðsmanna frá Reykjavík, sem komið höfðu til Súðavíkur deginum áður frá Reykjavík. Meðal þeirra var Bergsveinn Alfsson, varðstjóri Slökkviliðs Reykjavíkur, sem tók við starfi vettvangsstjóra af Höskuldi Einarssyni. Vinnan þennan dag fólst í því að leita með nákvæmari hætti að persónulegum munum fólks, bæði í húsum og yfirborði flóðsins. Tveir slökkviliðsmenn sáu m.a. um að setja saman pappakassa og útvega tæki og tól fyrir hópana eftir þörfum. Verðmætavarsla var áfram með sama hætti og sá verðmætavörður um geymslu muna og varðveitti lykil að henni. Sá hafði bæði sendibíl og snjóbíl til umráða til að sækja muni og fara með í félagsheimilið í Súðavík, þar sem verðmæti voru varðveitt. Um klukkan 12:00 voru vaktaskipti meðal slökkviliðsmanna og þriggja manna hópur fór til Ísafjarðar og þaðan til Reykjavíkur ásamt sex öðrum slökkviliðsmönnum sem höfðu verið á Ísafirði undir stjórn Gunnars Arnar Péturssonar, varðstjóra Slökkviliðs Reykjavíkur. Um klukkan 13:00 þennan dag kom rúta með Súðvíkingum frá Ísafirði í því skyni að þau gætu kynnt sér ástand heimila sinna og gætt að eigum sínum. Fram kemur í skýrslu Björns að Súðvíkingar hefðu „greinilega orðið fyrir miklu áfalli þegar þeir sáu hvað eyðileggingin var mikil“.⁶ Vinnuhópum var falið að aðstoða íbúana sem þarna voru komnir til Súðavíkur eins og mögulegt var. Búið var að undirbúa komu Súðvíkinganna með því að moka frá útihurðum húsa og fjarlægja bílflök.⁷ Þennan dag komu einnig þingmenn kjördæmisins sem og fréttamenn til Súðavíkur.⁸

Umræða mun hafa orðið meðal heimamanna um það hvernig hreinsun skyldi fara fram í kjölfarið. Í skýrslu Björns segir um þetta:

„Undirritaður var hér sem fyrr fulltrúi Almannavarna ríkisins á staðnum, en þennan dag var mikil umræða hjá heimamönnum sem vildu fá að hreinsa meira til í flóðinu og þá með stórvirkum vinnuvélum. Tókst að halda aftur af þeim og lét ég þá vita að viðlagatrygging þyrfti að koma og meta hlutina áður en hróflað væri við flóðinu sjálfu. Stuttu seinna kom sveitarstjóri (Sigríður) og gaf út heimild til að moka með vinnuvélum í gegnum

3. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2011. B-111 (275) Skýrsla Almannavarna ríkisins, „Snjóflóð 95“, er birt með skýrslu rannsóknarnefndarinnar í viðauka 5.2.

4. Skjalasafn Slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 15.9.2025

5. Skjalasafn Slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 29.8.2025

6. Skjalasafn Slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 15.9.2025

7. Skjalasafn Slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 15.9.2025.

8. [Tíminn – 16. tölublað \(24.01.1995\) – Tímarit.is](#)

flóðið. Sýslumaður hafði samband við mig og tók það skýrt fram að við værum ennþá við stjórnvölinn þar til annað yrði ákveðið. Hann harðbannaði að það yrði mokað með vinnuvélum í flóðinu og var það stöðvað strax.“

Sýslumaðurinn á Ísafirði óskaði eftir því að slökkviliðsmenn yrðu áfram í Súðavík í að minnsta kosti nokkra daga. Samþykkt var að þrír úr hópnum sem voru búnir að dvelja á staðnum frá upphafi færu heim næsta dag og voru því sjö slökkviliðsmenn í Súðavík fram eftir vikunni.

Að kvöldi 23. janúar 1995 hafði sveitarstjóri Súðavíkur samband við Björn og tilkynnti honum að hreppsnefnd hefði kosið framkvæmdanefnd sem hefði það hlutverk að hreinsa til í flóðinu.⁹ Á fundi hreppsnefndar þennan dag var fjallað um framkvæmdanefnd hreinsunarstarfsins, hverjir skyldu eiga í henni sæti og samþykkt að nefndin myndi starfa tímabundið. Innan verksviðs nefndarinnar féll að taka ákvarðanir um verklegar framkvæmdir, svo sem snjómokstur, og lagnakerfi sveitarfélagsins.¹⁰ Ekki er sérstaklega fjallað um hreinsunarstarfið í fundargerðinni eða hvernig skyldi að því staðið. Inn á fundinn kom framkvæmdastjóri Frosta hf. og las upp fréttatilkynningu frá stjórn Frosta hf. og Álftfirðingi hf. í Súðavík, m.a. um að fyrirhugað væri að hefja rækjuvinnslu mánudaginn 30. janúar 1995. Fréttatilkynningin um þetta efni birtist síðan 24. og 25. janúar 1995 í nokkrum prentmiðlum, m.a. Vestfirska fréttablaðinu, Bæjarins besta og Tímanum.¹¹

Í skýrslu Súðavíkurhrepps um hreinsunina í Súðavík, dagsettri 21. mars 1995, kemur fram að framkvæmdanefnd hreinsunar hafi komið saman á fyrsta fundi sínum 24. janúar 1995.¹² Fjallað er um tvær bókanir í fundargerðum hennar. Á fundinum var í fyrsta lagi ákveðið að ekki yrði hróflað við flóðasvæðinu fyrr en Viðlagatrygging (þ.e. Viðlagatrygging Íslands) hefði gefið skriflega heimild til þess, en fulltrúar hennar voru væntanlegir til Súðavíkur þann 25. janúar 1995. Þá var í öðru lagi ákveðið að haft yrði samband við fulltrúa allra þeirra sem misstu hús í flóðinu. Verkefni framkvæmdanefndarinnar var samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar frá 23. janúar 1995 að sjá um snjómokstur, hreinsun og eftirlit á staðnum.¹³

Í skýrslu Björns Gíslasonar um hreinsunarstarfið kemur fram að þann 24. janúar 1995 hafi hafist vinna að nýju klukkan 08:00 og að áfram hafi verið unnið að því að bjarga verðmætum úr flóðinu. Hóparnir sem voru við störf skiptu með sér verkum og fóru sumir í „ytra flóðið“, þ.e. snjóflóðið sem féll úr Traðargili kvöldið 16. janúar 1995, þar sem þrjú hús höfðu lent undir. Um klukkan 12:00 komu fulltrúar almannavarnaráðs ásamt sýslumanni á svæðið. Þeir komu fyrst í stjórnstöðina þar sem sýslumaður kynnti björgunarstarfið. Síðan gengu þeir um svæðið og skoðuðu ummerki eftir flóðið. Um klukkan 14:00 lét Björn Gíslason vettvangsstjóri af störfum í Súðavík og fór til Ísafjarðar ásamt þremur slökkviliðsmönnum. Bergsveinn Alfónsson tók við yfirstjórn hóps slökkviliðsmanna og starfaði frá þeim tímapunkti á vegum sveitarstjórnar Súðavíkur sem hafði tekið við umsjón starfsins.¹⁴

Fram kemur í ódagsettri skýrslu Bergsveins Alfónssonar, varðstjóra Slökkviliðs Reykjavíkur, að til hafi staðið að björgunarsveitarmenn færu heim þennan dag, en því hafi verið frestað um einn dag að ósk heimamanna. Þann 24. janúar 1995 fór formaður hreinsunarnefndar hreppsins, Elvar Ragnarsson, með Bergsveini um þorpið og kynnti honum aðstæður. Unnið var að snjómokstri af götum bæjarins með tækjum heimamanna og tóku slökkviliðsmenn þátt í snjóakstri á vörubíl hreppsins. Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps hélt fund á Hótel Ísafirði

9. Skjalasafn Slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 15.9.2025.

10. Eftirfarandi tilvísun vegna fundargerða hreppsnefndar Súðavíkurhrepps frá þeim tíma sem rannsóknin tekur til kom fram í 4. kafla skýrslunnar en til hagræðis er hún endurtekin hér: „Varðandi fundargerðir hreppsnefndar Súðavíkurhrepps, og einstakar fundargerðabækur eða söfn fundargerða frá tilteknum tímabilum, hafði nefndin aðgang að þeim hjá Súðavíkurhreppi meðan á rannsókn nefndarinnar stóð. Gögnin eru varðveitt í skjalasafni Súðavíkurhrepps en voru að hluta til lánuð rannsóknarnefndinni við vinnu hennar. Ekki er sérstaklega vísað til einstakra fundargerðabóka sem er vitnað eða vísað til hverju sinni heldur telst tímasetning fundar nægja í því sambandi.“ Við þetta má bæta að með fundargerðunum eru eftir atvikum einnig varðveitt önnur gögn sem stuðst er við í skýrslu nefndarinnar, svo sem fundarboð, minnisblöð og ámóta gögn sem tengjast tilteknum fundum á viðkomandi tíma. Ef sérstök ástæða telst til er vísað nánar til tiltekinnna gagna annarra en fundargerða hreppsnefndar.

11. [Vestfirska fréttablaðið – 3. tölublað \(25.01.1995\) – Tímarit.is](#); [Bæjarins besta – 4. tölublað \(25.01.1995\) – Tímarit.is](#); [Tíminn – 16. tölublað \(24.01.1995\) – Tímarit.is](#)

12. Framkvæmdanefnd Súðavíkurhrepps um hreinsun er í gögnum rannsóknarnefndarinnar um þessi málefni ýmist kölluð framkvæmdanefnd hreinsunar eða hreinsunarnefnd og skýrsla nefndarinnar er ýmist kölluð skýrsla framkvæmdanefndar eða skýrsla hreppsnefndar. Hér eftir er talað um framkvæmdanefnd og skýrslu framkvæmdanefndar.

13. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

14. Skjalasafn Slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 15.9.2025.

um kvöldið með fulltrúum slökkviliðsins, björgunarsveita og hreppsnefndar. Á þessum fundi var framhald vinnu við hreinsunarstarf í Súðavík ákveðið.¹⁵

Fram kemur í skýrslu framkvæmdanefndar að þann 25. janúar 1995 hafi fulltrúar Viðlagatryggingar komið til Súðavíkur og mætt á fund nefndarinnar í kjölfar skoðunarferðar um svæðið. Fulltrúar Viðlagatryggingar heimiluðu hreinsun á götum og á lóðum þar sem altjón hafði orðið. Framkvæmdanefndin ákvað í kjölfarið að funda á hverjum morgni klukkan 08:30 í því skyni að skipuleggja verkefni við hreinsunarstarf. Á þessum tíma var unnið að því að fara í gegnum rústir húsa og næsta nágrenni með aðstoð björgunarsveitar- og slökkviliðsmanna. Í flestum tilvikum munu fulltrúar húseigenda hafa verið viðstaddir leitina. Í skýrslunni segir að talsverðu af munum hafi verið bjargað á þessum dögum og komið fyrir í munavörslu.

Fram kemur í fundargerð framkvæmdanefndar að þann 25. janúar 1995 hafi verið haft samband við björgunarsveitina Erni í Bolungarvík og óskað eftir 20 manna liðsafla um hádegi þann sama dag þar sem björgunarsveitarmenn að sunnan voru á förum. Af hálfu nefndarinnar var lögð áhersla á að setja kraft í leitina þar sem erfiðleikum var háð að moka með skóflum við hreinsun vegna þess að snjórinn var orðinn mjög þéttur og ísaður. Fram kemur í skýrslu framkvæmdanefndar að það hefði verið talið mikilvægt að hreinsunarstarfinu yrði hraðað þar sem Frosti hf. hafði áður tilkynnt að starfsemi í frystihúsinu hæfist 30. janúar 1995. Talið var mikilvægt að koma starfsemi Frosta hf. aftur í gang og að „gera þeim rúmlega 200 íbúum, sem hér ætla að búa, mögulegt að hverfa aftur til daglegs lífs og starfa sem fyrst“.¹⁶

Í skýrslu Bergsveins Alfonssonar kemur fram að þann 25. janúar 1995 hafi vinna hafist klukkan 08:00 og hafi íbúum skemmdra húsa í Traðargili verið veitt aðstoð. Sveit manna úr Bolungarvík aðstoðaði húseigendur í Traðargili og sinnti uppgreiftri á verðmætum undir stjórn slökkviliðsmanna úr Reykjavík.¹⁷ Samkvæmt skýrslunni sinntu tveir slökkviliðsmenn snjóakstri þennan dag á vörubíl hreppsins. Snjóakstri var hætt klukkan 18:00 og gengið var frá fatnaði sem fannst í flóðinu og honum komið í hendur kvenfélagskvenna frá Hnífsdal, sem tóku hann til frekari meðferðar.¹⁸ Aftur var fundað um kvöldið þar sem hreppstjóri Súðavíkur, sveitarstjóri Súðavíkur og fulltrúar Slökkviliðs Reykjavíkur og svæðisstjórnar björgunarsveita ræddu um það hvernig staðið skyldi að hreinsun. Stefnt var að stóru átaki í hreinsun sem átti að hefjast að kvöldi föstudagsins 27. janúar 1995 og standa yfir þá helgi. Þar sem mikið hafði snjóað á Vestfjörðum á þessum tíma var erfitt að fá vélar og vörubíla til Súðavíkur. Allir fundarmenn fengu það hlutverk að gera tilraun til að útvega tæki til hreinsunar og var fundi slitið klukkan 23:00. Þennan sama dag flutti stjórnstöð hreinsunaraðgerða úr skrifstofu hreppsins yfir í húsnæði heilsugæslunnar í Súðavík.¹⁹

Samkvæmt skýrslu framkvæmdanefndarinnar var á fundi nefndarinnar 26. janúar 1995 ákveðið að skipuleggja hreinsun á opnum svæðum og götum og framkvæma hreinsunarátak helgina 27. til 29. janúar. Á þeim tímamarki mun hafa verið búið að hafa samband við eigendur eða fulltrúa þeirra sem misst höfðu hús í flóðinu.²⁰ Þann sama dag hófst vinna klukkan 08:00 og var hreinsun haldið áfram þaðan sem frá var horfið með aðstoð björgunarsveitarmanna. Hreinsunarátak helgarinnar var skipulagt í stjórnstöð og fundur haldinn um kvöldið þar sem farið var yfir skipulag þess.²¹

Í skýrslu Bergsveins Alfonssonar segir að þann 27. janúar 1995 hafi hafist hreinsun á ný klukkan 08:00 og var vinnuáætlun sem lá fyrir eftir fund kvöldið áður afhent hreppsnefnd til umfjöllunar á fundi klukkan 08:30. Í skýrslunni kemur fram að ekki hafi verið „full samstaða hjá nefndarmönnum um framhaldið“. Í skýrslunni segir svo:

15. Skjalasafn Slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 17.9.2025

16. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

17. Skjalasafn Slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 17.9.2025 (BA).

18. Fram kemur í skýrslu kvennadeildar Slysavarnafélagsins á Ísafirði að 17 konur hafi tekið að sér þvotta. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaávarnir ríkisins 2010. D-15 (70-71).

19. Skjalasafn Slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 17.9.2025.

20. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

21. Skjalasafn Slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 17.9.2025.

„[...] sumir vildu að öll verksummerki snjóflóðsins yrðu fjarlægð, en aðrir að hægar væri farið og heimamenn [y]nnu verkið að mestum hluta. Ágreiningur þessi leiddi til þess að vinnuvélareigendur á staðnum sem höfðu hagsmuna að gæta héldu því fram að við úr Reykjavík værum að ákveða umfang verksins sem að sjálfsgöðu var ákvörðun hreppsnefndar og bæjarstjóra. Okkar hlutverk var einungis að halda hlutunum gangandi þar til heimamenn tækju endanlega við verkstjórn.“

Enn fremur segir í skýrslunni að eftir hádegi þennan dag hafi vinna við hreinsun verið stöðvuð vegna jarðarfara átta af þeim sem fórust í snjóflóðinu þann 16. janúar 1995. Hreinsunarátak hófst síðan eftir kvöldmat þann sama dag. Við þá vinnu voru notaðir 17 vörubílar, sex moksturstæki og ein jarðýta en að verkinu komu tíu hjálparsevitarmenn auk slökkviliðsmannanna. Slökkviliðsmenn gengu til náða um miðnætti, en vinna stóð til klukkan 07:00 morguninn eftir og á þeim tímapunkti var búið að hreinsa að mestu öll opin svæði í Súðavík.²²

Samkvæmt skýrslu framkvæmdanefndar kom nefndin saman til fundar að morgni 28. janúar 1995. Fram kom í fundargerð hennar að vel hefði gengið að hreinsa götur og opin svæði um nóttina. Þar sem verkefni voru vel skilgreind og ekki höfðu verið fengin leyfi til hreinsunar nema hjá fáum aðilum var tækjum til hreinsunar fækkað. Bókað var á fundinum að fyrirhugað væri að hreinsa þær lóðir sem heimild lá fyrir vegna.²³ Formaður „settrar starfsnefndar“ hreppsins tók þá ákvörðun að nægilega væri búið að hreinsa og að heimamenn skyldu taka við með eigin tækjum.²⁴ Þennan dag unnu slökkviliðsmenn áfram að hreinsun til klukkan 20:00 og fóru í kjölfarið til Ísafjarðar í gistingu. Þeir flugu til Reykjavíkur degi síðar og lauk þar með vinnu liðsmanna Slökkviliðs Reykjavíkur við hreinsun í Súðavík.²⁵

Fram kom í fjölmiðlum á þessum tíma að ýmsir Súðvíkingar hefðu verið við leit persónulegra muna frá 23. til 28. janúar 1995, m.a. á meðan hreinsunarátakið stóð yfir. Fram kom í þessari umfjöllun m.a. að leit hefði verið erfið, flest húsgögn og tæki væru ónýt, en litlir hlutir og fatnaður hefðu fundist. Í frétt Morgunblaðsins 31. janúar 1995 um lok hreinsunarátaksins kom fram, varðandi leit í tilteknu húsi við Aðalgötu sem snjóflóðið úr Traðargili hafði farið yfir, að erfitt hefði reynst að átta sig á úr hvaða húsum einstaka hlutir komu og að dæmi væru um að hlutir á því svæði hefðu farið alla leið út í sjó.²⁶ Eftir Elvari Ragnarssyni, formanni framkvæmdanefndar hreppsins, voru höfð þau orð varðandi hreinsunarátakið og framhald hreinsunar sem vitnað er til hér til hliðar.

6.2.2. Hreinsunarstarf frá 29. janúar til 22. mars 1995

Frá og með 29. janúar 1995 hafði hreppsnefnd Súðavíkur tekið við hreinsunarstarfi, enda höfðu slökkviliðsmenn frá Reykjavík lokið sínum störfum. Enn var unnið að hreinsun með aðstoð björgunarsveitarmanna og verktaka á staðnum. Í greinargerð Almannafráttar ríkisins 28. apríl 1995 kemur fram að áður nefndan dag, 29. janúar, hafi rústir verið hreinsaðar þar sem leyfi til þess lá fyrir.²⁷

Framkvæmdanefndin lauk störfum og skilaði skýrslu um störf sín 21. mars 1995. Lítið er getið um hreinsunarstarfið, framkvæmd þess og framgang í fundargerðum hreppsnefndar á þessu tímabili. Á fundi framkvæmdanefndar þann 31. janúar 1995 var ákveðið að hreinsa með beltagröfu neðan Túngötuhúsanna. Efni var mokað á bíla með hjólaskóflu. Bókað var í skýrslu framkvæmdanefndar að það hefði „að sjálfsgöðu [verið] gert með samþykki húseigenda“.²⁸ Í skýrslu framkvæmdanefndar kemur enn fremur fram að áður en hafist var handa við hreinsun hafi fulltrúar úr nefndinni rætt við húseigendur og lóðarhafa og fengið heimild fyrir því að hefja hreinsunarstarf. Ekki hafi verið gerðar athugasemdir

„Elvar [Ragnarsson, formaður framkvæmdanefndar Súðavíkurhrepps] sagði að slökkvilið og björgunarlið að sunnan hefði unnið ómetanlegt starf í Súðavík. Hreinsunarátakið hefði gengið hraðar en ætlað hefði verið í fyrstu og nú væri svo komið að búið væri að ryðja götur og opin svæði. Heimamenn tækju við og farið yrði hægar í að ryðja úr vegi húsarústum. Hann sagði að haft yrði samband við hverja fjölskyldu fyrir sig og henni eða fulltrúa hennar gefinn kostur á að vera við þegar hús fjölskyldunnar væri rutt. Elvar sagði að búið væri að hreinsa mikið úr rústunum og líklega myndist ekki mikið meira af persónulegum munum fyrir en byrjað yrði að moka. Væntanlega myndu einhverjir sjá um að tína úr snjónum þá persónulegu hluti sem eftir væru.“

Úr umfjöllun Morgunblaðsins 31. janúar 1995 um lok hreinsunarátaks í Súðavík.

22. Skjalasafn Slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 17.9.2025.

23. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

24. Ætla má að með orðalaginu „settri starfsnefnd hreppsins“ í skýrslu Bergsveins Alfssonar, sem hér er stuðst við, sé átt við framkvæmdanefnd hreinsunarstarfa.

25. Skjalasafn Slökkviliðs Reykjavíkur. Gögn afhent 17.9.2025.

26. [Morgunblaðið - 25. tölublað \(31.01.1995\) - Timarit.is](#)

27. Skjalasafn dómsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 22.4.2025. Vísad hefur verið til umræddrar greinargerðar Almannafráttar ríkisins 28. apríl 1995 fyrir í skýrslunni og er hún einnig birt með skýrslunni, líkt og fram hefur komið.

28. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

af hálfu þeirra utan þess að Hafsteinn Númasson, sem var eigandi hússins að Túngötu 5, óskaði eftir því að grunnur hússins yrði ekki hreyfður fyrir en eftir skoðun hans. Lóðina mátti hreinsa og útrýma slysaöldrum. Bókað var að það hafi að sjálfsögðu verið virt.

Við hreinsunarstörf í Súðavík reyndist samkvæmt skýrslu nefndarinnar ekki lengur unnt að moka með skóflum og voru notuð stórvirkari tæki eins og fram kemur hér að ofan. Þann 21. mars 1995, þegar skýrsla framkvæmdanefndar var rituð, var hreinsun ekki að fullu lokið. Hafi skipulagsstjóri ríkisins óskað eftir að „þær rústir sem uppi [stæðu]“ yrðu skoðaðar af nefnd á vegum umhverfisráðuneytisins.²⁹ Rætt var við svæðisstjórn björgunarsveita á svæðinu um að kalla út menn til aðstoðar við hreinsun muna úr flóðinu þegar snjóá leysti. Ráðgert var einnig, að boði Ísafjarðarbæjar, að unglingar úr Vinnuskóla Ísafjarðar kæmu til aðstoðar í sumarbyrjun og um það rætt að unglingar úr Súðavík störfuðu með þeim.³⁰

Á fundi hreppsnefndar þann 5. febrúar 1995 lagði starfandi sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, Jón Gauti Jónsson, fram minnisblað, dagsett 4. febrúar s.á., um hreinsunarstarfið, en engar umræður eru skráðar um minnisblaðið. Í minnisblaðinu kemur m.a. fram:

„Ekki verður annað sagt en að hreinsunarstarfið hafi í heildina gengið nokkuð vel. Þegar er nánast lokið allri hreinsun sem möguleg er að sinni.

[...]

Í öllum tilfellum höfum við fengið heimild til þess að fara inn á lóðir og til hreinsunar rústa. Það virðist þó hafa komið upp misskilningur á milli Hafsteins Númassonar og milliliða því hann er mjög ósáttur, að mér er sagt, við það hve hreinsunin á lóð hans er langt komin.“³¹

Í fundargerðinni er einnig getið um dagskrá borgarafundar sem haldinn var sama dag og þar fjallaði einn dagskrárliðurinn um hreinsunarstarfið. Fundargerð þessa borgarafundar liggur ekki fyrir. Ekki er heldur getið um umræður á þessum borgarafundi á næsta fundi hreppsnefndar þann 9. febrúar 1995.

Líkt og nánar er rakið í kafla 6.6 ritaði lögmaður sveitarstjóra Súðavíkur bréf fyrir hönd Rögnu Aðalsteinsdóttur 21. febrúar 1995.³² Í bréfinu kom fram gagnrýni á hreinsunarstarfið, hraða þess og framkvæmd, sérstaklega hvað varðaði Túngötu 7, heimili dóttur og dótturdóttur Rögnu sem báðar fórust í snjóflóðinu, sem og ósk um greinargerð um hreinsunina með svörum við athugasemdum í bréfinu.³³ Sveitarstjóri svaraði bréfinu 9. mars 1995 og óskaði eftir fresti til að skila umbeðnum gögnum. Í kjölfar bréfs Tryggva ritaði framkvæmdanefnd skýrslu um hreinsunina sem síðan var send Tryggva þann 27. mars s.á. ásamt fyrrnefndu minnisblaði sveitarstjóra um hreinsunina frá 4. febrúar 1995. Seinni hluta febrúarmánaðar fer að birtast gagnrýni á hreinsunarstarfið í fjölmiðlum.³⁴

Framkvæmdanefnd fundaði þann 14. mars 1995 að ósk hreppsnefndar. Á þeim fundi var farið yfir stöðuna hvað hreinsun áhrærði og í framhaldi af því gekk sveitarstjóri Súðavíkur formlega frá skýrslu um starf framkvæmdanefndarinnar, sem rakin hefur verið.³⁵

Í lok skýrslunnar koma fram hugleiðingar sveitarstjórans, Jóns Gauta Jónssonar, sem tók við af Sigríði Hrönn Elíasdóttur sem sveitarstjóri 24. janúar 1995, sem voru svofelldar:

„Undirrituðum er ljóst að ekki er hægt að krefjast þess að fólk sem er bugað af sorg yfir ástvinamissi sjái þessa atburði með sömu augum og við hin. Það sem er aðalatriðið í þeirra huga er að auk þess að missa sína nánustu eru þau að missa ýmsa persónulega muni, sem þau eru tilfinningalega tengd, muni sem eru mikils virði til minningar um hina látnu.

Undirritaður reiknar með að þessir syrgjendur geri sér illa grein fyrir því að eftir mánaðamótin jan.- feb. var snjór á flóðasvæðinu nánast orðinn eins og jökull að þéttleika. Þau hafa heldur ekki, í sínum huga, rúm fyrir sama skilning og við á mikilvægi þess að

29. Hér má ætla að átt hafi verið við stýrihóp umhverfisráðuneytisins um byggingatæknileg atriði húsa sem vikið er að í kafla 6.5.

30. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

31. Jón Gauti Jónsson var þá orðinn settur sveitarstjóri í Súðavík og hafði tekið við því starfi af Sigríði Hrönn Elíasdóttur 24. janúar 1995 í kjölfar óskar hennar um leyfi frá störfum, líkt og nánar greinir í kafla 6.4 í skýrslunni. Jón Gauti, sem var fæddur 1945, lést árið 2008.

32. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

33. Vísað er í kafla 6.6. vegna nánari umfjöllunar um efni bréfsins.

34. Dæmi um fjölmiðlaumfjöllun: [Dagblaðið Vísir – DV – 45. tölublað \(22.02.1995\) – Tímarit.is](#); [Dagblaðið Vísir – DV – 47. tölublað \(24.02.1995\) – Tímarit.is](#)

35. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

gera þeim rúmlega 200 íbúum, sem hér ætla að búa, mögulegt að hverfa aftur til daglegs lífs og starfa sem fyrst. Eina sem okkur er mögulegt að gera er að biðja þess að tíminn lækni þessi sár og að augu fólksins opnast fyrir okkar hlið mála.“³⁶

Skýrsla framkvæmdanefndar var lögð fram á fundi hreppsnefndar 22. mars 1995. Á sama fundi var samþykkt að ráða tvo menn af atvinnuleysisráðgjafaráðgjafar til hreinsunarstarfa í Súðavík. Ekki er nánar fjallað um í hverju þau störf fælust. Ekki liggur fyrir í gögnum hreppsnefndar hvort þessir menn voru ráðnir. Ekki eru bókaðar umræður um efni skýrslunnar í fundargerðum hreppsnefndar, en um efni hennar var fjallað í Morgunblaðinu þann 10. ágúst 1995 undir fyrirsögninni „Hreinsað með samþykki Súðvíkinga“.³⁷ Í þeirri umfjöllun var sveitarstjóri spurður um fram komna gagnrýni á hreinsunina. Hann kvað hafa verið nauðsynlegt að hreinsa til í Súðavík eftir flóðið „með þeim hætti sem gert var, enda hafi flóðið legið á helstu og einu samgönguæð staðarins“. Sagði svo í umfjölluninni:

„Nauðsynlegt var að hefja hreinsunarstarf til að koma byggðarlaginu í gang á ný og það var öllum ljóst. Þetta var gert með samþykki allra Súðvíkinga á þessum tíma, og áður en hreinsun fór í gang voru tugir hjálparsvéitarmanna að aðstoða fulltrúa þeirra sem fórust eða misstu allt sitt við að leita í rústunum að persónulegum munum dögum saman, með leyfi sýslumanns á Ísafirði. Það var enginn greinarmunur gerður á þeim sem óskuðu eftir að leita þessara hluta.“

Kvaðst Jón Gauti að öðru leyti ekki vilja „skattyrðast við syrgjendur í fjölmiðlum“ og vísaði til skýrslu hreppsnefndar 21. mars 1995 sem hann kvað hafa verið gerða eftir að Ragna Aðalsteinsdóttir hefði óskað eftir rannsókn á eftirmálum snjóflóðsins.³⁸ Hann kvað skýrsluna hafa verið senda til Almannafróðisins og dómsmálaráðuneytisins.

6.2.3. Hreinsunarstarf frá 23. mars til 10. október 1995

Frá þeim tíma er skýrsla framkvæmdanefndar um hreinsunarstarfið lá fyrir, í lok mars 1995, og fram á haust það ár var unnið að hreinsun svæðisins í Súðavík og á Langeyri. Framgangs aðgerða vegna hreinsunar er getið í fundargerðum verkefnisstjórnar vegna uppbyggingar nýrrar Súðavíkur, en nefndin mun hafa tekið að sér skipulagningu hreinsunarstarfsins fyrir hönd hreppsnefndar. Um efni flestra fundargerða verkefnisstjórnar er fjallað í fundargerðum hreppsnefndar, en fundargerðir verkefnisstjórnar voru almennt lagðar fram á hreppsnefndarfundum. Þann 1. maí 1995 var haldinn fyrsti fundur verkefnisstjórnar vegna gatnagerðar og uppbyggingar á nýju íbúðasvæði í Súðavík. Í verkefnisstjórn sátu sveitarstjórinn Jón Gauti Jónsson og Ágúst Kr. Björnsson.³⁹ Hér eftir er vísað í samantekt á fundargerðum verkefnisstjórnar þegar fjallað er um efni funda hennar.⁴⁰

Á fundi verkefnisstjórnar 10. maí 1995 kom fram að nauðsynlegt þætti að grípa til aðgerða á losunarstað á Langeyri og fá nokkurn mannafla til yfirborðshreinsunar sem allra fyrst. Ákveðið var að ræða við svæðisstjórn björgunarsveita í þessu skyni.

Á borgarafundi í Súðavík þann 23. maí 1995 lagði sóknarpresturinn séra Magnús Erlingsson svo fram tillögu að svofelldri ályktun:⁴¹

„Almennur borgarafundur í Súðavík haldinn 23. maí 1995 ályktar að nauðsynlegt sé að hreinsa snjóflóðasvæðið og hauginn á Langeyri á næstu þrem vikum. Skal staðið að hreinsuninni með líkum hætti og gert var í Tungudal vorið 1994 og samið við björgunarsveitir að vinna verkið.“

Samkvæmt umfjöllun Morgunblaðsins 25. maí 1995 um borgarafundinn fékk tillaga Magnúsar ekki afgreiðslu en fundargerð vegna fundarins liggur ekki fyrir.⁴² Í umfjöllun Morgunblaðsins var m.a. greint frá umræðum á fundinum með þeim hætti sem vitnað er til hér til hliðar. Fjallað var um borgarafundinn í öðrum fjölmiðlum sama dag og kom

36. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

37. [Morgunblaðið – 178. tölublað \(10.08.1995\) – Tímarit.is](#)

38. Í viðtalinu er skýrsla framkvæmdanefndar um hreinsunina kölluð skýrsla hreppsnefndar.

39. Ágúst Kr. Björnsson var þá kominn til starfa í Súðavík vegna uppbyggingar þar eftir snjóflóðið, eins og nánar er rakið í kafla 6.4 í skýrslunni og síðar í þessum kafla.

40. Gögn Ágúst Kr. Björnssonar. Gögn afhent í nóvember 2025. Verkefnisstjórn. Uppbygging í Súðavík. Fundargerðir verkefnisstjórnar frá 1. maí til 11. október 1995.

41. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í maí 2025.

42. [Morgunblaðið – 117. tölublað \(25.05.1995\) – Tímarit.is](#)

fram í Tímanum að á borgarafundinum hefðu verið gerðar „harðorðar athugasemdir“ við hreinsunarstarfið af hálfu tveggja aðstandenda látinna í snjóflóðinu.⁴³ Fram kom að athugasemdirnar hefðu snúist um það hversu seint hreinsun gengi og hvað haugurinn á Langeyri væri „ljótur“. Í umfjöllun Bæjarins besta 31. maí 1995 var greint frá því að ádeilur á sveitarstjórn Súðavíkur hefðu komið fram á fundinum varðandi hreinsun braksins úr húsunum sem fóru í snjóflóðinu og voru „ýmsir persónulegir munir s.s. bækur, leikföng og fatnaður“ ennþá sagðir „liggja eins og hráviði í haugum“.⁴⁴ Eftirfarandi var haft eftir sveitarstjóra Súðavíkur í umfjölluninni:

„Þessar töluverðu ádeilur eru frá fólkinu sem missti trúlega mest í þessum hörmungum. Það eru skiptar skoðanir um hvernig eigi að hreinsa svæðið. Við segjum að meðan heilir munir eru að finnast, þá förum við ekki með jarðýtu á hauginn. Það getur enginn maður fullyrt um hvort rétt hafi verið staðið að hreinsunarmálum. Við erum bara mannlegir eins og hinir en við höfum gert okkar besta. Það hefur skort mannafla, en nú er hins vegar komið á samkomulag við aðila á svæðinu um hreinsun, og þeir aðilar munu hefja hreinsun í kvöld [...] og út þessa viku. Við munum ekki fara með stórvirk tæki á svæðið fyrr en við sjáum til botns í haugnum.“

Á fundi verkefnisstjórnar 28. maí 1995 var bókað að ljóst væri að við hreinsunina hefði fundist svo mikið af persónulegum munum, sumir hverjir nánast óskemmdir, að ekki væri talið tímabært að nota stórvirkar vinnuvélar. Þó þætti það til þess fallið að flýta fyrir hlánun og auðvelda hreinsun ef snjór yrði hreinsaður utan með svæðinu sem mest af rústunum væri í. Ákveðið var að munir sem myndu finnast yrðu þurrkaðir og flokkaðir í áhaldahúsinu. Þá var tekin ákvörðun um að áður en stórvirkar vinnuvélar yrðu notaðar við lokahreinsun á Langeyri og á flóðasvæðinu yrði haldinn fundur með eigendum þeirra húsa sem eyðilögðust í flóðinu og rætt við þá um lokafrágang. Við rannsókn rannsóknarnefndarinnar fundust ekki upplýsingar í gögnum hreppsnefndar um hvort sá fundur hafi verið haldinn. Ákveðið var að Ágúst Kr. Björnsson myndi skrifa umhverfisskrá um hreinsunina og óska þess að rannsókn á rústunum yrði hraðað svo hreinsa mætti flóðasvæðið. Þá kom fram á fundinum að þann 24. maí 1995 hefði verið fundað með svæðisstjórn björgunarsveita og óskað eftir mannafla gegn greiðslu. Undirtektir hefðu verið góðar og hafi fyrsti hópurinn mætt til starfa föstudaginn 26. maí 1995. Áætlað hafði verið að einhver fjöldi myndi mæta á kvöldin næstu vikuna.

Þann 31. maí 1995 var bókað í fundargerð verkefnisstjórnar að ástæða væri talin vera til að grafa „rásir“ í þau svæði sem mest væri af rústum á til að kanna „þversniðið“. Ábending hafi borist frá Hafsteini Númasyni um að rétt þætti að raka og/eða skafa jarðvegsleifar af þeim svæðum þar sem hreinsun væri komin að hreinum snjó eða botni í því skyni að bjarga smámunum, svo sem skartgripum. Einnig kemur fram í fundargerðinni að mikill fjöldi björgunarsveitar- og Lions-manna hafi mætt til hreinsunar mánudagskvöldið 29. maí 1995 og að verulegur árangur hafi náðst í hreinsuninni. Fram kemur að áhugi hafi verið fyrir að ráða menn af atvinnuleysisráði til að manna hreinsunarstörf á daginn. Í fundargerð verkefnisstjórnar 7. júní 1995 kom fram að gengið hefði verið frá samningum og skipulagi hreinsunarstarfa sem yrði sinnt af björgunarsveitum á svæðinu. Í fundargerðinni er greint frá samkomulagi um vinnufyrirkomulag björgunarsveitanna og fjölda þeirra sem að hreinsuninni skyldu koma. Enn fremur sagði að það væri í skoðun að sveitir annars staðar að af landinu kæmu til Súðavíkur í stærri hópum um helgar, og var það mál sagt í athugun hjá Landsbjörg og SVFÍ. Greint var frá þessu í fréttabréfi Súðavíkurhrepps þann 8. júní 1995.⁴⁵

Í fundargerð verkefnisstjórnar þann 8. júní 1995 er bókað um að vegna samdráttar í rekstri Frosta hf. væri lítið um vinnu fyrir unglunga. Af þeim sökum þætti rétt að fara þess á leit við hreppsnefnd að heimilað yrði að koma á vinnuskóla fyrir unglungana og yrðu verkefni fyrst og fremst við hreinsun. Greint er frá því að nokkur fjöldi unglunga úr Vinnuskóla Ísafjarðar myndi koma til vinnu við hreinsun um miðjan júní hreppnum að kostnaðarlausu. Lagt var til að ungmenni úr Súðavík myndu sameinast þessum hópi fyrstu dagana. Óljóst

„Nokkur óánægja kom fram á fundinum með hve seint gengi að hreinsa svæðið við Langeyri þar sem snjóflóðinu og rústum húsanna var komið fyrir í vetur. Ennþá eru þarna margra metra þykkir haugar, þar sem öllu ægir saman og blasir við ferðamönnum við þjóðveginn milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Svæðið er opið og getur hver sem er vaðið um það að vild, að sögn eins sem um sárt á að binda eftir slysið. Sveitarstjórnin sagði að reynt hefði verið að hreinsa eftir því sem snjórin bráðnaði, því erfitt væri að koma við vinnuvélum.“

Úr umfjöllun Morgunblaðsins 25. maí 1995 um borgarafund í Súðavík 23. maí sama ár.

43. Tíminn – 96. tölublað (25.05.1995) – Tímarit.is

44. Bæjarins besta – 22. tölublað (31.05.1995) – Tímarit.is

45. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

var um fjölda unglinga, en gert var ráð fyrir að fyrstu vikurnar yrðu hreinsunarstörf styrkt af Viðlagatryggingu. Í fundargerð hreppsnefndar þann 9. júní 1995 var samþykkt að fyrirkomulag vinnu unglinganna yrði í samræmi við tillögur verkefnisstjórnar.

Samkvæmt fundargerð verkefnisstjórnar 13. júní 1995 komu 75 unglingar úr Vinnuskóla Ísafjarðar til vinnu deginum áður og var tekið fram að hópurnir yrðu við vinnu í þrjá daga. Með hópnum störfuðu 20 unglingar úr Súðavík, auk þess sem 40 björgunarsveitarmenn úr Reykjavík og Árnessýslu voru að störfum við hreinsun helgina 10. til 12. júní 1995. Í fundargerðinni er þess getið að vinnan hafi gengið vel og mikill munur hafi sést á flóðasvæðinu eftir átakið. Fram kom einnig að skipuleggjendur ferðarinnar yrðu tilbúnir til að kanna möguleika á annarri ferð, en Flugleiðir hefðu flutt hópinn vestur hreppnum að kostnaðarlausu. Verkefnisstjórn hafi fundað þann 16. júní og hafi þá komið fram að best væri að stofna vinnuflokk elstu unglinganna og mögulegs liðsauka frá Frosta. Ráða þyrfti starfsmann til verkstjórnar þar sem verkefni þættu næg næstu tvo mánuði. Á fundi verkefnisstjórnar þann 23. júní 1995 kom fram að fundað hefði verið með fulltrúa Viðlagatryggingar vegna hreinsunarstarfsins, sem hafi verið sáttur við stöðuna í „meginatriðum“ og myndi beita sér fyrir því að innborgun fengist á verkið, auk þess sem hann samþykkti áætlanir um hreinsun þess sem eftir var.⁴⁶

Í kjölfarið mun hafa fækkað meðal ungmenna í unglingavinnunni, en á fundi verkefnisstjórnar 28. júní 1995 kom fram að ástæða þætti til að halda þeim hópi sem eftir væri áfram í vinnu þar sem mikið væri eftir af hreinsunarstarfi sem Viðlagatrygging styrkti. Fram kom að ekki hefði fengist eins mikil aðstoð björgunarsveita af Norðvesturlandi og Suðurfjörðum helgina áður eins og ráðgert hafði verið, en Landsbjörg hygðist reyna að fá annan hóp til starfa helgina 1. til 2. júlí 1995. Fram kom að sveitir á svæðinu hafi ekki getað mannað hreinsunarhópa á virkum dögum, þátttaka hafi verið nokkuð góð fyrstu tvær vikurnar en síðan líklega komin þreyta í hópinn því starfið virtist óendanlegt. Fjallað var um þessar niðurstöður á fundi hreppsnefndar þann 29. júní 1995. Á þeim sama fundi var einnig skipuð undirbúningsnefnd vegna hönnunar minningarreits við Túngötu. Nefndinni var falið að setja fram skipulagsskilmála og kvaðir fyrir reitinn vegna samkeppni sem fyrirhugað var að fram færi að frumkvæði Félags íslenskra landslagsarkitekta.⁴⁷

Á fundi verkefnisstjórnar þann 30. júní 1995 var ákveðið að Heiðar Guðbrandsson skyldi ráðinn í starf verkstjóra hreinsunarhópsins. Á fundinum mun hafa verið rætt um áhyggjur yfir því að hreinsun á losun rústa á Langeyri gengi mun hægar en vonast hafði verið til.

Verkefnisstjórn getur þess á fundi þann 7. júlí 1995 að vinnuflokkur myndi hefja störf þann 18. júlí og að undirbúa þyrfti það starf að grafa rásir inn á svæðið svo hægt væri að flokka efni án mikils flutnings. „Með því móti [væri] hægt að hreinsa steypustykki og járn eftir að snjór [væri] farinn og hreinsun/leit að verðmætum [væri] lokið.“ Þann 19. júlí 1995 var bókað að vinnuflokkur hefði þá hafið störf á Langeyri. Um væri að ræða þrjá menn, en unnið væri að því að fjölga í hópnum. Fjallað var um flokkun muna á fundi hreppsnefndar þann 21. júlí 1995. Þá var hreinsunin rædd og bókuð samþykkt þess efnis að hreinsaðar yrðu rústir húsanna við Túngötu 1, Aðalgötu 44, 46 og 48. Verkefnisstjórn ræddi á fundi sínum þann 2. ágúst 1995 að erfitt væri að fá menn til hreinsunarstarfa og yrði gerð tilraun til að leita aðstoðar hjá vinnumiðlun stúdenta. Þar væri unnt að fá sex til átta starfsmenn strax. Súðavíkurhreppur myndi greiða kostnað vegna ferða og uppihalds, en reynt yrði að ná samningum við fulltrúa Viðlagatryggingar um kostnað, sem væri forsenda ráðningar. Hreinsunarstarf var sagt ganga vel, en útlit væri fyrir að því myndi ekki ljúka fyrr en seint um haustið eða í byrjun vetrar ef ekki fengist meiri mannaflí.

Verkefnisstjórn tók ákvörðun 22. ágúst 1995 um að fresta hreinsun rústa að Nesvegi 1 og leikskóla og var ákveðið að kanna möguleika á sölu eignanna, en fram kom að ítrekað hefðu komið fram ábendingar og kvartanir frá íbúum nærliggjandi húsa um slysaþættu og ótta við fok næsta vetur. Lagt var til að þessi hús yrðu rifin á sama tíma og önnur hús sem samþykkt hafði verið að rífa, sökum þess að ekki væri áhugi fyrir kaupum á þeim og

46. Gögn Ágústs Kr. Björnssonar. Gögn afhent í nóvember 2025. Verkefnisstjórn. Uppbygging í Súðavík. Fundargerðir verkefnisstjórnar frá 1. maí til 11. október 1995.

47. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

miklu þyrfti að kosta til til að gera við þau. Þann 1. september 1995 kom fram að hreinsun á Langeyri gengi mjög vel og væri í samræmi við væntingar. Lokafrágangi ætti að ljúka fljótlega, en starfsmenn sem fengnir voru til starfana voru að fara af svæðinu.

Á fundi hreppsnefndar 4. september 1995 var fjallað um erindi sem borist hafði frá Arnmundi Backman lögmanni fyrir hönd Hafsteins Númasonar.⁴⁸ Bréf Arnmundar til Súðavíkurhrepps liggur ekki fyrir í þeim gögnum sem rannsóknarnefndin aflaði. Á fundinum var ákveðið að fela sveitarstjóra að ræða við Arnmund vegna erindisins.⁴⁹

Svar Súðavíkurhrepps við erindinu lá fyrir 6. september 1995 og var erindið lagt fyrir á fundi hreppsnefndar 18. september 1995.⁵⁰ Í svarbréfinu kom fram að Viðlagatrygging hefði heimilað að hreinsun hæfist „þar sem um altjón var að ræða og hreinsun gatna“. Hafi það verið skilningur sveitarstjórnar að með því hefði Viðlagatrygging gefið heimild til hreinsunar á rústum og umhverfi þeirra. Sagði svo í erindinu:

„Hvað varðar önnur atriði í bréfi yðar vísast í samtal okkar í dag. Það er ljóst að vilji okkar stendur til þess að ágreiningur þessi verði jafnaður varanlega. Þess vegna hefur undirritaður þá trú að úttekkt hlutlausra aðila á framkvæmd hreinsunarinnar sé nauðsynleg. Það tjón sem hreinsunarstarfið kann að hafa valdið umbjóðendum yðar verður aldrei bætt, það er okkur ljóst, en það er jafnljóst að þeir sem að hreinsunarstarfinu komu nálgudust verkefnið með því hugarfari að gera sitt besta bæði gagnvart þeim sem sárast áttu um að binda og þeim sem hér biðu þess að geta horfið að daglegu lífi og starfi á nýjan leik. Ef hægt er að leiða fram með rökum að heppilegra og eðlilegra hefði verið að standa öðruvísi að málum þá getur það orðið til þess að þeir sem kunna að þurfa að vinna slík verk í framtíðinni hafi leiðarljós sem við höfðu[m] ekki.

Undirritaður mun leggja fram tillögu á næsta hreppsnefndarfundum um að leitað verði sátta um að aðilar komi sér saman um val, eða aðferð til að velja, tvo hlutlausra aðila til þess að yfirfara og skoða á hvern hátt staðið var að hreinsun hér í vetur.“

Í niðurlagi bréfsins var þess óskað að lögmaðurinn kannaði hvort tillagan væri leið að „varanlegum sáttum á milli aðila“.

Á þessum sama fundi hreppsnefndar, 18. september 1995, var bókað að hreppsnefnd væri sammála um að fela sveitarstjóra að taka þátt í umræðum um val eða aðferð í því skyni að velja tvo hlutlausra aðila til að yfirfara og skoða hvernig staðið var að hreinsun í Súðavík um veturinn. Fjallað var um þessa ráðagerð sveitarstjórnar og Arnmundar Backman lögmanns í frétt í DV 27. september 1995.⁵¹ Í umfjöllun blaðsins voru m.a. höfð eftir lögmanninum þau ummæli sem vitnað er til hér til hliðar.

Þann 21. september 1995 ritaði sveitarstjóri Súðavíkur fimm eigendum húsa sem skemmdust í snjóflóðinu samhljóða bréf um samþykkt hreppsnefndar af fundum þann 21. júlí og 4. september 1995 um niðurrif húsanna.⁵² Eigendur voru hvött til að nálgast það sem þau vildu nýta úr húsunum fyrir 10. október 1995. Fram kom að reynt yrði að hlífa gróðri á lóðum við niðurrifið. Þess var óskað að eigendur kæmu ábendingum við efni bréfsins á framfæri við sveitarstjóra.⁵³

Þá sendi sveitarstjóri Súðavíkur öllum eigendum húsa sem urðu fyrir tjóni í snjóflóðunum bréf þann 10. október 1995 þar sem því var lýst að unnið hefði verið að hreinsun og flokkun rústanna á Langeyri frá því að snjóla leysti um vorið.⁵⁴ Fram kom að þessari vinnu væri lokið og búið væri að hreinsa og flokka allar rústir á Langeyri. Svo sagði í bréfinu:

„Þetta verk var unnið með það að markmiði að bjarga því úr rústunum sem mögulegt var

„Ég óskaði eftir svari við því á hverju framkvæmdanefnd hefði byggt rétt sinn til þess að vaða svona fram í þessu hreinsunarstarfi. Sveitarstjórnin hafði samband við mig og var inni á því að það þyrfti að skoða þessi mál. Ég hafði í bréfinu viðrað hugmynd um opinbera rannsókn, en í samtali okkar sveitarstjórnars kom sú hugmynd að settir verði í málið tveir hlutlausir menn.“

[...]

„Það er greinilegt að það þarf að móta einhverjar reglur sem unnið verður eftir þegar svona aðstæður koma upp. Þetta gengur ekki að það sé hægt að pikka út eitt og eitt hús og fyrir sérkennilega tilviljun eru tekin öll húsinn hjá fólkinu sem missti ástvini sína. Þau eru brudd niður miskunnarlaust en sumt stendur. Það eru mjög undarleg vinnubrögð að menn geti tekið heilu húsinn og fláð af grunninum um eina helgi. Þetta eru heilagir hlutir sem þarna er um að ræða.“

Ummæli höfð eftir Arnmundi Backman lögmanni í dagblaðinu DV 27. september 1995 vegna umfjöllunar um hreinsunarstarf í Súðavík.

48. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í maí 2025.

49. Arnmundur Backman lögmaður, fæddur 1943, lést árið 1998.

50. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í maí 2025.

51. [Dagblaðið DV – 220. tölublað \(27.09.1995\) – Tímarit.is](#)

52. Samhljóða bréf sent til Ingibjargar Ólafsdóttur, Aðalgötu 44, Margrétar G. Elíasdóttur, Aðalgötu 48, Ingibjargar Ólafsdóttur, Aðalgötu 46b, og Guðmundar Matthíassonar, Tungötu 1. Í öllum bréfunum er vísað til samþykktar hreppsnefndar 21. júlí 1995 en í bréfi til Elvars Ragnarssonar, Nesvegi 1, er vísað til samþykktar hreppsnefndar 4. september 1995.

53. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

54. Ágúst Kr. Björnsson tók við starfi sveitarstjóra Súðavíkurhrepps af Jóni Gauta Jónssyni í byrjun október 1995 en áður mun hafa legið fyrir að Sigríður Hrönn Elíasdóttir, sem verið hafði í leyfi frá starfi sveitarstjóra, myndi ekki snúa aftur til þeirra starfa.

að bjarga. Því hefur þessi vinna verið unnin líkust því að um fornleifauppgröft væri að ræða, þ.e. rústirnar voru tíndar upp stykki fyrir stykki. Starf þetta var oft á tíðum erfitt, því þegar þannig er staðið að verki er nánast ómögulegt að koma við stærri tækjum. Kunnnum við stjórnendur sveitarfélagsins, öllum þeim sem unnu þetta verk bestu þakkar fyrir störf þeirra.“

Því er lýst í erindinu að öllu því sem hafi fundist og gæti hugsanlega verið aðstandendum kært og mikils virði hafi verið haldið til haga. Sumu hafi þegar verið skilað til viðkomandi aðila, en engu að síður væri mikið af munum enn í vörslu sveitarfélagsins í félagsheimilinu í Súðavík. Óviðkomandi hefðu ekki aðgang að þeirri geymslu. Þá sagði í erindinu að í félagsheimilinu í Súðavík væri unnt að skoða fundna muni og var fólki boðið að koma og nálgast muni til 6. nóvember 1995.⁵⁵ Með þessu bréfi sveitarstjóra lauk formlega hreinsunarstörfum á Langeyri.

6.2.4. Eftirmál hreinsunarstarfa og hugað að minningarreit

Um sumarið 1995 var farið að huga að minningarreit um þau sem létust í snjóflóðinu í Súðavík. Undirbúningsnefnd vegna þessa var skipuð á fundi hreppsnefndar þann 29. júní 1995.⁵⁶ Fyrsti fundur nefndarinnar fór fram 3. júlí 1995 og ritaði hún í kjölfarið greinargerð sem dagsett er 12. júlí 1995. Í henni var fjallað um mögulega stærð reitsins, aðkomu að honum, meðferð uppistandandi rústa, gróður, miðsvæði reitsins og framhald málsins. Fram kom í greinargerðinni að lögð væri áhersla á að samkeppni um hönnun reitsins færi sem fyrst af stað. Mikilvægt væri að hefjast handa sumarið 1995 við að planta gróðri í reitinn. Var það álit hópsins að með því væri öllum „ljóst að fullur hugur [væri] í Súðvíkingum að byggja þennan reit til að helga minningu þeirra sem fórust í janúar“.⁵⁷ Fundargerð undirbúningsnefndarinnar og greinargerð var lögð fram á fundi hreppsnefndar Súðavíkurhrepps þann 17. júlí 1995 en engar umræður voru bókaðar vegna þessa.

Arnmundur Backman lögmaður sendi sveitarstjórn Súðavíkurhrepps bréf þann 22. september 1995 vegna hreinsunarstarfs.⁵⁸ Bréfið var sagt svar við erindi sveitarstjóra frá 6. september 1995, sem áður hefur verið fjallað um. Í erindi lögmannsins sagði:

„Umbjóðendur mínir eru sammála því sem fram kemur í því bréfi og er leiðarljós þeirra í þessu máli að leiða þurfi fram með rökum að heppilegra og eðlilegra hefði verið að standa öðruvísi að málum enda geti það þá orðið til þess að þeir sem kunna að þurfa að vinna slík verk í framtíðinni hafi það að leiðarljósi.“

Fram kom einnig að umbjóðendur Arnmundar væru sátt við tillögu um hlutlausu úttekt, en að sveitarstjórn Súðavíkurhrepps skyldi greiða fyrir hana. Í bréfinu var lagt til að þessir tveir hlutlausu aðilar yrðu frá Reykjavík, helst lögfræðingur og verkfræðingur. Þá áskildu aðstandendurnir sér tillögurétt um þessa úttektarmenn og rétt til að samþykkja og hafna eftir atvikum, til að tryggja hlutleysi.

Þessu erindi svaraði sveitarstjóri Súðavíkur þann 27. nóvember 1995. Í bréfi hans kom fram að það yrði rætt í hreppsnefnd hvernig farið yrði með kostnað af slíkri úttekt þar sem ekki væri heimild fyrir slíku í fjárhagsáætlun og reikna mætti með að „nokkur kostnaður [gæti] verið þessu samfara“. Þá kvaðst sveitarstjóri kanna hjá Viðlagatryggingu varðandi greiðslu kostnaðar í heild eða að hluta. Sveitarstjóri kvaðst sáttur við þá tillögu að til verksins kæmu tveir hlutlausir aðilar, en taldi þó að Vestfirðingar gætu verið heppilegri til þessa en Reykvíkingar og vísaði til „hræðsluumræðu“ á Suðurlandi vegna atburðanna í Súðavík og á Flateyri, sem kynni að hafa áhrif á vinnu manna. Þá áskildi sveitarstjóri sér rétt til að samþykkja eða hafna skoðunarmönnum til jafns á við umbjóðendur Arnmundar. Í bréfi sveitarstjóra sagði svo:

„Ég er afar ósáttur við orðalag í bréfi þínu, en þar segir;

„... og er leiðarljós þeirra í þessu máli að leiða þurfi fram með rökum að heppilegra og eðlilegra hefði verið að standa öðruvísi að málum ...“

55. Súðavíkurhreppur. Gögn afhent í október 2025.

56. Í undirbúningsnefndina voru skipuð þau Ágúst Kr. Björnsson, Heiðar Guðbrandsson og Sigríður Hrönn Elíasdóttir.

57. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

58. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í maí 2025.

Það er von mín að hér sé einungis um óheppilegt orðaval að ræða en ekki meiningu þína. Þegar sagt er „að leiða þurfi fram“ þá eru menn búnir að gefa sér hvaða niðurstöðu nefndin á að komast að. Ég veit að við erum báðir sammála því að með slíkt veganesti er ekki hægt að leggja af stað í þessa vinnu.“

Í bréfi þessu óskaði sveitarstjóri jafnframt eftir fundi með lögmanninum næstu daga, nánar tiltekið í desember 1995. Ekki liggja fyrir upplýsingar í gögnum hreppsnefndar um það hvort eða hvenær sá fundur hafi farið fram. Þessi samskipti sveitarstjóra Súðavíkur og Arnmundar Backman voru lögð fram á fundi hreppsnefndar 19. desember 1995. Á þeim fundi var fjallað um erindin og bókun gerð um kostnað vegna skoðunar á hreinsunarstörfum. Fram kom á fundinum að sveitarfélagið hefði ekki mikið svigrúm til hárra útgjalda vegna málsins, en hreppsnefnd væri jákvæð fyrir því að þessi vinna færi fram. Hreppsnefnd fól sveitarstjóra að vinna að framgangi málsins.

Fram kemur í minnisblaði sveitarstjóra 8. febrúar 1996 að hann hafi farið þess á leit við Viðlagatryggingu að taka þátt í vinnu óháðra skoðunarmanna við að fara yfir hreinsunarstörf í Súðavík. Minnisblað þetta var lagt fram á fundi hreppsnefndar 14. febrúar 1996. Fram kom í minnisblaðinu að sveitarstjóri hefði haft samráð við lögmanninn Arnmund Backman um umfang slíkrar vinnu og að beðið væri svara Viðlagatryggingar. Ekki liggja fyrir upplýsingar í gögnum hreppsnefndar hvort Viðlagatrygging hafi samþykkt að styrkja verkefnið. Svo virðist sem óháð skoðun á hreinsunarstarfinu samkvæmt þeim ráðagerðum sem hér hefur verið lýst hafi ekki farið fram.

Á fundi hreppsnefndar 8. mars 1996 var ákveðið að skipa fimm manna nefnd vegna minningarreits í Súðavík sem skyldi samanstanda af tveimur fulltrúum aðstandenda, tveimur landslagsarkitektum og einum fulltrúa hreppsins. Var sveitarstjóri valinn sem fulltrúi hreppsins og honum falið að fá tilnefningu aðstandenda í nefndina. Þann 30. september 1996 samþykkti hreppsnefnd að tilnefna tvo aðila í dómnefnd vegna minningarreits, nánar tiltekið fulltrúa aðstandenda, prest Súðvíkinga og einn fulltrúa aðstandenda til vara. Á fundi hreppsnefndar 22. október 1996 kom fram að Viðlagatrygging hefði styrkt hreinsunarstarfið og að sátt væri við Viðlagatryggingu um framkvæmdir. Óljóst væri hver yrði heildarkostnaður hreppsins vegna hreinsunarstarfsins, þar sem því starfi væri ekki lokið.

Hreinsunarmál komu við sögu í viðræðum um afsal þeirra húsa sem skemmdust í snjóflóðinu til Súðavíkurhrepps sem áttu sér stað á árinu 1996. Í bréfi um fyrirvara vegna afsals Túngötu 7 í Súðavík, dagsettu 17. desember 1996, gerði Ragna Aðalsteinsdóttir fyrirvara um að grunnur Túngötu 7 yrði ekki jafnaður við jörðu án samráðs við hana. Bréfið var einnig undirritað af Ólafi Helga Kjartanssyni sýslumanni.⁵⁹ Á fundi hreppsnefndar um mitt næsta ár, 16. júní 1997, var fjallað um frágang á Langeyri og lagt fram minnisblað sveitarstjóra 25. maí 1997 um rústir húsa á snjóflóðasvæðinu í Súðavík, sem þá átti eftir að hreinsa. Einnig var þar fjallað um urðun rústa húsanna á Langeyri.⁶⁰ Lagt var m.a. til að lokið yrði við að hreinsa rústir allra húsa, þó þannig að við Túngötu yrði tekið tillit til skipulags minningarreits. Þá var lagt til að öllum úrgangi vegna hreinsunarinnar sem ekki væri álitinn skaðlegur yrði komið fyrir í djúpri gryfju á Langeyri. Frágangur yrði í samráði við heilbrigðisfulltrúa Vestfjarða.

Samkvæmt því sem fram kom í Morgunblaðinu 25. júlí 1997 mun hreinsun rústa í Súðavík hafa hafist þá um vorið.⁶¹ Þar komu einnig fram þær upplýsingar um gang og tafir á hreinsunarstarfi í þorpinu sem vitnað er til hér til hliðar. Fyrirhuguð uppbygging minningarreits við Túngötu var á dagskrá fundar hreppsnefndar skömmu síðar 29. júlí 1997. Á fundinum lagði sveitarstjóri fram þá tillögu að hafnar yrðu viðræður við arkitekta varðandi útfærslu tillögunnar og að haft yrði samráð við einstaka aðstandendur „eins og kostur væri“ varðandi hvað yrði um rúst þeirra húsa sem ástvinir þeirra fórust í. Jafnframt kom fram að aðstandendur réðu því hvort nöfn látinna aðstandenda yrðu skráð á minningarskjöldinn. Lagt var til að afgangi af fjármunum söfnunarinnar *Samhugur í verki* yrði varið til minningarreitsins.

59. Súðavíkurhreppur. Gögn afhent í maí 2025.

60. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

61. [Morgunblaðið - 166. tölublað \(25.07.1997\) - Tímarit.is](#)

„Hreinsun er aftur hafin á rústum húsa sem eyðilögðust í snjóflóðinu í Súðavík 16. janúar 1995. Ágúst Kr. Björnsson sveitarstjóri segir að talsverðar tafir hafi orðið á þessu verki af ýmsum ástæðum.

Snemma árs 1995 óskaði umhverfisráðuneytið eftir því að hreinsun yrði stöðvuð og lét ráðuneytið gera byggingafræðilega athugun á rústunum. Hreinsunin hófst að nýju haustið 1995 en í október sama ár bárust erindi frá íbúum við Nesveg í Súðavík, sem er á hættusvæði. Þeir höfðu áhyggjur af því að yrðu rústirnar fjarlægðar stæðu hús þeirra berskjölduð ef annað flóð félli. Þeir töldu skjöld af rústum húsanna og féllst sveitarstjórnin á sjónarmið þeirra.

Vorið 1996 upphófst tímabil deilna um útreikning á tjónabótum til handa þeim sem misstu fasteignir sínar á snjóflóðunum. Þessum málum lauk í nóvember 1996 með því að þeir sem áttu húsín afsöluðu sér rústunum og lóðarréttindum. Hreinsun hófst síðan síðastliðið vor.“

Úr umfjöllun Morgunblaðsins 25. júlí 1997 um hreinsunarstarf í Súðavík.

Vegna þess ósættis sem komið hafði fram um verklag hreinsunarinnar í Súðavík hafði hreppsnefnd Súðavíkurhrepps fengið Kristján Björnsson, sóknarprest á Hvammstanga, til aðstoðar við að koma á sáttum í byrjun árs 1997.⁶² Ekki er getið um tildrög þeirrar ráðstöfunar í fundargerðum hreppsnefndar. Á fyrrnefndum fundi hreppsnefndar 29. júlí 1997 var rætt um að samstarf og samvinna við Kristján Björnsson héldi áfram þar sem frá var horfið með að leita sátta varðandi eftirmál hreinsunar eftir snjóflóðið. Þessar tillögur sveitarstjóra voru samþykktar á fundinum.⁶³

Á fundi hreppsnefndar 18. september 1997 var lagt fram ódagsett bréf Hafsteins Númasonar og Berglindar Kristjánsdóttur.⁶⁴ Ekkert er bókað í fundargerð hreppsnefndar um umræðu vegna þess.⁶⁵ Í bréfinu lýstu þau Hafsteinn og Berglind óánægju sinni með hreinsunarstarfið og fyrirhugaðan minningarreit. Í bréfinu var því velt upp hvort ekki væri „betra að ljúka hreinsunarstarfinu áður en ráðist væri í gerð minningarreits“. Í bréfinu sagði m.a.:

„Meðal annars er þetta ástæðan fyrir því að ég er alfarið á móti minningarreitnum – minningarreit sem hefur ekkert með sorg eða missi að gera – minningarreit sem reisa á sem vitnisburð um það niðingsverk sem unnið var í Súðavík eftir snjóflóðið 16. janúar 1995. Það er að mínu viti láγκúruleg auglýsing sem hreppsnefnd og landslagsarkitektar eru að ná sér í út á sorg annarra.“

Nokkru áður, eða 8. ágúst 1997, hafði Hafsteinn Númason birt í dagblaðinu DV kjallaragrein þar sem fram komu af hálfu hans og Berglindar svipuð sjónarmið og m.a. var lýst í áðurnefndu bréfi til hreppsnefndar Súðavíkur.⁶⁶ Ekki liggja fyrir í gögnum rannsóknarnefndar eða fundargerðum hreppsnefndar samskipti sveitarstjóra um málefnið frá 18. september 1997 og fram til 15. mars 1998.

Þann 15. mars 1998 er dagsett sáttargjörð vegna hreinsunarstarfs í Súðavík við eftirlifandi aðstandendur þeirra sem fórust í snjóflóðinu þann 16. janúar 1995 sem séra Kristján Björnsson, prestur á Hvammstanga, hafði milligöngu um að koma á eins og fram hefur komið hér framar.⁶⁷ Sáttargjörðin var svo undirrituð í kjölfarið en ekki liggur ljóst fyrir nákvæmlega hvenær hver og einn af þeim sem undirrituðu hana gerðu það og koma ekki fram sérstaklega dagsetningar í því sambandi. Að sáttargjörðinni stóðu hreppsnefnd Súðavíkurhrepps, „þáverandi sveitarstjóri og hreinsunarnefnd“ og aðstandendur þeirra sem látist höfðu. Sáttargjörðin var árituð af fimm hreppsnefndarmönnum, fyrrverandi settum sveitarstjóra, fimm mönnum sem höfðu setið í framkvæmdanefnd (hreinsunarnefnd) Súðavíkurhrepps og tíu aðstandendum þeirra sem fórust í snjóflóðinu 16. janúar 1995 en þar af undirritaði ein þeirra, Ragna Aðalsteinsdóttir, með fyrirvara. Texti sáttargjörðarinnar, sem bar þá yfirskrift og var í niðurlagi skráð rituð á Hvammstanga áðurnefndan dag og undirrituð af Kristjáni Björnssyni, hljóðaði svo í heild sinni:

„Sáttargjörð þessi er rituð til að binda enda á eftirmála vegna ruðnings og hreinsunar í Súðavík, sem unnið var að eftir mannskaða snjóflóð mánudaginn 16. janúar 1995.

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps lýsir því yfir að hún ber ábyrgð á öllum framkvæmdum og aðgerðum á vegum þessarar stjórnsýslu eins og lög gera ráð fyrir. Það felur í sér að hreppsnefndin er ábyrg fyrir því hreinsunarverki, sem unnið var við erfiðar aðstæður á svæðinu eftir snjóflóðið, umgengni um lóðir og rústir fasteigna og meðferð og varðveislu persónulegra lausamuna er fundust í flóðinu. Hreppsnefndin harmar þau mistök og varðveislu afsökunar á hverju því, sem orðið hefur til að auka á skaða þeirra eða yfa sár og missi á ýmsum stigum hreinsunarverksins. Þeir, sem hlut eiga að máli, harma of stór orð eða meiðandi, er fallið hafa opinskátt og í persónulegum samtölum um hreinsunarverkið.

Undirritaðir staðfesta þessa eindregnu sátt með undirskrift sinni og vona að draga megi lærdóm af rás atburðanna í framtíðinni. Það skal verða minningu þeirra til heiðurs, sem fórust í snjóflóðinu, en öðrum til hughreystingar og friðar.“

62. Skýrsla Kristjáns Björnssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 3. nóvember 2025.

63. [Bæjarins besta – 30. tölublað \(30.07.1997\) – Tímarit.is](#)

64. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

65. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn skoðuð í október 2025.

66. [Dagblaðið Vísir – DV – 177. tölublað \(08.08.1997\) – Tímarit.is](#)

67. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025. Sáttargjörðin og önnur tengd gögn sem fjallað er um í framhaldinu eru saman meðal þeirra gagna rannsóknarnefndar frá Súðavíkurhreppi sem hér er vísað til í einu lagi.

Sáttargjörðin er árituð neðst um að hafa verið samþykkt á fundi hreppsnefndar 18. apríl 1998 og er þar jafnframt stimpill og undirritun sveitarstjóra Súðavíkurhrepps. Í fundargerð frá fundi hreppsnefndar 21. apríl 1998, þar sem sáttargjörðin var tekin fyrir undir sérstökum lið fundarins, kemur m.a. fram að Kristján Björnsson, sem sat fundinn, hafi lagt hana fram og samhliða henni lagt fram „sem órjúfanlegan hluta af sáttargjörðinni, áætlun dags. 12. mars 1998 um stuðningsverkefni og eftirfylgd meðal aðstandenda þeirra sem fórust í snjóflóðinu í Súðavík 16. janúar 1995“. Fram kemur næst að sáttargjörðin og síðastnefnd áætlun hafi verið samþykkt samhljóða á fundinum.⁶⁸ Í fundargerð segir einnig að Kristján hafi á fundinum lagt fram „bréf sitt dags. 16. mars 1998 varðandi minningarreit og frágang flóðasvæðisins“. Þá var fært til bókar að verkefnið yrði fjármagnað af eftirstöðvum söfnunarfjár *Samhugar í verki*, sem væru um 3,6 milljónir króna, og að hreppsnefndin væri sammála um að leita til Kristjáns um að hann yrði einn af ráðgjöfum og umsjónarmaður stuðningsverkefnisins.

Stuðningsverkefnum og eftirfylgd var lýst í fyrrnefndri áætlun 12. mars 1998 með þeim hætti að markmiðið hefði verið að veita „persónulega ráðgjöf og sál gæslu með áherslu á félagsleg úrræði og úrvinnslu viðbragða einstaklinganna við sorg og sárum missi“. Stefnt væri að því að „efla aðstandendurna og styrkja þá í einkalífi, atvinnu og félagslegri virkni í framtíðinni“. Gert væri ráð fyrir ráðgjöf til aðstandenda af hálfu prests, félagsráðgjafa og lögfræðings auk stuðningsfólks og meðferðaraðila. Fram kom að um væri að ræða nánustu aðstandendur þeirra sem létust og fólk sem tengdist hinum látnu vana- eða fjölskylduböndum og leitaði eftir þátttöku. Æskilegt þætti að ljúka greiningu og úrlausn innan eins árs, sem telja má að hafi verið frá 12. mars 1998 þegar lýsingin var rituð. Talið var að ætla mætti að innan fárra mánaða frá þeim tíma yrðu málefni flestra komin í „viðunandi farveg“. Hrinda þyrfti verkefninu í gang á næstu vikum og meta árangur „jafnaðarlega“. Fram kom að fara þyrfti yfir stöðu hvers og meta „hvaða úrræða [hefði] verið leitað á þeim þremur árum, sem liðin [væru] frá slysinu og hvernig það [hefði] komið að gagni“. Að lokinni slíkri athugun yrði leitað leiða sem kæmu „að haldi í lífi hvers og eins“. Leitast yrði við að „skapa tengsl við meðferðaraðila“ ef við ætti og „lagt á ráðin um stuðning og áframhaldandi eftirfylgd“. Þá sagði að reka þyrfti mál einstaklinganna innan ýmissa stofnana og fylgja þeim þar eftir. Hvað varðar kostnað vegna þessa yrði ráðgjöf og viðtöl aðstandendum að kostnaðarlausu. Áætla þyrfti þann kostnað sem þau hefðu þegar borið með það fyrir augum að bæta hann með styrkjum. Gert var ráð fyrir að stuðningsverkefnið yrði fjármagnað af sveitarstjórn eða opinberum þjónustustofnunum.

Kristján Björnsson lýsti í bréfi til sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps þann 16. mars 1998 starfi sínu við sáttargjörðina og umræðum við aðstandendur um minningarreit í Súðavík. Kvað hann þar hafa komið fram að aðstandendur legðust frekar gegn þáverandi tillögum arkitekta um minningarreit, en að almenn samstaða gæti náðst um að reisa látlausan minnisvarða. Kristján hvatti til „verulegs samráðs“ við nánustu aðstandendur um tillögugerð og framkvæmd á svæðinu.

Þann 22. apríl 1998 ritaði Kristján Björnsson aðstandendum bréf þar sem hann lýsti vinnu við sáttargjörðina, þakkaði öllum sem að málinu komu og lýsti afgreiðslu málsins á fundi hreppsnefndar þann 21. apríl 1998. Með bréfinu fylgdi afrit af sáttargjörðinni, eftirfylgniáætluninni, hluti af fundargerð fundar hreppsnefndar 21. apríl 1998 sem fjallaði um málið og afrit af bréfi hans til sveitarstjórnar, dags. 16. mars 1998.

Kristján Björnsson gaf skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni 12. nóvember 2025.⁶⁹ Hann kvað kostnað við eftirfyldina hafa verið greiddan af Súðavíkurhreppi, sem síðan hafi fengið aukafjárveitingu frá heilbrigðisráðuneytinu vegna þess. Þetta var jafnframt staðfest af þáverandi sveitarstjóra Súðavíkur, Ágústi Kr. Björnssyni.⁷⁰ Í máli Kristjáns við skýrslutöku hjá rannsóknarnefndinni kom fram að nokkru áður en hann tók að sér sáttaverkefnið hafi hreppsnefndin gert tilraunir til að leita sátta og fengið til liðs við sig aðra aðila. Þær umleitanir hafi ekki borið tilætlaðan árangur. Hann lýsti því svo að hann hefði rætt við

68. Eins og ráða má af meginmáli er tiltekið misræmi milli sáttargjörðarinnar sjálfar og umræddrar fundargerðar á dagsetningu þessa fundar hreppsnefndar, á þá leið að sáttargjörðin er árituð um að hafa verið samþykkt á fundi 18. apríl, en afrit af fundargerðinni er dagsett 21. apríl. Af samhengi gagna hér virðist mega ætla að tímasetningin 21. apríl 1998 sé sú rétta. Ötvíræðar skýringar á þessu hafa annars ekki komið fram við rannsókn nefndarinnar en ekki verður séð að ætla beri þessu sérstaka þýðingu.

69. Skýrsla Kristjáns Björnssonar hjá rannsóknarnefnd Alþingis 3. nóvember 2025.

70. Samtal rannsóknarnefndar Alþingis við Ágúst Kr. Björnsson 12. nóvember 2005.

hvern og einn aðstandanda og ferðast vítt og breitt um landið þetta tæpa eina og hálfu ár sem verkefnið stóð yfir. Hann kvaðst hafa fundað með aðstandendum og rætt við þau á hvaða hátt koma mætti á sáttum. Mikilvægt hafi verið að ná samstöðu innan hópsins til að aðstandendur gætu náð sátt um þetta málefni og þannig átt auðveldara með að halda áfram með lífið. Fram kom við skýrslutökuna að í fjölmiðlum hefði verið skrifað að Ragna Aðalsteinsdóttir hefði verið „þvinguð til sátta“, enda hafi hún verið sú eina sem skrifaði undir sáttargjörðina með fyrirvara. Kristján kvað ekki rétt að hún hafi verið beitt þvingun. Hann hafi hins vegar náð samkomulagi við Rögnu um að hún mætti vera ósátt og tjá sig að vild um málefnið þrátt fyrir að hún skrifaði undir sáttargjörðina. Hennar þátttaka myndi auðvelda öðrum aðstandendum að ná sátt.⁷¹

6.2.5. Eftirfylgd lýkur og samráð um minningarreit

Eftir að gengið hafði verið frá sáttargjörðinni hélt hreinsunarstarf í bænum áfram sem og umræður um skipulag minningarreitsins. Á fundi hreppsnefndar 6. júlí 1998 var farið yfir bréf Kristjáns Björnssonar, sem áður var getið, frá 16. mars 1998 þar sem hann hafði hvatt til „verulegs samráðs“ við aðstandendur vegna frágangs á flóðasvæðinu í tengslum við uppbyggingu minningarreitsins. Hreppsnefnd var sammála tillögum Kristjáns og ítrekaði samþykkt nefndarinnar frá 29. júlí 1997 um að leita skyldi samkomulags við aðstandendur um frágang svæðisins. Sveitarstjóri lagði fram minnisblað á fundinum, dagsett 6. júlí 1998, þar sem m.a. var fjallað um sáttargjörðina og eftirfylgni hennar. Fram kom að félagsráðgjafar ynnu að því að skipuleggja framhald þeirrar vinnu og að lögfræðingur aðstoðuðu hópinn ef þörf væri á.⁷²

Þann 25. ágúst 1998 ritaði sveitarstjóri Súðavíkur aðstandendum bréf vegna minningarreitsins. Í bréfinu vísaði sveitarstjóri til bréfs Kristjáns Björnssonar frá 16. apríl 1998 og umræðna og samþykkt á fundum hreppsnefndar 6. júlí 1998 og 29. júlí 1997 um málefni minningarreitsins. Fram kom í bréfinu að sveitarstjórn hefði fallið frá hugmyndum um stóran minningarreit og að hún legði áherslu á að það sem gert yrði við Túngötu og Nesveg yrði í sátt við aðstandendur. Stefnt væri að því að ljúka frágangi svæðisins til framtíðar. Í bréfi þessu óskaði sveitarstjóri eftir aðstoð frá aðstandendum svo vel mætti til takast. Óskað var eftir skoðun aðstandenda á því sem þeir teldu „mikilvægt varðandi svæðið og frágang þess“. Sagt var koma sérstaklega til umhugsunar hvernig aðgengi yrði að svæðinu, frágangur rústa sem eftir yrðu, hvort reistur yrði „látlaus minnisvarði, kross eða steinn“. Þá var einnig nefnt hvort nöfn þeirra sem létust yrðu rituð á skjöldinn og hvernig upplýsingum um atburðinn yrði komið á framfæri við minningarreitinn. Sveitarstjóri lét í ljós þá von að unnt yrði að lagfæra svæðið að einhverju leyti þá um haustið og bað aðstandendur að senda sér ábendingar vegna þessa fyrir 15. september 1998.⁷³

Á fundi hreppsnefndar 18. nóvember 1998 lágu fyrir nokkur bréf frá aðstandendum um útfærslu minningarreitsins. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps bárust nokkur bréf frá aðstandendum með ábendingum og hugmyndum varðandi uppbyggingu í kringum rústirnar og minningarreitinn.⁷⁴ Í einu slíku bréfi frá fimm aðstandendum sagði:

„Við vonum að [einhverjum] af þessum hugmyndum verið vel tekið og sameiginleg niðurstaða allra þeirra sem að minningarreitnum koma verði til þess að gera minningu ástvína okkar sem falletta.“

Bókað var í fundargerð þessa fundar hreppsnefndar að mismunandi skoðanir væru um útfærslu og staðsetningu reitsins. Ákveðið var að fela landslagsarkitektum að útfæra tillögur.

Fyrri hluta árs 1999 hafði sveitarstjóra Súðavíkur borist bréf, dagsett 26. janúar 1999, frá Kristjáni Björnssyni varðandi eftirfylgdarkerfnið í kjölfar sáttargjörðar.⁷⁵ Í bréfinu fjallaði hann um stöðu verkefnisins. Fram kom að verkefnið hefði þá staðið yfir í fimm mánuði, en það hafi ekki hafist fyrr en að áliðnu sumri 1998. Tveir félagsráðgjafar hafi ásamt

71. Skýrsla Kristjáns Björnssonar hjá rannsóknarnefnd Alþingis 3. nóvember 2025.

72. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

73. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

74. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025. Bréf bárust frá Hafsteini Númasyni, Berglinni Kristjánsdóttur, Björk Þórðardóttur, Þorsteini Erni Gíslasyni, Sigríði R. Jónsdóttur, Andreu Guðmundsdóttur, Sigurrós Jónasdóttur og Barða Ingibjartssyni.

75. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í febrúar 2025.

Kristjáni annast einstaklings- og fjölskylduráðgjöf meðal þess hóps sem eftirfylgnin náði til. Greint var frá skipulagi starfsins og að enn hefðu ekki allir í hópnum fengið ráðgjöf. Fram kom í bréfinu að stefnt væri að því að verkefninu lyki á haustdögum ársins 1999. Þann 28. febrúar 1999 ritaði Kristján sveitarstjóra Súðavíkur bréf þar sem hann lýsti tillögu að styrkjum vegna meðferðaraðila í tengslum við eftirfylgniverkefnið. Tók hann þar saman kostnað við þegar veitta ráðgjöf og lagði til að hann yrði greiddur í samræmi við samþykkt eftirfylgdarinnar. Þann 1. mars 1999 ritaði Kristján aftur bréf til sveitarstjóra Súðavíkur varðandi uppgjör styrkja vegna lögmanskostnaðar og vísaði þar til áætlunarinnar um eftirfylgni varðandi greiðslu kostnaðar.⁷⁶

Á fundi hreppsnefndar 12. maí 1999 var fjallað um tillögu um frágang við Túngötu og hreinsun flóðasvæðis. Lögð voru fram drög að tveimur tillögum landslagsarkitekta, sem Kristjáni Björnssyni var falið að kynna aðstandendum.⁷⁷ Á fundinum samþykkti hreppsnefnd að fjarlægja allar þær rústir sem sát lá fyrir um í hópi aðstandenda.

Sjö mánuðum síðar, þann 17. desember 1999, ritaði Kristján Björnsson sveitarstjóra Súðavíkur bréf um niðurstöður og verklok eftirfylgdarverkefnisins.⁷⁸ Kristján lagði það til í bréfinu að verkefninu yrði hætt, að teknu tilliti til þess að ýmis „andleg og praktísk mál“ þyrftu lengri tíma en það hálf tveimur árum sem eftirfyldin hafði staðið. Hann kvaðst telja gott trúnaðarsamband hafa skapast milli ráðgjafa og skjólstæðinga og lagði til að þau sem þess myndu óska fengu áfram aðgang að ráðgjöfunum sér til frekari stuðnings. Þá var rætt um áframhaldandi stuðning og stuðningsverkefni. Í niðurlagi bréfsins bauð Kristján fram áframhaldandi aðstoð sína vegna málsins.

Fjallað var um fyrrgreint bréf Kristjáns á fundi hreppsnefndar 13. janúar 2000. Kristján mætti á fundinn og gerði grein fyrir þeirri vinnu sem fram hafði farið varðandi áfallahjálp og eftirfylgni sem var hluti af þeirri sáttargjörð sem undirrituð var í mars 1998. Verkefninu var sagt nánast lokið miðað við upphaflegar forsendur. Hreppsnefnd var sammála um að taka saman reynsluna sem fékkst af verkefninu og fara yfir málið með heilbrigðismálafyrirvöldum, sem og stuðla að áframhaldandi stuðningi til einstaklinga í samræmi við tillögur Kristjáns.

6.2.6. Lokið við uppbyggingu minningarreits í Súðavík

Þegar átta ár voru liðin frá snjóflóðinu í Súðavík, þann 16. janúar 2003, rituðu fjölmargir Súðavíkingar undir áskorun til hreppsnefndar um að ljúka við gerð minnisvarða um þá sem létust í snjóflóðinu 16. janúar 1995. Af þessu má ráða að eftir umfjöllunina í nóvember 1998 hafi lítið verið fjallað um minningarreitinn, þótt hreinsunarstarf á snjóflóðasvæðinu, sem nauðsynlegt var sem undirbúningur fyrir gerð minningarreitsins, hafi haldið áfram.⁷⁹

Fjallað var um undirskriftalistann vegna minningarreitsins á fundi hreppsnefndar þann 30. janúar 2003. Á fundinum samþykkti hreppsnefnd að fela sveitarstjóra að koma upp merkingum á snjóflóðasvæðinu með upplýsingum um snjóflóðið 1995 og vinna að hugmyndum um gerð minningarreits.⁸⁰ Í skýrslu sveitarstjóra frá 27. mars 2003 kom fram að landslagsarkitekt ynni að tillögum að umhverfi við minningarreit í samræmi við tillögur Hafsteins Númasonar og fleiri aðstandenda sem borist höfðu sveitarstjórninni í nóvember 1998.⁸¹ Lagt var til að tillögurnar yrðu bornar undir aðstandendum þegar þær lægju fyrir.⁸²

Þann 4. júní 2003 sendi sveitarstjóri Súðavíkurhrepps bréf til aðstandenda um fyrirhugað skipulag minningarreitsins ásamt teikningum. Í bréfinu var því lýst að því miður hefðu hugmyndir um reitinn ekki náð að verða að veruleika, en að hreppsnefnd hefði í tvígang fjallað um undirskriftalista frá Súðavíkingum þar sem áhersla hefði verið lögð á að ráðist yrði sem fyrst í gerð minningarreitsins. Undirbúningsvinna var sögð hafa verið í gangi síðustu mánuðina og hefði í aðalatriðum verið unnið, með aðstoð landslagsarkitekts, við útfærslu

76. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í febrúar 2025.

77. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

78. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í febrúar 2025.

79. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

80. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn skoðuð í október 2025.

81. Þar var vísað til tillagna sem komu fram í bréfi Hafsteins og fjögurra annarra aðstandenda um útfærslu minningarreitsins og fjallað var um á hreppsnefndarfundum þann 18. nóvember 1998, sjá umfjöllun hér að framan.

82. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

hugmynda aðstandenda í samvinnu við þau. Greint var frá því að hugmyndin væri komin á kynningarstig og því send til valinna aðila. Þess var óskað að aðstandendur kynntu tillöguna fyrir fjölskyldumeðlimum og legðu fram ábendingar. Í bréfinu var fjallað um skiptingu verkefnisins, nánar tiltekið að fyrri hluti þess væri minningarreiturinn sjálfur og umhverfi hans en seinni hluti þess minningarskjöldur með nöfnum þeirra sem fórust. Þá sagði að verkið yrði unnið í samráði við aðstandendur og nöfn yrðu ekki skráð á minningarskjöldinn nema með samþykki aðstandenda.⁸³ Við rannsókn rannsóknarnefndarinnar komu ekki fram gögn um að sérstök svör frá viðkomandi aðstandendum hefðu borist við þessu bréfi en eins og fram kemur hér á eftir verður ráðið af öðrum gögnum að svo hafi ekki verið.

Þann 13. júní 2003 ritaði nýr sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, Ómar Már Jónsson, minnisblað um minningarreitinn.⁸⁴ Í minnisblaðinu kom fram útfærsla minningarreitsins og því fylgdi útlitsmynd af reitnum og yfirlitsmynd af staðsetningu hans og umhverfi. Fram kom að í nóvember 2002 hefði verið haft samband við nokkra aðstandendur þeirra sem létust í snjóflóðinu og viðhorf þeirra og skoðun á fyrirhuguðum minningarreit könnuð. Út frá þeim upplýsingum hafi undirbúningur minningarreitsins farið aftur á byrjunarreit þar sem ekki hafi náðst sátt um þær hugmyndir sem unnið hafði verið að fram að því. Í bréfinu sagði að mikill áhugi væri meðal flestra aðstandenda um að koma upp minningarreit í gömlu byggðinni í Súðavík. Haft hefði verið samráð við aðstandendur og fengnar athugasemdir frá þeim. Unnið væri að útfærslu reitsins í samræmi við hugmynd aðstandenda, sem fram hefðu komið í bréfi þeirra frá haustinu 1998. Í minnisblaðinu var fjallað um að nokkuð góð sátt hefði skapast um stærð, legu og staðsetningu minningarreitsins meðal tiltekinna aðstandenda sem að þessari umræðu hefðu komið. Bréf hefði verið sent til annarra aðstandenda 4. júní 2003 með upplýsingum um minningarreitinn ásamt teikningum. Þar hafi þeim verið gefinn kostur á að koma með athugasemdir eða fá frekari upplýsingar. Engar athugasemdir hefðu borist.⁸⁵ Á fundi hreppsnefndar 19. júní 2003 var fjallað um framangreint minnisblað sveitarstjóra varðandi minningarreitinn sem var samþykkt á fundinum.⁸⁶

Unnið var áfram að undirbúningi minningarreitsins og undirbúningsnefnd fyrir vígslu hans stofnuð á hreppsnefndarfundi þann 29. apríl 2004. Ekki var þó enn full sátt um framkvæmd minningarreitsins. Þann 27. júní 2004 ritaði Ragna Aðalsteinsdóttir á Laugarbóli sveitarstjóra Súðavíkurhrepps bréf og lýsti andstöðu sinni við að nöfn dóttur hennar og dótturdóttur yrðu lettruð á minnisvarðann. Fram kom í bréfinu að það væri eindreginn vilji hennar að nöfn þeirra yrðu hvorki þá né síðar rituð á minnisvarðann. Jafnframt kom hún þeirri ósk sinni á framfæri við sveitarstjóra að ekki yrði hróflað við grunninum að Túngötu 7 nema með hennar samþykki.

Þessu bréfi Rögnu Aðalsteinsdóttur svaraði sveitarstjóri Súðavíkurhrepps þann 10. september 2004. Fram kom í bréfinu að sex minningarsteinar yrðu í reitnum og hafi þegar verið letrað á fimm þeirra. Sjötta steininum hafi verið úthlutað til fjölskyldu Rögnu til minningar um dóttur hennar og dótturdóttur og væri hann án áletrunar að hennar ósk. Súðavíkurhreppur kvaðst ekki hyggjast beita sér fyrir að steinninn yrði áletraður, en aðstandendur gætu hvenær sem er óskað eftir áletrun á kostnað hreppsins. Varðandi grunn að Túngötu 7 kom fram í bréfi sveitarstjórans að frekara skipulagi ytri byggðar hefði verið frestað eftir snjóflóðin 1995. Ekki væru nein áform hjá núverandi sveitarstjórn um að hrófla við grunninum, þar sem sátt var sögð um það í sveitarstjórn að hrófla ekki við grunninum nema með samþykki hennar. Sonur Rögnu ritaði sveitarstjóra bréf þann 30. maí 2005 þar sem hann áréttaði fyrri afstöðu Rögnu um að hún væri andsnúin því að nöfnin yrðu sett á minnisvarðann.⁸⁷ Ekki liggja fyrir gögn um viðbrögð sveitarstjórnar við þessu erindi.

Minningarreiturinn í Súðavík var vígður þann 11. júní 2005 og annaðist séra Magnús Erlingsson vígsluna.⁸⁸

83. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

84. Ómar tók við sem sveitarstjóri í Súðavík árið 2003 og tók við því starfi af Ágústi Kr. Björnssyni sem gegnt hafði starfinu frá haustinu 1995.

85. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

86. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn skoðuð í október 2025.

87. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í október 2025.

88. [Morgunblaðið – 158. tölublað \(13.06.2005\) – Tímarit.is](#) og [Bæjarins besta – 24. tölublað \(15.06.2005\) – Tímarit.is](#)

6.3. Sjúkrahjálpar, fjöldahjálpar og félags- og áfallahjálpar í kjölfar snjóflóðsins

6.3.1. Inngangur og almenn atriði

Í þessum kafla verður lýst sjúkrahjálpar, fjöldahjálpar og félags- og áfallahjálpar sem Súðvíkingum var veitt í kjölfar snjóflóðsins eftir að hættuástandi var aflétt að morgni þess 23. janúar 1995, sem og eftirmálum þeirrar aðstoðar. Fjallað er um fyrstu viðbrögð í þessu sambandi eftir snjóflóðið í Súðavík, á Ísafirði og í Reykjavík dagana 16. til 22. janúar 1995 í kafla 5.5. Þar sem við á er gerð ítarlegri grein fyrir tilteknum aðgerðum en fram hafa komið í kafla 5.5. Lýsing er í aðskildum köflum, þótt umfjöllunin fléttist töluvert saman og framkvæmd þessarar aðstoðar hafi að miklu leyti farið fram samhliða. Umfjöllunarefni kaflans byggir í meginatriðum á skýrslu Almannavarna ríkisins, „Snjóflóð 95“, ásamt vinnueintaki (drögum) þeirrar skýrslu, auk gagna frá ýmsum sem komu að stjórnun, aðgerðum og aðstoð. Þá byggir kaflinn á umfjöllun fjölmiðla og skýrslutökum sem fram fóru hjá rannsóknarnefndinni á meðan á rannsókn hennar stóð.

Til glöggvunar er reifað stuttlega hér á eftir hvernig þessari aðstoð var lýst í þágildandi neyðarskipulagi Almannavarna ríkisins.⁸⁹ Í A-hluta skipulagsins voru verkefni *hjálparliðs* skilgreind í 6. kafla, en kaflinn fjallaði um skipulag hjálparliðs vegna vettvangsaðgerða og björgun. Þá voru verkefni fjöldahjálpar og félagslegs hjálparstarfs skilgreind í 8. kafla.⁹⁰ Í 6. kafla var hjálparliði Almannavarna skipt í björgunarflokk, hjúkrunarflokk, verndarflokk og hjálparliðaflokk. Greint var frá innbyrðis skipan flokkanna í skipulaginu. Í þessum kafla skýrslunnar er ekki fjallað um björgunar- eða verndarstarfið, en fjallað verður um það sem fella má undir hjúkrunar- og hjálparliðaflokka. Verkaskipting í hjúkrunarflokki var, samkvæmt 6. kafla skipulagsins, flokkstjóri, „fyrstuhjálparmenn“ á söfnunarsvæði slasaðra, öikumenn sjúkrabíla og „fyrstuhjálparmenn“ í sjúkrabílum. Hjálparliðaflokk skyldi manna frá Rauðakrossdeild til að stýra sjálfboðaliðum í fjöldahjálparstöðvum. Verkaskipting starfshópa við neyðaraðgerðir var skilgreind í 7. kafla skipulagsins. Þar voru m.a. tilgreind verkefni lögreglu, slökkviliðs, verkfræðipjónustu, björgunarliðs, sjúkraliðs sem og verndar- og gæsluliðs.

Í skipulaginu eru verkefni *fjöldahjálpar og félagslegs hjálparstarfs* skilgreind í 8. kafla, sem verkefni Rauða kross Íslands í samræmi við samkomulag Rauða kross Íslands við Almannavarnir ríkisins. Í skipulaginu voru verkefnin sögð vera m.a. móttaka, skráning, hýsing og klæði þeirra sem misst hefðu heimili sín. Þá voru nefnd úrvinnsla skráningar og samskipti við upplýsingamiðstöðvar, sameining fjölskyldna, almenn aðhlyning heimilisláusra, fyrsta hjálpar og sárameðferð við lítið meidda, sálgæsla, huggun og „andleg uppörvun“. Ekki var fjallað um áfallahjálpar og var það hugtak almennt óþekkt á Íslandi fram að þessum tíma. Í 8. kafla skipulagsins var jafnframt lýsing á verkaskiptingu milli Rauða krossins, sóknarpresta og skólastjóra sem og almannavarnarnefnda. Fjallað var um fjöldahjálparstöðvar og liðsafla sem skyldi samanstanda af stjórn og félögum Rauðakrossdeildar á viðkomandi svæði, skólastjórum og starfslíði skóla eða annars fjöldahjálparhúsnæðis, sem og kvennadeildar líknar- og björgunarfélaga á svæðinu og kvenfélög. Sálgæsla, huggun og andleg uppörvun var felld undir verksvið sóknarpresta viðkomandi prestakalla og skyldu þeir hafa samráð við forystumenn annarra viðurkenndra trúfélaga þar um.

Í B-hluta skipulagsins var lýsing á viðbrögðum við snjóflóðum á viðbúnaðar-, hættu- og neyðarstigum. Fyrstu viðbrögð samkvæmt viðbragðsáætlun um snjóflóð voru á neyðarstigi, sem skyldu virkjast við tilkynningu um að snjóflóð hefði fallið þannig að fólk hefði grafist. Eftir snjóflóðið voru viðbrögðin á hættustigi þar til hættuástandi var aflýst. Einnig lágu fyrir ýmsar séráætlanir, m.a. hópslysaáætlanir á borð við hópslysaáætlun Fjórðungssjúkrahúsins á Ísafirði.

Fram að snjóflóðinu hafði í skipulagi Almannavarna verið talað um hópslys eða stórslys, vinnuhópar höfðu verið að störfum, m.a. um samræmingu viðbragða heilbrigðisstofnana

89. Eins og kemur fram í 4. kafla var neyðarskipulag fyrir Súðavík að stofni til frá júlí 1989 og með uppfærðum síðum frá janúar 1991.

90. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2011. B-39 (41–46).

vegna hópslysa og náttúruhamfara, og æfingar höfðu verið haldnar, m.a. vegna flugslysa, hópslysa og náttúruhamfara. Björgunarsveitir og Rauði krossinn bjuggu yfir reynslu í skipulagningu björgunar, fjölda- og félagshjálpar við hópslys í stórum atburðum, m.a. í kjölfar eldgossins í Vestmannaeyjum í janúar 1973 og snjóflóðanna í Neskaupstað í desember 1974.

Einnig má telja rétt hér að veita stutt yfirlit yfir þróun áfallahjálpar á Íslandi sem, eins og áður sagði, var almennt ekki þekkt hugtak á Íslandi fram að snjóflóðinu í Súðavík. Segja má að eftir það hafi í fyrsta sinn á Íslandi verið veitt skipulögð aðstoð undir nafni áfallahjálpar vegna stórslyss.⁹¹ Rætt hafði verið um geðhjálp í kjölfar áfalla í almannavarnaráði árið 1990.⁹² Upphafið að þeirri umræðu um áfallahjálpar má rekja til þess að í kringum 1990 höfðu orðið mannskæð slys, sjóslys, bílslys og snjóflóð, þar sem sjö einstaklingar frá Bolungarvík höfðu látið lífið. Í kjölfar þessara slysa fékk Ágúst Oddsson, héraðslæknir Vestfjarða, sem þá var með aðsetur í Bolungarvík, Borghildi Einarsdóttur, geðlækni á Landspítalanum, og Rudolf Adolffson, geðhjúkrunarfræðing á Borgarspítalanum, til að koma vestur og aðstoða eftirlifendur við úrvinnslu þessara áfalla. Eftir sjóslysið þegar skipið Krossanes frá Grundarfirði fórst þann 23. febrúar 1992 og þrír menn drukkuðu fékk Ágúst til liðs við sig hóp lækna til að skipuleggja móttöku skipverjanna og veita áhöfninni áfallahjálpar þegar þeir komu í land á Ísafirði. Mönnum mun hafa þótt vel hafa tekist til og að ástæða væri til að veita slíka aðstoð vegna sambærilegra atburða í framtíðinni.⁹³

Haustið 1994 var haldin námstefna á Ísafirði um áfallahjálpar á vegum Vestfjarðadeildar Hjúkrunarfélags Íslands.⁹⁴ Þar fjölluðu áður nefnd Borghildur, Ágúst og Rúdolf um málefnið og var þetta fyrsta helgarnámskeiðið af mörgum um áfallahjálpar víðsvegar um landið. Læknar og hjúkrunarfræðingar á Ísafirði þekktu því til málefnsins þegar bregðast þurfti við vegna snjóflóðsins í Súðavík nokkrum mánuðum síðar. Í október árið 1994 var haldin námstefna um almannavarnir á Ísafirði þar sem Ágúst Oddsson fjallaði um sálræna áfallahjálpar, en þar höfðu jafnframt verið boðaðir meðlimir almannavarnarnefnda.⁹⁵ Einnig hafði Rudolf haldið erindi um áfallahjálpar á námskeiðum Almanna- og Ríkisráðs fyrir vettvangsstjóra og almannavarnarnefndir og var áfallahjálpar á námskrá þessara hópa. Auk heilbrigðisstofnana hafði einnig um nokkurt skeið verið unnið að því að kynna áfallahjálpar innan löggæslu og björgunarsveita.^{96, 97} Með bréfi 21. mars 1994 til formanns læknaráðs lagði Sigmundur Sigfússon, yfirlæknir geðdeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, til að kafli um áfallahjálpar yrði felldur inn í hópslysaáætlun spítalans og sendi jafnframt með bréfinu drög að slíkum kafla.⁹⁸

Árin fyrir snjóflóðið í Súðavík höfðu viðræður farið fram milli Þjóðkirkjunnar og fulltrúa Almanna- og Ríkisráðs um þátt kirkjunnar í hópslysaáætlunum hvað varðaði sálræna í kjölfar stærri atburða og í því sambandi rýnt hópslysaáætlunir stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík. Lagðar voru tillögur fyrir kirkjuþing 1994 sem fjölluðu um vilja kirkjunnar til að vera styðjandi afl við aðhlyningu og áfallahjálpar við þolendur stórra áfalla. Í því fólst m.a. að stuðla að því að prestar væru til þjónustu reiðubúnir til viðbragða og styrkingar tengsla við aðra viðbragðsaðila.⁹⁹

6.3.2. Sjúkrahjálpar í kjölfar snjóflóðsins (meðferð slasaðra)

Þegar fréttist af snjóflóðinu og afleiðingum þess var farið í aðgerðir í samræmi við hópslysaáætlun Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði, m.a. afboðun sjúklinga sem áttu bókaða tíma þann 16. janúar sem og útskrift sjúklinga til að rýma fyrir slösuðum, sem og greiningu

91. *Hver er staða áfallahjálpar á Íslandi í dag?* | 02. tbl. 91. árg. 2005 | Læknablaðið (Ágúst Oddsson).

92. Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna- og Ríkisráð 2010. D-7 (244).

93. Ágúst Oddsson. Gögn afhent við skýrslutöku 21.10.2025.

94. Slysavarnafélagið Landsbjörg. 1996. Árbók Slysavarnarfélagsins 1995 (167). *Slysavarnafélag Íslands Árbók 1996 by Slysavarnafélagið Landsbjörg – Issuu*

95. Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna- og Ríkisráð 2011. B-76 (7) Almanna- og Ríkisráð héldu námstefnur á mismunandi stöðum á landinu á árunum 1984–1994. Samkvæmt gögnum sem nefndin hefur aflað var fyrst fjallað um sálræna áfallahjálpar á námstefnu á Selfossi árið 1991.

96. Þórólfur Kristjánsson. Gögn afhent rannsóknarnefnd Alþingis í ágúst 2025. Landsbjörg, Landssamband björgunarsveita, 5. tbl. 4. árg., des. 1994 [ártal rangt, á að vera 1995 þar sem blaðið fjallar um snjóflóðið í Súðavík] (16).

97. Ágúst Oddsson, grein í Fréttablaði Slysavarnarveitarinnar Ernis Bolungavík, febrúar 1992.

98. Rudolf Adolffson. Gögn afhent eftir skýrslutöku 24.10.2025. Bréf Sigmundar Sigfússonar, yfirlæknis geðdeildar FSA, til Friðriks E. Yngvasonar, formanns læknaráðs FSA, dagsett 21.3.1994, um drög að hópslysaáætlun FSA 1994.

99. Þjóðkirkjan. Gögn afhent 4.11.2025.

og aðhlyningu.¹⁰⁰ Samkvæmt skýrslunni „Snjóflóð 95“ mun hópslysanevnd sjúkráðsins þó ekki hafa verið kölluð saman.¹⁰¹ Samkvæmt upplýsingum frá Herði Högnasyni, fyrrverandi hjúkrunarforstjóra sjúkráðsins, var skrifstofa hópslystjórnar mönnum af forstjóra sjúkráðsins og starfsfólki hans. Hjúkrunarforstjóri stýrði undirbúningi spítalans og heilsugæslunnar fyrir móttöku Súðvíkinga og framkvæmdastjóri lækninga fór með fyrstu ferð til Súðavíkur. Einnig voru til staðar varamenn forstjóra og hjúkrunarforstjóra.¹⁰²

Vakthafandi læknir sjúkráðsins var í reglulegum samskiptum við stjórnstöð Almannavarna ríkisins um aðföng, lyf, sjúkrabúnað, mannafla og meðferðarúræði og aðra aðstoð dagana 16. til 22. janúar 1995 og stjórnstöð Almannavarna aflaði upplýsinga frá sérfræðilæknum varðandi meðferð slasaðra. Ekki var talin þörf á að senda slasaða suður til frekari meðferðar.¹⁰³

Slasaðir voru lagðir inn á hand- og lyflæknisdeild sjúkráðsins og allir sem misst höfðu ástvinu voru lagðir inn á nýja öldrunardeild sjúkráðsins, sem stóð fullbúin en hafði ekki verið tekin í notkun. Milli deildanna var stór dagstofa sem samkvæmt upplýsingum rannsóknarnefndarinnar mun hafa „[virkað] eins og félagsmiðstöð og samfélagsleg áfallahjálpmill í ættingja og vina“.¹⁰⁴ Takmarkað aðgengi var að legudeildinni, en í upphafi mun hafa verið mikill erill á öldrunardeildinni þar sem aðstandendur dvöldu. Einnig mun hafa verið töluverð truflun á deildinni vegna ágangs fréttamanna og álags vegna innhringinga. Brugðist hafi verið við því að endingu með því að hafa skiptiborðið opið eftir almennan vinnutíma og loka deildinni.¹⁰⁵

Þeir Súðvíkingar sem sneru aftur til Súðavíkur gátu eins og áður sótt lækniþjónustu til Ísafjarðar eða á heilsugæsluna í Súðavík sem þjónað var af læknum frá Ísafirði. Fram kom við skýrslutökur rannsóknarnefndarinnar að einnig hefði verið um það að ræða að þau sem fóru til Reykjavíkur eftir snjóflóðið hafi sótt sér áframhaldandi lækniástoð þar eftir því sem þörf var á.¹⁰⁶ Ekki liggja fyrir upplýsingar hjá rannsóknarnefndinni um umfang þeirrar ástoðar.

6.3.3. Fjölda- og félagshjálpmill í kjölfar snjóflóðs

Hér á eftir verður fjallað um þátt Rauðakrossdeildarinnar á Ísafirði og höfuðstöðva Rauða krossins í Reykjavík í fjölda- og félagshjálpmill sem Súðvíkingum var veitt eftir snjóflóðið á grundvelli skýrslna Almannavarna ríkisins, Rauða krossins og fleiri aðila auk annarra upplýsinga sem rannsóknarnefndin hefur aflað þar um.¹⁰⁷

Samkvæmt skýrslu Almannavarna, „Snjóflóð 95“, fór fjölda- og félagshjálpmill fram samkvæmt samkomulagi Almannavarna við Rauða kross Íslands. Það samkomulag fól í sér móttöku, skráningu, skýlingu og klæði fyrir þá sem misst hefðu heimili sín á hættutímum, sameiningu fjölskyldna, almenna aðhlyningu fyrir heimilisláusa, fyrstu hjálpmill og sármedferð lítið slasaðra, sálræna skyndihjálpmill og sálgæslu. Samkvæmt samkomulaginu skyldu deildir Rauða krossins fara með framkvæmdastjórn verkefnisins sem unnið var af félagsmönnum deildanna, auk starfslíðs þeirra skóla sem notaðir voru sem fjöldahjálparstöðvar. Að auki skyldu prestar, sálfræðingar og forstöðumenn safnaða koma að sálgæslu og huggun.

Eftir snjóflóðið í Súðavík var þessu starfi sinnt af Rauðakrossdeildinni á Ísafirði, þar sem engin slík deild var starfrækt í Súðavík. Í skýrslunni „Snjóflóð 95“ kom fram að félagsbundinn mannaflmi hefði ekki verið nægur í Súðavík til að uppfylla eftirspurn hjálparlíðs. Sú ástoð sem Rauði krossinn hafi veitt eftir flóðið hafi falist í aðhlyningu og nærveru, útvegum eða fjárhagsástoð við útvegum ýmissa nauðsynja, svo sem matar, húsnæðis, klæða og húsbúnaðar. Við fjárhagsástoðinni tók síðan söfnunin *Samhugur í*

100. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-41 (87-95).

101. Skýrsla Almannavarna ríkisins, „Snjóflóð 95“ (25).

102. Hörður Högnason. Upplýsingar sendar í tölvupósti 15.11.2025.

103. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (321–381).

104. Hörður Högnason. Upplýsingar sendar í tölvupósti 15.11.2025.

105. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010 D-41 (90).

106. Skýrsla Hafsteins Númasonar hjá rannsóknarnefnd Alþingis 8. september 2025.

107. Sjá einkum, ásamt öðrum tilvísunum hér á eftir: Skýrsla Almannavarna ríkisins „Snjóflóð 95“ og vinnueintak þeirrar skýrslu (Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-41). – Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (29): Greinargerð vegna starfs RKÍ vegna Súðavíkur. – Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (70): Kvinnadeild Slysavarnafélags Íslands Ísafirði. Súðavík 1995.

verki. Móttöku, skráningu, skýlingu og aðbúnaði brottfluttra var sinnt á þremur stöðum, nánar tiltekið í Súðavík í frystihúsinu Frosta áður en brottflutningur íbúa til Ísafjarðar hófst, á Ísafirði á Fjórðungssjúkrahúsinu, hótelinu á Ísafirði, einkaheimilum, Menntaskólanum á Ísafirði og í höfuðstöðvum Rauða kross Íslands á Hótel Lind í Reykjavík. Fjölda- og félagshjálpin var skipulögð í samvinnu við höfuðstöðvar Rauða krossins í Reykjavík, deild hans á Ísafirði, sem og Fjórðungssjúkrahúsið og Almannavarnir ríkisins.

6.3.3.1. Fjölda- og félagshjálp á Ísafirði

Á Ísafirði var starfandi deild Rauða krossins, en eins og í smærri samfélögum voru stjórnarmenn og virkir félagar oft í öðrum forgangsstörfum. Sem dæmi var formaður Rauðakrossdeildarinnar á Ísafirði jafnframt hjúkrunarforstjóri sjúkrahússins og heilsugæslunnar og annar stjórnarmaður var slökkviliðsstjórinn á Ísafirði og í almannavarnanefnd Ísafjarðar. Því var einum stjórnarmanni og öðrum félögum deildarinnar falið að sjá um verkefni, þar sem ekki voru heldur tók á að fá liðsauka frá nágranna-sveitarfélögunum vegna ófærðar.¹⁰⁸

Þegar fyrsti hópur Súðvíkinga kom til Ísafjarðar með skipinu Fagranesi þann 16. janúar var tekið á móti honum af læknum, hjúkrunarfólki og starfsmönnum Rauðakrossdeildarinnar á Ísafirði. Þar var þeim öllum beint inn á sjúkrahúsið þar sem þeim var veitt aðhlyning vegna meiðsla og önnur aðstoð, m.a. útvegum fatnaðar. Sum áttu ættingja og vini á Ísafirði og höfðu sjálf útvegað sér gistingu. Tókst þannig að útvega um 130 einstaklingum gistingu á skömmum tíma og munu Ísfirðingar hafa opnað heimili sín fyrir Súðvíkingum til gistingar. Einnig veittu sjálfbóðaliðar deildarinnar fólkinu sálræna skyndihjálp eftir föngum.¹⁰⁹ Markvisst starf við að finna og úthluta húsnæði á Ísafirði hófst þann 24. janúar og lauk því verkefni á tveim dögum.¹¹⁰

Almannavarnir á Ísafirði óskuðu aðstoðar kvennadeildar Slysavarnafélags Íslands vegna veitinga fyrir fólkið á sjúkrahúsinu og í framhaldinu fyrir erfidrykkjur vegna látinna Súðvíkinga. Að auki tóku þær og konur björgunarsveitarmanna við fatnaði úr flóðinu til þvotta.¹¹¹ Starfsmenn Rauðakrossdeildarinnar á Ísafirði tóku við þeim skráningum sem farið höfðu fram í Súðavík og miðluðu þeim, ásamt sínum skráningum, til Rauða krossins í Reykjavík. Sjálfbóðaliðar Rauða krossins á Ísafirði og fulltrúi Rauða krossins frá Reykjavík sáu um úthlutun fjárhagsaðstoðar úr neyðarsjóðum Rauða krossins. Fól það í sér aðstoð við Súðvíkinga sem dvöldu á Ísafirði og í öðrum sveitarfélögum. Rauðakrossdeildin fékk aðstoðu í stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði og rak þar skrifstofu sem Súðvíkingar gátu leitað til um aðstoð og fataúthlutun fram til 13. febrúar þegar söfnunarsjóðurinn *Samhugur í verki* tók við. Þá tók sveitarstjórn Súðavíkur í kjölfarið við því hlutverki að halda utan um upplýsingar um aðsetur og fjárhagsaðstoð til Súðvíkinga.¹¹² Einnig var á skrifstofunni haldið utan um móttöku framlaga bæði í formi peninga og muna. Á skrifstofunni störfuðu auk fulltrúa Rauða krossins starfsfólk sýslumannsins og bæjarstarfsmenn Ísafjarðar, sem og fulltrúi sveitarstjórnar í Súðavík. Eftir að skrifstofunni í stjórnarsýsluhúsinu var lokað fékk Rauði krossinn aðstoðu í húsnæði Vestra á Ísafirði.¹¹³ Starfsmenn Rauðakrossdeildarinnar á Ísafirði beindu öllum fyrirspurnum fréttamanna til Rauða krossins í Reykjavík og þar var fólk við störf sem þótti reynslumikið í samskiptum við fjölmiðla.¹¹⁴

6.3.3.2. Fjölda- og félagshjálp í Reykjavík

Eitt af meginverkefnum Rauða kross Íslands í Reykjavík, auk þess að senda starfsmenn og búnað vestur, var að veita upplýsingar um aðsetur og afdrif fólks í kjölfar snjóflóðsins í Súðavík. Sú þjónusta hófst klukkan 15:00 þann 16. janúar 1995 og símavakt vegna þessa var opin allan sólarhringinn í a.m.k. tvo sólarhringa. Að símsvöruninni kom starfsfólk Rauða krossins ásamt fagmenntuðum sjálfbóðaliðum, svo sem læknum, sálfræðingum og

108. Hörður Högnason, tölvupósti til rannsóknarnefndar Alþingis 15.11.2025.

109. „Snjóflóð 95“. Hörður Högnason, tölvupósti til rannsóknarnefndar Alþingis 15.11.2025. [Bæjarins besta – 5. tbl. \(01.02.1995\) – Tímarit.is](#)

110. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (32).

111. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (70–71).

112. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (32).

113. Hörður Högnason, tölvupósti til rannsóknarnefndar Alþingis 15.11.2025.

114. Hörður Högnason, tölvupósti til rannsóknarnefndar Alþingis 15.11.2025.

prestum. Útbúið var form og voru skráð nöfn og númer þeirra aðstandenda sem hringdu og síðan hringt í þau til baka. Séð var til þess að fagfólk tæki símtöl vegna dánartilkynninga og sæi um samskipti varðandi fólk sem enn var saknað. Skipulagðar voru vaktir og fundir með áfallahjálparfólki til stuðnings. Samhliða þessu var nauðsynlegum upplýsingum safnað, m.a. íbúaskrá Súðavíkur, lista yfir þau sem voru látin og enn var saknað, ásamt þeim skráningarlistum sem unnir höfðu verið fyrir vestan um afdrif þeirra íbúa Súðavíkur sem bjargast höfðu. Í byrjun var íbúaskrá ekki til staðar og óvissa ríkti um fjölda þeirra sem lent höfðu í flóðinu og hvort einhverjir íbúanna hefðu verið fjarverandi eða verið með gesti í húsum sínum. Erfiðlega mun hafa gengið í fyrstu að fá upplýsingar frá Súðavík um hverjir væru farnir, hverjir væru í frystihúsi Frosta hf. og hverjir væru á Langeyri o.fl.¹¹⁵

Margir munu hafa nýtt sér þessa aðstoð, en síðar mun hafa komið í ljós að það átti einnig við um nánustu aðstandendur þeirra sem lentu í snjóflóðinu. Í ljós kom að þeir sem næst stóðu atburðinum í Súðavík og voru staddir á sjúkrahúsinu á Ísafirði, og biðu þar fregna um afdrif barna sinna og nánustu ættingja, fengu engar frekari upplýsingar en aðrir. Staðan mun hafa reynst vera sú að ekki var samband milli almannavarnanefndar Ísafjarðar og fólks á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði.

Vegna þessa kom Rauði krossinn því til skila til Almannavarna ríkisins að sérstaklega þyrfti að huga að því að upplýsa aðstandendur á sjúkrahúsinu strax og nýjar fréttir bærust. Upplýsingar bárust treglega af gangi björgunaraðgerða framan af degi og fram á kvöld þann 16. janúar og um kvöldið komu fregnir í útvarpi um þá sem fundist höfðu áður en Rauði krossinn var látinn vita. Frétti Rauði krossinn af þessu í gegnum innhringjanda. Rauði krossinn hafði þá samband við Almannavarnir ríkisins og fékk staðfestar upplýsingar og ítrekaði að hann yrði látinn vita strax og einhverjar fréttir bærust þannig að unnt yrði að upplýsa aðstandendur áður en fréttirnar birtust í fjölmiðlum. Þetta var ítrekað í samtölum fulltrúa Rauða krossins og almannavarnanefndar Ísafjarðar þann 17. janúar. Þrátt fyrir ítrekunina birtust í fjölmiðlum að kvöldi 17. janúar tilkynning með nöfnum látinna ásamt þeim sem síðast fundust, áður en tími hafði gefist til að upplýsa aðstandendur um það.¹¹⁶ Þetta kom m.a. fram í skýrslu eins aðstandanda hjá rannsóknarnefndinni, þar sem hann lýsti því að hafa þurft að forða því að kona hans heyrði fyrst um andlát barna þeirra í sjónvarpinu. Þetta hafði áður komið fram í viðtali þeirra hjóna við fjölmiðla.¹¹⁷

Fram kemur í greinargerð Rauða krossins að síðari hluta dags þann 17. janúar hafi verið búið að hafa samband við presta um allt land þar sem aðstandendur látinna bjuggu.¹¹⁸ Á þessum tíma var staðan sú að hættuástand var víða fyrir vestan og höfðu um þúsund manns rýmt heimili sín. Af þeim sökum var jafnframt haft samband við aðrar deildir Rauða krossins fyrir vestan dagana 18. og 19. janúar. Þá kemur fram í greinargerðinni að jafnframt hafi verið rætt um fyrirhugaða sófnun til styrktar Súðvíkingum, bætur sem Súðvíkingum stæðu til boða af hálfu Viðlagatryggingar og ríkisvaldsins og nákvæmari skráningu fjölskyldutengsla látinna og annarra Súðvíkinga sem áttu um sárt að binda. Jafnframt er greint frá því að þann 19. janúar hafi verið fundað með fulltrúum Borgarspítala, Almannavarna og Rauða krossins vegna verkaskiptingar og ákvarðana um skipulag áfallahjálpar í Reykjavík. Ákveðið var að Rauði krossinn skyldi áfram sinna upplýsingagjöf og taka á móti símtölum og vísa innhringjendum til sérfræðinga eftir því sem við ætti. Landssöfnunin *Samhugur í verki* fór formlega af stað þá um kvöldið í beinni útsendingu á RÚV.

Ljóst varð að nokkur fjöldi Súðvíkinga myndi koma til Reykjavíkur til lengri eða skemmri dvalar og þyrfti ýmiss konar aðstoð þar. Heildarumsjón þeirrar aðstoðar á vegum Rauða krossins var á Hótel Lind, en þar var einnig sinnt sálgæslu og upplýsingamiðlun um þolendur slyssins. Starfsfólk Rauða krossins tók á móti fyrsta hópi Súðvíkinga sem kom til Reykjavíkur og skráði aðsetur þeirra. Í framhaldi af því var gengið frá samkomulagi við starfsfólk Flugleiða á Ísafirði um að skrá Súðvíkinga sem færu til Reykjavíkur frá Ísafirði og afhenda þeim upplýsingablað þar sem þeim væri bent á að leita til Rauða krossins eða Hjálparstofnunar kirkjunnar eftir að komið væri suður.

115. Kristján Sturluson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 24. október 2025.

116. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (30-31).

117. Hafsteinn Númason, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 8. september 2025.

118. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins D-15 (29–33).

Meðal hlutverka Rauða krossins var að taka á móti og skrá þá aðstoð sem boðin var vegna slyssins og miðla henni til þeirra sem á þurftu að halda. Fyrstu sólarhringana eftir snjóflóðið bárust boð frá fólki og fyrirtækjum um ýmiss konar aðstoð, svo sem notuð föt og vöruúttektir og allt til ókeypis vinnuframlags. Beiðnir um aðstoð komu helst frá þeim Súðvíkingum sem ætluðu að dvelja lengri tíma í Reykjavík, en einnig bárust beiðnir vegna skemmri dvalar. Aðstoðin tók mið af því að viðkomandi hefði orðið fyrir altjóni. Aðstoð við þá sem komu til skemmri dvalar miðaðist við framfærslu í nokkra daga og aðstoð með húsnæði. Haft var samband við verslanir sem seldu helstu nauðsynjar, svo sem fatnað og matvæli, og farið fram á afslátt gegn beiðni frá Rauða krossinum.¹¹⁹ Rauði krossinn lagði fram fé til neyðaraðstoðar fyrstu dagana og tók sú upphæð mið af því að fólk yrði sjálfbjarga um nokkurt skeið. Mat á því var byggt á viðtölum við umsækjendur. Húsnæði var miðlað til láns eða leigu. Þessi aðstoð tók mið af því að koma fólki þökkalega fyrir á meðan það beið eftir úrlausn sinna mála hjá sjóðsstjórn *Samhugar í verki*. Rauði krossinn átti samstarf við Hjálparstofnun kirkjunnar við veitingu þessarar aðstoðar. Þann 23. janúar 1995 hafði starfsmanni á skrifstofu Rauða kross Íslands verið falið það verkefni að sinna fjárhagsaðstoð til Súðvíkinga allt þar til sjóðsstjórn söfnunarátaksins *Samhugar í verki* tæki til starfa 13. febrúar 1995.¹²⁰

Aðstoð Rauða krossins er í greinargerð hans ekki rakin dag fyrir dag lengur en til 24. janúar 1995. Eftir það tímamark mun aðstoðin hafa verið komin í farveg og var að mestu lokið á áður nefndu tímamarki, 13. febrúar 1995, þegar sjóðsstjórn *Samhugar í verki* hóf störf. Vert er að geta þess þó að Súðvíkingar í Reykjavík munu enn hafa verið að hafa samband við Rauða krossinn þegar greinargerð Rauða krossins var rituð þann 13. mars 1995.

6.3.3.3. *Samhugar í verki*

Fjölmarginir einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir lögðu Súðvíkingum lið eftir hamfarirnar í janúar 1995. Aðstoðin var á ýmsu formi og voru m.a. dæmi um að börn gæfu sparnaðinn sinn eða leikföng til nauðstaddra Súðvíkinga.¹²¹ Stærsta átakið af þessu tagi var landssöfnunin *Samhugar í verki*.

Landssöfnunin *Samhugar í verki* hófst klukkan 20:00 að kvöldi fimmtudagsins 19. janúar 1995 með ávarpi þáverandi forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur. Sýnt var frá söfnuninni á báðum sjónvarpsrásum og útvarpað á öllum útvarpsstöðvum samtímis. Aðilar sem stóðu að söfnuninni voru Stöð 2 og Bylgjan, Ríkisútvarpið (Rás 1 og 2) og ríkissjónvarpið, útvarpsstöðvarnar FM957, Aðalstöðin, X-ið, Brosið, dagblöðin *Alþýðublaðið*, *Dagur*, DV, *Morgunblaðið*, *Morgunpósturinn* og *Tíminn*, ásamt Pósti og síma í samvinnu við Rauða kross Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar.

Fjölmarginir sjálfboðaliðar stóðu vaktina í símaveri söfnunarinnar og tóku á móti framlögum á meðan á söfnuninni stóð. Sjóðsstjórn söfnunarinnar var skipuð framkvæmdastjóra Rauða kross Íslands, framkvæmdastjóra Hjálparstofnunar kirkjunnar, sóknarprestinum í Súðavík og framkvæmdastjóra Rauðakrossdeildar Ísafjarðar auk fulltrúa stjórnvalda sem var jafnframt formaður sjóðsstjórnar.¹²² Sparisjóðirnir á Íslandi sáu um gæslu fjárens.¹²³ Ráðinn var framkvæmdastjóri söfnunarinnar, sem aðstoðaði Súðvíkinga við umsóknir í sjóðinn.¹²⁴

Söfnunin stóð til 22. janúar 1995 og fór þannig fram að fólk og fyrirtæki hringdu inn í síma og upplýstu um þá fjárhæð sem viðkomandi vildi leggja til málefnisins. Ekki var gengið í hús eða hringt til fólks vegna söfnunar. Ákveðið var að tekið yrði á móti framlögum inn á reikning söfnunarinnar til 3. febrúar 1995.¹²⁵ Framlög bárust frá einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum, sveitarfélögum, vinabæjum á Norðurlöndunum og ýmsum fleiri aðilum, bæði innanlands og erlendis. Margir einstaklingar, fyrirtæki, hópar og félög

119. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (29–33).

120. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (32–33).

121. *Snjóflóð í Súðavík – Sigurður Andri Hjörleifsson – Myndasafn mbl.is.* – Sveitarfélagið Súðavík. Gögn afhent í október 2025.

122. *Morgunblaðið – 19. tbl. (24.01.1995) – Tímarit.is*

123. *Dagblaðið Visir – DV – 15. tbl. (18.01.1995) – Tímarit.is*

124. *Bæjarins besta – 6. tbl. (08.02.1995) – Tímarit.is; Dagur – 24. tbl. (03.02.1995) – Tímarit.is*

125. *Morgunblaðið – 16. tbl. (20.01.1995) – Tímarit.is*

úr ýmsum geirum samfélagsins efndu til sérstakra styrktarsamkoma þar sem allur ágóði rann í sjóðinn.¹²⁶

Sjóðsstjórn gerði grein fyrir starfi sínu með birtingu greinargerðar í nokkrum prentmiðlum í mars 1995.¹²⁷ Kvað hún það gert vegna þess að störf sjóðsstjórnar væru langt á veg komin og að gætt hefði misskilnings um störf hennar. Í greinargerðinni var m.a. starfsreglum sjóðsins lýst sem byggðust fyrst og fremst á því að styrkja þá einstaklinga og fjölskyldur sem hefðu misst eða hefðu orðið að yfirgefa heimili sín vegna snjóflóðanna og hefðu orðið fyrir efnalegu, andlegu og félagslegu tjóni og ástvinamissi. Gengið væri út frá því að ekki yrði bætt úr sjóðnum tjón sem bætt yrði af öðrum aðilum, svo sem Viðlagatryggingu Íslands, tryggingafélögum eða ríkissjóði. Ráðinn hafi verið framkvæmdastjóri og voru laun hans sögð eini kostnaðurinn sem sjóðurinn bæri, en kostnaður við störf stjórnar væri borinn af þeim aðilum sem tilnefndu stjórnarmenn. Í umfjölluninni var farið yfir framlög í sjóðinn og úthlutanir úr honum sem farið hefðu til einstaklinga og fjölskyldna. Framlagi Færeyinga yrði varið til byggingar nýs leikskóla að þeirra ósk auk þess sem útlagður kostnaður vegna neyðarhjálpur sem veitt hefði verið fyrstu dagana eftir snjóflóðið hefði verið greiddur. Fram kom einnig að sjóðurinn hafi ákveðið að lána Súðavíkurbreppi fé til kaupa á bráðabirgðahúsnæði fyrir þá sem misstu heimili sín í snjóflóðunum. Það hafi verið gert með kaupum á sumarhúsum sem sett hefðu verið upp í Súðavík. Lánið væri vaxtalaust og skyldi endurgreiðast eigi síðar en 1. ágúst 1995. Endurgreiðslan var sögð tryggð með sérstakri ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Að auki var tiltekið að óskir hefðu komið fram um að sjóðurinn styrkti þá sem orðið hefðu fyrir tjóni vegna náttúruhamfara um svipað leyti og snjóflóðin féllu í Súðavík og kvaðst sjóðsstjórn ætla að taka slíkar umsóknir til efnislegrar skoðunar. Samþykkt slíkra umsókna þætti þó háð samþykki sveitarstjórnar Súðavíkur sem fulltrúa viðtakenda söfnunarfrjársins, þar sem sjóðurinn hefði verið stofnaður til þess að styrkja Súðavíkunga. Fram kemur í bréfi hreppsnefndar í kjölfarið, dagsettu 4. apríl 1995, að í Súðavík ríkti sátt um störf sjóðsstjórnar.¹²⁸

Samskiptum Súðavíkurbrepps og sjóðsstjórnar eru einnig gerð skil í kafla 6.4, en í greinargerð sjóðsstjórnar, með bréfi til Súðavíkurbrepps, dagsettu 22. júní 1995, lýsti sjóðsstjórn því yfir að úthlutun væri lokið.¹²⁹ Í greinargerðinni kom m.a. skipting úthlutunar söfnunarfrjár sem greint er nánar frá í kafla 6.4.

Um miðjan júlí og í byrjun ágúst 1995 birtust í fjölmiðlum skoðanaskipti varðandi úthlutun frjárins og virtust brottfluttir Súðavíkingar telja sig hafa borið skarðan hlut frá borði.¹³⁰ Einhverjir töldu ekki réttlætanlegt að féð rynni til þeirra sem ekki hefðu orðið fyrir beinu tjóni vegna snjóflóðsins, var þar m.a. vísað til umsóknar Súðavíkurbrepps um fé úr sjóðnum til gatnagerðar í Súðavík.¹³¹ Tengdist þessi umræða að hluta til ósætti um framkvæmd hreinsunarstarfsins í Súðavík eftir snjóflóðið. Ritari sjóðsstjórnar svaraði fram kominni gagnrýni í grein í Morgunblaðinu þann 10. ágúst 1995 og lýsti því að fénu hefði verið úthlutað til einstaklinga vegna uppbyggingar í Súðavík og kvað „engum [hafa verið] mismunað vegna ætternis eða búsetu, og enginn [hefði] haft áhrif á sjóðsstjórn, hvað svo sem allri gagnrýni [liði]“.¹³² Um önnur skoðanaskipti um úthlutunina má vísa hér til kafla 6.4.

Nokkrar áframhaldandi umræður urðu um þessi efni og fram kom jafnframt gagnrýni þess efnis að sjóðsstjórn hafi ekki haldið trúnað við þau sem fengu úthlutað úr sjóðnum. Fram kom m.a. í máli Arnmundar Backman, lögmanns aðstandenda, í blaðaviðtali undir lok september 1995 að umbjóðendur hans hefðu verið látin gangast undir eiðstaf um trúnað um þær upphæðir sem þau hefðu fengið úr sjóðnum og staðhæfði um leið að svo virtist sem sjóðsstjórn hefði hins vegar ekki haldið sig við slíkan trúnað fyrir sitt leyti. Einnig

126. [Dagblaðið Vísir – DV – 159. tbl. – Helgarblað \(15.07.1995\) – Tímarit.is](#)

127. [Morgunblaðið – 55. tbl. \(07.03.1995\) – Tímarit.is](#); [Vestfirsku fréttablaðið – 10. tbl. \(15.03.1995\) – Tímarit.is](#); [Bæjarins besta – 11. tbl. \(15.03.1995\) – Tímarit.is](#)

128. Sveitarfélagið Súðavík. Gögn afhent í október 2025. Samþykkt hreppsnefndar Súðavíkur fyrir því að sjóðsstjórnin styrkti einnig þolendur snjóflóðanna í Reykhólahreppi, á Vatnsnesi, Núpi í Dýrafirði og á Flateyri, bréf dagsett 4. apríl 1995.

129. Sveitarfélagið Súðavík. Gögn afhent í október 2025.

130. [Dagblaðið Vísir – DV – 159. tbl. – Helgarblað \(15.07.1995\) – Tímarit.is](#)

131. [Morgunblaðið – 174. tbl. \(03.08.1995\) – Tímarit.is](#)

132. [Morgunblaðið – 178. tbl. \(10.08.1995\) – Tímarit.is](#); [Dagblaðið Vísir – DV – 219. tbl. \(26.09.1995\) – Tímarit.is](#); [Dagblaðið Vísir – DV – 228. tbl. \(06.10.1995\) – Tímarit.is](#)

gagnrýndi lögmaðurinn að sjóðsstjórn hefði ekki gert nægjanlega skýra grein fyrir því í hvað fjármuninum hefði verið úthlutað.¹³³ Við rannsókn rannsóknarnefndarinnar komu ekki fram upplýsingar um hvort eða hvernig brugðist hafi verið við þessum athugasemdum af hálfu sjóðsstjórnarinnar.

Reikningsskil *Samhugar í verki* voru birt í Stjórnartíðindum á árinu 1996, þ.e. efnahagsreikningur fyrir árið 1995 ásamt skýrslu sjóðsstjórnar sem dagsett er 3. maí 1996.¹³⁴ Í efnahagsreikningi kom fram að til ráðstöfunar hafi verið ríflega 291 milljón króna en þar af væri rúmum 45 milljónum króna óráðstafað. Í skýrslu sjóðsstjórnar kom fram að heildarupphæð söfnunarfjár, 290,5 milljónir króna, hefði runnið inn á sparissjóðsreikninga í Sparissjóði Súðavíkur. Framlög hafi borist frá 32.000 einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi sem og frá erlendum aðilum. Það er tekið fram að framlag Færeyinga hafi borið hæst og hafi runnið til sérstaks verkefnis.¹³⁵ Fram kemur að úthlutanir hafi skipst í þrjá flokka. Úthlutanir og bætur til 94 einstaklinga hafi numið 206,4 milljónum króna en þar af hafi byggingarstyrkir numið 9 milljónum króna. Lýst var svohljóðandi samþykkt sjóðsstjórnar í skýrslunni:

„Sjóðstjórn söfnunarinnar Samhugar í verki samþykkir að verja eftirstöðvum söfnunarfjár, nú þegar úthlutun neyðaraðstoðar til einstaklinga og fjölskyldna er lokið, til þess að styrkja þá einstaklinga, sem bjuggu í Súðavík fyrir snjóflóðin og þurfa að koma sér upp þaki yfir höfuðið í hinni fyrirhuguðu nýju íbúðarbyggð í kaupúninu. Byggingarstyrkir verði inntir af hendur í upphafi byggingarframkvæmda, og verði greiðslur jafnar og óháðar stærð fyrirhugaðra fasteigna.“

Því var lýst að úthlutun byggingarstyrkja yrði haldið áfram á árinu og gert ráð fyrir að eftirstöðvum fjármuna í sjóðnum yrði ráðstafað í því skyni. Í skýrslunni sagði að samfélagslegur stuðningur hafi numið 39,1 milljón króna sem skiptist milli Björgunarsveitarinnar Kofra, Súðavíkurhrepps vegna húsnæðisnefndar og Súðavíkurhrepps vegna leikskólabyggingar, en það hafi verið framlag Færeyinga eins og að framan getur. Kostnaður við ráðstöfun söfnunarfjár var talinn samtals 641.000 króna sem var kostnaður vegna ráðningar starfsmanns auk rekstrarkostnaðar. Tekið var fram að sjóðurinn hefði ekki borið kostnað vegna starfa sjóðsstjórnar eða endurskoðenda.

Í lok október 1995 eftir snjóflóðið á Flateyri kom fram sú skoðun að verja ætti eftirstöðvum fjárinu til stuðnings Flateyringum.¹³⁶ Verkefnið *Samhugar í verki* hélt síðan áfram í kjölfar snjóflóðsins á Flateyri þar sem safnað var í sjóð til styrktar Flateyringum. Sjóðsstjórn skipuðu fulltrúar frá sömu aðilum og í söfnuninni fyrir Súðvíkinga.

6.3.4. Áfallahjálpar í kjölfar snjóflóðsins

Þegar snjóflóðið féll í Súðavík 16. janúar 1995 var ekki komin mikil reynsla á að veita áfallahjálpar vegna hamfara eða stórslysa eins og áður segir. Í grein í Læknablaðinu frá árinu 2005 kveður Ágúst Oddsson, héraðslæknir Vestfjarða, svo að orði að eftir snjóflóðin í Súðavík hafi í fyrsta skipti verið veitt kerfisbundin áfallahjálpar í kjölfar stóratburðar á Íslandi, líkt og áður hefur komið fram.¹³⁷

6.3.4.1. Áfallahjálpar fyrir vestan

Samkvæmt skýrslu áfallateymis Borgarspítala var í upphafi ljóst að verkefnið í Súðavík væri umfangsmikið og að skipuleggja þyrfti vinnuna vandlega. Sinna þyrfti einstaklingum eftir þörfum hvers og eins, byrja á sálrænni skyndihjálpar og veita síðan þá aðstoð sem viðkomandi þyrfti á að halda í framhaldinu. Skipulagning starfsins mun því þegar hafa hafist um borð í varðskipinu Tý á leiðinni vestur þar sem haldnir voru samstarfsfundir með m.a. fjölmiðlum og öðrum sem áttu að taka þátt í starfinu og teymið var í samskiptum við stjórnstöð almannavarna.¹³⁸

133. [Dagblaðið Vísir – DV – 219. tbl. \(26.09.1995\) – Tímarit.is](#)

134. B-deild Stjórnartíðinda nr. 518, 17. september 1996 (1313–1315).

135. Þetta verkefni var bygging nýs leikskóla í Súðavík, sjá kafla 6.4.

136. [Dagblaðið Vísir – DV – 249. tbl. \(31.10.1995\) – Tímarit.is](#)

137. [Hver er staða áfallahjálpar á Íslandi í dag? | 2. tbl. 91. árg. 2005 | Læknablaðið.](#)

138. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (193–198).

Eftir að komið var til Ísafjarðar fékk áfallateymið aðstöðu á Fjórðungssjúkrahúsinu og á heilsugæslunni. Útbúin var aðstaða fyrir áfallahjálpinu í nýrri álmu sjúkrahússins sem hýsa átti öldrunardeild þess, en hafði á þessum tímapunkti ekki verið tekin í notkun. Í þessari álmu voru einnig einstaklingar og fjölskyldur sem lent höfðu í snjóflóðinu og slasast. Mun hafa verið reynt að gera aðstöðuna sem heimilislegasta, svo sem hafa ávallt til reiðu kaffi og meðlæti sem og aðra þjónustu sjúkrahússins. Var það mat teymisins að aðbúnaður hefði verið hinn besti, móttökur óaðfínanlegar og óskum teymisins hafi verið mætt eins og hægt var.¹³⁹ Í dagbókarskráningum Almanna- og borgaranna kemur fram í samtali stjórnstöðvar og Rudolfs Adolffssonar geðhjúkrunarfræðings að móttökur, þekking og viðbrögð starfsfólks hafi verið góð og að þekking stórs hluta hjúkrunarfræðinga og lækna á sjúkrahúsinu og heilsugæslunni frá námskeiðinu haustið 1994 hafi breytt miklu.¹⁴⁰

Ágúst Oddsson héraðslæknir tók þátt í vinnu áfallateymisins við sjúkrahúsið á Ísafirði eftir komuna til Ísafjarðar, ásamt prestunum sem getið er um í kafla 5.3.¹⁴¹ Vinna teymisins á Ísafirði byggði á skipulagi áfallateymis Borgarspítala og naut teymið stuðnings tengiliða Borgarspítala sem sinntu samskiptum við Almanna- og borgaranna, Rauða krossinn, Þjóðkirkjuna og fjölmiðla. Einnig var hugað að álagi þeirra sem störfuðu við áfallahjálpinu og skipulagningu vaktaskipta.

Áfallahjálpin fyrir vestan fór fram á þremur stöðum. Björgunarfólki, sjálfbóðaliðum og aðstandendum var fyrstu dagana veitt aðstoð í Súðavík, þá var Súðvíkingum og aðstandendum þeirra, björgunarfólki, starfsmönnum heilsugæslu og sjúkrahúss veitt aðstoð á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði og Súðvíkingum og aðstandendum þeirra var loks veitt aðstoð í fjöldahjálparstöð á Ísafirði. Veitt voru einstaklingsviðtöl, hópviðtöl og úrvinnslufundir með björgunarfólki og heilbrigðisstarfsfólki á Ísafirði fyrstu tvær vikurnar. Samkvæmt upplýsingum fyrrverandi hjúkrunarforstjóra sjúkrahússins til rannsóknarnefndarinnar tók starfsfólk heilsugæslunnar og sjúkrahússins lítinn þátt í áfallahjálpinu. Ekki fékkst leyfi fyrir því að starfsfólk fengi að sitja áfallahjálparviðtöl eða fundi til að læra af sérfræðingunum. Ekki hafi heldur upplýsingar um aðstöðina verið skráðar í sjúkraskrár sem torveldaði starfsfólki heilbrigðisstofnananna að gera sér grein fyrir hjálparþörf skjólstæðinga þess eftir á þegar áfallateymið hafði lokið störfum.¹⁴²

Í fyrstu var lögð áhersla á að ræða við þá einstaklinga sem voru á sjúkrahúsinu vegna meiðsla eða missis, en síðar fór áfallateymið smám saman að sinna björgunarsveitarmönnum. Eftir bráðafasann var skipulögð úrvinnsla einstaklinga sem voru í björgunarsveitunum bæði í hóp- og einstaklingsviðtölum. Fram kemur í skýrslu áfallateymisins að biðtíminn á meðan leit stóð yfir hafi verið mörgum óbærilegur, bæði aðstandendum og hjálparliðum. Í fyrstu var því lögð höfuðáhersla á sálræna skyndihjálpar, með umönnun og aðhlyningu í fyrirrúmi og á aðstoð við nánustu aðstandendur hinna látnu og týndu á meðan leit stóð yfir. Í skýrslu Rudolfs Adolffssonar hjá rannsóknarnefndinni kom fram að áfallavinna byggði á trausti. Því hafi einstaklingar í áfallateyminu tekið að sér ákveðna einstaklinga eða fjölskyldur sem þeir fylgdu eftir á meðan þeir voru við störf fyrir vestan og héldu því jafnvel áfram ef viðkomandi einstaklingar fluttu suður.¹⁴³

Áfallateymið sinnti sorgarvinnu, sem fór fram í viðtölum við eftirlifendur og aðstandendur sem dvöldu á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði. Veitt voru einkaviðtöl og einstaklingsbundin áfallahjálpar og fram fór hópvinna um tilfinningalega úrvinnslu (e. *debriefing*) með ýmsum aðilum, m.a. björgunarfólki. Einnig var farið í vitjanir á ýmsa staði á Ísafirði og í Súðavík og samstarfsfundir haldnir með áfallahjálparfólki, heilsugæslunni og starfsfólki sjúkrahússins. Veitt var fræðsla, m.a. á kynningarfundum um streituvíðbrögð og ýmislegt annað, svo sem símtöl, upplýsingagjöf og ýmis önnur aðstoð.

Sálrænn stuðningur við aðstandendur fór einnig fram í tengslum við kistulagningar og minningarathöfn um þá sem létust í snjóflóðinu. Prestarnir undirbyggju kveðjustundirnar með aðstandendum og voru þær skipulagðar að þeirra óskum. Aðstoð sérfræðings frá

139. Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna- og borgaranna ríkisins 2010. D-15 (193–198).

140. Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna- og borgaranna ríkisins 2010. D-45 (341).

141. Í kafla 5.5 kemur fram að Ágúst hafi verið tepptur í Bolungarvík vegna ófærðar.

142. Hörður Högnason. Upplýsingar sendar í tölvupósti 15.11.2025.

143. Rudolf Adolffsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd Alþingis 23. október 2025.

útfararstofu Kirkjugarða Reykjavíkur var fengin vegna lokaumbúnaðar um hin látnu og voru hjúkrunarfræðingur og prestur viðstödd kistulagningar aðstandendum til stuðnings óskuðu þau þess. Ýmsir prestar veittu síðan aðstandendum aðstoð við útfarirnar sem fram fóru bæði fyrir vestan og í Reykjavík.¹⁴⁴

Þar sem ljóst var að meðferð væri persónubundin og gæti staðið yfir í langan tíma lagði áfallateymið frá Reykjavík á fyrstu dögnum mat á það hver gætu þurft áframhaldandi stuðning. Í Súðavík var áframhaldandi áfallahjálpar aðeins sinnt gagnvart börnum og sinnti henni teymi á vegum Fræðsluskrifstofu Vestfjarða, eins og nánar er fjallað um hér á eftir. Starfsfólk og stjórnendur Fjórðungssjúkrahússins og heilsugæslunnar komu einnig inn í áfallastarfið. Fram kemur í skýrslum áfallateymis Borgarspítalans og héraðslæknis Vestfjarða að starfsfólk heilsugæslunnar og sjúkrahússins hafi lagt á sig mikla vinnu þann tíma sem áfallateymið var við störf og sinnt starfinu af mikilli alúð og kostgæfni. Í skýrslu áfallateymis Borgarspítala er m.a. tekið fram að teymið hrósaði „aðstæðum á FSÍ og starfsfólki sjúkrahússins í hvívetna“ en í skýrslu héraðslæknis Vestfjarða kemur m.a. fram að „starfsfólk FSÍ/HSÍ [hafi lagt] á sig ómælda vinnu þennan tíma“ og „[væri] það samdóma álit allra að námskeiðið sem haldið var s.l. haust í áfallahjálpar [hefði] hér skilað miklu“.¹⁴⁵

Í bréfi héraðslæknis Vestfjarða til framkvæmdastjóra Almannavarna ríkisins 30. janúar 1995 var verkefnið sagt umfangsmikið og þörfin fyrir sálræna skyndihjálpar mikil. Hann kvað um það bil 600 til 700 manns hafa verið í fyrsta áhættuhópi m.t.t. sálrænna áfalla. Um hafi verið að ræða um 200 íbúa Súðavíkur, um 400 utanaðkomandi einstaklinga í björgunarstörfum auk sjómanna og áhafna skipa. Að auki hafi verið um að ræða stóra hópa björgunarmanna sem einungis náðu til Ísafjarðar en upplifðu erfiðar sjóferðir með skipunum Engey, Margréti og Múlafossi. Ótaldar væru síðan fjölskyldur og nánir vinir Súðvíkinga sem búsettir væru á Ísafirði og upplifðu hörmungarnar í návígi.¹⁴⁶ Á þeim tíma sem áfallateymið starfaði á Ísafirði voru skráð yfir 170 einstaklingsviðtöl og í hópviðtöl komu um 240 manns og sum oftast en einu sinni. Einnig mun hafa verið um að ræða fjölda viðtala og samverustunda með þeim sem lentu í snjóflóðinu og voru á sjúkrahúsinu á Ísafirði sem ekki var skráður sérstaklega.

Þann 25. janúar 1995 tók heilsugæslan á Ísafirði formlega við yfirstjórn og skipulagningu áfallateymisins með aðstoð héraðslæknisins og lauk hlutverki starfsfólks Borgarspítalans þann 26. janúar. Lögð var áhersla á að heilsugæslustöðin fylgdi eftir einstaklingum fyrir vestan sem á þyrftu að halda og jafnframt á góða samvinnu við teymið á Borgarspítalanum. Samkvæmt upplýsingum rannsóknarnefndarinnar frá þáverandi yfirmanni heilsugæslunnar á Ísafirði var ekki sett upp eftirfylgniáætlun fyrir fólkið, en fólkið upplýst um að það gæti leitað til heilsugæslunnar ef á þyrfti að halda.¹⁴⁷ Ekki liggja fyrir upplýsingar hjá rannsóknarnefndinni um það hver ásókn hafi verið í þá þjónustu.

6.3.4.2. Grunn- og leikskólar Súðavíkur

Sérstakt starf var unnið með grunn- og leikskólum Súðavíkur og var það ótengt heildarskipulagi áfallahjálparinnar sem var á vegum Almannavarna ríkisins.¹⁴⁸ Páll Ásgeirsson, yfirlæknir barna- og unglíngageðdeildar Landspítala, hafði samband við fræðslustjóra Vestfjarðaumdæmis, skólastjóra Súðavíkurskóla og leikskólustjóran í Súðavík og bauð fram aðstoð fagfólks þegar skólustarf hæfist að nýju í Súðavík.¹⁴⁹ Í kjölfar þess fór hópurinn vestur og veitti stjórnendum, kennurum og nemendum í grunn- og leikskólunum í Súðavík aðstoð.¹⁵⁰ Getið er nokkuð um þennan þátt í kafla 5.5 í skýrslunni.

Starfið fór fram á Ísafirði frá 19. til 29. janúar 1995. Í teyminu voru sjúkrahúsprestur

144. Þjóðkirkjan. Gögn afhent 4.11.2025. Skýrsla sr. Magnúsar Erlingssonar, sóknarprests á Ísafirði.

145. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (196, 191).

146. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-46 (66). Bréf Ágúst Oddssonar, héraðslæknis Vestfjarða, til Guðjóns Petersen, framkvæmdastjóra Almannavarna ríkisins, dags. 30. janúar 1995.

147. Samtal fulltrúa rannsóknarnefndar Alþingis við Einar Axelsson lækni 4. nóvember 2025.

148. Ágúst Oddsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd Alþingis 21. október 2025. Sjá einnig: Skýrslur Ágúst Oddssonar um snjóflóðið í Súðavík, dagsett 16.2.1995, og um snjóflóðið á Flateyri, tímasett á páskum 1996.

149. Páll bauð aðstoð FÁSTOS-hópsins sem í voru sálfræðingar og prestur. FÁSTOS: Félag um áfalla- og stórslysasálfræði stofnað árið 1989.

150. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (180–187): Skýrsla vegna vinnu áfallahóps með Grunnskóla Súðavíkur, dags. 13. febrúar 1995.

Ríkisspítalanna, sálfræðingur á meðferðar- og móttökustöð fyrir unglinga og fyrrverandi skólasálfræðingur á Vestfjörðum, sálfræðingur á barna- og unglिंगageðdeild Landspítala og skólasálfræðingur frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur. Hópurinn gerði áætlun um starfið og kynnti fræðslustjóra, skólastjóra Súðavíkur og kennslufulltrúa Vestfjarða á fundi á Ísafirði. Lögð var áhersla á að hefja skólastarfið sem fyrst til að skapa öryggi fyrir börnin, ásamt því að taka þyrfti tillit til áfallsins og þess álags sem allir hlutaðeigandi hefðu orðið fyrir.

Grunnskólastarf Súðavíkurskóla hófst í bráðabirgðahúsnæði á Ísafirði með skólasetningu þann 22. janúar 1995 og var farið yfir skipulag skólastarfsins með stjórnendum. Fundað var með kennurum, stjórnendum, foreldrum og nemendum dagana sem hópurinn dvaldi á Ísafirði, veitt var fræðsla og stuðningur, hlustað á frásagnir aðila og viðbrögð rædd. Unnið var með ýmislegt fræðsluefni fyrir foreldra og spurningalista fyrir fjölskyldur. Í lok heimsóknarinnar var sú skoðun hópsins áréttuð að fara hægt í sakirnar hvað varðaði flutning skólans til Súðavíkur í ljósi þeirrar eyðileggingar sem þar blasti við. Þegar skólinn flytti til Súðavíkur þyrftu börnin aukinn stuðning og aðgæslu. Hópurinn lýsti sig tilbúinn til áframhaldandi vinnu og að hann gæti komið í aðra heimsókn við upphaf skólastarfs í Súðavík, unnið með börnunum og boðið fjölskyldum aðstoð sem vildu og þyrftu. Gert var ráð fyrir tveimur heimsóknum á skólaárinu og eftirfylgniheimsókn þegar ár væri liðið frá snjóflóðinu. Milli heimsókna var foreldrum og starfsfólki boðið að vera í sambandi við hópinn.

Hluti áfallahópsins fór aftur til Ísafjarðar 10. til 12. mars 1995.¹⁵¹ Megintilgangur ferðarinnar mun hafa verið að kanna vilja og þarfir heimamanna um það hvernig best væri að standa að áframhaldandi áfallahjálp. Fundað var með stjórnendum skóla- og fræðslusvæðisins og læknum heilsugæslunnar á Ísafirði, sem og formanni barnaverndarnefndar Súðavíkur. Rætt var við fjölskyldu sem tekið hafði að sér að prófa spurningalista og fyrirkomulag aðstoðarinnar.¹⁵² Einnig var fundað með foreldrum barna í Grunnskóla Súðavíkur og fyrirhuguð vinna borin undir þau, auk þess sem m.a. var farið yfir áhrif áfalla á börn og möguleg viðbrögð foreldra. Ákveðið var í samvinnu við foreldra og stjórnendur að bjóða öllum börnum á grunnskólaaldri og fjölskyldum þeirra aðstoð í stað þess að sinna aðeins þeim fjölskyldum sem leituðu eftir hjálp. Í kjölfar þess var gerð áætlun vegna áframhaldandi vinnu sem fól m.a. í sér viðtöl við börnin og foreldrana sem fram færu í næstu heimsókn. Á fundinum með foreldrum mun hafa komið fram skýr og eindreginn vilji til að fá viðtöl sem fyrst.

Þriðja heimsókn hópsins fór fram dagana 18. til 22. mars 1995.¹⁵³ Fóru þá þrír meðlimir hópsins til Súðavíkur og sinntu fjölskylduviðtölum. Einn meðlimur hópsins fór síðan aftur til Súðavíkur dagana 5. til 8. maí 1995 og ræddi við þá einstaklinga sem ekki höfðu verið í viðtali áður og ræddi á ný við nokkra einstaklinga. Í skýrslu hópsins, um þessar tvær heimsóknir, kom fram að börn úr fimm fjölskyldum hefðu flutt frá Súðavík til Reykjavíkur og nágrennis, en í maí hafi öll börnin nema tvö úr tveimur af þessum fjölskyldum verið komin aftur í grunnskóla Súðavíkur. Fjölskyldunum hefðu verið veitt viðtöl í Súðavík og í Reykjavík eða nágrenni. Fram kom að flestar fjölskyldurnar hefðu þegið viðtal þar sem farið var yfir atburðarásina, upplifun fjölskyldunnar og hvaða bjargráð væru fyrir hendi fyrir þau. Viðmælendur fylltu út áfallalistann PTSS-10 og flest börnin fylltu einnig út lista um viðbrögð barna við áföllum og sorgarviðbrögð barna.¹⁵⁴ Þá var rætt um streitueinkenni og hvernig væri hægt að bregðast við þeim. Fram kom m.a. í viðtölunum að mörg „söknuðu þeirra sem fluttust í burtu og höfðu áhyggjur af að þeir færu á mis við þá samkennd og stuðning sem ríkti á staðnum“.

Ekki komu fram sérstakar ábendingar um það sem betur hefði mátt fara í þessari aðstoð og nefndu mörg að þau „vonuðust til að aðrir fengju jafngóða hjálp“ og nefndu sérstaklega

151. Þjóðskjalasafn Íslands, Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (217–224): Skýrsla vegna vinnu áfallahóps með Grunnskóla Súðavíkur II, heimsókn tímabilið 10.–12. mars 1995.

152. Hópurinn útbjó spurningalista fyrir fjölskyldur vegna úrvinnslu áfallsins sem lagður var fyrir þá foreldra sem þátt tóku í verkefninu.

153. Þjóðskjalasafn Íslands, Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (225–230): Vinna áfallahóps með Grunnskóla Súðavíkur III og IV, dags. 22. júní 1995.

154. Um er að ræða staðlaða lista sem nýttir eru við áfallahjálpa (*PTSS-10 Post Traumatic Stress Syndrome 10 Questions Inventory*) og einnig lista sem hópurinn útbjó.

„þá Súðvíkinga sem höfðu flutt burtu“, en einnig „björgunarmenn, hjálparaðila og aðra sem [lentu] í áföllum“. Fólkið upplifði að það byggði á „eldraðu svæði“ og gátu þau sem bjuggu í húsum sínum undir hlíðinni ekki hugsað sér annan vetur á því svæði. Var fólkið einhuga um að það þyrfti að gera öllum þorpsbúum kleift að færa sig á Eyrardalslandið, þ.e. þar sem uppbygging Nýrrar Súðavíkur var í bígerð sunnan Eyrardalsár. Fram kom að það ylli fólki áhyggjum að ekki væru komin skýr svör um hættumat á fyrirhuguðu byggingarsvæði, að óvissa væri um mat á þeim húsum sem eftir stæðu og hvaða aðstoð yrði veitt til að flytja hús á öruggara svæði.

Úrvinnsla matslista benti til þess að þriðjungur viðmælenda hefði í mars 1995 fundið til miðlungs- eða verulegrar áfallastreitu. Í maí 1995 hefðu sést greinileg batamerki, en mikill munur hafi verið á því hvaða og hversu langvarandi áhrif atburðirnir höfðu á fólkið. Í niðurstöðum heimsóknanna kom fram að í áfallavinnunni hefði verið farið eftir þeirri áætlun sem að framan er nefnd, farnar hefðu verið fjórar heimsóknir vestur á tímabilinu janúar til maí 1995. Talin var full ástæða til að fylgja aðstoðinni eftir með heimsókn til Súðavíkur veturinn á eftir eins og foreldrar höfðu óskað eftir. Samkvæmt því sem fram kemur í niðurstöðum heimsóknanna þótti fólki gott að komast í burtu í stuttan tíma, svo sem til Reykjavíkur, en svo virtist sem þau sem bjuggu áfram í Súðavík hefðu verið fljótari að ná sér en þau sem fluttu burtu. Þó reyndist aðurnefnd biðstaða á þessum tíma í tengslum framtíðarþáttum í þorpinu fólki erfið samkvæmt því sem fram kom í niðurstöðunum.

Upphaflega hafði verið áætlað að fara í þrjár tveggja til fimm daga heimsóknir og síðan eftirfylgniheimsókn að ári, nánar tiltekið í janúar 1996. Á árinu 1995 var farið í fjórar heimsóknir frá janúar til maí, en engin gögn liggja fyrir hjá rannsóknarnefndinni varðandi eftirfylgniheimsókn til Súðavíkur í janúar 1996. Í skýrslunni eftir fjórðu heimsókn hópsins kom fram að talin væri full ástæða til að halda áætlun og heimsækja Súðavík að ári. Að sögn Margrétar Arnljótsdóttur sálfræðings var sú ferð farin á vegum Fræðsluskrifstofu Vestfjarða, en ekki var skrifuð skýrsla um ferðina.¹⁵⁵

6.3.4.3. Eftirfylgni við Súðvíkinga fyrir vestan

Eins og áður segir lauk starfi áfallahjálparteymisins sem komið hafði að sunnan þann 26. janúar 1995 og heilsugæslan á Ísafirði tók við verkefninu. Eftir að Súðvíkingarnir sem dvaldið höfðu á Ísafirði eða fyrir sunnan sneru aftur heim höfðu þau tækifæri til að leita sér aðstoðar hjá heilsugæslunni. Ekki liggja fyrir skýrslur um það starf. Að sögn Einars Axelssonar, læknis og fyrrverandi yfirmanns heilsugæslunnar á Ísafirði, og Harðar Högnasonar, hjúkrunarfræðings og fyrrverandi hjúkrunarforstjóra Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði, mun ekki hafa verið gerð sérstök áætlun um eftirfylgni fyrir Súðvíkinga, enda hafi upplýsingar um áfallahjálpa ekki verið skráðar í sjúkraskrár. Boðin var aðstoð heilsugæslunnar á Ísafirði ef þau teldu þörf á.¹⁵⁶ Eins og fram hefur komið var heilsugæslustöð í Súðavík á þessum tíma og var henni þjónað af læknum á Ísafirði. Um eftirfylgni gagnvart skólunum var fjallað hér að framan.

Hluti af áfallaaðstoðinni við Súðvíkinga var eftirflyníáætlun sú sem séra Kristján Björnsson lagði fram með sáttargjörð vegna hreinsunarstarfsins í Súðavík. Var sú vinna á vegum Súðavíkurhrepps og laut eftirfylgni samkvæmt áætluninni að aðstandendum þeirra sem létust í snjóflóðinu. Um þennan þátt var fjallað í kafla 6.2 og má vísa hér nánar til þeirrar umfjöllunar.

6.3.4.4. Áfallahjálpi í Reykjavík og eftirfylgni við Súðvíkinga

Áfallahjálpi í Reykjavík var veitt á vegum Rauða krossins að beiðni Almannavarna ríkisins samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu almannavarna, „Snjóflóð 95“. Eins og fram hefur komið boðaði Páll Ásgeirsson, yfirlæknir barna- og unglingsgeðdeildar Landspítala, félaga í félagi um áfalla- og stórslysasálfræði (FÁSTOS) til fundar þann 16. janúar, en félagar þess höfðu unnið að áfallahjálpi í kjölfar slysa og dauðsfalla. Þau buðu Almannavörnum aðstoð sama dag og var þeim vísað til Rauða kross Íslands. Í kjölfar þess tóku þau þátt

155. Samtal fulltrúa rannsóknarnefndar Alþingis við Margréti Arnljótsdóttur sálfræðing 23. október 2025.

156. Samtal fulltrúa rannsóknarnefndar Alþingis við Einar Axelsson lækni 4. nóvember 2025. – Samtal fulltrúa rannsóknarnefndar Alþingis við Hörð Högnason hjúkrunarfræðing og tölvupóstur frá Herði til fulltrúa nefndarinnar 11. nóvember 2025.

í að veita fyrstu hjálp til Súðvíkinga og aðstandenda þeirra á vegum Rauða krossins.¹⁵⁷ Rauði krossinn starfrækti áfram móttöku í Hótel Lind þar sem veitt var sálgæsla og önnur aðstoð. Einnig starfrækti Rauði krossinn símaver eins og áður segir þar sem starfsmenn og fagfólk veitti upplýsingar og aðstoð.

Við útfarir þeirra sem létust í snjóflóðinu sem fóru fram í Reykjavík veittu viðkomandi prestar aðstandendum stuðning og í sumum tilvikum fylgdu þeir aðstandendum eftir. Ráða má af viðkomandi gögnum rannsóknarnefndarinnar um þessi efni að til hafi staðið að þeim Súðvíkingum sem fluttu suður eða dvöldu þar um skemmri tíma yrði veitt skipulögð áframhaldandi áfallahjálpar og að skipulagning þess starfs yrði í höndum Tómasar Zoëga, geðlæknis á geðdeild Landspítalans.¹⁵⁸ Í skýrslu Tómasar hjá rannsóknarnefndinni kom fram að ekki hafi verið um skipulagða eftirfylgni að ræða, en hann hefði fylgt einhverjum skjólstæðingum eftir þegar þau komu til Reykjavíkur.¹⁵⁹ Einnig kom fram í skýrslu Rudolfs Adolfssonar hjá rannsóknarnefndinni að meðlimir áfallateymisins sem starfað hefðu á Ísafirði hefðu að einhverju leyti fylgt eftir þeim fjölskyldum og einstaklingum sem þeir höfðu aðstoðað fyrir vestan og leituðu til geðdeildar Borgarspítala, eftir komu þeirra til Reykjavíkur.¹⁶⁰ Ekki liggja fyrir upplýsingar hjá nefndinni um hversu lengi sú aðstoð hafi verið veitt eða hvort hún hafi verið veitt á skipulagðan hátt.

6.3.5. Eftirmál er varða skipulag áfallahjálpar á Íslandi 1995 til 2025

Í skýrslu Rudolfs Adolfssonar hjá rannsóknarnefndinni kom m.a. fram að þar sem skipulögð áfallahjálpar hefði ekki verið veitt áður vegna svo umfangsmikils atburðar hefði skipulag aðgerða ekki legið fyrir fyrirfram nema að takmörkuðu leyti.¹⁶¹ Af þeim sökum hefðu viðbragðsaðilar þurft að finna og aðlaga viðbrögð við aðstæðum í samræmi við þekkingu sína. Af því leiddi að í kjölfar atburðanna komu fram í skýrslum og greinargerðum fjölmargar tillögur til úrbóta og uppbyggingar á skipulagi áfallahjálpar á landsvísi. Þessar tillögur eru að miklu leyti kjarnaðar í skýrslu nefndar heilbrigðisráðherra sem skilað var í nóvember 1995 og reifuð verður hér fyrir aftan.¹⁶²

Fyrir árið 1990 kemur hugtakið áfallahjálpar ekki fram í umfjöllun fjölmiðla. Eftir 1990 jókst umfjöllun jafnt og þétt og eftir 1995 og fram til ársins 2003 var stóraukin umfjöllun um áfallahjálpar í formi námstefna, námskeiða, greinarskrifa o.fl. Eftir árið 2003 fór umfjöllunin að dala og frá árinu 2014 má segja að hún hafi haldist stöðug.¹⁶³ Eftir snjóflóðið í Súðavík skipaði landlæknir vinnuhóp til að skilgreina og skýra hugtakið „áfallahjálpar“.¹⁶⁴

Þann 30. janúar 1995 ritaði Ágúst Oddsson, héraðslæknir Vestfjarða, Guðjóni Petersen, framkvæmdastjóra Almannavarna ríkisins, erindi varðandi áfallahjálpar. Í erindinu kom m.a. fram að Ágúst teldi nauðsynlegt að áfallahjálpar yrði skilgreind sem neyðarþjónusta innan Almannavarna ríkisins og lýsti hann efasemdum um að fella hana undir félagslegt hjálparstarf Rauða krossins. Í erindinu mælti Ágúst með áframhaldandi samstarfi í takt við það sem fram hefði farið vegna Súðavíkur þar sem sérstakur fulltrúi landlæknis, Vilborg Ingólfsdóttir, var í stjórnstöð Almannavarna ríkisins og aðstoðaði við skipulagningu áfallahjálparinnar. Þar sem um sérhæft hjálparstarf væri að ræða taldi hann að starfið ætti að heyra beint undir Almannavarnir sem hefði yfir að ráða útkallshópi til viðbragða með skömmum fyrirvara. Þá taldi hann einnig að heilsugæslan ætti að bera ábyrgð á áfallahjálpar á landsbyggðinni og gæti kallað til aðstoð ef þurfa þætti. Skynsamlegt væri einnig að tengja áfallahjálpar í Reykjavík við slysideild Borgarspítalans.¹⁶⁵ Ekki liggur fyrir hvort erindinu hafi verið svarað af hálfu Guðjóns.

157. Þjóðskjalasafn Íslands, Almannavarnir ríkisins 2010. D-45 (327).

158. Þjóðskjalasafn Íslands, Almannavarnir ríkisins 2010. D-15 (189–192). *Áfallahjálpar. Snjóflóð í Súðavík 16. janúar 1995*. Skýrsla Ágúst Oddssonar, héraðslæknis Vestfjarða, dags. 16. febrúar 1995.

159. Tómas Zoëga, skýrsla hjá rannsóknarnefnd Alþingis 5. nóvember 2025

160. Rudolf Adolfsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd Alþingis 23. október 2025.

161. Rudolf Adolfsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd Alþingis 23. október 2025.

162. Heilbrigðisráðuneytið. Gögn afhent í nóvember 2025. Tillögur um heildarskipulag áfallahjálpar í heilbrigðisþjónustunni, menntun heilbrigðisstarfsfólks, þátttöku sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og tengsl við neyðaráætlanir Almannavarna ríkisins.

163. Samantekt rannsóknarnefndar á fjölda greina í fjölmiðlum á timarit.is á árabílinu 1985–2024.

164. Þjóðskjalasafn Íslands, Almannavarnir ríkisins 2010. D-16 (33). Álit þriðja vinnuhóps á ráðstefnu í Hnífsdal í maí 1995 á köflum í drögum að skýrslunni „Snjóflóð 95“ (kaflar 15–18) um sjúkra-, áfalla-, fjölda- og félagshjálpar.

165. Þjóðskjalasafn Íslands, Almannavarnir ríkisins 2010. D-46 (66).

Í kjölfar snjóflóðsins í Súðavík sótti héraðslæknir Vestfjarða um styrk til að rannsaka og meta áhrif áfallahjálparinnar á íbúana og kanna líðan þeirra. Vinna við rannsóknina hófst sama ár og gagnaöflun var í undirbúningi þegar snjóflóðið féll á Flateyri í október sama ár. Gagnaöflunin sem fór fram á árinu 1996 tók til þolenda beggja atburðanna. Rannsókninni lauk með útgáfu skýrslu sem birt var í *Sálfræðiritinu* árið 2000.¹⁶⁶ Helstu niðurstöður bentu til þess að stór hluti áfallaþola byggi við áfallaröskun lengi eftir atburðinn og að mikilvægt væri að þau hefðu greiðan aðgang að áfallahjálpi, þegar þau væru tilbúin að takast á við úrvinnslu áfallsins.¹⁶⁷

Þann 15. mars 1995 skipaði Sighvatur Björgvinsson, þáverandi heilbrigðisráðherra, nefnd til að gera tillögur um hvernig efla mætti og auka áfallahjálpi hér á landi. Nefndin var að störfum á árinu 1995 og hafði ekki skilað tillögum sínum þegar snjóflóðið féll á Flateyri þann 26. október 1995. Eftir atburðinn á Flateyri kallaði þáverandi heilbrigðisráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, eftir tillögum nefndarinnar og skilaði nefndin fyrrnefndri skýrslu í byrjun desember sama ár.¹⁶⁸ Skýrslan var kynnt í janúar 1996.

Meðal tillagna nefndarinnar voru stofnun áfallamiðstöðvar. Hlutverk hennar var skilgreint og lögð til gerð heildarskipulags í áfallahjálpi á landsvísi. Einnig voru gerðar tillögur um hlutverk og verkefni héraðslækna og heilsugæslunnar í dreifbýli, eftirfylgni þolenda áfalla, eflingu þjónustu geðdeilda Landspítala og Borgarspítala og hlutverk Landspítala og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri gagnvart aðstoð við heilsugæslustöðvar og sjúkrahús á landsbyggðinni. Ýmsar tillögur voru settar fram um fræðslu og þjálfun um áfallastreitu og áfallahjálpi fyrir fagfólk í heilbrigðis- og félagsþjónustu og innan kirkjunnar, námskeið fyrir björgunarsveitarmenn, lögreglu, slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn, almannavarnarnefndir og hjálparliða Rauða krossins og aðra hjálparmenn á hverjum stað, sem og útgáfu fræðslubæklinga fyrir fjölmiðlafólk. Lagt var til að Rauði krossinn byggði upp skráningarkerfi til að halda utan um upplýsingar um þolendur á meðan á neyðaraðgerðum stæði og sæi um fræðslu í sálrænni skyndihjálpi. Lögð var til skipun starfshóps sérfróðra aðila um áfallahjálpi innan embættis landlæknis og eflingu rannsókna auk tillagna fjárhagslegs eðlis.

Starfsfólk geðdeilda Landspítala sendi bréf þann 5. apríl 1995 til þáverandi formanns almannavarnaráðs, Hafsteins Hafsteinssonar.¹⁶⁹ Í bréfinu var gerð grein fyrir starfi starfsfólksins fyrir vestan dagana eftir snjóflóðið í Súðavík. Þar komu m.a. fram sambærilegar upplýsingar og í skýrslu áfallahóps Borgarspítala um umfang áfallahjálparinnar, en einnig voru í bréfinu sett fram ýmis atriði „til umhugsunar í framtíðinni“. Þessi atriði lutu að boðun og yfirstjórn áfallahóps, upplýsingagjöf, árvekni vegna íbúa annarra hættusvæða en hamfarasvæða, reglum um samskipti við fjölmiðla, fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk og aðra hjálparliða um áfallahjálpi, skipulegri eftirfylgni einstaklinga sem orðið hefðu fyrir áföllum og innleiðingu áfallahjálpar í skipulag viðbragða Almanna- og heilbrigðisráðherra.

Dagana 28. til 31. maí 1995 var haldið vinnuþing í Hnífsdal, en þar hittust fulltrúar þeirra sem komu að viðbrögðum vegna snjóflóðanna í Súðavík. Farið var yfir atburðarásina og fyrirbyggjandi drög að skýrslu almanna- og heilbrigðisráðherra, „Snjóflóð 95“, en nánar er fjallað um skýrsluna og aðdraganda hennar í kafla 5. Meðal þeirra ábendinga sem fram komu í skýrslunni voru að hópslysanefnd hefði ekki verið kölluð saman og ekki hefði verið farið eftir hópslysaáætlun. Þá sagði að sjúkradeild hefði ekki verið lokað í fyrstu fyrir aðkomufólki, í upphafi hefði óvissa ríkt um hvar söfnunarvettvangur slasaðra í Súðavík skyldi vera, áfallahjálpi hefði átt að vera í samvinnu við heimamenn frá upphafi og að rétt hefði verið að láta heimamenn ráða einhverju um sérhæfingu þeirra lækna sem sendir voru frá Reykjavík. Einnig er þess getið að samband hafi vantað við lækna í Súðavík og að landlæknir hefði átt að skera úr um vafaatriði.

Í Morgunblaðinu birtist frétt 1. nóvember 1995 um kynningu Ingibjargar Pálmadóttur heilbrigðisráðherra á tillögum nefndarinnar sem skipuð var í mars 1995 og skilaði

166. Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands, 6. árg. 2000, 9–26.

167. Ágúst Oddsson. Gögn afhent við skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd 21. október 2025.

168. Heilbrigðisráðuneytið. Gögn afhent í nóvember 2025: Nefnd heilbrigðisráðherra um áfallahjálpi. Tillögur um heildarskipulag áfallahjálpar í heilbrigðisþjónustunni, menntun heilbrigðisstarfsfólks, þátttöku sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og tengsl við neyðaráætlanir Almanna- og heilbrigðisráðherra. 1995.

169. Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna- og heilbrigðisráðherra. 2010. D-15 (206).

áðurnefndri skýrslu. Í henni kemur fram að heildarskipulag áfallahjálpar skyldi ná til 13 staða þar sem íbúar byggju við snjóflóðahættu og voru nefnd Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bíldudalur, Þingeyri, Flateyri, Ísafjörður, Hnífsdalur, Súðavík, Suðureyri, Bolungarvík, Siglufjörður, Seyðisfjörður og Neskaupstaður.¹⁷⁰ Halda skyldi borgarafundi í nafni ráðuneytisins, landlæknis, Almannafræðisins og heilsugæslu á viðkomandi stöðum. Þá skyldi fræða almenning sem byggir við óöryggi og hættuástand um algeng streituvíðbrögð, halda námskeið um áfallastreitu og áfallahjálpar fyrir viðbragðsaðila á hverjum stað.

Í ársskýrslu Slysavarnafélagsins Landsbjargar 1996 fyrir árið 1995 kom fram að á árinu hefði verið stofnaður áfallahjálparhópur innan Slysavarnafélagsins Landsbjargar til stuðnings björgunarsveitarmönnum. Var það gert undir handleiðslu Rudolfs Adolffssonar geðhjúkrunarfræðings.¹⁷¹

Í kjölfar snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri fór fram umræða um hlutverk kirkjunnar í hópslysaviðbrögðum, áfallahjálpar og sálsgæslu. Umræðan hafði reyndar hafist fyrr því lögð hafði verið tillaga fyrir kirkjuþing í október 1994 um hlutverk kirkjunnar í málaflöknum. Unnið var að því að tengja Hjálparstofnun kirkjunnar inn í umræðu um málefnið með Rauða krossinum. Frekari úrvinnsla fór fram á ráðstefnu kirkjunnar um hópslysaviðbrögð á árinu 1996 þar sem fjallað var um sálsgæslu og samstarf kirkjunnar við Rauða krossinn og Almannafræðisins.¹⁷²

Í skýrslu sinni um áfallahjálpar vegna snjóflóðsins á Flateyri, frá árinu 1996, lýsti héraðslæknir Vestfjarða þeirri von sinni að það stefndi í „að hlutirnir [yrðu] teknir föstum tókum“ og vísaði hann þar til þess að eftirfylgd áfallahjálpar eftir Súðavíkurslysið hefði „aldrei verið sú sem hún hefði þurft að vera, hvorki gagnvart skólanum né íbúum almennt“. Heilsugæslan á Ísafirði hefði ekki haft bolmagn til að sinna verkefninu og heimsóknir sálfræðings á vegum Fræðsluskrifstofunnar í skólann hefðu verið stoppar.¹⁷³

Fram kemur í skýrslu stýrteymis Borgarspítala í áfallahjálpar um snjóflóðið á Flateyri, frá 28. nóvember 1995, að reynslan frá Súðavík hafi nýst vel í viðbrögðum á Flateyri. Fram komu tillögur um verkskipulag og stjórnun, m.a. mikilvægi tengiliðar meðal heimamanna, að sendir yrðu starfsmenn á staðinn til að meta þörf fyrir aðstoð og að í kjölfar þess yrði settur saman hópur til stuðnings og að starfað væri náið með heilsugæslunni sem tæki við verkefninu eftir að stuðningshópur hyrfi af vettvangi. Einnig var greint frá því að hópum björgunaraðila hefði verið veitt áfallahjálpar eftir komuna til Reykjavíkur, sem og að ýmsum einstaklingum hefði verið beint í eftirfylgni, bæði aðstandendum og björgunaraðilum. Þeim hefði verið sinnt eftir komuna til Reykjavíkur. Þá segir í skýrslunni að áhersla hafi verið lögð á að upplýsa íbúa Flateyrar um áfallahjálpar með því að ganga í hús, taka fólk tali á götum úti og dreifa upplýsingum um áfallahjálpar. Nokkuð hafi verið um að starfsfólk Rauða krossins hafi farið í heimahús til að tilkynna um niðurstöður leitarinnar á Flateyri.

Í skýrslunni sagði að í ferð hópsins til Flateyrar hefði komið í ljós þörf Súðvíkinga fyrir aðstoð og var haldinn opinn fundur í Súðavík. Óskuðu Súðvíkingar eftir aðstoð, m.a. að gengið yrði í hús og að sérfræðingur yrði staðsettur í Súðavík um einhvern tíma. Fram kom einnig að talin væri þörf á langtímaaðstoð víða á Vestfjörðum.¹⁷⁴ Ekki liggja fyrir upplýsingar hjá nefndinni um hvernig sú aðstoð hafi verið útfærð. Við skýrslugjöf fyrir nefndinni kom fram að geðhjúkrunarfræðingur teymis Borgarspítala hafi farið til Súðavíkur á þeim tíma og verið til taks fyrir þá sem óskuðu stuðnings.¹⁷⁵ Í frásögn fyrrverandi hjúkrunarforstjóra Fjórðungssjúkrahússins kemur fram að sama staða hafi komið upp hálfu ári fyrr, að starfsfólk heilsugæslunnar og sjúkrahússins hefði ekki haft aðkomu að áfallahjálparinni sem teymið að sunnan veitti, þ.e. ekki fengið að sitja viðtöl eða fundi. Ekki

170. Morgunblaðið – 249. tbl. (01.11.1995) – [Timarit.is](http://timarit.is)

171. Slysavarnafélagið Landsbjörg, 1996. Árbók Slysavarnafélagsins Landsbjargar. [Slysavarnafélag Íslands Árbók 1996 by Slysavarnafélagið Landsbjörg - Íssuu](http://slysavarnafelag.islands.is)

172. Þjóðkirkjan. Gögn afhent 4. og 5.11.2025. Upplýsingar um hópslysnefnd og ráðstefnu 1996.

173. Ágúst Oddsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd Alþingis 21. október 2025. Gögn afhent við skýrslutöku. Áfallahjálpar. Snjóflóð á Flateyri 26. október 1995. Skýrsla héraðslæknis Vestfjarða, dags. á páskum 1996.

174. Þjóðkirkjan. Gögn afhent 5.11.2025. Skýrsla stýrteymis BSP í áfallahjálpar.

175. Rudolf Adolffsson fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 24. október 2025.

hafi þessi aðstoð heldur verið skráð í sjúkraskrár viðkomandi einstaklinga, þannig að jafn erfitt hafi verið fyrir starfsfólkið að átta sig á eftirfylgniþörf einstaklinganna á Flateyri eins og í Súðavík.¹⁷⁶

Árið 1996 stóð til að halda námskeið í áfallahjálpar fyrir heilbrigðisstarfsfólk í öllum landshlutum, á vegum heilbrigðisráðuneytisins, en eftir því sem næst verður komist voru þessi námskeið ekki haldin.¹⁷⁷

Í byrjun maí 1996 sendi heilbrigðisráðherra landlæknisembættinu, Rauða krossinum, almannavarnaráði, stjórnarnefnd Ríkisspítalanna, stjórnnum Sjúkrahúss Reykjavíkur, Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og stjórn sjúkrahúss Selfoss sem og héraðslæknum bréf þar sem niðurstöður skýrslu nefndar ráðherra frá 1995 voru kynntar. Hver aðili fékk sendar þær tillögur nefndarinnar sem varðaði hans starfsemi og var hann beðinn um að bregðast við tillögunum. Þá voru heilbrigðisstofnanir beðnar um að rita greinargerð um það hvaða stuðningi þær þyrftu á að halda til að sinna því hlutverki sem tillögurnar lýstu.¹⁷⁸ Ekki liggja fyrir hjá rannsóknarnefndinni viðbrögð þessara aðila við erindi ráðherra.

Landlæknir skipaði starfshóp í mars 1997 um fræðslu varðandi áfallahjálpar og lauk hann störfum í árslok 1999.¹⁷⁹ Hópurinn skilaði skýrslu um starf sitt sem getið er um í samantekt 6. kafla. Haldinn var kynningar- og samráðsfundur með stofnunum og samtökum sem komu að skipulagningu og framkvæmd áfallahjálpar við hópshly í apríl 2000. Á fundinum voru fulltrúar Almannafræðisráðs ríkisins, Þjóðkirkjunnar, landlæknisembættisins, Landsbjargar, Slökkviliðs Reykjavíkur, Rauða krossins, Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi. Fjallað var m.a. um áfallahjálpar og um tillögur nefndar ráðherra frá 1996.

Samkvæmt gögnum sem fyrir liggja hjá nefndinni komst hreyfing aftur á málið 14. mars 2003 þegar samþykkt var þingsályktunartillaga um skipulagða áfallahjálpar í sveitarfélögum.¹⁸⁰ Alþingi ályktaði að fela ríkisstjórninni í samstarfi við sveitarfélög að koma á „skipulagðri áfallahjálpar innan sveitarfélaga til að bregðast við þegar alvarleg og mannskæð slys [bæri] að höndum“. Í greinargerð með tillögunni var vísað til þess að fórnarlömb slíkra atburða og björgunarfólk og sjálfbodaliðar þyrftu stuðning í formi áfallahjálpar eftir atburðina til að vinna úr slíkri lífsreynslu. Fram kom einnig að slík aðstoð væri lítil sem engin og að nauðsynlegt væri að bregðast við með skipulögðum hætti til að draga úr neikvæðum áhrifum á einstaklinga, hópa og samfélög. Lagt var til að stofnuð yrði stjórnunarnefnd í sveitarfélögum, sem í sætu fagaðilar til að stýra starfinu.

Af hálfu Almannafræðisráðs ríkisins og landlæknisembættisins var í janúar 2003 undirritað samkomulag um skipulag áfallahjálpar á neyðartímum.¹⁸¹ Samkomulagið snerist um skipulag áfallahjálparteyma sem skyldu vinna að gerð neyðaráætlana og skipulagi almannafræðisráðs þegar neyðaráætlanir væru virkjaðar. Skýrt var þar kveðið á um að áfallahjálpar heyrði undir stjórn landlæknis en áfallahjálpar í hópshlysum og á neyðartímum heyrði undir skipulag almannafræðisráðs. Fjallað var um skilgreiningar tengdar áfallahjálpar, áfallahjálparteymi og tengsl þeirra við almannafræðisráðsnefndir, skipulag áfallahjálpar á neyðartímum og utanaðkomandi aðstoð, sem og atriði sem tengdust áfallahjálpar í neyðaráætlun almannafræðisráðs. Samkomulagið lagði, ásamt tillögum nefndar heilbrigðisráðherra frá 1995, grunninn að því samkomulagi sem er í gildi í dag og fjallað er um síðar í þessum kafla.

Þjóðkirkjan hélt áfram umræðum um málefnið og á kirkjuþingi árið 2004 var lögð fram og samþykkt þingsályktun um skipulag viðbragðaáætlunar kirkjunnar vegna stórslysa, þar sem m.a. var kveðið á um hópshlysanefnd kirkjunnar, verksvið hennar og samstarf við Almannafræðisráðs og landlækni um formlega aðkomu að viðbragðskerfi Almannafræðisráðs.¹⁸²

176. Hörður Högnason. Upplýsingar sendar í tölvupósti 15.11.2025.

177. Rudolf Adólfsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd Alþingis 24. október 2025. Hörður Högnason. Upplýsingar sendar í tölvupósti 1.12.2025

178. Heilbrigðisráðuneytið. Gögn afhent í nóvember 2025. Upplýsingar um áfallahjálpar á Vestfjörðum o.fl.

179. Heilbrigðisráðuneytið. Gögn afhent í nóvember 2025.

180. Rudolf Adólfsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd Alþingis 24. október 2025. Gögn afhent við skýrslutöku. – [Þingsályktunartillaga nr. 59/128: áfallahjálpar í sveitarfélögum | Þingtiðindi | Alþingi](#)

181. Rudolf Adólfsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd Alþingis 24. október 2025. Gögn afhent eftir skýrslutöku. Skjalið „Áfallahjálpar í skipulagi almannafræðisráðs“. Rauði kross Íslands. Gögn afhent 1.12.2025. Áfallahjálpar í skipulagi almannafræðisráðs 2003.

182. Þjóðkirkjan. [Gerðir kirkjuþings – 1. tbl. \(2004\) – Timarit.is](#); Viðbragðsáætlun Þjóðkirkjunnar: [kirkjan.is/kirkjan/verkefni/vidbrogd/](#)

Svo virðist sem töf hafi orðið á framkvæmd samkomulagsins. Ágúst Oddsson, héraðslæknir Vestfjarða, gerði áfallahjálpar umfjöllunarefni í Læknablaðinu í febrúar árið 2005, eins og fyrr er getið í þessum kafla.¹⁸³ Þar kom fram sú skoðun hans að lítið hafi orðið úr úrvinnslu tillagnanna annað en stofnun fyrrnefndrar miðstöðvar áfallahjálpar við Borgarspítalann 1995, þótt vakning hafi orðið þegar Alþingi samþykkti fyrrgreinda þingsályktunartillögu árið 2003. Ágúst kvað stöðuna eftir samþykkt þingsályktunartillögunnar vera dapurlega. Hann vísaði í bréf frá embætti landlæknis frá október 2003 þar sem sagt væri frá fyrrnefndu samkomulagi landlæknis og Almanna- og Almannavarna ríkisins um skipulag áfallahjálpar og að gert væri ráð fyrir að komið væri á fót áfallahjálparteymum um allt land. Í bréfinu hafi einnig komið fram að boðað yrði til fræðslufunda um allt land, en greinarhöfundur kvaðst ekki hafa orðið var við þá fundi.

Þessu svöruðu landlæknir og yfirhjúkrunarfræðingur landlæknisembættisins í grein í Morgunblaðinu þann 14. febrúar 2005. Í greininni kom fram að ýmsir aðilar hefðu unnið að því að skipuleggja á heildrænan hátt hvernig staðið skyldi að áfallahjálpar á neyðartímum frá snjóflóðunum í Súðavík og á Flateyri. Voru fjölmargar stofnanir og samtök nefnd í því sambandi, sem höfðu ýmist gert samkomulög sín á milli eða sinnt námskeiðum og fræðslu um áfallahjálpar. Nefnt var samkomulag almanna- og Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og landlæknisembættisins frá 2003 um áfallahjálpar á neyðartímum, en samkvæmt því skyldu vera starfrækt áfallateymi um allt land undir forystu heilbrigðisþjónustunnar. Einnig kom fram að embætti landlæknis hefði í október 2003 óskað eftir upplýsingum frá heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum um allt land um starfandi áfallahjálparteymi. Í ljós hafi komið að starfandi hafi verið teymi á ellefu stöðum á landinu, en talið væri að raunhæft að tíu teymi væru starfandi og staðsett á ákveðnum stöðum og bæru ábyrgð á tilteknu landsvæði. Þá kom fram að í janúar 2005 hefði hafist undirbúningur tveggja daga málþings um áfallahjálpar með það að markmiði að veita fræðslu og styrkja samstarf þeirra aðila sem sinntu áfallahjálpar. Í febrúar, þegar greinin var rituð, var unnið að því hjá embættinu í samvinnu við almanna- og Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra að koma áfallahjálpar inn í allar hópshópaáætlanir sem hluta af almanna- og Almannavarnafyrirkomulagi á hverjum stað.¹⁸⁴

Í erindi Jóns Kristjánssonar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á vinnuþingi um áfallahjálpar 28. til 29. apríl 2005 rakti hann söguna frá árinu 1995 frá stofnun fyrrnefndrar miðstöðvar áfallahjálpar við Borgarspítalann og fram til 2005 eins og rakið er hér að framan. Á þinginu var fjallað um strauma og stefnur í áfallahjálpar, skipulag áfallahjálpar, vinnubrögð og þverfaglegt samstarf í kjölfar áfalla, aðkomu ríkis og sveitarfélaga auk þess sem vinnustofur voru haldnar um skipulag áfallahjálpar á landsvísu, fræðslu og forvarnir og áfallahjálparteymi. Í skýrslu um niðurstöður vinnuþingsins komu fram tillögur að löggjöf um heildrænt skipulag áfallahjálpar á landinu, skipun þverfaglegs vinnuhóps um stefnumótun og um fræðslu.¹⁸⁵

Árið 2008 lá fyrir útgefið samkomulag um áfallahjálpar í skipulagi almanna- og Almannavarna, sem í dag heitir „Samkomulag um sálfélaglegan stuðning í skipulagi almanna- og Almannavarna á Íslandi“. Samkomulagið hefur verið yfirfarið á u.þ.b. fimm ára fresti frá árinu 2008 og var síðast endurskoðað í október 2025.¹⁸⁶ Í samkomulaginu eru skilgreind og tengd saman hlutverk þeirra helstu aðila sem koma að málefnum við áföll, þ.e. Biskupsstofu (Þjóðkirkjunnar), landlæknis, Landspítala, Rauða krossins, ríkislögreglustjóra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Gerð er grein fyrir starfandi samráðshópum fagaðila, annars vegar á landsvísu og hins vegar í lögreglumdæmum. Rauða krossinum er falin hópstjórn í hópunum.¹⁸⁷ Einnig er í samkomulaginu gerð grein fyrir virkjun þess í tengslum við boðun

183. [Hver er staða áfallahjálpar á Íslandi í dag? | 2. tbl. 91. árg. 2005 | Læknablaðið; Morgunblaðið – 35. tbl. \(06.02.2005\) – Tímarit.is](#)

184. Heilbrigðisráðuneytið. Gögn afhent í nóvember 2025. Staða áfallahjálpar á Íslandi í febrúar 2005. [Morgunblaðið – 43. tbl. \(14.02.2005\) – Tímarit.is](#)

185. Erindi ráðherra er aðgengilegt á þessum tengli: <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/radherra/afallahjalparting2005.pdf>. – Heilbrigðisráðuneytið. Gögn afhent í nóvember 2025. Kynningarbréf 1 og 2 og skýrsla vinnuþings. Áfallahjálpar á landsvísu.

186. Rauði kross Íslands. Gögn afhent 19.11.2025.

187. Samkvæmt samkomulaginu 2025 er sálfélaglegur stuðningur m.a. á ábyrgð embættis landlæknis vegna ráðstafana er miðað að því að draga úr heilsutjóni, svo og vöktun á líðan og lýðheilsu, Þjóðkirkju vegna ráðstafana um sálsgæslu og þjónustu kirkjunnar við íbúa, Rauða krossins á Íslandi vegna sálfélaglegs stuðnings, ríkislögreglustjóra vegna skipulags sálfélaglegs stuðnings í almanna- og Almannavarnaástandi, Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna þjónustu sveitarfélaga við íbúa með áherslu á samfélagshópa sem eru í viðkvæmri stöðu, t.d. börn og íbúa af erlendum uppruna, Landspítala vegna ráðgjafar áfallateymis Landspítala við heilbrigðisþjónustu í landinu.

almannavarnastiga og boðun samráðshópa. Í samræmi við samkomulagið er starfandi samræmingarhópur áfallahjálpar á landsvísu og samráðshópar í hverju lögregluumdæmi sem funda reglulega. Þegar þessi skýrsla er rituð vinnur samræmingarhópurinn að handbók um verklag hópanna á vegum samráðshópsins á landsvísu. Frumkvæði að uppfærslu samkomulagsins á fimm ára fresti er í höndum Almanna- og Rauða krossins. Einnig hafa Almanna- og Rauða krossinn um aðstoð hjálparliða, sem einnig er reglulega endurskoðað. Heilbrigðisstofnanir í landshlutunum eru með starfandi áfallahjálparteymi sem eru hluti af skipulagi almanna- og Rauða krossins vegna áfallahjálpar.

6.4. Uppkaup húsa og uppbygging nýrrar Súðavíkur

Í þessum kafla er fjallað um uppkaup og flutning húsa frá gömlu byggðinni í Súðavík og uppbyggingu nýrrar Súðavíkur í kjölfar snjóflóðsins í Súðavík. Umfjöllun kaflans byggir í grunninn á fundargerðum hreppsnefndar Súðavíkur og fylgiskjölum þeirra, auk fundargerða Ofanflóðanefndar. Þá byggir kaflinn að nokkru á umfjöllun fjölmiðla á tímabilinu frá 1995 til 2002 auk gagna sem rannsóknarnefnd aflaði hjá umhverfis-, félagsmála- og forsætisráðuneytinu á meðan rannsókn hennar stóð.

Samkvæmt ákvörðun þáverandi ríkisstjórnar var ráðuneytisstjórum innan Stjórnarráðsins falið að mynda starfshóp sem skyldi fara yfir „alla þætti málsins“ og kanna með hvaða hætti hvert og eitt ráðuneyti gæti komið að verkefnum í kjölfar snjóflóðsins í Súðavík.¹⁸⁸ Fram kom á fundi ráðuneytisstjóra 18. janúar 1995 að myndaðir yrðu tveir starfshópar sem hefðu það hlutverk að „undirbúa og samhæfa viðbrögð opinberra aðila“ gagnvart þeim sem hefðu orðið fyrir tjóni vegna snjóflóðsins. Annar hópurinn skyldi samanstanda af ráðuneytisstjórum félagsmálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og forsætisráðuneytisins. Sá hópur hafði það hlutverk að taka afstöðu til þess hvernig komið yrði til aðstoðar þeim sem væru án tekna og í húsnæðisvanda í kjölfar snjóflóðsins. Starfshópurinn skyldi leggja tillögur sínar fyrir ríkisstjórn, en starfa með sveitarstjórn Súðavíkur að úrlausn þessara málefna. Félagsmálaráðuneytið yrði tengiliður hópsins við sveitarstjórn Súðavíkur.

Seinni hópur ráðuneytisstjóra skyldi samanstanda af ráðuneytisstjórum félagsmálaráðuneytisins, umhverfisráðuneytisins, samgönguráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Sá hópur skyldi yfirfara framkomið frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum með það í huga að nýtt frumvarp kynni að verða afgreitt á vorþingi 1995. Þá þyrfti að endurskoða reglur um hættumat. Samkvæmt minnisblaði fjármálaráðuneytisins 19. janúar 1995 var ákveðið á sameiginlegum fundi ráðuneytisstjóra 19. janúar 1995 að þrjú ráðuneytisstjórar fengju það hlutverk að meta fjárkröfur sem kynnu að vera lagðar fram í kjölfar atburðanna í Súðavík og annast greiðslu þeirra.¹⁸⁹

6.4.1. Fyrstu viðbrögð vegna húsnæðisvanda Súðavíkinga

Fyrsti fundur hreppsnefndar Súðavíkurhrepps eftir snjóflóðið fór fram 23. janúar 1995.¹⁹⁰ Á fundinum var tekið fyrir erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem fram kom að stjórn sambandsins hefði samþykkt að beita sér fyrir sameiginlegu átaki sveitarfélaga til aðstoða Súðavíkurhrepp eftir áfallið. Þá var framkvæmdanefnd skipuð á fundinum í því skyni að taka ákvarðanir um verklegar framkvæmdir í Súðavík.

Á fundi hreppsnefndar 24. janúar 1995 var í fyrsta skipti formlega rætt um stöðu húsnæðismála og endurreisn Súðavíkur á vettvangi sveitarstjórnar eftir snjóflóðið. Á fundinum var samþykkt samhljóða tillaga um að ráða Jón Gauta Jónsson tímabundið sem staðgengil sveitarstjóra frá og með þeim degi, í stað Sigríðar Hrannar Elíasdóttur,

188. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025. 2. 2028 – B-15-2 (36).

189. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025. 2. 2028 – B-15-2 (41).

190. Áður í skýrslunni hefur verið vísað til aðgangs rannsóknarnefndarinnar að fundargerðum hreppsnefndar Súðavíkurhrepps og notkunar á þeim í skýrslunni og á hið sama við hér varðandi fundargerðir hreppsnefndar á tímanum eftir snjóflóðið.

sem óskað hafði eftir leyfi frá störfum sem sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. Húsnæðismál í Súðavík voru enn fremur til umræðu á fundi hreppsnefndar 26. janúar 1996. Á fundinum var samþykkt að leita til nokkurra aðila um gerð deiliskipulags í Súðavík, auk þess sem rætt var um bráðabirgðahúsnæði og möguleika Súðvíkinga hvað húsnæðismál áhrærði. Allt frá snjóflóðinu höfðu flestir íbúar Súðavíkur búið til bráðabirgða á Ísafirði.¹⁹¹

Fram kom í viðtali við þáverandi sveitarstjóra í Súðavík, Jón Gauta Jónsson, við Vestfirsku fréttablaðið þann 1. febrúar 1995 að koma þyrfti upp bráðabirgðahúsnæði fyrir íbúa á öruggum stað sem fyrst eftir snjóflóðið.¹⁹² Hann kvað Súðavíkurhrepp farinn að íhuga vinnu við deiliskipulag, en unnt yrði að hefja strax undirbúning byggingu nýs leikskóla. Fram kom að kanna þyrfti möguleika á flutningi húsa og ræða við Viðlagatryggingu Íslands og ofanflóðasjóð um þær fasteignir sem fyrirséð væri að myndu lenda á hættusvæði eftir nýrri skilgreiningu, enda ljóst að fólk myndi ekki búa á því svæði annan vetur eftir snjóflóðið.

Aðspurður hvort það kæmi til greina að hús sem yrðu keypt upp fengju að standa áfram kvað sveitarstjórinn halda að það yrði möguleiki, en mjög skiptar skoðanir væru á því hvort sú tilhögun væri skynsamleg. Þá kom fram í máli sveitarstjóra:

„Mannskepan er nú einu sinni þannig að okkur hættir til að gleyma og við gleymum fljótt. Og þó við settum þær reglur að einhver hús skuli aðeins notuð að sumri til eða bönnuðum á þeim notkun í fjóra mánuði eða hvað það nú væri, þá er bara svo mikil hætta á í framtíðinni að við gleymum því. Við getum horft til þess að það er enn í dag verið að byggja hús á Íslandi sem eru í jaðri hættusvæða, jafnvel svo að menn hirða ekki um óvissuþætti varðandi það hvar línan skuli dregin.“¹⁹³

Fljótlega hófust aðgerðir í því skyni að koma upp bráðabirgðahúsnæði fyrir þá sem misstu eignir sínar og þá sem ekki treystu sér til að flytja hús sín. Í árslok 1993 hafði Súðavíkurhreppur fest kaup á landi býlisins Eyrardals sunnan Eyrardalsár og var gert ráð fyrir framtíðarmöguleikum til vaxtar á því svæði samkvæmt aðalskipulagi.¹⁹⁴ Meðal fylgigagna með fundargerðum hreppsnefndar Súðavíkur eru tilboð í sumarbústaði í þessu skyni sem dagsett eru í lok janúar 1995 og byrjun febrúar 1995. Á fundi hreppsnefndar 5. febrúar 1995 gerði sveitarstjóri tillögu um að bústaðir yrðu pantaðir þá þegar og áhætta tekin af því að leysa úr fjármögnun þeirra síðar eftir kaupin. Þá var samþykkt samhljóða á fundinum að skipa í dómnefnd vegna samkeppni um deiliskipulag fyrir Súðavík.

Þann 5. febrúar 1995 var haldinn borgarafundur í grunnskólanum í Súðavík.¹⁹⁵ Á fundinum var viðstaddur félagsmálaráðherra og starfsmenn ráðuneytis hans, ásamt starfsmanni sjóðsstjórnar söfnunarinnar *Samhugur í verki*.¹⁹⁶ Samkvæmt viðtali við sveitarstjóra Súðavíkur í kjölfar fundarins var fundurinn einkum til upplýsingamiðlunar fyrir íbúa Súðavíkur. Fram kom á fundinum að gert væri ráð fyrir því að unnt yrði að hefja vinnu eftir nýju deiliskipulagi Súðavíkur 1. maí 1995 og að koma upp bráðabirgðahúsnæði á nýjum stað í Súðavík fljótlega. Félagsmálaráðherra var sagður hafa komið með það boð á fundinn að „nettó kostnaður“ vegna þessara aðgerða yrði greiddur af ríkissjóði. Sveitarstjóri kvað fyrirhugað að Súðavíkurhreppur keypti bústaðina, setti þá upp og seldi þá aftur þegar nýtt þorp væri risið. Sá kostnaður sem myndi falla á Súðavíkurhrepp yrði þá greiddur af ríkinu. Fram kom að nýtt deiliskipulag færi í lokaða samkeppni á næstu dögum og að vonir stæðu til þess að unnt yrði að hefja byggingu í nýrri Súðavík á Eyrardalssvæðinu þann 1. maí 1995.

Á fundi hreppsnefndar Súðavíkur 17. febrúar 1995 kynnti sveitarstjóri að fest hefðu verið kaup á sumarbústöðum sem bráðabirgðahúsnæði fyrir Súðvíkinga. Í lok fundarins var bókað að hreppsnefnd hefði ákveðið að „vegna snjóflóðahættu [yrði] að flytja alla byggð af núverandi bæjarlandi“. Þann 23. febrúar 1995 samþykkti hreppsnefnd Súðavíkurhrepps að taka bráðabirgðalán til kaupa á sumarhúsunum hjá sjóðsstjórn landssöfnunarinnar *Samhugur í verki*, en fyrir lá ábyrgð til sjóðsins um endurgreiðslu lánsins frá ríkissjóði.

191. Sveitarstjórnarmál – 1. tölublað (01.03.1999) – Tímarit.is

192. Fjölmiðlavaktin, Vestfirsku fréttablaðið 1. febrúar 1995.

193. Fjölmiðlavaktin, Vestfirsku fréttablaðið 1. febrúar 1995.

194. Sveitarstjórnarmál – 1. tölublað (01.03.1999) – Tímarit.is

195. Fjölmiðlavaktin, Bæjarins besta 8. febrúar 1995

196. *Samhugur í verki* var landssöfnun sem efnt var til fyrir eftirlifendur snjóflóðsins í Súðavík í janúar 1995, líkt og komið hefur áður fram í skýrslunni.

Súðavíkurhreppur fór fram á það við sjóðsstjórn *Samhugar í verki* að hún lánaði hreppnum fé fram til ágúst 1995 svo sveitarfélagið hefði tök á að staðgreiða sumarhúsin.¹⁹⁷ Í heild var áætlað að bústaðirnir sem keyptir voru myndu kosta á bilinu 50 til 60 milljónir króna. Í umfjöllun dagblaðsins DV 24. febrúar 1995 kom fram að sjóðsstjórn landssöfnunar *Samhugar í verki* hefði tekið ákvörðun um að veita Súðavíkurhreppi lán vegna kaupa á bústöðunum vaxtalaust fram til ágúst 1996.¹⁹⁸

Þann 27. febrúar 1995 voru allir sumarbústaðir sem keyptir voru komnir vestur.¹⁹⁹ Fyrsta bráðabirgðahúsnaðið fyrir íbúa Súðavíkur var afhent um viku síðar, 8. mars 1995.²⁰⁰ Sumarhúsunum var komið fyrir við grunnskóla Súðavíkur í landi Eyrardals. Alls voru 18 bústaðir fluttir til Súðavíkur og gekk nýja sumarbústaðabyggðin undir nafninu „Bústaðavegur“.²⁰¹ Sumarbústaðirnir voru til sölu allt frá því þeir voru keyptir, en viðræður hófust við forystumenn verkalyðshreyfinga varðandi hugsanleg kaup á bústöðunum til nota fyrir félagsmenn verkalyðsfélaga þegar ekki væri lengur þörf fyrir þá sem bráðabirgðahúsnaði í Súðavík.²⁰²

Á fundi hreppsnefndar 22. mars 1995 var lagt fram álit dómnefndar um deiliskipulag fyrir nýja Súðavík. Arkitektarnir Gylfi Guðjónsson og Sigurður Jóhannsson áttu hlutskörpustu tillöguna sem valin var af dómnefnd.²⁰³ Í nýju skipulagi var gert ráð fyrir um 90 íbúðum, ásamt framtíðarbyggð í Súðavík þar sem unnt yrði að koma fyrir 50 íbúðum til viðbótar. Í tillögunni var gert ráð fyrir því að flytjanlegar fasteignir sem yrðu fluttar af gamla svæðinu yfir á hið nýja fengju sérstakar lóðir. Þá kom fram í máli þáverandi skipulagsstjóra, Stefáns Thors, að samkvæmt fyrirbyggjandi skipulagi fyrir Súðavík hefði verið gert ráð fyrir framtíðarbyggð í landi Eyrardals fyrir innan gömlu Súðavík. Að því leyti til væri tillagan í samræmi við gamla skipulagið sem lægi fyrir. Fram kom í umfjöllun Morgunblaðsins 2. apríl 1995 að vegna þess hversu hratt hreppsnefnd hefði viljað vinna að uppbyggingunni lægju ennþá ekki fyrir niðurstöður hættumats vegna svæðisins í landi Eyrardals.²⁰⁴

Á fund hreppsnefndar þann 10. apríl 1995 komu fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og gerði formaður sambandsins grein fyrir söfnun sem það hefði staðið fyrir hjá sveitarfélögum á landinu. Fram kom að söfnunin hefði gengið vonum framár og að mörg sveitarfélög hefðu gefið fjármagn bæði í söfnun sambandsins og söfnunarátakið *Samhugar í verki*. Samband íslenskra sveitarfélaga afhenti sveitarfélaginu rúmlega 18 milljónir króna, sem var framlag sveitarfélaganna í landinu til Súðavíkurhrepps vegna snjóflóðsins. Á sama fund komu fulltrúar sjóðsstjórnar söfnunarinnar *Samhugar í verki*. Fram kom í máli fulltrúa sjóðsins að þrátt fyrir að búið væri að greiða öllum einstaklingum úr sjóðnum væru ennþá fjármunir til reiðu þar sem söfnunin hefði tekist mjög vel. Fulltrúinn æskti svara við því hjá hreppsnefnd hvort einhver verkefni væru til staðar í Súðavík sem hægt væri að veita fé til, en tiltók jafnframt að sá möguleiki væri til staðar að geyma fjármunina til nota ef sambærilegir atburðir myndu endurtaka sig hjá öðrum sveitarfélögum.

Á fundi þessum kom fram í máli sveitarstjóra að íbúar Súðavíkur myndu fá greiddar tryggingabætur vegna fasteigna sinna „að gólfplötu“ en götur og holræsalagnir yrðu ekki bættar. Íbúar Súðavíkur hefðu þegar greitt gatnagerðargjöld vegna þessara eigna og yrðu þau gjöld ekki bætt. Af þessum sökum kvað sveitarstjóri eðlilegt að óska eftir því við sjóðsstjórnina að hún tæki þátt í að bæta það tjón. Talið var að gróflega áætlaður heildarkostnaður vegna þessara framkvæmda í nýrri Súðavík yrði um 150 milljónir króna. Hreppsnefnd var sammála því að fela sveitarstjóra að sækja um styrk til söfnunarstjórnar *Samhugar í verki* vegna þeirra verkefna sem rædd voru á fundinum, nánar tiltekið vegna kostnaðar íbúa vegna gatnagerðar og annarra verkefna sem féllu undir gatnagerðargjöld í nýrri Súðavík.

197. Fjölmiðlavaktin, Dagblaðið Vísir 23. og 24. febrúar 1995.

198. Fjölmiðlavaktin, Dagblaðið Vísir 24. febrúar 1995.

199. [Sveitarstjórnarmál – 1. tölublað \(01.03.1999\) – Tímarit.is](#)

200. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 9. mars 1995

201. Fjölmiðlavaktin, Vestfirski fréttablaðið 8. mars 1995.

202. Fjölmiðlavaktin, Tíminn 20. maí 1995.

203. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 2. apríl 1995.

204. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 2. apríl 1995.

Páverandi forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, tók fyrstu skóflustungu að „Nýrri Súðavík“ sunnudaginn 30. apríl 1995.²⁰⁵ Á þeim tímamarki höfðu 11 lóðaumsóknir vegna lóða í nýrri Súðavík borist hreppsnefnd Súðavíkurhrepps án þess að auglýst hefði verið eftir umsóknum.²⁰⁶ Þó lá ekki fyrir hvenær hafist yrði handa við uppbyggingu í nýrri Súðavík, en beðið var nýrrar reglugerðar um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og gert ráð fyrir að hún myndi skýra hver yrði aðkoma ofanflóðasjóðs. Fram kom í fréttaumfjöllun að áformað væri að uppbygging Súðavíkur yrði með tvennum hætti, annars vegar í formi nýbygginga og hins vegar í formi húsa sem flutt yrðu frá gömlu Súðavík yfir í hina nýju.²⁰⁷

Þann 23. maí 1995 birtist umfjöllun í Dagblaðinu Vísi þar sem fjallað var um gjöf frá Færeyingum sem hafði borist Súðvíkingum í gegnum sjóðinn *Samhugur í verki*.²⁰⁸ Fram kom í máli ritara sjóðsins að fyrir lægi bréf frá Færeyingum sem segði að fjármunirnir ættu að renna til uppbyggingar leikskóla í Súðavík. Stjórn sjóðsins myndi halda borgarafund í Súðavík þann sama dag, þar sem gerð yrði grein fyrir úthlutun sjóðsins og hlýtt á skoðanir Súðvíkinga á því hvað gera ætti við þær 70 milljónir króna sem þá átti eftir að úthluta úr sjóðnum. Fram kom í máli sjóðsstjóra að fjölskyldur í Súðavík hefðu samtals fengið úthlutað 190 milljónum króna. Á fundinum kom fram að sveitarstjórn Súðavíkur hefði farið fram á að fá féð til ráðstöfunar til greiðslu á væntanlegum gatnagerðargjöldum þeirra sem hygðust byggja aftur í Súðavík, líkt og rakið hefur verið. Fyrirhugað var að þær framkvæmdir myndu kosta um 130 milljónir króna, sem þá var búið að bjóða út. Ekki væri búið að fjármagna þann verkþátt í uppbyggingu Súðavíkur. Fram kom í umfjölluninni að nokkurs óróa gætti meðal íbúa Súðavíkur sem á þessum tímamarki voru farnir að óttast tafir á framkvæmdum.

Í viðtali við Morgunblaðinu tveimur dögum síðar kom fram í máli sveitarstjórans í Súðavík að íbúar væru orðnir áhyggjufullir um að ef ekki tækist að hefja framkvæmdir í nýrri Súðavík um sumarið 1995 færi þeim fækkandi sem vildu vera í Súðavík annan vetur.²⁰⁹ Gert væri ráð fyrir því að flytja hús yfir í nýju byggðina um sumarið. Áætlað væri að það myndi kosta um 500 milljónir króna að flytja og reisa húsin í nýju byggðinni, um 130 milljónir króna færu í kostnað við gerð holraesa og gatna, en hönnunarkostnaður næmi um 12 milljónum króna. Nefnt var í umfjölluninni að fjárhagur sveitarfélagsins hefði verið „bágborinn“ fyrir snjóflóðið í janúar 1995, einkum vegna byggingar íþróttahússins í Súðavík sem hafði verið reist árið 1994.

Aftur birtist viðtal við sveitarstjóra Súðavíkur í Dagblaðinu Vísi 27. maí 1995 þar sem fram kom að hann teldi sátt um það hjá Súðvíkingum að afgangur af söfnunarfé landssöfnunarinnar *Samhugur í verki* yrði notaður til að fjármagna gatnagerðarframkvæmdir í Súðavík.²¹⁰ Ef kæmi til þess að sjóðurinn samþykkti þá beiðni hreppsins kvað sveitarstjórinn sjóðinn bæta það tjón sem íbúar Súðavíkur yrðu fyrir þegar þeir „yfirgæfu sökklá og lóðir á gamla staðnum“. Fram kom í umfjölluninni að „greinargerð um snjóflóðahættu“ ætti að liggja fyrir viku síðar og að því frágengnu yrði gengið til samninga við verktakafyrirtæki um framkvæmdir í gatnagerðarmálum.²¹¹ Þá myndu framkvæmdir við skóla og leikskóla hefjast um sumarið. Níu tilboð bárust í gatnagerðarframkvæmdir í Súðavík og ákveðið var að semja við einn tilboðsgjafann á fundi hreppsnefndar 9. júní 1995.

Á þessum tíma lá fyrir Alþingi frumvarp um breytingu á lögum um Viðlagatryggingar Íslands og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum þar sem gert var ráð fyrir auknu ráðstöfunarfé ofanflóðasjóðs.²¹² Með frumvarpinu var gert ráð fyrir að sjóðurinn hefði til ráðstöfunar 1.400 milljónir króna á næstu fimm árum og var tilgangur frumvarpsins að mæta afleiðingum náttúruhamfara liðinn vetur.²¹³ Fram kom í umfjöllun Morgunblaðsins 14. júní 1995 að ekki lægju fyrir nákvæmar áætlanir um kostnað vegna uppbyggingar

205. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 26. apríl 1995

206. Fjölmiðlavaktin, Dagblaðið Vísir 3. maí 1995.

207. Fjölmiðlavaktin, Dagblaðið Vísir 3. maí 1995.

208. Fjölmiðlavaktin, Dagblaðið Vísir 23. maí 1995.

209. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 25. maí 1995.

210. Fjölmiðlavaktin, Dagblaðið Vísir 27. maí 1995.

211. Hér mun hafa verið vísað til snjóflóðahættumats fyrir nýja byggingarsvæðið sem var í vinnslu á þessum tíma eins og vikið verður að síðar en ekki er fjallað sérstaklega um í skýrslunni.

212. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 14. júní 1995.

213. Nánar er fjallað um frumvarpið, sem síðar varð að lögum, í kafla 6.5.

í Súðavík og aðgerða á öðrum stöðum, en frumvarpið gerði ráð fyrir að með þessum breytingum væri unnt að sinna því sem þyrfti til að byggja upp Súðavík í samræmi við óskir heimamanna.

Á fundi hreppsnefndar sem fram fór 16. og 19. júní 1995 var lagt fram bréf frá teiknistofu arkitekta vegna aðalskipulags nýrrar Súðavíkur. Tillagan var samþykkt óbreytt, með þremur atkvæðum gegn tveimur. Þá var nýtt deiliskipulag samþykkt. Á fundinum var rætt um framkvæmdir við nýbyggingu við skólann og samþykkt að fyrsta skóflustungan að nýbyggingunni yrði tekin 24. júní 1995.

Í mars 1995 hafði Veðurstofu Íslands verið falið að gera úttekt á hugsanlegri snjóflóðahættu á nýju byggingarsvæði í Súðavík, ásamt norsku jarðtæknistofnuninni NGI og verkfræðistofunni Hniti.²¹⁴ Skýrslan var lögð fram á fundi Ofanflóðanefndar 5. júní 1995.²¹⁵ Greinargerð hópsins var send Almannaöörnum ríkisins 23. júní 1995.²¹⁶ Helstu niðurstöður greinargerðarinnar voru þær að nýja byggingarsvæði í Súðavík uppfyllti öryggiskröfur samkvæmt norskum kröfum. Á fundi almannavarnaráðs 22. júní 1995 var samþykkt bókun að tillögu Ofanflóðanefndar þar sem fram kom að „umræddar norskar kröfur“ væru strangari en þær sem miðað hefði verið við í hættumatsreglum á Íslandi og því samþykkti ráðið að skipulag fyrir nýtt byggingarsvæði í Súðavík yrði afgreitt og var erindi þess efnis sent skipulagsstjóra ríkisins. Breyting á aðalskipulagi Súðavíkur 1992–2012 var auglýst í Stjórnartíðindum 28. júní 1995 að undangengnu samþykki skipulagsstjórnar ríkisins.²¹⁷

Í umfjöllun Dagblaðsins Vísir um miðjan júní 1995 var rætt við ritara stjórnar sjóðsins *Samhugur í verki* þar sem fram kom að þeim væri mikill vandi á höndum að ráðstafa því fé sem eftir væri í söfnuninni. Alls hefðu 289 milljónir króna skilað sér í söfnunina, þar af rúmar 25 milljónir króna frá Færeyingum sem væru eyrnamerkar leikskólabyggingu í Súðavík. Alls var þá búið að úthluta til þolenda snjóflóðanna tæpum 186 milljónum króna. Af þeirri upphæð hefðu um 11 milljónir króna runnið til einstaklinga á Flateyri, í Húnavatnssýslu og í Reykhólasveit þar sem fólk hafði orðið fyrir tjóni af völdum snjóflóða um svipað leyti í Súðvíkingar. Þá hefðu tæpar 3 milljónir króna runnið til samfélagslegra verkefna á borð við styrki til björgunarsveita. Fram kom að komast þyrfti að niðurstöðu um eftirstöðvar sjóðsins.²¹⁸

Svo virðist sem þrjár hugmyndir hafi verið til umræðu varðandi ráðstöfun þeirra 75 milljóna króna sem eftir stóðu í sjóðnum vegna *Samhugar í verki*. Þar á meðal var umsókn Súðavíkur um að fénu yrði varið til að gera lóðir byggingarhæfar á nýju byggingarsvæði Súðavíkur, svo unnt yrði að úthluta lóðunum án endurgjalds. Þá voru hugmyndir um að verja fjármunum sjóðsins til að stofna áfallasjóð til framtíðar og loks að úthluta fénu til einstaklinga.²¹⁹ Í lok júní 1995 tók sjóðsstjórn ákvörðun um að verja eftirstöðvum sjóðsins til styrktar einstaklingum sem bjuggu í Súðavík fyrir snjóflóðin í janúar og væru í þeirri stöðu að þurfa að koma þaki yfir sig á ný í sveitarfélaginu.²²⁰ Samkvæmt greinargerð sjóðsins þótti ráðstöfunin talin til þess fallin að styrkja endurreisn í Súðavík, auk þess sem hún þætti í samræmi við tilgang upphaflegrar fjársöfnunar. Með þessari ákvörðun lauk sjóðsstjórn starfi sínu og hafði þá alls úthlutað um 290 milljónum krónum. Í umfjöllun fjölmiðla birtist gagnrýni á ákvörðun sjóðsstjórnar, þess efnis að Súðvíkingum væri með ákvörðuninni mismunandi eftir því hvar þau tækju ákvörðun um að búa eftir snjóflóðin í Súðavík.²²¹

Óánægju mun jafnframt hafa gætt meðal hreppsnefndar Súðavíkurhrepps með áður nefnda ákvörðun sjóðsstjórnar, enda hafði hreppsnefnd sótt um eftirstöðvarnar til gatnagerðar í nýrri Súðavík líkt og rakið hefur verið. Á fundi hreppsnefndar þann 29. júní 1995 var svar sjóðsstjórnar tekið fyrir. Bókun var samþykkt þar sem hreppsnefndin lýsti yfir vonbrigðum

214. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025. 1. 2028 – B-8-1 (1-2).

215. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannaöörnir 2010. D-1-2 (33).

216. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025. 4. 2028 – B-117-1.

217. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025. 4. 2028 – B-117-1 (1-7).

218. Fjölmiðlavaktin, Dagblaðið Vísir 15. júní 1995.

219. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 22. júní 1995.

220. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 23. júní 1995.

221. Fjölmiðlavaktin, Dagblaðið Vísir 28. júní 1995.

með ákvörðun stjórnarinnar. Ákvörðunin var sögð myndu valda erfiðleikum við að fjármagna framkvæmdirnar þar sem reiknað hafði verið með fjármagninu í gatnagerð. Hreppsnefndin fagnaði því hins vegar að fjármunirnir rynnu til uppbyggingar í Súðavík, enda litu íbúar á styrkinn sem hvatningu til að byggja í Súðavík.²²²

Í lok júní 1995 tók ríkisstjórnin ákvörðun um að ríkissjóður myndi veita Súðavíkurbreppi 60 milljóna króna lán til að hefja gatna- og lagnagerð við ný hús í Súðavík.²²³ Sveitarstjórn Súðavíkur hafði á þeim tímapunkti hafið undirbúning að gatnagerð og lagnakerfi og boðið framkvæmdirnar út, en hafði ekki tók á að ganga frá samningi við verktaka vegna þess að fjármögnun var ekki tryggð. Með ákvörðun ríkisstjórnarinnar var fjármögnunin sögð tryggð. Líkt og áður gat lá fyrir að sjóðsstjórn *Samhugar í verki* hafði ákveðið að eftirstöðvum sjóðsins yrði ráðstafað sem byggingarstyrkjum til einstaklinga sem hygðust byggja í Súðavík. Þar sem þeim styrkjum yrði ekki úthlutað fyrir en búið væri að vinna að ákveðnum framkvæmdum og þannig á svipuðum tíma og gatnagerðargjöld yrðu greidd af nýjum húsum þyrfti að brúa bilið þar á milli. Af þessum sökum mun ríkisstjórn hafa ákveðið að veita Súðavíkurbreppi bráðabirgðafyrirgreiðslu til þess að unnt yrði að hefja þessar framkvæmdir. Fyrirgreiðslan var í formi láns sem greitt skyldi til baka þegar einstaklingar fengu greidda út byggingarstyrkina. Gert var ráð fyrir því að með þessu yrði unnt að ljúka framkvæmdum á árinu 1995, en allt í allt var þá talið að kostnaðurinn við gatna- og lagnagerð í „nýrri Súðavík“ næmi 140 milljónum króna.

Svo virðist sem nokkurrar óþreyju hafi farið að gæta meðal íbúa Súðavíkur um stöðu mála um miðbik ársins 1995. Þann 12. júlí 1995 birtist umfjöllun í Dagblaðinu *Vísir* með yfirskriftinni „Fullkomin óvissa um byggingu nýrrar Súðavíkur“ þar sem fjallað var um þá óvissu sem sögð var fyrir hendi í Súðavík vegna þess að nýtt hættumat lægi enn ekki fyrir.²²⁴ Fram kom að hættumats fyrir gömlu Súðavík væri ekki að vænta fyrir en 15. ágúst 1995 og enn væri beðið reglugerðar um það hverjir myndu njóta aðstoðar ofanflóðasjóðs. Á meðan á biðinni stæði væri ekki unnt að hefjast handa við uppbyggingu í Súðavík. Fram kom að fulltrúar Súðavíkur hefðu átt fund 11. júlí 1995 með Davíð Oddssyni, þáverandi forsætisráðherra, þar sem áhyggjum Súðvíkinga í þessum efnun hefði verið lýst. Í umfjölluninni kom fram að Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu, segði „eðlilega farið að gæta óróleika meðal fólks“ en þó skipti máli að „ljúka öllum þeim ákvörðunum sem [þyrftu] að liggja fyrir“. Þá kom fram í máli hans að reglugerðin sem sett yrði kæmi til með að snerta öll mannvirki á hættusvæðum á Íslandi þar sem fleiri byggðarlög stæðu frammi fyrir sama vanda og Súðavík vegna staðsetningar húsa á hættusvæðum.

Í frétt Morgunblaðsins sama dag kom fram að á fyrrnefundum fundi með forsætisráðherra og félagsmálaráðherra með sveitarstjóra og fulltrúum hreppsnefndar Súðavíkur hefði m.a. verið rætt hvernig framkvæmdir yrðu fjármagnaðar vegna gatna- og lagnagerðar í nýrri Súðavík.²²⁵ Finna þyrfti úrlausn á fjármögnun þeirra framkvæmda. Fram kom í máli ráðuneytisstjóra að málefnið yrði rætt á ríkisstjórnarfundi þá sömu viku. Fjármögnun vegna gatnagerðar lægi ekki alveg fyrir, en ríkisstjórn væri búin að tryggja það sem þyrfti að fjármagna vegna þeirra út árið 1995 í því skyni að framkvæmdir gætu haldið áfram í Súðavík.²²⁶

Framkvæmdir við gatnagerð í nýrri byggð í Súðavík hófust í byrjun júlí 1995. Haft var eftir sveitarstjóra Súðavíkur í viðtali við blaðið *Bæjarins besta* á þeim tíma að í plássinu yrðu á milli 60 og 70 íbúðir.²²⁷ Fyrsta skóflustungan að nýjum leikskóla í Súðavík var tekin 24. júní 1995, en um var að ræða viðbyggingu við Grunnskóla Súðavíkur.²²⁸ Fram kom í fréttaumfjöllun Vestfirnska fréttablaðsins um þetta að byggingin myndi kosta liðlega 50 milljónir króna og að framkvæmdirnar væru nánast að fullu fjármagnaðar. Fram kom að 25 milljónir króna hefðu komið frá Færeyingum í gegnum sófnunarsjóðinn *Samhug í*

222. Skjalasafn Súðavíkurbrepps. Fundargerðabók hreppsnefndar Súðavíkur (123–124).

223. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 28. júní 1995

224. Fjölmiðlavaktin, Dagblaðið *Vísir* 12. júlí 1995.

225. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 12. júlí 1995.

226. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 12. júlí 1995.

227. Fjölmiðlavaktin, *Bæjarins besta* 12. júlí 1995.

228. Fjölmiðlavaktin, Vestfirnska fréttablaðið 28. júní 1995.

verki, liðlega 8 milljónir króna frá Lions-mönnum á Norðurlöndum og um 12 milljónir króna frá váttryggjanda vegna gamla leikskólans sem hefði eyðilagst í snjóflóðinu.

6.4.2. Hugað að uppkaupum og flutningi húsa í Súðavík

Í Morgunblaðinu 2. ágúst 1995 birtist umfjöllun um drög að reglugerð um varnarvirki og húseignir á hættusvæðum, sem sögð var tilbúin.²²⁹ Fram kom í máli Helga Hallgrímssonar, þáverandi formanns Ofanflóðanefndar, að um væri að ræða „hápolítískt mál“ og að skipaður hefði verið vinnuhópur til að fjalla um málið.²³⁰ Í umfjölluninni var rætt um gagnrýni á reglugerðina á þá leið að ákvæði hennar um viðmiðunarverð uppkeyptra fasteigna væru sögð gera upp á milli þeirra sem hygðust byggja fasteign í viðkomandi sveitarfélagi og þeirra sem hygðust flytja á brott frá Súðavík. Fram kom í umfjölluninni að það hefði verið álit félagsmálanefndar Alþingis að leggja bæri áherslu á að sveitarfélagið næði samningum við húseigendur og að þar yrði að leggja til grundvallar „heilðarhagsmuni sveitarfélagsins“. Af þeim sökum væri eðlilegt að sveitarfélagið gerði samninga um mismunandi greiðslur eftir því hvort viðkomandi hygðist byggja að nýju í sveitarfélaginu eða kaupa sér annað húsnaði utan þess. Fram kom í viðtalinu við formann Ofanflóðanefndar að vinnuhópurinn hefði talið sig bundinn við þetta álit.

Drög að nýju hættumati fyrir Súðavík voru kynnt hreppsnefnd Súðavíkur 3. ágúst 1995.²³¹ Þá voru lögð fram drög að reglugerð nr. 440/1995 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og var hreppsnefnd sammála um að leita lögmannsaðstoðar við vinnu að samningsgerð við húseigendur vegna uppkaupa á húsum.²³² Samkvæmt reglugerðardrögunum var, í samræmi við breytingar sem gerðar höfðu verið á ofanflóðalögum fyrr sama ár, gert ráð fyrir að ofanflóðasjóður greiddi 90% af kostnaði við undirbúning og framkvæmdir við varnarvirki, kaup á löndum og lóðum og húseignum og kostnað við flutning húsa. Verkfræðistofan Hnit var fengin til að vinna greinargerð um kostnað og gildi varnarvirkja í Súðavík. Á sama tíma þótti nauðsynlegt að setja af stað vinnu við samninga við húseigendur, enda þótti þá ljóst af reglugerðardrögum við hvað yrði miðað við uppkaup og flutning húsa í Súðavík.

Fyrirliggjandi drög að nýju hættumati fyrir Súðavík sýndu að nær öll meginbyggðin undir Súðavíkurhlíð („gamla byggðin“) var á snjóflóðahættusvæði, en höfnin og stór hluti af verksmiðju Frosta stóð utan þess.²³³ Áætlað var að greinargerð og fullunnið hættumat lægi fyrir 15. ágúst 1995, en ekki væri búist við að drögin tækju miklum breytingum. Í viðtali við Morgunblaðið 3. ágúst 1995 kom fram í máli skrifstofustjóra félagsmálaráðuneytisins að félagsmálaráðherra hefði daginn áður undirritað nýja reglugerð um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, sem heimilaði sveitarstjórnnum að gera tillögu um kaup og flutning á húsum í stað þess að byggja varnarvirki, væri það talið hagkvæmara til að tryggja öryggi íbúa. Með þessu væri í meira mæli unnt að kaupa upp eignir í stað þess að byggja varnarvirki, en áður hefðu uppkaup húsa heyrt til undantekninga. Í máli sveitarstjóra Súðavíkur kom fram að gert væri ráð fyrir að ofanflóðasjóður þyrfti að kaupa 40 til 45 hús og íbúðir, en mögulega yrði unnt að flytja tíu til fimmtán hús á nýja byggingarsvæðið. Þá kvað hann húsinn sem yfirgefin yrðu verða rifin ef sveitarstjórn sæi ekki möguleika á að reka þau án kostnaðar. Fram kom í viðtali við sveitarstjórnann í Vestfirsku fréttablaðinu 10. ágúst 1995 að gert væri ráð fyrir 86 byggingarlóðum í „nýrri Súðavík“, en að 68 þeirra yrðu nýttar.²³⁴ Búið væri að sækja um meiri hlutann af þeim lóðum. Gert væri ráð fyrir að unnt yrði að flytja hús og byggja um 25 íbúðir fyrir veturinn. Þá sagði í umfjölluninni að tíminn „til framkvæmda í Súðavík [væri] orðinn ansi knappur, m.a. vegna seinagangs við afgreiðslu hættumats og reglugerða þar að lútandi“.

Þann 12. ágúst 1995 var hafist handa við að grafa fyrir nýjum leikskóla í Eyrardalslandi og framkvæmdir vegna fyrsta hússins sem fyrirhugað var að flytja úr gömlu byggðinni.²³⁵ Í viðtali við Morgunblaðið degi síðar kom fram í máli sveitarstjóra að ef allt gengi að

229. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 2. ágúst 1995.

230. Nánar er fjallað um reglugerðina í kafla 6.5.

231. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 4. ágúst 1995.

232. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 4. ágúst 1995.

233. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 4. ágúst 1995.

234. [Vestfirsku fréttablaðið – 29. tölublað \(10.08.1995\) – Tímarit.is](#)

235. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 13. ágúst 1995.

óskum yrðu til reiðu í Súðavík fyrir veturinn 19 sumarbústaðir, átta íbúðir og sjö hús sem flytja ætti úr gömlu byggðinni. Fundargerðir byggingarnefndar um haustið 1995 benda til þess að teknar hafi verið fyrir nokkrar umsóknir um byggingu húsa og sumarhúsa í landi Eyrardals. Í umfjöllun Tímans 18. ágúst 1995 var haft eftir sveitarstjóra að reiknað væri með að fyrstu íbúar myndu flytja í hús sín á Eyrardalssvæðinu seinni hluta október.²³⁶ Framkvæmdir við gatnagerð voru sagðar í fullum gangi. Þá hefði 54 lóðum verið úthlutað daginn áður og hafist yrði handa við að taka grunna að húsunum á næstu dögum. Búist væri við að 20 til 30 íbúðir yrðu tilbúnar fyrir búsetu fyrir áramót. Grunnur að fyrsta húsinu í nýrri Súðavík var steiptur 23. ágúst 1995. Byggingarframkvæmdir í Súðavík voru hafnar og einingar vegna átta félagslegra íbúða komu til Súðavíkur.²³⁷

Á fundi hreppsnefndar 19. júní 1995 lagði Sigríður Hrönn Elíasdóttir, sem þá var í leyfi sem sveitarstjóri í Súðavík, fram bókun þess efnis að hún hygðist ekki taka við starfi sveitarstjóra að nýju þá um haustið. Sigríður Hrönn hafði verið í leyfi frá störfum síðan 24. janúar 1995, líkt og fram hefur komið. Á fundi hreppsnefndar 9. ágúst 1995 var tekin ákvörðun um að ráða Ágúst Kr. Björnsson í starf sveitarstjóra í Súðavík að undangengnu umsóknarferli. Hann tók við störfum sem sveitarstjóri Súðavíkurhrepps um haustið og gegndi því starfi allt til ársins 2001.²³⁸

6.4.3. Bygging varnarkirkja eða uppkaup húsa í Súðavík?

Haustið 1995 fól hreppsnefnd Súðavíkurhrepps lögmönnunum Tryggva Guðmundssyni og Birni Jóhannessyni að vinna kostnaðaráætlun vegna væntanlegra kaupa eða flutnings fasteigna sem til staðar voru á hættusvæði í Súðavík. Kostnaðaráætlun þeirra lá fyrir 10. september 1995 og var tekin fyrir á fundi hreppsnefndar 18. september 1995.²³⁹

Í áætlun lögmanna var gengið út frá þeim meginforsendum að öll húsin væru á hættusvæði og að ekki væri mögulegt að kaupa sambærilega eign í Súðavík utan hættusvæðis. Við gerð kostnaðaráætlunarinnar var unninn samanburðarlisti yfir allar fasteignir og eigendur þeirra á hættusvæðinu í Súðavík, þar sem fram komu upplýsingar um brunabótamat og endurstofnverð þeirra sem var uppreiknað miðað við byggingarvísitölu í ágúst 1995. Samkvæmt því sem fram kemur í áætlun lögmanna mun hafa komið fram í viðræðum lögmanna við fasteignareigendur í Súðavík að nánast öll þeirra hygðust búa áfram í Súðavík. Átti það við bæði um þau sem selja þurftu húseignir sínar og þau sem flutt gátu hús sín á örugg svæði innan Súðavíkur.

Frumathugun Verkfræðistofunnar Hnits á varnarkirkjum fyrir Súðavík lá fyrir 15. september 1995 og var einnig tekin fyrir á fundi hreppsnefndar 18. september 1995. Athugunin fól í sér fimm mismunandi útfærslur á mögulegum varnarkirkjum, allt frá tillögum um hlutavarnir til tillagna sem gerðu ráð fyrir því að verja byggðina í heild. Kostnaðaráætlun vegna hverrar útfærslu fyrir sig var útlistuð ásamt fórnarkostnaði og verðmæti varinna eigna.²⁴⁰ Á þessum sama fundi samþykkti hreppsnefnd Súðavíkurhrepps bókun um að þess yrði farið á leit við Almannavarnir ríkisins og félagsmálaráðherra, f.h. ofanflóðasjóðs, að húseignir í Súðavík, aðrar en húseignir Frosta hf., yrðu keyptar upp svo unnt væri að flytja íbúðarbyggð á nýjan stað. Þá kom fram að þess yrði farið á leit við sömu aðila að varnargarður yrði byggður vegna húseigna Frosta hf. Fram kom í bókuninni að samkvæmt þessum gögnum væri óverulegur munur á kostnaði við uppkaup húsa og byggingu varnarkirkja. Í flestum tilfellum væru uppkaup húsa hagkvæmari kostur en bygging varnarkirkja.

Samkvæmt þessari bókun hreppsnefndar var hreppsnefnd á þeirri skoðun að varnir kæmu ekki til greina til að verja byggðina í Súðavík. Fjögur sjónarmið því til stuðnings voru rakin í bókuninni. Í fyrsta lagi taldi hreppsnefnd að heildarvarnir kæmu ekki til álita þar sem þær þóttu kostnaðarsamar og ekki veita ásætlanlegt öryggi. Í öðru lagi þóttu hlutavarnir dýrar og óöruggar, auk þess sem þær þóttu óhagstæðari en kaup á húsum og gerðu ráð fyrir því

236. Fjölmiðlavaktin, Tíminn 18. ágúst 1995.

237. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 24. ágúst 1995.

238. Fjölmiðlavaktin, Bæjarins besta 21. júní 1995 og 16. ágúst 1995.

239. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í maí 2025.

240. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í maí 2025.

að þorpinu yrði skipt upp í hluta með úthlaupssvæðum á milli í miðri byggð. Í þriðja lagi þóttu varnarvirki þurfa að vera svo öflug að af því hlytust mikil umhverfisspjöll. Í fjórða og síðasta lagi kom fram í bókuninni að í ljósi liðinna atburða myndi fólk ekki fást til að búa undir vörnum sem veittu ekki nægilega vörn gegn snjóflóðum að mati sérfræðinga. Í lok bókunarinnar kom fram að mikilvægt væri að hraða málinu þar sem mögulegt væri að flytja flest flytjanlegt húsnæði á nýtt svæði og fjölga nýbyggingum fyrir veturinn sem framundan væri. Fram kom að hlutur Súðavíkurrepps í uppkaupum og kostnaði því tengdu væri hreppnum ofviða og því væri nauðsynlegt að leita ásjár ríkisstjórnarinnar um þann kostnað.

Í umfjöllun Morgunblaðsins degi síðar, 19. september 1995, kom fram í máli setts sveitarstjóra að kostnaður vegna varnarvirkja í Súðavík væri áætlaður frá 694 til 751 milljón króna, en kostnaður vegna uppkaupa húsa væri áætlaður 700 milljónir króna.²⁴¹ Húsakaup með vörnum fyrir Frosta hf. og framlag ofanflóðasjóðs vegna gatnagerðarframkvæmda í nýrri byggð væru áætlaðar um 700 milljónir króna og því væri það hagkvæmari kostur. Þá var haft eftir sveitarstjóranum að hann gerði sér vonir um að svar gæti legið fyrir frá ofanflóðasjóði fyrir næstu mánaðamót og í framhaldi af því myndi hreppsnefndin ganga til samninga við íbúa Súðavíkur.

Í Morgunblaðinu 20. september 1995 var rætt við Helga Hallgrímsson, þáverandi formann Ofanflóðanefndar.²⁴² Hann kvað nefndina reyna að hraða samanburði á tillögum um aðgerðir í Súðavík eins og unnt væri og taldi að niðurstöður myndu liggja fyrir í október 1995. Vinna við samanburðinn á byggingu varnarmannvirkja eða uppkaup húsa væri nýhafin. Fram kom að Ofanflóðanefnd, sem starfsnefnd Almannafráttar ríkisins, myndi láta sannreyna gildi áætlana þeirra sem lágu fyrir með hagkvæmni að leiðarljósi.

Svo virðist sem umræða hafi orðið í kjölfarið um fjárhagsstöðu ofanflóðasjóðs með tilliti til þeirra tillagna sem lágu fyrir varðandi uppkaup húsa í Súðavík. Í dagblaðinu Tímanum 20. september 1995 var rætt við sveitarstjóra Súðavíkur um ummæli sem höfð voru eftir Guðjóni Petersen, framkvæmdastjóra Almannafráttar ríkisins, í sjónvarpinu.²⁴³ Fram kom í umfjölluninni að haft hefði verið eftir Guðjóni að eins og staði væru ekki fjármunir í ofanflóðasjóði til að fullklára varnarmannvirki í Súðavík eða kaupa upp þær eignir sem yrðu inni á hættusvæðum, yrði ákvörðun tekin um slíkt. Sveitarstjóri Súðavíkur kvað ummælin til þess fallin að kvelja „hrelldar sálir“ í Súðavík. Kvaðst hann haft heyrt ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins á „sínun títima“ hafa lýst því yfir við Guðjón að engar áhyggjur þyrfti að hafa af fjármunum. Fram kom í umfjölluninni að 55 hús væru á skilgreindu hættusvæði, 15 hús hefðu eyðilagst í snjóflóðinu og hefðu verið bætt. Verið væri að byggja 15 hús á öruggu byggingarsvæði. Sveitarstjóri kvað Alþingi og ríkisstjórn hafi staðið í einu og öllu við loforð sín gagnvart Súðvíkingum, en fullyrti að vissir embættismenn væru ekki sammála stjórnámálönnum og létu slíka skoðun í ljós.

Þessari gagnrýni svaraði Guðjón Petersen, framkvæmdastjóri Almannafráttar ríkisins, í aðsendri grein til Tímans 21. september 1995.²⁴⁴ Hann kvaðst hafa svarað spurningum fréttamanns um fjárhagsstöðu sjóðsins sannleikanum samkvæmt og kvað sér einungis heimilt að greina frá staðreyndum máls. Hann kvaðst hafa litið svo á að ummæli ráðuneytisstjóra á fundi sem hann hafi setið ásamt sveitarstjóranum í Súðavík hafa verið sögð í trúnaði, enda kvað hann sér óheimilt að segja frá hugmyndum stjórnvalda um lausnir fyrr en þær hefðu verið settar fram opinberlega. Hann kvaðst ekki hafa ætlað að auka áhyggjur Súðvíkinga með orðum sínum og kvaðst aldrei hafa gefið neitt til kynna um að hann væri mótfallinn stefnu stjórnvalda á sviðinu. Fram kom í viðtali við Pál Pétursson, félagsmálaráðherra, í DV 22. september 1995 að ríkisstjórn myndi standa við loforð sín gagnvart Súðvíkingum.²⁴⁵ Hann kvað um að ræða mikla fjármuni og að hann teldi víst að slá þyrfti erlent lán til að fjármagna aðgerðirnar.

241. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 19. september 1995

242. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 20. september 1995.

243. Fjölmiðlavaktin, Tíminn 20. september 1995.

244. Fjölmiðlavaktin, Tíminn 21. september 1995.

245. Fjölmiðlavaktin, Dagblaðið Vísir 22. september 1995.

Í viðtali við formann ofanflóðasjóðs í DV þann 23. september 1995 kom fram að ljóst væri að ofanflóðasjóður hefði ekki fjármagn til að ráðast í hraða uppbyggingu verkefna í tengslum við snjóflóðavarnir.²⁴⁶ Meta þyrfti kostnaðinn sem fylgdi nýjum lögum og reglugerðum. Aðspurður hvort hann teldi menn gera of mikið úr snjóflóðahættu sem Íslendingar hefðu búið við í langa tíð svaraði hann:

„Reynslan sýnir að þegar snjóflóð eru nýgengin eða eru að ganga yfir þá er hættan mönnum mjög í fersku minni og menn tala mikið um hana. Þegar frá líður minnkar það umtal og hættan í vissum skilningi færist fjær mönnum. Þetta er eðlilegt og við þessu verður ekkert gert. Það verður alltaf dálítill bylgjugangur í þessum umræðum og í þrýstingi á þessi mál.“

Í síðari hluta septembermánaðar 1995 ákvað Ofanflóðanefnd í samráði við Almannavarnir ríkisins að setja saman starfshóp til að annast faglega yfirferð yfir skýrslu hönnuða um frumathugun á varnarvirkjum og kostnaði þeirra í Súðavík.²⁴⁷ Verkefnið laut að því að greina framlagðar frumtillögur að varnarvirkjum og bera saman mismunandi kosti sem þar komu fram. Hlutverk hópsins var jafnframt að fara yfir tillögur Súðavíkurhrepps um kaup eða flutning á fasteignum í Súðavík og bera saman kostnaðaráætlun um varnarvirki og kostnað vegna uppkaupa og flutnings húseigna. Verkefnið fékk heitið „Yfirferð frumáætlana um snjóflóðavarnir í Súðavík“. Skýrsla hópsins lá fyrir 30. september 1995.

Á fundi Ofanflóðanefndar 2. október 1995 var farið yfir varnartillögur Súðavíkurhrepps og tillögur þeirra um uppkaup húsa.²⁴⁸ Á fundinum gerði fyrrnefndur starfshópur um „Yfirferð frumáætlana um snjóflóðavarnir í Súðavík“ grein fyrir niðurstöðum sínum varðandi kostnað vegna mismunandi varnarkosta á móti verðmæti fasteigna sem skyldi verja. Þá var rætt um viðmiðunarverð fasteigna við uppkaup fasteigna þar sem m.a. kom fram að talið væri vafasamt að miða við brunabótamat eða endurstofnverð án tillits til ástands og afskrifta fasteigna. Valkostir voru ræddir í því sambandi og samanburður varnarvalkosta settur fram. Formaður Ofanflóðanefndar lagði áherslu á það á fundinum að málinu yrði hraðað. Á fundi sínum 9. október 1995 fór Ofanflóðanefnd yfir varnartillögur fyrir Súðavík sem lágu fyrir í formi fimm valkosta auk samanburðartalna um verðmæti fasteigna sem þyrfti að kaupa.²⁴⁹ Ofanflóðanefnd samþykkti að mæla með tillögu til almannavarnaráðs, sem byggði á greinargerð tveggja meðlima starfshópsins um verðmætamat fasteigna sem keyptar yrðu upp eða varðar.

Á þessum tíma fór að gæta frekari óþreyju hjá sveitarstjórn Súðavíkur vegna stöðu mála, líkt og rakið hefur verið. Þann 19. október 1995 sendi Súðavíkurhreppur minnisblað til félagsmálaráðherra og forsætisráðherra.²⁵⁰ Fram kom í minnisblaðinu að aðgerðir ríkisstjórnar vegna Súðavíkur hefðu dregist og það væri „hörmulegt og allt annað en vonir“ hefðu staðið til. Í minnisblaðinu gerði sveitarstjóri grein fyrir því að reglugerð um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum hefði legið fyrir 2. ágúst 1995 og að frá þeim tíma hefði sveitarfélagið lagt vinnu í að afla gagna svo unnt yrði að taka afstöðu til varnarvirkja og uppkaupa húsa í Súðavík. Þær tillögur hefðu verið sendar Ofanflóðanefnd 18. september 1995.

Daginn eftir að Súðavíkurhreppur sendi ofangreint minnisblað, þann 20. október 1995, tók þáverandi ríkisstjórn ákvörðun um að þau íbúðarhús í Súðavík, sem væru á hættusvæði, yrðu keypt upp.²⁵¹

Á þessum tíma var staða mála varðandi uppbyggingu í nýrri Súðavík sú að fyrstu félagslegu íbúðirnar sem byggðar voru í nýrri Súðavík náðu fohheldisstigi 19. október 1995.²⁵² Laugardaginn 28. október 1995 var fyrsta húsið flutt úr gömlu byggðinni í Súðavík yfir í hina nýju. Í umfjöllun Bæjarins besta 25. október 1995 kom fram að Súðavíkurhreppur

246. Fjölmiðlavaktin, Dagblaðið Vísir 23. september 1995 og Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-13 (85).

247. Skjalasafn félagsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 12.5.2025. B-866.

248. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010 D-1-2 (22).

249. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010 D-1-2 (20).

250. Skjalasafn félagsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 12.5.2025. B-557.

251. Bókun ríkisstjórnarinnar hefur ekki fundist við rannsókn nefndarinnar. Þó liggur fyrir í greiðslubeiðnum til ofanflóðasjóðs að beiðnirnar voru byggðar á samþykkt ríkisstjórnar Íslands frá 20. október 1995. Sjá einnig bréf félagsmálaráðuneytisins til Almannavarna ríkisins 17. nóvember 1995 þar sem fjallað er um bókun ríkisstjórnarinnar 20. október 1995 sem send var Ofanflóðanefnd 27. október 1995. Sjá skjalasafn félagsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 12.5.2025. B-557 og skjalasafn forsætisráðuneytisins. Gögn afhent 4.9.2025. B-53-3 (4).

252. Fjölmiðlavaktin, Bæjarins besta 25. október 1995.

gerði ráð fyrir að flytja sjö hús úr gömlu byggðinni yfir í hina nýju. Hins vegar væri staðan sú að alls þyrftu 35 fjölskyldur að búa í húsum á hættusvæði um veturinn, en um 30 sumarbústaðir og íbúðir yrðu til reiðu á öruggu svæði sem ekki væri búíð að úthluta.²⁵³ Í lok umfjöllunarinnar kom fram að ríkisstjórnin hefði viku áður tekið ákvörðun um að fresta gerð snjóflóðavarnargarða fyrir húsnæði Frosta hf. og nærliggjandi bygginga en að ráðist yrði í uppkaup húsa.

Í umfjöllun Tímans 8. febrúar 1996 kom fram að uppbygging í Súðavík gengi vel, en þó væri aðstoð ofanflóðasjóðs skammt á veg komin þar sem ekki væri komið á hreint hvernig aðstoðinni yrði háttáð.²⁵⁴ Fram kom að biðstaðan gerði það að verkum að íbúar réðust ekki í framkvæmdir þar sem fólk vissi ekki hvað það fengi greitt fyrir fasteignir sínar. Sveitarstjóri Súðavíkur kvað þetta eiga við um eigendur 50 fasteigna í Súðavík.

Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps sendi umhverfisráðuneytinu símbref 8. febrúar 1996 þar sem hann kvað hreppnum ennþá ekki hafa borist svar frá ráðuneytinu varðandi beiðni hreppsins frá 18. september 1995 um uppkaup fasteigna í Súðavík.²⁵⁵ Kvað hann nauðsynlegt að fá svar frá ráðuneytinu svo unnt yrði að hefja samningagerð við eigendur fasteigna í Súðavík og að hraða þyrfti málinu eins og unnt væri svo Súðvíkingar gætu hafið framkvæmdir.

Á öðrum fundi nýrrar Ofanflóðanefndar 9. febrúar 1996 var samþykkt að veita Súðavíkurhreppi heimild til að ganga til samninga við þá íbúðareigendur sem hygðust byggja aftur í Súðavík. Svar umhverfisráðuneytisins til Súðavíkurhrepps um þetta efni lá fyrir 14. febrúar 1996.²⁵⁶ Fram kom í bréfi ráðuneytisins til Súðavíkurhrepps að umhverfisráðherra hefði ákveðið að fenginni tillögu Ofanflóðanefndar að heimila Súðavíkurhreppi að ganga til kaupsamninga við íbúðareigendur í Súðavík, á þeim grundvelli að ofanflóðasjóður fjármagnaði 90% af kostnaði við kaup þess íbúðarhúsnæðis sem ekki væri hagkvæmt að flytja. Gert væri ráð fyrir því að kaupverð eignanna miðaðist við brunabótamat eða endurstofnverð í desember 1995, í þeim tilvikum þar sem fasteignareigendur hygðust byggja að nýju í Súðavík. Ef viðkomandi eigendur hygðust ekki byggja að nýju í Súðavík skyldi kaupverð miðast við staðgreiðslumarkaðsverð húseignar. Samkvæmt erindinu var fallist á þá greiðslutilhögun sem hreppsnefnd Súðavíkur hafði áður lagt fram með sýnishorni af kaupsamningi.²⁵⁷

Samkvæmt minnisblaði umhverfisráðuneytisins frá 12. apríl 1996 var á þeim tímapunkti áætlað að heildarkostnaður ofanflóðasjóðs vegna uppkaupa og flutnings húsa í Súðavík næmi 460 milljónum króna, þar af væru um 36 milljónir króna vegna greiðslna mismunabóta.²⁵⁸

Í frétt Morgunblaðsins 20. júlí 1996 kom fram að ríkisstjórn Íslands hefði samþykkt 166 milljóna króna framlag til Súðavíkur vegna uppbyggingar eftir snjóflóðið.²⁵⁹ Að sögn ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu var um að ræða greiðslu fyrir framkvæmdir sem nauðsynlegt þótti að efna til í því skyni að endurreisa byggð í Súðavík, svo sem við gatnagerð. Ríkisstjórnin hefði samþykkt strax eftir snjóflóðin í janúar 1995 að greiða fyrir slíkum framkvæmdum og hefði veitt sveitarfélaginu bráðabirgðalán til þeirra. Alls næmi kostnaður vegna þessara framkvæmda 175 milljónum króna.

6.4.4. Viðmiðunarverð uppkeypra fasteigna og flutningsbóta

Líkt og fram hefur komið tók þáverandi ríkisstjórn ákvörðun um það þann 20. október 1995 að keypt yrðu upp þau íbúðarhús í Súðavík sem væru á hættusvæði. Áfram mun hafa verið rætt um hvert skyldi vera viðmiðunarverð fasteigna í Súðavík innan stjórnsýslunnar og óvissa enn til staðar varðandi uppkaup húsa á hættusvæði í Súðavík. Í umfjöllun í Vestfirski fréttablaðinu í nóvember 1995 kom fram að íbúar Súðavíkur væru ósátt við

253. Fjölmíðlavaktin, Bæjarins besta 25. október 1995.

254. Fjölmíðlavaktin, Tíminn 8. febrúar 1996 og Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010 D-13 (199).

255. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025. 14. 96010178 – 2034 – B-251-1 (46).

256. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 1.9.2025.

257. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025. 15. 96030118 – 2034 – B-252-2 (53).

258. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025. 14. 2096010178 – 2034 – B-251-1 (36).

259. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir D-13 (396) og Fjölmíðlavaktin, Morgunblaðið 20. júlí 1996.

þennan drátt á ákvörðun ríkisins. Óvissa væri uppi um þær fjárhæðir sem Súðvíkingar fengju fyrir hús sín og af þeim sökum gætu íbúar ekki staðfest pantanir á húsum sem þau hygðist kaupa.²⁶⁰

Kveðið var á um viðmiðunarverð uppkeypra fasteigna í reglugerð nr. 440/1995 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sem samþykkt hafði verið 2. ágúst 1995. Samkvæmt óundirrituðu minnisblaði í félagsmálaráðuneytinu, dagsettu 16. október 1995, var hins vegar rætt um það hvert ætti að vera viðmiðunarverð fasteigna í Súðavík innan ráðuneyta á þessum tíma, m.a. með tilliti til þess hvort munur á greiðslu eftir því hvort byggt yrði að nýju í Súðavík eða ekki stæðist jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.²⁶¹

Í óundirrituðu minnisblaði í félagsmálaráðuneytinu, dagsettu 19. október 1995, kom fram að í ljósi þeirra tillagna sem lægju fyrir um kaup á húseignum í Súðavík á endurstofnverði Fasteignamats ríkisins, sem væri hið minnsta tvöfalt hærra en markaðsverð, yrði að hafa í huga hvert markmiðið væri með lagasetningunni.²⁶² Sagði svo:

„Tillögur Súðvíkinga byggja á túlkun þeirra á afstöðu félagsmálanefndar um mismunandi verð og að endurstofnverð Fasteignamats ríkisins sé lagt til grundvallar fyrir þá sem ætla að byggja á nýju [1] Súðavík. Ef farið er að tillögum er hætta á málshöfðun frá þeim sem fá einungis markaðsverð. Þeir gætu haldið því fram að þessi munur á verðlagningu húsa sé eingöngu byggður á byggðastefnu sem fram kæmi í nefndaráliti, ætti sér ekki lagastöð í lögum um snjóflóðavarnir, auk þess sem slíkt væri brot á jafnræðisreglunni. Ekki er hægt að sjá fyrir útkomu í slíku dómsmáli. Hitt atriðið sem þarf að skoða er það hvort ívilnandi ákvörðun um að greiða meira en fullt verð, í skilningi 67. gr. stjórnarskrárinnar, fái staðist án lagastöðar.“

Í minnisblaðinu var rætt um viðmiðunarverð fasteigna og m.a. lagt til að lagaákvæðinu um fasteignaverð yrði breytt þannig að skýrt kæmi fram hvaða verð yrði greitt, en jafnframt tekið fram að ef lögfestur yrði vilji til að greiða mismunandi verð gæti hugsanlega reynt á það í dómsmáli út frá jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Í frétt Morgunblaðsins 16. ágúst 1995 birtist umfjöllun með fyrirsögninni „Gagnrýna reglugerð og seinagang“.²⁶³ Rætt var við nokkra íbúa Súðavíkur með tilliti til þeirrar mismununar sem var sögð birtast í reglugerðinni eftir því hvort íbúar hygðust flytja frá Súðavík eða búa þar áfram. Vitnað er til ummæla sem höfð voru eftir þeim hér til hliðar.

Enn annar íbúi fór yfir þann mismun sem hann kvað birtast í greiðslum til íbúa sem hygðist annars vegar byggja í Súðavík og hins vegar íbúa sem hygðist flytja á brott:

„Ef við ímyndum okkur hús sem er með brunabótamat upp á 8 milljónir króna, fengi einstaklingurinn sem byggir áfram þá upphæð nær alla, auk 1–1,5 milljónir króna frá sjóðsstjórn Samhugar í verki, eða 9–9,5 milljónir. Því til viðbótar eru gatnagerðargjöld sem nema 300–500 þúsund krónum, eða alls 9,3–9,8 milljónir. Ákveði eigandi þessa sama húss að flytja, missir hann styrkinn frá Samhug í verki og fær markaðsverð, sem er u.þ.b. 60% af brunabótamati, eða um 4,8 milljónir króna. Hins vegar má segja að hefði sama fólk selt húsið fyrir tveimur árum eða svo, hefði það líklega ekki fengið meira fyrir húsið en 4,8 milljónir, þannig að staða þess er ekki verri en fyrir tveimur árum. Ég myndi segja að staða þess væri mun betri við að byggja upp. Ég held að aldrei verði hægt að haga málum þannig að engum sé mismunað.“

Í Morgunblaðinu 19. ágúst 1995 birtist yfirlit yfir forsögu að baki reglugerðinni, þar sem mismununin sem í henni birtist væri ekki sögð tilviljun og í samræmi við vilja Alþingis.²⁶⁴ Af minnisblaði frá forsætisráðuneytinu, dagsettu 9. nóvember 1995, má ráða að á meðal hóps ráðuneytisstjóra um reglugerð um snjóflóðavarnir hafi komið fram efasemdir um að kveða á um slíka mismunun í reglugerð án beinnar lagastöðar út frá jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.²⁶⁵

„Ég hef heyrt um einhverja sem vilja flytja burt en ætla sér ekki að fara vegna þess að þá fái þeir greitt samkvæmt markaðsverði en ekki brunabótamati. Enginn kaupir hús annars staðar á sambærilegu verði og hér, t.d. á höfuðborgarsvæðinu. Flestir vilja þó vera áfram, að ég held.“

[...]

„Það er búið að tapa dýrmætum tíma, mjög svo, eins og allir vita og því miður munu margir búa í vetur við svipaðar aðstæður og eftir flóðið. Menn verða að flýja í skólann eða í sumarhúsin en þangað komast ekki allir. Við vonum bara að vetri ekki snemma en það væri skelfilegt ef svo yrði og veturinn harður. Í sumum tilvikum gæti veturinn ráðið úrslitum um frekari búsetu. Vilji fólk fara hikað þó þó varla, hvort sem það fær greiðslu úr Samhug í verki eða ekki, þótt nú sé óljóst hversu há sú upphæð verður. Reglugerðin setur þó strik í reikninginn, því að mér skilst að það sem fólk fái, fari það, nái varla hálfvirði miðað við brunabótamat. Ég vil þó ekki segja að verið sé að múta fólki til að vera áfram, en það verður að gera eitthvað til að reyna að halda fólkinu á staðnum því að fari margir burt er enginn grundvöllur fyrir hina sem eftir eru að byggja þennan stað. Þetta er spurning um að lifa eða deyja og einhver regla verður að vera á hlutunum.“

Ummæli höfð eftir íbúum í Súðavík í frétt Morgunblaðsins 16. ágúst 1995.

260. Fjölmiðlavaktin, Vestfirski fréttablaðið 8. nóvember 1995.

261. Skjalasafn félagsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 12.5.2025. B-557.

262. Skjalasafn félagsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 12.5.2025. B-866.

263. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 16. ágúst 1995.

264. Fjölmiðlavaktin, Morgunblaðið 19. ágúst 1995.

265. Skjalasafn félagsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 12.5.2025. B-557.

Af þeim sökum var leitað álits Eiríks Tómassonar, lagaprófessors í Háskóla Íslands. Samkvæmt minnisblaðinu mun það hafa verið mat hans að reglugerðarákvæðið væri hið minnsta mjög nærri því að brjóta jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og vafi léki á því að það fengi staðist í dómsmáli, en miklir fjárhagslegir hagsmunir væru í húfi. Sagði svo í minnisblaðinu að ráðuneytisstjórar og fulltrúar þeirra tækju undir álit Eiríks Tómassonar um að reglugerðarákvæðið væri of veikur grundvöllur undir þá ákvörðun að greiða mismunandi bætur eftir því hvort fólk hygðist byggja á ný í sveitarfélagi eða ekki, einungis með vísan til nefndarálits félagsmálanefndar. Lagt var til að fella reglugerðarákvæði inn í lögina í þeim tilgangi að ákvæðið fengi styrkari lagastoð, þótt ekki væri með því girt fyrir það álitamál hvort slíkt stæðist stjórnarskrá með tilliti til jafnræðisreglu. Í minnisblaðinu var jafnframt fjallað um tillögur að viðmiðunarverði fyrir húseignir á snjóflóðahættusvæðum.

Í fréttum Ríkisútvarpsins 10. nóvember 1995 var rætt við Ólaf Davíðsson, þáverandi ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, um uppkaup húsa á snjóflóðahættusvæðum í Súðavík og Hnífsdal.²⁶⁶ Hann kvað forsætisráðherra og félagsmálaráðherra hafa tekið ákvörðun um að standa við öll efnisleg fyrirheit sem fram kæmu í reglugerðinni, nánar tiltekið að aðalreglan væri sú að eignir yrðu keyptar á staðgreiðslumarkaðsvirði þegar fólk hefði kost á að kaupa eign í sama sveitarfélagi. Ef svo væri ekki og viðkomandi hygðist byggja nýja húseign í sveitarfélaginu væri heimilt að miða verð við brunabótamat og kostnað vegna nýrra gatnagerðargjalda, en væri brunabótamat hærra en endurstofnverð skyldi miða við endurstofnverð. Þetta fæli í sér að í flestum tilvikum yrði miðað við endurstofnverð. Fram kom í viðtalinu að talið væri nauðsynlegt að færa ákvæði reglugerðarinnar inn í lögina, til að gefa reglugerðinni „aukið lagalegt gildi“. Slíkt myndi taka einhvern tíma en viðmælandinn taldi að það ætti ekki að hafa áhrif á framkvæmdir í Súðavík.

Í bréfi félagsmálaráðuneytisins til Almannavarna ríkisins 17. nóvember 1995 var fjallað um bókun ríkisstjórnarinnar 20. október 1995 sem send var Ofanflóðanefnd 27. október 1995.²⁶⁷ Samkvæmt bókuninni skyldi fólk fá hús sín greidd miðað við endurstofnverð samkvæmt fasteignamati þegar eignir væru keyptar upp. Þar sem niðurstaða af skoðun málsins með tilliti til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar gæfi til kynna að reglugerðarákvæðið væri ekki nægilega öruggt til að byggja á við uppkaup húsa á snjóflóðahættusvæði teldi ríkisstjórnin rétt að flytja frumvarp til breytinga á lögum um snjóflóð og snjóflóðavarnir. Í því fælist að greiðslur ofanflóðasjóðs vegna uppkaupa húsa á hættusvæðum skyldu miðast við staðgreiðslumatsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu utan hættusvæða. Ef húseigandi ætti ekki kost á að kaupa sambærilega eign í sveitarfélaginu og hygðist byggja nýja eign í sveitarfélaginu væri greitt endurstofnverð Fasteignamats ríkisins. Ekki væri greitt fyrir gatnagerðargjöld og einungis greitt vegna flutnings húsa væri það talið hagkvæmara en að greiða staðgreiðslumatsverð. Þess var óskað að Almannavarnir ríkisins kynntu Súðvíkingum þessa ákvörðun þannig að unnt yrði að hefja nauðsynlegan undirbúning vegna uppkaupa húsa. Tiltekið var að ekki væri heimilt að ganga frá bindandi samningum fyrr en lagaheimild þess efnis lægi fyrir. Með breytingarlögum nr. 151/1995 voru reglur reglugerðar nr. 440/1995 um tilhögun á greiðslum úr ofanflóðasjóði færðar inn í lögina, þó með stöku breytingum sem m.a. fólust í því að breyta orðalagi hennar í því skyni að gera reglurnar skýrari.²⁶⁸

Greiðslur ofanflóðasjóðs vegna uppkeyptra húsa í Súðavík tóku mið af gildandi endurstofnverði fasteigna eins og það var á tjónsdegi í skráum Fasteignamats ríkisins, að frádregnum afskriftum vegna aldurs og byggingarefnis eignar, í þeim tilfellum þegar eigendur byggðu ný hús í Súðavík.²⁶⁹ Húseigandi sem hygðist byggja á ný í Súðavík skyldi leggja fram áætlun yfir byggingarframkvæmdir og greiðslur bóta voru áfangaskiptar eftir því sem framkvæmdum við nýbyggingar miðaði áfram. Bætur til þeirra sem fluttu á brott úr Súðavík tóku mið af staðgreiðslumarkaðsverði fasteignarinnar eða sambærilegrar fasteignar í sveitarfélaginu, þó ekki lægra en gildandi fasteignamat á tjónsdegi. Ofanflóðasjóður greiddi Súðavíkur

266. Skjalasafn félagsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 12.5.2025. B-557.

267. Skjalasafn félagsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 12.5.2025. B-557.

268. Frumvarp til laga nr. 151/1995, athugasemdir með 5. gr.: [300/120 stjórnarfrumvarp: varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum](#) | [Þingtíðindi](#) | [Alþingi](#)

269. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 19.8.2025.

hreppi styrk til uppkaupa á íbúðarhúsnæði og með því eignaðist hreppurinn allt uppkeypt íbúðarhúsnæði í gömlu byggðinni.

Bætur vegna húseigna sem fluttar voru frá gömlu Súðavík fóru eftir áætlun um flutningskostnað sem matsnefnd samkvæmt 8. gr. þágildandi laga nr. 28/1985 hafði samþykkt. Slík áætlun skyldi liggja fyrir áður en til flutnings kæmi, en ef það væri ekki mögulegt yrði tekið mið af raunkostnaði við flutning sem studdur væri fylgiskjölum sem matsnefndin skyldi samþykkja. Í þeim tilfellum þar sem heildarkostnaður við flutning var áætlaður hærri en endurstofnverð tók greiðsla mið af endurstofnverði líkt og gildi um uppkeyptar fasteignir, sbr. 6. mgr. 7. gr. þágildandi laga nr. 28/1985 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Síðla árs 1995 tók Ofanflóðanefnd ákvörðun um að semja við Gunnar Torfason verkfræðing um að hann færi með hlutverk verkefnisstjóra við uppgjör og afgangsgreiðslu bóta vegna uppkaupa og flutnings fasteigna í Súðavík og var samningur þess efnis undirritaður 17. desember 1995.²⁷⁰ Samkvæmt samningi við verkefnisstjóran átti að hefja undirbúning uppgjors þá þegar, en uppgjör skyldi hefjast strax og frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum tækju gildi. Fram kom í samningi við verkefnisstjóran að stefna skyldi að því að verkinu yrði lokið að mestu árið 1996 þótt verklok færu eftir framvindu uppbyggingar húsa á nýjum svæðum.

Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps ritaði minnisblað 22. október 1997 þar sem fjallað var um deilumál og aðdraganda þeirra vegna flutningsbóta í Súðavík.²⁷¹ Fram kom að frá því í ágúst 1995 til júlí 1997 hefði risið ágreiningur við ofanflóðasjóð um flutningsbætur. Súðavíkurhreppur og eigendur flytjanlegra húsa töldu bæturnar vanáætlaðar og ekki endurspeglar raunverulegan kostnað við flutning húsanna. Ofanflóðasjóður hafði hafnað því að flytja húsina á eigin ábyrgð og þar með hafnað því að bera ábyrgð á því ef áætlanir reyndust rangar og flutningskostnaður hærri en áætlanir eða endurstofnverð húsanna. Einhverjir eigendur höfðu hafnað áætlun um flutningskostnað og sérfræðingar voru fengnir til að leggja mat á kostnaðinn.

Fram kom að Súðavíkurhreppur hefði reynt að fá samþykki ofanflóðasjóðs til að greitt yrði endurstofnverð húsanna. Í niðurlagi bréfsins sagði:

„Málið í heild hefur liðið fyrir að reglugerðir um flutning húsa og kostnaðarmat vegna þeirra aðgerða er ekki til. Ekki var búið að greina grundvallarforsendur þess með hvaða hætti ætti að reikna og meta hagkvæmni þess að flytja hús, þ.e.a.s. hvaða framkvæmdir og aðgerðir skyldi reikna og meta til flutningskostnaðar, til þess að hægt væri að meta þá grundvallarspurningu hvort hagkvæmt væri yfir höfuð að flytja hús.“

Af gögnum rannsóknarnefndar verður ráðið að ofanflóðasjóður hafi samþykkt á fundi sínum um miðbik ársins 1997 að hlutdeild sjóðsins í kostnaði vegna flytjanlegra húsa tæki ýmist mið af endurstofnverði eða endanlegum framkvæmdakostnaði samkvæmt útreikningi Súðavíkurhrepps, hvort heldur sem lægra var.²⁷²

6.4.5. Um 10% hlut Súðavíkurhrepps í uppkaupum fasteigna

Samkvæmt því sem fram kom í erindi Súðavíkurhrepps til Ofanflóðanefndar 18. september 1995 lá fyrir að Súðavíkurhreppur hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til að greiða 10% hlut í uppkaupum og flutningi húseigna.²⁷³ Í umfjöllun Morgunblaðsins 28. febrúar 1996 kom fram í máli sveitarstjóra Súðavíkur að lántaka kæmi ekki til álita, þar sem sveitarsjóðurinn myndi, samkvæmt fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, eiga eina milljón króna í rekstrarafgang.²⁷⁴ Fram kom í máli hans að þar sem sveitarsjóðurinn ætti eftir tæpa milljón til að greiða fyrirbyggjandi lán og aðrar framkvæmdir gæti hann varla greitt vexti af láni upp á 46 milljónir króna sem áætlað var að hlutur hreppsins næmi.

Samkvæmt því sem fram kemur í fundargerð hreppsnefndar Súðavíkurhrepps 8. mars 1996

„Taka verður fram að reglugerðin sem fylgir lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum er óskýr hvað varðar mat og framkvæmd slíkra verka ef til álita kemur að flytja hús. Þannig tók mjög langan tíma að skilgreina hvað telst til flutnings húss og með hvaða hætti meta á þá þætti sem óhjákvæmilega eru hluti slíkrar aðgerðar. Þetta gerði fjárhagslegar forsendur verkanna óljósar og allt of langan tíma tók að ná niðurstöðu þess vegna. Slíkt eykur á spennu og það rót sem auðvitað fylgir þegar flytja þarf búsetu og heimili sitt um set.“

Úr greininni „Uppbygging Súðavíkur, þorp flutt um set“ eftir Ágúst Kr. Björnsson og Jón Gauta Jónsson. [Sveitarstjórnarmál - 1. tölublað \(01.03.1999\) - Tímarit.is](#)

270. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. – Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 19.8.2025.

271. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

272. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 1.9.2025.

273. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í maí 2025.

274. Fjölmíðlavaktin Morgunblaðið 28. febrúar 1996 og Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-13 (226).

var þá unnið að því með stjórnvöldum að leita leiða til að standa skil á 10% hlut hreppsins. Að mati hreppsnefndar var engin fjárhagsleg forsenda til að hreppurinn fjármagnaði þann hluta óstuddur, þar sem um væri að ræða uppkaup á öllu íbúðarhúsnæði í Súðavík og að það ætti sér enga hliðstæðu. Þar að auki lægi fyrir að lögbundinn hlutur hreppsins í kostnaðarþátttökunni næmi um 50% af skatttekjum ársins.

Sama dag ritaði sveitarstjóri Súðavíkurhrepps bréf til forsætisráðuneytisins.²⁷⁵ Í bréfi sveitarstjórans kom fram að útreikningar sýndu að Súðavíkurhreppur væri ekki í stakk búinn til að takast á við það verkefni að greiða 47 milljónir króna vegna aðgerðanna. Lántaka væri ekki kostur fyrir hreppinn. Þess var óskað í niðurlagi bréfsins að málið yrði tekið til umræðu í ráðuneytisstjórahóp og kannað hvaða möguleikar væru til staðar til að gera hreppnum kleift að standa skil á 10% hluta kaupverðs.

Í minnisblaði frá umhverfisráðherra og félagsmálaráðherra til ríkisstjórnarinnar 14. mars 1996 var fjallað um 10% hlutdeild sveitarfélaga í uppkaupum húsa og fyrirsjáanlegar óskir sveitarfélaga um að fá heimild til lánaþingreiðslu úr ofanflóðasjóði.²⁷⁶ Fram kom í minnisblaðinu að Súðavíkurhreppur hefði ekki tók á að greiða það sem gert væri ráð fyrir að hlutur þeirra yrði í umsömdu verði eignanna. Hreppurinn hefði viðrað þær hugmyndir að sækja um lán hjá ofanflóðasjóði vegna hlutar hreppsins, í samræmi við heimild þess efnis í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Ofanflóðanefnd teldi á hinn bóginn óráðlegt að veita sveitarfélagi lán fyrir 10% hlut þeirra, þar sem það lægi fyrir að sveitarfélögin sem mögulega myndu óska eftir láninu hefðu ekki getu til að endurgreiða lánin. Talið væri óskynsamlegt að veita lánið þar sem það væri fordæmisgefandi og gæti leitt til þess að ábyrgð og frumkvæði sveitarfélaga minnkaði. Hætta skapaðist á að sveitarfélög myndu líta á lánið sem styrk með þeim afleiðingum að lánin yrðu felld niður síðar. Við það myndi hverfa þrýstingur á sveitarfélög að gæta hagsmuna ofanflóðasjóðs með þeim 10% sem þau ættu að greiða. Ef kæmi til þess að ofanflóðasjóður greiddi allan kostnaði við snjóflóðavarnir yrði ofanflóðasjóður settur í óþægilega stöðu og hann myndi þá neyðast til að taka frumkvæði og umsjón í málefnum sem sneru að vörnum gegn snjóflóðum.

Í niðurlagi minnisblaðsins kom fram að það væri álit Ofanflóðanefndar að ekki ætti að veita Súðavíkurhreppi lán til greiðslu fyrir kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins. Talið væri rétt að leita annarra leiða til að leysa fjárþörf hreppsins, til dæmis með því að fela Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að standa straum af kostnaðinum með sérstakri fjárveitingu. Á fundi Ofanflóðanefndar sama dag, þann 14. mars 1996, skýrði ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytisins frá fundi sem forsætisráðuneytið hafði boðað til vegna óska Súðavíkurhrepps um styrk úr ríkissjóði vegna 10% hlutar síns.²⁷⁷ Mun Ofanflóðanefnd hafa verið sammála um að lánaþingreiðsluheimild sem þá kom fram í lögum nr. 151/1995 skyldi einungis nota að vel ígrunduðu máli, en nefndin sammála um að leita annarra leiða til að leysa málið gagnvart Súðavík.

Svo virðist sem ekki hafi verið frekar rætt um 10% hlut hreppsins á fundum hreppsnefndar Súðavíkurhrepps fyrr en á fundi nefndarinnar 17. desember 1996. Á fundinum var hreppsnefnd sammála um að heimila sveitarstjóra að ganga til viðræðna við yfirvöld um heimild til lántöku til greiðslu kostnaðarhlutdeildar sveitarfélagsins í uppkaupum. Jafnframt að sveitarstjóri myndi leita allra leiða til að fá viðræður við þingmenn Vestfjarða og yfirvöld um sérstöðu Súðavíkur, með það fyrir augum að hægt yrði að ljúka uppkaupum í Súðavík og flutningi þorpsins á árinu 1997.

Með bréfi til Ofanflóðanefndar 3. janúar 1997 óskaði Súðavíkurhreppur eftir láni ofanflóðasjóðs fyrir 10% hlutdeild sveitarfélagsins vegna snjóflóðavarna í Súðavík.²⁷⁸ Í þeim sama mánuði tók ofanflóðasjóður ákvörðun um að lána Súðavíkurhreppi vegna 10% kostnaðarhlutdeildar í uppkaupunum.²⁷⁹ Þann 12. október 1998 fór Súðavíkurhreppur fram á það við umhverfisráðuneytið að gengið yrði frá endanlegri lántöku Súðavíkurhrepps vegna

275. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent í maí 2025.

276. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 27.6.2025.

277. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 1.9.2025.

278. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 1.9.2025.

279. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

10% hlutar hreppsins í uppkaupum, samtals um 52 milljóna króna.²⁸⁰ Á þeim tímapunkti hafði ofanflóðasjóður greitt hreppnum 40 milljónir króna inn á 10% hlut hreppsins til að standa straum af uppgjöri til styrkþega. Þess var óskað að lán hreppsins og skilmálar yrðu í samræmi við 13. gr. laga nr. 49/1997 og að endurgreiðslu lánsins yrði háttáð með þeim hætti sem þar væri lýst.

6.4.6. Mismunabætur

Svonefndar mismunabætur voru greiddar til eigenda þeirra fasteigna sem eyðilögðust í snjóflóðinu í Súðavík. Bótafjárhæðin samanstóð af mismun á endurstofnverði fasteigna og greiddum bótum frá Viðlagatryggingum Íslands. Líkt og rakið er nánar í kafla 6.5 var í þessu skyni sett í árslok 1995 bráðabirgðaákvæði II við lög nr. 28/1985, varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (ofanflóðalögin 1985), sem kvað með nánari hætti á um heimild til að greiða slíkar bætur.

Súðavíkurhreppur óskaði eftir því við Ofanflóðanefnd með bréfi 10. apríl 1996 að ofanflóðasjóður bætti mismun á endurskoðuðu endurstofnverði og brunabótamati fasteigna í gömlu Súðavík, að frádregnum bótum frá Viðlagatryggingum.²⁸¹ Mismunurinn þar á milli nam um 40 milljónum króna. Mat Fasteignamats ríkisins á endurstofnverði húsanna sem eyðilögðust í snjóflóðinu lá fyrir 17. apríl 1996. Í kjölfarið sendi Súðavíkurhreppur erindi til Ofanflóðanefndar þar sem bent var á að sú aðferð sem beitt væri skildi eftir endurbætur sem gerðar höfðu verið á húsunum eftir síðasta skoðunardag þeirra, sem var á tímabilinu frá 1989 til 1993.²⁸² Því yrði að kanna hvaða endurbætur hefðu verið gerðar á húsunum eftir síðasta skoðunardag þeirra.

Í fundargerð Ofanflóðanefndar 14. maí 1996 kemur fram að ákveðið hefði verið að sveitarstjóri Súðavíkur og verkefnisstjóri færu sameiginlega yfir reikningslegar forsendur nokkurra húsa í Súðavík og að hugsanlegum breytingum vegna endurbóta húsa yrði komið til Fasteignamats ríkisins í því skyni að grunnur til útreiknings endurstofnverðs yrði lagfærður.²⁸³ Á fundinum var samþykkt að ofanflóðasjóður tæki þátt í stuðningi við eigendur þeirra húsa sem urðu fyrir alþjóni í snjóflóðinu, þegar ekki væri ágreiningur um fjárhæðir. Ofanflóðanefnd hafnaði að greiða inn á mismunabætur vegna þeirra fasteigna sem niðurstaða lægi ekki fyrir vegna.

Meðal gagna rannsóknarnefndar eru erindi sem bárust Súðavíkurhreppi frá eigendum húsa sem eyðilögðust í snjóflóðinu um endurskoðun á greiðslu mismunabóta. Í einu slíku erindi sem barst hreppnum 20. ágúst 1996 kom fram að viðmiðunarverð Fasteignamats ríkisins, sem miðaði við síðasta skoðunardag hússins fyrir flóð, tæki ekki tillit til endurbóta umfram hefðbundið viðhald sem fram hefði farið.²⁸⁴ Eigendur fasteigna töldu slíkar endurbætur eiga að leiða til hækkunar og vöktu athygli á mun á fermetraverði á milli húseigna sem uppgjör tæki til. Þessi erindi sendi Súðavíkurhreppur til Ofanflóðanefndar í því skyni að nefndin endurskoðaði útreikning mismunabóta. Erindin voru send Fasteignamati ríkisins til umsagnar í því skyni að kanna hvort athugasemdirnar gæfu tilefni til matsbreytinga á fasteignum, en að undangenginni slíkri umsögn var erindum hreppsins svarað af hálfu ráðuneytisins. Ekki liggur fyrir hvort erindin hafi leitt til matsbreytinga og þar með hækkana á greiðslum fyrir fasteignirnar.

Alls voru mismunabætur greiddar vegna 15 fasteigna í Súðavík.²⁸⁵ Á fundi ofanflóðanefndar 29. ágúst 1996 var upplýst um að öllum mismunagreiðslum nema einni væri lokið.²⁸⁶

280. Skjalasafn umhverfissráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

281. Skjalasafn umhverfissráðuneytisins. Gögn afhent 1.9.2025.

282. Skjalasafn umhverfissráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

283. Skjalasafn umhverfissráðuneytisins. Gögn afhent 1.9.2025.

284. Skjalasafn umhverfissráðuneytisins. Gögn afhent 19.8.2025.

285. Skjalasafn umhverfissráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

286. Skjalasafn umhverfissráðuneytisins. Gögn afhent 1.9.2025.

6.4.7. Hugað að framtíð gömlu byggðarinnar

Í uppkaupum fasteigna fólst að Súðavíkurhreppur keypti íbúðarhúsnæði í gömlu byggðinni í Súðavík, með styrk úr ofanflóðasjóði. Samtals var um að ræða 46 hús og íbúðir sem Súðavíkurhreppur eignaðist með þessum hætti.²⁸⁷

Á fundi hreppsnefndar Súðavíkurhrepps 17. mars 1997 var rætt um framtíð þessara húsa í gömlu byggðinni í Súðavík. Á fundinum kynnti sveitarstjóri drög að tillögum um þetta efni. Í þeim tillögum var í fyrsta lagi lagt til að öll hús yrðu svo fljótt sem verða mætti auglýst til sölu og að öll þau hús sem mögulega seldust yrðu seld sem fyrst. Í öðru lagi var lagt til að þar sem það kæmi til álita yrðu hús seld til niðurrifs og brottflutnings. Þegar fyrir lægi hvað seldist af húsum yrði tekin ákvörðun um eyðingu húsa sem væru í versta ástandinu. Allt yrði gert til að finna þeim húsum sem eftir stæðu hlutverk, til dæmis með sókn á grundvelli ferðapjónustu eða atvinnureksturs.

Hreppsnefnd var sammála um að selja eða leigja húsnæði í gömlu byggðinni að fengnu samþykki umhverfisráðuneytisins. Einn hreppsnefndarmaður sat hjá og taldi of snemmt að taka ákvörðun um hvort grundvöllur væri til að selja húsinn þar sem varlega yrði að fara í því að koma þeim í eigu annarra. Hreppsnefnd var sammála um að eigendum eignarlóða yrði heimilað að reisa sumarhús til sumardvalar og að sótt yrði eftir heimild til þess.

Á fundi hreppsnefndar 4. apríl 1997 var bréf sveitarstjóra til umhverfisráðuneytisins vegna framtíðar húsa í gömlu byggðinni lagt fram og samþykkt. Bréfið var sent umhverfisráðuneytinu 10. apríl 1997.²⁸⁸ Fram kom í bréfinu að á grundvelli ákvæða í reglugerð um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum væri gerð tillaga til ráðuneytisins varðandi nýtingu húsanna, ráðstöfun og framtíð þeirra. Fram kom að tillögurnar gerðu ráð fyrir nýtingu húsanna á grundvelli þeirra heimilda sem ráðuneytið kæmi til með að setja. Tillögurnar voru í sjö liðum og í helstu atriðum á sömu leið og rætt hafði verið á fundi hreppsnefndar 17. mars sem áður greindi frá.

Í lok bréfsins kom fram að þess væri vænst að efni bréfsins og tillögur hreppsnefndar yrðu teknar til umfjöllunar bæði í ráðuneytinu og stjórn ofanflóðasjóðs, svo fljótlega unnt yrði að hefja vinnu á grundvelli tillagnanna.

Svar umhverfisráðuneytisins lá fyrir 6. júní 1997.²⁸⁹ Fram kom í bréfi ráðuneytisins að samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 28/1985 væri Súðavíkurhreppur eigandi umræddra fasteigna og bæri alla ábyrgð á rekstri þeirra. Samkvæmt reglugerð nr. 145/1996 gæti hreppurinn ákveðið ráðstöfun eignanna til niðurrifs. Hins vegar væri nýting og sala húseigna sem ofanflóðasjóður hefði styrkt til kaupa á háð samþykki ráðuneytisins. Með bréfinu fylgdu umsagnir Veðurstofu Íslands og skipulagsstjóra varðandi nýtingu húsa í gömlu byggðinni, báðar dagsettar 21. maí 1997. Að fengnum þeim umsögnum féllst ráðuneytið á þær tillögur Súðavíkurhrepps að nýta þau hús sem ekki yrðu rifin eða flutt af hættusvæði til sumardvalar, með þeim skilyrðum að dvöl í þeim væri óheimil á tímabilinu 1. nóvember til 30. apríl. Frávik frá því, hvort sem væri til rýmkunar eða þrengingar, væri í einstökum tilvikum og eftir aðstæðum ákveðið af lögreglustjóra í samráði við almannavarnarnefnd staðarins og Veðurstofu Íslands. Fram kom að þessum skilyrðum á takmarkaðri nýtingu húsa yrði að þinglýsa á eignir.

Samkvæmt bréfi ráðuneytisins var ekki talið koma til greina að heimila uppbyggingu nýrra húsa á þekktu hættusvæði og var því ekki fallist á tillögu Súðavíkurhrepps þess efnis að heimila nýbyggingu sumarhúsa á hættusvæði í Súðavík. Því til stuðnings var vísað til þágildandi byggingarreglugerðar þar sem fram kæmi að ekki mætti leyfa byggingu á svæðum þar sem vitað væri að tjón hefði orðið vegna snjóflóðs. Ráðuneytið kvaðst setja það skilyrði að við sölu húsa á hættusvæði yrði Súðavíkurhreppur að þinglýsa þeirri kvöð á húsinn að óheimilt væri að endurbyggja þau yrðu þau fyrir umtalsverðu tjóni og jafnframt að ofanflóðasjóður myndi ekki greiða neinar bætur til eigenda umræddra húsa yrðu þau fyrir skemmdum af völdum ofanflóða. Ef um söluhagnað yrði að ræða af sölu húsa sem keypt hefðu verið með stuðningi ofanflóðasjóðs yrði að ráðstafa þeim hagnaði í samráði

287. Sveitarstjórnarmál – 1. tölublað (01.03.1999) – Tímarit.is

288. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 19.8.2025.

289. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 19.8.2025.

við ráðuneytið. Að öðru leyti kvaðst ráðuneytið ekki gera athugasemdir við framkomnar tillögur Súðavíkurhrepps um framtíð húsa á hættusvæði í Súðavík, en vísaði til umsagnar Veðurstofu Íslands og skipulagsstjóra Íslands sem voru meðfylgjandi bréfinu.

Þann 27. júní 1997 óskaði Súðavíkurhreppur eftir afstöðu Viðlagatrygginga Íslands til trygginga stofnunarinnar, iðgjalda og mögulegra bótauppgjóra varðandi hús sem eftir yrðu í gömlu byggðinni í Súðavík.²⁹⁰ Þessu erindi var svarað af hálfu Viðlagatrygginga 5. ágúst 1997 þar sem fram kom að iðgjald til Viðlagatrygginga yrði ekki innheimt vegna eignanna, enda væru þær utan tryggingaverndar Viðlagatrygginga Íslands þar sem þær væru staðsettar á hættusvæði. Af þessum sökum yrði bótakröfum vegna þessara eigna hafnað kæmu þær fram.

Í kjölfarið var sveitarstjóra Súðavíkurhrepps falið að koma tillögum um nýtingu húsa í framkvæmd, auglýsa sumarhús til sölu og kalla eftir samstarfsaðilum um nýtingu þeirra.

Alls auglýsti Súðavíkurhreppur eftir tilboðum í 54 fasteignir í gömlu Súðavík. Tilboðin sem bárust voru opnuð á skrifstofu Súðavíkurhrepps að viðstöddum sýslumanninum á Ísafirði þann 11. september 1997.²⁹¹ Í apríl 1998 var staðan sú að hreppsnefnd hafði samþykki tilboð í átta hús í gömlu byggðinni.²⁹² Fasteignir í gömlu Súðavík voru seldar með þeim kvöðum og takmörkunum að dvöl í húsunum væri óheimil á tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl ár hvert.²⁹³ Frávik frá því til rýmkunar eða þrengingar skyldu í einstaka tilvikum og eftir aðstæðum ákveðin af lögreglustjóra í samráði við almannavarnanefnd staðarins og Veðurstofu Íslands. Þá var sú kvöð í kaupsamningum þessara húseigna að óheimilt væri að endurbyggja húsin yrðu þau fyrir umtalsverðu tjóni, auk þess sem ofanflóðasjóður myndi ekki greiða neinar bætur fyrir húsið yrði það fyrir skemmdum af völdum ofanflóða. Jafnframt yrði viðlagagjald ekki innheimt vegna húsanna og að hús innan hættusvæða væru utan tryggingaverndar Viðlagatrygginga Íslands.

Samkvæmt fundargerðum hreppsnefndar Súðavíkurhrepps frá árslokum 1997 allt til júní 2001 var á tímabilinu reglulega fjallað um tilboð sem bárust í eignir í gömlu Súðavík og afstaða tekin til þeirra. Þá var hugað að stofnun hlutafélags til reksturs og nýtingar eigna í Súðavík. Sumarið 1998 var stofnað rekstrarfélag um rekstur óseldra húsa í gömlu byggðinni í Súðavík með það í huga að markaðssetja húsin til félagasamtaka, verkalyðsfélaga og erlendra ferðamanna.²⁹⁴ Félagið fékk nafnið Sumarbyggð hf. og var í eigu íbúa í byggðinni og Súðavíkurhrepps. Súðavíkurhreppur tók ákvörðun um það á fundi hreppsnefndar 6. júlí 1998 að leggja til félagsins hlutafé að fjárhæð 4,5 milljónir króna í því skyni að félagið gæti hafið starfsemi sína.

Vinna við nógildandi hættumat fyrir Súðavík hófst árið 2003.²⁹⁵ Tillögur hættumatsnefndar Súðavíkurhrepps að hættumati vegna ofanflóða fyrir Súðavík var staðfest af umhverfisráðherra 30. ágúst 2005 og tók þá þegar gildi.²⁹⁶ Í hættumatinu kemur fram að öll byggðin í Súðavík nema frystihúsið og vararafstöðin í Ytri-Súðavík, utan Eyrardalsár, sé á hættusvæði C. Frystihúsið og vararafstöðin séu á hættusvæði B, en einungis tvö hús í Innri-Súðavík innan við Eyrardalsá séu á hættusvæði A. Öll önnur hús í Innri-Súðavík séu utan hættusvæða. Þá segir í hættumatinu:

„Þar sem ofanflóðasjóður hefur þegar keypt upp öll íbúðarhús í Ytri-Súðavík, og selt aftur með kvöðum varðandi viðveru að vetrarlagi, er ekki þörf fyrir frekari aðgerðir til að tryggja öryggi íbúa á hættusvæðum í Súðavík.“

Niðurstöður hættumatsins voru kynntar á borgarafundi þann 24. október 2005.²⁹⁷

290. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

291. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

292. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

293. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

294. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

295. Veðurstofa Íslands. Hættumat fyrir Súðavík. Greinargerð 05006, VÍ-VS-02, Reykjavík, maí 2005. Greinargerðin er aðgengileg á vefsvæði Veðurstofunnar á þessum tengli: <https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/su/g05006.pdf>.

296. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 19.8.2025.

297. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 27.6.2025.

6.4.8. Uppgjöri lýkur vegna Súðavíkur

Samkvæmt fundargerð Ofanflóðanefndar fór umhverfisráðherra ásamt nefndinni til Ísafjarðar, Bolungavíkur og Súðavíkur 25. ágúst 1997 í því skyni að kynna sér aðgerðir sem notið höfðu stuðnings ofanflóðasjóðs, svo sem vegna flutnings byggðar í Súðavík.²⁹⁸ Fram kom að haldinn hefði verið fundur með hreppsnefnd Súðavíkur við þetta tilefni þar sem rætt hafði verið um framkvæmdir í Súðavík og stöðu þeirra, en þá lá fyrir að ekki næðist að ljúka flutningi þorpsins árið 1997 eins og vonir höfðu staðið til. Hreppsnefnd vakti athygli á því að íbúar Súðavíkur væru í þeirri stöðu að þurfa að nálgast þjónustu yfir í gömlu byggðina og til þess þyrftu íbúar að fara í gegnum snjóflóðahættusvæði. Ráðherra mun þá hafa áréttað þá fyrri afstöðu að meginverkefni ofanflóðasjóðs væri að tryggja öryggi fólks í híbýlum sínum og ekki væri gert ráð fyrir stuðningi vegna annarra verkefna að sinni.

Þann 31. mars 1998 sendi Súðavíkurhreppur greinargerð til forsætisráðherra um uppbyggingu og lok framkvæmda í Súðavík.²⁹⁹ Í greinargerðinni voru rakin atriði sem sveitarfélagið taldi þörf á að skoða nánar varðandi flutning byggðarinnar í Súðavík. Athygli var vakin á því að stjórn ofanflóðasjóðs hefði hafnað að koma að uppkaupum á öðru húsnæði en íbúðarhúsnæði í Súðavík. Að mati hreppsnefndar fengist ekki séð af lestri laganna að óheimilt væri að styrkja sveitarfélög við uppkaup á atvinnu- og þjónustuhúsnæði. Fram kom að fjöldi íbúa í Súðavík sækti vinnu í þjónustu- og atvinnufyrirtæki í gömlu byggðinni og því væri afstaða ofanflóðasjóðs ekki til þess fallin að tryggja öryggi þessara íbúa. Teldi hreppsnefnd mikilvægt að flytja alla byggðina, enda væru hús sem sjóðurinn hefði hafnað uppkaupum á dreifð um gömlu byggðina og ómögulegt að koma að vörnum. Sagði svo:

„Við allan undirbúning, bæði við gerð skipulags og hönnun og byggingu gatna var gert ráð fyrir að öll byggðin yrði flutt í heilu lagi.

Flutningur þorps um set er einstök og sértæk aðgerð og ljóst er að vart hafa þeir aðilar sem sömdu lög og reglugerðir um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum haft í huga flutning byggðar í heilu lagi. Þess vegna lítur hreppsnefnd svo á flutningi byggðar í Súðavík verði ekki lokið nema með sértækri aðgerð.

Einnig er mikilvægt að dagleg þjónusta við heimilin í þorpinu sé hluti af hinni nýju þorpsmynd en ekki staðsett á hættusvæði í gömlu byggðinni.“³⁰⁰

Fjallað var um stöðu eigenda þjónustu- og atvinnuhúsnæðis í gömlu byggðinni í Súðavík. Þá var í greinargerðinni tiltekinn óbættur kostnaður Súðavíkurhrepps vegna hreinsunar og uppsetningar húsa, lögfræðiaðstoðar og annarra atriða sem voru sögð tengjast flutningi byggðarinnar og rekstri húsa í gömlu byggðinni sem voru komin í eigu hreppsins í framhaldi af uppkaupum. Allt frá því í maí 1996 hafði Súðavíkurhreppur jafnframt óskað eftir því að ofanflóðasjóður tæki þátt í greiðslu lögfræðiþóknunar vegna uppkaupa fasteigna í Súðavík en því verið hafnað. Þá var athygli ráðherra vakin á mismun á greiddum bótum úr ofanflóðasjóði og raunverulegum byggingarkostnaði í Súðavík. Þess var óskað að ráðherra tæki athugasemdir hreppsins til skoðunar svo unnt yrði að ljúka flutningi þorpsins.

Á fundi Ofanflóðanefndar 15. apríl 1998 var erindi Súðavíkurhrepps tekið fyrir.³⁰¹ Fram kemur í fundargerð Ofanflóðanefndar að nefndin hefði áður með bréfi til Súðavíkurhrepps þann 20. nóvember 1996 lýst sig tilbúna að skoða mögulega aðkomu sjóðsins vegna lögfræðikostnaðar og óskað eftir frekari upplýsingum vegna þess, en þær upplýsingar hefðu ekki borist nefndinni. Þá samþykkti nefndin að skoða hvort hugsanlegur söluhagnaður þeirra húsa sem seld yrðu í gömlu Súðavík fengi að renna í heild eða að hluta til sveitarfélagsins vegna rekstrarkostnaðar þeirra.

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar mun hafa verið einhugur um það innan ráðuneyta að mæta því sem fram kæmi í beiðni Súðavíkurhrepps. Samkvæmt minnisblaði umhverfisráðuneytisins 5. nóvember 1998 sem ber yfirheitið „Súðavík, tillaga að uppgjöri vegna fasteigna sem keyptar hafa verið með stuðningi ofanflóðasjóðs“ var heildarkostnaður við uppkaup og flutning byggðarinnar á þeim tímapunkti 520 milljónir króna og af því var

298. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 1.9.2025.

299. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

300. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

301. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 1.9.2025.

hlutur Súðavíkurhrepps 52 milljónir króna.³⁰² Samkvæmt uppgjöri í október 1998 stóðu þá eftir um 5% af heildaruppkauþum, eða 26 milljónir króna. Keyptar höfðu verið 55 fasteignir með stuðningi sjóðsins og af þeim höfðu níu eignir verið fluttar en 23 fasteignir seldar til sumarnotkunar. Eftir stóðu aðrar 23 fasteignir sem Súðavíkurhreppur hugðist reyna að selja til sumarnotkunar. Talið var að heildarsöluandvirði seldra og óseldra eigna gæti numið 17 milljónum króna. Fram kom að talsverður kostnaður hefði fallið á Súðavíkurhrepp vegna þeirra eigna sem sveitarfélagið hafði eignast, auk þess sem sveitarfélagið hefði krafist þess að kostnaður vegna lögfræðiráðgjafar yrði greiddur úr ofanflóðasjóði. Lagt var til að uppgjörinu yrði lokið með þeim hætti að söluandvirði allra eigna myndi renna til Súðavíkurhrepps og að hreppnum yrðu afhentar allar eignir til ráðstöfunar sem eftir stæðu óseldar. Í minnisblaði umhverfisráðuneytisins 16. nóvember 1998 var sömuleiðis lagt til að söluandvirði fasteigna sem Súðavíkurhreppur hefði eignast með aðstoð sjóðsins rynnðu óskipt til hreppsins upp í þegar áfallinn kostnað og til að mæta kostnaði hreppsins við frágang opinna svæða.³⁰³ Þá var lagt til að ofanflóðasjóður myndi styrkja framkvæmdir vegna vatnsvarna og við frágang skipulagsgagna. Loks var lagt til að hreppnum yrði veitt nýtt lán úr ofanflóðasjóði sem næmi kostnaðarhlut sveitarfélagsins vegna flutnings byggðarinnar að viðbættum vöxtum af því láni sem veitt hafði verið í janúar 1997.

Í minnisblaði fjármálaráðuneytisins 17. nóvember 1998 kom fram að fundir hefðu farið fram með fulltrúum Súðavíkurhrepps í því skyni að ganga frá uppgjöri og lokagreiðslum ríkissjóðs og ofanflóðasjóðs vegna snjóflóðsins.³⁰⁴ Í minnisblaðinu kom fram að gert væri ráð fyrir að Súðavíkurhreppur fengi söluandvirði fasteigna til ráðstöfunar á móti kröfum um greiðslur vegna frágangs opinna svæða, vatnsvarna o.fl. Með því myndi afskiptum ofanflóðasjóðs af uppbyggingu í Súðavík ljúka. Í minnisblaði umhverfisráðuneytis, dagsettu 19. nóvember 1998, var enn fremur lagt til að ríkissjóður og ofanflóðasjóður kæmu að því að greiða fyrir útgjöld sem beint eða óbeint tengdust uppkauþum og flutningi íbúðabyggðar „án þess að vafasamt fordæmi [skapaðist]“.³⁰⁵ Lagt var til að söluandvirði uppkeypra fasteigna rynni til Súðavíkurhrepps á móti ýmsum kostnaði vegna rekstrar og lögfræðiþóknunar og frágang opinna svæða. Þá var lagt til að ofanflóðasjóður styrkti hreppinn vegna framkvæmda við vatnsvarnir og frágang skipulagsgagna, auk þess sem fallist yrði á beiðni hreppsins um skuldbreytingu láns vegna 10% kostnaðarhlutdeildar hreppsins í uppkauþum. Lagt var til að ráðuneytisstjórahópnum yrði falið að ganga frá samkomulagi við Súðavíkurhrepp um uppgjörið og að um væri að ræða lokauppgjör.

Á fundi Ofanflóðanefndar 24. nóvember 1998 kom fram að ennþá ætti eftir að undirrita fjóra kaupsamninga vegna uppkauþa í Súðavík og var verkefnisstjóra falið að ganga á eftir frágangi þess við Súðavíkurhrepp.³⁰⁶ Fjallað var um lokauppgjör vegna flutnings byggðar í Súðavík og aftur lagt til að söluandvirði uppkeypra fasteigna gengi til Súðavíkurhrepps á móti kostnaði, auk þess sem lagt var til að eldra láni sem hafði verið veitt Súðavíkurhreppi fyrir 10% kostnaðarhlutdeild sveitarfélagsins yrði skuldbreytt þannig að ógreiddir vextir myndu bæstast við höfuðstólinn. Ofanflóðanefnd tók vel í þær hugmyndir.

Í skjali, dagsettu 4. desember 1998, með yfirskriftinni „Lokauppgjör Súðavíkurhrepps við ofanflóðasjóð og ríkissjóð vegna snjóflóðsins í Súðavík“ kemur fram að þær fjárhæðir sem fram hefðu komið í greinargerð hreppsins hefðu verið yfirfarnar og niðurstaðan væri sú að eftir stæðu 38 milljónir króna.³⁰⁷ Lagt var til að ríkissjóður og ofanflóðasjóður myndu greiða eftirstöðvarnar, auk þess sem söluandvirði keypra fasteigna myndi renna óskipt til Súðavíkurhrepps. Þá var lagt til að ofanflóðasjóður styrkti Súðavíkurhrepp vegna framkvæmda við vatnsvarnir og frágang skipulagsgagna, enda væri unnt að líta svo á að kostnaðurinn tengdist flutningi íbúabyggðarinnar. Að endingu var lagt til að fallist yrði á beiðni hreppsins um skuldbreytingu láns frá ofanflóðasjóði fyrir 10% hlut hreppsins og talið að endurgreiðslureglur samkvæmt nýjum lögum nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum

302. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

303. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

304. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

305. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

306. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 1.9.2025.

307. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 20.8.2025.

og skriðuföllum, fælu í sér að hreppurinn myndi að endingu einungis endurgreiða um 20% af láninu.³⁰⁸ Loks kom fram á ný að ofanflóðasjóður myndi ekki taka þátt í uppkaupum á atvinnuhúsnæði í Súðavík.

Á þessum tíma gætti enn óánægju meðal íbúa Súðavíkur í nýju byggðinni þar sem þjónusta íbúa var staðsett í gömlu byggðinni. Af því leiddi að íbúar þurftu að sækja bæði þjónustu og atvinnu yfir á hættusvæði.³⁰⁹ Þann 4. mars 1999 samþykkti þáverandi ríkisstjórn eftirfarandi í því skyni að mæta þeirri stöðu:

„Óheppilegt er að hafa þorpið tvískipt eins og nú er og því er nauðsynlegt að koma þjónustunni í nýju byggðina. Heimamenn, t.d. sveitarfélagið, Sparisjóðurinn o.fl., ráða hins vegar ekki einir við þessa framkvæmd. Lauslegar áætlanir m.v. þær forsendur, sem lagðar hafa verið til grundvallar, benda til þess að framkvæmdin kosti 80–100 milljónir króna. Nauðsynlegt er að kanna viðaminni útfærslu og fjármögnunarmöguleika en þjónustumiðstöð mun ekki rísa nema með aðstoð ríkisins. Ofanflóðasjóður mun ekki sinna þessu verkefni.

Lagt er til að hreppsnefndinni verði veitt aðstoð við gerð áætlana um væntanlega þjónustumiðstöð.

Ennfremur er lagt til að ríkissjóður taki þátt í framkvæmdinni en nánari ákvörðun um hlut ríkisins verði tekin þegar áætlun liggur fyrir og í tengslum við gerð fjárlaga fyrir þetta ár og fjárlaga fyrir næsta ár. Í þessu samhengi verði einnig leitast við að greiða úr vandkvæðum einstaklinga í atvinnurekstri eftir því sem unnt er.³¹⁰

Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar 4. mars 1999 var ákveðið að kalla eftir tillögu sem hefði það að markmiði að finna leið til að flytja daglega þjónustu af hættusvæði í gömlu Súðavík yfir í nýja þorpið. Endanlegar tillögur í þeim efnum lágu fyrir 18. ágúst 1999 þar sem lagt var til að byggt yrði 790 m² samnýtingarhús þangað sem tilgreind stjórnslá og þjónustustarfsemi yrði flutt.³¹¹ Hafist var handa við byggingu hússins sumarið 2000.³¹² Í greinargerð sveitarstjóra Súðavíkur frá 5. mars 2002 er framkvæmdin sögð hafa verið fjármögnuð að 90% hluta úr ríkissjóði og framkvæmdin sögð „sérstök aðgerð í lokauppgjóri margra aðila við ríkissjóð til þess að slá striki undir bætur og peningaleg samskipti ríkisins og aðila í heimabyggð vegna náttúruhamfaranna“.³¹³

Með fjórum bréfum sem dagsett eru 6. júní 2002 og sögð endurskoðuð 9. nóvember 2002 bárust umhverfisráðuneytinu erindi frá Súðavíkurhreppi þar sem fjallað var um uppgjör vegna uppgræðslu byggðar, lán vegna kostnaðarhlut hreppsins og lokauppgjör vegna uppkaupa og flutnings fasteigna í Súðavík.³¹⁴ Bréfin voru lögð fram á fundi Ofanflóðanefndar 20. nóvember 2002.³¹⁵ Í bréfi um lokauppgjör vegna uppkaupa og flutnings húsa í Súðavík kom fram að heildarfjárhæð uppkaupa og bóta á tímabilinu hafi verið 517.832.789 krónur. Þar af hefði 90% hlutur ofanflóðasjóðs numið 466.839.568 krónum en 10% hlutur Súðavíkurhrepps næmi 50.993.221 krónu.³¹⁶ Sjóðurinn hefði áður greitt 40.000.000 króna af hlut hreppsins í uppkaupum fasteigna. Í einu bréfanna var fjallað um lán Súðavíkurhrepps vegna 10% kostnaðarhlut hreppsins, sem fram kom í bréfinu að næmi 63.206.420 krónum að viðbættum vöxtum frá 6. júní 2002 til útgáfu skuldabréfsins.³¹⁷ Meðfylgjandi bréfi vegna lokauppgjör var yfirlit yfir eignir í Súðavík sem keyptar voru og fluttar, ásamt yfirliti yfir mismunabætur. Af því má ráða að ofanflóðasjóður hafi greitt styrki vegna uppkaupa og flutnings 55 fasteigna í Súðavík.

308. Nánar er fjallað um aðdraganda og setningu nýrra ofanflóðalaga árið 1997 í kafla 6.5 hér á eftir.

309. Skjalasafn forsætisráðuneytisins. Gögn afhent 4.9.2025.

310. Skjalasafn forsætisráðuneytisins. Gögn afhent 4.9.2025.

311. Skjalasafn forsætisráðuneytisins. Gögn afhent 4.9.2025.

312. [Bæjarins besta – 27. tölublað \(05.07.2000\) – Tímarit.is](#)

313. Skjalasafn forsætisráðuneytisins. Gögn afhent 4.9.2025.

314. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 27.6.2025.

315. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 1.9.2025.

316. Tölur og útreikningar hér koma svona fram í viðkomandi heimild, þ.e. bréfi þáverandi sveitarstjóra varðandi lokauppgjórið.

317. Samkvæmt skýrslu Ofanflóðanefnda 1996–2000 greiddi ofanflóðasjóður alls 556 milljónir króna vegna uppkaupa í Súðavík, en telja verður að fjárhæðin taki mið af greiðslum vegna annars óbættis kostnaðar sem var sagður tengjast flutningi byggðarinnar og rekstri húsa í gömlu byggðinni sem voru komin í eigu hreppsins í framhaldi af uppkaupum. Sjá nánar skýrslu Ofanflóðanefndar (13): [ofanflodanefnd 1996-2000 II.pdf](#)

Uppkaupum á fasteignum í „gömlu Súðavík“ mun hafa lokið í nóvember 2002 þegar gengið var frá kaupsamningum vegna tveggja síðustu húsanna í gömlu Súðavík.³¹⁸ Skilagrein þess efnis var lögð fram af hálfu verkefnisstjóra á fundi Ofanflóðanefndar 20. nóvember 2002.³¹⁹ Uppgjör vegna húsanna mun hafa dregist vegna ágreinings um uppkaupsverð húsanna.³²⁰ Þá samþykkti Ofanflóðanefnd yfirfarið uppgjör vegna flutnings byggðar í Súðavík og vegna uppgræðslu og frágangs byggðarinnar. Með því lauk flutningi byggðarinnar í Súðavík með stuðningi ofanflóðasjóðs.³²¹

Tímarammi greiðslna ofanflóðasjóðs vegna flutnings byggðar í Súðavík samkvæmt fundargerðum Ofanflóðanefndar:

- 29. ágúst 1996: ofanflóðasjóður hafði greitt 243 milljónir króna eða 53% af áætluðum heildarkostnaði.
- 20. nóvember 1996: ofanflóðasjóður hafði greitt 317 milljónir króna eða 68,7% af áætluðum heildarkostnaði.
- 18. desember 1996: ofanflóðasjóður hafði greitt 333 milljónir króna eða 72% af áætluðum heildarkostnaði.
- 19. febrúar 1997: ofanflóðasjóður hafði greitt 346 milljónir króna eða 75% af áætluðum heildarkostnaði.
- 13. mars 1997: ofanflóðasjóður hafði greitt 363 milljónir króna eða 79% af áætluðum heildarkostnaði.
- 14. apríl 1997: ofanflóðasjóður hafði greitt 369 milljónir króna eða 80% af áætluðum heildarkostnaði.
- 14. janúar 1998: ofanflóðasjóður hafði greitt 429 milljónir króna eða 90% af áætluðum heildarkostnaði.
- Í október 1998 stóðu eftir um 5% af heildaruppkaupum eða 26 milljónir króna.

Samkvæmt fundargerð Ofanflóðanefndar 14. janúar 1998 var staðan sú að þá átti eftir að ganga frá uppkaupum sex fasteigna í Súðavík og talið að endanlegt uppgjör myndi dragast fram eftir árinu 1998.

Nóvember 2002: Gengið frá samningum vegna síðustu tveggja húsanna í Súðavík.

Eigendur atvinnuhúsnæðis á rauðu hættusvæði í gömlu Súðavík gerðu áfram tilraunir til að óska eftir því við ofanflóðasjóð að sjóðurinn keypti upp þær eignir, en til vara að sjóðurinn greiddi bætur vegna verðfalls á eignum og kostnað við nauðsynlegan flutning á atvinnurekstri.³²² Þessum umleitunum var hafnað af hálfu ofanflóðasjóðs með vísan til þess að umhverfisráðuneytið hefði ákveðið fyrst um sinn að styrkja einungis verkefni sveitarfélaga í því skyni að tryggja öryggi fólks í eigin híbýlum gagnvart ofanflóðahættu.³²³ Öryggi fólks í atvinnuhúsnæði yrði tryggt með öðrum leiðum, svo sem eftirliti og rýmingu. Af hálfu ráðuneytisins hafði einnig komið fram að Ofanflóðanefnd hefði lögum samkvæmt heimild til að styrkja sveitarfélög til að kaupa upp íbúðarhúsnæði í því skyni að tryggja öryggi á hættusvæðum, en sú heimild næði ekki til atvinnuhúsnæðis.

6.4.9. Nýting húsa í gömlu byggðinni í Súðavík 1995–2025

Líkt og fram hefur komið voru fasteignir í „gömlu Súðavík“ keyptar upp með stuðningi ofanflóðasjóðs til niðurrifs. Með sérstakri heimild umhverfisráðuneytisins var sveitarfélaginu Súðavík heimilt að selja hús til orlofsdvalar, m.a. með því skilyrði að dvöl í húsunum yrði óheimil á tímabilinu 1. nóvember til 30. apríl ár hvert og að ákvöð þess efnis væri þinglýst á eignirnar.

Meðal gagna rannsóknarnefndar er erindi eiganda fasteignar í gömlu Súðavík til umhverfisráðuneytisins 13. mars 2007. Í erindinu óskaði viðkomandi eftir upplýsingum um það hvort hún bryti lög með því að dvelja í sumarhúsi sem hún ætti í Súðavík og væri á snjóflóðahættusvæði á þeim tíma í nóvember til maí hvert ár þegar óheimilt væri að vera í húsina samkvæmt kaupsamningi.³²⁴ Í bréfinu gerði sendandinn ýmsar athugasemdir

318. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 27.6.2025 og 1.9.2025.

319. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 1.9.2025.

320. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 1.9.2025.

321. [Skýrsla ofanflóðasjóðs 2002–2008](#), (20).

322. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 27.6.2025.

323. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 27.6.2025

324. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 27.6.2025.

við kvöðina í kaupsamningi vegna hússins og kvaðst telja engar reglur né lög sem gætu bannað henni dvöl í sínu eigin húsi þegar hún vildi.

Erindinu var svarað af hálfu umhverfisráðuneytisins 18. maí 2007.³²⁵ Í bréfinu var áréttuð sú meginregla í íslenskum rétti að samninga bæri að virða og að unnt væri að knýja á um slíkt með aðstoð sýslumanns eða lögreglu, eftir atvikum. Takmörkuð notkun húsa ætti sér stoð í 11. gr. laga nr. 49/1997, þar sem fram kæmi að nýting eigna sem keyptar væru á hættusvæðum væru háðar samþykki ráðherra. Tiltekið var að þegar eignir á hættusvæði í Súðavík hefðu verið seldar hafi verið tekið skýrt fram í samningum að einungis væru heimiluð takmörkuð not á fasteignunum og að þeim takmörkunum á nýtingu skyldi þinglýst á eignirnar. Í niðurlagi bréfsins kom fram að það væri von ráðuneytisins að sátt væri um að virða þá samninga sem gerðir höfðu verið.

Meðal gagna rannsóknarnefndar eru enn fremur nokkur bréf sýslumannsins á Ísafirði árin 1998 og 1999 til tilgreindra íbúa í Hnífsdal, þar sem greina má að íbúar hafi ýmist dvalið eða farið fram á það við sýslumann að fá að dvelja í uppkeyptu húsnæði í Hnífsdal á tímum þegar dvöl í uppkeyptum húsum var óheimil samkvæmt framangreindu.³²⁶ Vert er að geta þess að húsnæði í Hnífsdal var keypt upp með aðstoð ofanflóðasjóðs og það selt áfram, þar á meðal í einhverjum tilvikum til fyrri eigenda, með sambærilegri kvöð og fasteignir í gömlu Súðavík.

Með erindum sýslumanns voru viðkomandi eigendur fasteigna í Hnífsdal minntir á þinglýstar kvaðir í kaupsamningum um að óheimilt væri að dvelja í húsunum á tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl ár hvert. Íbúum var jafnframt gert skylt að yfirgefa umrædd hús þá þegar. Minnt var á að fasteignirnar hefðu verið keyptar upp í því skyni að koma í veg fyrir að íbúar byggju við snjóflóðahættu og því ættu viðbragðsaðilar ekki að þurfa að hafa uppi viðbúnað vegna byggðar, sem nú væri búið að leggja niður. Minnt var á að verð þessara fasteigna hefði verið lágt í endursölu í ljósi þess að nýting þeirra skyldi vera takmörkuð. Í einu slíku bréfi sýslumannsins 6. apríl 1999 vakti sýslumaður athygli á því að ákvæði um takmarkaða nýtingu þessara fasteigna væru „sett af umhverfisráðuneytinu en ekki sýslumanni. Ef þau [væru] brotin [væri] það væntanlega vegna þess að ekki [lægju] nein viðurlög við slíkum brotum“.³²⁷

Í upphafi árs 1999 leitaði einn fasteignareigandi í Hnífsdal til umboðsmanns Alþingis og bar m.a. fram kvörtun vegna þeirrar ákvörðunar sýslumannsins á Ísafirði um að synja honum um heimild til að dvelja í íbúðarhúsi sínu í Hnífsdal utan leyfilegs dvalartíma. Með annarri kvörtun til umboðsmanns sama ár kvartaði viðkomandi fasteignareigandi m.a. yfir þeirri ákvörðun lögreglustjóra að boða hann til yfirheyrslu til lögreglunnar á Ísafirði vegna gruns um að hún dveldi ásamt fjölskyldu sinni í húsnæði utan leyfilegs dvalartíma samkvæmt kaupsamningi.

Með álitu sínu frá 24. október 2000 komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að synjun sýslumanns á beiðni um undanþágu frá almennu dvalarskilyrði kaupsamningsins hefði ekki verið byggð á lögætum grundvelli. Að álitu umboðsmanns hefði sýslumaðurinn á Ísafirði gengið lengra en honum var heimilt þegar hann tók alfarið fyrir að undanþágur yrðu veittar til rýmkunar á almennu dvalarskilyrði umhverfisráðuneytisins sem fram kæmi í kaupsamningi. Þá komst umboðsmaður einnig að þeirri niðurstöðu að sú ákvörðun sýslumanns að láta viðkomandi fasteignareiganda sæta yfirheyrslu vegna dvalar í húsinu utan leyfilegs tíma hefði ekki átt sér stoð í lögum. Sú niðurstaða var rökstudd svo:

„Áður er rakið að tilgangur yfirheyrslunnar 1. mars 1999 hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Ísafirði var að spyrja A um það hvort hún og fjölskylda hennar hefðu dvalið í húsinu að X á tímabilinu 1. nóvember 1998 til 30. apríl 1999. Það er viðurkennt af hálfu sýslumannsins á Ísafirði að A lá ekki undir grun um að hafa framið refsivert brot þegar hún var yfirheyrð á skrifstofu hans 1. mars 1999. Kemur þetta raunar skýrt fram í upphafi upplýsingaskýrslu lögreglufulltrúa sem rituð var í tilefni yfirheyrslunnar. Samkvæmt þessu gat sýslumaðurinn á Ísafirði ekki byggt á heimild 1. mgr. 69. gr. laga nr. 19/1991 til þess að taka skýrslutöku

325. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 27.6.2025.

326. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 19.8.2025.

327. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 19.8.2025.

af A á lögreglustöðinni 1. mars 1999. Þá verður ekki séð að öðru leyti að ákvæði laga nr. 49/1997, laga nr. 94/1962, eða annarra laga hafi veitt sýslumanni sjálfstæða heimild til þess að láta A sæta opinberri yfirheyrslu eins og atvikum var háttað í þessu máli.³²⁸

Eigendur uppkeyptrra fasteigna í gömlu byggðinni í Súðavík munu einnig hafa borið sig eftir því að fá heimild til að dvelja í húsunum utan leyfilegs dvalartíma. Þann 3. janúar 2000 sendi sveitarstjóri Súðavíkurhrepps erindi til ofanflóðasjóðs þar sem fjallað var um dvöl í húsum í gömlu byggðinni í Súðavík.³²⁹ Í bréfinu kom fram að flestar eignir í Súðavík hefðu þá verið seldar til sumardvalar og að kvöð væri í kaupsamningum vegna þeirra um að dvöl í húsunum væri óheimil á tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl ár hvert. Frávik frá því væru háð ákvörðun lögreglustjóra að undangengnu samráði við almannavarnanefnd staðarins og Veðurstofu Íslands. Sveitarstjóri gerði grein fyrir því í bréfinu að borið hefði á því í Súðavík að fólk sem hefði keypt hús til frístundadvalar hefði óskað eftir því að fá að dvelja í húsunum um „helgi eða fáa daga í senn“ í nóvember- eða aprílmánuði. Í þeim tilvikum hefði þurft að kalla saman almannavarnanefnd í Súðavík og hafa samráð við Veðurstofu Íslands líkt og áskilið væri í kvöð kaupsamninga. Sveitarstjóri kvað ferlið óþjálmt að þessu leyti, kallaði eftir því að ráðuneytið breytti reglum sínum og lagði til svofellda breytingu á þeim:

„Dvöl í húsunum er óheimil á tímabilinu 1. nóvember til 30. apríl. Frávik frá þessu, hvort sem eru til rýmkunar eða þrengingar, skulu í einstaka tilvikum, eftir aðstæðum ákveðin af lögreglustjóra í samráði við almannavarnanefnd staðarins og Veðurstofu Íslands. Þó er heimilt, í nóvembermánuði og aprílmánuði að heimila dvöl í húsunum í takmarkaðan tíma, að höfðu samráði við Veðurstofu Íslands, ef bæði lögreglustjóri og formaður almannavarnanefndar svæðisins fallast á það með samráði og þá þarf ekki að kalla til almannavarnanefnd.“³³⁰

Í niðurlagi bréfsins tiltók sveitarstjóri Súðavíkur að þágildandi framkvæmd varðandi afgreiðslu undantekninga frá takmörkunum á dvöl í húsunum væri þung í vöfum og þess farið á leit að ráðuneytið breytti reglunum. Fram kom að bæði hreppsnefnd og almannavarnanefnd Súðavíkur hefðu samþykkt að óska eftir því við stjórn Ofanflóðanefndar að breytingar yrðu gerðar á reglunum.

Þessu erindi var svarað af hálfu umhverfisráðuneytisins með bréfi 27. janúar 2000 þar sem fram kom að ráðuneytið teldi, að fenginni umsógn Ofanflóðanefndar, að öryggi fólks væri betur tryggt með því fyrirkomulagi sem verið hafði.³³¹ Þá væri „liðlega tveggja ára reynslutími“ of stuttur tími til að ráðast í breytingar á reglunum varðandi nýtingu húsa á hættusvæði. Afrit af bréfinu var sent veðurstofustjóra og sýslumanninum á Ísafirði.

Meðal gagna rannsóknarnefndar er bréf Súðavíkurhrepps til Veðurstofu Íslands 18. apríl 2000 þar sem fram kemur að borið hefði á því að „sérfræðingar Veðurstofunnar á snjóflóðavakt [hefðu] færst undan því að taka skýra ákvörðun um rýmingu í gömlu byggðinni“ í Súðavík.³³² Fram kom að þess væru dæmi að starfsmenn Veðurstofunnar hefðu einungis beint þeim „tilmælum“ til formanns almannavarnanefndar eða almannavarnanefndar að þau „hlutist til um“ að íbúar yfirgæfu hús sín í gömlu byggðinni. Í bréfinu var það áréttað að gamla byggðin væri á snjóflóðahættusvæði og þótt meiri hluti byggðarinnar hefði verið fluttur um set væri atvinnu-, þjónustu- og tómsundahúsnæði ennþá til staðar í gömlu byggðinni sem ofanflóðasjóður hefði hafnað að kaupa upp. Af þessum sökum myndi fólk enn dveljast í gömlu byggðinni vegna atvinnu og áhugamála. Því væri mikilvægt að starfsmenn snjóflóðavaktar Veðurstofu Íslands væru meðvitaðir um stöðu mála. Samkvæmt lögnum kæmi það í hlut Veðurstofu Íslands að taka ákvörðun um rýmingu á snjóflóðahættusvæðum, þótt „almannavarnanefndir og lögreglustjóri gætu einnig tekið slíka ákvörðun“. Þess var óskað að Veðurstofan léti af því að beina tilmælum um rýmingu og tæki þess í stað skýra ákvörðun um rýmingu í gömlu byggðinni og meðhöndlaði svæðið

328. Álit umboðsmanns Alþingis 24. október 2000 í málum nr. 2639/1999 og 2710/1999.

329. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 19.8.2025.

330. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 19.8.2025.

331. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 19.8.2025 og 1.9.2025.

332. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 19.8.2025.

líkt og önnur þéttbýli sem væru í snjóflóðahættu. Afrit bréfsins var sent á lögreglustjóranum á Ísafirði og formann ofanflóðasjóðs. Ekki liggur fyrir hvort erindinu hafi verið svarað af hálfu Veðurstofu Íslands.

6.5. Viðbrögð stjórnvalda, einkum breytingar á lögum, reglum og skipulagi stjórnsýslu

Eins og fram hefur komið fyrir í skýrslunni hafði á síðustu árunum fyrir snjóflóðið í Súðavík 16. janúar 1995 verið unnið að endurskoðun á bæði gildandi reglugerð um hættumat vegna snjóflóða, þ.e. reglugerð nr. 347/1988, og tilteknum ákvæðum laga nr. 28/1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (hér eftir jafnan: ofanflóðalög(in) 1985).³³³ Í umfjöllun um þetta hefur m.a. komið fram um endurskoðun reglugerðarinnar að fyrir lágu nær fullgerð drög að nýrri reglugerð eftir vinnu að því árin á undan og að m.a. var fyrirhuguð sú grundvallarbreyting, sem nefnd var svo í gögnum frá þeim tíma, að reglugerðin kvæði eftir ráðgerðar breytingar á um tvö hættusvæði, rautt og gult, í stað eins hættusvæðis áður. Varðandi ráðgerðar lagabreytingar lá fyrir í lok desember 1994 stjórnarfrumvarp til breytinga á ofanflóðalögunum 1985 sem einkum beindist að því að breyta ákvæðum laganna varðandi snjóeftirlit og hækka kostnaðarhlutdeild ofanflóðasjóðs vegna snjóflóðavarna úr 80% í 90%.

Eftir að snjóflóðið féll í Súðavík skömmu síðar er ljóst af gögnum nefndarinnar, og kom raunar einnig fram í opinberri umfjöllun á þessum tíma, að sammæli hafi verið um að endurskoða þyrfti lög og reglur á þessu sviði. Var þá m.a. tekinn upp þráðurinn með ofangreind reglugerðardrög og lagafrumvarp sem og ræddar og framkvæmdar í framhaldinu enn frekari breytingar á regluverki þessa málaflokks. Ef horft er til tímans fyrst eftir snjóflóðið liggja fyrir gögn um viðbrögð og umræðu í stjórnkerfinu í kjölfar þess sem varpa ljósi á helstu atriði sem ljóst taldist þegar á því stigi að þyrfti að endurskoða eða breyta. Eðli máls samkvæmt fór sú umræða fram í samhengi við gildandi reglur og framkvæmd á þessu sviði fram til þessa tíma. Má því telja þær upplýsingar þar með hafa þýðingu með tilliti til fyrri umfjöllunar í skýrslunni um hið sama. Í kaflanum er gerð grein fyrir upplýsingum um þetta.

Í umfjöllun í þessum kafla er annars einkum farið yfir meginatriði um breytingar sem gerðar voru á lögum og reglum á þessu málefnaviði eftir snjóflóðin 1995, þ.e. á næstu árum eftir það. Í þeirri umfjöllun felst um leið yfirlit um breytingar á skipulagi stjórnsýslu á þessu sviði sem eðli máls samkvæmt leiddi fyrst og fremst af þessum lagabreytingum á hverjum tíma. Eftir snjóflóðin í Súðavík í janúar 1995 var ofanflóðalögunum frá 1985 breytt nokkrum sinnum á árunum 1995 og 1996 allt þar til ný heildarlög tóku gildi í maí 1997, þ.e. lög nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Þau lög eru enn í gildi, með síðari breytingum, við skil þessarar skýrslu. Vikið er að breytingum á annarri löggjöf þar sem það getur talist beint eða óbeint varða viðfangsefni skýrslunnar.

Í umfjölluninni er reynt að fylgja tímaröð í grófum dráttum líkt og víðast annars staðar í skýrslunni. Vert er að fram komi að umfjöllun hér tekur til meginatriða varðandi helstu áfanga sem hér má telja hafa þýðingu eða sérstaklega vert að víkja að í ljósi annarra viðfangsefna í skýrslunni. Hana má því ekki að skoða sem tæmandi, eða sem viðleitni í þá átt, um það starf sem fram fór við endurskoðun laga, reglna eða framkvæmdar á þessu sviði eftir snjóflóðið í Súðavík í ársbyrjun 1995 og síðar snjóflóðið á Flateyri í lok október sama ár.

Helstu gögn sem stuðst er við eru fundargerðir Ofanflóðanefndar á árinu 1995 til starfsloka hennar í janúar 1996 og tengd gögn Ofanflóðanefndar og Almannavarna ríkisins sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni.³³⁴ Einnig er hér um að ræða gögn frá Veðurstofu Íslands.

333. Sjá nánar um þau efni umfjöllun í köflum 4.7 og 4.8 hér á undan.

334. Fyrir í skýrslunni hefur komið fram tilvísun til fundargerða Ofanflóðanefndar í gögnum Þjóðskjalasafnsins og má hér minna á það varðandi þau gögn. Vísað er til annarra gagna sem stuðst er við í kaflanum á sama hátt og annars staðar í skýrslunni.

Varðandi lagafrumvörp og önnur gögn um þinglega meðferð lagafrumvarpa er eins og iðulega í skýrslunni stuðst við gögn sem eru aðgengileg opinberlega á vefsvæði Alþingis og þá vísað til þeirra með viðeigandi tenglum hverju sinni.

6.5.1. Umræða stjórnvalda fyrst eftir snjóflóðið um stöðu og breytingar regluverks í snjóflóðamálum

Umræða um að endurskoða þyrfti hættumat vegna snjóflóða og forsendur við gerð þess má segja að hafi hafist strax sama dag og snjóflóðið í Súðavík féll, þ.e. 16. janúar 1995, og þá um leið hvaða ástæður menn teldu helst vera fyrir því. Sem dæmi þess má nefna að í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins þann dag var m.a. rætt við Magnús Má Magnússon hjá Veðurstofu Íslands um snjóflóðið og aðdraganda þess og kom þá einnig fram hjá honum að nú „yrði að taka allt hættumat vegna snjóflóða til endurskoðunar“.³³⁵ Með fréttinni birtist viðtal við Magnús Má þar sem fram komu m.a. þau ummæli sem vitnað er til hér til hliðar.

Magnús Már var einnig í viðtali í myndveri Stöðvar 2 í kvöldfréttum sama kvöld. Þar komu fram á móta sjónarmið frá honum og rakin hafa verið. Í viðtalinu kom nánar fram, varðandi þá forsendu að miða hættumörk vegna snjóflóða við mestu skriðlengd flóðs sem þekkt væri á viðkomandi stað, að farið væri að koma betur í ljós að „þetta [væri] rangt“ og ekki væri hægt að gefa sér þessa forsendu, þetta væru „bara 3 skipti núna síðustu 9 mánuði sem þetta hefur verið keyrt um koll“. Síðar í viðtalinu kom nánar fram að með þessum þremur skiptum sem Magnús Már vísaði þarna til væri auk snjóflóðsins í Súðavík þennan dag annars vegar átt við snjóflóðið úr Traðargili í Súðavík um einum mánuði fyrir, 18. desember 1994, og hins vegar snjóflóðið í Tungu- og Seljalandsdal í byrjun apríl 1994.

Í Ríkissjónvarpinu síðar þetta sama kvöld birtist einnig viðtal við Magnús Má þar sem hann var m.a. spurður um hvort ekki hefði verið „hægt að sjá þetta [þ.e. snjóflóðið] fyrir“ en vitnað er til svars hans við því hér til hliðar. Magnús Már áréttaði síðar í viðtalinu einnig að áður nefnd forsenda um að stemma útreikninga af og miða hættumörk við þekkt snjóflóð „einfaldlega [stæðist] ekki“, svo sem komið hefði „áþreifanlega í ljós frá því í apríl í fyrra“.

Í kvöldfréttum Stöðvar 2 sama kvöld var m.a. rætt við Guðjón Petersen framkvæmdastjóra Almannafráttarinnar í beinni útsendingu í myndveri.³³⁶ Hann var þá spurður hvort menn hafi „átt von á jafn slæmum atburði og gerðist í morgun“. Guðjón svaraði því neitandi og tók fram að snjóflóðið hefði farið „langt út fyrir það svæði sem var búið að meta sem hættusvæði áður í Súðavík“. Hann var einnig spurður hvort ekki þyrfti að endurskoða „allar snjóflóðavarnir og snjóflóðahættur“ á snjóflóðahættusvæðum í ljósi þess að flóð hefðu fallið á svæði sem ekki hefðu verið talin hættusvæði. Guðjón svaraði því játandi og taldi það tvímælaust og vísaði þar, ásamt snjóflóðinu í Súðavík, til snjóflóðanna í apríl 1994 í Tungu- og Seljalandsdal. Guðjón svaraði einnig spurningu fréttamanns um hvort eitthvað hefði breyst frá náttúrunnar hendi sem gerði að verkum að snjóflóð væru að falla á svæðum sem ekki hefði verið gert ráð fyrir að snjóflóðahætta væri á og kom þá fram hjá honum að hann teldi að snjóflóðasagan sem til væri á mörgum svæðum væri mjög stutt.

Daginn eftir snjóflóðið, 17. janúar 1995, var í umfjöllun Morgunblaðsins um snjóflóðið m.a. birt frétt ásamt viðtali við Magnús Má Magnússon með fyrir sögninni „Mörk hættusvæða þarf að endurskoða“.³³⁷ Í inngangi fréttarinnar kom fram að hann segði að taka þyrfti mörk hættusvæða vegna snjóflóða til endurskoðunar, þar sem flóðið í Súðavík hefði farið út fyrir mörk skilgreinds hættusvæðis þar. Í fréttinni var svo m.a. rætt við Magnús um mikla skriðlengd flóðsins og skýringar þess þar sem m.a. var haft eftir honum að snjóflóðun hefði verið mjög mikil og hröð, viðloðun í snjónum verið nokkur og hann því hlaðist mikið upp áður en flóðið fór af stað. Uppsöfnunin hefði ekki tekið lengri tíma en sólarhring og jafnvel aðeins frá því kvöldið áður en flóðið féll. Með vísan til þess að flóðið hefði farið út fyrir skilgreint hættusvæði hefði „ekki komið til að tæma þau hús sem urðu fyrir flóðinu“ og „[a]ðeins lítill hluti þessara húsa hefði verið innan marka skilgreinds hættusvæðis“.

335. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannafráttarinnar ríkisins 2010. D-45 (24-25). Varðandi fréttir fjölmiðla hér og síðar í þessum kafla er jafnan stuðst við ljósvakahandrit Fjölmiðlavaktarinnar af fréttum fjölmiðla sem voru meðal gagna Almannafráttarinnar ríkisins á Þjóðskjalasafni.

336. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannafráttarinnar ríkisins 2010. D-45 (41-42).

337. [Morgunblaðið – 17. janúar 1995 – Tímarit.is](#)

„Við þurfum að gera það, það þarf að athuga öll hættumöt á landinu. Það sem við erum búnir að gera er að þegar hættumat hefur verið gert fyrir þessa staði, þá hefur verið miðað við úthlaup einhvers þekkt snjóflóðs sem þýðir það að við erum búnir að taka þá ákvörðun að þetta sé mesta hugsanlega skriðlengd sem við getum ímyndað okkur og viljum byggja hættumat á. Nú höfum við bara rekið okkur svo illilega á núna síðasta árið að þetta er forsenda sem ég held að við getum ekki staðið á þannig að við verðum að endurskoða þetta vel og rækilega.“

Úr viðtali við Magnús Má Magnússon í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins 16. janúar 1995.

„Ekki þetta umfangsmikla snjóflóð sem kom þarna niður, það óraði engan fyrir. En við erum með flóð þarna frá '83 sem fer mikið mun skemur heldur en þetta og þó svo að það hefði verið tekin ákvörðun um að rýma byggð samkvæmt eldra hættumati að þá hefði það ekki náð til allra húsa sem lentu í flóðinu.“

Úr viðtali við Magnús Má Magnússon í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins 16. janúar 1995.

„Þannig er að snjóflóð hafa einungis verið skráð sem að hafa valdið tjóni. Þess vegna hafa kannski getað fallið þarna snjóflóð fyrir 2-300 árum án þess að við vitum um það því að við megum ekki gleyma því að þessar byggðir margar sem að hafa þróast út frá eyrum í fjörðum, þær hafa síðan teygst sig eftir því sem þær stækka upp hliðarnar og þannig, eins og ég sagði áðan, sagan er stutt og ófullkomin þannig að við höfum ekki nóg gögn til að byggja á.“

Úr viðtali við Guðjón Petersen í kvöldfréttum Stöðvar 2 16. janúar 1995.

Samkvæmt fundargerð eða fundarpunktum frá yfirstjórnarfundum Veðurstofu Íslands tveimur dögum eftir snjóflóðið, 18. janúar 1995, var þar m.a. rætt um snjóflóðamál undir fyrsta lið.³³⁸ Um þann lið hljóða fyrsta og önnur efnisgrein svo:³³⁹

„MJ [Magnús Jónsson, þáverandi veðurstofustjóri]: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 28/1985 liggur fyrir og hefur verið lagt fram, en hefur ekki fengið afgreiðslu. Frumvarp þetta tengist að mörgum aðilum [svo], en tekur ekki til allra hluta. Það sem helst snýr að VÍ [Veðurstofu Íslands] er margþætt mál, vankantar ýmsir, en hættumat á stöðunum er mikilvægasti þátturinn, og þá sú spurning hver sé eðlilegasti grunnurinn að ákvörðun á hættumati. Í ljósi þess hættumats sem er í dag, þá hefði aldrei verið rýmt á þessu svæði í Súðavík. [...]

MMM [Magnús Már Magnússon, deildarstjóri snjóflóðavarna Veðurstofunnar]: Segir vandasamt að koma með hættumat sem farið sé eftir. Mjög erfitt að fá hættumat samþykkt ef þekur stórt svæði, fólk trúir því miður ekki á það, sveita[r]stjórnir hafi tilhneigingu til að miða við síðasta tjón, og það sem síðustu kynslóðir hafi upplifað og hafni öðrum forsendum. Hagsmunaráreksstrar oft til staðar.³⁴⁰

Fyrsti fundur Ofanflóðanefndar eftir snjóflóðið í Súðavík var haldinn viku síðar, 23. janúar 1995 (71. fundur).³⁴¹ Í fundargerð frá þeim fundi var í upphafi vísað til þess að tilefni fundarins væri „atburðirnir í Súðavík 16. janúar sl. og aðrir sem á eftir fylgdu og sú umræða sem fram [hefði] farið í Þjóðfélaginu í kjölfar þeirra“ og því næst dregin saman helstu atriði varðandi viðbrögð stjórnvalda eftir snjóflóðið:

„[Formaður] skýrði frá því að sett hefði verið á fót nefnd ráðuneytisstjóra til að fara yfir gildandi lög og reglur um varnir gegn snjóflóðum, athuga leiðir til að minnka tjón af völdum snjóflóða og gera tillögur um meðferð kostnaðar sem varð vegna snjóflóðanna og fellur ekki undir Viðlagatryggingu. Þessi nefnd hefur stofnað vinnuhópa til að fara í gegnum einstaka þætti málsins og hefur formaður [verið] útnefndur af hálfu [s]amgönguráðuneytisins til að taka sæti í vinnuhópi undir stjórn Húnboga Þorsteinssonar. Sá hópur á að yfirfara gildandi lög og reglugerðir og gera tillögur um úrbætur á þeim.“

Í sömu fundargerð nefndarinnar kemur fram að rætt hafi verið um „möguleika og hugsanlegar aðferðir til að styrkja þann grunn sem hættumatið [byggðist] á og finna líkindi fyrir flóðum innan mismunandi marka á grundvelli endurkomutíma“. Einnig að bent hafi verið á „nauðsyn þess að efla viðvörðunarpáttinn og gera hann traustan, en menn [væru] sammála um að hann væri mjög vandmeðfarinn“. Loks var samþykkt á þessum fundi að mynda vinnuhóp „til að gera tillögur um hvernig staðið [yrði] að þekkingaröflun til að styrkja þann grunn sem hættumatið [byggði] á“ og að á næsta fundi nefndarinnar viku síðar yrðu boðaðir „[þeir] verkfræðingar sem unnið [hefðu] að hættumati fyrir Almannavarnir ríkisins á undanförunum árum“.³⁴²

Á meðal gagna rannsóknarnefndar frá þessum tíma, úr gögnum Almannavarna ríkisins, er óundirritað skjal, dagsett (með handritun) „26. jan 95“ og með yfirskriftinni „Endurskoðun laga og reglur“.³⁴³ Skjalið hljóðar svo:

338. Skjalasafn Veðurstofu Íslands. Gögn afhent 6.3.2025.

339. Leyst er úr skammstöfunum nafna innan hornklofa.

340. Þess má geta að í sömu fundargerð yfirstjórnarfundar Veðurstofunnar er m.a. vísað til þess að lagt hafi verið fram bréf Veðurstofunnar 16. janúar 1995 til umhverfisráðuneytisins vegna snjóflóðanna í Súðavík ásamt greinargerðum Magnúsar Mús og annars starfsmanns stofnunarinnar um snjóflóðæftirlitskerfið á Íslandi („helstu gallar í dag 1995 og snjóeftirlit [í] Súðavík – helstu punktar úr fortíðinni“). Fjallað hefur verið um þessi gögn fyrr í skýrslunni í kafla 4.6 og má vísa til þess. Nefna má hér að í upphafi fundargerðarinnar kemur nánar fram um þessi gögn og tilurð þeirra að hringt hefði verið frá umhverfisráðuneytinu sama morgun og snjóflóðið féll og „þeir farið fram á að fá „á stundinni“ upplýsingar um hvernig staðið væri að snjóflóðamálum á Veðurstofunni, til að leggja fyrir ríkisstjórnarfund“ og að „bréf og minnisblað [hafi verið] gert í miklum flýti og [þæri] þess merki“.

341. Nefna má að samkvæmt fundargerð frá næsta fundi nefndarinnar þar á undan, 12. desember 1994 (70. fundur), hafði næst verið gert ráð fyrir fundi hjá nefndinni daginn sem snjóflóðið síðan féll, þ.e. 16. janúar 1995.

342. Einnig má geta þess hér að á sama fundi Ofanflóðanefndar var samkvæmt fundargerð sérstaklega farið yfir aðdraganda snjóflóðanna í Súðavík, þar sem Magnús Már Magnússon og Guðjón Petersen gerðu grein fyrir samskiptum af hálfu annars vegar Veðurstofunnar og hins vegar Almannavarna ríkisins við almannavarnayfirvöld í Súðavík frá sunnudeginum 15. janúar og þar til snjóflóðið féll að morgni 16. janúar. Nánar kom svo fram eftirfarandi bókun í fundargerð um þessa yfirferð: „Í ljósi kom að dagbókarfærslur Almannavarna ríkisins um þessi viðskipti [svo] og lýsingar Veðurstofu voru fullkomlega samhljóða og samskipti með eðlilegum hætti við yfirmenn almannavarna á svæðinu. Rætt var um að umrædda nótt hefðu komið upp samskiptaörðugleikar milli athugunarmanns með snjóflóðahættu [í] Súðavík og sveitarstjórans þar, en ekki lágu fyrir nægar upplýsingar um það til að hægt væri að fjalla frekar um málið.“

343. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-2-2 (52). Skjalið virðist hafa að geyma minnisatriði en af því eða öðrum gögnum rannsóknarnefndar er annars ekki ljóst með nánara samhengi þess. Á eftir inngangstexta eru þar sjö liðir með prentuðum texta en sá áttundi er handskrifaður þar fyrir neðan auk þess sem einn liður (nr. 3) er leiðrétur á tiltekinn hátt (sem ekki hefur þýðingu hér) með yfirstríkun og handritun. Rithönd handskrifaðs texta á skjalinu ber með sér, miðað við fjölmörg önnur gögn rannsóknarnefndarinnar, að vera rithönd Guðjóns Petersen, framkvæmdastjóra Almannavarna ríkisins.

„Við þá endurskoðun laga og reglugerða, sem fara þarf fram í kjölfar snjóflóðanna á Vestfjörðum, verði m.a. eftirfarandi þættir teknir til skoðunar.

1. Athuganir og eftirlit með snjóflóðahættu aukið og eftl.
2. Rannsóknir v/snjóflóðahættu aukin.
3. Kaup fasteigna í stað varnarvirkja.
4. Viðhald varnarvirkja (lög).
5. Snjóflóðadeild Veðurstofu efl.
6. Rýming svæða geti verið viðtækari en þegar skilgreind hættusvæði.
7. Ákvæði um framlengingu snjóflóðaferla ef sérstök ástæða er til.
8. Fræðsla um óvissuþátt hættumarka.“

Í öðru skjali frá þessum tíma, dagsettu 27. janúar 1995, auðkenndu „HH“ og með yfirskriftinni „Hættumatsreglur – hugleiðingar“, kemur m.a. fram að frumvarpið til breytinga á ofanflóðalögum, þ.e. frumvarpið sem lá fyrir frá lokum desember árið áður, hafi þá verið í skoðun hjá nefnd á vegum „ráðuneytisstjóranefndarinnar“, sem starfaði á þessum tíma og var m.a. vikið að í tilvitnun hér á undan til fundargerðar Ofanflóðanefndar 23. janúar 1995.³⁴⁴ Einnig kemur fram að stefnt væri að því að afgreiða frumvarpið á yfirstandandi þingi og að ný reglugerð um hættumat o.fl. ætti að bíða þangað til lög in væru afgreidd. Þá segir að í ljósi snjóflóðanna í janúar mætti einkum benda á tvö atriði í reglugerðinni sem þyrftu nánari skoðunar við, þ.e. „markmið um öryggi (endurkomutími) og breidd gula svæðisins í tungu flóðs“. Í skjalinu var svo nánar fjallað fyrst og fremst um fyrrnefnda atriðið og kom m.a. fram að það varðaði „í raun ákvörðun, taka ætti af ríkisvaldinu (Alþingi, ríkisstjórn)“ og væri „erfið ákvörðun af mörgum orsökum“. Einnig sagði að þetta væri „flókið mál og erfitt að finna einhlít svör, en telja [yrði] æskilegt að hefjast handa um þetta verkefni sem fyrst, og [þyrfti] þá að setja á laggirnar vinnuhóp sem [semdi] verkefnislýsingu og [stýrði] vinnunni“.

Á næsta fundi Ofanflóðanefndar 30. janúar 1995 (72. fundur) voru samkvæmt fundargerð mættir, ásamt nefndarmönnum, Árni Jónsson verkfræðingur frá verkfræðistofunni Hniti hf., Flosi Sigurðsson frá verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen (VST) og Þorsteinn Jóhannesson frá Verkfræðistofu Siglufjarðar. Í upphafi fundargerðarinnar kemur m.a. fram úr máli formanns hennar að nefndin vildi „reyna að draga sem mestan lærdóm af atburðinum á Vestfjörðum 16.–20. janúar sl.“ og vildi „kynna sér viðhorf verkfræðinganna til þessara atburða og heyra skoðanir þeirra á því hvernig styrkja [mætti] þann grunn sem hættumat [þyrfti] að byggjast á“. Fram kemur svo að Þorsteinn Jóhannesson hafi lagt fram „hugleiðingar sínar um þessi mál, sem hann [hefði] sett á blað“.³⁴⁵ Í beinu framhaldi er sjónarmiðum Þorsteins sem fram hafi komið á fundinum m.a. lýst svo:

„Þar kom fram að núverandi reglur um hættumat byggðu á heimildum um þekkt snjóflóð, sem að hans mati væri rétt grundvallarhugsun. Hins vegar væri snjóflóðasaga þéttbýlissvæðanna stutt (50–150 ár) og því litlar líkur á að innan hennar hafi sést stærstu snjóflóð á gefnum svæðum, eða endurkomutími þeirra. Súðavíkurlóðið væri dæmi um þennan skort á gögnum og því spurning um möguleika til að treysta þennan grunn. [...]“

Í fundargerð frá þessum fundi Ofanflóðanefndar segir einnig að rætt hefði verið, með nánar tilgreindum hætti, um „álit sem fram [hefði] komið þess eðlis að Veðurstofan annaðist alfarið hættumat vegna snjóflóða“. Þá kom fram að Árni Jónsson hefði bent á nauðsyn þess að rannsakadaur yrðu rústir þeirra bygginga sem urðu fyrir flóðum í Súðavík og næstu hús við flóðasvæðið til að kanna burðarþol þeirra. Um það var nánar tiltekið að sést hefði við bráðabirgðaskoðun að „einhver húsanna í flóðunum [hefðu] væntanlega ekki uppfyllt ákvæði byggingarreglugerðar um burðarþol“. Í sambandi við þetta var upplýst

344. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-76 (91). Ætla má að „HH“ hafi vísað til Helga Hallgrímssonar, vegamálastjóra og þáverandi formanns Ofanflóðanefndar.

345. Í þessu sambandi má vísa til þess að fyrr í skýrslunni, eða í kafla 4.7, var m.a. fjallað um erindi sem Þorsteinn hafði skömmu fyrr, eða með bréfi 23. janúar 1995, sent Guðjóni Petersen, framkvæmdastjóra Almannavarna ríkisins, og notað þá sama nafn um efni þess, þ.e. „hugleiðingar“. Ekki liggur ljóst fyrir hvort hér var um sama skjal að ræða en í ljósi tímasetninga hér má telja það sennilegt.

að nefnd ráðuneytisstjóra hefði skipað vinnuhóp til að gera slíka úttekt.³⁴⁶ Einnig er tekið fram í fundargerðinni að nefndin hafi óskað eftir því að verkfræðingarnir sendu nefndinni „hugleiðingar sínar munnlega eða skriflega ef þeir [sæju] fleti á málinu sem vert [væri] að skoða“. Loks var á fundinum bókað um að Helgi Björnsson nefndarmaður myndi taka saman „minnisblað um valkosti í gerð hættumats fyrir framtíðina“.

Samkvæmt gögnum nefndarinnar átti sér á þessum tíma stað vinnufundur 31. janúar 1995 þar sem fulltrúar ráðuneytisstjóranefndarinnar og ráðuneyta, Almanna- og Veðurstofu Íslands hafi hist og rætt mál í þessu sambandi. Um þann fund liggja m.a. fyrir handskrifadur minnispunktar Guðjóns Petersen, dagsettur þennan dag.³⁴⁷ Af þeim má m.a. ráða að rætt hafi verið um „skýrari ákvæði um kaup á fasteignum“ og snjóeftirlit, rýmingu hættusvæða og fleiri atriði. Undir nafni þáverandi veðurstofustjóra, Magnúsar Jónssonar, er einnig skráð að „óeðlilegt [væri] að Almanna- og Veðurstofu Íslands [önnuðust] hættumat“. Af minnispunktunum má einnig sjá að tilefni fundarins hafi ekki síst verið að fara yfir atriði vegna ráðgerðra lagabreytinga, einkum þá á ofanflóðalögum. Í tengslum við þennan fund liggur einnig fyrir skjal úr gögnum Almanna- og Veðurstofu Íslands, dagsettur þennan dag, með yfirskrift „Lagabreytingar, hugleiðingar eftir vinnufundi: (Guðjón Petersen 31. janúar 1995)“.³⁴⁸ Í því segir m.a. að „brýnast [væri] að styrkja eftirlits- og viðvörðunarpát snjóflóðavarna“ og í framhaldinu nánari hugleiðingar um það atriði.

Á meðal gagna rannsóknarnefndar er einnig skjal úr gögnum Almanna- og Veðurstofu Íslands frá þessum tíma með yfirskrift „Ferli hættumats“.³⁴⁹ Þar kemur fram stutt lýsing á því, þ.e. ferli hættumats, og er í upphafi annars vegar vísað til þess að það sé byggt á ofanflóðalögum og hins vegar að sett hafi verið reglugerð um hættumat vegna snjóflóða. Því næst er lýst „frumvinnu“, þ.e. atriðum varðandi kortagerð fyrir snjóflóðabyggðir þar sem fram komi hæðarlínur og landslag, ásamt „gögnum frá nýjustu loftmyndum sem fáanlegar [séu]“. Einnig kemur nánar fram um þetta ferli:

„Reiknilíkan var gert (tölvutækt) sem unnið var á grundvelli erlends líkans (Vollemy) og staðfært íslenskum aðstæðum. (Höf. Þorsteinn Jóhannesson, verkfræðingur á Siglufirði.) Önnur þekkt líkön eru notuð til samanburðar. Það reiknilíkan hefur verið í endurskoðun hjá Verkfræðistofunni Vatnaskil vegna eðlisfræðilegra lagfæringa. Verið er að sannreyna líkanið endurbætt á þekktum snjóflóðum.

Þrjár verkfræðistofur, Hnit h/f, Verkfræðistofa Siglufjarðar og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hafa sérhæft sig í framkvæmd hættumats. Almanna- og Veðurstofu Íslands gera samkomulag við viðkomandi verkfræðistofu um gerð hættumats, framkvæmd þess, áfangaskiptingu og kostnað. Áskilið er að notað sé það reiknilíkan sem staðfest er og að fram komi inndregnir snjóflóðaferlar, snið ferlanna, hallaflötur milli hæðarlína, hraði flóðsins í einstökum punktum ferilsins, þrýstingur og skriðlengdarmörk.“

346. Um þetta atriði í fundargerðinni, þ.e. vinnuhóp varðandi byggingar í Súðavík sem urðu fyrir snjóflóðinu, skal þess getið að við rannsókn rannsóknarnefndarinnar komu fram gögng og upplýsingar um störf slíks hóps eða nefndar á næstu mánuðum. Ekki þykir þörf eða tilefni til að gera í skýrslunni sérstaka grein fyrir upplýsingum um þetta starf, m.a. í ljósi þess hvernig því lyktaði eins og nefnt verður hér á eftir, en samandregið má geta eftirtalinn meginatriða sem ráðin verða af gögnum rannsóknarnefndar, einkum þá frá umhverfisráðuneytinu, um þetta. Umhverfisráðherra skipaði svonefndan „stýrihóp vegna rannsókna á byggingartæknilegum atriðum húsa vegna snjóflóða“ í byrjun febrúar 1995 og mun hafa útlistað nánar umboð eða verksvið hópsins með erindi til formanns hans í apríl sama ár. Stýrihópurinn mun svo hafa starfað næstu mánuði og komið saman á 14 fundum. Í byrjun október 1995 spurðist umhverfisráðuneytið fyrir um upplýsingar frá hópnum um hvenær hann hygðist ljúka störfum. Því var svarað um mánuði síðar af hálfu starfshópsins með tilteknum hætti, þar sem efnislega var helst gerð grein fyrir tillögum stýrihópsins um frekari verkefni sem vinna þyrfti áður en hópurinn léti af störfum. Með fylgdi einnig greinargerð starfshópsins um störf hans fram að þessu. Af innri gögnum umhverfisráðuneytisins frá þessum tíma, þ.e. nóvember 1995, má ráða að óánægja hafi verið þar að tilteknu leyti með störf hópsins og skilning hans á verkefninu sem og efasemdir um að hann væri réttur vettvangur til að vinna að umræddum verkefnum. Lagt var til innan ráðuneytisins að hópurinn yrði lagður niður. Af bréfi ráðuneytisins í byrjun janúar 1996 verður svo ráðið að komist hefði á samkomulag milli ráðuneytisins og stýrihópsins um að hann skilaði áfangaskýrslu um verkefnið, ásamt viðeigandi fylgigögnum, sem yrði jafnframt „lokaskilagrein“ hópsins. Upp úr miðjum sama mánuði var tilkynnt bréflaga af hálfu hópsins til ráðuneytisins að hann legði niður störf enda hefði meiri hluti nefndarinnar lýst yfir á fundi í lok ágúst á fyrra ári að hann teldi grundvöll starfa hópsins brostinn af nánar tilgreindum ástæðum sem vörðuðu umhverfisráðuneytið og afstöðu þess til verksviðs og umboðs stýrihópsins. Störf þessa hóps enduðu þannig kringum þennan tíma í ársbyrjun 1996, að því er virðist, og á einn eða annan hátt, vegna ágreinings milli meðlima hans og ráðuneytisins um grundvöll og umfang starfssviðs hans.

347. Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna- og Veðurstofu Íslands 2010. D-2-2 (46).

348. Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna- og Veðurstofu Íslands 2010. D-2-2 (45).

349. Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna- og Veðurstofu Íslands 2010. D-76 (1). Skjalið ber með sér, með handritaðri athugasemd efst, að hafa verið sent „Húnboga“ [þ.e. Húnboga Þorsteinsyni, þáverandi ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins] 31. janúar 1995. Skjalið ber einnig með sér að stafa frá Guðjóni Petersen.

Þá liggur fyrir minnisblað Guðjóns Petersen til Húnboga Þorsteinssonar, þáverandi skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, 1. febrúar 1995 þar sem lýst er helstu atriðum varðandi nýjar reglur um gerð hættumats.³⁵⁰ Sú lýsing hljóðar svo:

„1. Með nýju reglunum sem liggja fyrir um gerð hættumats er stefnt að því að fram komi með skýrari hætti en áður sú óvissa sem við er að eiga í mati á skriðlengd flóða á einstökum svæðum. Er það gert með því að skilgreina ákveðið óvissubelti neðan útreiknaðra hættusvæða. Stærð þessa beltis miðast við útreikninga á hraða flóðsins og ástreymisþrýsting í tungu þess.

Einnig er í nýju reglunum gert ráð fyrir að nota fleiri reiknilíkön til samanburðar, þannig að fram komi tölfraðilegt og aflfraðilegt mat á stærð hugsanlegra snjóflóða.

2. Til að styrkja hættumatid enn frekar er stefnt að því að fram fari ítarleg rannsókn á fyrirliggjandi veðurfarsgögnum og samskip[t]i þeirra við snjóflóð. Með því er vonast til að sjá megi betur fyrir um líkindi á snjóflóðum og útbreiðslu þeirra á einstökum svæðum.

Ljóst er að þessar rannsóknir taka tíma þannig að nauðsynlegt verður fyrst um sinn að endurmeta hættusvæðin út frá fyrirliggjandi gögnum, en með bættum reikniáðferðum eins og að framan segir. Þau verða þó sífellt í endurskoðun eftir því sem frekari gögn og tölfraðileg líkindi liggja fyrir.“

Frá þessum degi, 1. febrúar 1995, liggur einnig fyrir stutt minnisblað Veðurstofu Íslands til félagsmálaráðherra, sem ber með sér að stafa frá þáverandi veðurstofustjóra og kemur fram í yfirskrift að það varði „snjóflóðamál“.³⁵¹ Það hljóðar svo:³⁵²

„Vegna umræðu um hættumat, forsendur þess og túlkun, er rétt að eftirfarandi komi fram:

- Hér á landi annast Almannavarnir ríkisins hættumat sbr. gr. 3 í lögum nr. 28/1985. Í Noregi hefur NGI (Norges Geotekniske Institutt) faglegan þátt matsins alfarið á sinni könnu.

- Á grundvelli útreikninga sem aðallega byggjast á tölfraði og líkum vinnu NGI kort sem sýna líkleg „1000 ára“ snjóflóðasvæði. Eigi að byggja innan þessara marka fer fram sérstök úttekt á því svæði. Hér á landi er í reynd gert ráð fyrir að þekkt snjóflóð séu hámarksflóð eða flóð sem reikna megi með á „50 ára fresti“.

- Í Noregi leggja menn áherslu á að vísindamenn taki ekki þátt í að ákveða hversu mikla áhættu á fólki og eignum eigi að miða við. Það á að vera pólitísk ákvörðun. Hér vantar slíkar ákvarðanir.

- Karsten Lied yfirmaður snjóflóðadeildar NGI telur vafasamt að setja stífar reglur um notkun á ákveðnum líkönnum. Einnig að heppilegra sé að fræðilegir útreikningar hættumats séu unnir á opinberri stofnun fremur en að það sé gert á „samkeppnismarkaði“ verkfræðistofa. Hér verður þó að taka tillit til alþjóðlegra viðskipta- og samkeppnisreglna sem við höfum skuldbundið okkur til að hlíta.

- Þar sem á annað borð er hugsanlegt að snjóflóð geti fallið er ekki hægt að tala um „örugg svæði“. Framsetning og kynning á þeim hættumötum sem þegar hafa verið samþykkt af félagsmálaráðherra bera þess merki að hagsmunaleg togstreita við sveitarfélögin hefur verið mikil. Stjórnvöld verða því að setja reglur um ásættanlega áhættu og gera fólki grein fyrir henni.“

Skömmu síðar, eða 3. febrúar 1995, er dagsett greinargerð Veðurstofu Íslands, sem ber einnig með sér að stafa frá þáverandi veðurstofustjóra og hafa verið ætluð þáverandi umhverfisráðherra, Össuri Skarphéðinssyni.³⁵³ Yfirskrift greinargerðarinnar, sem er nokkuð ítarleg, eða sjö blaðsíður að lengd, er „Tillögur Veðurstofu Íslands um eflingu á snjóflóðaviðvörðunum og rannsóknum á snjóflóðum“. Fram kemur í upphafi að í framhaldi af snjóflóðahrinu á Vestfjörðum og víðar í nýliðnum janúarmánudi, sem náð hafi hámarki í stórslysi í Súðavík að morgni 16. janúar, hafi umhverfisráðuneytið óskað eftir tillögum Veðurstofunnar um úrbætur og eflingu á starfsemi á hennar verkswiði. Greinargerðin og tillögur með henni séu afrakstur innri umræðu á stofnuninni en einnig hafi verið leitað í

350. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-76 (90). Drög að þeim reglum höfðu legið fyrir frá því fyrir snjóflóðið í Súðavík 16. janúar 1995 eins og rakið hefur verið fyrir í skýrslunni. Húnbogi mun hafa verið skrifstofustjóri og staðgengill ráðuneytisstjóra og deildarstjóri sveitarstjórnar- og fjármála í félagsmálaráðuneytinu frá árinu 1985 og ráðuneytisstjóri þar árin 1993 og 1996–1999. Hann lést árið 2017.

351. Skjalasafn Veðurstofu Íslands. Gögn afhent 13.2.2025.

352. Leturáhersla (undirstrikun) er upprunaleg.

353. Skjalasafn Veðurstofu Íslands. Gögn afhent 13.2.2025.

smiðju Karsten Lied, yfirmanns snjóflóðadeildar norsku jarðtæknistofnunarinnar (NGI), sem átt hefði fund með starfsmönnum Veðurstofunnar í heimsókn sinni til landsins í boði umhverfisráðherra. Í kafla um „Hættumat – áhætta“ í greinargerðinni segir:³⁵⁴

„Hættumatsgerð fyrir einstaka þéttbýlisstaði hefur skilað nokkrum árangri síðustu sjö árin. Komið hefur verið í veg fyrir byggingar innan skilgreindra „hættusvæða“ auk þess sem íbúar húsa sem þar voru fyrir hafa verið meðvitaðir um þá áhættu sem þeir búa við. Hins vegar fær sú túlkun ekki staðist, að þau svæði sem eru utan „hættusvæða“ séu hættulaus svæði. Slík rangtúlkun er hættuleg, enda veitir það íbúum þessara svæða falskt öryggi. Þess vegna er að áliti Veðurstofunnar nauðsynlegt að hættumatsgerðinni verði breytt, ekki síst þeim forsendum sem að baki hættumats liggja. Sérstaklega skal í því sambandi bent á að Veðurstofan telur með öllu óviðunandi að miða hættumat við 50 eða 100 ára endurkomutíma snjóflóða eða þekktu snjóflóðasögu sem víða er styttri en 100 ár. Til þess eru afleiðingar meiri háttar snjóflóða allt of hörmulegar bæði að því er varðar manntjón og eyðileggingu á eignum. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á að Norðmenn miða hættumat við 1000 ára endurkomutíma snjóflóða.

Gera verður skýran mun á hættumati sem grundvallast á mælingum og athugunum, eðlisfræðilegum lögmálum og tölfræðilegum líkum og áhættumati, þar sem settar eru reglur um hversu langt eigi að ganga varðandi ásætlanlegt öryggi íbúa og áhættu peningalegra verðmæta.

Eins og áður sagði er hættumat í eðli sínu vísindalegt verkefni, sem eðlilegt er að Veðurstofa Íslands fái stöðugt og beri meginábyrgð á. Áhættumatið er hins vegar unnið á grundvelli pólitískra ákvarðana um ásætlanleg öryggisstig, fjárhag[s]legra hagsmuna og fleiri þátta sem ekki eru vísindalegs eðlis. Eðlilegt er að Almannavarnir ríkisins hafi með það verkefni að gera á ábyrgð stjórnvalda, enda hafi verið settar um það reglur sem þekktar eru öllum almenningi.“

Varðandi tillögur Veðurstofunnar sem fram komu í greinargerðinni var m.a. lagt til, í kafla um „snjó- og veðurathuganir“, að áfram yrði reynt að efla og bæta snjóeftirlitskerfi, þ.e. að ráða sérstaka athugunarmenn á þá staði sem í mestri hættu væru taldir. Einnig var þar lagt til að mælistöngum sem lesa mætti af úr fjarlægð yrði komið fyrir í fjallshlíðum til að hægt væri að fylgjast með snjódypt. Varðandi „hættumat“ var lagt til að hættumat yrði unnið á Veðurstofu Íslands í samvinnu við erlendar snjóflóðastofnanir og Háskóla Íslands. Í upphafi þyrfti að leggja mikla áherslu á forsendur hættumatsins.

Frá fundi Ofanflóðanefndar 6. febrúar 1995 (73. fundur) var samkvæmt fundargerð rætt um hættumat vegna snjóflóða og bókað m.a. svo um þá umræðu:

„Fram kom að það hættumat sem gert hefur verið í einstökum byggðum, hafi ekki verið skýrt nægilega vel fyrir heimamönnum hvað varðar verulega óvissu um þau svæði sem merkt eru græn, þar sem hættusvæðin væru einungis afmörkuð út frá þeim snjóflóðum sem skráð væru í stuttri snjóflóðasögu svæðanna.“

Á fundinum var einnig samþykkt m.a. að fela Veðurstofunni að skrifa „lýsingu á núverandi hættumati“ og stofna „vinnuhóp til að vinna styrkari grunn fyrir hættumatið“.

6.5.2. Breytingar á ofanflóðalögum 1985 með lögum nr. 50/1995: snjóeftirlit, kostnaður vegna varnarvirkja og heimild til kaupa á húseignum

Eins og fram kom í upphafi kaflans, m.a. með vísun til nánari umfjöllunar í fyrri kafla skýrslunnar, hafði frumvarp til breytingar á ákvæðum ofanflóðalaga legið fyrir hjá Alþingi frá desemberlokum 1994. Það frumvarp kom svo til meðferðar hjá þinginu í febrúar 1995. Verður hér greint frá helstu atriðum þar að lútandi.

Á fundi ráðuneytisstjórnarnefndarinnar svokölluðu tveimur dögum eftir snjóflóðið í Súðavík, 18. janúar 1995, var ákveðið að mynda starfshóp félagsmálaráðuneytisins, umhverfisráðuneytisins, samgönguráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til yfirfara þetta frumvarp í ljósi atburðanna í Súðavík í janúar 1995.³⁵⁵ Álit starfshópsins lá fyrir 7. febrúar 1995. Helstu niðurstöður starfshópsins voru þær að frumvarpið gengi í öllum aðalatriðum í þá átt sem þörf væri á í ljósi fenginnar reynslu.

354. Leturáhersla (undirstrikun) er upprunaleg.

355. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-1-1 (13).

Fáeinir tillögur að breytingum komu þó fram sem lutu að ráðningu athugunarmanns og fjárhagslegri umsýslu í kringum störf þeirra. Þá var lagt til að heimilt yrði að greiða úr ofanflóðasjóði allt að 100% af kostnaði við kaup á hvers konar rannsóknar- og eftirlitstækjum og búnaði. Enn fremur lagði starfshópurinn til að skýrt væri kveðið á um það í lögnum að sá valkostur væri fyrir hendi að fasteignir yrðu keyptar með atbeina ofanflóðasjóðs í staðinn fyrir að reist væru varnarvirki fyrir þær, auk þess sem áréttað yrði að sveitarfélög bæru ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja.

Félagsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi 1. febrúar 1995.³⁵⁶ Tillögur áður nefnds starfshóps voru svo lagðar fyrir félagsmálanefnd Alþingis sem lagði til breytingar á frumvarpinu með nefndarálit 23. febrúar 1995. Breytingartillögur nefndarinnar voru í samræmi við tillögur starfshópsins og sættu svo smávægilegum frekari breytingum í meðförum þingsins áður en frumvarpið var samþykkt 25. febrúar 1995. Tæplega tveimur mánuðum eftir snjóflóðið í Súðavík, þann 7. mars 1995, tóku svo gildi lög nr. 50/1995, um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 28/1985.

Vegna fyrri umfjöllunar í skýrslunni um frumvarpið sjálft og helstu breytingar sem að var stefnt með því, einkum á ákvæðum um snjóeftirlit (6. gr. laganna) og kostnaðarhlutdeild ofanflóðasjóðs (11. gr. laganna) verður hér aðeins vikið sérstaklega að breytingum á frumvarpinu sem urðu á því í meðförum þingsins en að öðru leyti vísað til fyrri umfjöllunar. Fyrir utan aðrar breytingar sem frumvarpið hafði þannig frá upphafi gert ráð fyrir og gerðar voru á lögnum með samþykkt þess var í meðförum þingsins á frumvarpinu bætt við sérstakri málsgrein í 7. gr. laganna þess efnis að sveitarstjórn væri heimilt að gera tillögu um að kaupa húseignir í stað tillagna um varnaraðgerðir væri það talið hagkvæmara til að tryggja öryggi íbúa gagnvart ofanflóðum. Um greiðslur til sveitarfélags vegna slíkra kaupa færi eftir 4. tölulið 11. gr. laganna.³⁵⁷ Ef ekki næðist samkomulag um kaup á húseign væri sveitarstjórn heimilt að taka eignina eignarnámi.³⁵⁸ Þá kom nýtt ákvæði í 9. gr. laganna sem sagði að sveitarstjórn bæri ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja.³⁵⁹

Í nefndarálit félagsmálanefndar með breytingartillögu um þetta kemur fram að það hafi þótt mikilvægt að skýrt væri kveðið á um að sá valkostur væri fyrir hendi að húseignir væru keyptar í stað þess að reist væru varnarvirki fyrir þær. Málsmeðferð vegna þessa yrði með sama hætti og varðandi varnarvirki áður, þ.e. að sveitarstjórnir hefðu frumkvæði að slíkum tillögum um hvor leiðin yrði farin. Því næst tækju Almannaþingin ríkisins og félagsmálaráðherra endanlega ákvörðun með hliðsjón af öryggis- og kostnaðarsjónarmiðum. Fram kom í nefndarálitinu að ef niðurstaðan væri sú að varnarvirki eða aðrar varnaraðgerðir væru ekki hagkvæmast kosturinn, þá væri það hlutverk sveitarfélaga að gera tillögu um uppkaupt húsa til stjórnar ofanflóðasjóðs sem tæki þá afstöðu til þess.

Þingræður vegna breytinga á ofanflóðalögum með lögum nr. 50/1995

Eins og fram hefur komið var frumvarp sem varð að ofangreindum lögum komið fram skömmu fyrir snjóflóðið í Súðavík. Það var svo tekið til umræðu og meðferðar á Alþingi og lögfest í febrúar 1995, í meginatriðum óbreytt en með tilteknum breytingum og viðbótum. Vegna þessa tímalega samhengis þykir rétt hér að gera nokkra grein fyrir atriðum sem fram komu í ræðum ráðherra og þingmanna við meðferð frumvarpsins á Alþingi.³⁶⁰

356. Í kafla 4.8 hér á undan var fjallað um þetta lagafrumvarp (þskj. 536, 339, mál, 118. löggjafarþing 1994–1995) eins og það lá fyrir í desember 1994, þar á meðal frumvarpsathugasemdir með því. Vísast hér til þeirrar umfjöllunar. Líkt og fram kom þar eru öll gögn um þinglega meðferð málsins sem hér er stuðst við, einkum þá frumvarp, nefndarálit og þingræður, aðgengileg opinberlega á vefsvæði Alþingis á þessum tengli: <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/118/339/?ltg=118&mnr=339>.

357. Eins og fram hefur komið voru í 11. gr. laganna ákvæði um ráðstöfun fjár ofanflóðasjóðs en í 4. tölulið hennar voru ákvæði um kostnaðarhlutdeild sjóðsins vegna undirbúnings og framkvæmda við varnarvirki sem með þessum sömu breytingarlögum var hækkuð úr 80% í 90%.

358. Þetta ákvæði varð að 2. mgr. 7. gr. laganna.

359. Þetta ákvæði varð að 2. mgr. 9. gr. laganna.

360. Þess skal getið þar að um nokkuð umfangsmiklar umræður var að ræða og því er hér engan veginn um tæmandi umfjöllun að ræða, hvorki varðandi þá þingmenn sem tóku til máls né efni þingræðnanna. Allar ræður sem hér er vitnað til voru við 1. umræðu málsins á Alþingi 1. og 2. febrúar 1995.

Í framsöguræðu Rannveigar Guðmundsdóttur, þáverandi félagsmálaráðherra, var m.a. tekið fram að frumvarpið hefði verið samið „áður en hin hörmulegu snjóflóð áttu sér stað á Vestfjörðum í janúar“ og að nauðsynlegt væri að skoða frumvarpið í nýju ljósi með tilliti til þeirra, meta hvaða lærdóm mætti draga af þeim og „hvaða nýjar tillögur þeir atburðir [knýðu] á um að settar verði fram“. Enda þótt ákvæði frumvarpsins væru „ótvírátt spor í rétta átt [yrði] að skoða gaumgæfilega hvernig betur [mætti] gera“. Einnig var vísað til starfshópsins sem hafði yfirfarið frumvarpið eins og áður hefur verið getið um. Í ræðu hennar var einnig fjallað nokkuð um hættumat, á svipaða leið og gert var í frumvarpinu, og um vinnu við endurskoðun reglugerðar um hættumat vegna snjóflóða. Fram kom að fyrirbyggjandi drög að þeim yrði einnig að endurskoða „í nýju ljósi eftir hin hörmulegu slys“ enda hefði strax verið tekin sú ákvörðun „eftir atburðina í Súðavík að stöðva lokafrágang þeirra“. Þá kom m.a. fram að þar sem 3. gr. ofanflóðalaganna kvæði á um reglusetningu Almannaþingisins um gerð hættumats, sem félagsmálaráðherra staðfesti, væri ekki þörf á lagabreytingu til að endurskoða reglur um forsendur hættumats. Framsöguræðunni lauk á þessum orðum:

„Virðulegi forseti. Ég lýk nú brátt þessari framsögu. Það eru aðeins 10 ár síðan hafist var handa um skipulegar aðgerðir til að verjast þeirri vá sem snjóflóð og skriðuföll eru hér á landi. Mikið hefur áunnist en þó ekki nóg eins og við höfum áþreifanlega komist að raun um. Þetta frv. er áfangi í þeirri baráttu en ljóst er að það þarf að skoða gaumgæfilega í meðförum þingsins eftir þá sorgaratburði sem orðið hafa.“

Í ræðu Einars K. Guðfinnssonar alþingismanns kom m.a. fram varðandi fjárhagslega burði sveitarfélaga til að standa að ofanflóðavörnum:

„Það er auðvitað alveg ljóst að sveitarfélögin í landinu í dag eru vanmegnug að takast á við þetta gríðarlega og risavaxna verkefni. Eins og við áttuðum okkur á við yfirferð málsins í félmn. í fyrra hittist líka svo á að mörg þeirra sveitarfélaga sem standa frammi fyrir þessum miklu verkefnum við snjóflóðavarnir eru lítil sveitarfélög, sveitarfélög sem jafnvel hafa orðið fyrir áföllum í atvinnulífínu og hafa orðið að taka á sig alls konar skuldbindingar sem hafa gert það að verkum að þau eru enn þá verr í stakk búin til þess en áður að ráðast í þessar risavöxnu framkvæmdir.“

Í ræðu Hjörleifs Guttormssonar alþingismanns var m.a. farið yfir söguleg atriði, annars vegar um snjóflóðin í Neskaupstað og aðkomu Hjörleifs að málum í kjölfar þeirra og hins vegar um viðbrögð og viðbúnað stjórnvalda eftir þau snjóflóð og hvernig þessi málefni hefðu komið til meðferðar á Alþingi.³⁶¹ Í framhaldi af því kom fram:

„Ég er ekki að rifja þetta upp til annars en að minna á það að Alþingi Íslendinga hefur verið að fjalla um þessi mál en það hefur bara ekki náðst sú samfella sem þarf og menn hafa ekki verið reiðubúin til þess að horfast í augu við og það ekki vitandi vits, ég held að það sé mest óvitandi vegna þess að tilhneigingin til að gleyma er mjög rík og það virðist alltaf þurfa einhver stóráföll til þess að menn hrökkvi við og fari að taka hér á hlutum sem ættu þó að vera hverjum manni augljóst að við búum við í okkar umhverfi og alltaf er verið að minna okkur á þó að það kosti ekki tugi mannlífa. Eins og menn vita þá hafa á annað hundrað manns farist í snjóflóðum á Íslandi á þessari öld á sama tíma og byggðin hefur verið að færast út, þéttast og færast út á hættusvæðum vissulega.“

Það er mjög athyglisvert líka sem komið hefur fram í sambandi við þessi mál að á áráðinu frá því fyrir 1930 og fram undir 1970 ríkja þær veðurfarsaðstæður á Íslandi að það er ekki mjög mikið um stór snjóflóð sem hitta byggð eða mannvirki. Það er mjög athyglisvert. Þetta minnir okkur einnig á þá staðreynd að það segir ekkert um hættuna. Og þegar verið er að flokka svæði og spurningin hvað á að vera á rauðum svæðum, þ.e. skilgreindum hættusvæðum, þá hafa t.d. Svisslendingar og ég held Norðmenn miðað við til skamms tíma 300 ár, flóð einu sinni á 300 árum sem meðaltalsaðstæður og þá er svæðið markað sem hættusvæði. Ég held að Norðmenn séu komnir með enn þá lengri tímaskilgreiningu. En auðvitað er lítið um heimildir þegar kemur aftur fyrir eina öld eða svo í þessum málum. Það reyndist t.d. vera í Neskaupstað þegar ég var að grufna í þessu og safna saman heimildum að þær elstu voru rösklega 100 ára gamlar enda byggðin lítið eldri nema bara fáein bøndabýli sem voru á þessu svæði. Þannig háttar auðvitað víða til.“

Hjörleifur Guttormsson vék einnig í ræðu sinni að skipulagsmálum og gat um að þau tengdust m.a. hættumatinu sem væri „mikið til umræðu og að þurfi að fara yfir og endurskoða“. Því næst kom fram:

„Við þurftum ekki snjóflóðin á Vestfjörðum núna til þess að átta okkur á grundvallaratriðum þess. Þarna hefur verið einhver gífurleg brotalöm uppi í sambandi við þetta hættumat. Það þýðir ekkert annað en horfast í augu við það. Menn hafa verið að fela þennan veruleika meira og minna fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu, fram hjá því verður ekki horft. Ég þekki þetta ósköp vel af minni reynslu heima fyrir sem annars staðar hvað þetta eru talin viðkvæm atriði. En ef við ætlum að horfast í augu við veruleikann og taka tillit til hans þá er umræðunnar þörf og þá verða menn að átta sig á hvaða forsendur eru gefnar og við hvaða vandamál og verkefni er að fást.“

Í ræðu Össurar Skarphéðinssonar umhverfisráðherra kom m.a. fram:

361. Sú umfjöllun laut m.a. að atriðum sem gerð hefur verið grein fyrir í 3. kafla þessarar skýrslu (varðandi snjóflóðin í Neskaupstað og viðbrögð og viðbúnað stjórnvalda á árunum eftir þau) og í 2. kafla skýrslunnar (varðandi framvindu þessara mála á vettvangi Alþingis).

„Nú er það svo að hæstv. félmrh. lagði fram þetta frv. til breytinga á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum samstundis og það var reiðubúið. En eigi að síður er það líka staðreynd að tilurð þessa frv. og nefndarstarfi sem það byggir á var hrundið af stað eftir snjóflóðin á Vestfjörðum vorið 1994. Það er því einfaldlega staðreynd að menn eru allt of daufrir, allt of ónæmir fyrir þessari hættu. Það á sér þessar skýringar sem m.a. komu fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Skipulag byggðarlaga hefur þróast í gegnum öldina og kannski hefur uppbyggingin og vöxtur þeirra verið hvað mestur á árunum milli 1930 [til] 1960, en ísótóparannsóknir á jöklum hafa sýnt að það er mesta hlýindaskeið Íslandssögunnar og ekkert sem stenst samjöfnuð við það nema ef vera skyldi tímabilið frá 880 [til] 960, einmitt á þeim tíma þegar maður að nafni Ingólfur Arnarson reisti sér fyrsta húsið hér skammt frá.

[...]

Eins og ég gat um hér áðan þá þróaðist byggðin í núverandi form á milli 1930 og 1960 þegar engin meiri háttar snjóflóð voru í byggð og við vitum hvernig byggð hefur þróast á Íslandi. Einhvers staðar við eyri í djúpum firði hefur framtakssamur maður fundið lægi fyrir báta og skip. Hann hefur byggt þar hjalla undir sinn fisk. Í kjölfarið með tækniöld hafa komið fiskvinnsluhús og starfsfólkið hefur byggt sér hús í grennd við þau. Og með framvindunni og með fjölgun þjóðarinnar hefur orðið landnaud á eyrinni og menn hafa teygt byggðina upp í hlíðarnar. Þetta gerðist nákvæmlega á þeim tíma þegar snjóflóð voru afskaplega fátíð og jafnvel engin í byggð eins og ég sagði áðan. Minni manna er afskaplega skammt eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gat um áðan og þetta kann að hafa deytt menn fyrir hættunni. [...]"

Össur Skarphéðinsson vék einnig að varnarvirkjum og viðhaldi þeirra og störfum og launum snjóathugunarmanna, einkum í samhengi við kostnað og þær umbætur sem átti að gera að því leyti með frumvarpinu, en þar kom m.a. fram:

„[...] Staðreyndin er auðvitað sú að í gildandi lögum hefur ekki verið tekið á því hver á að greiða kostnaðinn af viðhaldinu. Þess vegna hefur ekkert viðhald farið fram. Undir þennan leka er sett með þessu ágæta frv. þar sem mælt er fyrir um að viðhaldskostnaður skuli að 60% greiddur af ofanflóðasjóði og þetta er auðvitað stórkostleg bót. Hvert og eitt einasta atriði er til bóta. En staðreyndin er sú að kerfið hefur ekki verið nógu gott. Það hefur verkað letjandi til byggingar varnarvirkja svo ekki sé minnst á viðhaldið sem ég ræddi um áðan. Það kerfi sem er byggt upp í lögnum frá 1985 er þess eðlis að það hefur beinlínis latt menn til þess að sinna eftirliti nægilega vel.

Í lögnum frá 1985 er fyrirskipað að laun eftirlitsmanna skuli vera greidd að hálfu af sveitarfélagi og að hálfu af Veðurstofunni. Tekið er fram að sá sem hefur ráðningarskylduna er sveitarfélagið. En einmitt út af þessari deyfð, sem við höfum öll sem tökum þátt í þessari umræðu minnst á og kemur reyndar fram í grg. með frv., er það auðvitað svo að menn hafa ekki sinnt þessu nægilega vel. Þess eru dæmi að snjóeftirlitsmaður hefur einfaldlega ekki verið ráðinn. Á svæðum, sem kunna að vera í hættu vegna snjóflóða, hefur ekki verið snjóeftirlitsmaður öllum stundum.

[...]

Ég sagði áðan að lögin, eins og þau hafa verið í gildi frá 1985, hafa ekki hvatt sveitarfélög til þess að beita sér fyrir byggingu varnarvirkja. En samkvæmt þessum lögum þá eru það sveitarfélögin sem hafa frumkvæðisskylduna. Þau eiga að vera tillögugerendur að varnarvirkjunum. En varnarvirkir eru óskaplega dýr. Þau kosta í sumum tilvikum tugi og jafnvel hundruð milljóna. Ofanflóðasjóður hefur greitt 80% en sveitarfélögin verða að leggja fram 20%. Í mörgum tilvikum er um það að ræða að sveitarfélögin, sem þurfa á varnarvirkjum að halda, eru fámenn og fjárvana og þau hafa einfaldlega ekki getað ráðið fram úr þeim vanda sem felst í því að reida fram þau 20% sem á vantar. Auðvitað hefðu menn fyrir löngu átt að vera búnir að sjá þennan ágalla á lögnum en það er alveg ljóst að áherslan hefur ekki verið á þessum málaflokki eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson rakti áðan með dæmum.“

Loks sagði um hættumat í ræðu Össurar Skarphéðinssonar:

„Annað sem mig langar líka til að drepa hér á, virðulegur forseti, er hættumatið. Auðvitað eru augljósir ágallar á gildandi hættumatsreglugerð en sem betur fer er tekið á öllum þeim, held ég, í reglugerð sem liggur til staðfestingar í fullbúningi en ríkisstjórnin hefur óskað eftir að verði beðið með staðfestingu á meðan hún er könnuð með tilliti til ýmissa hluta sem menn kunna að geta lært af því sem gerðist í Súðavík. En hættumat tel ég að hafi á stundum gefið mönnum falska öryggistilfinningu vegna þess að ég kynntist því á dögunum eftir Súðavíkurslysið, í umræðunum um hættumat, við sérfræðinga og við íbúa, að menn virðast treysta því svo fullkomlega að það svæði sem er handan þess sem merkt er hættusvæði á kortunum hafa menn mjög sterka tilfinningu til þess að líta á að sé fullkomlega öruggt svæði. Það er auðvitað ekki svo. Það er ekki hægt að draga neina eina línu þar sem við segjum hérna megin er hættusvæði, hinum megin er öruggt svæði. En það er alveg ljóst ef maður skoðar hvernig skipulagi byggðar hefur undið fram á sumum þessara staða, að menn hafa lítið svo á og þeir hafa sums staðar byggt alveg upp í hina svokölluðu hættulínu. Á þessu er tekið í tillögum að nýrri reglugerð um hættumat. En ég held hins vegar að við þurfum að skoða þessa hluti upp á nýtt. Hættumat [...] á að vera í höndum faglegra sérfræðinga og þeir eiga að gefa mat sitt á því hvað þeir telja mögulegt hættusvæði og þeir eiga að gefa mat sitt á því hverjar eru líkurnar á því að það komi snjóflóð. Það er hið faglegra hættumat. Það á að vera í höndum sérfræðinga. En áhættumatið er einfaldlega annað í mínum huga. Þar byggir meira á pólitísku mati og þar fer fram mat á því hvaða líkur menn telja ásættanlegar fyrir viðkomandi byggðarlag. Milli þessara tveggja tegunda af mati tel ég að þurfi að greina. Ég legg áherslu á það að ég tel að hið faglegra hættumat eigi að vera í höndum sérfræðinga en að áhættumatið er pólitískara í eðli sínu.

Nú er það svo, eins og kemur fram í greinargerðinni, að það hafa á stundum skapast deilur eða togstreita á milli mismunandi hagsmuna. Það er auðvitað svo að sveitarfélög gera sér grein fyrir því að þegar svæði er fellt undir skilgreint hættusvæði er það land meira og minna ónýtt fyrir byggðarlagið. Það gefur möguleika á vissri hagsmunatogstreitu og við þurfum að reyna að fjarlægja allan möguleika á slíkum árekstrum út úr því stjórnerkefi sem við munum búa til til framtíðarinnar.“

6.5.3. Breyting á lögum um Viðlagatryggingu Íslands með lögum nr. 36/1995 vegna tekjuöflunar fyrir ofanflóðasjóð

Samhliða breytingu á ofanflóðalögum 1985 með lögum nr. 50/1995 var gerð breyting á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands. Sú breyting var gerð með lögum nr. 36/1995.³⁶² Ráðgerð breyting samkvæmt frumvarpinu, sem var ein efnisgrein, var að við lögin um Viðlagatryggingu Íslands yrði bætt bráðabirgðaákvæði sem efnislega fól í sér að sérstakt 10% álag, til viðbótar við tekjustofna ofanflóðasjóðs samkvæmt 11. gr. ofanflóðalaganna 1995, yrði lagt á iðgjöld vegna viðlagatryggingar og tekjur af því myndu renna í ofanflóðasjóð. Athugasemdir við lagafrumvarpið hljóðuðu svo:

„Nýlega skilaði áliti nefnd sem félagsmálaráðherra skipaði til að endurskoða lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985. Í áliti nefndarinnar kemur fram að nauðsynlegt er að veita frekari fjármunum til snjóflóðavarna. Nefndin gerði tillögu um að á árunum 1995–99 yrði innheimt 10% álag á iðgjöld vegna viðlagatryggingar. Tekjur af þessu álagi á iðgjöld rynnu til ofanflóðasjóðs. Samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum hefur ofanflóðasjóður nú til ráðstöfunar 5% af tekjum af iðgjöldum viðlagatryggingar auk beinna framlaga á fjárlögum. Framlag frá Viðlagatryggingu Íslands hefur verið liðlega 20 m.kr. á ári. Beint framlag á fjárlögum hefur verið liðlega 6 m.kr.

Með þeirri breytingu sem hér er lögð til mundu ráðstöfunartekjur ofanflóðasjóðs vegna tekna af viðlagatryggingariðgjöldum u.þ.b. þrefaldast og hækka úr liðlega 20 m.kr. í tæplega 80 m.kr. Til viðbótar kæmu bein framlög á fjárlögum til sjóðsins.

Þegar höfð eru í huga snjóflóðin í Súðavík þarf vart að hafa mörg orð um nauðsyn þess að endurskoða allt áhættumat vegna snjóflóðahættu og gera átak í snjóflóðavörnum á Íslandi. Með því viðbótarfjármagni sem fengist með þessari lagabreytingu yrði unnt að gera nauðsynlegt átak í þessum efnunum.“

Frumvarpið var samþykkt efnislega óbreytt 24. febrúar 1995 og varð sem fyrr greindi að lögum nr. 36/1995.³⁶³

6.5.4. Frekari umræða stjórnvalda vetur og vor 1995 um regluverk í snjóflóðamálum

Á fundum Ofanflóðanefndar 13. og 27. febrúar 1995 (74. og 75. fundur) var m.a. rætt og ákveðið að koma á fót vinnuhópi til að athuga og gera grein fyrir „nýjum forsendum“ við gerð hættumats.³⁶⁴ Frá sama tíma liggur fyrir bréf Flosa Sigurðssonar, verkfræðings hjá VST, 13. febrúar 1995 til Ofanflóðanefndar þar sem sendar voru, með vísan til áður nefnds fundar nefndarinnar 31. janúar 1995, „hugleiðingar um endurbætur á reiknigrundvelli snjóflóðahættumats“.³⁶⁵ Fram kom í upphafi að hugleiðingarnar vörðuðu hvernig væri hægt að breyta grundvellingnum strax og um leið það mat að til að endurbæta hann með traustari vísindalegri hætti þyrfti viðamiklar rannsóknir. Varðandi það fyrrnefnda, þ.e. hvernig hægt væri að breyta reiknigrundvelli hættumats strax, var í bréfinu m.a. fjallað um þrjár mögulegar leiðir. Þeim var lýst svo:

„1) Ein er sú að miða við þau mestu þekktu flóð sem upplýsingar liggja fyrir í dag en setja á þau ákveðinn álagsstuðul eins og þekkt er að nota við alla burðarvirkjahönnun svo dæmi sé tekið. Erfitt er þó að segja til um stærð þessa stuðuls vegna þess hversu sagan um þekkt flóð er stutt. [...] Hér er ég með í huga að setja álag á snjódyptarstuðul í reiknilíkönunum

362. Frumvarp sem varð að lögum nr. 36/1995 (þskj. 618, 384. mál, 118. löggjafarþing 1994–1995) var lagt fram 7. febrúar 1995. Líkt og komið hefur fram áður um gögn og upplýsingar varðandi lagasetningu eru gögn sem hér er stuðst við um frumvarpið og þinglega meðferð þess aðgengileg opinberlega á vefsvæði Alþingis á þessum tengli: <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/118/384/?tg=118&mnr=384>.

363. Einu breytingunni sem gerð var á frumvarpinu við meðferð þess á Alþingi, samkvæmt breytingartillögu heilbrigðis- og trygginganefndar, var í nefndarálitinu lýst sem „lagatæknilegri“ og hafði ekki áhrif á meginefni frumvarpsins.

364. Á síðari fundurinn var ákveðið að fá fimm vísindamenn í vinnuhópinn. Þeir voru: Helgi Björnsson, Magnús Már Magnússon, Kristján Jónasson stærðfræðingur, Trausti Jónsson veðurfræðingur og Gunnar Guðni Tómasson eðlisfræðingur.

365. Þjóðskjalasafn Íslands. Almennavarnir ríkisins 2010. D-76 (84).

hvort sem er í líkani ÞJ eða Vatnaskila. [...] Ég tek hér dæmi um að auka hefði [þurft] snjódýpt um 15% fyrir feril sem lá til grundvallar hættumati til að ná flóðinu sem féll úr Breiðafelli í fyrra.³⁶⁶ Þá virðist að auka hefði þurft snjódýpt sem lá til grundvallar hættumati í Súðavík um 30% til að ná flóðinu sem féll þar á dögnum. [...]

2) Önnur er sú að hafa norsku aðferðina með þeirra stuðlum ávallt til hliðsjónar og skoða áhrif þess að bæta einu staðalfráviki við. T.d. fæst með því að bæta einu staðalfráviki við að skriðlengdin nær 84% af mestu lengd flóða úr norska datasafninu. Hægt væri t.d. að skoða þessi áhrif nánar og bera saman við niðurstöður úr aflfræðilíkönunum í hverju tilviki í hættumatsvinnu. [...]

3) Þriðja er að nota önnur erlend líkön svo sem PCM, Voellmy-Salm eða önnur. Hins vegar er ekkert sem segir að þau líkön séu neitt ábyggilegri þar sem alltaf þarf að miða við þekkt flóð.“

Á meðal gagna rannsóknarnefndarinnar eru minnispointar Guðjóns Petersen frá fundi í félagsmálaráðuneytinu 9. mars 1995 með fulltrúum ráðuneytisins, Hafsteini Hafsteinsyni, formanni Almannavarnaráðs, og Helga Hallgrímssyni, formanni Ofanflóðanefndar.³⁶⁷ Þar er m.a. skráð að brýnast væri að „koma upp nothæfum reglum um hættumat“ og að fræðimenn yrðu að koma með nýjan grunn að reglunum. Ekkert væri hægt að taka á „vörnum eða húsa kaupum“ nema hættumat liggi fyrir. Einnig sagði þar að endurmeta þyrfti, þ.e. gera nýtt hættumat vegna snjóflóða í Súðavík, á Flateyri og í Hnífsdal. Þá þyrfti að meta, þ.e. gera hættumat, á Ísafirði, í Bolungarvík og á Siglufirði.

Á þessum fundi í félagsmálaráðuneytinu 9. mars 1995 mun þess einnig hafa verið farið á leit að Almannavarnir ríkisins gerðu yfirlit yfir þau verk sem talin væri þörf á að vinna á sviði snjóflóðavarna í kjölfar breytinga á ofanflóðalögum og snjóflóðanna á Vestfjörðum í janúar 1995. Minnisblað Almannavarna ríkisins um þetta, stílað á félagsmálaráðuneytið, er dagsett 20. mars 1995.³⁶⁸ Í minnisblaðinu kom fram að samið hefði verið við sýslumenn um að þeir myndu ræða við sveitarstjórnir um að halda óbreyttu fyrirkomulagi hvað varðaði snjóathuganir, en að nýtt fyrirkomulag yrði tekið upp haustið 1995. Þá væri unnið að því að móta reglur um ráðningarform, búnað og kjör athugunarmanna og var helstu atriðum þar að lútandi lýst nánar. Um hættumat sagði í minnisblaðinu að stofnaður hefði verið áðurnefndur vinnuhópur á vegum ofanflóðanefndar til að endurskoða forsendur fyrir hættumat. Áætlað væri að það myndi taka einhver misseri að ljúka þeirri undirbúningsvinnu sem til þyrfti til að koma með nýjan grunn að hættumati. Um hættumat sagði einnig í minnisblaðinu:

„Hættumat[i] verði haldið áfram á núverandi grunni, með þeim endurbótum sem hægt er að gera á honum strax, vegna mjög mikils þrýstings á lóðaúthlutanir í snjóflóðabyggðum, til viðmiðunar við rýmingar húsa á hættutímum og vegna hugsanlegra varna á móti kaupum á húsum. Breyta má reglum nú þegar til skemmri tíma, og taka tillit til þeirrar óvissu sem í hættumati felst, og alltaf mun verða til staðar þrátt fyrir að nýr grunnur verði lagður, en endanleg fullkomnun fæst aldrei í hættumatið. Gæta verður sérstaklega að því að hættumat tekur ekki á líkindum, sem áhættumat gerir. Óvissumörk verður að skilgreina í nýjum hættumötum og gera grein fyrir þeim í matinu.“

Á fundi Ofanflóðanefndar 20. mars 1995 (76. fundur) var m.a. gerð grein fyrir störfum vinnuhópsins um nýjar forsendur fyrir hættumati og tekið fram að gert væri ráð fyrir að niðurstöðum hans yrði skilað rúmum mánuði síðar. Einnig var þar rætt um „hvernig brúa mætti bilið þar til nýr grunnur [að hættumati lægi] fyrir hvað [varðaði] hættumat í byggðum“. Í fundargerð segir að nefndarmenn hafi verið sammála um að vinna mætti áfram að hættumati samkvæmt þeim nýju reglum sem búið var að gera (þ.e. drögum að nýjum og endurskoðuðum reglum sem legið höfðu fyrir frá áramótunum áður) enda yrði „þess getið við útgáfu á slíku hættumati á hvaða forsendum það væri byggt og þeirra fyrirvara

366. Hér má telja ljóst að átt hafi verið við snjóflóðin á Seljalands- og Tungudal í apríl 1994 sem féllu úr Breiðafelli ofan við Seljalandsdal.

367. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-2-2 (42).

368. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-2-2 (36).

sem um það [giltu]³⁶⁹. Á næsta fundi nefndarinnar 3. apríl 1995 (77. fundur) kom m.a. fram í fundargerð varðandi framkvæmd hættumats fyrir „nýbyggðina í Súðavík“ að búið væri að „vinna gögn um hámarkssnjóðýpt á veðurathugunarstöðvum“.

Af öðrum gögnum rannsóknarnefndar frá apríl 1995 verður annars ráðið að almennt hafi þótt brýnast á þessum tíma að vinna að nýjum grunni fyrir hættumat en um þær mundir var vinnuhópur að störfum um það líkt og komið hefur fram. Þar má nefna að með bréfi félagsmálaráðuneytisins til Ofanflóðanefndar 27. apríl 1995 var vísað til nýlega samþykkrtra breytinga á ofanflóðalögunum 1985 með lögum nr. 50/1995 þar sem ein breyting fæli það í sér að „dregið [væri] fram með ótvíræðum hætti að unnt [væri] að kaupa húseignir í stað annarra varnaraðgerða sem ofanflóðasjóður [fjármagnaði] að hluta eða öllu leyti“. Ljóst væri einnig að ekki væri unnt að fara út í kaup á húseignum nema fyrir lægi hættumat. Því næst sagði að ráðuneytið teldi þýðingarmikið að settar yrðu sem fyrst reglur um forsendur og aðferðir við gerð hættumats og flokka hættusvæða og nýtingu þeirra, þ.e. nýjar reglur um gerð hættumats vegna snjóflóða samkvæmt 3. gr. ofanflóðalaganna 1985. Jafnframt væri nauðsynlegt að sett yrði reglugerð við ofanflóðalögin 1985, þar sem sérstaklega væri brýnt að kveðið væri nánar á um það með hvaða skilyrðum unnt væri að fara út í húsakaup í stað annarra varnaraðgerða. Þess var loks óskað að Ofanflóðanefnd tilnefndi „einn aðila til að vinna að samningu framangreindrar reglugerðar“.

Á fundi Ofanflóðanefndar 15. maí 1995 (80. fundur) kom fram í fundargerð að farið hefði verið yfir drög að reglum um hættumat og forsendur þess og „lokahönd lögð á texta þeirra“. Ákveðið hafi verið að senda drögin til almannavarnaráðs og félagsmálaráðherra til staðfestingar. Einnig segir í fundargerðinni að farið hafi verið yfir „drög að reglum um gerð varnarvirkja og kaup á húsum innan hættusvæða“ og gerð hafi verið grein fyrir „frumdrög[um] að reglugerð um snjóeftirlitsmenn“. Í minnisblaði Guðjóns Petersen til ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins, Húnboga Þorsteinssonar, 29. maí 1995 var gerð grein fyrir stöðu fyrrnefndra þriggja reglugerðardruga á svipaðan hátt og fram kom í síðastnefndri fundargerð Ofanflóðanefndar.³⁷⁰

Gögn rannsóknarnefndarinnar sýna svo að drög að reglugerðinni voru til umræðu og yfirferðar á næstu vikum, allt fram til útgáfu hennar með staðfestingu félagsmálmálaráðherra 21. júní 1995. Hið sama átti við þetta sumar um drög nýrrar reglugerðar sem sérstaklega átti að taka til varnarvirkja og húsakaupa á hættusvæðum en hún var að lokum staðfest síðar þetta sumar, 21. ágúst 1995. Loks tók gildi þetta haust hin þriðja af áðurnefndum fyrirhuguðum reglugerðum, þ.e. sérstök reglugerð varðandi snjóeftirlit. Vikið er í einu lagi að atriðum varðandi þessar reglugerðir í umfjöllun um reglusetningu á þessu ári síðar í þessum kafla.

6.5.5. Breytingar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands og ofanflóðalögum 1985 með lögum nr. 102/1995: fjárbörf ofanflóðasjóðs

Í júní 1995 lagði þáverandi ríkisstjórn á Alþingi fram frumvarp til breytingar á lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, og ofanflóðalögunum 1985. Með frumvarpinu var ætlað að bregðast við frekari fjárbörf ofanflóðasjóðs í kjölfar snjóflóðsins í Súðavík í janúar 1995.³⁷¹

Frumvarpið, sem var tvær efnisgreinar, fól efnislega í sér annars vegar að sérstakt aukaálag á iðgjöld vegna viðlagatryggingar, sem lögfest hafði verið í febrúar sama ár með bráðabirgðaákvæði við lög um Viðlagatryggingu Íslands, yrði hækkað úr 10% í 20%. Hins vegar skyldi 1. tölulíður 10. gr. ofanflóðalaga 1985 varðandi tekjustofna ofanflóðasjóðs breytast þannig að getið yrði þar um áðurnefndan aukatekjustofn og einnig svo að

369. Á sama fundi nefndarinnar var samþykkt að mæla með því að Kristján Jónasson stærðfræðingur, meðlimur í vinnuhópnum, færi í heimsókn til NGI í Noregi „til að fræðast um alla þætti tölfræðilíkans þess sem notað [væri] í Noregi og forsendur þeirra að hættumati“. Á þessum fundi, sem og í öðrum fundargerðum Ofanflóðanefndar og gögnum sem hér hafa verið rakin, komu einnig fram atriði varðandi gerð og framgang hættumats fyrir nýja byggð í Súðavík, þ.e. á landinu sunnan Eyrardalsár sem ný Súðavík var síðan reist á, en þau atriði eru ekki rakin hér sérstaklega.

370. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-2-2 (32).

371. Stjórnarfrumvarpið (þskj. 84, 43. mál, 119. löggjafarþing 1995) var lagt fram 12. júní 1995. Líkt og komið hefur fram áður um gögn og upplýsingar varðandi lagasetningu eru gögn sem hér er stuðst við um frumvarpið og þinglega meðferð þess aðgengileg opinberlega á vefsvæði Alþingis á þessum tengli: <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/119/43/?ltg=119&mnr=43>.

tekjustofn ofanflóðasjóðs frá Viðlagatryggingu Íslands, vegna árána 1995–1999, eða fimm næstu iðgjaldaára, yrði hækkaður úr 5% og upp í 35% af árlegum heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands.

Athugasemdir með frumvarpinu, sem voru stuttar og vitnað er til í heild hér, skýrðu tilefni og tilgang frumvarpsins svo:

„Ljóst er að hörmungunum í Súðavík mun fylgja mun meiri kostnaður en ráð var fyrir gert er ákveðið var að leggja 10% álag á iðgjöld vegna viðlagatryggingar með lögum nr. 36/1995. Að auki hefur víðar orðið tjón þennan vetur eins og öllum er í fersku minni.

Því er talið nauðsynlegt, til þess að mæta þessum aukna kostnaði, að leggja til við Alþingi að breytt verði lögum um Viðlagatryggingu Íslands og lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum á þann veg að næstu fimm árin verði lagt álag á viðlagatryggingariðgjald sem nemur 20%, auk þess sem hlutur Viðlagatryggingar Íslands í ofanflóðasjóði verði aukinn úr 5% af heildariðgjaldatekjum í 35%.

Er gert ráð fyrir að fyrirkomulag verði með þeim hætti að næst þegar innheimt verður samkvæmt nýjum váttryggingasamningum, sem eru andlag iðgjalda viðlagatryggingar, eða eldri samningar koma til endurnýjunar, verði álag jafnframt lagt á. Standi iðgjaldaauki vegna álagsins í fimm iðgjaldaár. Er vonast til að þessar auknu álögur komi til með að skila rúmum 500 milljónum króna á næstu fimm árum.

Til þess að efla snjóflóðavarnir og minnka þannig líkur á því að greiða þurfi tjónabætur síðar vegna snjóflóða er ekki talið óeðlilegt að hlutur ofanflóðasjóðs í heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands sé aukinn eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Miðað við núverandi heildariðgjaldatekjur Viðlagatryggingar Íslands er þannig gert ráð fyrir að hlutur ofanflóðasjóðs í þeim verði um 177 milljónir króna á ári eða sem nemur 885 milljónum króna á næstu fimm árum.

Þannig er alls gert ráð fyrir að ofanflóðasjóður hafi til ráðstöfunar á næstu fimm árum um 1.400 milljónir króna miðað við að bein framlög úr ríkissjóði haldist óbreytt.“

Frumvarpið tók breytingum í meðförum þingsins, en í nefndaráliti efnahags- og viðskiptanefndar voru þær breytingar lagðar til að halda 10% álagi á iðgjöld viðlagatrygginga í samræmi við lög nr. 36/1995 frá því í febrúar 1995. Nefndin lagði hins vegar á móti til að hlutur Viðlagatrygginga í ofanflóðasjóði yrði aukinn um þrjú prósentustig af heildariðgjaldatekjum umfram það sem frumvarpið gerði ráð fyrir, nánar tiltekið þannig að þau yrðu 38% af heildariðgjaldatekjum Viðlagatrygginga Íslands. Ráðstöfunin myndi vara í sex ár, vegna iðgjaldaáranna 1995 til 2000. Áætlað var að breytingarnar myndu leiða til þess að heildartekjur ofanflóðasjóðs næmu samtals um 1.446 milljónum króna á tímabilinu.

Þetta frumvarp var samþykkt á Alþingi 15. júní 1995, í samræmi við breytingartillögu efnahags- og viðskiptanefndar, og tóku lagabreytingarnar gildi með lögum nr. 102/1995 hinn 28. júní 1995.

6.5.6. Reglusetning á sviði ofanflóðalaga á árinu 1995, rannsóknir á nýjum hættumatsaðferðum, snjóflóðahættumat fyrir Súðavík frá ágúst 1995 o.fl.

Eins og áður hefur komið fram voru í undirbúningi framan af árinu 1995 þrjár reglugerðir á sviði ofanflóðamála sem nauðsynlegt taldist að ganga frá sem fyrst á því ári. Annars vegar var þar um að ræða endurskoðaða reglugerð um hættumat vegna snjóflóða, í stað eldri reglugerðar nr. 347/1988 um þau efni, og hins vegar tvær nýjar reglugerðir á grundvelli ofanflóðalaganna 1985.³⁷² Í rammagrein hér á eftir er setningu og efni þeirra lýst frekar í helstu atriðum og að því leyti sem má telja þörf á, umfram það sem þegar er komið fram um aðdraganda þeirra.

Einnig er hér gerð í meginatriðum grein fyrir umræðu á vettvangi Ofanflóðanefndar á þessu ári, sem var síðasta starfsár þeirrar nefndar, um rannsóknir á nýjum hættumatsaðferðum og upplýsingum um helstu gögn rannsóknarnefndarinnar sem snerta þau efni. Þá er fjallað um nýtt snjóflóðahættumat fyrir Súðavík sem lá fyrir í ágúst 1995 og gerð grein fyrir tilteknum atriðum úr gögnum Veðurstofu Íslands frá áliðnu ári 1995.

372. Reglugerð nr. 347/1988 hafði fram til þessa tíma verið eina reglugerðin sem sett hafði verið á grundvelli ofanflóðalaga 1985.

Nýjar eða endurskoðaðar reglugerðir á grundvelli ofanflóðalaga á árinu 1995

Reglugerð nr. 376/1995 um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða

Félagsmálaráðherra staðfesti nýja reglugerð um hættumat vegna snjóflóða 21. júní 1995.³⁷³ Heiti reglugerðarinnar var þá einnig látið taka til nýtingar hættusvæða. Eins og fram hefur komið lágu fyrir við gerð hennar langt komin drög að nýrri reglugerð um þessi efni sem unnin höfðu verið á árunum fyrir snjóflóðið í Súðavík í janúar 1995 en síðustu drög hennar sem fram hafa komið við rannsókn nefndarinnar eru frá 10. janúar 1995.³⁷⁴ Fyrir í þessum kafla hefur einnig komið nánar fram hvernig háttað var síðari vinnu við endurskoðun þessara reglugerða og samningu endanlegrar reglugerðar á fyrstu mánuðum ársins 1995.

Ef umrædd síðustu drög að nýrri reglugerð frá 10. janúar 1995 eru borin saman við endanlega reglugerð nr. 376/1995 sést að í meginatriðum var stuðst við þessi drög áfram en þó með vissum breytingum sem vikið er að hér á eftir. Að öðru leyti og að meginstefnu má telja efni og skipulag endanlegrar reglugerðar að mestu á sömu leið og í fyrri drögnum, hvað varðar atriði sem hér hafa þýðingu, svo sem varðandi skiptingu hættusvæða í tvenns konar svæði.³⁷⁵ Þó má nefna eftirtalin helstu atriði sem sjá má af slíkum samanburði að bættust við með frekari endurskoðun fyrirliggjandi reglugerða á fyrri helmingi árs 1995.

Í 1. gr. endanlegrar reglugerðar, þar sem fjallað var almennt um hættumat, hafði verið bætt við nánari ákvæðum frá því sem áður var fyrirhugað. Þar var í fyrsta lagi um að ræða hvað skyldi koma fram í greinargerð með hættumati, þ.e. umfram „reikningslegar forsendur og önnur þau gögn sem matið byggðist á“. Þessi atriði komu fram í 2. og 3. tölulið 3. mgr. reglugerðarinnar. Annars vegar var þar um að ræða „sögulegar forsendur sem [...] útreikningar [byggðust] á“. Hins vegar var kveðið sérstaklega á um að fram kæmu tölfræðileg líkindi þess að hættumati sýndi „þá hámarksskriðlengd snjóflóða sem búast [mætti] við á 100, 300, 500 og 1000 ára fresti eða fyrirvara varðandi líklegan endurkomutíma“. Í öðru lagi var bætt við, í síðari málsgreinum 1. gr., ákvæðum um að meginniðurstöður fyrrnefndra atriða skyldi færa inn á hættumatskort og að taka skyldi „fullt tillit til hættumats við skipulagningu nýrra svæða“. Einnig var sérstaklega kveðið á um að hættumat skyldi lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögum og að það skyldi lagt til grundvallar við gerð neyðaráætlana.

Í 3. gr. endanlegrar reglugerðar, þar sem fjallað var um snjóflóðasvæði, hafði einnig verið bætt við nýju ákvæði frá síðustu drögnum sem komið höfðu fram fyrir snjóflóðið í Súðavík. Fyrir utan breytingar á orðalagi og framsetningu í fyrstu ákvæðum þar, sem ekki verður séð að hafi falið í sér efnisbreytingar frá fyrri drögum, var þar bætt við eftirfarandi ákvæði í 2. mgr.:

„Ef snjóflóðasaga byggðarlags er ófullnægjandi skal meta snjóflóðafarvegi, snjósöfnun þeirra og annað það sem getur haft áhrif á skriðlengd snjóflóða. Velja skal reiknistuðla fyrir þessa farvegi með hliðsjón af sambærilegum farvegum á öðrum snjóflóðasvæðum. Um þessa farvegi gilda að öðru leyti ákvæði þessarar greinar.“

Ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar, um reiknilíkön, tóku nokkrum orðalagsbreytingum frá eldri drögum 10. janúar 1995 en voru að mestu óbreytt efnislega utan þess að bætt var við ákvæði um að Almannaþingi ríkisins skyldu hafa samráð við Veðurstofu Íslands varðandi viðurkenningu á reiknilíkönunum.

Ákvæði 5. gr., um skilgreiningu og mörk rauðra og gulra hættusvæða, og 6. og 7. gr., um annars vegar rauð og hins vegar gul hættusvæði, voru að efni til óbreytt í meginatriðum frá fyrri drögum en framsetningu þeirra breytt á vissan hátt sem ekki þarf að rekja hér sérstaklega.

Í 8. gr. reglugerðarinnar, um rýmingu hættusvæða, voru gerðar breytingar frá eldri drögnum 10. janúar 1995 í þá átt að hert var á ákvæðunum. Efnislega fólu þær í sér að í stað þess að áður var, í fyrri drögnum, kveðið á um að nýting gulra og rauðra hættusvæða væri bundin skilyrði um að „tryggt“ væri að ef snjóflóðahætta skapaðist væri tafarlaust „unnt“ að vara fólk á svæðinu við, rýma svæðið og loka því fyrir umferð fólks var þess í stað í endanlegri reglugerð notað orðið „skal“ og þannig mælt fyrir um skyldu til viðvörunar, rýmingar og lokunar svæðanna fyrir allri umferð fólks. Einnig var bætt þar við heimild til að rýma stærra svæði en skilgreint hættusvæði ef ástæða væri til að mati lögreglustjóra.

373. Reglugerð nr. 376/1995, um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða, sem ekki er lengur í gildi, er aðgengileg opinberlega á vefsvæðinu island.is/reglugerdir/nr/0376-1995. Sjá umfjöllun í kafla 4.7 hér á undan. Eins og þar kom fram eru birt með skýrslu rannsóknarnefndarinnar síðustu drög að endurskoðaðri reglugerð sem þá lágu fyrir, þ.e. drög sem send voru með bréfi félagsmálaráðuneytisins 10. janúar 1995 eftir yfirferð ráðuneytisins.

374. Sjá umfjöllun í kafla 4.7 hér á undan. Eins og þar kom fram eru birt með skýrslu rannsóknarnefndarinnar síðustu drög að endurskoðaðri reglugerð sem þá lágu fyrir, þ.e. drög sem send voru með bréfi félagsmálaráðuneytisins 10. janúar 1995 eftir yfirferð ráðuneytisins.

375. Hér má því til fyllingar vísa að tölverðu leyti til fyrri umfjöllunar um endurskoðun reglnanna frá árinu 1990 til upphafs ársins 1995.

Ákvæði 9. gr. reglugerðarinnar, um breytingu á mörkum hættusvæða og varnarvirki, tóku ekki umtalsverðum efnisbreytingum þarna á milli nema hvað bætt var við ákvæði í lok greinargerðarinnar um að sveitarstjórn bæri ábyrgð á viðhaldi varnarvirka og að virkni þeirra rýrnaði ekki. Einnig kom þar fram að Almannavarnir ríkisins gætu breytt mörkum hættusvæða ef gildi varnarvirka hefði rýrnað.

Með setningu þessarar nýju reglugerðar var svo einnig eðli máls samkvæmt felld úr gildi fyrri reglugerð nr. 347/1988, um hættumat vegna snjóflóða, sem gilt hafði þá óbreytt frá setningu hennar 21. júní 1988.

Reglugerð nr. 440/1995, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

Á þessu ári hafði eins og fram hefur komið einnig verið í undirbúningi ný reglugerð sem sérstaklega átti að fjalla um atriði varðandi varnarvirki gegn ofanflóðum og má vísa til fyrri umfjöllunar um umræðu og sjónarmið sem fram höfðu komið í því sambandi. Sú reglugerð var að endingu sett 2. ágúst 1995, samkvæmt heimild í 14. gr. ofanflóðalaga 1985, með undirritun félagsmálaráðherra þann dag.³⁷⁶

Í þessari reglugerð komu fram nánari ákvæði um tillögur sveitarfélaga að varnarvirkjum, þ.e. til viðbótar ákvæðum um sömu efni sem lög in höfðu að geyma, m.a. um forsendur fyrir tillögum, fylgigögn og meðferð tillagnanna, um framkvæmdir vegna varnarvirka og um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga þar að lútandi. Í reglugerðinni voru að þessu leyti m.a. sérstaklega afmörkuð og útfærð nánar ákvæði varðandi heimild sveitarfélags til að leggja til kaup eða flutning á húseignum í stað þess að byggja varnarvirki ef það væri talið hagkvæmara til að tryggja öryggi íbúa á hættusvæðum. Einnig var þar í 10. gr. sérstakt ákvæði um nýtingu keyptrá húseigna, sem væri háð samþykki Almannavarna ríkisins og lögreglustjóra.

Reglugerð nr. 533/1995, um eftirlit með hættu á snjóflóðum

Loks var á þessu ári sett ný reglugerð sem sérstaklega tók til atriða varðandi snjóeftirlit og störf athugunarmanna með snjóflóðahættu.³⁷⁷ Félagsmálaráðherra staðfesti reglugerðina með undirritun 6. október 1995 og kom fram í 13. gr. hennar að hún væri sett í samráði við Almannavarnir ríkisins, dómsmálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið með heimild, sem ekki var nánar tilgreind, í ofanflóðalögum 1985. Í reglugerðinni er kveðið á um reglur varðandi ráðningu athugunarmanna, störf þeirra, þjálfun, búnað, starfskjör og greiðslur ofanflóðasjóðs vegna starfans en ekki telst þörf til að víkja nánar og sérstaklega að efni hennar hér.

Eins og fram hefur komið var um mitt ár 1995 tekinn til starfa vinnuhópur vísindamanna sem sérstaklega var ætlað að rannsaka og gera grein fyrir „nýjum forsendum“ við gerð hættumats. Hér var um að ræða starf sem síðar átti eftir að þróast nánar og hafa verulega þýðingu til framtíðar fyrir skipan og tilhögun verkefna á sviði ofanflóðamála. Rétt þykir því að gera grein fyrir helstu atriðum sem fyrir liggja í gögnum rannsóknarnefndarinnar um framgang þessarar vinnu á árinu 1995 en ljóst má telja af fyrri umfjöllun, sem og öðru sem fram kemur hér á eftir í þessum kafla, að þarna var eða reyndist a.m.k. um að ræða langtímaverkefni með tilliti til framtíðartilhögunar mála á þessu sviði.³⁷⁸

Á meðal gagna rannsóknarnefndarinnar er skýrsla Kristjáns Jónassonar stærðfræðings um ferð hans til Noregs sem Ofanflóðanefnd hafði, líkt og áður kom fram, samþykkt í mars 1995 að hann færi í. Yfirskrift skýrslunnar, sem er tímasett í apríl 1995, ber með sér þann tilgang ferðarinnar að afla upplýsinga frá Norðmönnum um hvernig þeir stæðu að snjóflóðarannsóknum.³⁷⁹ Skýrslan er 14 blaðsíður að lengd og hefur að geyma, auk upplýsinga um ferðina sjálfa, ítarlega og fræðilega umfjöllun um stöðu þessara mála í Noregi og forsendur sem þar væru lagðar til grundvallar snjóflóðarannsóknum og snjóflóðavörnum. Umfjöllunin tók mið af spurningum Ofanflóðanefndar sem svara hafði verið óskað við og voru þau sett fram með spurningunum sjálfum í skýrslunni. Auk þess komu fram spurningar skýrsluhöfundar sjálfs og Gunnars G. Tómassonar verkfræðings

376. Þessi reglugerð, sem ekki er lengur í gildi, virðist ekki vera aðgengileg í reglugerðarsafni á vefsvæðinu island.is. Afrit af birtu eintaki reglugerðarinnar í Stjórnartíðindum frá þessum tíma má hins vegar nálgast á vefsvæðinu urlausnir.is gegnum eftirfarandi tengil: <https://urlausnir.is/merkimidar/222268>.

377. Reglugerð nr. 533/1995, um eftirlit með hættu á snjóflóðum, er aðgengileg opinberlega á vefsvæðinu island.is gegnum þennan tengil: <https://island.is/reglugerdir/nr/0533-1995>.

378. Áréttá ber að yfirlit um þessa vinnu hér tekur einungis til helstu áfanga í henni sem gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar endurspegla á annað borð. Ekki eru hér tók á að fara náið ofan í einstök atriði í þessari vinnu en ljóst er af gögnum og upplýsingum rannsóknarnefndarinnar sem og eðli viðfangsefnanna sjálfra að hún reyndist flókin og margslungin tæknilega sem og tímafrekari en fyrst var gert ráð fyrir, þ.e. teygði sig fram á næstu ár á eftir.

379. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2011. B-13 (174).

og svör við þeim, en þar var m.a. um tæknileg atriði að ræða, þ.e. vísindalegar aðferðir og forsendur við snjóflóðarannsóknir, einkum vegna reiknilíkana. Í kafla um helstu niðurstöður skýrslunnar segir m.a.:

„Undirritaður telur að snjóflóðavarnir og -rannsóknir séu í nokkuð góðu horfi í Noregi. Hér í skýrslunni kemur fram að miðað við fólksfjölda tapast á Íslandi um 6-falt fleiri mannlíf í bæjum og tvöfalt fleiri utan bæja. Efnahagslegur skaði er væntanlega umtalsvert meiri hér á landi líka. Norðmenn hafa á NGI átta manna deild sem sinnir snjóflóðamállum eingöngu, auk þess sem bæði norska vegagerðin og veðurstofan sinna þeim.“

Fram kemur einnig varðandi kort sem Norðmenn hefðu gert og fært inn svæði þar sem hætta væri á snjóflóðum að á kortum fyrir kaupþún og bæi þar sem hætta væri mest væru dregnar hættulínur fyrir 333 ára og 1000 ára endurkomutíma snjóflóða. Einnig sagði í niðurstöðukaflanum:

„Einn aðalmunur á stöðu mála á Íslandi og í Noregi varðar löggjöf og reglugerðir, sem virðast vera í mun betra horfi í Noregi. Þar eru í fyrsta lagi tiltekin skynsamleg mörk á ásættanlegum endurkomutíma, en kannski er enn mikilvægara að hættumat er þar framkvæmt af óháðum aðila, nefnilega NGI, og þegar þeir hafa teiknað hættulínur inn á kort þá þýðir lítið fyrir sveitarstjórnir að þrátta – hættumat NGI er í reynd lög.“

Á fundi Ofanflóðanefndar 4. júlí 1995 (83. fundur) var kynnt ný skýrsla vinnuhópsins (sem kallaður var þar starfshópur) með yfirskriftinni „Framtíð snjóflóðavarna“. Samkvæmt fundargerð var skýrslan rædd og ákveðið að taka hana fyrir að nýju á næsta fundi nefndarinnar. Þessi skýrsla liggur fyrir meðal gagna rannsóknarnefndarinnar. Full yfirskrift hennar er „Framtíð snjóflóðavarna – greinargerð vinnuhóps um endurbætur á snjóflóðarannsóknnum“.³⁸⁰

Í inngangi skýrslunnar er tilurð hennar og efni m.a. lýst svo að hún varði stöðu snjóflóðavarna á Íslandi og leiðir til úrbóta. Varnir þessar ná annars vegar yfir spár um yfirvofandi snjóflóðahættu og hins vegar mat á legu hættusvæða. Þessu tvennu er lýst nánar svo í innganginum:

„Snjóflóðaspár eru byggðar á þekkingu á eðli snjóflóða og reynslu af tengslum snjóflóða, veðurs, styrks og festu snjóþekju í fjallshlíð. Hér á landi er þekking um eðli snjóflóða veruleg, reynslan af spám nokkur og upp kominn vísir að víðtækri gagnaoöflun. Með auknum rannsóknnum á orsökum snjóflóða yrðu snjóflóðaspár hins vegar mun markvissari en nú er. Mikilvægt er að öðlast meiri reynslu með því að vinna frekar úr veðurgögnum frá liðnum tíma um aðdraganda snjóflóða og jafnframt að auka staðbundnar athuganir og eftirlit á snjóflóðasvæðum. Hér er því gerð grein fyrir áætlun um hvernig standa mætti að þessu verki.“

Mat á legu hættusvæða hefur verið unnið með tiltækum gögnum um skriðlengd snjóflóða, en þau ná aðeins yfir nokkra áratugi og óvíða lengra en 100 ár. Hættumatið lýsir því aðeins atburðum sem gögn eru til um og gefur óljósa mynd af hættu á komandi áratugum og öld. Þá er hættumatið mismunandi strangt eftir byggðarlögum vegna þess að heimildaskrár um snjóflóð eru mislangar og mismunandi nákvæmar. Hættumatið afmarkar því ekki örugg svæði þegar upp koma aðstæður sem ekki voru í grundvelli að matinu og þess vegna er reynt að fylgjast stöðugt með yfirvofandi snjóflóðahættu og endurmeta í ljósi þess hvar hætta sé og hvort rýma skuli byggð. Þannig hefur þess verið vænt að stöðugt eftirlit með snjóflóðahættu bæti úr því sem vantar á hættumatið. Þetta getur reynst árangursríkt hvað varðar öryggi fólks – en það breytir ekki annmörkum núverandi hættumats hvað snertir skipulag byggðar. Þess vegna var okkur falið að vinna að tillögum um leiðir til þess að ná bættu mati á snjóflóðahættu. Annars vegar til þess að ná betri tókum en nú er á þeim aðferðum sem notaðar hafa verið og hins vegar með því að leggja fram fræðilegan grunn að aðferðum sem beita mætti til þess að meta líkur á snjóflóðum betur en nú er gert. Í þessari greinargerð eru því settar fram tillögur um hvernig meta megi endurkomutíma snjóflóða á hverjum stað fyrir sig í þéttbýlisstöðum og ennfremur hvernig síðan megi meta áhættu íbúa á snjóflóðasvæðum. Hér er því um að ræða tillögur að nýjum aðferðum við mat á snjóflóðahættu. Að fengnum niðurstöðum af því starfi ætti stjórnvöldum að vera auðveldara en nú að marka stefnu um ásættanlega áhættu vegna snjóflóða.“

380. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2011. B-13 (209). Höfundar skýrslunnar eru tilgreindir meðlimir vinnuhópsins, þ.e. Gunnar Guðni Tómasson, Helgi Björnsson, Kristján Jónasson, Magnús Már Magnússon og Trausti Jónsson. Útgefendur: Háskóli Íslands og Veðurstofa Íslands – Júní 1995. Skýrslan er birt með skýrslu rannsóknarnefndarinnar í [viðauka 6.1](#).

Í skýrslunni er svo fjallað nánar um og lýst sjónarmiðum og tillögum vinnuhópsins um þessi tvö atriði, snjóflóðaspar og hættumat. Um er að ræða fremur ítarlega og á köflum tæknilega umfjöllun, einkum þá um hættumat, og er því hér vísað nánar til skýrslunnar sjálftrar að þessu leyti en hún er birt með skýrslu rannsóknarnefndarinnar eins og vísað hefur verið til.

Frá fundi Ofanflóðanefndar 18. september 1995 (85. fundur) kemur m.a. fram í fundargerð að fulltrúar vinnuhópsins sem ynni að nýjum hættumatsaðferðum hefðu komið á fundinn til að kynna framgang verksins. Um það er m.a. bókað í fundargerðinni:

„Í umræðum við þá kom fram að gallarnir við gerð núverandi hættumats séu þeir að þar sem forsendur þess miðist eingöngu við snjóflóðasögu viðkomandi byggðarlags, sem er bæði stutt og ófullkomin, sé ógjörningur að meta endurkomutíma snjóflóða á gefnum svæðum. Sé það reynt verður núverandi endurkomutími of lágur til þess að hann geti verið ásættanlegur þar sem snjóflóðasaga viðkomandi staða er ekki nema 20–100 ár og inniheldur ekki „aftakflóð“. Því verði hættumat með núverandi aðferðum of tilviljanakennt.

Hugmyndi[r] vinnuhópsins ganga út á að koma með aðferðir og forsendur til að spá fyrir um endurkomutíma snjóflóða og út frá því að skilgreina mismunandi áhættu í korti.“

Á næstu fundum Ofanflóðanefndar 29. september og 2. og 9. október 1995 (85.–87. fundur) var m.a. samkvæmt fundargerðum farið yfir tillögur að nýju hættumati fyrir Flateyri sem til vinnslu var á þeim tíma, fjallað um snjóflóðavarnir á Flateyri að tilteknu leyti og teknar fyrir tillögur Súðavíkurhrepps að valkostum í snjóflóðavörnum fyrir byggðina ásamt tillögum varðandi kaup á húsum vegna snjóflóðahættu.³⁸¹

Eins og fram hefur komið og alkunna má telja féll svo skömmu síðar, 26. október 1995, snjóflóðið á Flateyri þar sem 20 manns létust og mikið eignatjón varð.

Á þessum tíma kom fram frá áður nefndum vinnuhópi áfangaskýrsla um mat á meðaltíðni snjóflóða, með þeirri yfirskrift, sem samin hafði verið vegna yfirstandandi vinnu hópsins að endurbótum á forsendum hættumats.³⁸² Í inngangi áfangaskýrslunnar var vísað til verk lýsingar 26. apríl 1995 og lýst uppbyggingu og meginefni hennar.³⁸³ Fyrir utan lýsingar á forsendum og aðferðum við framkvæmd verksins, þar á meðal gögnum og gagnaöflun um íslensk snjóflóð, hafði skýrslan annars að geyma fræðilega og tæknilega umfjöllun um reiknilíkön sem notuð voru í verkefninu, niðurstöður um aðlögun líkananna að norskum og íslenskum snjóflóðum og hugtakið rennislisstig, sem samkvæmt lýsingu í innganginum hafði að geyma hugmyndir höfunda um hvernig snjóflóðagögnin og líkönin myndu best nýtast við hættumat.

Á meðal gagna rannsóknarnefndarinnar er einnig skjal sem ber með sér að vera fylgibréf Kristjáns Jónassonar með ofangreindri áfangaskýrslu. Það er dagsett 26. október 1995 og undirritað af honum.³⁸⁴ Í því er vísað til áfangaskýrslunnar, sem sé meðfylgjandi bréfinu, og því næst m.a. tekið fram:

„Við teljum að núverandi aðferðir séu byggðar á röngum grunni. Þegar hætta er metin fyrir ákveðna byggð þá er aðeins skoðuð snjóflóðasaga þeirrar byggðar en ekkert athugað hve langt snjóflóð hafa fallið annars staðar á landinu, ekki einu sinni í nágrannabyggðum. Þess vegna verða gögnin sem hættumatið er byggt á allt of takmörkuð.

Með aðferðunum sem lýst er í meðfylgjandi skýrslu verður hægt að grundvalla mat á því hversu langt flóð kunni að renna á snjóflóðum sem fallið hafa alls staðar á landinu en ekki einungis á flóðum sem fallið hafa á þeim stað sem verið er að meta hættuna á. Matið byggir því á stærri og þar með marktækari gagnagrunni. Unnt verður að reikna svonefnt

381. Þar sem fyrir liggur að tillögur um snjóflóðavarnamannvirki í Súðavík komu svo ekki til framkvæmda þykir ekki sérstakt tilefni til að fjalla hér um tillögur eða hugmyndir að þeim sem uppi voru á þessum tíma. Einnig má taka fram að á næstu fundum Ofanflóðanefndar út þetta ár, sem var síðasta starfsár nefndarinnar, kemur m.a. fram í fundargerðum að málefni Flateyrrar hafi komið til umræðu, þar á meðal vegna snjóflóðsins sem þar hafði fallið og varðandi nýtt hættumat þar og framkvæmd og forsendur við gerð þess. Í ljósi afmörkunar rannsóknar rannsóknarnefndarinnar verða þau atriði hins vegar ekki rakin hér.

382. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2011. B-13 (227). Skýrslan var dagsett 24. október 1995. Höfundar voru tilgreind Gunnar Guðni Tómasson, Kristín Friðgeirsdóttir, Kristján Jónasson og Sven Þ. Sigurðsson en útgefandi Háskóli Íslands.

383. Verklýsingin er einnig meðal gagna rannsóknarnefndarinnar (Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-76 (124)) en ekki telst sérstök þörf til að rekja hana hér.

384. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-76 (83).

rennslisgildi fyrir þekkt snjóflóð, en rennslisgildi er mælikvarði á rennslisaðstæður og er óháður lögun brekkunnar. Jafnframt má fyrir hvern stað þar sem snjóflóðahætta kann að vera á reikna hve hátt rennslisgildi þurfi til að færa þann stað í kaf.“

Í fundargerð Ofanflóðanefndar 31. október 1995 (89. fundur) kemur m.a. fram að gerð hafi verið grein fyrir fundi fulltrúa nefndarinnar með vinnuhópnum, þar sem m.a. hefði verið lögð fram „skýrsla Kristjáns Jónssonar um framgang verksins“.³⁸⁵ Stöðu verksins var svo lýst í fundargerðinni með almennum orðum:

„Fram kom að meginverkefni hópsins er að reyna að finna aðferðir til að beita gögnum um snjóflóð til að brúa bilið á milli snjóflóðasvæða við gerð hættu- eða áhættumats. Hugmynd þeirra er að hugsanlega megi nota gögn af öllu landinu til að meta áhættu á gefnum stað. Vinnuhópurinn telur að meiri tíma þurfi að verja til að finna leið til að gera kort með mismunandi áhættumörkum, sem byggð yrðu á líklegum endurkomutíma snjóflóða, en áætlað var í upphafi. Því leggur hópurinn til að í ljósi síðustu atburða verði að leggja kapp á að finna rennslisstuðul snjóflóða og að gera sérstök kort með rýmingarmörkum fyrir snjóflóðabyggðir. Kortin verði notuð í vetur til að meta rýmingarþörf og svæði þegar snjóflóðahætta skapast. Vinnuhópurinn telur að unnt verði að ljúka kortlagningu fyrir helstu snjóflóðasvæðin um áramótin 95/96.“

Rétt er einnig að gera hér í helstu atriðum grein fyrir nýju hættumati vegna snjóflóða fyrir byggðina í Súðavík, sem á þessu stigi á miðju ári 1995 eða fljótlega eftir það var í reynd hægt að vísa til sem „gömlu byggðarinnar“ í Súðavík í ljósi flutnings íbúabyggðar suður fyrir Eyrardalsá í „Nýju Súðavík“ sem þá var í burðarliðnum.

Í ágúst 1995 skilaði verkfræðistofan VST nýju hættumati vegna snjóflóða fyrir Súðavík. Á meðal gagna rannsóknarnefndarinnar eru ýmis gögn varðandi þetta hættumat, þar á meðal greinargerð og hættumatskort, sem aflað var frá verkfræðistofunni Verkís.³⁸⁶ Þau gögn eru birt með skýrslunni eins og vísað verður nánar til.

Greinargerð vegna hættumatsins er tímasett á forsiðu í ágúst 1995 (nánari dagsetning samkvæmt niðurlagi greinargerðarinnar er 15. ágúst 1995) og ber yfirskriftina „Snjóflóðahættumat fyrir Súðavík“.³⁸⁷ Í inngangi hennar kemur fram að Almannavarnir ríkisins hafi falið VST að gera hættumatið í júní 1995 og það hafi verið unnið að mestu af Flosa Sigurðssyni verkfræðingi en einnig hafi Aðalsteinn Pálsson komið að vinnunni að tilteknu leyti. Lýst er gögnum sem legið hafi til grundvallar og reiknilíkönum sem notuð hafi verið. Þar eru nefnd svonefnd PCM- og BLD-líkön, „THJ líkanið“, „GGT-líkanið“ og „McClung og Mears líkanið“ og þeim nánar lýst í stuttu máli, þar sem m.a. kemur fram efnislega að síðastnefndu tvö líkönin hafi af tilgreindum ástæðum aðeins verið höfð til hliðsjónar eða viðmiðunar.³⁸⁸ Í köflum um annars vegar landfræðilegar aðstæður og hins vegar snjósofnun í Súðavíkurhlíð í greinargerðinni segir m.a.:

„Súðavíkurhlíð nefnist hliðin ofan við núverandi byggð. [...]

Ofan við byggðina er land nokkuð flatt. Sem dæmi má nefna að þar sem flóðið féll 16.01.1995 nær landið 10° landhalla um 400 m frá sjó. Þegar komið er í um 150 – 175 m y.s. eða um 400 m ofan núverandi byggðar, er landhalla orðinn um 30° sem er nægjanlegt til að snjóflóð geta farið af stað. Í 250 til 325 m y.s. er brattinn orðinn um 40 – 45°, þar fyrir ofan minnkar landhalla nokkuð og er um 30 – 39°. Efst í hliðinni, ofan við 400 m y.s., er bratt klettabelti með litlum gilskorningum. Gilskorningar þessir eru yfirleitt af svipaðri stærð en þó eru einstaka sem mynda nokkra skál efst í hliðinni og er einmitt ein slík þar sem flóðið 16.01.1995 er talið eiga upptök sín. Ferlar nr. 8, 9 og 10 eru á þessu svæði.

[...]

385. Ekki er lýst nánar hvað hér var um að ræða nákvæmlega en samkvæmt samhengi og tímasetningu má telja sennilegt að hér hafi verið vísað til áður nefnds fylgibréfs Kristjáns 26. október 1995 með nýútgefninu áfangaskýrslu hans og fleiri sem rakin var hér á undan.

386. Skjalasafn verkfræðistofunnar Verkís. Gögn afhent 19.–21.2.2025. Eins og áður hefur verið vísað nánar til varðandi gögn rannsóknarnefndar frá verkfræðistofunni Verkís varð það fyrirtæki til með sameiningu fleiri verkfræðistofa, þ. á m. VST.

387. Greinargerðin með hættumatinu er birt í [viðauka 6.2](#) með skýrslunni.

388. Eins og fram kemur í meginmáli koma í umræddri greinargerð frá ágúst 1995 fram í stuttu máli nánari lýsingar á þessum líkönum. Einnig má vísa til þess að í umfjöllun í 4. kafla í skýrslu rannsóknarnefndarinnar kom m.a. fram að PCM- og BLD-líkönin voru notuð við gerð hættumats fyrir Súðavík árið 1988. „THJ líkanið“ var annað nafn sem notað var yfir svonefnt „reglugerðarlíkan“, þ.e. líkan Þorsteins Jóhannessonar verkfræðings frá 1986 en „GGT-líkanið“ (sem þannig var kennt við Gunnar Guðna Tómasson verkfræðing) var endurbætt líkan verkfræðistofunnar Vatnaskila sem unnið var að á næstu árum fyrir snjóflóðið í tengslum við endurskoðun reglugerðar um hættumat vegna snjóflóða. Um bæði síðastnefnd líkön hefur áður verið fjallað á viðeigandi stöðum í 4. kafla skýrslunnar.

Efst á fjallinu [ofan byggðarinnar] er nokkur slétta og þegar vindur er af norðan og sérstaklega af norðvestan nær að skafa snjó fram af sléttunni og safnast hann fyrir efst í fjallinu.

Þar sem talið er að flóðið frá 16.01.1995 hafi átt upptök sín er nokkuð grunn skál í hlíðinni og safnast þar fyrir snjór í norðan og norðvestan áttum. Hnúkurinn uppi á sléttunni rétt þar fyrir ofan beinir síðan skafrenningi niður á umrætt upptakasvæði (ferlar 8, 9 og 10) þegar vindur snýst til norðvesturs. [...]“³⁸⁹

Í kafla um niðurstöður útreikninga kemur m.a. fram að „[r]áðandi flóð varðandi forsendur“, þ.e. við útreikninga vegna hættumatsins, hafi verið snjóflóðin úr Traðargili 18. desember 1994 og úr Súðavíkurhlíð 16. janúar 1995. Í umfjöllun um Súðavíkurhlíð í þeim kafla kemur m.a. fram að þar séu skráð fimm þekkt flóð og „fróðlegt [sé] að taka eftir að þau elstu [séu] frá 1983“. Einnig segir:

„Skoðaðar voru forsendur fyrir reiknilíkönin þrjú sem þurfa að vera fyrir hendi til að ná flóðinu frá 16/01/1995. Sams konar könnun var gerð vegna flóðsins frá 06/01/1983 til að fá fram hversu mikill munur er á forsendunum og til að átta sig á viðkvæmni ferlanna fyrir breytingum á forsendum.“

Af nánari umfjöllun um þetta og samanburði milli þessara tveggja flóða miðað við reiknilíkönin þrjú (THJ-, PCM- og BLD-líkönin) má m.a. ráða að snjódyptarstuðull („d“) hafi þurft að vera 3,4 (þ.e. metrar) til að útreikningur með THJ-líkani („reglugerðarlíkaninu“) næði úthlaupslengd (skriðlengd) flóðsins 16. janúar 1995 en sami stuðull hafi verið 2,5 (metrar) til að ná úthlaupslengd flóðsins 6. janúar 1983. Fyrir PCM- og BLD-líkanið eru með samsvarandi hætti teknar fram þær forsendur og gildi sem þyrfti til að útreikningar samkvæmt þeim næðu þessum tveimur flóðum, þ.e. „M/D“ fyrir PCM líkanið og „meðalgildi α [...] að frádregnu 1,8 SD“ fyrir BLD líkanið.³⁹⁰ Í beinu framhaldi er tekið fram:

„Samkvæmt þessu þarf snjódyptarstuðullinn „d“ fyrir flóðið í vetur að vera 36% hærri en til að ná flóðinu frá 1983. Gildi á hlutfallinu M/D þarf hins vegar að vera um 47% hærri. Flóðið í vetur er um 140 m lengra en flóðið frá 1983. Ef litið er til hornsins α er það um 2,0° minna fyrir flóðið árið 1995 en 1983, sem er um það bil staðalfrávik í norsku rannsókninni á flóðunum 200.“³⁹¹

Eftir frekari umfjöllun, m.a. með samanburði við líkönin tvö sem áður kom fram að notuð hefðu verið til hlíðsjónar samhliða fyrrnefndum þremur líkönum, kemur svo fram sú niðurstaða að ákveðið hafi verið að nota nánar tilgreinda stuðla sem forsendu fyrir hættumati í Súðavíkurhlíð fyrir reiknilíkön sem unnið væri með. Fyrir THJ-líkanið var þar gefinn upp snjódyptarstuðullinn 3,5 (metrar).³⁹²

Í síðasta kafla greinargerðarinnar er fjallað um afmörkun hættusvæða. Þar er efnislega vísað til meðfylgjandi hættumatskorts með greinargerðinni um legu lína sem afmarki rauð og gul svæði. Kaflanum lýkur á þessum orðum:

„Þetta hættumat sem hér hefur verið unnið og gerð er grein fyrir í þessari skýrslu gefur mörk á rauðu svæði mun neðar en gert var í eldra mati. Mismunurinn liggur í nýjum upplýsingum um flóð en eldra mat var unnið út frá eldri reglugerð þar sem kveðið var á um að miða við þekkt flóð. Í þessu nýja mati er einnig komið gult svæði sem ekki var í því eldra sem og að gerð er tilraun til að meta þá áhættu sem flóðmörk samkvæmt þessu hættumati gefa.“

Hættumatskort fyrir Súðavík frá ágúst 1995 er einnig birt með skýrslu rannsóknarnefndarinnar.³⁹³ Eins og fram hefur komið afmarkar það annars vegar rautt hættusvæði og hins vegar gult hættusvæði og hvar mörk þeirra liggja. Hvað varðar „gömlu byggðina“ í Súðavík undir Súðavíkurhlíð (og raunar töluvert stærra svæði þar í kring) má sjá af kortinu

389. Þess má geta hér að umræddan hnjúk uppi á sléttu Súðavíkurfjalls ofan „gömlu byggðarinnar“ í Súðavík má t.d. sjá á loftmyndum Mats Wibe Lund af Súðavík frá árunum 1995 og 1997 sem birtar eru m.a. í svonefndum snjóflóðaánnál Væðurstofunnar fyrir Súðavík frá janúar 2003 (Snjóflóð í Súðavík) sem vísað hefur verið til fyrir í skýrslunni og má nálgast á vefsvæði Væðurstofunnar á þessum tengli: https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/su/su_annal.pdf.

390. Varðandi forsendur fyrir BLD-líkanið kemur einnig fram sú skýring að „SD“ standi fyrir staðalfrávik.

391. Í texta þessarar tilvitnunar í greinargerðinni stendur ártalið „1993“ í stað ártalsins 1983 en það er leiðrétt hér enda má telja það augljósa villu.

392. Varðandi aðra umfjöllun í greinargerðinni og til frekari skýringar eða fyllingar því sem hér hefur verið reifað vísað til greinargerðarinnar sjálfar sem birt er með skýrslunni eins og fram hefur komið.

393. Hættumatskortid er birt í [viðauka 6.3](#) með skýrslu rannsóknarnefndar.

að rautt svæði nær þar til sjávar, þ.e. að öllu leyti nema við höfnina og hafnarsvæðið. Þar er merkt gult hættusvæði en á því er m.a. hús Frosta hf. þar sem rautt svæði nær að framhlið hússins og gult tekur við fyrir neðan.

Á meðal gagna rannsóknarnefndarinnar eru loks gögn frá Veðurstofu Íslands frá október 1995 sem bera með sér að varða mat Veðurstofunnar á stöðu og horfum í snjóflóðamálum á þeim tímavarki og æskilegar leiðir til úrbóta enda þótt nánara samhengi þessara gagna hafi annars ekki komið skýrlega fram við rannsóknina.³⁹⁴ Í þeim koma einnig fram önnur atriði sem vert er að geta um hér.

Annars vegar er þarna um að ræða minnisblað Magnúsar Más Magnússonar 9. október 1995 til þáverandi ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytisins, Magnúsar Jóhannessonar.³⁹⁵ Líkt og minnisblað þáverandi veðurstofustjóra frá lokum sama mánaðar sem vikið er að hér á eftir má ráða af efni minnisblaðs Magnúsar Más að það varði stöðu og galla þáverandi kerfis snjóflóðavarna. Í upphafi þess var vakin athygli á atriðum í því sambandi sem tengdust samskiptum hans af hálfu Veðurstofunnar við almannavarnakerfið í aðdraganda snjóflóðsins í Súðavík í janúar sama ár, sem og almennu skipulagi þeirra mála, nánar tiltekið svo:

„Aðfaranótt 16. janúar 1995 ræddi ég mikið við formann Almannavarnanefndar Súðavíkur. Síðar kemur í ljós að ég hefði átt að ræða við fulltrúa sýslumanns í nefndinni. Það verður að komast á hreint hver er í forsvari og hvern við eigum að hafa samskipti við. Nauðsynlegt er að fullt samræmi sé í þessu.

[...]

Eins og málum er nú háttáð er formlega leiðin að hafa samband við Almannavarnir ríkisins, sem síðan hafa samband við Almannavarnanefndir staðanna. Er ekki rétt að VÍ hafi beint samband heim í hérað og ræði formlega við heimamenn. Ekki ræða óformlega um ástandið við heimamenn, síðan tilkynna AVR formlega sem síðan hefur aftur formlegt samband heim í hérað. Hver er þá tilgangur AVR?“

Í minnisblaðinu sagði einnig um stöðu snjóathugana almennt, og má ráða af samhengi að átt hafi verið við tímamann fram að snjóflóðinu í Súðavík, að snjóeftirlit hefði verið „alls ekki nógu markvisst og [...] sums staðar lítið sem ekkert“.

Ásamt þessu liggur hér fyrir nokkru lengra minnisblað þáverandi veðurstofustjóra sem er dagsett 31. október 1995.³⁹⁶ Yfirskrift þess er „Staða snjóflóðavarna á Veðurstofunni í október 1995“. Það er ekki stílað á tiltekinn viðtakanda og verður hið sama ekki sérstaklega ráðið af samhengi þess en í samræmi við yfirskriftina er þar farið yfir helstu atriði varðandi stöðu þessara mála á Veðurstofunni þá, hún borin saman við stöðuna fyrir ársbyrjun 1995 og sett fram sjónarmið og tillögur um úrbætur á þessu sviði. Fyrst var þar fjallað um framfarir sem orðið hefðu, eða það helsta sem hefði „áunnist á árinu“, og þar m.a. talað um að með ákvörðun um aukið fjármagn til snjóflóðavarna hefði verið „viðurkennd nauðsyn þess að gera þessum þætti í starfsemi Veðurstofunnar hærra undir höfði“. Einnig var vikið í þessu sambandi að starfsmanna- og húsnæðismálum stofnunarinnar, bótum á tækjabúnaði og auknum tengslum við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir en vegna þess síðarnefnda var sérstaklega getið um verkefni vinnuhópsins, undir stjórn Kristjáns Jónssonar, stærðfræðiprófessors við Háskóla Íslands, sem áður hefur verið fjallað um.

Þessu næst var í minnisblaðinu fjallað um „ágalla og veikleika“ og sagði þar í upphafi að ljóst væri að margt af því „tengist hættumálmálum“. Nánar kom svo fram:³⁹⁷

„Eins og kunnugt er hefur snjóflóðahættumat fyrir einstök byggðarlög verið ráðandi í þróun snjóflóðavarna í landinu í meira en áratug. Við gerð þess hafa snjóflóðasagan og eðlisfræðilegir líkanaútreikningar verið lagðir til grundvallar. Skráð snjóflóðasaga okkar er hins vegar stutt og ófullkomin, líkön með marga fyrirvara og einfaldanir, skortur er

394. Í ljósi töluverðra breytinga á lögum og stjórnsýslu á sviði snjóflóðavarna sem á sama tíma voru í farvatninu með lagabreytingum sem vikið er að hér næst á eftir má þó telja nærtækt að ætla að þessi gögn frá Veðurstofunni hafi með einhverjum hætti tengst aðdraganda þeirrar lagasetningar.

395. Skjalasafn Veðurstofu Íslands. Gögn afhent 13.2.2025.

396. Skjalasafn Veðurstofu Íslands. Gögn afhent 13.2.2025.

397. Leturáherslur (feitletrun) í minnisblaðinu eru upprunalegar.

á þekkingu á eðlisfræði snjóflóða og tengsl þeirra við veður hafa lítið verið rannsökuð. Síðast en ekki síst hefur svo hagsmunatogstreita orðið til þess að **hættumatið stenst ekki sem hornsteinn snjóflóðavarna**. [...]“

Einnig sagði í minnisblaðinu:

„Það verður að segjast að ýmsir erfiðleikar hafa verið að skapast síðasta árið eða svo vegna samskipta Veðurstofunnar og Almanna- og Almannavarna ríkisins. Veðurstofan hefur frá upphafi lagasetningar um snjóflóðavarnir átt fulltrúa í ráðgjafanefnd Almanna- og Almannavarna ríkisins [þ.e. Ofanflóðanefnd] og ber að því leyti nokkra ábyrgð á þeirri stefnu sem nú hefur endanlega beðið skipbrot. Í því fjandsamlega viðhorfi meðal yfirvalda snjóflóðahættustaða sem var til staðar við upphaf hættumatsgerðar er varla við því að búast að fulltrúi Veðurstofunnar í ofanflóðanefnd hefði stöðu til að ná frekari árangri í hættumatsgerðinni, enda vísindin óviss. Þó voru skoðanir norskra sérfræðinga frá NGI á ástandinu hér 1985 þannig að það vektur furðu hversu andvaralausir við værum og við myndum fyrr eða síðar súpa af því seyðið.“

Í fyrrverandi stjórnkerfi stofnunarinnar fór engin umræða fram innan hennar um snjóflóðamál. Frá 1989 og fram á síðasta ár sat fulltrúi Veðurstofunnar í ofanflóðanefnd án afskipta forstjóra og stöðug togstreita við sveitarstjórnir hefur verið um hættumat. Í kjölfar atburðanna á Tungudal fór hins vegar af stað umræða innan Veðurstofunnar, ekki síst í nýju stjórnkerfi stofnunarinnar sem tók gildi 16. apríl 1994. Komu þá fram miklar efasemdir og áhyggjur út af þeim farvegi sem málið virtist vera í. Til að gera langt mál stutt má segja að samskipti Veðurstofunnar og ofanflóðanefndar hafi ekki verið með eðlilegum hætti enda viðhorf stjórnenda stofnunarinnar til hættumatsgerðar verið önnur en nefndarinnar. Þannig hefur fulltrúi Veðurstofunnar komið að hættumatsgerðinni sem einn ráðgjafi Almanna- og Almannavarna ríkisins í ofanflóðanefnd án þess að Veðurstofan hafi komið að málinu með formlegum hætti.“

Á meðal niðurstaðna og tillagna til úrbóta í lok minnisblaðsins, sem taldar voru upp í sex liðum, voru svo m.a. eftirfarandi atriði:

„1. Stefnan í snjóflóðavörnum hefur endanlega beðið skipbrot. Nauðsynlegt er að stjórnvöld, stofnanir og fyrirtæki sem að henni hafa komið horfist í augu við það. Það gerðist ekki í raun eftir Súðavíkurslysið.“

[...]

4. Nauðsynlegt er að skipulagi snjóflóðavarna verði breytt. Eðlilegt verður að telja að Veðurstofan annist gerð hættumats vegna snjóflóða og annarra ofanflóða, enda er um viðtækt náttúrufræðilegt rannsóknarverkefni að ræða en ekki einungis verkfræðilega líkanareikninga.

5. Nauðsynlegt er að taka hagsmunagæslu út úr hættumati og snjóflóðavörnum enda núverandi kerfi svipað því að flugfélög og útgerðir hefðu áhrif á veðurspár og viðvaranir.“

6.5.7. Breytingar á ofanflóðalögum 1985 með lögum nr. 151/1995: málaflokkurinn færður undir umhverfisráðuneyti, Ofanflóðanefnd lögð niður, „mismunabætur“ o.fl.

Í byrjun desember 1995 lagði þáverandi ríkisstjórn fram á Alþingi frumvarp til breytinga á ofanflóðalögum 1985.³⁹⁸

Aðdraganda og tilefni fyrirhugaðra lagabreytinga var lýst í meginatriðum svo í almennum athugasemdum við lagafrumvarpið að í kjölfar umræðna í ríkisstjórn um að stjórnsýsla í málaflokknum væri óþarflega flókin samkvæmt ofanflóðalögum 1985 hefði forsætisráðherra skipað nefnd til að semja frumvarp til laga um breytingar á lögum.³⁹⁹ Í athugasemdunum segir einnig:

„Upphaflega var nefndinni falið að gera tillögur sem tryggðu að vald og ábyrgð færu saman á þessu sviði stjórnsýslunnar. Í kjölfar snjóflóðsins, sem féll á byggðina á Flateyri 26. október sl., var nefndinni jafnframt falið að gera tillögur að nauðsynlegum breytingum á lögum til að tryggja öryggi fólks, eftir því sem kostur væri, ef hætta skapaðist á

398. Stjórnarfrumvarpið (þskj. 300, 221. mál, 120. löggjafarþing 1995–1996) var lagt fram 7. desember 1995. Líkt og komið hefur fram áður um gögn og upplýsingar varðandi lagasetningu eru gögn sem hér er stuðst við um frumvarpið og þinglega meðferð þess aðgengileg opinberlega á vefsvæði Alþingis á þessum tengli: <https://www.althingi.is/thingstorfi/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/120/221/?ltg=120&mnr=221>.

399. Nefndin mun hafa verið í skipuð í september 1995. Formaður hennar var Eiríkur Tómasson þáverandi lagaprófessor en auk hans áttu sæti í nefndinni fulltrúar félagsmálaráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis og umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hafa má í huga hér að frá skipun nefndarinnar til framlagningar lagafrumvarpsins hafði annað mannskætt snjóflóðaslys bæst við frá snjóflóðinu í Súðavík í janúar, þ.e. þegar snjóflóð féll á byggðina á Flateyri undir lok október með þeim afleiðingum, eins og áður hefur komið fram, að 20 manns létust.

snjóflóðum. Enn fremur fékk nefndin það verkefni að fella inn í frumvarpið ákvæði um greiðslur úr ofanflóðasjóði til eigenda þeirra húseigna, sem keyptar kunna að verða vegna yfirvofandi snjóflóðahættu.

Nefndin hefur unnið að gerð frumvarps þessa eins hratt og framast var unnt. Á fund hennar komu fjölmargir þeirra sem best þekkja til þessa málaflokks, bæði embættismenn og sérfræðingar, auk þess sem haldinn var sérstakur fundur með framkvæmdastjórum þeirra sveitarfélaga þar sem snjóflóðahætta er talin mest. Segja má að samstaða sé, a.m.k. í meginatriðum, meðal allra þessara aðila um þær breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Vegna þess hve lítill tími hefur verið til stefnu og einnig þess hve skipuleg vinna við nýtt hættumat, í ljósi breyttra aðstæðna, er skammt á veg komin eru nefndarmenn sammála um að leggja það til, í fullu samráði við alla hagsmunaaðila, að einungis verði að þessu sinni gerðar lágmarksbreytingar á gildandi lögum. Hins vegar verði stefnt að heildarendurskoðun laganna á næsta ári með það fyrir augum að frumvarp til nýrra laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum verði lagt fyrir Alþingi að ári liðnu, sbr. 10. gr. frumvarpsins. Við þá endurskoðun má hafa hliðsjón af niðurstöðum úr rannsóknum vísindamanna á eðli og afleiðingum snjóflóða, en fyrstu niðurstöður þeirra eru væntanlegar um eða upp úr næstu áramótum, svo og af reynslunni af því breytta stjórnsýsluskipulagi sem hér er lagt til að tekið verði upp. Jafnframt þarf að tryggja ofanflóðasjóði auknar tekjur til að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum.⁴⁰⁰

Í frumvarpinu kom fram að breytingar sem nefndin legði til samkvæmt frumvarpinu væru þrífættar og má telja frumvarpið gefa greinargott yfirlit yfir meginefni þeirra.

Í fyrsta lagi var lagt til að yfirstjórn málaflokksins færðist frá félagsmálaráðherra til umhverfisráðherra enda væri með frumvarpinu gert ráð fyrir að rannsóknir og forvarnir yrðu í höndum Veðurstofunnar, sem heyrði undir umhverfisráðherra. Jafnframt yrði Ofanflóðanefnd lögð niður. Samkvæmt þessu færðist gerð hættumats frá Almannavörnum ríkisins til Veðurstofunnar. Einnig var sú tillaga gerð að snjóathugunarmenn yrðu eftirlæis starfsmenn Veðurstofunnar, þótt samráð yrði haft við sýslumenn við ráðningu þeirra.

Frumvarpið gerði hér nánar ráð fyrir því að ofanflóðasjóður yrði áfram í vörslum Viðlagatrygginga Íslands, en umhverfisráðherra tæki ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðum að fengnum tillögum frá Veðurstofu vegna varna gegn ofanflóðum samkvæmt 1.–3. tölul. 11. gr. ofanflóðalaga 1985, þ.e. hvað varðaði (1) greiðslur vegna snjóeftirlitsmanna, (2) gerð hættumats og uppdráttar og (3) kostnað við kaup og uppsetningu á tækjum og búnaði sem aflað væri til rannsókna og eftirlits með snjóflóðahættu sem og kostnað við rannsóknir sem miðuðu að því að bæta hættumöt og hönnun varnarmannvirkja. Ákvörðun um fjárveitingar samkvæmt 4.–5. tölulíð 11. gr. laganna, þ.e. í aðalatriðum vegna undirbúnings og framkvæmda við varnarvirki og viðhald varnarvirkja, tæki umhverfisráðherra hins vegar að fengnum tillögum sérstakrar nefndar fulltrúa umhverfisráðherra, félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem 7. gr. frumvarpsins gerði ráð fyrir að yrði skipuð.⁴⁰⁰

Í öðru lagi var með frumvarpinu lagt til „a.m.k. til bráðabirgða, á meðan beðið er eftir nýju endurskoðuðu hættumati“ að gerðar yrðu „áætlanir um að rýma húsnæði á afmörkuðum svæðum“ þegar Veðurstofan gæfi út viðvörðun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsti yfir sérstöku hættuástandi. Þessu var nánar lýst svo í athugasemdunum:

„Þessum neyðaráætlunum er ætlað að tryggja öryggi fólks, eftir því sem kostur er, og má alls ekki leggja þau svæði, sem þannig kunna að verða rýmd, að jöfnu við hættusvæði samkvæmt hættumati því að stefnt er að því að einungis þurfi að flytja fólk á brott af hluta rýmingarsvæðanna við tiltekin veðurskilyrði. Vonir standa til þess að með aukinni þekkingu á eðli og afleiðingum snjóflóða verði svo smám saman hægt að afmarka og skilgreina rýmingarsvæðin enn betur. Svo sem fram kemur í 3. gr. frumvarpsins er Veðurstofunni fengið það vandasama og að sumu leyti vanþakkláta hlutverk að ákveða hvenær tilgreind svæði skuli rýmd og er þá lögreglustjóra og almannavarnanefnd skylt að sjá um að flytja fólk á brott af svæðunum, með valdi ef þörf krefur, í samræmi við gildandi neyðaráætlun. Lagt er til að þær áætlanir verði hér eftir sem hingað til gerðar á vegum Almannavarna ríkisins og almannavarnanefndar á hverjum stað, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Þótt ráð sé fyrir

400. Sambærilegt ráðgjafarhlutverk og fela átti Veðurstofunni og umræddri nefnd hafði verið í höndum Almannavarna ríkisins fram að því. Nefna má að í framsöguræðu þáverandi forsætisráðherra með frumvarpinu kom m.a. fram í sambengi við þessar breytingar að með þeim væri „verulega dregið úr hlutverki Almannavarna ríkisins í forvörnum gegn ofanflóðum“ og Ofanflóðanefnd sem slík væri lögð niður.

Því gert að í lögum verði skilið á milli ákvörðunar um rýmingu og framkvæmdar á þeirri ákvörðun, ef hætta skapast á snjóflóði, ber að leggja áherslu á nauðsyn þess að allir þeir aðilar, sem að málum þessum koma, hafi með sér nána samvinnu og er ýmsum ákvæðum frumvarpsins, þar sem mælt er fyrir um samráð og samvinnu, einmitt ætlað að stuðla að því.“

Í þriðja lagi var lagt til með frumvarpinu að teknar yrðu upp í lögina „reglur um tilhögun á greiðslum úr ofanflóðasjóði til eigenda þeirra húseigna sem keyptar [kynnu] að verða eða fluttar vegna yfirvofandi snjóflóðahættu“.⁴⁰¹ Um þær reglur sagði:

„Reglur þessar gera ráð fyrir mismunandi tilhögun á greiðslum eftir því hvort húseigandi, sem ekki á kost á sambærilegri húseign, hyggst byggja nýja húseign fyrir sig og fjölskyldu sína í sveitarfélaginu eða hvort hann hyggur á brottflutning. Af þeim sökum er tryggara að reglurnar verði lögfestar. Tilgangur mismunandi greiðslutilhögunar er fyrst og fremst að styrkja byggð í sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið eða snjóflóðahætta er yfirvofandi. Greiðslur til þeirra sem hyggjast búa áfram í heimabyggð sinni geta þar með samkvæmt reglunum orðið hærrí en greiðslur til þeirra sem ætla að flytja á brott. Samt sem áður verður að hafa í huga að staðgreiðslumarkaðsverð nýrra húseigna, sem byggðar kunna að vera á umræddum stöðum, verður líklega mun lægra en greiðslunum nemur, a.m.k. eins og sakir standa, þannig að eigendurnir verða að þessu leyti ekki betur settir fjárhagslega en þeir eru nú.“

Um ákvæði einstakra greina frumvarpsins, sem ætlað var að hrinda í framkvæmd áður nefndum breytingum samkvæmt því, þykir nægja hér að vísa til frumvarpsins sjálfs enda tilgangur umfjöllunar hér fyrst og fremst að lýsa breytingum og þróun löggjafar á þessu sviði í meginráttum.⁴⁰²

Frumvarpið var samþykkt á Alþingi 18. desember 1995, eða 11 dögum eftir framlagningu þess, nánast óbreytt að meginstefnu og þar á meðal í öllum þeim grundvallaratriðum sem frumvarpið gerði ráð fyrir samkvæmt ofangreindu. Þó skal hér getið einnar viðbótar við frumvarpið frá upphaflegri mynd þess sem kom til að tillögu allsherjarnefndar Alþingis við meðferð hennar á frumvarpinu, nánar tiltekið bráðabirgðaákvæðis II sem þannig kom inn í ofanflóðalögin 1985. Í nefndarálitinu allsherjarnefndar var þannig lýst þriðjættum breytingum sem lagðar væru til á frumvarpinu. Tvær fyrstu þeirra þarf ekki að rekja hér en þeirri þriðju var lýst svo í nefndarálitinu:

„Að við lögina verði bætt bráðabirgðaákvæði vegna kaupa á eignum í þeim sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið á árinu 1995. Fyrstu tveir málsliðirnir í því bráðabirgðaákvæði eru í aðalatriðum eins orðaðir og í reglugerð um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 440/1995. Fyrir því eru einkum tvær ástæður, annars vegar sú að íbúar á þessum svæðum hafa almennt mátt búast við að greiðslutilhögun yrði með þeim hætti sem reglugerðin kveður á um og miðað ráðstafanir sínar við það og hins vegar að með nýjum lögum um brunatryggingar, nr. 68/1984, færðist gerð brunabótamats frá sveitarfélögum til Fasteignamats ríkisins sem vinnur eftir sérstöku matseiningakerfi. Eftir þá breytingu má því búast við að meira samræmis og þar með jafnræðis gæti við úttekt fasteigna í þessu skyni. Með það að markmiði að íbúar á svæðum, þar sem fallið hafa snjóflóð á yfirstandandi ári, njóti jafnræðis á við þá sem nú eiga þess kost að láta endurmeta eignir sínar þykir eðlilegt að um uppkaup eigna þeirra gildi sú sérregla sem lögð er til í 3. tölul. Jafnframt leggur nefndin til að inn í þetta bráðabirgðaákvæði verði tekin heimild til að greiða bætur úr sjóðnum til viðbótar bótum frá Viðlagatryggingu Íslands til þeirra húseigenda sem orðið hafa fyrir tjóni á þessu ári þannig að þeir verði jafnsettir öðrum húseigendum sem ekki hafa orðið fyrir tjóni en verið með nýlegra mat á húsum sínum. Þannig vill nefndin tryggja að tímasetning á mati á eignum leiði ekki til mismunandi bóta.“

Í beinu framhaldi af þessu kom fram að með breytingum sem þannig væru lagðar til teldist „að mestu komið til móts við þær athugasemdir sem nefndinni [hefðu] borist um málið“. Efnislega kom svo fram að aðrar athugasemdir sem borist hefðu, og lýst var nánar að nokkru leyti, yrðu hafðar í huga við ráðgerða heildarendurskoðun laganna sem lýst var yfir í frumvarpinu að til stæði og áður hefur komið fram.

401. Tekið var fram þar að þær reglur hefði þá verið að finna í nýsettri reglugerð nr. 440/1995, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, sem vikið hefur verið að fyrr í kaflanum.

402. Nefna má þar að í fylgiskjali með frumvarpinu kom til hagræðis fram texti þágildandi ofanflóðalaga 1985 með innfelldum breytingum samkvæmt frumvarpinu en það skjal er aðgengilegt með frumvarpinu gegnum tengil á vefsvæði Alþingis sem áður var vísað til.

Breytingartillaga með nefndaráliti hafði samkvæmt framangreindu að geyma tillögu um að við lögin bættist „bráðabirgðaákvæði II“ sem hljóðaði svo:

„Í þeim sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið á árinu 1995 skal gilda svohljóðandi regla um heimild til greiðslu úr ofanflóðasjóði í stað ákvæðis 5. mgr. 7. gr.:

Eigi húseigandi ekki kost á sambærilegri húseign í sveitarfélaginu til kaups og byggi hann nýja húseign í sveitarfélaginu til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína er heimilt að miða greiðslu úr sjóðnum við brunabótamat. Sé brunabótamat hærra en endurstofnverð húseignar skal greiðsla miðast við endurstofnverð. Enn fremur er heimilt að inna af hendi greiðslu úr sjóðnum til húseiganda sem orðið hefur fyrir tjóni í snjóflóði á árinu 1995 þannig að heildargreiðsla til hans, að meðtöldum bótum frá Viðlagatryggingu Íslands, verði sambærileg við greiðslu til annarra húseigenda samkvæmt þessu ákvæði.“

Sem fyrr greindi var frumvarpið svo, með þessari og öðrum breytingum frá allsherjarnefnd, samþykkt 18. desember 1995 og öðlaðist gildi sem lög nr. 151/1995 hinn 28. desember sama ár.

6.5.8. Breytingar á ofanflóðalögum 1985 með lögum nr. 62/1996 (fjárbörf ofanflóðasjóðs), reglusetning á sviði ofanflóðamála árið 1996 o.fl.

Þegar kom fram á árið 1996 mun hafa verið komið fram að tiltækir fjármunir í ofanflóðasjóði nægðu ekki vegna verkefna sem sjóðurinn þyrfti að fjármagna og að bregðast þyrfti við því. Í maí það ár kom fram stjórnarfrumvarp á Alþingi í þessu skyni.⁴⁰³

Helstu breytingar sem lagðar voru til með frumvarpinu vörðuðu breytingar á 10. og 11. gr. ofanflóðalaga 1985, þ.e. á ákvæðum um tekjur ofanflóðasjóðs og ráðstöfun fjármuna hans.⁴⁰⁴ Ráðgerðar breytingar á 10. gr. lutu efnislega og helst að því að sérstakt „forvarnargjald“ yrði lagt á allar húseignir brunatryggðar hjá váttryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi og næmi tilteknu prósentuhlutfalli af váttryggingaverðmæti. Einnig var lagt til að við 10. gr. yrði aukið ákvæði um að tekjur ofanflóðasjóðs gætu m.a. verið lán til starfsemi sjóðsins með ábyrgð ríkissjóðs og háð samþykki fjármálaráðuneytisins. Í síðastnefndu sambandi var einnig með frumvarpinu gert ráð fyrir lögfestingu sérstaks bráðabirgðaákvæðis við lögin með heimild til allt að 800 milljóna króna lántöku ofanflóðasjóðs á árinu 1996. Ráðgerðar breytingar á 11. gr. tóku að mestu mið af fyrirhugaðri breytingu á nafni sjóðsins og útvíkkun hlutverks hans, sem vikið var að hér á undan og má af sömu ástæðu telja óþarft að fjalla sérstaklega um þær hér.

Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu var lagasetningunni ætlað að mæta brýnustu fjárbörf ofanflóðasjóðs. Tekið var fram að skýrst hefði að verulegu leyti hver yrði kostnaðarhlutdeild ofanflóðasjóðs vegna snjóflóðavarna í Súðavík og Hnífsdal. Þá lægju fyrir niðurstöður úr forathugun og upplýsingar um mögulegan kostnað við gerð varnarvirkja á Flateyri og á vegum Ísafjarðarkaupstaðar. Í frumvarpinu var svo vísað til annarra fjárskuldbindinga sjóðsins á árinu 1996, sem fælu m.a. í sér kostnað við rekstur snjóathugunarmanna, kostnað við gerð rýmingaráætlana, kaup á athugunarbúnaði og kostnað við frumúttekt á kostnaði við gerð varnarvirkja í sveitarfélögum sem bjuggu við snjóflóðahættu.

Heildarkostnaður ofanflóðasjóðs vegna húsakaupa í Súðavík var samkvæmt frumvarpsathugasemdunum áætlaður um 423 milljónir króna. Samkvæmt frumvarpinu höfðu hreppsnefndir Súðavíkur og Flateyrar óskað eftir stuðningi ofanflóðasjóðs við greiðslu „svokallaðra mismunabóta“ til þeirra húseigenda sem ekki hefðu fengið „fullnægjandi bætur hjá Viðlagatryggingu“ og var um það vísað til ótilgreinds bráðabirgðaákvæðis í ofanflóðalögnum 1985.⁴⁰⁵ Hlutdeild ofanflóðasjóðs í þeim kostnaði var talin háð verulegri óvissu en þó geta numið allt að 100 milljónum króna. Í frumvarpinu var nánar

403. Stjórnarfrumvarpið (þskj. 957, 520. mál, 120. lögjafarþing 1995–1996) var lagt fram 14. maí 1996. Eins og við á um önnur lagafrumvörp og gögn um þinglega meðferð þeirra sem fjallað hefur verið um í kaflanum má hér nánar vísa til vefsvæðis Alþingis, þar sem gögnin eru aðgengileg, á þessum tengli: <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/120/520/?ltg=120&mmnr=520>.

404. Raunar var í frumvarpinu einnig gert ráð fyrir að nafni ofanflóðasjóðs yrði breytt í „forvarnasjóð“ en sú lagabreyting náði ekki fram að ganga við meðferð frumvarpsins á Alþingi. Því er til einföldunar horft fram hjá þessu atriði hér í lýsingu á frumvarpinu.

405. Nánar má telja ljóst að hér var vísað til bráðabirgðaákvæðis II við lögin sem áður hefur verið fjallað um.

lýst kostnaði eða fyrirséðum kostnaði sem krefðist fjármagns úr sjóðnum og sú niðurstaða tekin saman að heildarkostnaður vegna snjóflóðavarna á árinu 1996 gæti numið allt að 1.500 milljónum króna ef tiltekna áætlanir raungerðust. Hlutur ofanflóðasjóðs í því yrði um 1.350 milljónir króna en í sjóðnum væru 300 milljónir króna þannig að á vantaði 1.050 milljónir til að sjóðurinn gæti staðið við kostnaðarhlutdeild sína. Í þessu skyni voru lagðar til þær breytingar sem frumvarpið kvæði á um, þar sem meginatriðin væru tvö, annars vegar lánþökuheimild fyrir sjóðinn og hins vegar sjálfstæður tekjustofn fyrir hann með álagningu sérstaks gjalds á brunatryggðar fasteignir í landinu.

Fram kom í frumvarpinu að á vegum umhverfisráðuneytisins og sveitarfélaga væri að hefjast „heildarúttekt á mögulegum varnavirkjum í byggðarlögum á snjóflóðasvæðum“. Í kjölfar þessara úttekta yrði mögulega unnt að móta stefnu um framkvæmdir til snjóflóðavarna og meta mögulega fjármögnum slíkra framkvæmda til framtíðar. Í athugasemdunum kom fram að frumvarpinu væri ætlað að „leysa úr brýnustu þörfum ofanflóðasjóðs fyrir fjármuni“ í því skyni að sjóðurinn gæti ýtt úr vör þeim verkefnum sem nauðsynleg væru til að auka öryggi íbúa á mögulegum snjóflóðasvæðum.

Eftir meðferð frumvarpsins á Alþingi var það samþykkt 23. maí 1996 sem lög nr. 62/1996 með óverulegum breytingum sem ekki vörðuðu efni frumvarpsins í meginatriðum.

Á árinu 1996 voru einnig settar reglur á sviði ofanflóða en hér teljast ekki efni til annars en að víkja einungis stuttlega að þeim.

Á þessu ári var sett ný reglugerð, nr. 145/1996, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, í stað eldri reglugerðar, nr. 400/1995, um sömu efni.⁴⁰⁶ Breytingar með nýrri reglugerð virðast í grófum dráttum einkum hafa tekið mið af því að færa ákvæði um þetta til samræmis við lagabreytingar sem gerðar höfðu verið á ofanflóðalögum 1985 í millitíðinni. Ekki fæst annars séð að miklar efnisbreytingar hafi orðið í grundvallaratriðum með þessu varðandi þau efni sem reglugerðin varðaði eða þannig að tilefni megi telja til að rekja sérstaklega hér.

Einnig var á þessu ári sett reglugerð nr. 367/1996, um starfsemi Veðurstofu Íslands.⁴⁰⁷ Í reglugerðinni er starfsemi stofnunarinnar skilgreind nánar. Fram kemur m.a. að Veðurstofan skuli fara með vöktun hættu á snjóflóðum, viðvörunarþjónustu og rekstur athugunarstöðvakerfis vegna snjóflóða, rannsóknir vegna snjóflóða, auk þjálfunar snjóflóðaeftirlitsmanna með sérstakri kennslu og endurmenntun. Þá skuli hún annast gerð hættumats vegna snjóflóðahættu og gefa út yfirlitsskýrslur um snjóflóð í samræmi við alþjóðlegar venjur og staðla. Í reglugerðinni er einnig fjallað um það hlutverk Veðurstofu að gera tillögur til umhverfisráðherra um greiðslur úr ofanflóðasjóði vegna snjóflóðaeftirlits og hættumatsgerðar.

Loks má geta þess hér að í október 1996 kom út á vegum Veðurstofu Íslands greinargerð með yfirskriftinni „Þörf fyrir snjóflóðavarnarvirki á Íslandi – Yfirlit og mat á kostnaði“.⁴⁰⁸ Af undirtitli og formála greinargerðarinnar má sjá að athugun sem greinargerðin lýsti hafi verið gerð fyrir umhverfisráðuneytið og sveitarstjórnir á snjóflóðahættusvæðum. Fremst í greinargerðinni er samantekt á efni hennar. Fram kemur þar í upphafi:

„Möguleikar á snjóflóðavörnum hafa verið athugaðir fyrir 8 sveitarfélög á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi og gróft mat lagt á byggingarkostnað þeirra. Innan þessara sveitarfélaga eru stærstu þéttbýlissvæði þar sem hættu er á snjóflóðum hér á landi. Kostnaður við snjóflóðavarnirnar er borinn saman við verðmæti eigna á þeim svæðum sem varnirnar miðast við. Heildarkostnaður við varnartillögurnar er um 7 milljarðar kr. Verðmæti bygginga og annarra eigna á viðkomandi svæðum er víðast nokkrum sinnum hærra en áætlaður kostnaður við varnirnar.“

406. Reglugerð nr. 145/1996, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, sem ekki er lengur í gildi, er aðgengileg opinberlega í reglugerðarsafni (reglugerd.is) á þessum tengli: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/0145-1996>.

407. Reglugerð nr. 367/1996, um starfsemi Veðurstofu Íslands, sem enn er í gildi við útgáfu þessarar skýrslu, er aðgengileg opinberlega í reglugerðarsafni (reglugerd.is) á þessum tengli: <https://island.is/reglugerdir/nr/0367-1996>.

408. „Þörf fyrir snjóflóðavarnarmannvirki á Íslandi – Yfirlit og mat á kostnaði – Athugun gerð fyrir [u]mhverfisráðuneytið og sveitarstjórnir á snjóflóðahættusvæðum.“ Tómas Jóhannesson, Karsten Lied, Stefan Margreth, Frode Sandersen. Veðurstofa Íslands, VÍ-R96003-ÚR02. Reykjavík, október 1996. Greinargerðin er meðal gagna rannsóknarnefndarinnar. Hún er ítarleg, eða 86 blaðsíður að lengd að meðtöldum tveimur viðaukum, og má hér vísa til hennar um nánara efni, forsendur og niðurstöður. Hún er aðgengileg opinberlega á vefsvæði Veðurstofu Íslands á þessum tengli: https://www.vedur.is/media/vedurstofan/utgafa/greinargerdir/2000/Snjoflodavarnar_1996.pdf.

Í samantektinni er svo nánar fjallað um m.a. áætlaðan kostnað við varnirnar og forsendur þar að lútandi, sem og helstu atriði varðandi mat á snjóflóðahættu sem lögð séu til grundvallar, tjón af völdum snjóflóða í þéttbýli á Íslandi næstliðin rúm 20 ár og forsendur eða viðmið í því sambandi og nauðsyn frekari rannsókna á snjóflóðaaðstæðum hér á landi.

Í greinargerðinni er m.a. fjallað um Súðavík og helstu snjóflóðahættusvæði þar, annars vegar Súðavíkurhlíð og hins vegar Traðargil.⁴⁰⁹ Um Súðavíkurhlíð kemur fram að áður en byggðin hafi verið flutt hafi hún verið að mestu leyti undir Súðavíkurhlíð. Þar séu bæði íbúðarhús og fyrirtæki en íbúðarhúsin hafi öll verið keypt upp af ofanflóðasjóði. Fram kemur svo m.a. að möguleikar á snjóflóðavörnum fyrir Súðavík hafi verið athugaðir af verkfræðistofunni Hnit hf. og vísað er til þeirrar athugunar. Einnig er lýst snjóflóðahættu, þar á meðal snjóflóðinu 16. janúar 1995, og tekið fram að aftakaflóð þarna geti fallið í sjó fram. Svæði undir hugsanlegum varnavirkjum samkvæmt athugun Hnits sé talið á nánar tilgreindu hættustigi og það eigi við um byggingar sem eftir séu þegar ekki væri lengur föst búseta í húsum sem keypt hefði verið upp af ofanflóðasjóði. Því næst er nánar fjallað um athugun Hnits hf. á vörnum og tekið fram að athugun á vörnum fyrir byggingar sem ekki hafi verið keyptar upp af ofanflóðasjóði sé ekki lokið og ekki liggja fyrir hvaða varnarkostur sé heppilegastur. Fjallað er nokkru nánar um hvaða valkost sé miðað við í athuguninni sem greinargerðin varðar og sett fram kostnaðarmat fyrir hann, sem sé 140 milljónir króna samkvæmt skýrslu Hnits hf. en áætlað verðmæti varinna eigna sé 480 milljónir króna.⁴¹⁰

6.5.9. Ný lög nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

Undir lok árs 1996 var lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp til nýrra heildarlaga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.⁴¹¹ Í upphafi almennra athugasemda með frumvarpinu kom fram um aðdraganda og tilefni þess:

„Frá því að núgildandi lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, voru sett hefur þeim þrívægis verið breytt, með lögum nr. 50/1995, nr. 151/1995 og nr. 62/1996. Þessar breytingar áttu allar rætur að rekja til snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri á síðasta ári sem kostuðu fjölda mannlífa og eru öllum landsmönnum í fersku minni. Vegna þess að brýn þörf var á að bregðast strax við þessum náttúruhamförum og afleiðingum þeirra með breytingum á lögum gafst enginn tími til að taka þau til endurskoðunar í heild sinni. Þess í stað var afráðið að endurskoða lögina þegar betra tóm gæfist til með það fyrir augum að frumvarp til nýrra laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum yrði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í desembermánuði 1996 [...]“

Þessu næst var í athugasemdunum gerð grein fyrir því að nefndinni sem forsætisráðherra hafði skipað 25. september 1995, þ.e. sömu nefnd og samið hafði frumvarp til breytinga á ofanflóðalögum 1985 sem samþykkt var í desember 1995, hefði verið falið að semja einnig nýtt frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.⁴¹² Einnig var lýst samráði nefndarinnar við fulltrúa tiltekinna stofnana ríkisins svo og sýslumenn og sveitarstjórnarmenn í snjóflóðahættubyggðum og vísað til áður nefndrar úttekta Veðurstofu Íslands frá október 1996 sem rakin hefur verið hér á undan. Í athugasemdunum kom þessu næst fram:

„Þótt bryddað sé upp á nokkrum nýmælum í frumvarpinu er það í meginatriðum byggt á núgildandi lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Vegna þess að efnisskipan

409. Þriðja svæðið sem fjallað er um vegna Súðavíkur er „Eyrardalssvæðið“, þ.e. svæðið sem ný Súðavík var byggð upp á, en ekki telst ástæða til að víkja að því hér.

410. Þess má geta hér að fyrir liggur að ekki kom til þess að reistar væru varnir undir Súðavíkurhlíð samkvæmt þessum hugmyndum eða öðrum og virðist raunar ákvörðun um það hafa legið þá þegar fyrir þarna, a.m.k. í reynd. Í snjóflóðahættumat fyrir Súðavík frá árinu 2005 kemur þannig m.a. fram í stutttri lýsingu á eldri rannsóknnum (bls. 10–11), með vísan til þessarar athugunar Veðurstofunnar frá 1996 á snjóflóðavörnum, að þegar hún lá fyrir hafi verið búið að ákveða að flytja byggðina í Súðavík og hafi varnarkostir fyrir þorpið því ekki verið athugaðir nánar umfram það sem gert hefði verið af Hniti hf. ári fyrr. Um þetta má einnig vísa til umfjöllunar um flutning byggðarinnar og tengd atvik í kafla 6.4 hér á undan. Umrætt hættumat Veðurstofunnar frá 2005 (Greinargerð 05006 – Hættumat fyrir Súðavík. Þórður Arason, Þorsteinn Arnalds, Siegfried Sauermoser og Hörður Þór Sigurðsson. VÍ-VS-02. Reykjavík, maí 2005) er aðgengilegt á vefsvæði Veðurstofunnar á þessum tengli: <https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/su/g05006.pdf>.

411. Stjórnarfrumvarpið (þskj. 487, 256. mál, 121. löggjafarþing 1996–1997) var lagt fram 20. desember 1996. Eins og við á um önnur lagafrumvörp og gögn um þinglega meðferð þeirra sem fjallað hefur verið um í kaflanum má hér nánar vísa til vefsvæðis Alþingis, þar sem gögnin eru aðgengileg, á þessum tengli: <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/121/256/?ltg=121&mnr=256>.

412. Fram kemur í athugasemdunum að í nefndinni hefðu átt sæti: Eiríkur Tómasson lagaprófessor sem formaður og nánar tilgreindir aðrir fulltrúar, þ.e. ráðuneytisstjórar félagsmálaráðuneytis, umhverfisráðuneytis og dóms- og kirkjumálaráðuneytis og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

laganna hefur nokkuð raskast við þær breytingar, sem á þeim hafa verið gerðar, varð það hins vegar að ráði að setja frumvarpið fram sem nýtt, sjálfstætt lagafrumvarp með það fyrir augum að gera lög in í senn aðgengilegri og heilsteyptri en þau eru nú. [...]

Aðalmarkmiðið með lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum hlýtur að vera að aftra því að manntjón hljótist af ofanflóðum, jafnt snjóflóðum sem skriðuföllum, sér í lagi að forða því svo sem kostur er að fólk láti lífið eða slasist á heimilum sínum. Þess vegna er í frumvarpinu, eins og í nágildandi lögum, gengið út frá því að húsnæði verði skilyrðislaust rým á tilteknum hættusvæðum þegar staðbundin hætta er á snjóflóðum, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Því til viðbótar er almannavarnayfirvöldum í 7. gr. veitt heimild til að rýma húsnæði í öðrum tilvikum þegar hætta er á ofanflóðum, snjóflóðum eða skriðuföllum. Ennfremur er í 4. gr. frumvarpsins gengið út frá því, eins og nú er gert, að stuðst verði við vandað hættumat við skipulag og uppbyggingu byggðar í framtíðinni á stöðum þar sem sérstök hætta er á ofanflóðum, auk þess sem áhersla er lögð á það að reist verði varnarvirki til að verja núverandi byggð fyrir slíkum flóðum. Framkvæmdir við uppbyggingu varnarvirka munu hins vegar taka langan tíma og kosta mikla fjármuni, svo sem gerð verður grein fyrir hér á eftir.“

Í frumvarpsathugasemdu er svo lýst helstu breytingum á þágildandi ofanflóðalögum 1985 sem frumvarpið gerði ráð fyrir. Sú upptalning er í sjö liðum og er gerð grein fyrir helstu atriðum þar hér á eftir.

Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir því að reglum um hættumat yrði breytt í nokkrum atriðum sem lýst var nánar. Þar á meðal var að hættumat myndi, vegna kostnaðar og tíma sem það krefðist, fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð væri fyrirhuguð og að hugtakið hættumat yrði skilgreint í lögnum. Gengið væri út frá að skilgreind yrði sú hætta af völdum ofanflóða sem ásættanlegt teldist að fólk á byggðum svæðum byggji við „með hliðsjón af annarri almannahættu [...] í nútímaþjóðfélagi“. Jafnframt teldist rétt að hættumöt sem hefðu verið staðfest fyrir 1. janúar 1996 skyldu falla sjálfkrafa úr gildi þar sem þær aðferðir sem notaðar hefðu verið á árum áður við gerð hættumats hefðu „í ljósi reynslunnar reynst ófullnægjandi“. Eðlilegt þætti því, og um leið eyða réttaróvissu, að fella eldri hættumöt úr gildi enda þótt ljóst teldist að nokkur tími myndi líða áður en hægt yrði að staðfesta fyrsta hættumatið sem væri byggt á „nýrri þekkingu og reynslu“. Þar til kæmi að því væri gert ráð fyrir því að umhverfisráðherra gæti sett bráðabirgðareglur um skipulag nýrrar byggðar og nýbygginga í þeim sveitarfélögum sem byggju við snjóflóðahættu. Gert var ráð fyrir því að mörkin fyrir örugg byggðasvæði yrðu dregin þröngt vegna varfærnisþónarmíða á meðan ekki lægi fyrir vandað hættumat.

Í öðru lagi gerði frumvarpið ráð fyrir því að það yrði sem fyrr hlutverk Veðurstofu Íslands að gefa út viðvörðun um staðbundna snjóflóðahættu og lýsa yfir hættuástandi, sem lögreglustjóra og almannavarnanefndum væri skylt að bregðast við með rýmingu. Í samræmi við ábendingar sem höfðu borist frá lögreglustjórum landsins var gert ráð fyrir því að lögreglustjóri gæti hvenær sem er, í samráði við almannavarnanefnd, ákveðið að rýma húsnæði þótt hættuástandi hafi ekki verið lýst yfir af hálfu Veðurstofu, auk þess sem heimilt væri að fyrirskipa rýmingu á öðrum og stærri svæðum en samkvæmt rýmingaruppráttum Veðurstofunnar.

Í þriðja lagi var gert ráð fyrir lagaákvæði sem kvæði á um skyldu til að skipa sérstaka rannsóknarnefnd til að framkvæma rannsókn í hvert sinn sem manntjón yrði af völdum ofanflóðs í byggð. Þá væri jafnframt heimilt að skipa slíka nefnd í öðrum tilvikum ef manntjón eða verulegt eignatjón yrði af völdum ofanflóðs. Slíkri rannsókn væri einungis ætlað að hafa það markmið að draga úr hættu af völdum ofanflóða á sambærilegan hátt og þegar fram færu rannsóknir á flug- og snjóslýsum. Ekki væri um að ræða lögreglurannsókn, svo sem berum orðum væri tekið fram í viðkomandi grein frumvarpsins.

Í fjórða lagi voru settar skýrari reglur um skipun og verkefni „svonefndrar ofanflóðanefndar“ en hlutverk nefndarinnar yrði viðtækara samkvæmt nýjum lögum.⁴¹³ Hún skyldi þar á

413. Þótt nafnið Ofanflóðanefnd héldist óbreytt var hér í reynd um aðra og nýja nefnd að ræða, með annað hlutverk og skipan, heldur en fyrri Ofanflóðanefnd sem starfað hafði áður á grundvelli ofanflóðalaganna 1985 og umfjöllun lengst af í þessari skýrslu hefur einkum varðað, þ.e. fram til þess að sú nefnd var lögð niður í árslok 1995.

meðal taka ákvarðanir um ráðstafanir á fé úr ofanflóðasjóði í stað umhverfisráðherra, þótt gert væri ráð fyrir því að ákvarðanir nefndarinnar væru háðar staðfestingu hans.

Í fimmta lagi var með vísan til niðurstöðu áðurnefndrar skýrslu Veðurstofunnar um þörf fyrir snjóflóðamannvirki á Íslandi, þ.e. um að almennt væri vegna snjóflóðahættu hagkvæmara að reisa varnarvirki en að kaupa húseignir á hættusvæðum, gengið út frá því sem aðalreglu að varnarvirki yrðu reist með stuðningi ofanflóðasjóðs en heyra myndi til undantekninga að húseignir yrðu keyptar eða fluttar á brott. Í þeim tilfellum þar sem síðarnefndi kosturinn væri talinn hagkvæmari kæmi fram í lögnum að sveitarstjórn myndi kaupa eignir eða flytja þær í samræmi við ákvörðun ofanflóðanefndar. Einnig var nánar fjallað um viðmið varðandi verðmat sem miða ætti við í slíkum tilvikum.

Í sjötta lagi voru lagðar til breytingar á reglum um ofanflóðasjóð. Þar á meðal var gerð tillaga um hækkun á tekjustofni ofanflóðasjóðs með nánar tilgreindum hætti og tilteknar breytingar á tekjustofnum á móti sem ekki þarf að rekja sérstaklega. Með þessu yrðu ofanflóðasjóði í fyrsta lagi tryggðar nægar tekjur til að standa undir uppbyggingu á varnarvirkjum en í öðru lagi væru gerð skýr skil milli ofanflóðasjóðs og Viðlagatryggingar Íslands.

Í sjöunda lagi var fjallað nánar um kostnað við gerð og uppbyggingu varnarvirkja. Fram kom þar að fyrirsjáanlegt væri að kostnaður við það yrði mjög mikill í helstu snjóflóðabyggðum. Því næst sagði í frumvarpsathugasemddunum:

„Miðað við veika fjárhagsstöðu flestra, ef ekki allra, þessara sveitarfélaga telja fyrirsvarsmenn þeirra sig ekki geta tekið þátt í þeim 10% af þessum kostnaði sem núgildandi lög gera ráð fyrir. Hafa þeir því sett fram þá kröfu að ríkisvaldið, þ.e. ofanflóðasjóður, beri allan kostnað við uppbyggingu varnarvirkja. Það væri hins vegar mikið óráð að færa forræði á hönnun og framkvæmdum við varnarvirkin að öllu leyti úr höndum heimamanna. Þessi mannvirki munu óhjákvæmilega tengjast skipulagi og uppbyggingu byggðar í hlutaðeigandi sveitarfélagi, auk þess sem þau eiga eftir að setja mikinn svip á umhverfið. Af þessum sökum er enn sem fyrr gengið út frá því í 13. gr. frumvarpsins að sveitarstjórnir hafi frumkvæði að gerð varnarvirkja og fjármagni þær jafnframt að 1 / 10 hluta. Hins vegar er komið til móts við sjónarmið sveitarstjórnarmanna með því að heimila ofanflóðasjóði í 2. mgr. 13. gr. að veita þeim sveitarfélögum sem er fjárhagslega ofviða að standa straum af umræddri kostnaðarhlutdeild lán en um greiðslur af slíkum lánum fer eftir sérstökum reglum sem gerð er grein fyrir í athugasemdum við 13. gr. hér á eftir.“⁴¹⁴

Forsætisráðherra mælti fyrir frumvarpinu á Alþingi 28. janúar 1997. Af umræðum á Alþingi að dæma virðist samstaða hafa verið í þinginu um helstu atriði frumvarpsins. Ábendingar sem helst bárust frá þingmönnum í umræðum þingsins lutu m.a. að kostnaðarhlutfalli ofanflóðasjóðs af viðhaldi varnarvirkja, auk þess sem bent var á að sveitarfélög væru misjafnlega vel búin til að fjármagna ofanflóðavarnir. Ákvæði frumvarpsins um heimild ofanflóðasjóðs til lánveitingar til sveitarfélaga voru talin til hagsbóta. Einnig komu fram ábendingar um að eldri reglur sem höfðu gert ráð fyrir því að sveitarfélög greiddu 20% af kostnaði við ofanflóðavarnir hefðu verið sveitarfélögum ofviða.

Frumvarpið tók litlum breytingum í meðförum þingsins og að engu leyti varðandi meginatriði þess.⁴¹⁵ Það var samþykkt 12. maí 1997 sem lög nr. 49/1997 (hér eftir einnig: ofanflóðalög 1997). Lögin eru enn í gildi, með síðari breytingum, en frá og með setningu þeirra, og raunar nokkru fyrr ef horft er til breytinga sem gerðar voru rúmu ári áður með lögum nr. 151/1995, var komið á í meginatriðum það skipulag stjórnsýslu á sviði ofanflóðamála sem síðan hefur verið við lýði í landinu.

414. Um athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, þar á meðal athugasemd við 13. gr. þess sem vísað var til í tilvitnuðum texta, þykir nægja hér að vísa til frumvarpsins sjálfs.

415. Þær breytingar sem gerðar voru, samkvæmt nefndaráliti og breytingartillögu umhverfisnefndar, lutu að heimild ráðherra til að setja nánari reglur um skyldur sveitarstjóra varðandi búnað og aðstöðu eftirlitsmanna. Jafnframt lutu breytingarnar að því að hættumat skyldi fara fram á skipulögðum skýðasvæðum, auk þess sem hættumat skyldi einnig taka mið af mati á þeirri hættu sem lífi fólks væri búð vegna ofanflóða á skipulögðum byggingsvæðum líkt og með byggð svæði. Þá var áréttað að taka skyldi tillit til varnarvirkja sem búð væri að reisa við hættumót og að samráð skyldi viðhaft á milli lögreglustjóra og almannavarnanefnda um að banna umferð utan rýmingarsvæða vegna ofanflóða. Einnig yrði heimilt að meta hvort unnt væri að þetta byggð á svæði eftir að viðurkennd varnarvirki væru reist. Loks var lögð til setning bráðabirgðaákvæðis þess efnis að sveitarstjórn legði fram tillögu um skipulag nýrrar byggðar og nýbygginga í sveitarfélögum sem byggju við snjóflóðahættu, en sú tillaga skyldi unnin í samræmi við reglur sem umhverfisráðherra skyldi setja.

6.5.10. Lagabreytingar og reglusetning frá og með setningu ofanflóðalaga 1997

Á árunum sem liðið hafa frá setningu ofanflóðalaga 1997 hafa verið gerðar nokkrar breytingar á lögnum, þar á meðal samhliða breytingum á öðrum lögum, þ.e. án þess að lagabreytingar hafi varðað efni ofanflóðalaganna 1997 sérstaklega eða haft umtalsverð áhrif á það. Í ljósi afmörkunar á meginefni og viðfangsefnum í þessari skýrslu verður ekki talið tilefni eða tóm til ítarlegrar umfjöllunar um breytingar á lögnum eða efnissviði þeirra á síðari árum eftir snjóflóðið í Súðavík. Þó er vert að geta stuttlega um breytingar sem gerðar voru á ákvæðum 4. gr. laganna um hættumat um mitt árið 2000 en það voru jafnframt fyrstu breytingarnar sem gerðar voru á lögnum frá setningu þeirra árið 1997.

Lagafrumvarp sem leiddi til þessara breytinga kom fram á Alþingi í maí 2000 og var svonefnt nefndarfrumvarp, lagt fram af umhverfisnefnd.⁴¹⁶ Engar umræður fóru fram um frumvarpið, utan framsöguræðu formanns umhverfisnefndar, og það var samþykkt óbreytt sem lög nr. 71/2000 næsta dag eftir framlagningu þess. Ekki verður annað ráðið af gögnum varðandi þetta frumvarp og meðferð þess á Alþingi en að tilgangur þess hafi fyrst og fremst verið sá að tryggja að ákvæði um hættumat í ofanflóðalögnum 1997 veittu nægilega trygga lagastoð fyrir ákvæðum um svonefndar hættumatsnefndir og störf þeirra en slíkum nefndum var fyrst komið á fót á þessum tíma. Þannig var í framsöguræðu formanns umhverfisnefndar við 1. umræðu um frumvarpið vísað til þess að gert hefði verið ráð fyrir því að „hættumatsnefndin fengi eingöngu stoð í reglugerð“ en þyrfti hins vegar sterkari lagastoð. Samkvæmt þessu virðist lagabreytingin hafa átt rót að rekja til nýrrar reglugerðar um gerð hættumats sem þá var í burðarliðnum í umhverfisráðuneytinu og mælti fyrir um skipun og störf slíkra hættumatsnefnda en vikið er jafnframt stuttlega að henni hér á eftir.

Í ofangreindu skyni laut frumvarpið, sem og endanleg lagabreyting hér, að þrenns konar breytingum á ákvæðum 4. gr. ofanflóðalaga 1997 um hættumat. Einungis verður hér vikið að breytingunni varðandi hættumatsnefndir en hún virðist hafa verið sú eina sem hafði að marki áhrif á og breytti framkvæmd við gerð hættumats. Þar var bætt við málsgrein á eftir 1. mgr. 4. gr., þ.e. nýrri 2. mgr. 4. gr., sem hljóðaði svo:

„Beiðni sveitarstjórnar um gerð hættumats skal berast umhverfisráðherra og skipar hann fjögurra manna nefnd sem stýrir gerð hættumats í viðkomandi sveitarfélagi, hættumatsnefnd. Skulu tveir fulltrúar skipaðir samkvæmt tilnefningu frá sveitarstjórn, en ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar í nefndina og skal annar þeirra vera formaður og hafa oddaatkvæði falli atkvæði jöfn. Hættumatsnefnd ákveður í samráði við sveitarstjórn til hvaða svæða hættumat skuli ná. Hættumatsnefnd kynnir tillögur að endanlegu hættumati í samráði við sveitarstjórn þegar þær berast frá Veðurstofu Íslands og gengur frá hættumati til staðfestingar ráðherra. Ráðherra setur reglur um skipan og starf hættumatsnefndar.“

Í stuttum frumvarpsathugasemdum sagði um þetta:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að kveðið verði á um skipan og hlutverk hættumatsnefnda í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997. Í reglum um gerð og notkun hættumats, flokkun hættusvæða og nýtingu þeirra, sem umhverfisráðherra skal setja á grundvelli 4. gr. laganna, skal nánar kveðið á um hlutverk og starf hættumatsnefnda. Rétt þykir að hættumatsnefndir hafi skýra stoð í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og er það markmiðið með frumvarpi þessu.“

Samkvæmt frumvarpinu skulu sveitarstjórnir í viðkomandi sveitarfélagi hafa frumkvæði að því að láta meta hættu á ofanflóðum líkt og er í núgildandi lögum. Lagt er til að sveitarstjórn óski eftir því við umhverfisráðherra að hættumat verði gert. Hér er um breytingu að ræða frá núgildandi lögum þar sem gert er ráð fyrir að beiðni sveitarstjórnar skuli berast Veðurstofu Íslands. Lagt er til að umhverfisráðherra skipi hættumatsnefnd í framhaldi af beiðni sveitarstjórnar og er henni ætlað að stýra gerð hættumats í viðkomandi sveitarfélagi. Hættumatsnefndum er ætlað stjórnsýsluhlutverk við gerð hættumats, sem felur í sér að hafa umsjón með vinnu við gerð þess og vera tengiliður sveitarstjórna og Veðurstofu Íslands vegna framkvæmdar við gerð þess. Veðurstofa Íslands annast gerð hættumats samkvæmt gildandi lögum og skal hættumatsnefnd leggja fram beiðni til

416. Frumvarpið (þskj. 1164, 635. mál, 125. löggjafarþing 1999–2000) var lagt fram 8. maí 2000. Eins og við á um önnur lagafrumvörp og gögn um þinglega meðferð þeirra sem fjallað hefur verið um í kaflanum má hér nánar vísa til vefsvæðis Alþingis, þar sem gögnin eru aðgengileg, á þessum tengli: <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/125/635/?ltg=125&mnr=635>.

Veðurstofunnar um gerð hættumats og semja um nánari framkvæmd þess við stofnunina, svo sem um verktíma og kostnað. Lagt er til að hættumatsnefnd ákveði yfir hvaða svæði hættumat skuli taka, í samráði við sveitarstjórn. Þegar tillaga að hættumati berst frá Veðurstofu Íslands skal hættumatsnefnd kynna tillögu að endanlegu hættumati í samráði við viðkomandi sveitarstjórn. Að lokum er lagt til að hættumatsnefnd gangi frá hættumati til staðfestingar ráðherra.“

Skömmu eftir samþykkt þessarar lagabreytingar, eða 6. júlí 2000, staðfesti þáverandi umhverfisráðherra nýja reglugerð, nr. 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats, eins og hún hét þá.⁴¹⁷ Eins og fram kemur í tilvísun í neðanmálgrein er reglugerðin enn í gildi, með síðari breytingum sem ekki verða raktar hér heildstætt eða sérstaklega. Með vísan til sömu sjónarmiða og áður voru nefnd varðandi frekara tilefni eða tóm til umfjöllunar í þessari skýrslu um atvik og aðstæður á sviði ofanflóðamála þegar hér er komið sögu verður látið nægja að gera í grófum dráttum og í aðalatriðum grein fyrir efnisatriðum úr reglugerðinni sem helst má telja efni til að geta að lokum um í samhengi þessarar skýrslu.

Með reglugerð nr. 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða o.fl., voru sett ákvæði um áðurnefndar hættumatsnefndir og störf þeirra í II. kafla. Þar var m.a. kveðið á um það með beinum hætti, í fyrsta sinn svo séð verði í regluverki á þessu sviði, að hættumat bæri að kynna með tilteknum hætti í viðkomandi sveitarfélagi, sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Þar kom fram að viðkomandi sveitarstjórn bæri ábyrgð á og annaðist kynningu á hættumati í samráði við hættumatsnefnd og að auglýsa skyldi það og kynna á almennum fundi í sveitarfélaginu. Síðan skyldi það liggja frammi til kynningar á skrifstofu sveitarfélagsins í fjórar vikur.

Í III. kafla reglugerðarinnar voru og eru ákvæði um gerð og notkun hættumats. Í þeim kafla komu m.a. fram ný ákvæði um áhættu og ásættanlega áhættu, í 10. og 11. gr. Hættumatskort og flokkun hættusvæða, samkvæmt 12. gr. reglugerðarinnar, skyldu svo taka mið af reglum þessara nýju ákvæða á nánar tilgreindan hátt, sem og ákvæði í V. kafla reglugerðarinnar um flokkun, skilgreiningu og nýtingu hættusvæða. Ákvæði og reglur um áhættu og ásættanlega áhættu (staðaráhættu) sem hér komu fram fólu í sér ný viðmið í íslensku regluverki og framkvæmd á þessu sviði, sem hér voru a.m.k. fyrst formlega sett og fest í sessi með beinni reglusetningu. Hér er hins vegar ekki svigrúm til að lýsa þeim eða grundvelli þeirra og tilurð nánar og verður að vísa annað um frekari upplýsingar hvað það varðar.⁴¹⁸

Líkt og áður sagði er reglugerð nr. 505/2000 enn í gildi, með síðari breytingum, og hefur frá setningu sinni verið, ásamt öðru sem hún tekur til, grundvöllur framkvæmdar við gerð og notkun hættumats vegna snjóflóða hér á landi.

Að öðru leyti en hér hefur verið vikið að, og með vísan til sömu sjónarmiða og áður hafa komið fram varðandi efnisafmörkun þessarar skýrslu, verður að láta hér staðar numið í umfjöllun um þróun regluverks á þessu sviði eftir setningu ofanflóðalaganna 1997.

6.6. Áköll um opinbera rannsókn

Fljótlega eftir snjóflóðið í Súðavík hófu aðstandendur þeirra sem létu lífið í snjóflóðinu að setja fram óskir eða kröfur um rannsókn á aðdraganda þess. Jafnframt komu þá fram

417. Reglugerðin, sem er enn í gildi með síðari breytingum (og nokkuð breyttu nafni) við útgáfu þessarar skýrslu, er aðgengileg í reglugerðarsafni (reglugerd.is) á þessum tengli: <https://island.is/reglugerdir/nr/0505-2000>. Þar má jafnframt sjá fyrstu útgáfu hennar og allar síðari breytingar á reglugerðinni (breytingasaga).

418. Í dæmaskyni má þar nefna stutt og almennt yfirlit á vefsvæði Veðurstofu Íslands um ofanflóðahættumat og aðferðafræði og regluverki þess en það má nálgast á eftirfarandi tengli: <https://www.vedur.is/ofanflod/frodleikur/greinar/nr/380>. Frekari og ítarlegri fróðleik um ofanflóðahættumat og ýmis atriði í því sambandi má einnig nálgast á sama vefsvæði gegnum þennan tengil: <https://www.vedur.is/ofanflod/haettumat/>. Draga má sérstaklega fram að þar er að finna tengil á grein Kristjáns Jónassonar, Svens Þ. Sigurðssonar og Þorsteins Arnalds frá febrúar 1999, „Estimation of avalanche risk“ (þ.e. *Mat á snjóflóðahættu*) þar sem þessum atriðum er lýst á fræðilegan hátt og m.a. rakin í inngangi tilurð og saga greinarinnar og þeirra aðferða við gerð hættumats vegna snjóflóða sem hún lýsir nánar. Eins og titillinn bendir til er greinin á ensku. Þar kemur m.a. efnislega fram að aðferðin við hættumat (*hazard zoning method*) sem hún lýsir hafi fyrst verið þróuð við raunvísindadeild Háskóla Íslands árin 1995–1996 og hafi verið notuð og þróuð áfram á Veðurstofu Íslands frá miðju ári 1996 þegar tveir höfundar hennar hafi fært sig þangað frá háskólanum. Einnig segir að vinnu við þróun aðferðarinnar megi rekja til viðbragða við snjóflóðinu í Súðavík 16. janúar 1995 og hún hafi síðan stígmagnast (*escalated*) við snjóflóðið á Flateyri 26. október 1995. Tekið er fram í samhengi við bæði snjóflóðin að hús sem snjóflóðin féllu á, þ.e. flest af húsunum í Súðavík og öll á Flateyri, hafi verið á svæði sem merkt var „öruggt“ (*safe*) í opinberu hættumati vegna snjóflóða.

frá þeim athugasemdir og gagnrýni varðandi tiltekin atriði tengd aðdraganda snjóflóðsins, þar á meðal varðandi umfjöllun í opinberum skýrslum um þau efni. Eins og umfjöllunin ber með sér var þar einnig að hluta til um að ræða sams konar kröfur frá öðrum en þeim fyrrgreindu.

Í megindráttum átti þessi viðleitni sér einkum stað á næstu fimm árum eftir snjóflóðið, þ.e. til ársins 2000, en einnig komu fram erindi þessa efnis á árunum 2003 til 2005. Hér á eftir er gerð fyrir þessum málaleitunum í megindráttum og tengdum atvikum, einkum þá svörum eða athugun viðkomandi stjórnvalda og málalyktum hverju sinni. Rétt er að benda einnig á að tiltekin erindi Rögnu Aðalsteinsdóttur sem lýst er hér á eftir, nánar tiltekið erindi lögmanns fyrir hönd hennar til sveitarstjórnar Súðavíkur 21. febrúar og til dómsmálaráðuneytisins 5. apríl 1995, vörðuðu raunar önnur ágreiningsefni í kjölfar snjóflóðsins, þ.e. um hreinsunarstarf í Súðavík eftir það. Engu að síður þykir réttast að fjallað sé um þau með öðrum erindum aðstandenda til stjórnvalda eftir snjóflóðið sem þessi kafli annars varðar.⁴¹⁹

6.6.1. Erindi lögmanns fyrir hönd Rögnu Aðalsteinsdóttur til sveitarstjórnar Súðavíkur 21. febrúar 1995

Þann 21. febrúar 1995 sendi lögmaður fyrir hönd Rögnu Aðalsteinsdóttur, bónda á Laugabóli við Ísafjarðardjúp, erindi á sveitarstjórn Súðavíkur.⁴²⁰ Tekið var fram í erindinu að Ragna væri móðir Bellu Aðalheiðar Vestfjörð sem farist hefði í snjóflóðinu og jafnframt verið eigandi fasteignarinnar Túngötu 7. Í erindinu var óánægju Rögnu komið á framfæri varðandi fyrirkomulag hreinsunar í Súðavík eftir snjóflóðið og tekið fram að hún teldi um „hreina valdníðslu að ræða gagnvart eigendum hinna föllnu húsa“. Í bréfinu var gagnrýnt að ekki hefði verið leitað eftir samþykki til hreinsunarinnar. Þá var einnig gerð athugasemd við að hreinsunarstarf hefði byrjað svo skjótt eftir snjóflóðið, á þeim tíma þegar aðstandendur voru ekki í aðstöðu til að hafa aðkomu að eða taka ákvarðanir um hreinsunarstarf. Fram kom í bréfinu:

„Ragna telur sig hafa fengið óyggjandi upplýsingar um að hreinsunaráttak sveitarstjórnarinnar hafi verið með þeim hætti að öllum lausamunum hafi verið mokað burt með snjónum ásamt öllum rústum húsanna. Þá hafi verið farið með hinar stórvirku vinnuvélar inn á lóðina á Túngötu 7 og lóðin gjörsamlega jöfnuð við jörðu, en lóðin var fullræktuð fyrir. Öllu þessu var síðan keyrt í burtu í stóran haug, sem jarðýta var látin moka úr.“

Í bréfinu var gerð athugasemd við að óskir Rögnu eftir upplýsingum um hreinsunarstarf hefðu verið hunsaðar af hálfu sveitarstjórnar og nefndarmanna í „hreinsunarnefnd“. Fullyrt var í bréfinu að sveitarstjórnin hefði „farið offari“ við hreinsunarstarfið og að ekki væri unnt að „s[y]na fram á að öryggissjónarmið [hefðu] þurft að leiða til [slíkra] vinnubragða“. Þess var óskað að Ragna fengi greinargerð um málið innan hálfmánaðar frá dagsetningu bréfsins.

Þessu erindi svaraði þáverandi sveitarstjóri Súðavíkurhrepps 27. mars 1995. Með bréfinu var afrit af skýrslu um hreinsunarstarf í Súðavík í kjölfar snjóflóðanna sem dagsett var 21. mars 1995.⁴²¹

6.6.2. Erindi lögmanns fyrir hönd Þorsteins Gestssonar, Berglindar Kristjánsdóttur, Hafsteins Númasonar og Maríu Gestsdóttur til dómsmálaráðherra 21. mars 1995

Með bréfi lögmanns 21. mars 1995 til þáverandi dómsmálaráðherra var farið fram á það fyrir hönd eigenda húsa að Túngötu 4 og Túngötu 5 í Súðavík, Þorsteins Gestssonar, Berglindar Kristjánsdóttur, Hafsteins Númasonar og Maríu Gestsdóttur (Maríu Mayu Hrafnhildardóttur). Með bréfinu var þess krafist að fram færi rannsókn á skipulagi snjóflóðavarna á svæðinu, hvernig fylgst hefði verið með hættum af snjóalögum, hvernig staðið hefði verið að viðvörðun til bæjarbúa daginn eða dagana fyrir umrætt snjóflóð og að endingu hvernig staðið hefði verið að hjálparstarfi og hreinsun með tilliti til þess að persónulegar eigur sumra umbjóðenda lögmannsins hefðu „glatast fullkomlega við

419. Fyrr í þessum kafla skýrslunnar hefur verið fjallað um hreinsunarstarf vegna snjóflóðsins og ágreining þar að lútandi og má nánar vísa hér til þeirrar umfjöllunar, þ.e. í kafla 6.2.

420. Skjalasafn dómsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 22.4.2025.

421. Nánar er fjallað um efni þeirrar skýrslu og eftirmál hreinsunarstarfs í Súðavík í kafla 6.2.

þær aðgerðir“.⁴²² Ósk um rannsókn var sett fram með vísan til 4. gr. þágildandi laga nr. 94/1962 um almannavarnir og henni beint til dómsmálaráðherra sem æðsta yfirmanns almannavarna. Fram kom í niðurlagi bréfsins að því væri ekki haldið fram að lög um almannavarnir hefðu verið brotin svo varðaði refsingu, en að telja yrði þörf á að rannsaka atriði málsins ef niðurstaðan „gæti orðið til eftirbreytni“. Rannsaka þyrfti hvort lögum hefði verið fylgt og hvort „forða hefði mátt þessu skelfilega áfalli með öflugri viðvörðun og betra eftirliti“.

Nokkrum dögum síðar, þann 30. mars 1995, birtist umfjöllun í Morgunpóstinum þar sem fjallað var um samskipti innan almannavarnanefndar Súðavíkur aðfaranótt 16. janúar 1995.⁴²³ Í viðtalinu var rætt við Heiðar Guðbrandsson, snjóathugunarmann í Súðavík, Sigríði Hrönn Elíasdóttur, sveitarstjóra í Súðavík, Ólaf Helga Kjartansson, sýslumann á Ísafirði, og Magnús M. Magnússon, snjóflóðafræðing hjá Veðurstofu Íslands. Þá var rætt við Hafstein Númason og Berglindi Kristjánsdóttur, sem voru á meðal þeirra aðstandenda sem fóru fram á opinbera rannsókn á atburðinum. Í viðtalinu röktu þau í nokkru ástæður þess að þau færu fram á slíka rannsókn.

Með bréfi 31. mars 1995 upplýsti dómsmálaráðuneytið Almanna- og ríkisins að ráðuneytinu hefði borist framangreint erindi. Í bréfi ráðuneytisins var efni erindisins lýst í meginatriðum og þess farið á leit að almannavarnir tækju saman ítarlega greinargerð um þau atriði sem farið væri fram á að fengjust upplýst í erindinu.⁴²⁴ Tekið var fram að leggja bæri áherslu á að hraða samningu greinargerðarinnar, þannig að hún bærist ráðuneytinu eigi síðar en 19. apríl sama ár. Í kjölfarið unnu Almanna- og ríkisins greinargerð sem lá fyrir 28. apríl 1995 og var send ráðuneytinu þann dag.⁴²⁵ Samkvæmt inngangi og niðurlagi greinargerðarinnar byggðist hún á gögnum sem lágu fyrir hjá Almanna- og ríkisins vegna snjóflóðsins, fundum sem hefðu farið fram með þeim einstaklingum sem að málinu komu og skriflegum og munnlegum skýrslum þeirra sömu. Sá hluti greinargerðarinnar sem laut að því hvernig fylgst var með hættu af snjóalögum var byggður á bókunum vaktmanna Almanna- og ríkisins, minnisblöðum sýslumannsins á Ísafirði og skýrslum þeirra sem að málum voru sagðir hafa komið.⁴²⁶

Í greinargerð Almanna- og ríkisins var farið lið fyrir lið yfir þau atriði sem stofnuninni hafði verið falið að athuga og settar fram upplýsingar um þau samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við vinnslu greinargerðarinnar samkvæmt ofangreindu. Um nánara efni greinargerðarinnar, umfram það sem þegar hefur verið vikið að í fyrri umfjöllun í skýrslunni, má vísa til hennar sjálfrar. Í niðurlagi greinargerðarinnar kom fram að unnið væri að „heildarskýrslu um alla þætti þessara náttúruhamfara þannig að af þeim [mætti] draga sem mestan lærdóm til endurbóta á skipulagi Almanna- og ríkisins í framtíðinni“. Sú skýrsla lá fyrir tæpu ári síðar, eða í janúar 1996, og bar heitið „Snjóflóð 95“.⁴²⁷

Af flestri greinargerð Almanna- og ríkisins má ráða að tilgangur hennar hafi verið sá að draga fram helstu atvik um þau atriði sem færð voru fram í erindi eigenda húsa að Túngötu 4 og 5 frá 21. mars 1995. Í þeim hluta greinargerðarinnar sem fjallaði um það hvernig staðið var að viðvörðun til bæjarbúa fyrir snjóflóðið kom m.a. fram sú afstaða að ekki hefði verið farið að fyrir mælum sýslumannsins á Vestfjörðum þegar hann hefði óskað eftir því að almannavarnanefnd Súðavíkur yrði kölluð saman til að meta stöðuna í Súðavík og grípa til viðeigandi ráðstafana í kjölfar slíks fundar. Slegið var föstu í greinargerðinni að ekki hefði verið „farið að þeim tilmælum hans né unnið í framhaldi þar af eftir neyðarskipulagi Almanna- og ríkisins Súðavíkur“.

422. Skjalasafn dómsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 22.4.2025. Tekið skal fram að einnig er vísað til ráðuneytisins sem dómsmálaráðuneytisins í meginmáli, til styttingar og hagræðis, en á þessum tíma var þarna um að ræða dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

423. [Helgarpósturinn – 26. tölublað – Morgunpósturinn \(30.03.1995\) – Tímarit.is](#)

424. Skjalasafn dómsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 22.4.2025.

425. Fjallað hefur verið um þessa greinargerð áður í skýrslunni en eins og komið hefur fram og vísað hefur verið til er hún birt með skýrslunni.

426. Eins og fram kom í kafla 5 hér á undan lágu m.a. sömu gögn til grundvallar umfjöllun í þeim kafla um þau atriði sem hér um ræðir.

427. Sú skýrsla er eins og komið hefur fram jafnframt birt í heild sinni með skýrslu rannsóknarnefndar í viðauka X og vísast til hennar nánar um efni hennar.

Í kjölfar þess að greinargerð Almannafráttar ríkisins lá fyrir 28. apríl 1995 sendi dómsháttur hana til lögmanna aðstandendanna með bréfi 10. maí 1995. Í bréfinu var skírskotað til umleitunar ráðuneytisins til Almannafráttar ríkisins um að taka saman greinargerðina með hliðsjón af þeim atriðum sem eigendur húsanna að Túngötu 4 og 5 hefðu farið fram á að yrðu tekin til rannsókna. Þá kvaðst ráðuneytið hafa óskað eftir því að Almannafráttar ríkisins útveguðu upplýsingar um skipulag og framkvæmd hreinsunarstarfs vegna flóðsins. Í bréfi dómsháttar ráðuneytisins sagði svo:

„Verði talin þörf á nánari rannsókn, óskar ráðuneytið að taka fram að meðfylgjandi skýrsla er greinargerð, sem unnin er af Almannafráttar ríkisins, í því skyni að varpa ljósi á umrædd atriði, en er ekki með það að markmiði að finna einhverja sökunauta.

Ef þér, herra hæstaréttarlögmaður, teljið rétt að láta á það reyna hvort einhver kunni að bera refsíabyrgð á athöfnum sínum eða athafnaleysi, er yður bent á að snúa yður með kæru til ríkissaksóknara og fara fram á opinbera rannsókn í samræmi við lög um meðferð opinberra mála.“⁴²⁸

6.6.3. Erindi lögmanna fyrir hönd Rögnu Aðalsteinsdóttur til dómsháttar ráðuneytisins 5. apríl 1995

Með bréfi lögmanna fyrir hönd Rögnu Aðalsteinsdóttur til dómsháttar ráðuneytisins 5. apríl 1995 var þess farið á leit að fram færi opinber rannsókn á því hvernig staðið hefði verið að „hreinsun lóða og brottflutningi fallinna húsa og lausafármuna eftir snjóflóði“ og „hvort viðkomandi aðilar er að þessu verki stóðu hafi fengið tilskilin leyfi fyrir framkvæmdinni“.⁴²⁹ Í bréfinu var m.a. staðhæft að hreinsunaraðgerðir Súðarvíkurhrepps hefðu verið heimildarlausar og ólögmatar, auk þess sem stjórnleysi var sagt hafa ríkt á meðan þær stóðu yfir. Í bréfinu kom einnig fram að leitað hefði verið eftir skýringum hjá Súðarvíkurhreppi, en skýringar sem hefðu borist af því tilefni væru rangar eða ófullnægjandi. Nauðsynlegt væri að rannsaka þennan þátt nánar til að koma í veg fyrir að slíkt gæti endurtekið sig. Í niðurlagi var þess óskað að rannsóknin færi fram eins fljótt og mögulegt væri.

Þessu erindi var svarað af hálfu dómsháttar ráðuneytisins 12. maí 1995 með bréfi til lögmanna.⁴³⁰ Í bréfinu var vísað til áður nefnds erindis til ráðuneytisins 21. mars 1995 sem orðið hefði til þess að ráðuneytið hefði fengið Almannafráttar ríkisins til að taka saman greinargerðina frá 28. apríl sama ár og henni m.a. lýst svo efnislega að hún hefði varðað björgunarstarf og hreinsun með tilliti til tjóns á eignum þeirra sem lentu í flóðinu. Fram kom að greinargerðin fylgdi hjálögð með svarbréfi ráðuneytisins og vísað til þess að fram kæmi þar að afskiptum Almannafráttar ríkisins af hreinsun og verðmætavörslu hefði lokið 23. janúar 1995 og sveitarfélagið þá tekið við hreinsunarstarfinu. Samkvæmt því teldi ráðuneytið ekki rétt að hlutast til um frekari rannsókn en orðið væri. Ef lögmaðurinn teldi hins vegar að einhver kynni að hafa „bakað sér refsíabyrgð“ væri rétt að snúa sér til ríkissaksóknara með kæru sem yrði þá rannsókuð eftir þágildandi lögum um meðferð opinberra mála. Í niðurlagi bréfsins kom fram að framundan væri ráðstefna um snjóflóð á Ísafirði dagana 30. og 31. maí 1995 þar sem fyrirhugað væri að fjalla um atburðinn í Súðavík og draga lærdóm af til að „koma í veg fyrir að slíkt geti endurtekið sig við sambærilegar aðstæður síðar meir“.

Þann 3. ágúst 1995 birtist aðsend grein Rögnu Aðalsteinsdóttur í Morgunblaðinu með fyrirsögninni „Eftirmál snjóflóðsins í Súðavík skjalfest hneyksli“.⁴³¹ Í greininni kom m.a. fram að í Súðavík hefði „átt sér stað vanræksla í starfi“ þótt enginn einn væri þar sekur. Hún kvað það undarlegt að fólk sem setið hefði í almannafráttar nefnd í Súðavík sæti þar enn eftir atburðina. Þá gerði hún athugasemdir við framkvæmd hreinsunarstarfs og umræður um ráðstöfun fjármuna sem safnað var í kjölfar atburðanna með söfnuninni Samhugur í verki. Í niðurlagi greinarinnar var fundið að því að almannafráttar hefðu brugðist seint við aðstoðarbeiðni eftir snjóflóðið og kvaðst hún ýta fast á eftir rannsókn málsins.

428. Skjalasafn dómsháttar ráðuneytisins. Gögn afhent 22.4.2025.

429. Skjalasafn dómsháttar ráðuneytisins. Gögn afhent 22.4.2025.

430. Skjalasafn dómsháttar ráðuneytisins. Gögn afhent 22.4.2025.

431. [Morgunblaðið – 174. tölublað \(03.08.1995\) – Tímarit.is](#)

6.6.4. Krafa Heiðars Guðbrandssonar á fundi hreppsnefndar Súðavíkur 11. ágúst 1995

Þann 11. ágúst 1995 óskaði Heiðar Guðbrandsson, hreppsnefndarmaður og áður snjóathugunarmaður í Súðavík, eftir því á hreppsnefndarfundum Súðavíkurhrepps að bætt yrði við dagskrárlið um opinbera rannsókn á því sem gerðist fyrir og eftir snjóflóðið 16. janúar 1995 í Súðavík.⁴³² Dagskrárbreytingartillaga Heiðars var felld, með þremur atkvæðum gegn tveimur.

6.6.5. Greinargerð sex aðstandenda látinna í snjóflóðinu birt í Morgunblaðinu 30. mars 1996

Þann 22. mars 1996 skrifuðu sex aðstandendur þeirra sem létust í snjóflóðunum greinargerð sem þau sendu Morgunblaðinu og birt var þar 30. mars 1996 sem greinargerð frá „sex Súðvíkingum“.⁴³³ Af innihaldi greinargerðarinnar má ráða að hún hafi verið skrifuð vegna útgáfu skýrslu almannaþingarinnar „Snjóflóð 95“ í janúar 1996 um snjóflóðin í Súðavík og Reykhólasveit, sem nánar var fjallað um í kafla 5 og birt er með skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Einnig er í greinargerð aðstandendanna vísað til og fjallað um greinargerð Almannaþingarinnar frá 28. apríl 1995.

Í greinargerðinni í Morgunblaðinu var innihald skýrslunnar „Snjóflóð 95“ gagnrýnt í nokkrum liðum, sérstaklega með hliðsjón af tilgreindum atriðum sem einnig hefðu komið fram í greinargerð Almannaþingarinnar, dagsettri 28. apríl 1995. Meðal annars vörðuðu athugasemdir þar samskipti innan almannavarnarnefndar aðfaranótt 16. janúar 1995 og samskipti nefndarmanna þar þá nótot við „yfirverkefnastjóra Veðurstofu Íslands“ (þ.e. Magnús M. Magnússon), auk þess sem undir lok hennar var sérstaklega fjallað um tiltekna ályktun í skýrslunni „Snjóflóð 95“, nánar tiltekið svo:

„Á bls. 8 segir svo í skýrslunni nýju: „Ekki verður séð af fyrirbyggjandi gögnum að önnur málsmeðferð hefði firtt því manntjóni sem varð, þar eð þau hús sem lentu í snjóflóðinu voru utan hættusvæðis samkvæmt gildandi hættumati.“ Þetta er enn þvert á það sem segir á bls. 5 um efri húsaröðina við Nesveg sem er innan hættusvæðis og óskiljanleg þversögn þar sem það voru einmitt hús við Nesveg nr. 1, 3 og 7 sem lentu í flóðinu og öll [inni] á hættusvæði samkvæmt mati. Má minna á að tvennt fórst í húsinu við Nesveg 7. Það er því beinlínis rangt og óskiljanleg syndakvittun að fyrirbyggjandi gögn bendi ekki til þess að önnur málsmeðferð hefði firtt manntjóni því sem varð.“

Í greinargerðinni kom þessu næst fram m.a. að það væri „ófrávíkjanleg krafa“ þeirra sem stóðu að greinargerðinni í Morgunblaðinu að umrædd skýrsla, „Snjóflóð 95“, yrði „endurunnin af hlutlausum aðila“.

6.6.6. Erindi sex aðstandenda látinna í snjóflóðinu til dómismálaráðherra 30. apríl 1996

Fyrirnefndir sex aðstandendur skrifuðu dómismálaráðherra bréf 30. apríl 1996.⁴³⁴ Með bréfinu fylgdi afrit af áður nefndri greinargerð frá 22. mars 1996 sem birst hafði í Morgunblaðinu 30. sama mánaðar og fjallað var um innihald hennar. Fram kom í erindinu að greinargerðin hefði verið birt í Morgunblaðinu án þess að það hefði vakið sérstök viðbrögð.

Í erindinu komu fram athugasemdir við skýrslu almannaþingarinnar sem komið hafði út í janúar sama ár, „Snjóflóð 95“. Meginathugasemdirnar voru bornar fram í fjórum liðum, en aðstandendurnir töldu skýrsluna fara rangt með staðreyndir og ekki taka á yfirsjónum. Bent var á m.a. að niðurstaða í skýrslunni um að önnur málsmeðferð hefði ekki „firtt því manntjóni sem varð“ þar sem hús sem hefðu lent í flóðinu hefðu verið utan hættusvæðis samkvæmt þágildandi hættumati væri bæði röng og villandi. Í niðurlagi erindisins kom fram að aðstandendur gerðu þá ófrávíkjanlegu kröfu að ekki yrði skilið við málið öðruvísi en svo að ljóst væri hvað hefði farið úrskeiðis og hverra væri ábyrgðin. Kváðust aðstandendur treysta því að ráðherra legði fyrir almannaþinginni að verða við óskum þeirra.

Þessu erindi svaraði dómismálaráðuneytið 24. maí 1996, en drög að því bréfi höfðu áður verið borin undir Almannaþingarinnar ríkisins nokkrum dögum fyrr.⁴³⁵ Í bréfinu var vísað til

432. Fundargerðabók hreppsnefndar Súðavíkurhrepps, skjalasafn Súðavíkurhrepps.

433. [Morgunblaðið – 76. tölublað \(30.03.1996\) – Tímarit.is](#) Undir greinargerðina skrifuðu Hafsteinn Númason, Berglind María Kristjánsdóttir, Ragna Aðalsteinsdóttir, Björk Þórðardóttir, Þorsteinn Örn Gestsson og María Sveinsdóttir (María Maya Hrafnhildardóttir).

434. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (92).

435. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (72) og Almannaþingin ríkisins 2011. B-94 (157, 159 og 166).

Þess að í mars 1995 hefði ráðuneytið farið þess á leit við Almannavarnir ríkisins að tekin yrði saman skýrsla eftir snjóflóðið og að óskað hefði verið rannsóknar á tilgreindum atriðum. Fjallað var um meginatriði þeirrar skýrslu og tekið fram að ekki þætti ástæða til að fjalla sérstaklega um einstök atriði í athugasemdum aðstandenda við innihald hennar. Kvaðst ráðuneytið ekki, eins og málið horfði þá við, ætla að hlutast til um frekari rannsóknir eða lagfæringar á skýrslum sem unnar hefðu verið af Almannavörnum ríkisins vegna flóðsins. Í niðurlagi bréfsins sagði:

„Það er ekki meðal verkefna Almannavarna ríkisins að vinna rannsóknir um orsakir og tildrög náttúruhamfara með slíkum hætti, að þegar slíkri rannsókn er sé lokið, megi kveða upp úr með hverra sé sökin eða ábyrgðin.“

Rannsókn af þeim toga, þar sem á það reynir hvort einhver hafi bakað sér refsíabýrgð með saknæmri athöfn eða athafnaleysi, er rannsókn sem fer fram í samræmi við lög um meðferð opinberra mála. Ef þér óskið að slík rannsókn verði framkvæmd, er yður rétt að snúa yður til ríkissaksóknara með kæru þar að lútandi.“

6.6.7. Erindi sjö aðstandenda látinna í snjóflóðinu til ríkissaksóknara 20. ágúst 1996

Með erindi til ríkissaksóknara 20. ágúst 1996 óskuðu sjö aðstandendur látinna í snjóflóðinu eftir opinberri rannsókn á aðdraganda og afleiðingum þess.⁴³⁶ Í erindinu var óskað eftir rannsókn á aðdraganda og afleiðingum snjóflóðsins og hvort brotin hefðu verið lög um almannavarnir og lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Þá var þess krafist í erindinu að hinum brotlegu yrði refsað samkvæmt lögum ef sakir yrðu sannaðar. Aðstandendur vísuðu til þeirra athugasemda sinna sem fram hefðu komið í bréfum þeirra til Almannavarna ríkisins 22. mars 1996 og dómsmálaráðherra 30. apríl 1996. Í erindinu var vísað til svarbréfs dómsmálaráðherra frá 24. maí 1996, þar sem ráðherra hefði tekið fram að það kæmi í hlut ríkissaksóknara að rannsaka það hvort einhver hefði bakað sér refsíabýrgð. Væri málinu því vísað til embættis ríkissaksóknara í samræmi við þann „vilja dómsmálaráðherra“.

Embætti ríkissaksóknara sendi fyrrgreint erindi til umhverfisráðuneytisins 16. október 1996. Þess var farið á leit að ráðuneytið yfirfæri gögn málsins og gæfi álit á málinu. Þá var þess óskað að ráðuneytið veitti gögn eða upplýsingar sem kynnu að vera til staðar hjá ráðuneytinu sem ekki lægju þá þegar fyrir.⁴³⁷

Umhverfisráðuneytið sendi erindið til Veðurstofu Íslands 24. október 1996 og óskaði eftir því að stofnunin léti ráðuneytinu í té gögn sem gætu haft þýðingu vegna framkominnar kröfu aðstandenda.⁴³⁸ Þá var óskað eftir álit Veðurstofunnar á staðhæfingum sem birtust í erindi aðstandenda til ríkissaksóknara um að forsvarsmenn almannavarna hefðu brugðist rangt við og hunsað athugasemdir frá starfsmanni Veðurstofunnar aðfaranótt 16. janúar 1995.

Veðurstofa Íslands svaraði erindinu 3. janúar 1997.⁴³⁹ Í bréfi Veðurstofunnar kom fram að einu gögnin sem stofnunin hefði í förum sínum væru afrit af bréfi sem sent hafði verið Almannavörnum ríkisins þegar unnið var að skýrslugerð vegna málsins og þær upplýsingar sem fram kæmu í greinargerð Almannavarna ríkisins. Í bréfinu voru rakin efnislega þau atriði sem komið höfðu fram í greinargerðinni að þessu leyti.⁴⁴⁰ Fram kom að þau mistök hefðu orðið af hálfu yfirverkefnisstjórans að honum hefði láðst að tjá vaktmanni Almannavarna ríkisins frá áhyggjum sínum og snjóathugunarmanns af „ytra svæðinu“. Einnig var tekið fram að það hefði verið mat yfirverkefnisstjóra að „eitt helsta vandamálið“ umrædda nótt hefði verið „slæm samskipti milli almannavarnanefndarmanna“ og að „persónulegur ágreiningur [virtist] hafa ráðið þar miklu“.⁴⁴¹ Fram kom jafnframt að yfirverkefnisstjóri teldi að „rétt hefði verið að láta Almannavarnir ríkisins og sýslumanninn

436. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (53). Auk þeirra sex einstaklinga sem áður greindi frá varðandi greinargerð í Morgunblaðinu 30. mars 1996 og erindi til dómsmálaráðuneytisins 30. apríl sama ár var Sigríður (Rannveig) Jónsdóttir meðal sendenda erindsins hér.

437. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 19.8.2025. 96100077 – 2034 – B255-3.

438. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (59).

439. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (59).

440. Nánar má um þessi atvik öll vísa til greinargerðar Almannavarna ríkisins 28. apríl 1995 og umfjöllunar í 5. kafla þessarar skýrslu.

441. Með titlinum yfirverkefnisstjóri var vísað til Magnúsar Mús Magnússonar, eins og fram hefur komið í fyrri umfjöllun í skýrslunni.

á Ísafirði vita um hugsanlega hættu á snjóflóði á „ytra svæðinu“⁴⁴². Loks var tekið fram að tilmæli um að rýma ytra svæðið hefðu ekki komið frá yfirverkefnisstjóra, þar sem einu tilmæli hans hafi verið að kalla saman fund almannavarnanefndar á staðnum. Um það sagði svo í bréfinu að framkvæmd þeirra tilmæla gæfi að álit Veðurstofunnar ekki tilefni til þess að talað væri um að hunsaðar hefðu verið alvarlegar ábendingar yfirverkefnisstjórans. Beðist var velvirðingar á því í niðurlagi bréfs Veðurstofunnar hvað svar hefði dregist lengi og tekið fram í því sambandi að málið væri hins vegar ekki einfalt og erfitt að gera grein fyrir svo löngu liðnum atburðum. Um það var þess svo nánar getið að „nú [væru] samskipti út af þessum málum með formlegri hætti og samtöl sem [yrðu] við hugsanlegar hættuáðstæður [væru] nú tekin upp á segulband“.

Með bréfi, dagsettu 26. febrúar 1997, tilkynnti embætti ríkissaksóknara aðstandendum um þá niðurstöðu sína að ekki væru efni til að láta fara fram opinbera rannsókn á málinu á grundvelli þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.⁴⁴² Í upphafi bréfs ríkissaksóknara var gerð grein fyrir lögbundnu hlutverki og verksviði ríkissaksóknara vegna rannsóknar sakamála og tilgreint að við framkvæmd á því sviði yrði einungis horft til þess hvort líklegt mætti telja að lögreglurannsókn myndi leiða til frekari upplýsinga um málavexti hvað varðaði refsivert misferli. Tekið var fram að engin refsíákvæði væru til staðar í þágildandi lögum nr. 28/1985 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum en refsíákvæði væru í lögum nr. 94/1962 um almannavarnir, um sektir og varðhald. Einnig þyrfti að hafa í huga ákvæði í almennum hegningarlögum varðandi athafnaleysi en eftir fyrirbyggjandi gögnum væri ekki ástæða til að ætla að um refsiverðar athafnir væri að ræða.

Í bréfi ríkissaksóknara var bent á að grundvöllur rannsóknarbeiðinnar byggði á frásögnum manna af því sem þeim hefði farið á milli í samtölum og símtölum, sem hefðu verið skráðar niður mánuðum eftir atvik og mest í tilefni af skýrslu Almannavarna ríkisins, dagsettri 28. apríl 1995. Sums staðar bæri nokkuð á milli og taldi ríkissaksóknari að frásagnir kynnu að vera litaðar af atburðinum sjálfum, auk þess sem ónákvæmni og misskilnings kynni að gæta í slíkum samtölum. Ekkert samtal hefði verið tekið upp á segulband og tímasetningar ekki að öllu leyti nákvæmar. Telja yrði litlar líkur á að úr því yrði bætt með skýrslutökum hjá lögreglu, auk þess sem búast mætti við að gögn sem þessi myndu ekki veða þungt í sakamáli. Í bréfinu reifaði ríkissaksóknari enn fremur helstu upplýsingar samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum um samskipti almannavarnanefndar 15. til 16. janúar 1995. Ályktun hans um þau atriði var sett fram svo:

„Á þeim skamma tíma sem fyrir hendi var til aðgerða sem og að engum upplýsingum var til að dreifa um ástandið utan upplýsinga um breytta vindstefnu, verður það ekki talið til refsiverðrar sakar hjá þeim sem að málinu komu á umræddri nóttu þótt ekki væri hafist handa um aðvaranir eða rýmingu á hinu „ytra svæði“, enda talið utan hættumarka.“

Í bréfi ríkissaksóknara var vísað til þess að kærendur hefðu fundið að því í málinu að almannavarnanefnd Súðavíkur hefði ekki komið saman til fundar strax um nóttina eftir að umtal um mögulega snjóflóðahættu hófst. Ríkissaksóknari gat þess þar m.a. að bent hefði verið á að því hefði ekki orðið við komið vegna hreinsunar sem staðið hefði yfir á Traðargilssvæðinu, vegna mikils veðurofsa og ófærðar og að ef af fundi hefði orðið hefði mokstursteiki orðið að hætta við að aðstoða þá íbúa sem voru að yfirgefa heimili sín á Traðargilssvæðinu til að aðstoða nefndarmenn við að komast á milli húsa. Þá taldi ríkissaksóknari að ekki yrði séð af fyrirbyggjandi gögnum hvort eða að hve miklu leyti snjóflóðahætta á „ytra svæðinu“ hefði komið til tals um nóttina milli sveitarstjóra og snjóathugunarmanns. Fjallað var um athugasemdir Gunnars Finnssonar, hreppstjóra í Súðavík, sem hefðu legið fyrir við vinnslu greinargerðar Almannavarna ríkisins 28. apríl 1995. Þar hefði Gunnar m.a. lýst því að í umræðum hans og Heiðars hefði aldrei verið rætt um verulega hættu á „ytra svæðinu“ eða að rýma ætti það svæði og einnig bent sérstaklega á að sjálfur byggji hann ásamt fjölskyldu sinni á því svæði. Sagði svo að lokum í bréfi ríkissaksóknara:

„Niðurstaða mín af framanrituðu er sú, að ekki séu efni til að láta fara fram opinbera rannsókn á málinu á grundvelli laga nr. 19, 1991 um meðferð opinberra mála. „Ytra svæðið“ sýnist hafa verið utan hættumarka eins og þau voru skilgreind. Hætta skapaðist á skömmum

442. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (17).

tíma og mönnum voru á þeirri stundu ekki kunn nein sérstök hættumerki, nema breytt vindstaða sem gat valdið hættu, en það virðist ekki hafa orðið ljóst fyrr en eftir á hvernig því háttaði. Upplýsingar um hættustig voru því ekki fyrir hendi. Ofsaveður var og ófærð. Ekki tel ég líklegt að refsíabýrgð viðkomandi aðila sé fyrir hendi.⁴⁴³

Með bréfi, dagsettu 24. mars 1997, tilkynnti ríkissaksóknari sýslumanninum á Ísafirði að ekki þættu efni til aðgerða af hálfu ákærvaldsins í málinu og vísaði því til stuðnings til fyrrnefnds bréfs ríkissaksóknara til aðstandenda 26. febrúar 1997.⁴⁴⁴

6.6.8. Kvörtun Bjarkar Þórðardóttur til umboðsmanns Alþingis 23. apríl 1997

Þann 23. apríl 1997 barst umboðsmanni Alþingis kvörtun Bjarkar Þórðardóttur vegna ákvörðunar ríkissaksóknara um að hafna beiðni hennar og annarra aðstandenda um opinbera rannsókn vegna snjóflóðsins.⁴⁴⁵ Stuttur rökstuðningur með kvörtuninni laut að því að ekki hefði verið „tekið til greina að hús ofan við Nesveg sem fór undir snjóflóð“ og þar sem farist hefðu tvær manneskjur hefðu verið inni á rauðu svæði samkvæmt hættumati.

Í minnisblöðum frá umboðsmanni Alþingis vegna meðferðar kvörtunarinnar kemur fram að starfsmenn embættisins hafi verið í símasamskiptum við kvartanda dagana 29. apríl og 7. júlí 1997 vegna málsins.⁴⁴⁶ Í síðarnefnda símtalinu mun starfsmaður embættisins hafa ítrekað, svo sem áður hefði komið fram í samskiptum vegna málsins, að kvartandi fengi „ráðleggingar um rétt stjórnvald ef ekki yrði fundið að afgangi sökna“.

Vegna kvörtunarinnar skrifaði umboðsmaður Alþingis ríkissaksóknara bréf 15. ágúst 1997.⁴⁴⁷ Í því var vísað til fundar þeirra sama dag vegna málsins og kvörtuninni lýst nokkru nánar, þ.e. að kvörtunin lyti að því að skýrslur sem samdar hefðu verið í kjölfar snjóflóðsins væru rangar, þar sem hús fyrir ofan Nesveg sem flóð hefði fallið á, hefðu verið á rauðu svæði samkvæmt hættumati. Einnig kom fram að bréfinu fylgdi snjóflóðahættumat fyrir Súðavík, sem umboðsmaður hefði fengið sent að beiðni Bjarkar frá Almannavörnum ríkisins. Þá hefði umboðsmaður aflað nýs korts yfir svæðið sem sagt var dagsett 10. mars 1996 og vera rýmingarkort unnið fyrir Veðurstofu Íslands.⁴⁴⁸ Í niðurlagi bréfs umboðsmanns var óskað upplýsinga um það hvort ríkissaksóknari sæi ástæðu til þess, að athuguðum þessum fullyrðingum í kvörtuninni, að ríkissaksóknari tæki málið til athugunar að nýju.

Með bréfi 20. nóvember 1997 tilkynnti ríkissaksóknari umboðsmanni Alþingis að farið hefði verið yfir gögn málsins á ný ásamt nýjum gögnum sem borist hefðu frá umboðsmanni.⁴⁴⁹ Í bréfi ríkissaksóknara kom m.a. fram um kvörtunina og sjónarmið sem höfð hefðu verið í huga við fyrri úrlausn ríkissaksóknara:

„Kvörtunin er ekki skilmerkilega útfærð, en sýnist snúast um hús ofan Nesvegur sem fóru undir snjóflóð, og mun þar átt við nr. 7 eins og fram er tekið í bréfi yðar. Sé uppdrátturinn frá 1989 athugaður sést að nokkur spilda frá innri hafnargarðinum út með ströndinni er metin án áhættu af snjóflóðum. Efri línun, milli byggðarinnar og fjallsins, táknar hin ímynduðu hættumörk vegna snjóflóða. Upplýsingarinn sem fylgdi bréfi yðar sýnir að því fór fjarri að þessi ímynduðu hættumörk stæðust varðandi yfirferð snjóflóðsins. Því var ályktun mín sú, að umrædd spilda með ströndinni væri talin utan hættusvæðis og ekki væri tilefni til að draga þá ályktun að um væri að ræða línu gagnvart fjallinu líkt og á landamerkjum. Hún er án efa dregin eftir bestu vitund þeirra er að því verki komu, en á forsendum sem þá voru ekki betur kunnar en raun bar vitni. Því er það að þótt eitt hús í einhverri metra fjarlægð frá þessari línu lendi í óförum, tel ég fjarri lagi að um refsiverða sök sé að ræða hjá forsvarsmönnum snjóflóðavarna vegna þess að ekki hafi verið gerð gangskör að því að láta rýma það. Höfuðatriðið var að áðurgreind spilda var talin í heild sinni utan hættusvæðis, og línuna milli hennar og fjallsins verður að ákveða með fyrirvara.“⁴⁵⁰

443. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (21).

444. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (67).

445. Skjalasafn umboðsmanns Alþingis. Gögn afhent 21.1.2025.

446. Skjalasafn umboðsmanns Alþingis. Gögn afhent 21.1.2025.

447. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (1).

448. Í gögnum sem rannsóknarnefnd aflaði frá umboðsmanni Alþingis eru m.a. bæði þessi skjöl, þ.e. snjóflóðahættumatið fyrir Súðavík frá nóvember 1989 og umrætt nýrra rýmingarkort Veðurstofunnar.

449. Skjalasafn umboðsmanns Alþingis. Gögn afhent 21.1.2025.

450. Skjalasafn umboðsmanns Alþingis. Gögn afhent 21.1.2025.

Í lok bréfs ríkissaksóknara kom fram að eftir yfirferð málsins í annað sinni gæti hann ekki annað en áréttað það sem fram hefði komið í bréfi hans til aðstandenda 26. febrúar 1997 og skýrði það nánar svo:

„Þótt ofurlítið beri á milli manna óveðursnóttina 16. janúar 1995, hvernig orð hafi fallið í símtölum þeirra þá tel ég að ekki verði úr því bætt með opinberri rannsókn nú. Auk þess má ætla að viðhorf þeirra séu lituð af þeim atburði sem eftir fór svo hinar raunverulegu aðstæður kunna að taka á sig annan blæ af því. Ég tel m.a.s. megi sjá þess merki í síðari umsögnum Veðurstofunnar.“

Með bréfi til ríkissaksóknara 28. desember 1997 sendi Hafsteinn Númason athugasemdir við síðastnefnt bréf ríkissaksóknara.⁴⁵¹ Í upphafi þess var tekið fram:

„Eins og embætti Umboðsmanns Alþingis er kunnugt liggja fyrir ótal gögn sem sýna fram á brot af hálfu opinberra aðila sem varða slysið í Súðavík. Embættið hefur fengið þessi gögn og bera þau glögglega með sér að full ástæða er til þess að rannsaka allt þetta mál frá upphafi til enda án nokkurra undanbragða.“

Í bréfinu voru því næst tiltekin sjö atriði í dæmaskyni sem styddu þetta. Í niðurlagi athugasemda Hafsteins kom m.a. fram að hann óskaði eftir því að umboðsmaður upplýsti hann um það hvernig honum bæri að snúa sér yrði neitun ríkissaksóknara haldið til streitu og setti fram mat á því hvort „eðlilega [hefði] verið staðið að málum af hálfu hins opinbera“. Þá var óskað álits umboðsmanns á því hvort synjun ríkissaksóknara og dómsmálaráðuneytisins um rannsókn málsins samrýmdist stjórnsýslulögum og bæri vott um góða stjórnsýsluhætti.

Umboðsmaður Alþingis lauk málinu með bréfi til Hafsteins Númasonar 14. maí 1998.⁴⁵² Niðurstaða umboðsmanns var að ekki væri ástæða til athugasemda af hálfu hans við ákvörðun ríkissaksóknara og væri málinu því lokið af hálfu umboðsmanns. Í bréfi umboðsmanns, sem var ítarlegt og sett fram á tíu blaðsíðum, var rakið að athugun hans hefði einkum tekið mið af 2. mgr. 66. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hann rakti rannsóknarbeiðni Hafsteins og annarra aðstandenda og ákvörðun ríkissaksóknara, sem og þau gögn sem hefðu legið til grundvallar þeirri ákvörðun. Umboðsmaður benti á að engin refsíákvæði hefðu verið í áðurgildandi lögum nr. 28/1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Af þeim sökum gætu ætluð brot gegn þeim lögum aldrei leitt til refsíabyrgðar. Umboðsmaður fjallaði svo um 169. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að ásetningur væri áskilinn sem saknæmisskilyrði samkvæmt því lagaákvæði enda væri þar ekki sérstaklega heimilað að refsa fyrir gáleysisbrot. Í niðurlagi bréfsins kom fram það álit umboðsmanns að ríkissaksóknara hefði ekki verið skylt að mæla fyrir um rannsókn málsins á þeirri forsendu að fyrir lægi grunur um að refsivert brot hefði verið framið, með vísan til áðurnefnds ákvæðis 2. mgr. 66. gr. þágildandi laga nr. 19/1991.

6.6.9. Erindi lögmanns fyrir hönd Rögnu Aðalsteinsdóttur til dómsmálaráðherra 21. júlí 1998

Skömmu eftir að umboðsmaður Alþingis lauk framangreindu máli sendi lögmaður Rögnu Aðalsteinsdóttir þáverandi dómsmálaráðherra bréf 21. júlí 1998.⁴⁵³ Í því voru settar fram athugasemdir og mótmæli við synjun ríkissaksóknara um að fram færi lögreglurannsókn vegna snjóflóðanna. Í bréfinu var fullyrt að engin lögreglurannsókn hefði farið fram í kjölfar snjóflóðanna, þrátt fyrir að ljóst hefði verið „strax eftir slysið að alvarleg mistök hefðu átt sér stað á sviði almannavarna“ þar sem íbúar „margra húsa í Súðavík [hefðu] ekki verið bednir um að fara úr húsum sínum á öruggari staði þrátt fyrir að yfirgnæfandi líkur [hefðu verið] á snjóflóðum“. Brýna nauðsyn hefði borið til þess að strax færi fram lögreglurannsókn þótt ekki hefði legið fyrir sérstakur grunur um refsivert athæfi samkvæmt þágildandi ákvæði 3. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála. Fram kom einnig að „mjög einkennilegt“ væri að rannsókn skyldi ekki hefjast eftir snjóflóðið enda fengju öll dauðaslys ítarlega rannsókn að jafnaði. Þessu næst var stuttlega gerð grein fyrir fyrir erindum aðstandenda látinna í snjóflóðinu til yfirvalda sem rakin hafa verið hér á undan.

451. Skjalasafn umboðsmanns Alþingis. Gögn afhent 21.1.2025.

452. Skjalasafn umboðsmanns Alþingis. Gögn afhent 21.1.2025.

453. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (24).

Í bréfinu var ítrekuð krafa um að fram færi opinber rannsókn á slysinu „eins og lög bjóða“, annað hvort með því að dómsmálaráðherra setti sérstakan lögreglustjóra til að fara yfir málið eða að nýttar yrðu heimildir þágildandi 2. mgr. 26. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 2. gr. laga nr. 84/1996, til að „krefja ríkissaksóknara um upplýsingar og eftir atvikum leggja til við forseta Íslands að ákvörðun ríkissaksóknara [yrði] felld úr gildi“, eins og það var orðað í bréfinu.⁴⁵⁴ Í niðurlagi bréfsins kom fram sú afstaða að synjun ríkissaksóknara væri „á allan hátt óeðlileg“ því hann hefði ekki „gætt rétttra aðferða við undirbúning ákvörðunar“. Hann var sagður hafa byggt ákvarðanir sínar á gögnum og skýrslum nokkurra einstaklinga sem hann tæki sem gildum án frekari athugunar. Aðeins óhlutdræg og opinber rannsókn gæti á hinn bóginn leitt hið sanna í ljós. Nánar kom fram þar eftirfarandi athugasemd:

„Fjöldi manna sem komu við sögu slyssins hefur aldrei verið spurður af réttum aðilum, þ. á. m. þeir sem biðu milli vonar og ótta eftir upplýsingum eða fyrirmælum svo og þeir sem voru í símasambandi við þá er fórust í snjóflóðunum allt undir hið síðasta. Þær rannsóknir sem hafa farið fram eru ekki annað en skriflegar skýringar þeirra sem voru í stjórnunarstörfum á þeim tíma er slysið varð.“

Erindi þetta sendi dómsmálaráðuneytið á embætti ríkissaksóknara 6. ágúst 1998 og fór þess á leit að ríkissaksóknari léti í té umsögn um erindið.⁴⁵⁵ Umsögnin barst 12. ágúst 1998.⁴⁵⁶ Í umsögninni kom fram sú afstaða ríkissaksóknara að hann teldi ekki unnt að verða við því að setja sérstakan lögreglustjóra til að fara með málið, þar sem ákvörðun ríkissaksóknara væri lokaákvörðun í málinu samkvæmt 2. mgr. 76. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ákvörðuninni yrði því ekki haggð nema með þeirri aðferð sem lýst væri í 2. mgr. 26. gr. sömu laga. Í niðurlagi bréfsins var vísað til afstöðu ríkissaksóknara sem áður hefði komið fram í bréfum 26. febrúar 1997 og 20. nóvember 1997 í tengslum við meðferð umboðsmanns Alþings á kvörtun annarra aðstandenda, þar sem afstöðu ríkissaksóknara og forsendum hennar væri lýst rækilega. Einnig var vísað til bréfs umboðsmanns Alþingis 14. maí 1998 til Hafsteins Númasonar.

Dómsmálaráðuneytið svaraði erindi Rögnu Aðalsteinsdóttur 3. september 1998.⁴⁵⁷ Í svarinu kom fram að ráðuneytið féllist á það mat ríkissaksóknara að ekki kæmi til greina í þessu tilviki að setja sérstakan lögreglustjóra til að fara með málið. Um ákvæði 2. mgr. 26. gr. sömu laga sagði að ráðuneytið hefði „kannað gaumgæfilega“ rökstuðning fyrir ákvörðun ríkissaksóknara í bréfum embættisins frá 26. febrúar 1997 og 20. nóvember 1997 til umboðsmanns Alþingis svo og efni bréfs umboðsmanns Alþingis til Hafsteins Númasonar 14. maí 1998. Mat ráðuneytisins væri að ekki hefðu verið færð fram efnisleg eða fullnægjandi rök fyrir því að skilyrðum fyrir beitingu 2. mgr. 26. gr. laga nr. 19/1991 væri fullnægt. Kröfu lögmansins fyrir hönd Rögnu var því hafnað.

6.6.10. Grein Hafsteins Númasonar í Morgunblaðinu 16. janúar 1999

Hinn 16. janúar 1999 birtist í Morgunblaðinu grein eftir Hafstein Númason en hann hafði áður ásamt öðrum aðstandendum látinna í snjóflóðinu staðið að erindum til stjórnvalda um rannsókn á atvikum kringum snjóflóðið, eins og hér hefur verið rakið.⁴⁵⁸ Fyrirsögn greinar Hafsteins var „Hvaða ábyrgð fylgir undirritun ráðherra?“ en með greininni eins og hún birtist kom jafnframt fram frá Morgunblaðinu efnistilgreiningin „Snjóflóðavarnir“. Í greininni fjallaði Hafsteinn um snjóflóðahættumat fyrir Súðavík frá 17. nóvember 1989, en mynd af því birtist með greininni.

Í greininni var því m.a. lýst að rautt svæði samkvæmt hættumatinu hefði verið sagt vera hættusvæði en það græna hættulaust. Fram kom svo að Hafsteinn hefði flust með fjölskyldu sinni til Súðavíkur veturinn 1986 og búið fyrst á Túngötu 6, sem væri ofan við götuna og

454. Ákvæði þágildandi 2. mgr. 26. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, hljóðaði svo: „Nú telur dómsmálaráðherra að ákvörðun um að fella niður mál, þar á meðal skv. 2. mgr. 114. gr., sé lögum andstæð eða fjarstæð að öðru leyti, og getur hann þá lagt til við forseta Íslands að ákvörðunin skuli felld úr gildi. Í því tilviki setur dómsmálaráðherra sérstakan saksóknara til að fara með málið.“

455. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (23).

456. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (22).

457. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (61).

458. [Morgunblaðið – 12. tölublað \(16.01.1999\) – Tímarit.is](#)

nær fjallinu. Síðar hefðu þau flutt á Túngötu 5, neðan við götuna, og þar hefði verið heimili þeirra þegar snjóflóðið hefði fallið fjórum árum áður. Nánar kom fram svo í grein Hafsteins:

„Yfirleitt hugsaði maður lítið um snjóflóðahættu á þessum árum, ég vissi að hættulínan var dregin ofan við byggðina, og þóttist alveg öruggur eftir að við fluttum niður fyrir götu. Ef eitthvað kæmi úr fjallinu þá lenti það á húsinu fyrir ofan. Svona hugsaði maður þá. Aldrei minnst ég þess að opinberir aðilar kynntu okkur snjóflóðahættu eða snjóflóðavarnir.“

Í greininni segir því næst að sorgleg reynsla þeirra hjóna, þ.e. Hafsteins og þáverandi eiginkonu hans, Berglindar Maríu Kristjánsdóttur, og margra samborgara þeirra í Súðavík sýndi að þau hefðu búið „við falskt öryggi og [verið] í mun meiri hættu en fyrrnefnt plagg gaf til kynna“. Hafsteinn vildi því að gefnu tilefni beina nánar tilgreindum spurningum til þáverandi alþingismanns og fyrrverandi félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, nánar tiltekið annars vegar hvort hún hefði „aldrei talið ástæðu til að kanna hvernig á því [hefði staðið] að í hendur hennar var lagt til undirritunar snjóflóðahættumat fyrir Súðavík, sem reyndist einskis virði þegar á reyndi“ og hins vegar hvaða ábyrgð hún teldi fylgja því „fyrir stjórnálamann að undirrita svona plagg og hvort og þá hvernig hann [gæti] axlað þá ábyrgð“. Loks var varpað fram þeirri spurningu hvort alþingismaðurinn teldi ástæðu til að kanna hvort aðrir íbúðar á snjóflóðahættusvæðum byggju við „jafn falskt öryggi og við gerðum í Súðavík“.

Þessu bréfi svaraði Jóhanna Sigurðardóttir alþingismaður með grein sem birt var í Morgunblaðinu hálfum mánuði síðar, þann 30. janúar 1999.⁴⁵⁹ Yfirskrift greinarinnar var „Varnir gegn snjóflóðum“ og kom einnig fram að í henni kæmi fram svar við fyrirspurnum Hafsteins og annars nafngreinds manns. Í svarinu rakti Jóhanna tildrög þess að lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum voru sett árið 1985, lýsti efni laganna í meginatriðum og tók fram að mikil pólitísk samstaða hefði verið um þá lagasetningu. Í svarinu rakti hún einnig setningu reglugerðar um hættumat vegna snjóflóða frá júní 1988 á grundvelli laganna og hlutverk Almanna- og Ofanflóðanefndar vegna gerðar hættumata á þessum tíma. Einnig kom fram að skipulag byggða hefði í stjórnkerfinu heyrð undir ráðherra skipulagsmála, sem áður hefði verið félagsmálaráðherra en síðar orðið umhverfisráðherra. Nánar kom svo fram í greininni:

„Eins og fram kemur af þessu, og reglugerð um hættumat ber með sér, var þarna um að ræða mjög sérhæft verkefni, sem ekki verður unnið af öðrum en faglegum sérfræðingum. Fyrrgreindir aðilar unnu því bæði að gerð reglugerðar um hættumat og gerð hættumats fyrir Súðavík. Það var ekki dregið í efa að hvort tveggja væri unnið á grundvelli þeirrar þekkingar sem þá var tiltæk um þessi mál hérlendis. Það kom í minn hlut sem ráðherra skipulagsmála á þessum tíma að staðfesta reglugerðina og hættumatið. Hættumatið sem Almanna- og Ofanflóðanefndin unnu vegna snjóflóða í Súðavík var rækilega yfirfarið með viðkomandi sérfræðingum áður en ég undirritaði það. Sem ráðherra skipulagsmála bar ég embættislega ábyrgð á þeim gjörningi.“

Staðfesting ráðherra á hættumati felst ekki í því að sannprófa útreikninga og forsendur þeirra, enda hefur hann í fæstum tilvikum sérfræðipækkingu til þess. Ábyrgð ráðherrans er þannig ekki ábyrgð á reikningslegum niðurstöðum heldur felst hún í því að sjá til að það sé unnið í samræmi við lög og reglur og að tekið sé fullt tillit til hættumatsins.

Staðreyndin er sú að umræður og ágreiningur um hættumat snýst yfirleitt um það að matið sé of strangt og takmarki möguleika til framkvæmda. Til þess að hægt sé að setja skorður við byggð þarf meira en útreikninga sérfræðinga. Þar þarf stjórnvaldsákvörðun að koma til. Þannig varð hættumatið fyrir Súðavík til þess að stöðva áform um stækkun byggðarinnar upp í hlíðina. En það dugði ekki til og í kjölfar hinnar hörmulegu reynslu frá Súðavík og Flateyri voru sett ný lög um þessi málefni og aðferðir um hættumat endurbættar.“

Í niðurlagi greinarinnar kom einnig fram, með vísan til síðustu fyrirspurnar Hafsteins varðandi snjóflóðahættu og snjóflóðahættumat á öðrum stöðum en í Súðavík, að staðreyndin væri sú að byggð sem stæði undir hlíðum gæti orðið fyrir snjóflóðum og reynsla undanfarinna ára kenndi að þar yrði „ekki talað um hættulaus svæði“. Hættan væri þó mismikil og úr henni væri hægt að draga með aðgerðum. Fyllsta ástæða væri til

459. Morgunblaðið – 24. tölublað (30.01.1999) – Tímarit.is

að fólk á snjóflóðasvæðum væri upplýst um þá hættu sem það byggi við jafnframt því sem allt sem hægt væri yrði gert til að draga úr hættunni.

6.6.11. Umfjöllun í fréttum ríkissjónvarpsins 17. janúar 2000 og atvik í kjölfar hennar

Hinn 17. janúar 2000, eða því sem næst réttum fimm árum eftir snjóflóðið í Súðavík, var birt frétt í kvöldfréttum ríkissjónvarpsins þar sem fram kom í inngangi, samkvæmt ljósvakahandriti um fréttina sem er meðal gagna rannsóknarnefndarinnar, að aðstandendur þeirra sem létust í snjóflóðinu í Súðavík vildu opinbera rannsókn á aðdraganda snjóflóðsins.⁴⁶⁰ Einnig sagði í innganginum að sýslumaðurinn á Ísafirði, Ólafur Helgi Kjartansson, teldi að „slík rannsókn [yrði] öllum til góðs og að hún [væri] nauðsynleg svo hægt yrði] að ljúka málinu“.⁴⁶¹ Í fréttinni kom fram að eftirmál í Súðavík vegna snjóflóðsins snerust um tvennt, annars vegar hreinsunarstarf eftir snjóflóðið og hins vegar „almannavarnarátt“ málsins, sem aðstandendur þeirra sem létust í snjóflóðinu teldu ekki lokið. Sátt hefði verið gerð um hreinsunarstarfið en eftir sæti „almannavarnarátturinn“.⁴⁶² Þar teldu aðstandendur stjórnvöld hafa brugðist, „þar sem ekki [hefði] farið fram opinber og óháð rannsókn á aðdraganda og afleiðingum flóðanna og þá sérstaklega þeim þætti sem [sneri] að almannavörnum“. Fram kom að aðstandendur væru að huga að því að höfða einkamál vegna málsins en þessu næst var birt viðtal við Ólaf Helga Kjartansson, sýslumann á Ísafirði, sem leitt var inn í með spurningu fréttamanns um hvort þetta væri „réttmæt krafa“.

Fram kom hjá Ólafi Helga í framhaldi af þessu að hann teldi það að slík krafa kæmi fram á þessum tíma, fimm árum eftir atburðinn, sýna að það gæti verið „til góðs í tvennum skilningi að rannsaka þessa hluti“. Því næst tók hann fram:

„Fyrst og fremst myndum við væntanlega hafa gott af því að geta séð hvað við getum lært og auðvitað sjáum við að það er líka þannig að fólk sætti sig ekki við að fá ekki að vita allt sem það heldur að sé hægt að koma upp á yfirborðið.“

Í fréttinni var jafnframt rætt við Heiðar Guðbrandsson og tekið fram að hann hefði átt sæti í almannavarnanefnd Súðavíkur og verið snjóathugunarmaður á tíma snjóflóðsins. Hann væri ekki í neinum vafa um að þörf væri á rannsókn en samkvæmt ljósvakahandritinu sagði hann nánar um það:

„Rannsókn á þessu máli er nauðsynleg. Þetta verður til umræðu meðan við lifum og þetta verður í annálum eftir okkar daga ef að þetta verður ekki rannsakað. Ég vil fá þetta á hreint og ég tel að það sé ýmislegt í þessu sem að ástæða er til að fá á hreint því það er verið að kenna einhverjum einstaklingum um þar sem að kerfið hefur klikkað í heilu lagi.“

Í lok viðtalsins var rætt við þáverandi sveitarstjóra Súðavíkur, Ágúst Kr. Björnsson, og haft eftir honum fyrst efnislega að „almannavarnarátturinn“ væri óútkljáður en það væri „hlutverk stjórnvalda“. Frekari ummæli hans voru samkvæmt ljósvakahandritinu:

„Þetta er mál sem að hlýtur náttúrulega að lúta að stjórnvöldum. Það hafa farið fram á þessu athuganir og rannsóknir. Almennavarnir hafa skrifað um þetta skýrslu. En nú er það nú orðið þannig og komið í lög að verði slíkur atburður aftur þá er skipuð rannsóknarnefnd. Þetta er eitthvað sem liggur hjá stjórnvöldum.“

Daginn eftir að frétt þessi birtist, 18. janúar 2000, skrifaði sýslumaðurinn á Ísafirði bréf til sveitarstjórans þar sem hann vísaði til framangreinds viðtals við sveitarstjóran í sjónvarpinu kvöldið áður og álits hans sem þar hefði komið fram um að rannsaka bæri aðdraganda snjóflóðsins.⁴⁶³ Í bréfinu lýsti sýslumaðurinn því að fyrir lægju tvær skýrslur vegna snjóflóðsins, annars vegar skýrsla Almannafræðisins, „Snjóflóð 95“, og hins vegar mannskaðaskýrsla lögreglunnar. Þær væru ítarlegar og lýstu atburðarás þessara atburða með skýrum hætti. Svo sagði:

460. Í fréttinni kom ekki nánar fram til hvaða aðstandenda var vísað með þessu eða nánari upplýsingar um sjónarmið þeirra.

461. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent 19.2.2025. Önnur gögn sem hér eru rakin varðandi þessa frétt og samskipti stjórnvalda um hana frá þessum tíma eiga sama uppruna nema vísað sé sérstaklega til annars.

462. Um ágreining vegna hreinsunarstarfs í kjölfar snjóflóðsins, m.a. umrædda sáttargjörð, hefur nánar verið fjallað í kafla 6.2 hér á undan.

463. Skjalasafn Súðavíkurhrepps. Gögn afhent 19.2.2025.

„Erindi þessa bréfs er að fá fram hvað þarfnast að yðar dómi nánari rannsóknar varðandi málið. Í umræðu um snjóflóðið 16. janúar 1995 hefur oft komið fram af hálfu nokkurra einstaklinga að frekari rannsókna sé þörf. Mjög brýnt er að fram komi nákvæmlega hvaða þættir það eru sem rannsaka ætti frekar.

Óskað er svars yðar við þessari spurningu.“

Afrit þessa bréfs sendi sýslumaðurinn á dómsmálaráðherra og formann almannavarnaráðs.

Með bréfi 25. janúar 2000 þakkaði sveitarstjórinn fyrir ofangreint bréf, lýsti efni þess nánar og óskaði eftir fresti til að ganga frá svari sínu þar sem hann hefði ekki nauðsynleg gögn undir höndum. Af þeim sökum óskaði hann eftir lögregluskýrslu málsins, sem hann kvaðst að sjálfsgöðu myndu fara með sem trúnaðarmál ef þess væri óskað. Umbedinn frest veitti sýslumaður með bréfi 8. febrúar 2000, auk þess sem hann samþykkti að veita í trúnaði aðgang að lögregluskýrslu málsins. Með bréfi 18. febrúar 2000 afhenti sýslumaður sveitarstjóranum lögregluskýrsluna ásamt tilgreindum fylgigögnum með ósk um að gögnunum yrði skilað að notkun lokinni og trúnaðar yrði gætt við meðferð skýrslunnar.

Sýslumaður ítrekaði beiðni sína um skýringar sveitarstjóra með bréfi um það bil tveimur mánuðum síðar, þann 11. apríl 2000. Í bréfinu óskaði sýslumaður jafnframt eftir því, með vísan til tímans sem liðið hefði, að afstaða sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps lægi fyrir eigi síðar en 19. apríl 2000. Þess var óskað að niðurstaða sveitarstjórnar yrði kynnt sýslumanni svo „grípa [mætti] til viðeigandi ráðstafana án dráttar“.

Svör sveitarstjóra voru send sýslumanni með bréfi sveitarstjórans 18. apríl 2000. Meðfylgjandi bréfinu var ljósvakahandrit Fjölmíðlavaktarinnar af umræddri frétt í ríkissjónvarpinu 17. janúar 2000 sem sveitarstjórinn kvaðst senda „til þess að enginn vafi léki á hvað kom fram í fréttinni“. Í beinu framhaldi var tekið fram að sveitarstjórinn hefði „með engum hætti skilið ummæli [Ólafs Helga] og fleiri að fram hafi komið að [sveitarstjórinn] teldi að rannsókn yrði að fara fram“ og væri vandséð „við lestur ummæla [hans] hvernig slík niðurstaða [fengist]“. Sveitarstjórinn rakti einnig nánar hvað hafði komið fram af hans hálfu í samskiptum við fréttamann fyrir viðtalið og nánara samhengi efnisatriða í fréttinni. Sérstaklega var þar tekið fram að ummæli hans sem birtust með fréttinni hefðu komið í framhaldi af spurningu fréttamanns, sem klippt hefði verið út, sem lotið hefði að því hjá hverjum lægi að taka upp rannsókn ef rannsaka ætti „almannavarnaþáttinn“ frekar.

Í bréfinu kom einnig fram að honum væri „afar ljúft og skylt“ að nota þetta tækifæri til að svara spurningum sýslumanns varðandi rannsókn á „almannavarnaþætti“ snjóflóðsins. Í bréfinu rakti hann þær rannsóknir og athuganir sem hefðu verið gerðar til þessa. Þar vísaði hann m.a. efnislega til greinargerðar Almannafráttar ríkisins 28. apríl 1995, skýrslu Almannafráttar ríkisins, „Snjóflóð 95“, og mannskaðaskýrslu lögreglu, auk fleiri rannsókna eða athugana sem beinst hefðu að byggingarfræðilegum atriðum. Eftir ítarlega skoðun á þeim gögnum, einkum þeim þremur ofangreindu, væri það mat hans að rannsókn sem lyti að almannavarnaþætti málsins myndi „ekki leiða neitt í ljós sem ekki [lægji] þegar fyrir“ í þeim gögnum. Sveitarstjórinn rökstuddi það álit sitt nánar en tiltók í kjölfar þess einnig:

„Ég vil sérstaklega taka fram að þrátt fyrir athugun Almannafráttar ríkisins sé um margt ágæt, þá tel ég það afar óheppilegt að til þess verks skuli ekki hafa verið valdir óháðir og hlutlausir aðilar. Að mínu mati hefði það verið miklu farsælla að slíkt hefði verið gert. Í skýrslunum tveimur er lagt mat á viðbrögð almannavarnakerfisins í heild og af eðlilegum ástæðum er það betra og heppilegra að fullkomlega óháðir aðilar vinni slíka samantekt til að hefja Almannafráttar ríkisins, lögreglu og almannavarnir í héraði yfir allan vafa um hlutleysi í slíkri athugun.

Í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hefur oft komið upp umræða um það hvort óska ætti opinberrar rannsóknar á almannavarnaþætti snjóflóðsins. Meirihluti var aldrei fyrir því að óska eftir rannsókn þar sem svo langt var um liðið frá þessum atburðum.“

Í niðurlagi bréfsins kvaðst sveitarstjórinn hafa starfað í Súðavík frá febrúar 1995 og að meginhluti þess tíma hafi snúist um eftirmál snjóflóðsins. Kvað hann ekki liggja fyrir sátt um eftirmál snjóflóðsins, þrátt fyrir þær rannsóknir og athuganir sem lægju fyrir og kvaðst hann telja það mun farsælla ef strax hefðu verið skipaðir óháðir rannsóknaraðilar í því skyni að rannsaka almannavarnaþátt málsins, aðdraganda flóðsins, samskipti innan

almannavarnakerfisins og viðbrögð yfirvalda. Jafnframt taldi hann að rannsókn hefði átt að beinast að björgunar- og byggingartæknilegum þáttum málsins. Afrit þessa bréfs sendi sveitarstjórinn, líkt og sýslumaður áður, á dómismálaráðherra og formann almannavarnaráðs.

6.6.12. Umræða og athugun innan dómismálaráðuneytisins á fyrri helmingi árs 2000

Gögn rannsóknarnefndarinnar benda til þess að kringum ofangreinda frétt ríkissjónvarpsins og fimm ára tímamót frá snjóflóðinu í Súðavík hafi eftirmál þess einnig verið til umræðu innan dómismálaráðuneytisins og verður hér jafnframt gerð stuttlega grein fyrir því. Þremur dögum eftir birtingu fréttarinnar, 20. janúar 2000, er dagsett minnisblað Hjalta Zóphóniassonar, skrifstofustjóra hjá ráðuneytinu, til þáverandi dómismálaráðherra, Sólveigar Pétursdóttur, með yfirskriftinni „Rannsókn á snjóflóðinu í Súðavík í janúar 1995“.⁴⁶⁴

Í upphafi minnisblaðsins var rakið þágildandi lagaumhverfi með tilliti til rannsókna á náttúruhamförum þar sem manntjón hlytist af og breytingar á laga- og regluumhverfi í ofanflóðamálum frá snjóflóðinu í Súðavík. Fram kom nánar í minnisblaðinu að Almannavarnir ríkisins framkvæmdu slíka rannsókn, gerðu skýrslur eða að skýrslur væru unnar á þeirra vegum þar sem rakin væru tildrög atburðar, eðli, viðbúnaður og viðbrögð og hvernig hlúð hefði verið að þeim sem orðið hefðu fyrir líkamstjóni eða missi. Tekið var fram að skýrsla almannavarna vegna snjóflóðsins í Súðavík hefði legið fyrir í janúar 1996, auk þess sem fyrir lægi skýrsla frá 28. apríl 1995 sem unnin hefði verið í tengslum við beiðni aðstandenda um rannsókn á snjóflóðinu. Í minnisblaðinu kom fram að þessar skýrslur væru ekki unnar samkvæmt lagaskyldu, en að almannavarnaráð hefði „markað þá stefnu“ að vinna ávallt slíka skýrslu eftir meiri háttar náttúruhamfarir.

Í minnisblaðinu kom einnig fram að rannsókn lögreglu færi „ávallt fram við þessar aðstæður“ vegna skyldu lögreglu til að rannsaka mannlát í samræmi við 7. gr. laga nr. 42/1913 um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.⁴⁶⁵ Einnig var lýst almennri reglu um upphaf rannsókna lögreglu, sem þá var í 2. mgr. 66. gr. þágildandi laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, þ.e. efnislega að lögreglu bæri að hefja rannsókn opinbers máls þegar hún hefði vitneskju eða grun um brot, óháð því hvort kæra hefði borist eða ekki, og gæti ríkissaksóknari gefið fyrirmæli í þeim efnunum.⁴⁶⁶ Því næst sagði að af hálfu lögreglustjórans á Ísafirði hefði farið fram lögreglurannsókn „í samræmi ofangreind lög“ og ekki yrði séð af skýrslu lögreglu að hún hefði talið ástæðu til að gruna neinn um refsivert athæfi eða athafnaleysi vegna snjóflóðanna. Í minnisblaðinu voru svo raktar þær beiðnir sem aðstandendur hefðu áður sent stjórnvöldum með beiðni um opinbera rannsókn í tengslum við snjóflóðin, sem nánar eru raktar í þessum kafla.

Í minnisblaðinu var getið um fyrrgreinda frétt í ríkissjónvarpinu 17. janúar 2000 eða fáum dögum fyrr, þar sem fram hefði komið í viðtali við stúlku að hún teldi að ennþá ætti eftir að fara fram opinber rannsókn á atburðinum og jafnframt að lögreglustjórinn á Ísafirði væri ekki mótfallinn opinberri rannsókn. Fram kom svo að kannað hefði verið af hálfu ráðuneytisins hvernig sambærileg mál væru rannsökuð í Noregi. Mun rannsóknarlögreglustjóri norska ríkisins hafa upplýst ráðuneytið um að „þar færi fram hefðbundin lögreglurannsókn, þar sem öll málsatriði væru staðreynd, skráð og rannsökuð, þar sem ávallt væri reynt að komast til botns í því, hvort einhver kynni að bera refsiverða ábyrgð á athöfn sinni eða athafnaleysi“. Svo sagði nánar í minnisblaðinu:

„Þegar framkomnum beiðnum á Íslandi um opinbera rannsókn var lýst fyrir [rannsóknarlögreglustjóra norska ríkisins], taldi hann að það gæti verið skynsamlegt að fela ríkislögreglustjóra að fara yfir málið, athuga hvort einhver ný gögn hefðu komið fram eða væru ókomin fram, og kanna hvort einhver atriði væru ókönnuð, sem ástæða væri til að kanna.

Eitt atriði hefur ef til vill ekki vera skoðað sem skyldi. Lögreglustjórinn á Ísafirði gegndi störfum í snjóflóðinu sem stjórnandi almannavarna. Hann var jafnframt yfirmaður þeirra

464. Skjalasafn dómismálaráðuneytisins. Gögn afhent 22.4.2025.

465. Nefna má að í minnisblaðinu er í þessu sambandi ekki getið um ákvæði 3. mgr. 66. gr. þágildandi laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, sem hljóðaði svo: „Rannsókn skal fara fram svo sem tíðkast hefur út af mannlátum, mannhvörfum, eldsvoðum, slysum og öðrum óförum, enda þótt ekki liggi fyrir sérstakur grunur um refsivert atferli. Einnig skulu haldast sérreglur annarra laga um opinbera rannsókn.“

466. Í minnisblaðinu var raunar ranglega vísað til þess að kveðið væri á um þetta í 2. mgr. 68. gr. þeirra laga.

lögreglumanna, sem voru að rannsaka snjóflóðið vegna mannskaðans og með tilliti til hugsanlegrar refsiverðrar ábyrgðar. Meðal þess sem lögreglan hlaut að þurfa að kanna voru störf almannavarnanefndarmanna, þ. á m. lögrelustjórans. Hér má ef til vill segja að rannsókn lögreglunnar, sem laut yfirstjórn lögrelustjórans, hafi ekki verið óháð. Þetta atriði kann því að vera gagnrýnisvert út frá stjórnsýslulögum og hinu fornkvæðna, að enginn sé dómari í sjálfs síns sök.“

Í beinu framhaldi af þessari umfjöllun kemur fram í minnisblaðinu að niðurstaða samkvæmt því sem rakið hefði verið væri sú að rétt væri að „láta sitja við úrskurð ríkissaksóknara, sem fengið [hefði] staðfestingu Umboðsmanns Alþingis, um að ekki [væri] tilefni til opinberrar rannsóknar“. Í niðurlagi minnisblaðsins var þó tekið fram:

„Kjósi ráðherra engu að síður að beita sér í málinu, er sú leið hugsanlega fær, að ráðherra greini ríkissaksóknara frá því að hún telji æskilegt að óháður aðili (ekki lögreglan á Ísafirði) framkvæmi rannsókn, þar sem teknar verði formlegar lögreluskýrslur af mönnum, og atriði verði könnuð, sem kunna að vera ókönnuð, eða hafa hugsanlega komið fram síðar. Réttur aðili til að annast þá rannsókn væri ríkislögrelustjóri. Sé ríkissaksóknari mótfallinn slíkri ráðagerð, tel ég réttast að láta kyrrt liggja.“

Samkvæmt gögnum rannsóknarnefndarinnar sendi sýslumaðurinn á Ísafirði nokkru síðar erindi á dómsmálaráðherra 8. apríl 2000 með fyrirsögninni „Minnisatriði varðandi snjóflóð í Súðavík 16. janúar 1995“.⁴⁶⁷ Í erindinu dró hann fram atriði sem hann kvað sýna hve mikið afstaða stjórnvalda hefði breyst frá snjóflóðinu í Súðavík, m.a. með tilliti til framfara í rannsóknum á snjóflóðum. Hann dró því næst saman að möguleg rannsókn myndi að hans áliti „eingöngu geta snúist um tvennt“ og lýsti því svo nánar. Í fyrsta lagi nefndi hann þar viðbrögð „fjögurra einstaklinga við veðri og veðurfregnum að kvöldi 15. janúar og aðfaranótt 16. janúar 1995“, nánar tiltekið þeirra Heiðars Guðbrandssonar, Sigríðar Hrannar Elíasdóttur, Magnúsar Más Magnússonar og sýslumannsins sjálfs. Í öðru lagi tiltók hann að slík rannsókn gæti lotið að þágildandi snjóflóðahættumati fyrir Súðavík, sem á þessum tíma hefði verið „viðurkenndur grundvöllur þess hve langt var talið að snjóflóð kynnu að falla“. Jafnframt yrðu þá skoðaðar verklagsreglur Almannavarna ríkisins til almannavarnanefnda varðandi rýmingu.

Að öðru leyti kvað sýslumaður „flestar staðreyndir ljósar“. Í niðurlagi bréfsins vék Ólafur Helgi að áður nefndri umfjöllun í ríkissjónvarpinu 17. janúar 2000 og kvaðst bíða svars við bréfi sínu til þáverandi sveitarstjóra Súðavíkur, þar sem hann hefði óskað eftir afstöðu sveitarstjórans til rannsóknarefna og hvaða þætti ætti að rannsaka frekar en þau atriði hafa verið rakin hér á undan.

6.6.13. Erindi Sverris Hermannssonar alþingismanns til dómsmálaráðherra 27. mars 2000 og tengd atvik árin 2000 og 2001

Sverrir Hermannsson, þáverandi alþingismaður, sendi bréf til dómsmálaráðherra 27. mars 2000 og vísaði til „fyrri samtala“ um rannsókn á snjóflóðinu.⁴⁶⁸ Í erindinu rakti hann þá afstöðu sína að það væri „fortakslaus skylda ráðuneytis dómsmála“ að sjá til þess að rannsókn færi fram á slysinu í samræmi við 3. mgr. 66. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 þar sem kveðið væri á um skyldu til að rannsaka m.a. slys og aðrar ófarir, enda þótt ekki lægi fyrir sérstakur grunur um refsivert atferli. Alþingismaðurinn krafðist þess að „þegar í stað [yrði] farið að téðum lögum“ og óskaði svars fyrir næstu mánaðamót. Bréf þetta var ítrekað 29. nóvember 2000 en þá hafði ekkert svar borist frá ráðherra. Í ítrekunarbréfinu kom fram að þingmaðurinn hygðist senda erindi á umboðsmann Alþingis ef ekkert svar bærst við erindinu innan tíu daga frá dagsetningu þess.⁴⁶⁹

Erindi Sverris mun ekki hafa verið svarað innan þess frests. Hinn 26. janúar 2001 sendi hann erindi til umboðsmanns Alþingis þar sem kvartað var yfir því að ekkert svar hefði borist frá ráðuneytinu.⁴⁷⁰ Þá óskaði hann eftir því að umboðsmaður legði mat á það hvort lög stæðu til þess að opinber rannsókn færi fram á slysinu og hvort dómsmálaráðuneytinu

467. Skjalasafn dómsmálaráðuneytisins. Gögn afhent 22.4.2025.

468. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (32).

469. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (33).

470. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (34).

væri skylt að láta fara fram slíka rannsókn. Ráða má af erindinu til umboðsmanns að Sverrir hafi haustið 1999 rætt munnlega við þáverandi dómsmálaráðherra um málefnið í umboði Rögnu Aðalsteinsdóttur, en þingmanninum hafi þótt fátt um skýr svör við því erindi.⁴⁷¹

Dómsmálaráðuneytið svaraði erindi Sverris með bréfi þess til hans 7. febrúar 2001.⁴⁷² Í bréfinu kom fram að í kjölfar snjóflóðsins hefði farið fram lögreglurannsókn í samræmi við þágildandi 3. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991 og þágildandi lög um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum nr. 42/1913. Skýrsla um þá rannsókn hefði verið send ríkissaksóknara 6. mars 1997 ásamt rannsóknargögnum. Með bréfi ríkissaksóknara 24. mars 1997 hefði sýslumanninum á Ísafirði verið tilkynnt að ekki þættu vera efni til aðgerða af hálfu ákærvaldsins vegna málsins. Áður hefði ríkissaksóknari, með bréfi til Hafsteins Númasonar, tilkynnt honum sömu niðurstöðu þar sem m.a. hefði komið fram það álit ríkissaksóknara að ekki væri líklegt að refsíabyrgð þeirra sem í hlut hefðu átt væri fyrir hendi. Síðari tilraunir aðstandenda til að fá ákvörðunum ríkissaksóknara hnekkt voru raktar í bréfinu. Í niðurlagi þess kom fram að ákvörðun ríkissaksóknara væri fullnaðarákvörðun sem almennt yrði ekki haggð. Ráðuneytið teldi hvorki lagagrundvöll né neitt fram komið í málinu sem gæfi tilefni til að endurskoða þá ákvörðun eða aðhafast frekar vegna málsins. Tekið var fram þar að ráðuneytið hefði „enn á ný“ yfirfarið öll gögn málsins í tilefni af beiðninni.

Umboðsmaður Alþingis svaraði erindi Sverris Hermannssonar með bréfi 22. febrúar 2001.⁴⁷³ Í því kom fram að umboðsmaður hafði sent fyrirspurn á ráðuneytið 31. janúar 2001 og óskað svara við því hvað liði afgreiðslu ráðuneytisins á erindi Sverris. Þá vísaði umboðsmaður til þess að af því sem fram kæmi í áðurnefndu svarbréfi ráðuneytisins til Sverris, sem sent hefði verið umboðsmanni samdægurs, yrði ekki annað ráðið en að þegar hefði farið fram rannsókn samkvæmt því lagaákvæði sem Sverrir hefði vísað til í erindi sínu til ráðuneytisins, þ.e. 3. mgr. 66. gr. þágildandi laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála. Auk þess vísaði umboðsmaður til niðurstöðu umboðsmanns frá 14. maí 1998 sem fjallað hefur verið um fyrr í þessum kafla skýrslunnar, nánar tiltekið með áréttingu um að þar hefði verið fjallað um afgreiðslu ríkissaksóknara á rannsóknarbeiðni sem borin hefði verið fram á grundvelli 2. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991. Með vísan til þess sem rakið var í bréfi umboðsmanns taldi hann ekki tilefni til að taka erindið til frekari athugunar.

6.6.14. Greinargerð vararíkislögreglustjóra 14. janúar 2001

Undir lok árs 2000 mun dómsmálaráðuneytið hafa leitað til embættis ríkislögreglustjóra, nánar tiltekið Þóris Oddssonar, þáverandi vararíkislögreglustjóra, og óskað eftir því, vegna erinda sem ítrekað hefðu borist yfirvöldum og krafna samkvæmt þeim, að hann kannaði tiltæk gögn varðandi snjóflóðið og hvort efni stæðu til að hefja opinbera rannsókn á aðdraganda þess á grundvelli 2. eða 3. mgr. 66. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 eða þá að dómsmálaráðherra setti sérstakan lögreglustjóra til að fara með málið eða nýtti heimildir samkvæmt 2. mgr. 26. gr. þágildandi laga nr. 19/1991.⁴⁷⁴ Greinargerð vararíkislögreglustjóra um þetta lá fyrir 14. janúar 2001 og er meðal gagna rannsóknarnefndarinnar.⁴⁷⁵ Meðal annars kom fram í henni, varðandi inntak og niðurstöðu könnunar, að hann hefði kynnt sér vandlega gögn sem borist hefðu frá ráðuneytinu þar sem væri að finna allar skýrslur og bréf sem séð yrði að vörðuðu erindið.

Samkvæmt greinargerðinni var það mat vararíkislögreglustjóra að ekkert væri fram komið sem haggði fyrirleggjandi niðurstöðu ríkissaksóknara. Þá var í greinargerðinni tekið undir áður fram komin sjónarmið ráðuneytisins um að ekki hefðu verið færð fram viðhlítandi rök fyrir því að beita ákvæði 2. mgr. 26. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um að fella fyrri ákvörðun ríkissaksóknara úr gildi. Vísað var til áðurnefnds bréfs þáverandi sveitarstjóra Súðavíkurrepps til sýslumannsins á Ísafirði 18. apríl 2000 þar sem hann hefði rakið að hann hefði talið það heppilegra ef valdir hefðu verið fullkomlega óháðir aðilar til að vinna

471. Hér á eftir er vikið að svörum umboðsmanns til Sverris vegna kvörtunar hans skömmu síðar.

472. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (38).

473. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (35).

474. Vikið hefur verið að efni og inntaki þessara lagaákvæða í umfjöllun hér á undan.

475. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (48).

samantekt um atburðinn til að hefja Almannavarnir ríkisins, lögreglu og almannavarnir í héraði yfir allan vafa um hlutleysi í slíkri athugun. Vararíkislögreglustjóri kvað þau sjónarmið að ýmsu leyti skiljanleg, þ.e. að heppilegra væri að ekki yrðu bornar brigður á hlutlægni þeirra sem að málum kæmu hverju sinni en hann teldi þó „óviðeigandi að daga svo fortakslausar ályktanir um aðkomu þeirra sem komu að málum“. Hann gat þess einnig að með nýjum lögum nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, hefði verið hugað að þessu atriði með því að leiða í lög þá skyldu að skipa skyldi sérstaka rannsóknarnefnd til að framkvæma rannsókn þegar manntjón yrði af völdum ofanflóða í byggð.

Vararíkislögreglustjóri taldi að sú rannsókn sem fram hefði farið hjá lögreglunni á Ísafirði í kjölfar snjóflóðsins hefði verið í samræmi við þá rannsókn sem boðin var í þágildandi lögum nr. 42/1913 um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum og 3. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991. Sagði svo í niðurlagsorðum greinargerðarinnar:

„Ef mér leyfist að reifa skoðanir mínar á þeim hörmungum sem urðu í Súðavík og þeirri sorg og vanlíðan, sem aðstandendur þeirra sem fórust eiga við að stríða, er skiljanlegt að þeir eigi erfitt með að setta sig við orðinn hlut. Það sem er orðið verður þó ekki aftur tekið. Það er hinn kaldri veruleiki. Varnarhættir fólks við áföllum eru með ýmsu móti og verður hver og einn að takast á við þau sem hann er gerður. En hversu oft hef ég ekki heyrt fólk sem orðið hefur fyrir margháttuðum áföllum á lífsleiðinni, segja, að það vænti þess, að ólánið sem henti það, verði til þess, að koma meg í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.“

Hann gat þess svo að honum sýndist að með breytttri löggjöf, þ.e. nánar tilgreindum breytingum á fyrri ofanflóðalögum frá 1985 og nýrra ofanflóðalaga frá 1997, sem öll ætti rætur að rekja til snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri hefði verið „reynt að berja í brestina á því kerfi, sem áður [hefði verið] í gildi og nefndi í því sambandi skilgreiningu hættumats og hlutverk Veðurstofunnar vegna viðvarana um snjóflóðahættu og yfirlýsingu hættuástands, sem lögreglustjóra og almannavarnarnefnd væri skylt að bregðast við. Einnig vísaði hann þá aftur til nýrra ákvæða í ofanflóðalögum 1997 um skipun sérstakrar rannsóknarnefndar.

6.6.15. Erindi lögmanns fyrir hönd Rögnu Aðalsteinsdóttur til ríkissaksóknara 21. janúar 2003

Lögmaður Rögnu Aðalsteinsdóttur sendi erindi á ríkissaksóknara 21. janúar 2003 þar sem þess var á ný krafist að fram færi lögreglurannsókn vegna snjóflóðanna í Súðavík.⁴⁷⁶ Í það sinn var krafan sögð borin fram af því tilefni að með lögum nr. 36/1999 hefði verið bætt inn ákvæði 4. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991 og því væru skilyrði til að verða við beiðninni á þeim grundvelli. Samhengis vegna skal tekið fram að hið nýlega setta ákvæði mælti fyrir um að ríkissaksóknara væri heimilt, þegar sérstaklega stæði á, að mæla fyrir um rannsókn þótt ætla mætti að refsingu yrði ekki komið við, svo sem vegna þess að sök væri fyrnd, ef ríkir almanna- og einkahagsmunir mæltu með því.

Í annan stað var krafan sett fram á þeim grunni að opinberir aðilar hefðu lýst því yfir í fjölmiðlum að þeir teldu að það kynni að vera til góðs að láta fara fram rannsókn og að hún væri jafnframt nauðsynleg. Í bréfinu var það sagt rangt að fram hefði farið rannsókn á slysinu. Sú rannsókn sem fram hefði farið væri „nánast vettvangsrannsókn, skýrsla um atburðinn og afleiðingar hans“. Engin rannsókn hefði hins vegar farið fram á almannavarnaþætti málsins, aðdraganda, samskiptum aðila í almannavarnakerfinu og viðbrögðum yfirvalda. Þá hefði engin rannsókn farið fram á björgunaraðgerðum né byggingartæknilegum þáttum.

Tekið var fram að einhliða skýrslur vörpuðu ekki réttu ljósi á atburðina og áréttað í lok bréfsins að nauðsynlegt væri að fram færi lögreglurannsókn þótt ekki lægi fyrir á því stigi grunur um refsivert atferli og þótt sök væri mögulega fyrnd. Þá var vísað til þess að ríkir almanna- og einkahagsmunir mæltu með rannsókn, enda hefði það verið staðfest í viðtölum í fjölmiðlum og með afskiptum þingmanna af málinu. Með erindinu fylgdi útskrift úr sjónvarpsfréttum 17. janúar 2000 en um efni hennar má vísa nánar til umfjöllunar hér framar.

476. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (27).

Þessu erindi svaraði ríkissaksóknari með bréfi 30. janúar 2003.⁴⁷⁷ Fram kom þar að ríkissaksóknari teldi einsýnt að ákvæði 4. mgr. 66. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála kæmi ekki til álita í þessu sambandi. Um það var vísað til athugasemda með lagafrumvarpi vegna lögfestingar þess ákvæðis, einkum þá svo að enda þótt ríkissaksóknara væri heimilt að mæla fyrir um rannsókn þótt ætla mætti að refsingu yrði ekki komið við, svo sem vegna fyrningar, yrði þá um leið að liggja fyrir að slík rannsókn beindist að háttsemi sem ljóst væri eða grunur léki á að hefði verið refsiverð þegar hún var framin. Taldi ríkissaksóknari ekki efni til að láta fara fram frekari opinbera rannsókn á málinu á grundvelli þágildandi laga nr. 19/1991 og að fyrri afstaða hans stæði óhögguð. Í bréfinu kom þó fram athugasemd ríkissaksóknara um að jafnvel virtist „nærtækara að leita eftir rannsókn á atburðum samkvæmt 8. gr. laga nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum“.⁴⁷⁸

6.6.16. Erindi lögmanns fyrir hönd Rögnu Aðalsteinsdóttur til umhverfisráðuneytisins 4. október 2004 og síðari meðferð þess hjá forsætisráðuneytinu

Með bréfi 4. október 2004 óskaði lögmaður Rögnu Aðalsteinsdóttur eftir því við umhverfisráðherra með vísan til 8. gr. laga nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum að fram færi rannsókn á snjóflóðunum í Súðavík.⁴⁷⁹ Fram kom í erindinu að Ragna hefði ítrekað farið þess á leit við dómsmálayfirvöld að rannsókn færi fram á slysinu en þeim beiðnum verið synjað.

Fram kom að í bréfi ríkissaksóknara 30. janúar 2003 hefði verið bent á þá leið að fram færi rannsókn á grundvelli 8. gr. laga nr. 49/1997. Lögmaðurinn tók fram að ekki yrði séð af bréfi ríkissaksóknara að nokkuð væri því til fyrirstöðu að rannsókn færi fram á slysi sem gerst hefði fyrir gildistöku laganna enda mæltu engin lagarök gegn því. Lögmaðurinn vísaði um frekari rökstuðning til bréfs hans til ríkissaksóknara 21. janúar 2003 og nánar tilgreindra fylgigagna, sem voru m.a. áðurnefnd erindi Sverris Hermannssonar, alþingismanns, auk annarra gagna varðandi fyrri viðleitni Rögnu til að knýja á um rannsókn.

Í kjölfarið var í umhverfisráðuneytinu tekið saman minnisblað til þáverandi ráðuneytisstjóra þess, dagsett 10. nóvember 2004, þar sem fjallað var um erindi lögmannsins.⁴⁸⁰ Fram kemur í minnisblaðinu að dómsmálayfirvöld og ríkissaksóknari hefðu áður hafnað að fram færi rannsókn á slysinu samkvæmt 4. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Í minnisblaðinu er fjallað um 8. gr. laga nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sem tóku gildi árið 1997. Tilurð ákvæðisins var sögð vera svar við þeirri gagnrýni sem hefði komið fram eftir snjóflóðin í Súðavík og á Flateyri um að ítarleg rannsókn ætti að fara fram í þeim tilvikum þar sem manntjón yrði af völdum ofanflóðs. Því næst var lýst sameiginlegu mati höfundar minnisblaðsins, sem voru tvö og munu hafa verið úr hópi starfsmanna þess, að „rannsókn í anda 8. gr. [laga nr. 49/1997] nærri 10 árum eftir snjóflóðið í Súðavík væri ekki líkleg til að ná þeim markmiðum sem lögin [kvæðu] á um“. Í niðurlagi minnisblaðsins var hins vegar lagt til að úttekt yrði gerð á því hvernig stjórnvöld hefðu brugðist við til að takmarka hættu á snjóflóðum í byggð. Höfundar minnisblaðsins teldu jafnframt mikilvægt að fram kæmi í slíkri úttekt hvað talið væri að hefði brugðist í aðdraganda snjóflóða í Súðavík og á Flateyri, hvernig reglur og starfsaðferðir hefðu breyst í kjölfarið og hvort „einhver atriði [væru] enn óleyst“. Slíka úttekt teldu höfundar æskilega til að stjórnvöld gætu metið stöðu mála, en ljóst væri að slíkur kostnaður yrði greiddur úr ofanflóðasjóði með vísan til 13. gr. laga nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.

Með bréfi umhverfisráðuneytisins til forsætisráðuneytisins 10. desember 2004 var erindi lögmannsins um rannsókn samkvæmt 8. gr. laga nr. 49/1997 framsend síðarnefnda ráðuneytinu, með vísan til 8. gr. sömu laga og 2. mgr. 7. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 enda kæmi það í hlut forsætisráðherra að skipa slíka nefnd.⁴⁸¹ Erindið var ítrekað af hálfu

477. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (46).

478. Eins og fram hefur komið höfðu ný heildarlög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum tekið gildi 23. maí 1997 en í 8. gr. þeirra var nýtt ákvæði þess efnis að skipa skyldi sérstaka nefnd til að rannsaka orsakir ofanflóðs og afleiðingar þess í hvert sinn sem manntjón yrði af völdum ofanflóðs í byggð.

479. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 27.6.2025.

480. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 27.6.2025.

481. Skjalasafn umhverfisráðuneytisins. Gögn afhent 27.6.2025.

lögmanns Rögnu Aðalsteinsdóttur með bréfi til forsætisráðuneytisins 8. júní 2005 og tekið fram þar að umhverfissráðuneytið hefði upplýst lögmanninn um framsendingu erindisins en honum hefði ekki borist svar frá forsætisráðuneytinu.⁴⁸²

Af gögnum rannsóknarnefndar verður ráðið að í kjölfar ítrekunar lögmannsins hafi meðferð og afgreiðsla erindisins verið til umræðu milli starfsmanna forsætisráðuneytisins undir lok júní 2005 og að þá hafi starfsmaður þess sent lögmanninum tölvupóst, beðist velvirðingar á töfum sem orðið hefðu á svári við kröfu hans og óskað eftir að ræða málið við lögmanninn í síma. Af gögnum rannsóknarnefndarinnar verður ekki ráðið hvort og þá hvaða samskipti hafi svo átt sér stað vegna þessa erindis milli ráðuneytisins og lögmannsins eða hvaða meðferð það hafi svo hlotið þar á næstu mánuðum, allt uns ráðuneytið svaraði erindinu formlega í upphafi næsta árs, nánar tiltekið með bréfi til lögmannsins 20. janúar 2006. Í upphafi þess var beðist velvirðingar á drætti á svári og því næst tekið fram:

„Ráðuneytið hefur fulla samúð með þeim sjónarmiðum sem þér settið fram af hálfu umbjóðanda yðar um að atburðirnir í Súðavík hafi ekki verið nægilega vel upplýstir. Eftir að málgögn hafa verið skoðuð er það niðurstaða ráðuneytisins að ekki séu nægileg efni til að hefja rannsókn á grundvelli laga nr. 49/1997. Ráðuneytið vill benda á rannsóknir sem þegar hafa farið fram bæði á vegum Almannavarna ríkisins (skýrsla frá janúar 1996) og Veðurstofunnar (skýrsla janúar 2003). Ennfremur segir í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 49/1997 að rannsókn skuli eingöngu miða að því að draga úr hættu af völdum ofanflóða. 11 ár eru liðin frá snjóflóðunum í Súðavík og skipulagi almannavarna hefur verið breytt síðan. Eru því, að mati ráðuneytisins, ekki líkur á að sérstök rannsókn á snjóflóðunum í Súðavík hafi umtalsvert hagnýtt gildi til frambúðar.“

6.6.17. Erindi Maríu Sveinsdóttur til ríkissaksóknara 20. janúar 2005

Með bréfi 20. janúar 2005 sendi María Sveinsdóttir (María Maya Hrafnhildardóttir) erindi til ríkissaksóknara fyrir hönd barna Hrafnhildar Kristínar Þorsteinsdóttur sem búið hefði á Nesvegi 7 og látist í snjóflóðinu í Súðavík.⁴⁸³ Með því óskuðu þau eftir því að „fá viðurkenningu á því að um mistök hafi verið að ræða“ aðfaranótt 16. janúar 1995, m.a. hvað varðaði „rýmingu s.k. ytra svæði[s] ofan Nesvegar“ þar sem móðir þeirra hefði búið ásamt fósturföður þeirra, Sveini Gunnari Salómonssyni. Vísað var til þess að fyrir lægju gögn um að ástæða hefði verið til „að hafa verulegar áhyggjur af snjóflóðahættu á því svæði“, enda hefði húsið verið á hættusvæði samkvæmt þágildandi hættumati.

Í bréfinu var vísað til og reifuð samskipti almannavarnarnefndarmanna í Súðavík umrædda nótt þeirra á milli og samskipti einstakra meðlima almannavarnarnefndarinnar við Magnús Mág Magnússon hjá Veðurstofunni. Einnig var vísað til þess að fyrir hefði legið vitneskja um hættu ofan Nesvegar, enda hefði Nesvegurinn átt að hafa forgang varðandi snjóflóðavarnir í Súðavík. Í bréfinu var jafnframt gerð athugasemd við rannsókn almannavarna, sem sögð var illa unnin og að þar hefði verið farið rangt með staðreyndir. Nánar tiltekið var þar vísað efnislega til skýrslunnar „Snjóflóð 95“ og tiltekinnar niðurstöðu þar, sem aðstandendur höfðu áður gagnrýnt og fjallað hefur verið um hér að framan, um að þau hús sem lentu í snjóflóðinu hefðu verið utan hættusvæðis samkvæmt gildandi hættumati.⁴⁸⁴ Þar væri rangt farið með staðreyndir þar sem hús Hrafnhildar heitinnar og manns hennar hefði verið á hættusvæði og þau treyst því að þau yrðu látin vita ef hættuástand skapaðist. Í niðurlagi bréfsins kom fram:

„Almannavarnir brugðust og finnst okkur það vanvirðing gagnvart þeim látnu að verið sé að hylma yfir þessu í staðinn fyrir að taka ábyrgð á þessum hörmulegu mistökum sem þarna áttu sér stað. Teljum við okkur knúin til þess að fara fram á bótakröfu gagnvart þeim sem bera ábyrgð. Það verður kannski til þess að svona mistök komi ekki fyrir aftur. Þrátt fyrir mikinn áhuga fjölmiðla á málinu höfum við kosið að fara ekki þá leið að svo stöddu. Með ósk um skjót viðbrögð.“

482. Skjalasafn forsætisráðuneytisins. Gögn afhent 5.9.2025. B-433-2, 1. Önnur og síðari gögn sem stuðst er við hér eiga sama uppruna.

483. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535. (15).

484. Sjá skýrsluna „Snjóflóð 95“, bls. 8, og fyrri umfjöllun í þessum kafla varðandi umrætt atriði í skýrslunni.

Ríkissaksóknari svaraði þessu erindi með bréfi 14. mars 2005.⁴⁸⁵ Í upphafi bréfsins kom fram að ríkissaksóknari skildi bréfið svo að María og systkini hennar óskuðu eftir opinberri rannsókn á aðdraganda og afleiðingum snjóflóðsins og hvort brotin hefðu verið lög í því sambandi af hálfu formanns eða forsvarsmanna almannavarnanefndar í Súðavík.

Í bréfinu var vísað til fyrra erindis Maríu og fleiri aðstandenda til ríkissaksóknara 20. ágúst 1996 og talið rétt að rekja í stuttu máli fyrri afstöðu ríkissaksóknara vegna hennar, þ.e. samkvæmt bréfi ríkissaksóknara 27. febrúar 1997. Tekið var fram að rannsóknarbeiðni hefði þar verið hafnað og svo rakin helstu atriði um erindi til umboðsmanns Alþingis í kjölfarið. Því næst sagði að í tilefni af bréfi Maríu frá 20. janúar hefði ríkissaksóknari farið að nýju yfir gögn málsins, sérstaklega þau sem vörðuðu málsmeðferð, og yrði hér með að skýra frá því að hann teldi að málinu hefði verið lokið af hálfu ríkissaksóknara með bréfinu 23. febrúar 1997. Beiðni um opinbera rannsókn væri því hafnað.

Í niðurlagi bréfs ríkissaksóknara rakti hann breytingar sem gerðar hefðu verið á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum sem ættu rót að rekja til snjóflóðanna í Súðavík og á Flateyri. Með nýrri löggjöf væri leitast við að afstýra því að svo hörmulegir atburðir endurtæku sig. Þar væri mælt fyrir um skilgreiningu hættumats og að Veðurstofa Íslands gæfi út viðvörðun um staðbundna snjóflóðahættu sem yfirvöldum á viðkomandi stað, þ.e. almannavarnanefnd og lögreglustjóra, væri skylt að bregðast við. Loks var vakin athygli á ákvæðum 8. gr. laga nr. 49/1997, sem áður hefur verið fjallað um í þessum kafla skýrslunnar, en um leið tekið fram að þótt hann vekti athygli á ákvæði 8. gr. laganna lýsti það ekki „því viðhorfi að forsætisráðherra [væri] unnt að skipa rannsóknarnefnd samkvæmt lagagreininni til að rannsaka orsakir og afleiðingar ofanflóðs sem féll fyrir gildistöku laganna“.

6.7. Samantekt rannsóknarnefndar

6.7.1. Hreinsunarstarf í kjölfar snjóflóðs, sáttargjörð og minningarreitur

Hreinsunarstarf og verðmætabjörgun í Súðavík hófst formlega eftir að öll þau sem saknað var eftir snjóflóðin voru fundin (að kvöldi 17. janúar 1995) og hélt áfram eftir að sýslumaðurinn á Ísafirði aflýsti hættuástandi vegna snjóflóða 23. janúar. Fyrir 23. janúar höfðu þau sem komu að björgunar- og hreinsunarstörfum jafnframt sinnt verðmætabjörgun og -vörslu. Þá höfðu verkfræðingar á vegum Almanna- og ríkisvaldsins verið í Súðavík á tímabilinu 19.–22. janúar, skoðað svæðið, metið ástand húsa og gert tillögur um framhaldið. Formlegri aðkomu Almanna- og ríkisvaldsins lauk með afléttingu hættuástands að morgni 23. janúar 1995 en liðsmenn slökkviliðsins voru beðnir að aðstoða áfram. Frá þeim tíma fór yfirmaður neyðarsveitar Slökkviliðs Reykjavíkur enn með umboð sýslumanns sem vettvangsstjóri í Súðavík, þar til hann yfirgaf þorpið ásamt sveitinni 24. janúar 1995. Þar með lauk þætti opinberra stjórnvalda, þ.e. ríkisvaldsins, við hreinsunarstarf og vörslu verðmæta. Þeir slökkviliðsmenn sem komu til Súðavíkur þann 22. janúar 1995 og dvöldu þar til 29. janúar s.á. störfuðu þar á vegum framkvæmdanefndar hreppsnefndar Súðavíkur frá og með eftirmiðdegi 23. janúar 1995. Við það urðu þáttaskil í starfinu og hófst uppbyggingar- og hreinsunarstarf á vegum hreppsnefndar Súðavíkur eftir að Viðlagatrygging hafði gefið heimild fyrir hreinsun degi síðar, 24. janúar. Með því færðist hreinsunarstarfið í hendur sveitarfélagsins og aðkomu opinberra stjórnvalda að hreinsun lauk, samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu Almanna- og ríkisvaldsins.

Af hálfu Súðavíkurhrepps var sett á stofn framkvæmdanefnd hreinsunar og var hún að störfum frá 23. janúar til 15. febrúar 1995. Nefndin skipulagði og hafði umsjón með hreinsunarstarfinu á grundvelli tillagna áðurnefndra verkfræðinga, með aðstoð m.a. neyðarsveitar Slökkviliðs Reykjavíkur auk fjölmargra björgunarsveita. Áður en vinna við hreinsun hófst á vegum Súðavíkurhrepps hafði Viðlagatrygging gefið heimild fyrir hreinsun. Snjóflóðið hafði fallið yfir og lokað Aðalgötunni sem var jafnframt þjóðvegurinn í gegnum þorpið, en fær var hjáleid inn í og gegnum þorpið neðan við flóðið sem í notkun

485. Þjóðskjalasafn Íslands. Ríkissaksóknari 2011. D-2535 (13). Rétt er að geta þess að bréf aðstandenda til ríkissaksóknara er dagsett 20. janúar 2005. Svar ríkissaksóknara er hins vegar dagsett 14. mars 2004. Ljóst er að um er að ræða misritun ártals í bréfi ríkissaksóknara, þar sem fram kemur á móttökustimpli ríkissaksóknara vegna bréfs aðstandenda að það hafi verið móttakið 24. janúar 2005.

var fyrstu dagana eftir það. Þann 25. janúar var hafist handa við að ryðja Aðalgötuna þar sem snjóflóðið hafði teppt hana. Í hreinsunarátaki dagana 27.–29. janúar 1995 voru götur og opin svæði að mestu rudd og snjór og brak úr flóðinu flutt yfir í haug á Langeyri. Þar stóð svo yfir flokkun rústa og björgun muna fram á haustið. Samkvæmt upplýsingum úr skýrslu hreppsnefndar hafði fyrir hreinsunarátakið verið búið að hafa samband við eigendur eða fulltrúa þeirra og fá heimild fyrir hreinsun á viðkomandi lóð. Einnig hefði íbúum Súðavíkur gefist tækifæri á að koma á svæðið og leita í flóðinu dagana fyrir átakið. Erfitt hefði verið að átta sig á hvar ætti að leita því brak og munir úr húsum hefðu borist með flóðinu langt frá upprunastað og erfitt verið orðið að leita í flóðinu vegna þess hve þjappaður og frosinn snjórinn hafi verið orðinn.

Eftir 15. febrúar 1995 hélt hreinsunarstarf áfram í Súðavík í umsjá hreppsnefndar, bæði á flóðasvæðinu í þorpinu og á Langeyri. Unglingar í Súðavík og frá Ísafirði, liðsmenn björgunarsveita, námsmenn á vegum Vinnumiðlunar stúdenta, vélamenn á stórvirkum vélum og fleiri tóku þátt í hreinsunarstarfi á Langeyri eftir að snjórinn fór að þiðna um vorið og áfram um sumarið og fram á haustið 1995. Munir sem fundust í haugnum voru fluttir í verðmætageymslu í félagsheimilinu. Aðstandendur leituðu einnig í haugnum á þessum tíma. Þá var umsjónarmaður á vegum hreppsnefndar á haugsvæðinu á Langeyri frá sumri og fram á haustið en svæðið var ógirt og öllum opið. Eitthvað var um að rútur með ferðamönnum ækju til Súðavíkur til að skoða hamfarasvæðið og færú þá hjá haugnum á Langeyri.

Hreinsun og flokkun rústa og björgun muna á Langeyri lauk formlega um miðjan október 1995 með bréfi sveitarstjórnar til aðstandenda þar sem þeim var boðið að koma og sækja muni sem bjargast höfðu. Hreinsun á svæðinu á Langeyri stóð a.m.k. fram á sumar 1997 og í Súðavík hélt hreinsunin áfram fram á árið 2000 með því að húsarústir voru fjarlægðar og gengið var frá lóðum í samráði við lóðarhafa.

Fljótlega eftir snjóflóðið kom fram umræða um minningarreit um hina látnu og lagði sveitarstjórn fram hugmyndir um skipulag hans. Unnið var að útfærslu minningarreitsins um árabil, með hléum, þar sem ekki náðist samstaða um útfærslu. Árið 2003 var málið tekið upp að nýju og var þá skipulag reitsins unnið út frá hugmyndum aðstandenda frá árunum 1996 og 1997 og útfært í samvinnu við aðstandendur. Náðist í framhaldi af því sátt um útfærslu og var reiturinn vígður sumarið 2005.

Samkvæmt því sem fram kom í fjölmiðlum fljótlega eftir snjóflóðið, og dæmi eru einnig um allar götur síðan, voru aðstandendur þeirra sem létust og þau sem misstu heimili sín í snjóflóðinu ósátt við framgöngu sveitarfélagsins vegna hreinsunarstarfa.

Ágreiningurinn snerist fyrst og fremst um hraða hreinsunarstarfanna, að hreinsun lóða hefði verið framkvæmd án heimildar og þá framkvæmd að moka flóðinu og öllu sem í því var yfir í haug á Langeyri með stórvirkum vinnuvélum. Þar sem eingöngu mun hafa verið aflað munnlegs samþykkis eiganda eða fulltrúa hans fyrir hreinsun rústa og lóða var ekki til að dreifa við rannsókn nefndarinnar skýrum gögnum eða upplýsingum um nánari atriði þar að lútandi, svo sem varðandi óskir um heimild og nánara inntak þeirra eða viðbrögð við þeim, þar á meðal tilvist og eftir atvikum forsendur samþykkis við slíkum óskum. Af upplýsingum um þetta sem þó hafa komið fram við rannsókn nefndarinnar um einstök tilvik má ráða að ekki hafi ávallt verið fyllilega skýrt eða ótvírætt hvað hreinsun fæli í sér eða hvort heimild fyrir hreinsun hafi yfirleitt verið gefin. Ekki fékkst ótvírætt úr því skorið við gagnaöflun rannsóknarnefndarinnar hvort heimildir hafi verið fyrir hendi eða ekki, a.m.k. ekki í öllum tilvikum. Skýrlega hefur komið fram við rannsókn nefndarinnar að ágreiningur um þetta sem upp kom í Súðavík og ágallar sem eftir atvikum voru á hreinsun þar hafi leitt þess að lærdómur hafi verið dreginn af þessu við hreinsun eftir snjóflóðið á Flateyri, þar sem þess var gætt að afla skriflegra heimilda eigenda áður en hús og lóðir voru hreinsuð.⁴⁸⁶

486. Bergsveinn Alfónsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 7. október 2025. – Samtal fulltrúa rannsóknarnefndar við Gunnar Arnar Pétursson 8. október 2025.

Hraði framkvæmdarinnar olli því m.a. að aðstandendum gáfust einungis fáeinir dagar, stuttu eftir atburðinn, til að leita að og bjarga persónulegum munum úr flóðinu áður en því var mokað burt. Mun það hafa valdið því að heillegir munir úr húsunum sem urðu fyrir flóðinu skemmdust eða eyðilögðust og erfiðara varð um vik að leita að minni persónulegum munum.⁴⁸⁷ Jafnvel hafi einhverjir munir endað í sjónum. Við skýrslutökur rannsóknarnefndarinnar kom fram hjá ýmsum skýrslugjöfum sem þetta snerti að þau hefðu upplifað hraðann við hreinsunarstarfið sem of mikinn og að ekki hefði verið nægilega gætt eðlilegrar nærgætni og tillits við aðstandendur og eigendur eða íbúa þeirra fasteigna sem eyðilagst höfðu. Af skýrslutökum rannsóknarnefndarinnar og blaðaumfjöllun að dæma virðist það einnig hafa verið upplifun eða skilningur sumra aðstandenda, þó ekki hafi komið fram að viðkomandi hefðu verið sjónarvottar að slíku, að snjó og braki úr flóðinu hafi verið mokað út í sjó og hefur mátt skilja það svo að það hefði þá verið gert af ásettu ráði. Við rannsókn nefndarinnar kom fram í skýrslugjöf slökkviliðsmanna sem unnu að hreinsunarstarfi í Súðavík að þeir könnuðust ekki við slíkt, sem hefði þá a.m.k. ekki verið viljandi gert, en fram kom þó að mögulega hefðu munir getað lent í sjónum í tengslum við hreinsun og flutninga á Langeyri.

Af hálfu hreppsnefndar Súðavíkur kom sem fyrr sagði fram að aflað hefði verið munnlegra heimilda fyrir hreinsun lóða og, um ástæður fyrir fyrirkomulagi og hraða hreinsunar, að framkvæmd hefði verið hraðað til að koma atvinnulífinu sem fyrst í gang aftur. Nánar kom fram í því sambandi að á bak við hreinsunarstarfið hefðu legið sjónarmið um að „gera þeim rúmlega 200 íbúum, sem hér ætla að búa, mögulegt að hverfa aftur til daglegs lífs og starfa sem fyrst“.

Af fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum um þessi efni er helst að ráða að hér hafi einkum stangast á annars vegar hagsmunir og óskir yfirvalda og atvinnulífsins í Súðavík, og eftir atvikum einstakra íbúa þar, sem vildu koma atvinnurekstri í gang sem fyrst og hins vegar hagsmunir og óskir aðstandenda sem voru í sorg eftir sáran missi og höfðu ekki tók á að nýta þann stutta tíma sem gefinn var til að leita í flóðinu eftir munum af heimilum þeirra, áður en flóðinu var mokað upp og flutt á Langeyri.

Þessi hraði á hreinsunarstarfi var gagnrýndur harðlega af nokkrum aðstandendum þeirra sem fórust í snjóflóðinu og yfirvöld í Súðavík voru sökuð um að sýna hinum látnu og syrgjandi aðstandendum þeirra óvirðingu. Séu hreinsunarstörf eftir snjóflóðið á Flateyri þann 26. október 1995 skoðuð kemur fram, sem fyrr segir, að lærdómur hafi verið dreginn af framkvæmdinni í Súðavík nokkrum mánuðum fyrr. Á Flateyri hafi þannig verið komið upp gámi fyrir hvert hús, þar sem munum sem fundust var komið fyrir og fólki gafst tími til að leita í flóðinu áður en því var mokað burt.⁴⁸⁸ Í skýrslu Almannavarna ríkisins um snjóflóðið á Flateyri segir m.a. að það skipti miklu máli fyrir úrvinnslu fólks sem orðið hefur fyrir slíku áfalli að finna persónulega muni og má vitaskuld taka undir það.⁴⁸⁹ Um leið má ætla að skortur á þessu, eða sú upplifun að sanngjarnt næði til þess hafi ekki fengist og tækifæri til slíks hafi eða kunni að hafa farið forgörðum, geti á sama hátt verið fólki þungbær og hamlað úrvinnslu eftir slíkt áfall.

Í því skyni að ná sáttum um hreinsunarstarfið gerði sveitarstjóri Súðavíkur í september 1995 samkomulag við lögmann sem kom fram af hálfu hjónanna Hafsteins Númasonar og Berglindar M. Kristjánsdóttur um að fengnir yrðu tveir hlutlausir einstaklingar til að fara yfir framkvæmd hreinsunarstarfsins. Súðavíkurhreppur leitaði til Viðlagatryggingar um fjármögnun úttektarinnar en úttektin fór aldrei fram. Í upphafi árs 1997 var séra Kristjáni Björnssyni falið að reyna að ná sáttum og lauk því starfi með sáttargjörð sem undirrituð var í mars 1998 og eftirfylgniáætlun til stuðnings aðstandendum sem var hluti sáttargjörðarinnar. Því starfi lauk að mestu í árslok 1999 og hafði þá varað í u.þ.b. þrjú ár. Ekki náðist full sátt um hreinsunarstarfið þrátt fyrir þessar aðgerðir en fyrir liggur m.a. í því sambandi að Ragna Aðalsteinsdóttir skrifaði undir þessa sáttargjörð með fyrirvara

487. [Dagblaðið Vísir – DV – 73. tölublað \(27.03.1995\) – Tímarit.is](#)

488. Bergsveinn Alfónsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 7. október 2025. – Samtal fulltrúa rannsóknarnefndar við Gunnar Arnar Pétursson 8. október 2025. – Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2011. B-156 (34).

489. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2011. B-156 (34–35).

sem mun að meginstefnu og efnislega hafa lotið að því að undirritun hennar fæli ekki í sér að hún skuldbyndi sig þar með til að leggja til hliðar eða hafa hljótt um afstöðu sína og skoðanir um þessi málefni.

Af fyrirliggjandi gögnum, fréttum í fjölmiðlum og upplýsingum sem fram komu í skýrslutökum rannsóknarnefndarinnar má ráða að ágreiningur vegna hreinsunarstarfsins og atvik sem upp komu í tengslum við það hafi rist djúpt og haft mikil áhrif á líf og hugarró viðkomandi aðstandenda, bæði þá og síðar. Inn í ágreininginn um hreinsunarstarfið tengdust einnig skoðanaskipti um útfærslu minningarreitsins. Í skýrslu Kristjáns Björnssonar hjá rannsóknarnefnd gat hann þess að hann hefði talið of snemma farið af stað með umræðu um minningarreitinn og hefði hann beðið forsvarsmenn hreppsins að hægja á henni og hafa náð samráð við aðstandendur.⁴⁹⁰ Í tengslum við undirbúning og umræðu um minningarreitinn komu m.a. fram ávirðingar í fjölmiðlum varðandi það hvort yfirvöld í Súðavík væru að vinna af heilindum í þágu minningar þeirra sem fórust í snjóflóðinu og aðstandenda þeirra.⁴⁹¹ Stöðvaðist því vinna við undirbúning minningarreitsins um tíma, þar til sátt náðist og var hann útfærður í samráði við tillögur aðstandenda og í samráði við flest þeirra. Minningarreiturinn var frágenginn og vígður árið 2005, tíu árum eftir snjóflóðið.

6.7.2. Sjúkrahjálpar, fjöldahjálpar og félags- og áfallahjálpar í kjölfar snjóflóðsins

Við snjóflóðið fóru af stað víðtæk viðbrögð margra aðila sem komu að sjúkra-, fjölda-, félags- og áfallahjálpar; á Vestfjörðum, höfuðborgarsvæðinu og víðs vegar um landið. Fjölmargir viðbragðsaðilar hjá almannavörnum og löggæslu, Rauða krossinum, sjúkrahúsum, Þjóðkirkjunni, sveitarstjórnnum og stjórnvöldum, björgunarsveitum, slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum tengdust verkefninu. Meginþungi fyrstu viðbragða var í Súðavík strax eftir atburðinn og á Ísafirði fyrstu vikuna. Eftirfylgni fór fram á báðum stöðum, sem og í Reykjavík.

Viðbrögð hjálparliða sjúkra-, fjölda- og félagshjálpar fóru eftir skipulagi almannavarna og sjúkrastofnana sem í gildi var á þeim tíma, sem var skipulag almannavarna að grunni til frá 1989/1991, hópslysaaætlun Fjórðungssjúkrahússins sem og innra skipulag Rauða krossins og Þjóðkirkjunnar. Áfallahjálpar hafði ekki verið skilgreind í skipulaginu en féll að hluta til undir verkefni sálsgæslu, huggunar og andlegrar uppörvunar sem felld voru undir verksvið sóknarpresta, forystumanna trúfélaga og hjálparliða Rauða krossins. Þar sem ekki var til formlegt ferli fyrir veitingu áfallahjálpar mun að einhverju leyti hafa þurft í þessu starfi að læra jafnóðum af reynslunni eða prófa sig áfram.⁴⁹²

Fyrsta aðstoðin í þessum málaflokkum var veitt af fólki í Súðavík án þess að fyrir lægi viðbragðsáætlun eða annað vinnufyrirkomulag en verkaskipting almannavarnanefndar og almennt hlutverk hjálparliða, þ.e. björgunarsveitarinnar Kofra. Enginn læknir og engin deild Rauða krossins voru starfandi í Súðavík þegar snjóflóðið féll heldur var þar einungis heilsugæslustöð sem sinnt var af lækni frá Ísafirði. Þau sem vettlingi gátu valdið í þorpinu munu hafa gengið til verka og aðstoðað eins og þau gátu eftir snjóflóðið, óháð því hvort þau hefðu sérstakt hlutverk eða skyldur við slíkar aðstæður enda engum öðrum til að dreifa á því stigi og nokkuð á eftir. Eftir að snjóflóðið féll söfnuðust þeir íbúar Súðavíkur sem lent höfðu í flóðinu en komist lífs af eða þau sem höfðu annars orðið að yfirgefa heimili sín vegna snjóflóðsins saman í söluskála bensinstöðvarinnar í þorpinu og síðan í húsakynnum frystihússins Frosta. Þar sinntu björgunarsveitarmenn í Súðavík og annað heimafólk þeim eftir föngum og veittu slösuðum fyrstu hjálpar til greiningarsveit Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði kom á staðinn ásamt öðru hjálparliði með fyrstu ferð Fagranessins. Búið var um og hlúð að fólki, hvort sem um slasaða einstaklinga var að ræða eða einstaklinga í áfalli. Nýttur var sá sjúkrabúnaður sem fyrir hendi var á staðnum í Frosta, hjá björgunarsveitinni og öðrum aðilum.

Eftir að viðbótarhjálp, heilbrigðisstarfsfólk og vettvangsstjóri komu á staðinn var húsnæðinu í Frosta skipt upp, eins og aðstæður leyfðu, í stjórnstöð aðgerða, fjöldahjálparstöð með móttöku og umönnun slasaðra og svæði fyrir látna einstaklinga. Strax eftir komuna

490. Kristján Björnsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 3. nóvember 2025.

491. [Dagblaðið Visir - DV - 177. tölublað \(08.08.1997\) - Timarit.is](#)

492. Rudolf Adólfsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 23. október 2025.

til Súðavíkur með Fagranesinu hóf heilbrigðisstarfsfólk frá Ísafirði að greina og hlúa að slösudum og öðrum Súðvíkingum sem bjargast höfðu úr snjóflóðinu og um hádegi var farið að huga að flutningi slasaðra til Ísafjarðar. Enginn læknanna sem komu með Fagranesinu virðist hafa verið skipaður yfirstjórnandi aðgerða á staðnum en samkvæmt skýrslu vettvangsstjóra virtist hann líta svo á að yfirlæknir sjúkrahússins á Ísafirði væri stjórnandi hópsins. Yfirlæknirinn var samkvæmt dagbókarskráningum stjórnstöðvar Almanna- og ríkisins tengiliður stjórnstöðvarinnar í Súðavík og var í sambandi þangað varðandi sjúkrabúnað, meðferð sjúklinga, flutning á slösudum og öðrum Súðvíkingum. Í skýrslu vettvangsstjóra kemur fram að ávallt hafi verið læknir, sálfræðingur og prestur til reiðu fyrir björgunarfólk í skólanum í Súðavík sem var nýttur sem hvíldaraðstaða. Auk þessa hafi farið fram skráning inn og út úr húsnæði Frosta og inn og út af áfallasvæðinu.

Þegar grunur var um að einhver væri að finnast í flóðinu var kallaður til læknir til aðstoðar. Í gögnum rannsóknarnefndarinnar kemur fram að fólk sem hafi fundist í flóðinu hafi verið flutt á afmarkaðan stað í skrifstofuhúsnæði Frosta, ástand hafi verið kannað og lífgunartilraunir gerðar ef lífsmark hafi ekki verið finnanlegt. Læknar sem hafi komið til Súðavíkur með hjálparliði hafi skoðað öll þau sem talin voru látin og úrskurðað um hin látnu. Svæði látinna einstaklinga var ekki í nálægð við aðrar starfsdeildir eða dvalarstaði fólks í frystihúsinu og umsjón svæðisins var í höndum rannsóknarlögreglumanns frá Ísafirði. Hann mun hafa auðkennt líkin og haft látna fjölskyldumeðlimi saman. Umgengni um svæðið er sögð hafa einungis verið heimil þeim sem sinntu verkefninu. Umbúnaður, sem neyðarsveit slökkviliðsmanna úr Reykjavík sá um, mun hafa þótt eins góður og aðstæður leyfðu. Einnig mun prestur hafa komið á staðinn áður en frágangi var lokið. Búið var um hin látnu og þau merkt áður en þau voru flutt til Ísafjarðar aðfaranótt 19. janúar á Fjórðungssjúkrahúsið til kistulagningar. Rannsóknarlögregla ríkisins mun hafa aðstoðað við útvegum og flutning á kistum og aðra þjónustu varðandi flutning og meðferð hinna látnu fram að afhendingu þeirra til aðstandenda til greftrunar. Að því starfi komu einnig sóknarprestur og starfsfólk sjúkrahússins.

Við flutning íbúa Súðavíkur til Ísafjarðar var þess gætt að sundra ekki fjölskyldum. Tekið var á móti íbúum Súðavíkur á Ísafirði og þau flutt á Fjórðungssjúkrahúsið af heilbrigðisstarfsfólki og hjálparliðum Rauðakrossdeildarinnar á Ísafirði. Þar fór fram læknisskoðun og innlögn á handlækningadeildina eftir umfangi meiðsla, sem og skráning. Vakthafandi læknir á sjúkrahúsinu var tengiliður stjórnstöðvar Almanna- og ríkisins á Ísafirði og var í samskiptum við stjórnstöðina vegna aðfanga, aðstoðar við heilbrigðisstarfsfólk og útvegum lyfja, vökva og ýmiss sjúkrabúnaðar, sem og vegna framvindu starfsins á sjúkrahúsinu og komu Súðvíkinga þangað.⁴⁹³ Skapað hafði verið svigrúm til að taka á móti slösudum og ekki var talin þörf á að senda slasaða suður vegna frekari meðhöndlunar. Einhverjir af þeim Súðvíkingum sem fóru eða fluttust til Reykjavíkur munu hafa sótt sér áframhaldandi læknishjálp syðra vegna líkamlegra áverka sem þeir hlutu í snjóflóðinu. Raunar hefur í þessu sambandi komið fram við rannsókn nefndarinnar að dæmi séu um að fólk glími enn við þá áverka eða afleiðingar af þeim.

Tekið var á móti þeim sem misst höfðu ástvin eða ástvini á nýrri öldrunardeild sjúkrahússins, sem stóð tilbúin, en hafði ekki verið tekin í notkun. Sú deild og handlækningadeildin, þar sem hinir slösudu voru innlagðir, voru tengdar með dagstofu þar sem þau sem dvöldu á sjúkrahúsinu gátu tekið á móti ættingjum og vinum. Þau sem ekki dvöldu á sjúkrahúsinu fengu húsnæði hjá ættingjum eða í fjöldahjálparstöð og fáein gistu á Hótel Ísafirði. Sá hópur Súðvíkinga sem farið hafði suður til Reykjavíkur í vikunni eftir snjóflóðið mun hafa fengið eða staðið til boða ýmis aðstoð Rauða krossins, sjúkrastofnana, presta, ættingja og fleiri aðila.

Læknar og hjúkrunarlið sjúkrahússins og heilsugæslunnar veittu sjúkrahjálp og sálrænan stuðning ásamt áfallahjálparteymunum frá Reykjavík, hjálparliðum Rauða krossins, prestum, m.a. fyrrverandi sóknarprestum Súðvíkinga, sem og heilbrigðisstarfsmönnum sem komu vestur á vegum almanna- og ríkisins. Héraðslæknir Vestfjarða hafði yfirumsjón með skipulagi áfallahjálparinnar í samvinnu við fulltrúa Landlæknis í stjórnstöð almanna- og ríkisins. Í skýrslu almanna- og ríkisins, „Snjóflóð 95“, nánar tiltekið í kafla þar um meðferð slasaðra,

493. Þjóðskjalasafn Íslands. Almanna- og ríkisins 2011. D-41 (325-330).

komu fram ýmsar ábendingar, m.a. um að hópslysanevnd hafi ekki verið virkjuð en að hópslysaáætlun hafi þó verið fylgt. Fram kom einnig að sú ákvörðun Almannafræðingaráðs ríkisins að senda hjálparlið að sunnan hefði styrkt starfseminna verulega og að samstarf hefði verið gott.

Móttaka, skráning og önnur aðstoð á vegum Rauða krossins fór í fyrstu fram í Súðavík, en síðan á Ísafirði og í Reykjavík. Rauði krossinn tók við skráningum frá Súðavík og sá um skráningu fólksins á Ísafirði og í Reykjavík. Samtökin ráku síðmaver vegna upplýsingagjafar allan sólarhringinn í nokkurn tíma eftir snjóflóðið þar sem hægt var að fá ýmsar upplýsingar og ráðgjöf. Rauði krossinn sá um ýmsa aðstoð í formi upplýsingagjafar, fjárhagsaðstoðar, fatnaðar og muna sem og áfallahjálpar. Miðstöðvar í Reykjavík voru í höfuðstöðvum Rauða krossins á Hótel Lind við Rauðarárstíg eða á Hótel Vin. Á Ísafirði störfuðu hjálparliðar Rauða krossins m.a. á sjúkrahúsinu og í fjöldahjálparstöð á Ísafirði. Skrifstofa Rauða krossins á Ísafirði sem sá um að veita aðstoð var opin fram til 13. febrúar 1995 þegar sjóðurinn *Samhugur í verki* tók við úthlutun fjárhagsaðstoðar við Súðvíkinga. Rauði krossinn átti einnig samstarf við Hjálparstofnun kirkjunnar og miðaði aðstoðin að því að sinna brýnustu þörfum fólks þar til sjóðsstjórn *Samhugur í verki* tók við. Mikill fjöldi aðila lagði fram fé við fjársöfnun sjóðsins, bæði innlendir og erlendir. Hæsta framlagið kom frá Færeyjum og var það ætlað til byggingar nýs leikskóla. Úthlutun úr sjóðnum stóð yfir fram eftir árinu 1995 og nutu hennar einstaklingar, félagsamtök og Súðavíkurhreppur. Eftir að Rauði krossinn hafði lokið sínu starfi um miðjan febrúar var eftirfylgni félags- og fjöldahjálpar veitt með fjárhagslegum stuðningi úr sjóði *Samhugur í verki*.

Samkvæmt skýrslunni „Snjóflóð 95“ beindist veiting áfallahjálpar að mörgum ólíkum hópum, svo sem fólki sem bjargaðist úr flóðinu, fólki sem missti ástvini sína í flóðinu, öðrum íbúum Súðavíkur, ættingjum framangreindra hópa, björgunaraðilum, fólki sem áður hafði lent í svipuðum raunum og endurlifði þær vegna umræðunnar og öðrum sem að aðgerðum komu, auk áhafna skipa. Fjölmargir aðilar komu að veitingu áfallahjálpar vegna snjóflóðsins, m.a. Rauði krossinn, Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og heilsugæslan á Ísafirði, þáverandi og fyrrverandi sóknarprestar á Ísafirði, sóknarprestar víðs vegar um landið, sem og áfallahjálparteymi stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík. Ábyrgð á veitingu áfallahjálparinnar var í höndum Almannafræðingaráðs ríkisins sem fólu héraðslækni Vestfjarða umsjón með skipulagi starfsins í samvinnu við fulltrúa landlæknis í stjórnstöð almannafræðingaráðs. Hópar sérfræðinga í áfallahjálpar foru vestur á vegum almannafræðingaráðs til aðstoðar og einnig fór hópur sálfræðinga á vegum Fræðsluskrifstofu Vestfjarða til aðstoðar við grunn- og leikskólann í Súðavík. Sá hópur mun hafa farið án undangengins samráðs við héraðslækni og áfallahjálparteymið fyrir vestan en í ábendingu héraðslæknis um þetta, í framhaldi af komu hópsins, var um leið tekið fram að í henni fælist ekki efnisleg gagnrýni á framkvæmd starfs þessa hóps. Áfallaástoðin var veitt í Súðavík, á sjúkrahúsinu á Ísafirði, í fjöldahjálparstöð á Ísafirði og hjá Rauða krossinum í Reykjavík.⁴⁹⁴ Aðstoðin var veitt í formi fjölda einstaklingsviðtala og hópunda, jafnt í Súðavík, á Ísafirði og í Reykjavík skömmu eftir snjóflóðið. Upplýsingar um viðtöl voru ekki skráðar í sjúkraskrár einstaklinga. Einnig var aðstandendum veitt aðstoð við kistulagningar og jarðarfari ástvina sem fórust í snjóflóðinu. Sem von er virðist fókusinn í áfallahjálpinni hafa verið gagnvart aðstandendum og fjölskyldum þeirra, sem og hjálparliðum. Af því sem fram kom við skýrslutökunefndarinnar má ráða þörf hefði verið fyrir slíka aðstoð fyrir fleiri aðila. Út frá þeim upplýsingum sem fyrir liggja má ætla að þar hafi verið um að ræða heilbrigðisstarfsfólk sem starfaði við áfallahjálpar og svo stjórnendur aðgerða.

Eftirfylgni áfallahjálpar var með ýmsu móti og virðist ekki hafa farið fram með skipulögðum hætti nema í einstaka tilvikum. Boðið var upp á aðstoð heilsugæslunnar á Ísafirði sem hafði tekið við verkefninu þegar áfallateymið að sunnan fór frá Ísafirði. Erfitt mun hafa verið að meta umfang þarfarinnar þar sem upplýsingar um viðtöl dagana á undan höfðu ekki verið skráðar í sjúkraskrár viðkomandi einstaklinga. Íbúum Súðavíkur var ekki skipulega fylgt eftir að þessu leyti heldur var það hverjum í sjálfsvald sett að sækja sér aðstoð. Undantekning á þessu var þó að hópurinn sem sinnti grunn- og leikskólunum

494. Þjóðkirkjan skipulagði einnig í tímabundna þjónustu við Súðvíkinga og aðstandendur þeirra í safnaðarheimili Dómkirkjunnar frá 19. janúar 1995, þar sem prestar tóku á móti fólki og fagaðilar veittu sálgæslu. Einnig var höfð samvinna við Rauða krossinn varðandi þjónustuna. – Þjóðkirkjan. Gögn afhent 5.11.2025.

kom fjórum sinnum til Súðavíkur fyrri hluta árs 1995 og svo aftur í janúar 1996 að ári liðnu. Fram kom í könnun sem ráðgjafarnir gerðu um þá vinnu að foreldrar og skólafólk hafi verið sátt við þá aðstoð sem þeim og börnunum var veitt, þau fundið fyrir stuðningi frá samfélaginu í Súðavík og hafi haft vissar áhyggjur af þeim sem fluttu burtu og nutu ekki þess stuðnings.

Þeir Súðvíkingar sem fluttu suður munu hafa átt kost á að sækja sér aðstoð til Rauða krossins, sérfræðinga á vegum geðdeilda sjúkrahúsanna, presta eða annarra sérfræðinga. Einhverjir sérfræðinganna úr áfallateymunum munu um tíma hafa fylgt eftir aðstoð við aðstandendur sem þeir höfðu sinnt fyrir vestan eftir að þau komu suður. Hjálparliðar sóttu sér sumir hverjir einstaklingsaðstoð eða fengu aðstoð hjá sínum samtökum eða félögum í framhaldinu, m.a. slökkviliðsmenn Slökkviliðs Reykjavíkur.

Við yfirferð á skýrslum, fjölmiðlaumfjöllun og við skýrslutökur rannsóknarnefndar mótaðist sú mynd fyrir rannsóknarnefndinni, sem eflaust má telja nærri sanni, að vandasamt væri að veita áfallaaðstoð eftir stór áföll í lífi fólks. Í bráðafasanum væri mest þörf fyrir sálrænan stuðning eða sálræna skyndihjálp, sem einkenndist af umönnun og aðhlyningu, þ.e. umhyggju, líkamlegri nálægð og virkri hlustun. Fólk í áfalli væri yfirleitt misjafnlega tilbúið í fyrstu að ræða um áfallið við ókunnuga.⁴⁹⁵ Fram kom í orðum fyrrum sóknarprests að fólkið hefði verið fegið að sjá kunnuglegt andlit og hafi virst átt auðveldara með að ræða við gamla sóknarprestinn sinn þegar hann kom á sjúkrahúsið heldur en ókunnuga.

Af skýrslum hjá rannsóknarnefndinni hjá þeim sem tjáðu sig sérstaklega um þessi efni virðist harmur, sárindi og eftirsjá hafa fylgt ýmsum aðstandendum allar götur frá snjóflóðinu eða lengi síðan og sú upplifun að framkoma yfirvalda hafi í vissum tilvikum borið merki um skeytingarleysi eða óvirðingu fyrir missi þeirra og sorg. Lýsingar eða upplifun þeirra af atvikum eftir snjóflóðið voru í sumum tilvikum á þá leið að þeim hafi ekki verið boðin mikil aðstoð og að þau hafi þurft að bera sig sjálf eftir henni að mestu leyti, hvort sem um hafi verið að ræða áfallaaðstoð, fjárhagsaðstoð eða félagslega aðstoð. Þetta hafi verið erfitt svona stuttu eftir áfallið. Einkum átti þetta við um þann hóp Súðvíkinga sem hafði flutt suður eftir snjóflóðið og hafði því ekki notið stuðnings samfélagsins í Súðavík eða þeirra kosta og möguleika í þessum efnum sem í boði voru þar. Fram kom að sum áttu erfitt með að sækja sér áfallaaðstoð, hafi frekar bitið á jaxlinn eða „sett undir sig hausinn“ og haldið áfram. Sum hefðu ekki orðið vör við að aðstoð væri boðin og þau hefðu ekki verið í standi til að leita sér aðstoðar af sjálfsdáðum. Það gæti komið heim og saman við það sem fram kom hjá fyrrum sóknarpresti, að við slíkar aðstæður gæti verið æskilegt að húsvitja, þ.e. heimsækja fólk og athuga hvernig gengi og hver líðan þess væri í stað þess að ætlast til þess að fólk bæri sig sjálft eftir aðstoðinni.

Fram kom einnig hjá sumum skýrslugjafanna að þau hefðu m.a. þurft að taka saman í óþarflega miklum smáatriðum verðmæti innbús og eigna sem glötuðust í snjóflóðinu, þ.e. í tengslum við ákvörðun og uppgjör á bótum sem þau fengu, sem þeim hafi þótt tilefnislaust, óviðeigandi og erfitt. Einnig hefði þeim skilist af gögnum eða upplýsingum sem voru kynnt eða afhent í tengslum við uppgjör bóta og fjármunalega aðstoð eða stuðning sem veittur var beint eftir snjóflóðið, svo sem fataaðstoð Rauða krossins, að þau hefðu að endingu sjálf þurft að greiða fyrir þá aðstoð með frádrætti af þeim bótum sem þau síðar hafi fengið. Í skýrslu þáverandi starfsmanns Rauða krossins hjá rannsóknarnefndinni kom fram í þessu sambandi að samtökin hefðu hvorki á beinan né óbeinan hátt krafist greiðslu frá skjólstæðingum sínum. Aftur á móti hefðu hjálparsamtök fengið endurgreiðslu frá Samhug í verki fyrir það fé sem þau höfðu lagt fram úr sínum neyðarsjóðum.⁴⁹⁶ Vert er að taka fram að ekki gáfu öll þau sem misstu ástvini eða eignir við snjóflóðið í Súðavík skýrslu hjá rannsóknarnefndinni.

Í skýrslunni „Snjóflóð 95“ komu fram ýmsar ábendingar varðandi skipulag áfallahjálpar, m.a. um skráningu upplýsinga og miðlun þeirra til viðeigandi aðila, þjálfun og fræðslu starfsfólks, tryggja stjórnun og yfirsýn, virkt upplýsingaflæði milli aðila og eftirfylgni og mat á árangri. Eins og rakið er nánar undir lok umfjöllunar um þessi efni í skýrslunni hefur

495. Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins D-15 (196).

496. Kristján Sturluson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 23. október 2025.

frá snjóflóðinu í Súðavík umtalsverð þróun átt sér stað í skipulagi almannavarna varðandi áfallahjálpar, sem nú er nefnd sálfélagslegur stuðningur, og mun í millitíðinni hafa verið tekið á þeim atriðum sem bent var á. Nú er í gildi samkomulag um sálfélagslegan stuðning í skipulagi almannavarna en að því standa Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, embætti landlæknis, Rauði krossinn á Íslandi, Landspítalinn, Þjóðkirkjan og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samkomulagið skilgreinir hlutverk aðila og samráðshópa um sálfélagslegan stuðning og kemur til, ásamt handbók sem mun vera í vinnslu í desember 2025 þegar skýrsla þessi er birt, sem svar við tillögum nefndar heilbrigðisráðherra sem stofnuð var skömmu eftir snjóflóðið í Súðavík og skilaði skýrslu í lok árs 1995. Starfi hennar og álit er einnig nánar lýst í kaflanum hér að framan.

Undir lok rannsóknar nefndarinnar komu fram nokkur atriði um þróun áfallahjálpar á Íslandi sem rétt þykir að geta um til viðbótar við það sem fram kemur í kafla 6.3.6 hér að framan.

Fyrst er að geta þess að þótt talið sé að eftir snjóflóðið í Súðavík hafi áfallahjálpar verið í fyrsta sinn veitt með skipulögðum hætti á landinu hafði Rauði krossinn stofnað ásamt fagfólki móttökustöð á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur fyrir Vestmanneyinga við eldgosíð 1973. Þar veittu lækningar, félagsráðgjafar, sálfræðingar og lögfræðingar þjónustu ásamt starfsfólki Rauða krossins. Haldin voru í kjölfarið námskeið um meðferð áfallaþola fyrir heimilislækna á höfuðborgarsvæðinu.

Árið 2000 stofnaði Rauði krossinn áfallateymi í samráði við Sálfræðingafélag Íslands og voru meðlimir þess sálfræðingar, félagsráðgjafar, kennarar og hjúkrunarfræðingar. Sama ár var einstaklingum og fjölskyldum veitt áfallahjálpar eftir jarðskjálftana á Suðurlandi og hópfundir haldnir með hjálparliðum. Í áfallateyminu var starfsfólk Rauða krossins, heilbrigðisstofnana, félagsþjónustu og kirkju. Á borgarafundum var almenningur m.a. upplýstur um áföll og afleiðingar þeirra. Starfið fór fram í fjöldahjálparstöðvum Rauða krossins á hamfarasvæðinu, en einnig var aðstoð veitt á Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Samsvarandi aðstoð var einnig veitt eftir jarðskjálftana á Suðurlandi 2008 og eftir upphaf eldgosahrinunnar á Reykjanesi 2023. Árið 2002 var gert samkomulag milli Rauða krossins, Landlæknis, Neyðarlínu og geðsviðs Landspítala Háskólasjúkrahúss um aðkomu þeirra að hjálparsíma Rauða krossins 1717.⁴⁹⁷

Einnig undir lok rannsóknarinnar, eða 2. desember 2025, barst rannsóknarnefndinni svarbréf frá Landlæknisembættinu við fyrirspurn nefndarinnar varðandi þætti er vörðuðu heildarskipulag áfallahjálpar á Íslandi og samkomulag um sálfélagslegan stuðning í skipulagi almannavarna. Umfjöllun um þetta málefni er í kafla 6.3.6 en efni svarsins er tekið hér til umfjöllunar.⁴⁹⁸ Því fylgdi erindi til heilbrigðisráðherra frá 30. október 1995 er varðaði tillögur um sérstök úrræðið heilbrigðisþjónustunnar til að draga úr vanlíðan fólks sem byggir við óöryggi og ótta við náttúruhamfarir. Erindið var frá fulltrúa Landlæknisembættisins í nefnd skipaðri af heilbrigðisráðherra í mars 1995 sem ætlað var að gera tillögur um hvernig efla mætti og auka áfallahjálpar hér á landi.⁴⁹⁹ Tillögurnar voru unnar af hluta nefndarmanna og skyldu þær ná til tiltekinna byggðarlaga þar sem snjóflóðahætta væri fyrir hendi.⁵⁰⁰ Tillögurnar lutu að borgarafundum, ráðningu sálfræðings eða geðlæknis á heilsugæslustöðvar, fræðslu um áfallastreitu og áfallahjálpar fyrir fagfólk í hverju heilsugæsluumdæmi og fræðslu um sálræna skyndihjálpar og kynningu á tilfinningalegri úrvinnslu fyrir ýmsa þá er mæta þolendum áfalls. Bréfi Landlæknisembættisins fylgdi einnig skýrsla starfshóps embættisins um fræðslu varðandi áfallahjálpar sem gefin var út í febrúar 2000.⁵⁰¹ Í skýrslunni komu m.a. fram tillögur að fræðslu í námi tiltekinna starfsstétta þ.e. hvar í námi og innan hvaða námsleiðar fræðsla um áfallahjálpar ætti að koma inn.⁵⁰² Fram kom í skýrslunni að starfshópurinn teldi að þessi þáttur væri kominn

497. Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum. Stofnun Sæmundar fróða Háskóla Íslands. 2008. <https://sshi.hi.is/sites/ssf.hi.is/files/2020-11/langtimavidbrogd-vid-natturuhamforum.pdf>

498. Embætti landlæknis. Gögn afhent 2.12.2025.

499. Fjallað er um starfshópinn og skýrslu hans í kafla 6.3.6.

500. Tiltekin voru: Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bildudalur, Þingeyri, Flateyri, Ísafjörður, Hnífsdalur, Súðavík, Suðureyri, Bolungarvík, Siglufjörður, Seyðisfjörður og Neskaupstaður

501. Starfshópsins er getið í kafla 6.3.6.

502. Læknánám, hjúkrunarfræðinám við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, sálfræði, félagsráðgjöf, guðfræði, kennaramenntun, forskólakennaramenntun, námsráðgjöf og kennslufræði til kennsluréttinda.

í nokkuð góðan farveg. Einnig komu fram tillögur um skipulag grunnþjálfunar í héraði um allt land, um ráðgjöf við Rauða kross Íslands vegna uppbyggingar námskeiða um sálræna skyndihjálpar á þeirra vegum, um skipulagningu framhaldsnáms fyrir tiltekna starfsstéttir og um gerð fræðsluefnis fyrir þolendur áfalla, sem afhenda mætti þolendum í kjölfar stuðningsviðtals eftir alvarleg áföll.⁵⁰³ Þá fylgdi bréfi Landlæknisembættisins eintak af ný uppfærðu samkomulagi um sálfélagslegan stuðning í skipulagi almannavarna á Íslandi. Spurt hafði verið hver staða áfallahjálpar á Íslandi væri ef litid væri til tillagna nefndar ráðherra sem kom fram í fyrrnefndri skýrslu frá janúar 1996. Í svari embættisins er greint frá því að hugtakanotkun hafi breyst og vakin er því athygli á því að í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er almennt talað um áfallahjálpar, sálræna skyndihjálpar og sálgæslu en í dag væri talað um sálrænan eða sálfélagslegan stuðning sem talin væru ná betur yfir þá þjónustu sem þolendur áfalla þyrftu á að halda fyrst eftir atburð. Áfallahjálpar væri síðan veitt þeim þolendum sem þyrftu á frekari stuðningi að halda, t.a.m. hjá sálfræðingum. Í svari Landlæknisembættisins kom loks fram sú afstaða að með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hefðu á fyrirkomulagi aðstoðar eftir áföll uppfyllti núverandi samkomulag tillögur nefndar ráðherra frá 1995.

Að endingu má benda á að rannsóknir og rýni á ýmsum þáttum í formi meistararitgerða eða úttekta hafa verið gerðar í kjölfar snjóflóðsins í Súðavík og á Flateyri, og koma þar fram upplýsingar um upplifun fólks af atburðunum og árangri þeirrar aðstoðar og þjónustu sem veitt hafði verið. Niðurstöður slíkra athugana eru taldar nýtast til mats á virkni viðbragða og til framþróunar verklags og viðbragða. Meðal þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið á áhrifum áfallahjálpar má nefnda rannsókn Ágúst Oddssonar fv. héraðslæknis Vestfjarða og Gylfa Ásmundssonar geðlæknis á Landspítalanum, sem gerð var 1996 og rannsókn Eddu B. Þórðardóttur sem gerð var 2011, 16 árum eftir snjóflóðið í Súðavík.⁵⁰⁴ Í báðum rannsóknunum var spurningalisti lagður fyrir íbúa Súðavíkur og Flateyrar og samanburðarhópur beggja var frá Raufarhöfn, auk samanburðarhóps frá Breiðdalsvík í seinni rannsókninni, en á báðum stöðum er engin snjóflóðahætta fyrir hendi. Niðurstaða fyrri rannsóknarinnar sýndi að herra hlutfall íbúa með einkenni áfallaröskunar tengd snjóflóðunum greindist á Flateyri (48% eftir 3-4 mánuði) en í Súðavík (35% eftir 12-14 mánuði) þar sem lengra var liðið frá atburðinum. Seinni rannsóknin sýndi að um 16% íbúa þessara staða greindust með slík einkenni jafnvel mörgum árum eftir snjóflóðið. Þetta er talið undirstrika mikilvægi þess að þolendum sé boðin áfallaaðstoð til langs tíma.

6.7.3. Uppkaup húsa og uppbygging nýrrar Súðavíkur

Samkvæmt því sem rakið hefur verið í kaflanum var hafist handa innan hreppsnefndar Súðavíkur við að verða Súðvíkingum úti um bráðabirgðahúsnæði strax nokkrum dögum eftir snjóflóðið. Fyrsta bráðabirgðahúsnæðið var afhent Súðvíkingum 8. mars 1995, tæplega tveimur mánuðum eftir snjóflóðið. Í kjölfar snjóflóðsins var ráðuneytisstjórum innan Stjórnarráðsins falið að mynda starfshóp sem skyldi koma að verkefnum í kjölfar snjóflóðsins, þar á meðal við að taka afstöðu til þess hvernig yrði komið til aðstoðar þeim sem væru án tekna og í húsnæðisvanda í kjölfar snjóflóðsins. Fyrsti fundur hópsins fór fram þremur dögum eftir snjóflóðið, þann 18. janúar 1995. Vinna við regluverk varðandi uppkaupt fasteigna á hættusvæðum og nýtt hættumat fyrir nýju byggðina í Súðavík fór fram árið 1995. Samkvæmt umfjöllun fjölmiðla frá árinu 1995 varð vart við óánægju meðal íbúa Súðavíkur með þann tíma sem sú vinna tók og að áhyggjur væru uppi hjá þeim af áhrifum þess á framkvæmdir og uppbyggingu framtíðarbyggðar í Súðavík. Fram kom m.a. í fjölmiðlum að íbúarnir hefðu áhyggjur af því að þurfa að búa í húsum á hættusvæði um veturinn eftir snjóflóðið.

Í september 1995 fór Súðavíkurhreppur fram á það við Almannavarnir ríkisins og ofanflóðasjóð að fasteignir í Súðavík, aðrar en húseignir Frosta hf., yrðu keyptar upp svo unnt yrði að flytja byggðina yfir á nýjan stað í landi Eyrardals. Þá var þess farið á leit að varnir yrðu byggðar til að verja húseignir Frosta hf. Að mati hreppsnefndar

503. Slíkur bæklingur kom fyrst út haustið 1999 og hefur verið endurútfétt síðast 2014.

504. Áfallaröskun eftir snjóflóðin á Vestfjörðum. Gylfi Ásmundsson Geðdeild Landspítalans og Ágúst Oddsson héraðslæknir á Vestfjörðum. Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands. 6. árg. 2000, 9-26. – Langtíma heilsufarslegar afleiðingar snjóflóða á Íslandi árið 1995. 16 ára eftirfylgni. Edda B. Þórðardóttir. Háskóli Íslands. Júní 2016. [Doktorsritgerð Edda B. Þórðardóttir.pdf](#)

Súðavíkurhrepps kom ekki til greina að verja íbúðabyggðina í Súðavík og færði hreppurinn fram rök fyrir því í samskiptum við stjórnvöld. Í október 1995 tók ríkisstjórn ákvörðun um að íbúðarhús á hættusvæði í Súðavík yrðu keypt upp. Tekin var ákvörðun um að fresta gerð snjóflóðavarnargarða fyrir húsnæði Frosta hf. og nærliggjandi bygginga.

Í febrúar 1996 lá fyrir svar umhverfissráðuneytisins um viðmiðunarverð og heimild til uppkaupa fasteigna í Súðavík. Umhverfissráðherra heimilaði Súðavíkurhreppi að ganga til kaupsamninga við íbúðareigendur í Súðavík, á þeim grundvelli að ofanflóðasjóður fjármagnaði 90% af kostnaði við kaup þess íbúðarhúsnæðis sem ekki væri hagkvæmt að flytja. Uppkaupsverð fasteigna tók samkvæmt heimild í þágildandi lögum mið af því hvort eigendur fasteigna hygðust byggja sér hús í nýju byggðinni eða flytja brott úr þorpinu. Uppkaupsverð til þeirra sem byggðu sér hús á ný í nýju byggðinni tók mið af brunabótamati eða afskrifuðu endurstofnverði. Uppkaupsverð til þeirra sem kusu að flytja á brott var staðgreiðslumarkaðsverð, sem var lægra en afskrifað endurstofnverð eða brunabótamat. Leiddi þetta til nokkurrar umræðu meðal Súðvíkinga um réttmæti mismununar sem í þessu fólst, en samkvæmt gögnum rannsóknarnefndar voru byggðasjónarmið nefnd sem rök fyrir því að kveða á um þennan mismun í reglugerð og lögum.

Mismunabætur voru greiddar til eigenda þeirra fasteigna sem eyðilögðust í snjóflóðinu og tóku fjárhæðir þeirra bóta mið af mismun á endurstofnverði fasteigna og greiddum bótum frá Viðlagatryggingu Íslands. Þá tók ofanflóðasjóður þátt í greiðslu kostnaðar vegna flutnings húsa úr gömlu byggðinni í Súðavík yfir í hina nýju. Þær greiðslur tóku að meginstefnu til mið af kostnaði við flutning húsa og í stöku tilvikum endurstofnverði. Þau sem gáfu skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni og áttu fasteign í Súðavík þegar snjóflóðið féll voru m.a. spurð um atriði varðandi uppkaupin og afstöðu þeirra í þeim efnum, einkum þá varðandi greiðslu bóta og uppgjör þeim til handa vegna flutnings byggðarinnar. Enginn skýrslugjafi sem kom fyrir nefndina lýsti sérstakri óánægju eða athugasemdum með endanlegt uppgjör gagnvart sér.

Í uppkaupum fasteigna fólst að Súðavíkurhreppur keypti íbúðarhúsnæði í gömlu byggðinni í Súðavík, með styrk úr ofanflóðasjóði. Fasteignir í „gömlu Súðavík“ voru síðar seldar áfram með þeim kvöðum og takmörkunum að dvöl í húsunum væri óheimil á tímabilinu frá 1. nóvember til 30. apríl ár hvert. Frávik frá því til rýmkunar eða þrengingar skyldu í einstaka tilvikum og eftir aðstæðum ákveðin af lögreglustjóra í samráði við almannavarnarnefnd staðarins og Veðurstofu Íslands. Þá var einnig kvöð í kaupsamningum þessara húseigna að óheimilt væri að endurbyggja húsin yrðu þau fyrir umtalsverðu tjóni, auk þess sem ofanflóðasjóður myndi ekki greiða neinar bætur fyrir húsið yrði það fyrir skemmdum af völdum ofanflóða. Jafnframt kom fram að viðlagagjald yrði ekki innheimt vegna húsa og að hús innan hættusvæða væru utan tryggingaverndar Viðlagatrygginga Íslands. Kaupverð þessara fasteigna tók mið af því að á þeim hvíldu kvaðir bæði varðandi nýtingu og tryggingar ef til ofanflóða kæmi.

Uppgjör ríkissjóðs, ofanflóðasjóðs og Súðavíkurhrepps vegna nýrrar Súðavíkur hófst árið 1996 og því lauk í árslok 2002 þegar greiðslum vegna tveggja síðustu fasteignanna var lokið. Um svipað leyti var nýtt þjónustuhús reist í „nýrri Súðavík“ með aðstoð ríkissjóðs, sem markaði endalok á flutningi byggðar innan Súðavíkur. Frá upphafi lá fyrir að Súðavíkurhreppur hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til að greiða sinn 10% hlut í uppkaupum fasteigna í Súðavík. Ofanflóðasjóður veitti Súðavíkurhreppi lán vegna hlutar hreppsins í uppkaupunum á grundvelli nýrrar lagaheimildar í árslok 1995, sem heimilaði ofanflóðasjóði að veita sveitarfélögum lán fyrir 10% hluta þeirra. Ofanflóðasjóður hafnaði að koma að uppkaupum á atvinnuhúsnæði í Súðavík á þeim grundvelli að sjóðurinn hefði samkvæmt lögum einungis heimild til að styrkja uppkaup vegna íbúðarhúsnæðis á hættusvæðum.

Líkt og rakið var í kafla 6.4.1 komu fram efasemdir í máli setts sveitarstjóra tveimur vikum eftir snjóflóðið í Súðavík um hvort rétt væri að leyfa dvöl í húsum í „gömlu Súðavík“ á ákveðnum tíma ársins. Nefnt var að tíminn gæti orðið til þess að fólk gleymdi hættunni í framtíðinni þegar lengri tími væri liðinn frá atburðinum. Af gögnum og skýrslutökum rannsóknarnefndarinnar verður ekki annað ráðið en að í fyllingu tímans hafi þessar áhyggjur reynst á rökum reistar.

Hlynur Hafberg Snorrason, yfirlögregluþjónn hjá embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum, gaf skýrslu hjá rannsóknarnefndinni 18. september 2025. Fram kom í máli hans að þess væru dæmi síðustu 10–15 árin að fólk hefði kosið að fara ekki eftir þeirri ákvöð sem fram kæmi í kaupsamningi þessara fasteigna um bann við dvöl í húsunum á tilteknum árstíma. Nefndi hann dæmi þess efnis varðandi sumarhúsabyggðina í Tunguskógi, í gömlu byggðinni í Súðavík og á Flateyri. Hann tók dæmi um einstaklinga sem dveldu í húseignum á hættusvæði undir því yfirsíki að þeir gætu sjálfir metið hættu af ofanflóðum og vísuðu á bug afskiptum yfirvalda. Fram kom í máli hans að lögregluþjónn hefðu takmörkuð úrræði til að bregðast við þessum veruleika þar sem engin refsíakvæði væru til staðar í núverandi löggjöf sem tækju á háttseminni.⁵⁰⁵

Hlynur Hafberg tók dæmi um neikvæð viðbrögð fólks þegar lögreglan hefði afskipti af því og minnti það á ákvöðina sem væri í kaupsamningum vegna þessara húseigna. Hann kvað lögregluna ekki skylduga til að bregðast við en teldi sig verða að tryggja öryggi fólks undir þessum kringumstæðum og kvað ákvöð í afsali eða kaupsamningi vera „máttlaus“. Aðspurður kvað hann þessa stöðu vera árlegan viðburð í Súðavík. Sú staða hefði komið upp á hverju ári síðustu vetur og lögreglan hefði ítrekað haft afskipti af sama fólkinu sem þar kysi að dvelja. Aðspurður kvað Hlynur þessa stöðu m.a. eiga við um dvöl fólks í húsum við Túngötu og Nesveg í Súðavík. Í flestum tilfellum væri um að ræða fólk sem væri fullkunnugt um kvöðina, en í einhverjum tilfellum vissi fólk ekki af kvöðinni þar sem það hefði fengið hús lánað hjá öðrum án þess að vera upplýst um kvöðina.

Hlynur Hafberg kvað embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum hafa staðið í „skrítnum aðgerðum“ af þessum sökum og sagði lögregluna hafa bankað upp á hjá fólki ef hún yrði þess vör að það dveldi í húsunum utan leyfilegs tíma. Lögreglan hefði hins vegar ekki heimild til að bera neinn út nema Veðurstofa Íslands væri búin að lýsa yfir hættuástandi. Hann nefndi að sú aðgerð að kaupa upp húsnæði á hættusvæðum hefði m.a. verið framkvæmd til að fækka þeim stöðum sem Veðurstofa Íslands og almannavarnir þyrftu að hafa eftirlit með. Með því að fara ekki eftir kvöðunum heldur dvelja í húsunum þætti honum fólk taka áhættu, valda áhættu hjá viðbragðsaðilum sem þyrftu þá að fara á hættusvæði til að bjarga fólki og aðvara það, á sama tíma og Veðurstofan væri ekki að vakta þessi svæði sérstaklega. Hann kvað þróunina vera hættulega og lýsti úrræðaleyfi lögreglunnar í þessu sambandi.

Í frétt á heimasíðu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins 2. júní 2025, þ.e. meðan á störfum rannsóknarnefndarinnar stóð, komu m.a. fram atriði sem geta má um í framangreindu samhengi en efni og fyrirsögn fréttarinnar varðaði annars að meginstefnu önnur efni, þ.e. framkvæmdir og uppbyggingu ofanflóðavarna á ýmsum stöðum á landinu og upplýsingar í því sambandi.⁵⁰⁶ Í niðurlagi fréttarinnar kom þannig fram að Jóhann Páll Jóhannsson, ráðherra þessara málaflokka og þar á meðal ofanflóðamála, hygðist mæla fyrir frumvarpi á Alþingi haustið eftir sem ætlað væri að styrkja umgjörð ofanflóðavarna og sporna gegn dvöl fólks í húseignum á hættusvæðum utan leyfilegs nýtingartíma. Samkvæmt umfjölluninni þætti ráðherra óbodlegt að fólk dveldist í húseignum á hættusvæðum utan leyfilegs nýtingartíma. Fram kom einnig að ráðherrann teldi óþolandi og óbodlegt að fólk setti sjálft sig og viðbragðsaðila í hættu með slíkri hegðun og að við því þyrfti að bregðast.

6.7.4. Viðbrögð stjórnvalda eftir snjóflóðið og breytingar á lögum, reglum og skipulagi stjórnslu í kjölfar þess

Strax eftir snjóflóðið í Súðavík 16. janúar 1995 kom ákveðið fram að breyta þyrfti gildandi reglum á sviði snjóflóðavarna, sérstaklega þá um gerð hættumats vegna snjóflóða, enda lá ljóst fyrir að snjóflóðið í Súðavík hafði farið langt yfir það svæði sem skilgreint hafði verið sem hættusvæði í snjóflóðahættumati fyrir Súðavík og að flest húsanna sem urðu fyrir snjóflóðinu voru utan þess svæðis, þ.e. á svæði sem merkt hafði verið „hættulaust“ á hættumatskortu.

„Síðan líða árin. Það fennir aðeins í þessar hörmungar og fólk fer að skirrast við að fara eftir þessari kvöð sem engan væntanlega grunaði að myndi nokkurn tímann verða. Ég er sem sagt, eins og komið hefur fram, í lögreglunni og involveraður í afleiðingarnar og svo framvegis. Svo tek ég við sem yfirlögregluþjónn á Vestfjörðum og ég er að ... ég ásamt lögreglumönnum erum að átta okkur á því að fólk er farið bara að vera í þessum húsum, dvelja næturlangt og jafnvel í einhverja daga, þrátt fyrir þessa kvöð. Og það er í raun ekkert sem að setur okkur lögreglunni skyldur á herðar að tryggja það að fólk fari eftir þessari kvöð. Við erum ekki skyldug til þess.

[...]

Ég ætla bara að segja það við ykkur hér og nú. Maður er svo gáttaður á því að fólk skuli gera þetta, [...] og svona eiginlega bara láta eins og þessi hörmulegi atburður gerðist ekki. Á hverjum vetri hef ég óskað þess að þessi hús hefðu verið jöfnuð við jörðu. Þá væri þetta ekki vandamál.

[...]

Við höfum fengið skammir fyrir að vera að ónáða. Við höfum fengið bara miklar skammir og kvartanir fyrir að vera með forræðisbyggju eða ónáða, ... sem sagt fólk hefur bara sagt: „Heyrðu ég er miklu betur til þess fallinn að meta hættuna fyrir ofan húsið mitt heldur en þið og ekki skipta ykkur af mér.““

Úr skýrslu Hlyns Hafbergs Snorrasonar, yfirlögregluþjónns hjá lögreglunni á Vestfjörðum, hjá rannsóknarnefnd 18. september 2025.

505. Hlynur Hafberg Snorrason, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 18. september 2025.

506. Framkvæmdir í gangi víða um land vegna ofanflóðavarna. [Frétt á heimasíðu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins 2. júní 2025](#). Þess má geta að m.a. var greint frá efni þessarar tilkynningar, þar á meðal því sem vikið er að í meginmáli, á innsíðu í Bændablaðinu 12. júní 2025 undir fyrirsögninni: Frumvarp: Spornar gegn dvöl fólks á hættusvæðum ofanflóða.

Meðal annars kom fram opinberlega í fjölmiðlum af hálfu fulltrúa stjórnvalda á þessu sviði þegar að kvöldi dagsins sem snjóflóðið féll að athuga þyrfti öll snjóflóðahættumöt á landinu. Um leið kom fram með gagnrýnum hætti í máli þeirra að sú aðferð sem í reynd hefði verið notuð til að afmarka hættusvæði í hættumati, þ.e. að miða við skriðlengd mestu þekktu snjóflóða á hverjum stað, væri forsenda sem ekki væri hægt að standa á. Í því sambandi var, auk Súðavíkursnjóflóðsins, einnig vísað til tveggja annarra snjóflóða sem fallið hefðu á nokkurra mánaða tímabili á undan, þ.e. snjóflóðsins í Tungu- og Seljalandsdal í apríl 1994 og snjóflóðsins úr Traðargili í Súðavík 18. desember sama ár, sem jafnframt hefðu náð út fyrir skilgreind hættusvæði. Eins og fram kom í umfjöllun í 5. kafla skýrslunnar um síðastnefnda snjóflóðið höfðu sjónarmið í sömu átt komið fram af hálfu Veðurstofunnar í opinberri umfjöllun um það snjóflóð, þ.e. að þetta væri sú forsenda sem hættumörk miðuðust við og jafnframt að það væri „mjög alvarlegur hlutur“ enda væri „aldrei hægt að ábyrgjast“ að þekkt snjóflóð úr fortíðinni endurspegluðu mestu hugsanlegu skriðlengd snjóflóða á viðkomandi stað.

Fyrir lá þá að þær breytingar sem höfðu verið í bígerð á ofanflóðalögum og reglugerð um gerð hættumats árin á undan, eins og fjallað er um í 4. kafla skýrslunnar, voru langt komnar og var hvort tveggja tekið upp aftur fljótlega eftir snjóflóðið. Í meginatriðum voru þær breytingar þá framkvæmdar samkvæmt fyrri áætlunum, enda þótti enn sem fyrr fullt tilefni til slíkra breytinga, þó með tilteknum breytingum sem leiddi af reynslu og nánari athugun í ljósi snjóflóðsins.

Á dögnum eftir snjóflóðið settu stjórnvöld af stað umfangsmikið starf sem m.a. beindist að því að rýna og endurskoða gildandi regluverk á þessu sviði. Jafnframt bera gögn rannsóknarnefndarinnar með sér að innan stjórnvalda á þessu sviði, og með þátttöku sérfræðinga sem helst höfðu komið að gerð hættumats árin á undan, hafi farið fram hreinskiptin umræða og samskipti um hið sama. Af gögnum um þetta má ráða að ekki hafi síst verið þar rætt um að þær forsendur sem fram að því hefðu verið lagðar til grundvallar við gerð snjóflóðahættumats yrði að endurskoða og breyta. Jafnframt endurspegladist í þessari umræðu og samskiptum hvaða erfiðleika eða áskoranir helst var talið að við hefði verið að eiga vegna gerðar hættumats á árunum fyrir snjóflóðið og að yfirstíga þyrfti þá, þar á meðal með breytingum á regluverki. Þar var m.a. vísað til tregðu eða mótspyrnu sem verið hafði gegn því í snjóflóðahættubyggðum að virða eða sættast á hættumat sem tæki til stórra svæða og hagsmunatogstreitu sem komið hefðu upp eða verið undirliggjandi í því sambandi.

Í vinnugögnum Almannavarna ríkisins frá síðari hluta janúar vegna endurskoðunar laga og reglna á þessu sviði kemur fram að taka þyrfti til skoðunar tiltekna þætti sem taldir voru upp. Þar á meðal var að rýming svæða þyrfti að geta verið viðtækari en á þegar skilgreindum hættusvæðum og að heimilt þyrfti að vera að „framlangja snjóflóðaferla“ ef sérstök ástæða þætti til. Einnig var þar getið um fræðslu „um óvissuþátt hættumarka“. Önnur gögn frá þessum og síðari tímum mánuðina eftir snjóflóðið endurspeglu á svipaðan hátt að nauðsynlegt hafi verið talið að fram kæmi „með skýrari hætti en áður“ í nýjum reglum um gerð hættumats sú óvissa sem fælist í mati á skriðlengd snjóflóða á einstökum svæðum.

Út frá því sem komið hefur fram við rannsóknina er helst að ráða að sérstök umræða um óvissu varðandi skilgreind hættumörk sem fræða þyrfti fólk um hafi í reynd fyrst komið fram á þessum tíma eftir snjóflóðið í Súðavík, a.m.k. skýrlega og í sjálfstæðu samhengi og ef horft er til gagna stjórnvalda sem á annað borð hafa komið fram við rannsóknina varðandi vinnu við regluverk á þessu sviði eftir setningu ofanflóðalaganna 1985 og vinnu við snjóflóðahættumöt sem fram fór frá og með árinu 1988. Í því sambandi má þó minna á að vinna við endurskoðun reglugerðar nr. 347/1988, um gerð hættumats vegna snjóflóða, sem fram hafði farið næstu ár fyrir snjóflóðið í Súðavík í janúar 1995, líkt og rakið var í 4. kafla í skýrslunni, hafði ekki síst miðað að því að fjölga skilgreindum hættusvæðum í því skyni endurspeglu annars vegar „óvissusvæði“ og hins vegar skilgreind hættusvæði með hærra stigi hættu. Sú umræða hafði hins vegar, eins og ljóst má telja, verið á vettvangi stjórnvalda og annarra sem komu að þeirri vinnu en ekki beinst út á við.

Í öðrum gögnum rannsóknarnefndarinnar frá vikunum og mánuðunum eftir snjóflóðið í Súðavík endurspeglast með svipuðum hætti umræða um nauðsyn fræðslu eða kynningar um óvissu varðandi mörk hættusvæðis vegna snjóflóða og voru þá vitaskuld fyrst og fremst höfð í huga íbúar á viðkomandi svæðum. Á fundi Ofanflóðanefndar í byrjun febrúar 1995 var þannig bókað í sambandi við umræðu um hættumat vegna snjóflóða að hættumat sem gert hefði verið í einstökum byggðum hefði ekki hefði verið „skýrt nægilega vel fyrir heimamönnum hvað [varðaði] verulega óvissu um þau svæði sem merkt [væru] græn“ og nánar vísað til þess að hættusvæðin væru „einungis afmörkuð út frá þeim snjóflóðum sem skráð væru í stuttri snjóflóðasögu svæðanna“. Fyrir utan að hér var talað ákveðnar um stig óvissunnar, þ.e. hún sögð veruleg, má sjá að hér, líkt og endranær í fyrirbyggjandi fundargerðum Ofanflóðanefndar, er vísað til grænna svæða án þess að hugtakið „hættulaus svæði“ sé notað en eins og fram hefur komið voru grænu svæðin merkt þannig á hættumatskortum, m.a. fyrir Súðavík, á tímanum fram að snjóflóðinu í Súðavík. Rannsóknarnefndin hefur raunar ekki rekist á það við skoðun á fundargerðum Ofanflóðanefndar á starfstíma hennar 1985–1995 að hugtakið „hættulaust svæði“ í samhengi við græn svæði á hættumatskortum komi þar yfirleitt fyrir.

Í minnisblaði Almannavarna ríkisins frá byrjun mars 1995, m.a. varðandi snjóflóðahættumat og hvers gæta þyrfti að við gerð þess eftirleidis í ljósi snjóflóðsins í Súðavík, a.m.k. meðan ekki hefðu enn verið mótaðar og settar nýjar reglur þar um, var einnig fjallað um óvissu í þessu sambandi. Þar kom m.a. fram að taka yrði tillit til óvissu sem í hættumati fælist og alltaf yrði til staðar þrátt fyrir að nýr grunnur að því yrði lagður enda fengist aldrei „endanleg fullkomnun“ í hættumatið. Talið var einnig að óvissumörk yrði að skilgreina í nýjum hættumötum og gera grein fyrir þeim í matinu.

Líkt og legið hafði fyrir í reynd frá upphafi skipulegs starfs stjórnvalda á sviði snjóflóðavarna eftir setningu ofanflóðalaganna 1985, og raunar fyrir þann tíma líka, má einnig sjá af umræðu á vettvangi stjórnvalda á þessum tíma fyrst eftir snjóflóðið í Súðavík að enn hafi komið til umræðu neikvæð áhrif hins áþreifanlega skorts á gögnum um snjóflóð, þ.e. snjóflóðasögu, í snjóflóðahættubýggðum og þær skorður sem hann setti við raunhæfu mati á snjóflóðahættu samkvæmt fyrirbyggjandi aðferðum við það.

Sjá má af gögnum rannsóknarnefndarinnar að af hálfu Veðurstofunnar komu einnig ítrekað fram á þessum tíma athugasemdir eða bein gagnrýni á það að Almannavarnir ríkisins önnuðust gerð hættumats vegna snjóflóða og að rétt væri að Veðurstofan sæi alfarið um það. Af gögnum frá Veðurstofunni frá þessum tíma má ráða ýmsa gagnrýni á forsendur sem fram að þessu hafði verið miðað við eða gengið út frá við gerð hættumats og túlkun þess, svo sem varðandi það að þar væri í reynd gert ráð fyrir að þekkt snjóflóð væru hámarksflóð eða flóð sem reikna mætti með á 50 ára fresti, þ.e. með 50 ára endurkomutíma. Ætla má að þar hafi jafnframt verið hafður í huga aðurnefndur skortur á snjóflóðasögu til langs tíma og að af honum leiddi að þekkt flóð, og þar á meðal „hámarksflóð“, væru í reynd aðeins til frá tiltölulega stuttum tíma í þessu samhengi. Sömuleiðis kom eindregið fram af hálfu Veðurstofunnar, á sömu leið og áður hefur verið rakið úr opinberum ummælum fulltrúa hennar og annarra stjórnvalda, að þar sem á annað borð væri hugsanlegt að snjóflóð gætu fallið væri ekki hægt að tala um „örugg svæði“ og að sú túlkun fengi ekki staðist að svæði utan hættusvæða væru „hættulaus svæði“. Slík túlkun væri hættuleg enda veitti það íbúum þeirra svæða falskt öryggi. Þá var bent á af hálfu Veðurstofunnar að framsetning og kynning fyrirbyggjandi og staðfesta snjóflóðahættumata bæri með sér að „hagsmunaleg togstreita við sveitarfélögin [hefði] verið mikil“. Í sama samhengi sagði að hættumatsgerð hefði þó skilað þeim árangri að komið hefði verið í veg fyrir byggingar innan skilgreindra hættusvæða, auk þess sem íbúar húsa á þeim svæðum hefðu verið meðvituð um áhættu sem þau byggju við.

Að auki má sjá af gögnum frá þessum tíma að Veðurstofan hefur eindregið haldið því á lofti að gera yrði greinarmun á hættumati annars vegar, þ.e. mati á eðli eða stigi hættu á grundvelli rannsókna og vísindalegra aðferða og forsendna, og áhættumati hins vegar, sem varðaði ásættanlegt öryggi íbúa og áhættu tengda peningalegum verðmætum í ljósi slíkrar hættu.

Einnig hélt áfram á þessum tíma umræða um vandamál varðandi snjóeftirlitskerfið, þ.e. skipulag mála varðandi snjóathugunarmenn í snjóflóðahættubyggðum, sem rekja má töluvert aftur fyrir snjóflóðið í Súðavík eins og rakið hefur verið og endurspeglast annars af umfjöllun víða í 4. kafla skýrslunnar. Hið sama átti við um „viðvörunarþátt“ vegna snjóflóða, þ.e. kerfi almannavarna um hvenær og hvernig væri brugðist við og varað við snjóflóðahættu ef hún kæmi upp. Þannig kom enn fram hér, og var rétt, að brýnt væri að styrkja eftirlits- og viðvörunarþátt snjóflóðavarna.

Á vettvangi stjórnvalda var á þessum tíma ýtt úr vör vinnu við að yfirfara fyrirliggjandi aðferðir við gerð hættumats og endurskoða þær til framtíðar litið með breytingar í huga og er í kaflanum nokkuð vikið að störfum vinnuhóps sem settur var á stofn til að vinna að því og þróun þess starfs næstu misseri og ár eftir snjóflóðið.

Í kaflanum eru raktar þær breytingar sem gerðar voru á þágildandi ofanflóðalögum, þ.e. lögum nr. 28/1985, árin 1995 og 1996, allt uns ný ofanflóðalög, nr. 49/1997, voru sett vorið 1997. Um þessar lagabreytingar og helstu atriði þar að lútandi má að mestu vísa til umfjöllunar í kaflanum sjálfum á viðkomandi stöðum, umfram það sem hér er dregið saman.

Fyrstu lagabreytingarnar, í febrúar 1995, voru að meginstefnu á grundvelli frumvarpsins sem áður hafði verið samið og lagt fram og legið hafði fyrir á Alþingi frá desember 1994, líkt og nánar er rakið í kafla 4 í skýrslunni. Þetta voru fyrstu breytingarnar á ofanflóðalögum frá setningu þeirra árið 1985. Frumvarpið var að mestu í sömu mynd þegar það kom til meðferðar og var samþykkt á Alþingi. Þó voru gerðar á því nokkrar breytingar við endurskoðun þess eftir snjóflóðið, einkum þá að gerð var skýrari fyrirliggjandi heimild sem fólst í ofanflóðalögum til að kaupa fasteignir á hættusvæðum í stað þess að byggja varnarvirki, svo sem nauðsynlegt taldist. Með frumvarpinu var annars, í samræmi við upphaflegan tilgang frumvarpsins eins og það lá fyrir í desember 1994, leitast við að lögfasta nauðsynleg ákvæði til styrkingar og breytingar á snjóeftirlitskerfinu, lækkaður kostnaðarhlutur sveitarfélaga vegna byggingar varnarvirkja, úr 20% í 10%, og lögfest ákvæði um aukna tekjuöflun í ofanflóðasjóð á komandi árum til að standa undir fyrirsjáanlegum kostnaði vegna varnarvirkja og öðrum kostnaði vegna ofanflóðavarna sem sjóðnum bæri að greiða. Í kaflanum er einnig vitnað nokkuð til þingræðna við meðferð frumvarpsins þar sem fram komu sjónarmið ráðherra og þingmanna sem telja má upplýsandi fyrir viðfangsefni kaflans, en í þeim ræðum endurspeglast m.a. afstaða og mat á þágildandi regluverki á þessu sviði og sjónarmið um æskilegar eða nauðsynlegar breytingar á hinu sama. Samhliða þessum fyrstu breytingum á ofanflóðalögum var breytt með tilteknum hætti lögum um Viðlagatryggingu Íslands vegna tekjuöflunar fyrir ofanflóðasjóð á grundvelli síðastnefndra breytinga á ofanflóðalögum.

Í tengslum við þessar lagabreytingar, einkum varðandi aukna tekjuöflun ofanflóðasjóðs, kom m.a. fram að auk nauðsynlegrar endurskoðunar á öllu hættumati vegna snjóflóða þyrfti að gera átak í snjóflóðavörnum á Íslandi, þ.e. byggingu varnarmannvirkja og eftir atvikum öðrum viðbúnaði.

Næstu breytingar sem gerðar voru á ofanflóðalögum áttu sér stað sumarið 1995 og fólust í því að brugðist var frekar við fjárþörf ofanflóðasjóðs í bráð og lengd miðað við kostnað sjóðsins vegna ofanflóðavarna sem þá þótti mega sjá fyrir. Gert var ráð fyrir að þær leiddu til þess að sjóðurinn hefði næstu fimm ár á eftir samanlagt til ráðstöfunar tæplega 1.500 milljónir króna, þ.e. í heildartekjur á því tímabili, miðað við að bein framlög til sjóðsins úr ríkissjóði héldust óbreytt.

Á árinu 1995 voru settar þrjár nýjar eða endurskoðaðar reglugerðir á grundvelli ofanflóðalaganna og eru helstu atriði þar að lútandi rakin í kaflanum.

Í fyrsta lagi var í júlí 1995 sett ný og endurskoðuð reglugerð um hættumat, þ.e. reglugerð nr. 376/1995, um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða. Um leið féll úr gildi fyrri reglugerð nr. 347/1988, um gerð hættumats vegna snjóflóða, sem verið hafði í gildi óbreytt fram að því frá setningu sinni árið 1988 og jafnframt verið þá eina reglugerðin sem gildi á grundvelli ofanflóðalaganna. Breytingar samkvæmt nýrri og endurskoðaðri reglugerð voru að stofni til og að meginstefnu þær sem lagu fyrir samkvæmt langt komnum

drögum að nýrri reglugerð frá byrjun janúar 1995 en á árunum áður hafði verið unnið að endurskoðun hennar eins og komið hefur fram og lýst er nánar í 4. kafla í skýrslunni. Þó voru í millitíðinni gerðar nokkrar breytingar eða viðbætur sem rót áttu að rekja til reynslu og nánari athugunar eftir snjóflóðið í Súðavík og endurspegluðu m.a. þá umræðu sem farið hafði fram á vettvangi stjórnvalda á þessu sviði á mánuðunum eftir snjóflóðið. Breytingar sem gerðar voru og forsendur og umræða bak við þær eru nánar raktar í umfjöllun um þetta í kaflanum. Að hluta til er þar vísað til fyrri umfjöllunar í 4. kafla um hið sama, þ.e. að því leyti sem ákvæði í reglugerðinni samkvæmt síðustu drögum að henni í janúarbyrjun 1995 tóku ekki teljandi breytingum í frekari vinnu við hana á fyrstu mánuðum árs 1995 eftir snjóflóðið. Í öðru lagi var sett í ágúst 1995 reglugerð nr. 440/1995, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Eins og nafnið bendir til hafði hún að geyma ákvæði um varnarvirki gegn ofanflóðum og framkvæmd við undirbúning og gerð þeirra, svo sem um tillögur sveitarfélaga að varnarvirkjum, forsendur fyrir þeim, framkvæmdir við byggingu varnarvirkja og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þeirra. Einnig komu fram í reglugerðinni nánari ákvæði, til fyllingar heimild í ofanflóðalögunum sjálfum, um kaup eða flutning á húseignum í stað þess að byggja varnarvirki eftir því hvort væri talið hagkvæmara. Í þriðja lagi var sett í október 1995 reglugerð nr. 533/1995, um eftirlit með hættu á snjóflóðum, en hún varðaði snjóeftirlit og störf athugunarmanna með snjóflóðahættu.

Frá árinu 1995 voru auk þess rakin í kaflanum atriði varðandi framgang mála í starfi áðurnefnds vinnuhóps sem ætlað var að rannsaka og gera grein fyrir nýjum forsendum sem styðjast mætti við í gerð hættumats vegna snjóflóða. Meðal annars kom fram af hálfu hópsins sumarið 1995 greinargerð um starf vinnuhópsins með yfirskriftinni „Framtíð snjóflóðavarna“. Þar var fjallað um stöðu snjóflóðavarna á Íslandi og leiðir til úrbóta að mati meðlima vinnuhópsins. Í lýsingu á aðstæðum og forsendum við gerð hættumats á árunum fyrir snjóflóðið í Súðavík, sem eins og gefur að skilja voru þegar þarna var komið sögu enn við lýði í meginatriðum þótt verið væri að vinna að endurskoðun og breytingum, komu m.a. fram efnislega ámóta sjónarmið og áður hefur verið vikið að varðandi skort á gögnum um snjóflóð í landinu. Snjóflóðasaga viðkomandi svæða væri þannig stutt og ófullkomin sem aftur hefði óhjákvæmilega haft áhrif á hættumat þar sem það hefði verið unnið með tiltækum gögnum um skriðlengd þekktra snjóflóða. Hættumatið lýsti því aðeins atburðum sem gögn væru til um og afmarkaði ekki örugg svæði þegar upp kæmu aðstæður sem ekki hefðu verið í grundvelli að matinu. Eftir fulltrúum vinnuhópsins var jafnframt bókað í fundargerð Ofanflóðanefndar í september þetta ár, eftir viðræður við þá á fundinum, að gallar við gerð hættumats fram að þessu væru þeir að þar sem forsendur þess miðuðust eingöngu við snjóflóðasögu viðkomandi byggðarlags, sem væri bæði stutt og ófullkomin, væri ógjörningur að meta endurkomutíma snjóflóða á gefnum svæðum. Væri það reynt yrði endurkomutími auk þess óásættanlega lágur þar sem snjóflóðasaga viðkomandi staða væri ekki nema 20–100 ár og innihéldi ekki „aftakaflóð“. Með þáverandi aðferðum yrði hættumat því of tilviljunarkennt.

Af hálfu vinnuhópsins kom einnig fram í bréfi Kristjáns Jónassonar í september 1995 að þáverandi aðferðir við gerð hættumats væru byggðar á röngum grunni. Var þá sérstaklega vísað til þess að þegar hætta væri metin fyrir ákveðna byggð væri einungis skoðuð snjóflóðasaga þeirrar byggðar en ekkert athugað hve langt snjóflóð hefðu fallið annars staðar á landinu, þar á meðal í nágrennabyggðum. Þess vegna yrðu gögn sem hættumat gæti byggst á of takmörkuð. Því var svo lýst að með aðferðunum sem hópurinn ynni að yrði hægt að grundvalla mat á skriðlengd hugsanlegra snjóflóða á snjóflóðum sem fallið hefðu alls staðar á landinu en ekki einungis á flóðum á viðkomandi svæði sem verið væri að meta hættu á. Þannig myndi matið byggjast á stærri og um leið marktækari gagnagrunni. Þess má geta að í þessu sambandi var einnig í bréfi Kristjáns vísað til hugmynda starfshópsins um að unnt yrði að reikna „svonefnt rennslisgildi“ fyrir þekkt snjóflóð og lýst nánari

einkennum og möguleikum þess. Þar var átt við hugtak sem eftir frekari rannsóknir og þróun árin á eftir hefur verið nefnt „rennslisstig“ og var tekið til notkunar, með tilheyrandi forsendum við útreikninga, við gerð hættumats vegna snjóflóða á Íslandi í kjölfarið.⁵⁰⁷

Í ágúst 1995 vann verkfræðistofan VST nýtt snjóflóðahættumat fyrir „gömlu byggðina“ í Súðavík. Á nýju hættumatskorti samkvæmt því mati, sem birt er með skýrslunni ásamt greinargerð með hættumatinu, var öll byggð á þessu svæði, þ.e. niður að sjó fyrir neðan hana, talin vera á hættusvæði vegna snjóflóða. Þar af var rautt hættusvæði metið að húsnæði Frosta hf. en gult hættusvæði þar fyrir neðan. Fram kom nánar á hættumatskortinu að rauða svæðið tæki til snjóflóðahættu miðað við meðalendurkomutíma snjóflóða á bilinu 100–300 ár „og jafnvel meira“ en gula hættusvæðið lýsti skriðlengd flóða með meðalendurkomutíma „jafnvel allt að 1000 árum“.

Frá október 1995 liggja fyrir minnisblöð Veðurstofunnar um stöðu snjóflóðavarna á þeim tíma. Á sama hátt og önnur gögn sem rakin hafa verið í kaflanum og hér á undan varpa þessi minnisblöð ljósi á þá ágalla þáverandi regluverks og framkvæmdar vegna snjóflóðavarna og -viðbúnaðar sem taldir voru í ljós leiddir. Auk atriða sem áður hafa verið rakin, líkt og t.d. stuttrar og ófullkominnar snjóflóðasögu, var þar lögð áhersla á að hagsmunatogstreita hefði orðið til þess að hættumatið samkvæmt þágildandi reglum stæðist ekki sem hornsteinn snjóflóðavarna.

Í desember 1995 var lagt fram á Alþingi og samþykkt í meginatriðum óbreytt frumvarp til laga um breytingar á ofanflóðalögum 1985. Rúmum einum mánuði áður, 26. október 1995, hafði snjóflóð fallið á Flateyri með þeim afleiðingum að 20 manns létust og mikið eignatjón varð. Lá þannig fyrir á þessum tíma að á því ári hefðu 35 einstaklingar farist í snjóflóðum í byggð á Íslandi, þ.e. fyrrnefndur fjöldi á Flateyri auk þeirra 14 sem létust í snjóflóðinu í Súðavík í janúar og eins manns sem látist hafði í snjóflóðinu á Grund í Reykhólasveit í sama mánuði.

Breytingar á ofanflóðalögum með þessu frumvarpi voru mun meiri en fyrri breytingar á árinu, sem lýst hefur verið, enda tóku þær til umtalsverðra efnislegra breytinga á ákvæðum laganna og skipulagi stjórnsýslu samkvæmt þeim á grundvelli tillagna nefndar sem starfað hafði mánuðina áður að því verkefni og samið frumvarp til laganna. Breytingar á lögum sem gerðar voru þarna eru raktar í kaflanum í einstökum atriðum og má vísa hér nánar til þess umfram þær meginbreytingar sem hér verða nefndar. Þær voru einkum að yfirstjórn málaflokksins var færð frá félagsmálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Auk þess voru helstu verkefni á sviði laganna færð frá Almannavörnum ríkisins til Veðurstofunnar, m.a. gerð hættumats. Einnig skyldu snjóathugunarmenn eftirleiðis verða starfsmenn Veðurstofunnar enda þótt hafa ætti samráð við yfirvöld í héraði við ráðningu þeirra. Veðurstofunni var sömuleiðis falin sú ábyrgð og vald, sem þarna var ráðgert „a.m.k. til bráðabirgða“ meðan beðið væri eftir nýju og endurskoðuðu hættumati, að ákveða rýmingar húsa á hættusvæðum þegar hættuástand vegna snjóflóða kæmi upp og nánari ákvæði sett í því sambandi.

Í upphafi árs 1996 var ofanflóðalögum enn breytt í því skyni að bregðast við fjárþörf ofanflóðasjóðs og skjóta styrkari stöðum undir tekjuöflun hans. Ákvæðum sem lögleidd voru til þess í umrætt skipti er lýst nánar í kaflanum, ásamt upplýsingum um fjárþörf og ráðgerða aukningu fjármuna í ofanflóðasjóði sem fram komu í tengslum við meðferð laganna á Alþingi. Ofanflóðasjóði var þarna einnig veitt sérstaklega afmörkuð heimild til lántöku í þágu verkefna sinna á árinu 1996. Á sama ári voru einnig settar nýjar reglur á sviði ofanflóða. Reglugerð nr. 145/1996, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, kom í staðinn fyrir áður nefnda reglugerð nr. 400/1995 um sömu efni. Auk þess var sett reglugerð, nr. 367/1996, um starfsemi Veðurstofu Íslands, þar sem m.a. voru útfærð nánar ný eða aukin verkefni og hlutverk Veðurstofunnar á sviði ofanflóðamála samkvæmt þeim lagabreytingum sem áður voru nefndar.

507. Í síðari tíma hættumötum sem finna má opinberlega hefur hugtakið rennslisstig verið skýrt með almennum orðum á eftirfarandi eða sambærilegan hátt: „Úthlaups lengd snjóflóðs, mæld í hundruðum metra, sem flutt hefur verið í staðalbrekku með ákveðinni aðferð.“ Þetta dæmi er tekið úr [Snjóflóðahættumati fyrir skiðasvæðið í Hlíðarfjalli](#) frá árinu 2011 sem aðgengilegt er á netinu. Líkt og einnig kemur fram þar var aðferð til að nota rennslisstigakvarða fyrir skriðlengd snjóflóða til þess að lýsa snjóflóðum af mismunandi stærð þróuð af Kristjáni Jónassyni og fleirum en í þessum kafla skýrslunnar er m.a. vikið að starfi hans og fleiri frá þessum árum í þessa átt og vísað til frekari gagna eða upplýsinga um það.

Undir lok kaflans er fjallað um ný heildarlög á þessu sviði sem sett voru í maí 1997, þ.e. lög nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Þau lög eru enn í gildi, með síðari breytingum, við skil þessarar skýrslu. Um leið féllu úr gildi eldri ofanflóðalög nr. 28/1985. Líkt og með aðrar lagabreytingar sem kaflinn varðar er breytingum sem hin nýju lög fólu í sér lýst í aðalatriðum í kaflanum. Hér má helst geta þess að reglum um hættumat var breytt með tilteknum hætti, m.a. á þá leið að það skyldi einnig skilgreina áhættu íbúa á byggðum á snjóflóðahættusvæðum sem ásættanleg teldist miðað við aðra almannahættu í nútímapjöðfélagi. Einnig var haldið við og fest í sessi ákvæði sem verið höfðu í gildi frá síðustu lagabreytingum á þessu sviði um að Veðurstofan færi með ábyrgð og vald til að gefa út viðvaranir um staðbundna snjóflóðahættu og lýsa yfir hættuástandi sem yfirvöldum í héraði væri skylt að bregðast við með rýmingu viðkomandi húsa. Með lögnum voru einnig lögleidd ákvæði, sem voru nýmæli, um að skylt væri að skipa sérstaka rannsóknarnefnd til að framkvæma rannsókn í hvert sinn sem manntjón yrði af völdum ofanflóðs í byggð. Þá fólu lög in sér ýmsar breytingar sem tengdust varnarvirkjum vegna snjóflóða, m.a. um að almennt yrði meginregla í ráðstöfunum vegna snjóflóðahættu að byggja varnarvirki í stað þess að beita uppkaupum íbúðarhúsnæðis enda hefði nýleg athugun Veðurstofunnar frá árinu 1996 um þörf fyrir snjóflóðamannvirki á Íslandi, sem einnig er rakin í meginatriðum í kaflanum, sýnt að það væri almennt hagkvæmara. Þá var enn á ný með þessum lögum brugðist við fjárþörf ofanflóðasjóðs, m.a. með hækkun á tekjustofni hans, og lögfest heimild fyrir sjóðinn til að lána sveitarfélögum fyrir 10% hlut þeirra vegna byggingar varnarvirkja, að því gefnu að viðkomandi sveitarfélagi væri fjárhagslega ofviða að standa straum af þeim kostnaði sjálf.

Í niðurlagi kaflans er vikið að síðari lagabreytingum og reglusetningu eftir setningu nýrra ofanflóðalaga 1997 en vegna afmörkunar rannsóknarinnar nær sú umfjöllun ekki lengra en efni standa til. Þar er lýst tilkomu svonefndra hættumatsnefnda á árinu 2000 og nánari atriðum um þær. Einkum kemur þar fram að með þessum lagabreytingum var lögleitt nýtt ákvæði varðandi gerð hættumats sem m.a. fól í sér að hættumatsnefnd skyldi kynna tillögur að endanlegu hættumati í samráði við sveitarstjórn.

Samhliða þessum lagabreytingum var sett ný reglugerð nr. 505/2000, um hættumat vegna ofanflóða o.fl. Sú reglugerð er enn í gildi, með síðari breytingum, við skil þessarar skýrslu og mælir nánar fyrir um grundvöll og framkvæmd hættumatsgerðar vegna ofanflóða í landinu, sem umræddar hættumatsnefndir hafa stjórnáslulega umsjón með samkvæmt sérstakri skipun hverju sinni. Eftir sem áður annast þó Veðurstofan gerð hættumats að beiðni hættumatsnefndar samkvæmt framkvæmdaáætlun um slíkt verkefni. Í reglugerðinni voru m.a. sett nánari ákvæði um kynningu á hættumati. Þau ákvæði koma fram í 5. gr. reglugerðarinnar og hafa ekki tekið breytingum frá setningu hennar árið 2000. Samkvæmt þeim skal viðkomandi sveitarstjórn bera ábyrgð á og annast kynningu á hættumati í samráði við hættumatsnefnd en eins og fram kemur í fyrrnefndu lagaákvæði um þetta er hér um að ræða endanlega tillögu að hættumati. Einnig er kveðið á um í þessari grein reglugerðarinnar að auglýsa skuli hættumat og kynna á almennum fundi í sveitarfélaginu og að eftir þá kynningu skuli hættumatið liggja frammi á skrifstofu sveitarstjórnar í fjórar vikur. Í sömu grein reglugerðarinnar segir að lokum að hættumat skuli staðfest af umhverfisráðherra og að það taki gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Að síðustu komu fram með setningu reglugerðar nr. 505/2000 reglur um gerð hættumats samkvæmt nýjum aðferðum og forsendum sem þróaðar höfðu verið árin á undan á grundvelli starfs á vegum stjórnvalda með þessu markmiði, þ.e. þess starfs sem farið hafði af stað eftir snjóflóðið í Súðavík og lýst er að nokkru í kaflanum. Þessum nýja grundvelli hættumats er aðeins lýst í grófum dráttum í kaflanum í ljósi afmörkunar rannsóknarinnar en þó að nokkru leyti vísað til frekari upplýsinga um tiltekin atriði. Þessar aðferðir hafa síðan verið lagðar til grundvallar við hættumatsgerð í landinu, eftir atvikum með nánari þróun og aðlögun í tímans rás.

6.7.5. Áköll um opinbera rannsókn

Um tæplega níu ára skeið, á tímabilinu frá febrúar 1995 til 20. janúar 2004, fóru aðstandendur þeirra sem létu lífið í snjóflóðinu í Súðavík itrekað fram á það við stjórnvöld að aðdragandi snjóflóðsins yrði tekinn til opinberrar rannsóknar. Ákall aðstandenda um opinbera rannsókn birtist í fjölmiðlaumfjöllun sem og í bréfaskriftum þeirra til ráðuneyta, ríkissaksóknara og umboðsmanns Alþingis. Þá lagði hreppsnefndarmaður í Súðavík fram tillögu á fundi hreppsnefndarinnar sumarið 1995 þess efnis að rannsókn færi fram á aðdraganda og eftirmálum snjóflóðsins. Jafnframt voru gerðar athugasemdir við hreinsunarstarfið í kjölfar snjóflóðsins og krafist skýringa eða rannsókna á því, eins og nánar kemur fram í kaflanum, m.a. varðandi fyrsta erindið sem þar er rakið. Hér á eftir er þó sjónum einkum beint að því að draga saman erindi og óskir aðstandenda sem vörðuðu aðdraganda snjóflóðsins eða það sem iðulega var vísað til sem „almanavarnaþáttar“ málsins.

Samkvæmt því sem fram kom við rannsóknina virðist fyrsta formlega erindi aðstandenda þeirra sem létu lífið í snjóflóðinu í þá átt hafa komið fram í lok mars 1995 þegar eigendur tveggja húsa í Súðavík fóru fram á það við dómsmálaráðherra að fram færi rannsókn á skipulagi snjóflóðavarna á svæðinu, hvernig fylgst hefði verið með hættu af snjóalögum, hvernig staðið hefði verið að viðvörðun til bæjarbúa daginn eða dagana fyrir snjóflóðið og hvernig staðið hefði verið að hjálparstarfi og hreinsun. Að þessari beiðni fram kominni fór dómsmálaráðuneytið fram á það við Almanavarnir ríkisins að unnin yrði greinargerð um þessi atriði. Sú greinargerð almanavarna lá fyrir 28. apríl 1995, en við gerð þeirrar skýrslu var m.a. aflað upplýsinga og skýrslna þeirra sem að málum komu innan almanavarnanefndar Súðavíkur í aðdraganda snjóflóðsins. Níu mánuðum síðar lá fyrir heildarskýrsla almanavarna, „Snjóflóð 95“. Vinna og gagnaöflun vegna þeirrar skýrslu fór m.a. fram á ráðstefnu í Hnífsdal í lok maí 1995.

Mannskaðarannsókn fór fram hjá lögreglunni á Ísafirði í kjölfar snjóflóðsins, líkt og rakið hefur verið nánar í 5. kafla. Lögregluskýrsla vegna þeirrar rannsóknar lá fyrir í janúar 1997. Sú rannsókn fór fram á grundvelli 3. mgr. 66. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Af fyrirbyggjandi gögnum má hins vegar ráða að viðleitni aðstandenda hafi einkum lotið að því að knýja á um rannsókn á almanavarnaþætti málsins þar sem aðstandendur höfðu lýst yfir óánægju með þær skýrslur sem unnar höfðu verið af hálfu almanavarna í kjölfar snjóflóðsins. Sú krafa var m.a. byggð á þeim grunni að aðstandendur teldu að þar væru þversagnir og rangt farið með staðreyndir. Þá var sú krafa sett fram af þeirra hálfu að skýrslan „Snjóflóð 95“ yrði endurunnin af hlutlausum aðila.

Í þriggung fóru aðstandendur þeirra sem létust í snjóflóðinu fram á það við embætti ríkissaksóknara að rannsókn færi fram á aðdraganda og afleiðingum snjóflóðsins. Fyrsta beiðnin kom fram í ágúst 1996 þar sem krafist var rannsókna á aðdraganda og afleiðingum snjóflóðsins og hvort brotin hefðu verið lög um almanavarnir og lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Þeirri beiðni var hafnað af hálfu ríkissaksóknara og rökstutt af hans hálfu að ekki væri talið líklegt að refsiaþbyrgð þeirra sem í hlut hefðu átt væri fyrir hendi. Umboðsmaður Alþingi gerði ekki athugasemd við þá niðurstöðu ríkissaksóknara.

Í janúar 2000, þegar fimm ár voru liðin frá snjóflóðinu í Súðavík, varð umræða í fjölmiðlum um fram komnar óskir aðstandenda um að fram færi opinber rannsókn á aðdraganda snjóflóðsins. Í kjölfar þessarar umfjöllunar var rætt um beiðnir aðstandenda innan dómsmálaráðuneytisins. Varð það úr að kannað var af hálfu ráðuneytisins hvernig sambærileg mál væru rannsökuð í Noregi og var leitað upplýsinga hjá rannsóknarlögreglustjóra norska ríkisins um það efni. Hjá honum mun hafa komið fram að í sambærilegum tilvikum ytra færi fram hefðbundin lögreglurannsókn, en þegar fram komnum beiðnum á Íslandi um opinbera rannsókn var lýst fyrir honum mun hann hafa talið skynsamlegt að fela ríkislögreglustjóra að fara yfir málið og kanna hvort einhver atriði væru ókönnuð. Í minnisblaði innan dómsmálaráðuneytisins um þetta efni kom fram að eitt atriði stæði eftir sem „ef til vill“ hefði ekki verið skoðað sem skyldi. Fyrir lægi að lögreglustjórnin á Ísafirði hefði verið stjórnandi almanavarna í snjóflóðinu og jafnframt yfirmaður þeirra lögreglumanna sem rannsökuðu snjóflóðið með tilliti til

mannskaðans. Lögreglan hlýti að hafa þurft að kanna störf almannavarnarnefndarmanna, þar á meðal lögreglustjórans. Að því leyti til hafi rannsókn lögreglunnar, sem laut yfirstjórn lögreglustjórans, ekki verið óháð.

Í lok árs 2000 fór dómsmálaráðuneytið fram á það við ríkislögreglustjóra að hann kannaði tiltæk gögn varðandi snjóflóðið og hvort efni stæðu til að hefja opinbera rannsókn á aðdraganda þess á grundvelli 2. eða 3. mgr. 66. gr. þágildandi laga nr. 19/1991. Þá var þess enn fremur óskað að kannað yrði hvort efni stæðu til þess að dómsmálaráðherra setti sérstakan lögreglustjóra til að fara með málið eða nýtti heimildir samkvæmt 2. mgr. 26. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um að leggja til við forseta Íslands að ákvörðun ríkissaksóknara yrði felld úr gildi og skipaður yrði sérstakur saksóknari til að fara með málið, en ein slík beiðni hafði borist frá aðstandanda í júlí 1998.

Greinargerð þáverandi vararíkislögreglustjóra lá fyrir 14. janúar 2001 og var það mat hans að sú rannsókn sem fram hefði farið hjá lögreglunni á Ísafirði í kjölfar snjóflóðsins hefði verið í samræmi við þá rannsókn sem boðin var í þágildandi lögum nr. 42/1913 um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum og 3. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt greinargerðinni var það mat vararíkislögreglustjóra að ekkert væri fram komið sem haggði niðurstöðu ríkissaksóknara sem þá lá fyrir. Þá tók hann undir áður fram komin sjónarmið ráðuneytisins um að ekki hefðu verið færð fram viðhlítandi rök fyrir því að beita ákvæði 2. mgr. 26. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um að fella fyrri ákvörðun ríkissaksóknara úr gildi. Hann gat þess jafnframt í greinargerð sinni að honum sýndist að með breytingum sem hefðu átt sér stað á löggjöf með tilliti til ofanflóða, sem ættu rætur að rekja til snjóflóðanna á Vestfjörðum, hefði verið „reynt að berja í brestina á því kerfi“ sem áður hefði verið í gildi.

Í janúar 2003 fór aðstandandi fram á það við ríkissaksóknara að fram færi lögreglurannsókn vegna snjóflóðsins með vísan til 4. gr. 66. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 sem kvað á um að ríkissaksóknara væri heimilt, þegar sérstaklega stæði á, að mæla fyrir um rannsókn þótt ætla mætti að refsingu yrði ekki komið við, svo sem vegna þess að sök væri fyrnd, ef ríkir almanna- og einkahagsmunir mæltu með því. Beiðnin var m.a. lögð fram á þeim grundvelli að opinberir aðilar hefðu þá lýst því yfir í fjölmiðlaumfjöllun að rannsókn á atburðinum yrði til góðs. Erindið bar með sér að óskað væri rannsóknar á almannavarnaþætti þess, björgunaraðgerðum eða byggingartæknilegum þáttum. Ríkissaksóknari taldi ekki tilefni til að mæla fyrir um slíka rannsókn þar sem þá yrði að liggja fyrir að slík rannsókn beindist að háttsemi sem ljóst væri eða grunur léki á að hefði verið refsiverð þegar hún var framín. Þá fór aðstandandi fram á það við ríkissaksóknara í janúar 2005 að viðurkenning fengist „á því að um mistök hafi verið að ræða“ aðfaranótt 16. janúar 1995, m.a. hvað varðaði rýmingu á „ytra svæðinu“ í Súðavík, en móðir aðstandandans hafði verið búsett að Nesvegi 7 og látist í snjóflóðinu. Aðstandandinn kvað liggja fyrir gögn um að ástæða hefði verið til að hafa áhyggjur af snjóflóðahættu á því svæði, enda hefði Nesvegur 7 verið á hættusvæði samkvæmt þágildandi hættumati. Eftir yfirferð yfir gögn málsins á ný var beiðninni hafnað af hálfu ríkissaksóknara.

Í síðarnefndu tveim erindum frá ríkissaksóknara til aðstandenda látinna var vísað til 8. gr. laga nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, þ.e. nýrra ofanflóðalaga sem þá höfðu gilt í fáein ár, varðandi það hvort unnt væri að skipa rannsóknarnefnd á grundvelli heimildar í þeirri lagagrein. Ríkissaksóknari kvaðst þó í svörum sínum ekki taka afstöðu til þess hvort lög stæðu til að svo væri gert og var sérstaklega tekið fram í seinna erindi hans að það lýsti ekki því viðhorfi hans að forsætisráðherra væri unnt að skipa slíka nefnd vegna atburða sem áttu sér stað fyrir gildistöku laganna. Samhengis vegna er ástæða til að geta þess að ákvæðið kveður á um skyldu til að skipa nefnd til að rannsaka orsakir og afleiðingar ofanflóðs þegar manntjón verður í byggð af þess völdum.

Ákvæði um skipun rannsóknarnefndar vegna ofanflóða var leitt í lög þegar ný heildstæð lög nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum voru sett árið 1997 og var og er í 8. gr. laganna. Sambærilegt ákvæði var ekki að finna í eldri lögum nr. 28/1985. Í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 49/1997 kom fram að þótt hefði æskilegra í kjölfar snjóflóða á Vestfjörðum árið 1995 að mæla fyrir um það í lögnum að fram færi hlutlæg og óháð rannsókn á orsökum og afleiðingum ofanflóða í hvert sinn sem manntjón

yrði. Af þeim sökum væri mælt fyrir um skipun rannsóknarnefndar í lögnum til að framkvæma slíka rannsókn í hvert sinn sem manntjón yrði af völdum ofanflóða í byggð. Þá væri jafnframt heimilt að skipa slíka nefnd í þeim tilvikum þegar manntjón eða verulegt eignatjón hlytist af ofanflóði. Áréttað er í athugasemdunum með frumvarpinu að ákvæðið kveði ekki á um lögreglurannsókn, en samkvæmt lokamálsgrein ákvæðisins skyldi fara fram óháð rannsókn slíkrar nefndar. Í athugasemdunum segir svo:

„Við samningu þessa ákvæðis hefur annars verið höfð hliðsjón af lögum nr. 59/1996, um rannsókn flugslysa. Segir þannig að rannsóknin skuli einvörðungu miða að því, eins og rannsókn á vegum rannsóknarnefndar flugslysa, að draga úr hættu af völdum ofanflóða og koma í veg fyrir að hliðstæðir atburðir endurtaki sig. Mikilvægt er að nefndin starfi sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum og er lagt til að henni verði heimilt að krefjast framlagningar á gögnum og taka skýrslur eftir því sem nánar er fyrir mælt í greininni. Að öðru leyti er ekki mælt fyrir um störf nefndarinnar en gert er ráð fyrir að forsætisráðherra geti sett nánari reglur um störf hennar.“⁵⁰⁸

Líkt og rakið var í athugasemdum með frumvarpinu og er jafnframt tiltekið í 3. mgr. 8. gr. laganna skal rannsókn slíkrar nefndar einvörðungu miða að því að „draga úr hættu af völdum ofanflóða“ og koma í veg fyrir að hliðstæðir atburðir endurtaki sig. Einn aðstandandi fór fram á það við stjórnvöld í október 2004 að fram færi rannsókn á þessum grundvelli. Þeirri beiðni var hafnað af hálfu forsætisráðuneytisins í janúar 2006. Fram kom í minnisblaði rituðu innan umhverfisráðuneytisins í nóvember 2004 um þessa beiðni og í bréfi forsætisráðuneytisins til aðstandenda í janúar 2006, þar sem beiðni um rannsókn var hafnað sem fyrr greindi, að slík rannsókn, nærri 11 árum eftir snjóflóðið í Súðavík, myndi ekki ná þessum markmiðum.

508. Fjallað er m.a. um setningu nýju ofanflóðalaganna 1997 í kafla 6.5 hér á undan og er þar m.a. vísað til gagna um meðferð og setningu laganna, þar á meðal frumvarps til þeirra, á vef Alþingis.

7. Frekari samantekt rannsóknarnefndar

Í þessum síðasta kafla skýrslunnar er frekari samantekt og athugasemdir rannsóknarnefndarinnar um helstu efni sem skýrslan varðar. Samantektir í lok fyrri kafla skýrslunnar, einkum þá 4.-6. kafla hennar sem taka í sömu röð til liða 1.-3 í ályktun Alþingis 30. apríl 2024, varða umfjöllunarefni hvers kafla fyrir sig og taka saman helsta efni þeirra. Vakin er athygli á að hér er ekki fjallað aftur um öll atriði sem þegar hafa komið fram í fyrri samantektum þó sum þeirra komi hér fyrir í öðru eða nánara samhengi. Þessum kafla er fyrst og fremst ætlað að vera frekari samantekt rannsóknarnefndar á atriðum sem segja má að liggja „þvert á“ fyrri kafla skýrslunnar og snerti með einum eða öðrum hætti efni fleiri en eins þeirra eða meginefni rannsóknarinnar á heildina litið. Eftir atvikum er þá vísað til nánari umfjöllunar annars staðar um tiltekin efni. Jafnframt er hér vikið að öðru sem komið hefur fram við rannsókn nefndarinnar og ekki heyrir endilega undir efnisafmörkun í einhverjum af fyrri köflum skýrslunnar en rétt þykir engu að síður að gera stuttlega grein fyrir í skýrslunni til hliðsjónar með öðru efni hennar.

Í umfjöllun hér er að jafnaði ekki vísað sérstaklega eða á ný til heimilda vegna atriða úr fyrri umfjöllun. Fyrir utan það fellur vitaskuld það sem hér kemur nýtt til sögunnar. Eftir tilefni eru hér jafnframt settar fram athugasemdir rannsóknarnefndarinnar um það sem dregið er saman hverju sinni.

7.1. Viðhorf eða meðvitund vegna snjóflóðahættu í Súðavík á árunum fyrir snjóflóðið

Eins og rakið hefur verið nánar í kafla 4 í skýrslunni og dregið var saman í lok þess kafla urðu snjóflóðin í Súðavík 6. janúar 1983 til þess að vekja athygli og meðvitund um snjóflóðahættu ofan „gömlu byggðarinnar“ í Súðavík, þ.e. svæðisins kringum Túngötu og Nesveg, sem ekki verður séð að verið hafi fyrir hendi áður. Í samhengi þessarar skýrslu hefur helst þýðingu annað af þessum snjóflóðum, þ.e. ytra (nyrðra) flóðið. Komið hefur fram við rannsóknina að fram að því snjóflóði hafi ekki verið þekkt snjóflóð úr Súðavíkurhlíð með ámóta skriðlengd og það, þ.e. niður á efstu hús sem þá stóðu í byggðinni, og raunar ekki eftir það heldur, allt fram að snjóflóðinu 16. janúar 1995.

Eftir þetta snjóflóð árið 1983 fór af stað milli hreppsyfirvalda í Súðavík og opinberra stjórnvalda í Reykjavík, með þátttöku sérfræðinga á vegum hreppsins, umræða og samskipti um snjóflóðahættu og möguleika á vörnum vegna hennar sem gera yrði ráð fyrir á þessu svæði í ljósi snjóflóðsins. Af efni þeirra samskipta endurspeglast fyrst og fremst að þau hafi miðast við möguleika á varnarvirkjum sem gera myndu fært að geta haldið við áætlanir sem þá lágu fyrir um frekari byggð ofan byggðarinnar sem fyrir var, þ.e. ráðgerðu götunar Skólagötu og Engjaveg og nýja skólabyggingu ofan Túngötu. Með öðrum orðum hafi í viðbrögðum og áætlunum um nauðsynlegan viðbúnað í ljósi þessa snjóflóðs verið einblínt á mörk snjóflóðsins sjálfs, þ.e. svæðið sem það fór í reynd yfir. Ekki virðist þar hafa verið hugað sérstaklega að því að snjóflóðið lenti m.a. á húsum sem þegar stóðu efst í byggðinni og stöðvaðist á þeim. Að minnsta kosti var þar um að ræða Túngötu 2 og 4 en í því sambandi er af fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum ekki að fullu ljóst með Nesveg 1 og leikskólann sem þá var í byggingu þar skammt fyrir ofan, þ.e. hvort eða hvernig snjóflóðið fór á þær byggingar eða horfði annars við þeim. Þó má að minnsta kosti telja ljóst þar að snjóflóðið hafi farið nærri leikskólanum og náð niður fyrir lóð hans, ef ekki inn á hana, og að það hafi stöðvast mjög nálægt eða hugsanlega að einhverju leyti á Nesvegi 1.

Gögn og upplýsingar sem komið hafa fram við rannsóknina um samskipti og umræðu á næstu árum eftir þetta snjóflóð benda samkvæmt ofangreindu ekki til þess að sú byggð sem þegar var á svæðinu þegar þetta snjóflóð féll, þ.e. hús við Túngötu og Nesveg, hafi sérstaklega og út af fyrir sig verið höfð í huga í áætlunum um viðbúnað vegna snjóflóðahættu á þessu svæði. Að sjálfsgöðu má þó hafa í huga þar að hugsanlegar varnir vegna ráðgerðrar byggðar fyrir ofan þær götur hefðu um leið varið aðra byggð fyrir neðan. Á framangreind atriði er hins vegar einkum bent í ljósi samhengis við upplýsingar um síðari atvik sem reifuð eru hér á eftir.

Í Súðavík voru þekkt tvö snjóflóðahættusvæði og snjóflóðafarvegir tengdir þeim, þ.e. annars vegar undir Traðargili og hins vegar undir Súðavíkurhlíð þar sem meginbyggðin var. Ljóst er að allan tímann sem rannsóknin varðar var fyrir hendi meðvitund um snjóflóðahættu undir Traðargili og að það svæði var almennt talið hættulegra en Súðavíkurhlíðin enda lágu þar fyrir upplýsingar um að snjóflóð hefðu á fyrri tíð fallið úr Traðargili og náð niður í sjó. Þetta endurspeglast í ýmsum gögnum rannsóknarnefndar og auðvitað ekki þá síst í snjóflóðahættumatinu fyrir Súðavík þar sem hættusvæði undir Traðargili náði niður í sjó. Í desember 1994 féll svo þaðan stórt snjóflóð sem náði út fyrir hættusvæði þar samkvæmt hættumatinu og 16. janúar 1995 annað snjóflóð sem náði út í sjó.

Eins og nánar hefur komið fram í 4. kafla skýrslunnar og samantekt þar hafa ekki komið fram gögn eða upplýsingar við rannsókn nefndarinnar sem bent gætu til þess að snjóflóðahættukort fyrir Súðavík sem Hafliði Helgi Jónsson, þáverandi snjóflóðasérfræðingur á Veðurstofunni gerði eftir athugun sína á snjóflóðinu 6. janúar 1983 einhvern tímann á árunum 1983-1984, hafi á þeim árum eða næstu ár á eftir verið afhent eða kynnt sérstaklega gagnvart hreppsyfirvöldum í Súðavík. Í skýrslu Hafliða hjá rannsóknarnefndinni kom fram að hann hefði kerfisbundið gert sams konar kort fyrir allar eða nánast allar snjóflóðahættubyggðir í landinu á starfstíma hans á Veðurstofunni og að kortið fyrir Súðavík hefði verið eitt þeirra.¹ Slík kort hefðu verið matskort eða „vinnuplagg“ fyrir hann sem sérfræðing á Veðurstofunni til að styðjast við í einstökum tilvikum í ráðgjöf til yfirvalda um hugsanlegar rýmingar húsa á mögulegum hættusvæðum ef hættuástand kæmi upp vegna snjóflóða í viðkomandi byggðum. Af skýrslu Hafliða um þetta varð þannig ekki ráðið að þessi kort hefðu almennt haft annan tilgang en þennan eða verið afhent eða kynnt sérstaklega hverju sinni gagnvart yfirvöldum í viðkomandi byggðarlagi. Önnur slík kort sem Hafliði mun hafa gert, þ.e. fyrir utan kortið fyrir Súðavík, komu ekki fram við rannsókn rannsóknarnefndarinnar.

Í þessu samhengi má jafnframt geta þess að í skýrslu Hafliða var hann spurður um ummæli sem höfð hafa verið eftir honum í opinberri umræðu, efnislega á þá leið að honum hefði á þessum tíma verið ráðlagt að sýna engum þessi kort eða „stinga þeim ofan í skúffu“. Um þessi atriði, í samhengi við þessi matskort almennt séð, kom fram hjá Hafliða að hann minntist ummæla í þessa átt á tilteknum fundi með „snjóflóðanefndinni“ svokölluðu árið 1984, þ.e. efnislega á ofangreinda leið, og gat hann þess einnig þá að þetta hefði verið miklu verra í öðrum byggðarlögum en í Súðavík. Hafliði tók fram að þessi ummæli hefðu verið sett fram í hálfkæringi, hann væri viss um það og hefði upplifað það svo á þeim tíma, en þetta hefði samt verið „svolítið sláandi“. Varðandi umrætt snjóflóðahættukort Hafliða fyrir Súðavík má loks geta þess að í skýrslu Magnúsar Más Magnússonar hjá rannsóknarnefnd minntist hann þess að hafa séð og vitað af þessu korti fljótlega eftir að hann kom til starfa á Veðurstofunni, þ.e. árið 1988.² Um kortið komu annars fram hjá honum sjónarmið á svipaða leið og hjá Hafliða samkvæmt framangreindu, þ.e. að um hefði verið að ræða vinnu- eða rannsóknargögn Veðurstofunnar til notkunar þar í störfum snjóflóðavarnadeildar hennar á þessum árum, þ.e. fyrir setningu ofanflóðalaganna. Jafnframt kom fram hjá Magnúsi Má að ekki væri rétt og fengi ekki staðist, svo sem haldið hefði verið fram, að þessu korti hefði á einhvern hátt verið leynt eða „stungið ofan í skúffu“ á Veðurstofunni.

Í lok desember 1985 kom fram tillaga Árna Traustasonar tæknifræðings hjá verkfræðistofunni VST á Ísafirði af snjóflóðavörnum ofan byggðarinnar í Súðavík. Á uppdrætti með þeirri tillögu kom m.a. fram „áætluð stöðvunarlína flóðs án aðgerða“, svo sem nánar er lýst í 4. kafla skýrslunnar, m.a. legu þeirrar línu. Með öðrum orðum þá var þarna reiknuð út og veittar upplýsingar um hættulínu vegna snjóflóða ef ekki kæmi til varnarvirkja eins og tillagan gerði ráð fyrir. Tillagan og gögn varðandi hana var send Súðavíkurhreppi á þessum tíma. Af þeim gögnum og upplýsingum sem fram komu á annað borð við þessa rannsókn og kalla má ljósar og ótvíræðar endurspeglar þessi gögn að með þeim hafi hreppnum í fyrsta sinn borist sérstakar upplýsingar um sérfræðilegan

1. Hafliði Helgi Jónsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 13. maí 2025.

2. Magnús Már Magnússon, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 14. október 2025.

útreikning á hættulínu vegna snjóflóða og legu slíkrar línu, m.a. þannig að ráða mætti að hús neðan við það svæði sem snjóflóðið 6. janúar 1983 féll beinlínis á kynnu að vera í hættu vegna snjóflóða.

Súðavíkurreppur brást strax við þessu með því að óska eftir því við þá nýlega stofnaða Ofanflóðanefnd að formlegt hættumat yrði gert fyrir Súðavík og styrkur yrði veittur til byggingar varnarvirkja á grundvelli tillögunnar. Viðbrögð og afstaða Ofanflóðanefndar voru þau, varðandi varnarvirkin, að bíða yrði eftir formlegu hættumati áður en unnt væri að huga að byggingu varnarvirkja. Samhliða því mátti ráða af viðbrögðum Ofanflóðanefndar að varnarvirki í Súðavík á grundvelli þessarar tillögu myndu einskorðast við „óbyggð svæði“ eða „væntanlega byggð“. Af hálfu Súðavíkurrepps var leitast við að leiðrétta þetta og benda á að á hættusvæði m.t.t. umræddrar hættulínu samkvæmt tillögunni, þ.e. áætlaðrar stöðvunarlínu snjóflóðs án aðgerða, væru a.m.k. átta hús sem þegar stæðu í byggðinni. Efnislega var þar fyrst og fremst átt við hús við Nesveg og leikskólann þar fyrir ofan. Við rannsókn nefndarinnar komu ekki fram upplýsingar um sérstök viðbrögð af hálfu Ofanflóðanefndar á þeim tíma við þeim upplýsingum eða að varnarvirki hefðu frekar komið til umræðu þar til eftir að snjóflóðahættumatið fyrir Súðavík lá fyrir í árslok 1989.

Á árunum sem liðu þarna á milli kemur m.a. fram í fundargerðum Súðavíkurrepps að umsókn um byggingu sumarbústaðar fyrir ofan byggðina í Súðavík, þ.e. á landssvæði sem kallað var Höfðinn og er skammt ofan lóðarinnar sem leikskólinn í Súðavík stóð áður á, var hafnað með vísan til snjóflóðahættu á því svæði. Gögn varðandi fyrirhugað aðalskipulag Súðavíkur 1987-2007 endurspeglar jafnframt að meðvitund um snjóflóðahættu og nauðsynlegan viðbúnað vegna hennar hafi eftir sem áður fyrst og fremst tekið í orði kveðnu til þess svæðis sem snjóflóðið 6. janúar 1983 hafði fallið á. Samanburður þeirra gagna við gögn um síðara aðalskipulag í hreppnum, þ.e. aðalskipulagið 1992-2012 sem unnið var á árunum 1993-1994 og staðfest á síðara árinu, má segja að endurspegli þetta á sinn hátt einnig, að minnsta kosti óbeint. Í því skipulagi var m.a. fyrst formlega hætt við hinar ráðgerðu götur Skólagötu og Engjaveg ofan byggðarinnar og um leið samkvæmt skipulagsuppdraetti ekki sérstaklega auðkennt að á svæðinu ofan byggðarinnar væri snjóflóðahætta, með „ákvæðum um varnir“, svo sem fram hafði komið á skipulagsuppdraetti með fyrirhuguðu aðalskipulagi 1987-2007.

Í snjóflóðahættumati fyrir Súðavík sem staðfest var í lok nóvember 1989, eins og nánar greinir í 4. kafla skýrslunnar og samantekt þar, var í reynd tekið mið af snjóflóðinu 6. janúar 1983 við afmörkun hættusvæðis undir Súðavíkurlíð, ofan við meginbyggðina í þorpinu. Hættulína gagnvart Túngötu lá samkvæmt hættumatinu fast upp við efri hús við þá götu en tiltekin hús við Nesveg (og leikskólinn þar fyrir ofan) voru talin á hættusvæði. Nefna má að hættulínan lá þannig gagnvart Túngötu 2 að hún „skar af“ bílskúr ofan við húsið, þ.e. hún lá milli hússins og bílskúrsins. Út af fyrir sig má ef til vill telja það endurspeglar enn frekar hvernig hættumatið var miðað við skriðlengd snjóflóðsins 6. janúar 1983 enda var eitt af því helsta sem ótvírætt var talið liggja fyrir um það snjóflóð að það hefði skolið á þeim bílskúr og stöðvast við hann með braki úr fjárhúsi ofar í hlíðinni, líkt og raunin var. Við rannsókn nefndarinnar liggur fyrir mynd þar sem sjá má ummerki á þessum bílskúrsvegg sem samrýmst geta þessu.³

Hættulína samkvæmt hættumatinu 1989 lá í meginráttum á svipaðan hátt gagnvart húsum í byggðinni sem hér hafa þýðingu og hin áætlaða stöðvunarlína snjóflóðs í hættumatstillögu Árna Traustasonar frá árslokum 1985. Þar á meðal lágu báðar hættulínurnar yfir Túngötu 2 en stutt ofan annarra húsa við Túngötu án þess að snerta þau. Munurinn var helst fólgin í tvennu. Annars vegar skar hin síðarnefnda húsið við Túngötu 2 nokkru neðar en sú fyrrnefnda. Hins vegar var allt húsið við Nesveg 1 á hættusvæði samkvæmt þeirri síðarnefndu meðan sú fyrrnefnda lá yfir það hús neðanvert.

Umræða og samskipti frá og með árinu 1990 varðandi snjóflóðavarnarmannvirki í Súðavík tók einungis til húsa við Nesveg og þar fyrir ofan, þ.e. tók mið af afmörkuðu hættusvæði samkvæmt snjóflóðahættumatinu. Það átti einnig við um þær tillögur sem komu fram á þeim tíma um möguleg varnarvirki og ráðgerða legu og áhrif þeirra. Túngatan, sem

3. Gögn Árna Jónssonar, afhent rannsóknarnefnd 30. október 2025.

var á grænu svæði og þar með „hættulausu“ samkvæmt hættumatinu, var samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum ekki höfð sérstaklega í huga sem snjóflóðahættusvæði í þessari umræðu og samskiptum vegna snjóflóðavarnamannvirkja. Þó má finna í þessum samskiptum skírskotun til ystu húsanna við þá götu, Túngötu 2 og 4, þ.e. húsa þar sem stóðu næst því svæði við og ofan Nesvegjar sem þessar ráðagerðir tóku mið af.

Af öðrum gögnum rannsóknarnefndarinnar verður einnig ráðið að hús við Túngötu, einkum þá Túngata 2 og 4, hafi þó í tilteknum tilvikum verið talin til húsa í byggðinni sem í hættu gætu verið vegna snjóflóða. Af gögnum frá tímanum fyrir staðfestingu hættumatsins 1989 má þar nefna áður nefnd samskipti af hálfu sveitarfélagsins við Ofanflóðanefnd í janúar 1986, þar sem fram kom að ráðgerðar varnir samkvæmt tillögu Árna Traustasonar frá desemberlokum 1985 tækju m.a. til ytri hluta Túngötu. Einnig var á fundi hreppsnefndar Súðavíkur 25. febrúar 1989, í tilefni af hættuástandi vegna snjóflóða sem þá kom upp, fært til bókar að hættusvæði vegna snjóflóða í byggðinni undir Súðavíkurhlíð hefði þá verið lýst yfir við „Túngötu alla ofanverða“ auk Nesvegjar ofanverðs. Ef horft er til gagna eftir að hættumatið lá fyrir í árslok 1989 koma einnig þar fyrir gögn þar sem hús við Túngötu koma til tals í samhengi við hættumat vegna snjóflóða. Þar má nefna fundargerð frá fundi hreppsnefndar Súðavíkur í júní 1990 þar sem m.a. var samþykkt að óska eftir frumathugun á varnarvirkjum fyrir hvert og eitt mannvirki á „hættusvæðum“ frá og með Túngötu 4, þ.e. að meðtalinni Túngötu 2, og út Nesveg. Loks skal nefnt í því sambandi að í blaðaviðtali frá miðjum apríl 1994 við þáverandi sveitarstjóra Súðavíkur, Sigríði Hrönn Elíasdóttur, eftir snjóflóðin í Tungu- og Seljalandsdal í byrjun sama mánaðar vísaði hún til þess að annað tveggja hættusvæða í Súðavík, þ.e. auk svæðisins neðan Traðargils, væri „fyrir ofan byggðina við Nesveg og hluta Túngötu“.

Gögn og upplýsingar sem fram hafa komið við rannsóknina benda ekki til þess að á árunum fyrir snjóflóðið í Súðavík í janúar 1995 hafi sérstök athygli eða umræða beinst að húsum í neðri húsaröðum við Túngötu og Nesveg m.t.t. snjóflóðahættu, hvað þá vegna húsa neðar í byggðinni.

Eins og rakið er nánar í 4. kafla skýrslunnar og samantekt þar sýna gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar að eftir staðfestingu hættumatsins 1989 vann verkfræðistofan VST að fyrstu hugmyndum um möguleika á varnarvirkjum ofan byggðarinnar og gerði hreppsnefnd bréflega grein fyrir stöðu í þeirri vinnu í mars 1990. Ljóst er af því bréfi að umfang og kostnaður varna samkvæmt frumhugmyndum sem reifaðar voru þar þótti með þeim hætti að ástæða væri til að kynna hreppsnefnd það sérstaklega á því stigi, þ.e. áður en frekar yrði haldið áfram með vinnuna. Í bréfinu var m.a. sérstaklega skírskotað til þess að varnarvirki myndu taka upp „nánast allt land sem sveitarfélagið hefði til vaxtar“. Viðbrögð hreppsnefndar Súðavíkur við þessu voru þau að skoða þyrfti nánar forsendur hættumatsins og óska eftir grunnupplýsingum sem það væri byggt á. Af gögnum rannsóknarnefndarinnar verður ekki sérstaklega ráðið hvað hafi nánar falist í eða búið að baki þeirri afstöðu.

Í kjölfarið átti sér stað vorið 1990 fundur almannavarnarnefndar Súðavíkur með fulltrúum Almannafráttar ríkisins af þessu tilefni, sem nánar er lýst í kafla 4 og samantekt með honum. Sjónarmið sem fram komu þar af hálfu heimafólks virðast helst hafa birst sem gremja eða vonbrigði yfir að hættumatið tæki fyrir frekari vöxt byggðarinnar eins og hann hefði verið fyrirhugaður. Á hinn bóginn hefur ekkert komið fram við rannsókn nefndarinnar sem skilja má svo eða bent gæti til þess að af hálfu Súðavíkurhrepps hafi hættumatið eða einstakar forsendur þess verið dregnar í efa beint og efnislega eða að leitast hafi verið formlega eða óformlega við að fá því breytt á einhvern hátt.

Á síðari hluta árs 1994 var í samræmi við breytingar á skipulagsáætlunum árið á undan hafist handa við byggingu a.m.k. þriggja nýrra íbúðarhúsa á lóðum við syðri enda Túngötu. Nýting þeirra lóða samkvæmt nýgerðu aðalskipulagi og deiliskipulagi vor og sumar 1994 hafði komið til sem viðbrögð hreppsnefndar við því að ekki væri lengur hægt að halda við fyrri áætlanir um byggð ofan við Túngötu og Nesveg. Lóðir við ofanverðan syðri enda Túngötu samkvæmt þessu deiliskipulagi voru staðsettar fast upp við hættulínuna samkvæmt hættumatinu 1989 eins og hún lá á þessu svæði og tekið fram í deiliskipulagsgögnum varðandi þær að lóðirnar væru utan snjóflóðahættusvæðis. Við yfirferð skipulagsyfirvalda í Reykjavík á deiliskipulaginu fyrir lóðirnar var athugað hvort deiliskipulagið væri utan

snjóflóðahættusvæðis og var svo talið. Af þessu má enn frekar ráða það almenna viðhorf sem ríkjandi var á þessum árum varðandi skipulag og húsbyggingar á „hættulausum svæðum“ í næsta nágrenni við skilgreind hættusvæði vegna snjóflóða, þ.e. að unnt væri að staðsetja lóðir vegna íbúabygðar rétt neðan hættulínu. Eins og ljóst má vera af umfjöllun í skýrslunni endurspeglast sama viðhorf í mörgu öðru sem komið hefur fram við rannsókn nefndarinnar og rakið er í einstökum köflum skýrslunnar eða samantektum með þeim.

Auk ofangreinds er hér fyrir neðan tekið saman það helsta sem fram hefur komið við rannsókn nefndarinnar um hvort og þá hvernig fólk í Súðavík á þessum tíma, og einkum þá íbúar við Túngötu og Nesveg, upplifðu mögulega snjóflóðahættu á því svæði sem þau bjuggu á. Um leið verður þá dregið saman það sem fram hefur komið um úrræði sem íbúar virðast helst hafa talið að grípa mætti til eða kæmu til greina í því skyni að tryggja öryggi sitt gegn hugsanlegri snjóflóðahættu. Hafa má þar í huga að við gagnaöflun og skýrslutökur rannsóknarnefndarinnar var þess enginn kostur að vonast til eða stefna að því að nándar nærri heildstæð eða tæmandi mynd gæti fengist af þessu. Leitast var hins vegar við að rannsaka og athuga atriði þessu tengd að því fremsta megni sem unnt og raunhæft gat talist. Rétt er að fram komi einnig að á heildina lituð átti við um skýrslutökur sem fram fóru hjá nefndinni að þær verða einar og sér ekki taldar hafa leitt í ljós umtalsverðar eða ótvíræðar upplýsingar um atvik frá árunum fyrir snjóflóðið í janúar 1995, svo sem í sjálfu sér var kannski fyrirfram ekki að vænta í ljósi tímans sem síðan hefur liðið. Þar má vísa aftur til almennra orða í þessu sambandi í inngangskafli skýrslunnar, þ.e. kafla 1.

Ef horft er til skýrslna sem gefnar voru við rannsóknina af þeim sem bjuggu í húsum við Nesveg og Túngötu á þessum tíma eða öðrum sem bjuggu þá í Súðavík eða á fyrri tímabilum kom almennt fram sú mynd að ekki hafi mikið borið á umræðu um snjóflóð eða snjóflóðahættu í Súðavík að því er varðaði byggðina undir Súðavíkurhlíð. Hins vegar hafi almennt verið meðvitund um snjóflóðahættu undir Traðargili og eftir atvikum aðgæslu vegna hennar á því tímabili sem rannsóknin varðar. Þar á meðal hafi snjóflóðið úr Traðargili í desember 1994 haft töluverð áhrif til áminningar um hættu á því svæði.

Við skýrslutökur rannsóknarnefndarinnar var m.a. leitast við að kanna hvort og þá hvaða áhrif snjóflóðið 6. janúar 1983 úr Súðavíkurhlíð hefði haft á meðvitund eða umræðu um snjóflóðahættu í byggðinni á árunum þar á eftir. Sem dæmi úr skýrslum hjá nefndinni varðandi þau atriði má nefna að í skýrslu Önnu Sigurðardóttur, sem bjó þá í Túngötu 4 og upplifði þetta snjóflóð, kom fram að enginn hefði síðan verið að velta því mikið fyrir sér og hún myndi ekki eftir sérstakri umræðu um það.⁴ Hvað sjálfa sig varðaði tók hún fram að þetta snjóflóð hefði ekki truflað hana neitt og hún ekki verið hrædd, eflaust vegna þess að hún hefði ekki vitað af neinni snjóflóðahættu þarna og engin umræða verið um það. Hún neitaði því einnig aðspurð að hún og eiginmaður hennar, Elvar heitinn Ragnarsson, hefðu í kjölfar þessa snjóflóðs rætt sérstaklega snjóflóðahættu og hvort óhætt væri að vera í húsinu.

Dóttir Önnu og Elvars, Guðrún Astrid Elvarsdóttir (fædd 1978), kvaðst í skýrslu sinni hjá rannsóknarnefndinni muna eftir umræðu um snjóflóðahættu úr Súðavíkurhlíð og taldi það hafa komið reglulega upp.⁵ Meira hefði þó verið rætt um og höfð í huga snjóflóðahætta á veginum til Ísafjarðar, þ.e. undir ytri (nyrðri) hluta Súðavíkurhlíðar fjarri byggð. Aðspurð hvort hún gæti lýst því nánar, svo sem hvaðan hún hefði heyrt slíka umræðu, var hún ekki viss en vísaði helst til þess að faðir hennar heitinn hefði komið nálægt ýmsum störfum fyrir hreppinn og verið mikið inni í málefnum hans. Hjá Guðrúnu Astrid kom einnig fram að hún minntist þess í kjölfar snjóflóðsins í janúar 1983 hefði faðir hennar að minnsta kosti einhverja vetur eða hluta úr vetri eftir það fest rimlahlera fyrir utanverða glugga á Túngötu 4 sem sneru upp í hlíðina en þar var um að ræða alla svefnherbergisálmu hússins sem voru í efri hluta þess, nær hlíðinni. Hún mundi ekki hvort hann hefði gert þetta árlega en kvaðst a.m.k. muna eftir þessu frá unglingsárum sínum, þ.e. töluvert löngu síðar og þar með ekki löngu fyrir snjóflóðið í janúar 1995. Í skýrslu Önnu, móður Guðrúnar Astridar, kvaðst hún ekki muna sjálf eftir þessu en Guðrún Astrid myndi þetta hins vegar vel.

4. Anna Sigurðardóttir, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 13. október 2025.

5. Guðrún Astrid Elvarsdóttir, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 6. október 2025.

„Það var bara fjandakornið lítið talað um snjóflóðahættu, það verður bara að segjast eins og er.“

Úr skýrslu Henrys Bæringssonar hjá rannsóknarnefnd 2. október 2025.

„Ég man einhvern veginn að andrúmsloftið var svolítið þannig í hreppsnefndinni og bara í byggðarlaginu að þetta var ekki tekið nógu alvarlega. Og ég sjálfur var einn af þeim. Maður var bara [...] þetta er bara spýja sem kemur úr fjallinu og kemur stundum og [...] eins og maður væri bara blindur fyrir hugsanlegum stórum áhrifum sko. Með þessu get ég svona almennt lýst því sem ég man eftir viðhorfinu.“

Úr skýrslu Steins Inga Kjartanssonar hjá rannsóknarnefnd 9. september 2025.

Hjá öðrum skýrslugjöfum nefndarinnar sem upplifðu snjóflóðin 6. janúar 1983 á einn eða annan hátt og bjuggu þá eða síðar í Súðavík kom að meginstefnu fram að þau snjóflóð hefðu ekki haft merkjanleg áhrif í þá átt að í kjölfarið hefði borið á sérstakri umræðu í Súðavík varðandi snjóflóðahættu í þorpinu í ljósi þeirra. Ekki hefði verið sérstakur ótti við það í þorpinu á þessum tíma. Fólk hefði þó verið meðvitað um snjóflóð en ekki gert sér endilega grein fyrir að það væri raunveruleg hættu, hvað þá í líkingu við það sem síðar hafi komið á daginn í snjóflóðinu í janúar 1995.⁶

Henry Bæringsson kom til Súðavíkur strax eftir snjóflóðin 6. janúar 1983 vegna starfa sinna fyrir Orkubú Vestfjarða og sá ummerki eftir þau. Hann bjó síðar einnig í Súðavík frá 1986 til áramóta 1991/1992 og sinnti þá m.a. starfi snjóathugunarmanns, eins og fram kemur í 4. kafla skýrslunnar. Í skýrslu hans hjá rannsóknarnefnd kom m.a. fram að hans tilfinning hefði verið sú að snjóflóðið í janúar 1983 hefði í raun verið „talað niður“ á þá leið að í aðdraganda þess hefðu komið til afbrigðilegar veður- og úrkomuáðstæður og aldrei myndi henda aftur að snjóflóð á þessum stað næði eins langt og þetta snjóflóð.⁷ Fram kom þar m.a. að hann hefði sjálfur, þá staddur við skoðun á ummerkjum snjóflóðsins beint í kjölfar þess, heyrt einn íbúa sem þá bjó við Túngötu viðhafa ummæli á þessa leið. Fólk hefði svo ekki viljað halda þessu mikið á lofti og almennt ekki tekið snjóflóðahættu á þessu svæði alvarlega eða hún verið ofarlega í huga fólks. Ekki hefði verið lítið á þetta sem raunhæfa hættu. Henry tók í þessu sambandi jafnframt fram að þetta væri hans upplifun og sjálfur hefði hann ekki vitað neitt betur enda enginn sérfræðingur á þessu sviði og væri að auki í skýrslu sinni hjá rannsóknarnefnd að tjá sig um þetta eftir á.

Í skýrslu Steins Inga Kjartanssonar hjá rannsóknarnefndinni komu fram á móta sjónarmið um viðhorf varðandi snjóflóðahættu í Súðavík eftir snjóflóðin í janúar 1983, eins og vitnað er til hér til hliðar.⁸ Í sömu átt ganga sjónarmið sem komu fram í skýrslu Árna Jónssonar hjá rannsóknarnefnd í tengslum við það þegar hann, ásamt Magnúsi Má Magnússyni og Þorsteini Jóhannessyni, heimsótti Súðavík í byrjun nóvember 1988 og þeir áttu viðræður við ýmsa heimamenn vegna upplýsingaöflunar, einkum þá um snjóflóðið í janúar 1983. Í framburði Árna kom þar m.a. fram að sérfræðingarnir þrír hefðu rætt sín á milli eftir þá ferð að heimamenn virtust fremur hafa dregið úr hættunni heldur en hitt. Árni kvaðst þó ekki muna gjörlla eftir þessum fundi eða afstöðu einstakra manna sem þar hefði komið fram og tók einnig fram að ekkert sérstakt sæti eftir hjá honum um viðmót heimamanna í Súðavík til vinnu sérfræðinganna að hættumatinu.⁹ Í skýrslu Magnúsar Más kvaðst hann ekki muna sérstaklega eftir þessari ferð til Súðavíkur í tengslum við gerð hættumatsins en lýsti þó óljóst svipaðri upplifun af honum og Árne.¹⁰ Ítreka má hér að skýrsla sérfræðinganna þriggja um ferðina, þar sem fram koma nánar þær upplýsingar sem komu fram hjá einstökum heimamönnum þá um þetta snjóflóð og önnur atriði, er meðal gagna með hættumatstillögu Árna Jónssonar frá desember 1988 sem birt er með skýrslunni. Upplýsingar í þeirri skýrslu benda að minnsta kosti til að fram hafi komið ólíkar lýsingar heimamanna í Súðavík á þessu snjóflóði og skriðlengd þess sem ekki voru endilega í innbyrðis samræmi.

Bornar voru undir skýrslugjafa rannsóknarnefndarinnar helstu upplýsingar frá næstu árum eftir snjóflóðið 6. janúar 1983 varðandi umræðu og samskipti hreppsyrvalda við skipulagsyrfirvöld varðandi snjóflóðahættu ofan byggðarinnar, möguleika eða tillögur varðandi varnarvirki og annað sem rakið er í kafla 4 í skýrslunni frá þessum árum. Ef frá eru taldir skýrslugjafar sem átt höfðu þátt í slíkum samskiptum af hálfu hreppsins eða annars komið að stjórn hans á viðkomandi tíma var þar almennt sú eindregna lína í svörum fólks sem bjó í Súðavík á viðkomandi tímum að það kannaðist ekki við að hafa fengið upplýsingar um eða annars vitað af slíkum atriðum. Hið sama átti við um atvik varðandi umræðu og ráðagerðir vegna snjóflóðavarna ofan byggðarinnar sem komu til frá og með árinu 1990 eftir að hættumatið lá fyrir í árslok 1989. Skýrslugjafar úr hópi almennra íbúa í Súðavík á þeim tíma kváðust þannig almennt ekki hafa verið meðvituð um slíka

6. Hálfán Kristjánsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 10. september 2025.

7. Henry Bæringsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 2. október 2025.

8. Steinn Ingi Kjartansson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 9. september 2025.

9. Árni Jónsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 22. september 2025.

10. Magnús Már Magnússon, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 14. október 2025.

umræðu eða áætlanir. Um hættumatið eða hættumatskortið sjálft gegndi svipuðu, þ.e. sömu skýrslugjafar kváðust yfirleitt ekki hafa séð hættumatið sjálft eða verið sérstaklega meðvituð um hvernig hættulínan lá nákvæmlega. Þó mátti ráða þar að einhverjum að minnsta kosti hafi í grófum dráttum verið ljóst hvort hús þeirra stóð á grænu eða rauðu svæði, þ.e. „hættulausu“ svæði eða hættusvæði eins og svæðaskiptingin var sett fram á hættumatskortinu.

Fram kom í skýrslum Maríu Mayu Hrafnhildardóttur og Þorsteins Arnar Gestssonar hjá rannsóknarnefndinni að móðir þeirra og fósturfaðir, Hrafnhildur Þorsteinsdóttir og Sveinn G. Salómonsson, sem bjuggu að Nesvegi 7 og létust bæði í snjóflóðinu, hefðu eftir hættumatið 1989 verið meðvituð um það út af fyrir sig að hús þeirra var á rauðu svæði. Þau hefðu aftur á móti lagt á það traust að almannavarnir í Súðavík myndu aðvara þau ef hætta skapaðist í tilteknum tilvikum. Fram kom í máli beggja að þau hefðu síðast heyrt móður sína lýsa viðhorfi á þessa leið, þ.e. að aðvörðun kæmi ef hættuástand skapaðist, rétt fyrir snjóflóðið í janúar 1995, þ.e. dagana og nóttina á undan.

Í skýrslu Maríu Mayu kom nánar fram í þessu sambandi að hún hefði upplifað afstöðu móður sinnar varðandi að búa á hættusvæði á vissan hátt einnig á þá leið að fólk hefði litið svo á að ef hætta teldist veruleg þá yrðu byggðar varnir en úr því að ekki kom til þess hefði fólk í ljósi þess hneigst til að álíta að hætta væri ekki það mikil.¹¹

Hjá Þorsteini Erni kom nánar fram í þessu sambandi að móðir hans hefði ávallt lagt á það áherslu, og ítrekað það síðast að áliðnu kvöldi fyrir snjóflóðið þegar hann heimsótti hana í Nesveg 7, að ef það yrði hætta og viðvörðun bærisk henni myndi hún jafnskjótt hringja í hann og þau myndu þá öll, þ.e. einnig Þorsteinn Örn og fjölskylda hans í Túngötu 4, yfirgefa heimili sín og safnast saman í söluskála bensinstöðvarinnar, sem Hrafnhildur og Sveinn ráku.¹²

Að því er varðar íbúa við Túngötu má geta þess að í skriflegum svörum Bjarkar Þórðardóttur, íbúa að Túngötu 6, til rannsóknarnefndar kom m.a. fram að hún hefði ekki vitað af hættumatinu fyrir Súðavík eða efni þess og enga hugmynd haft um hugsanlega snjóflóðahættu ofan Túngötu. Fram kom einnig að Björk hefði flutt til Súðavíkur vorið 1994 og þá keypt Túngötu 6 af Súðavíkurhreppi en húsið hefði verið í verkamannabústaðakerfinu.¹³

Í skýrslu Jónasar Hrólfssonar, íbúa að Túngötu 8, hjá rannsóknarnefnd kom fram að hann hefði flutt til Súðavíkur árið 1991 þegar hann tók við skipstjórn á rækjubát þar og fengið þá til afnota og síðar til leigu húsið við Túngötu 8 fram að snjóflóðinu.¹⁴ Jónas kvaðst ekkert hafa vitað um snjóflóð í Súðavík á fyrri árum og ekki orðið var við umræðu um snjóflóðahættu eða vitað af hættusvæðum vegna snjóflóða samkvæmt gildandi hættumati meðan hann bjó í Súðavík. Fram kom einnig hjá honum að hann hefði fyrst heyrt af snjóflóðinu 6. janúar 1983 frá Elvari heitnum Ragnarssyni kvöldið eða nóttina fyrir snjóflóðið 16. janúar 1995 þegar Jónas hefði hringt í Elvar. Tilefni símtalsins var óróleiki sem kominn var að Jónasi vegna veðurastæðna og mögulegri snjóflóðahættu því samfara og vildi hann bera það undir Elvar og leita ráðlegginga í því sambandi. Elvar hefði þá sagt honum frá snjóflóðinu í janúar 1983 og hvernig það hefði komið á þáverandi hús Elvars og fjölskyldu hans að Túngötu 4. Upp hafi komið í samræðum þeirra að betra gæti verið að vera í stofunni ef snjóflóð kæmi. Eins og fram hefur komið í 5. kafla skýrslunnar varð úr að Jónas, eiginkona hans og tvær dætur sem heima voru gistu þessa nótt í stofu hússins að Túngötu 8. Húsið gjöreyðilagðist þegar snjóflóðið fór í gegnum það árla um morguninn og lifði Jónas einn þeirra af.

Þorsteinn Örn Gestsson og Sigríður Rannveig Jónsdóttir, sem þá voru hjón, voru nýlega fyrir snjóflóðið í janúar 1995 búin að festa kaup á Túngötu 4 af Súðavíkurhreppi og fluttu þar inn með börnum sínum örfáum vikum áður en snjóflóðið féll. Það hús var einnig hluti af verkamannabústaðakerfinu. Bæði höfðu þá búið lengi í Súðavík, Þorsteinn frá árinu

„Við vissum að þetta var á hættusvæði. En við vorum bara það barnaleg að við bara ætluðumst til þess, að sérstaklega fólk sem var á rauðu svæði eins og við, að við yrðum bara látin vita, eitt símtal.“

Úr skýrslu Maríu Mayu Hrafnhildardóttur hjá rannsóknarnefnd 8. september 2025.

11. María Maya Hrafnhildardóttir, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 8. september 2025.

12. Þorsteinn Örn Gestsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 11. september 2025.

13. Björk Þórðardóttir, svör með tölvupósti 5. október 2025 við fyrirspurnum rannsóknarnefndar með tölvupósti 26. september 2025.

14. Jónas Hrólfsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 22. september 2025.

„Hefði ég vitað það, ég svaf með hausinn upp við rauða línu, þar sem dregin var lína við húsið mitt á Túngötu 4, þá hefðum við aldrei flutt inn í þetta hús. Við vorum ekki búin að pakka upp úr kössunum einu sinni, við vorum svo nýflutt. [...] Af hverju var þetta ekki sagt við mig þegar ég keypti húsið þarna í desember? Alla vega leyfa manni að fá aðeins að athuga það, ok það er greinilega hætta þarna þar sem þið dróguð rauða línu bara með allri götunni þarna.“

Úr skýrslu Þorsteins Arnar Gestssonar hjá rannsóknarnefnd 11. september 2025.

„En maður tók þessu aldrei af neinni alvöru. Maður gerði sér enga grein fyrir þessum ofurkröftum sem eru þarna á ferðinni. Og þú sérð það að meira að segja þeir sem eru lærðir í þessu, þeir geta ekki skilið það. Þá er ekki von að ég geti það.“

Úr skýrslu Hafsteins Númassonar hjá rannsóknarnefnd Alþingis 8. september 2025.

1982 þegar hann fluttist þangað á unglingsaldri með foreldrum sínum en Sigríður Rannveig frá fárra mánaða aldri árið 1972. Á árunum fyrir snjóflóðið í Súðavík kvaðst hvorugt hafa verið sérstaklega meðvitað um eða hugsað út í snjóflóðahættu í þorpinu eða orðið vart við umræðu í tengslum við slíka hættu. Þar á meðal kom fram að þau hefðu verið alls ómeðvituð um að snjóflóðið 6. janúar 1983 hefði farið á húsið að Túngötu 4 og ekki vitað af eða verið kynnt sérstaklega við kaup á húsinu hvernig hættulínan lá við Túngötu. Í skýrslu Þorsteins kom m.a. fram að hann hefði ekki vitað af snjóflóðahættu á þessu svæði og í framhaldi þess þau sjónarmið sem vitnað er til hér til hliðar.¹⁵ Í skýrslu Sigríðar Rannveigar kom auk þess fram að hún hefði ekki vitað af því á þessum tíma að fyrri eigandi Túngötu 4 hefði sett hlera fyrir glugga hússins að ofanverðu vegna snjóflóðahættu og fyrst frétt af því löngu síðar.¹⁶

Í skýrslu Hafsteins Númassonar hjá rannsóknarnefnd kom m.a. fram að hann og þáverandi eiginkona hans, Berglind M. Kristjánsdóttir, hefðu byrjað að búa í Súðavík 1986 og síðan búið þar fram að snjóflóðinu, að undanskildum stuttum tíma árið 1987 eða 1988 þegar þau bjuggu á Patreksfirði.¹⁷ Hafsteinn og Berglind keyptu fyrst og bjuggu í húsinu við Túngötu 6 en keyptu síðar húsið við Túngötu 5 og bjuggu þar frá árinu 1992 með þremur börnum sínum.¹⁸ Hafsteinn kvaðst ekki hafa vitað neitt að ráði um snjóflóð og snjóflóðahættu í Súðavík fyrr en eftir snjóflóðið í janúar 1995. Hann minntist þess heldur ekki að hafa séð eða vitað af hættumatinu fyrir Súðavík, þ.e. hættusvæðum samkvæmt því, en einungis heyrt af hættumatinu í tengslum við óánægju hreppsnefndar með það vegna missis á byggingarlandi hreppsins.

Hafsteinn kvaðst ekki hafa upplifað það svo að húsið þeirra við Túngötu 5 væri í hættu vegna snjóflóða en minntist þess að hafa sagt í gríni á þessum tíma að það væri þá alla vega betra að vera kominn á Túngötu 5, sem var í neðri húsaröð við götuna, af því að ef það kæmi flóð þá myndi það stoppa við húsin fyrir ofan. Hafsteinn tók fram að þannig hefði „eitthvað verið í honum“ með þetta en lét þess þá jafnframt getið sem vitnað er til hér til hliðar. Í blaðaviðtali við Hafstein þremur dögum eftir snjóflóðið kom svipað fram, þ.e. að þau hjónin hefðu rætt hugsanlega snjóflóðahættu en talið sig óhult í sínu húsi, þar sem það stæði neðanvert við Túngötu.¹⁹ Síðar, þegar fjögur ár voru liðin frá snjóflóðinu, birti Hafsteinn grein í Morgunblaðinu, sem nánar er fjallað um í kafla 6.6 í skýrslunni, þar sem fram komu einnig sjónarmið á sömu leið, nánar þá m.a. að hann hefði vitað að hættulínan var dregin ofan við byggðina en þóst vera alveg öruggur eftir að þau hjónin fluttu í hús í neðri húsaröðinni við Túngötu.²⁰

Eins og fram hefur komið hér á undan, sem og í öðrum köflum skýrslunnar, mun hafa verið viðtekið almennt á árunum fyrir snjóflóðið, sem liður í viðleitni til að tryggja eða auka öryggi sitt innandyra vegna snjóflóðahættu, að dvelja eða sofa neðanvert í húsum á snjóflóðahættusvæðum, þ.e. þeim megin í húsinu sem væri fjær viðkomandi snjóflóðafarvegi. Fram hefur komið við rannsóknina að þetta hafi meðal annars verið liður í opinberum leiðbeiningum vegna snjóflóðahættu, líkt og rakið var nánar í kafla 4 í skýrslunni. Þar var getið um leiðbeiningar í símaskránni á þessum tíma vegna snjóflóða og snjóflóðahættu og bækling Almannaþingar ríkisins um sömu efni sem gefinn var út árið 1988 og dreift í snjóflóðabyggðum, m.a. í Súðavík eftir því sem næst verður komist. Við rannsóknina, þar á meðal í skýrslutökum, hafa hins vegar ekki komið fram upplýsingar um að af hálfu hreppsfyrvalda í Súðavík hafi farið fram gagnvart íbúum sérstök eða formleg fræðsla um snjóflóð og viðbrögð vegna þeirra eða snjóflóðahættu.

Varðandi Súðavík má ráða af ýmsu sem komið hefur fram við rannsóknina og rakið er í skýrslunni að það að sofa eða dvelja neðan til í húsum vegna hugsanlegrar snjóflóðahættu, eða ráðleggingar á þá leið, hafi í framkvæmd verið liður í venjubundnum viðbrögðum

15. Þorsteinn Örn Gestsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 11. september 2025.

16. Sigríður Rannveig Jónsdóttir, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 23. september 2025.

17. Hafsteinn Númasson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 8. september 2025.

18. Þess skal getið að undir rannsókninni kom fram af hálfu Berglindar M. Kristjánsdóttur, af nánar tilgreindum ástæðum, að hún sæi sér ekki fært að koma til skýrslugjafar hjá rannsóknarnefndinni.

19. [Helgarpósturinn – 6. tölublað \(19.1.1995\) – Tímarit.is](#).

20. [Morgunblaðið – 12. tölublað \(16.01.1999\) – Tímarit.is](#).

þar vegna snjóflóðahættu. Það gat þá bæði átt við sem viðbrögð í reynd ef hætta kom upp og einnig verið það sem hugsanlega kom fólki fyrst eða helst í hug til að tryggja öryggi sitt innandyra.

Í skýrslu Önnu Sigurðardóttur kom m.a. fram að kvöldið fyrir snjóflóðið 6. janúar 1983 hefðu hún og fjölskylda hennar fengið þau skilaboð frá björgunarsveitinni í Súðavík, að því er Önnu minnti, að sofa neðan til í húsi sínu við Túngötu 4 þá nótt.²¹ Þess má geta í því sambandi að hvorki Anna né dóttir hennar Guðrún Astrid Elvarsdóttir kváðust í skýrslum sínum hjá rannsóknarnefnd minnst þess að hafa gert það í reynd umrædda nótt eða síðar. Guðrún Astrid kvaðst um leið hins vegar minnst þess að oft hefði komið til umræðu innan fjölskyldunnar þegar veður var vont að gista neðanvert í húsi þeirra við Túngötu 4, þar sem þau bjuggu lengst af fyrir snjóflóðið. Í því sambandi vísaði hún jafnframt til þess að sömu ráð hefði faðir hennar, Elvar heitinn Ragnarsson, gefið vini sínum, Jónasi Hrólfssyni, nóttina fyrir snjóflóðið í janúar 1995.²² Hér undan hafa verið rakin atriði á svipaða leið úr skýrslu Jónasar hjá rannsóknarnefndinni um samtal þeirra Elvars þessa nótt. Í skýrslu Steins Inga Kjartanssonar, sem bjó við Túngötu 9 frá árinu 1974 ásamt eiginkonu sinni sem nú er látin og börnum þeirra, kom m.a. fram að eiginkona hans hefði oft í vondum veðrum talað um að hún væri smeyk vegna hlíðarinnar fyrir ofan og öruggara væri að sofa neðan til í húsinu þegar þannig viðraði. Steinn Ingi svaraði aðspurður nánar svo að það hefðu þau gert einhver skipti.²³ Hálfán Kristjánsson minntist þess einnig í skýrslu sinni hjá rannsóknarnefnd að á árum áður, þegar hann bjó ásamt fjölskyldu sinni í Túngötu 8, hefði fjölskyldan vegna óvissu um mögulega snjóflóðahættu í Súðavíkurlíð í vondum veðrum a.m.k. í tvö eða þrjú skipti í varúðarskyni sofið á dýnum í stofu hússins, í horni þar sem steypdur milliveggur í stofunni mætti útvegg þess.²⁴

Dæmi um venjubundin viðbrögð í þessa átt vegna snjóflóðahættu í Súðavík má sömuleiðis ráða af skjallægum gögnum sem komið hafa fram við rannsóknina. Þar má nefna áður nefndan fund hreppsnefndar Súðavíkur 25. febrúar 1989, í tilefni af hættuástandi vegna snjóflóða sem þá kom upp. Þar var bókað í fundargerð, í samhengi við ráðgerð viðbrögð vegna hættuástands sem þótti vera við Túngötu alla ofanverða og Nesveg ofanverðan, að fólk á því svæði „[færði] sig til“ og yrði eins viðbúið og það gæti verið. Ekkert kom þó ótvírætt fram um það við rannsóknina hvort og þá hvernig þau viðbrögð við þessu hættuástandi sem bókað var um í fundargerðina hefðu í reynd verið framkvæmd. Í athugasemdum Magnúsar Más Magnússonar til Almannafróðisins í tengslum við gerð greinargerðar þeirra 28. apríl 1995 kom einnig m.a. fram, svo sem nánar greinir í 5. kafla skýrslunnar, að í samtali hans og Heiðars Guðbrandssonar nóttina fyrir snjóflóðið hefði í samhengi við viðræður þeirra varðandi snjóflóðahættu á „ytra svæðinu“, þ.e. undir Súðavíkurlíð, og viðbrögð vegna hennar verið rætt um að koma til dæmis tilmælum til fólks um að halda sig neðan til í húsum sínum. Loks má hér nefna athugasemdir Sigríðar Hrannar Elíasdóttur, þáverandi sveitarstjóra í Súðavík til Almannafróðisins vegna sömu greinargerðar þeirra. Vitnað er til athugasemdanna að því leyti sem hér hefur þýðingu í 5. kafla skýrslunnar, nánar tiltekið í niðurlagi rammagreinar í kafla 5.4.2. Þar kom m.a. efnislega fram að jafnvel þó svo vitneskja hefði komið fram um snjóflóðahættu á „ytra svæðinu“ nóttina fyrir snjóflóðið, sem Sigríður kvað ekki hafa verið eins og nánar er rakið í tilvísari umfjöllun, hefðu viðbrögð þá ekki gengið lengra en svo að hringt hefði verið í íbúana og þau verið beðin að sofa neðan til í húsum sínum.

7.2. Viðhorf eða meðvitund vegna snjóflóðahættu og snjóflóðavarnir í öðrum snjóflóðabyggðum en Súðavík

Eins og fram hefur komið í kafla 1 og eftir tilefni annars staðar í skýrslunni voru viðfangsefni rannsóknarnefndarinnar afmörkuð við málsatvik tengd snjóflóðinu í Súðavík 16. janúar 1995, þar á meðal á árunum fyrir snjóflóðið. Við þá rannsókn hlutu hins vegar jafnframt að koma samhliða fram ýmsar upplýsingar varðandi stöðu og gang snjóflóðavarnamála

21. Anna Sigurðardóttir, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 13. október 2025.

22. Guðrún Astrid Elvarsdóttir, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 6. október 2025.

23. Steinn Ingi Kjartansson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 9. september 2025.

24. Hálfán Kristjánsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 10. september 2025.

á öðrum stöðum en í Súðavík, sem og almennt í landinu á tilteknum tímum. Um leið taldi nefndin óhjákvæmilegt frá upphafi að rannsóknin tæki einnig að fullnægjandi marki, innan þess sem svigrúm leyfði, til stöðu þessara mála annars staðar en í Súðavík eða almennt í landinu á tímabili rannsóknarinnar. Með öðrum orðum var hvorki talið rétt né sannjarnt að horfa þar einungis til Súðavíkur „í tómarúmi“ og án samanburðar eða samhengis við annað. Eins og ýmis umfjöllun í skýrslunni endurspeglar var þess vegna reynt að láta rannsókn og skýrslu nefndarinnar eftir því sem unnt var einnig varða upplýsingar um hvernig sömu málum og rannsóknin snerti varðandi Súðavík var háttað í öðrum snjóflóðahættubyggðum eða í landinu á heildina litið á þeim tíma sem rannsóknin tók til. Sú umfjöllun er ætluð sem yfirlit og á sér einkum þann tilgang að standa í samhengi við umfjöllun um meginefni skýrslunnar varðandi Súðavík. Gæta verður að því um leið varðandi þá umfjöllun að nefndinni hvorki falið né fært að athuga og gera grein fyrir þessu heildstætt eða sérstaklega ítarlega vegna annarra snjóflóðahættubyggða en Súðavíkur.

Frá tímanum fyrir setningu ofanflóðalaganna 1985 má hér vísa til áður nefndra sjónarmiða sem fram komu í skýrslu Hafliða Helga Jónssonar hjá rannsóknarnefnd um að á matskortum um snjóflóðahættu sem hann tók saman fyrir einstakar snjóflóðahættubyggðir og notaði sem vinnugögn vegna starfa sinna sem snjóflóðasérfræðings á Veðurstofunni á fyrri hluta níunda áratugar 20. aldar hefði víða birst miklu verri mynd af snjóflóðahættu heldur en í Súðavík á slíku korti fyrir hana. Í upphafi starfa Ofanflóðanefndar á árinu 1985 komu einnig fram á fundum nefndarinnar afdráttarlaus sjónarmið um að staða snjóeftirlits og skráninga á snjóflóðum væri ekki góð í landinu almennt, eins og fram kemur í upphafi kafla 4.3.2.

Hér má einnig benda á umfjöllun í köflum 3 og 4 í skýrslunni varðandi snjóeftirlit. Í þeim fyrrnefnda, nánar tiltekið með öðru í kafla 3.3, má finna upplýsingar varðandi stöðu snjóeftirlitskerfisins, þ.e. í meginatriðum um skipan og störf snjóathugunarmanna. Sú umfjöllun nær eins langt aftur og virðist mega rekja tildrög og fyrstu skref sem tekin voru til þess að koma slíku kerfi á, nánar tiltekið aftur til árunna eftir snjóflóðin í Neskaupstað árið 1974, og síðan fram til setningar ofanflóðalaganna 1985. Í sama kafla er svo rakið það sem fram kom við rannsókn nefndarinnar um snjóathuganir annars staðar en í Súðavík á áratugnum sem leið frá setningu ofanflóðalaganna 1985 og fram að snjóflóðinu í Súðavík í janúar 1995. Um hið síðarnefnda er einnig að finna ýmsar upplýsingar í 4. kafla skýrslunnar, einkum þá í kafla 4.6 og umfjöllun þar sem annars beinist einkum að snjóathugunum í Súðavík á þessum árum. Í kafla 4.8, í tengslum við umfjöllun um lagafrumvörp og opinbert nefndarstarf vegna fyrirhugaðra breytinga á ofanflóðalögum á árunum fyrir snjóflóðið, koma sömuleiðis fram ýmsar almennar upplýsingar um þetta enda beindist sú viðleitni til lagabreytinga ekki síst að því að bæta og styrkja stöðu snjóeftirlitskerfisins.

Af upplýsingum um þetta sem þannig koma fram á ýmsum stöðum í skýrslunni má samandregið og ótvírætt ráða að það var víðar en í Súðavík sem snjóathuganir áttu erfitt uppdráttar á árunum fram að snjóflóðinu í janúar 1995, en um Súðavík í því sambandi er fjallað sérstaklega í kafla 4.6 og samantekt með kafla 4. Ljóst er að stjórnvöld á sviði ofanflóðamála töldu á síðari hluta árs 1994 að mjög erfið staða væri uppi með snjóeftirlit í snjóflóðabyggðum í landinu almennt. Nánar virðist það hafa birst með ýmsum hætti og átt sér eflaust margháttaðar skýringar, svo sem varðandi kostnað og erfiðleika við að manna þessi störf í litlum og fámennum sveitarfélögum og starfsaðstæður, álag eða kjör í störfunum sjálfum. Hér má þó einkum vísa til þess sem þessi gögn endurspeglar um þrýsting eða hagsmunaprýsting sem snjóathugunarmenn voru taldir eiga við að etja í heimabyggð sinni vegna mismunandi skoðana eða afstöðu fólks, fyrirtækja eða yfirvalda í viðkomandi byggð í tengslum við mat sem þeir settu fram á snjóflóðahættu.

Í kafla 4, nánar tiltekið kafla 4.4, er sett fram ágríp nefndarinnar um upplýsingar sem komu fram við rannsóknina um gerð snjóflóðahættumats í tveimur öðrum snjóflóðabyggðum en Súðavík, þ.e. Siglufirði og Seyðisfirði. Eins og nánar er rakið í þeim kafla skýrslunnar kom í báðum þessum tilvikum upp andstaða bæjaryfirvalda við það hættumat sem unnið var að á vegum opinberra stjórnvalda á þessu sviði, þ.e. Ofanflóðanefndar, Almannafráttar ríkisins og Veðurstofunnar, og þau töldu rétt að leggja til grundvallar og staðfesta. Sú andstaða og ágreiningur í kjölfarið leiddi í báðum tilvikum til töluverðrar

„Það er ekki bara Súðavík, heldur annars staðar. Viðhorfið var þannig að þetta væri raun og veru ekki sú hættu sem það var. Það var verið að reyna að draga úr henni, ég hef heyrt, man eftir, situr svona eftir í mér, að það voru margir sem voru með fullyrðingar að „þetta er allt í lagi“.“

Úr skýrslu Magnúsar Mús Magnússonar hjá rannsóknarnefnd 14. október 2025.

lengingar á fyrirhuguðum meðferðartíma hættumatsins. Í tilviki Siglufjarðar lyktaði þetta með því að staðfestingu hættumatsins var að endingu frestað, svo sem staðan var enn þegar snjóflóðið féll í Súðavík um fimm árum eftir að undirbúningur hættumats á Siglufirði hafði fyrst hafist. Varðandi Siglufjörð má þarna einnig sjá að andstöðu bæjaryfirvalda var haldið fram af töluverðum þrótti og beindist að umtalsverðu leyti, ásamt efnislegum sjónarmiðum gegn fyrirleggjandi hættumatstillögu, að fjárhagslegum hagsmunum sem skerðast myndu ef hættumatstillagan yrði staðfest.

Loks hafa hér einnig þýðingu gögn og upplýsingar frá tímanum eftir snjóflóðið í Súðavík, þ.e. varðandi efni sem rakin eru nánar í kafla 6.5 um viðbrögð stjórnvalda í bráð og lengd eftir snjóflóðið. Hér má einkum vísa til gagna og upplýsinga sem gerð er grein fyrir í köflum 6.5.1 og 6.5.6 og ganga í sömu átt og annað sem hér hefur verið reifað, svo sem varðandi hagsmunatogstreitu í tengslum við snjóflóðahættumat, viðmót íbúa eða yfirvalda sveitarfélaga í því sambandi og nauðsyn þess eftir sem áður að styrkja snjóeftirlitskerfið í héraði. Í síðarnefnda kaflanum er m.a. vitnað til berorðra lýsinga þáverandi veðurstofustjóra í minnisblaði til umhverfisráðuneytisins í október 1995 þar sem lýst var afstöðu um ágalla eða veikleika þáverandi regluverks í snjóflóðavarnamálum. Þar var m.a. vikið að hagsmunatogstreitu og „fjandsamlegu viðhorfi yfirvalda snjóflóðahættustaða“ við upphaf hættumatsgerðar, þ.e. frá árinu 1989 eða svo. Í niðurstöðum minnisblaðsins var tekið fram að stefnan í snjóflóðavörnum hefði „endanlega beðið skipbrot“ og sjónarmiðum varðandi hagsmunaárekstra lýst í hnotskurn með viðlíkingu sem vitnað er til hér til hliðar.

Í skýrslu hjá rannsóknarnefndinni kom fram hjá Magnúsi Jónssyni fyrrum veðurstofustjóra, sem gegndi því starfi í fimmtán ár frá 1. janúar 1994 og var áður starfandi veðurfræðingur á spádeild Veðurstofunnar, að hann hefði á árunum fyrir snjóflóðið í Súðavík upplifað það svo að snjóflóðahættumötin hefðu verið óvinsæl í sveitarfélögunum og iðulega komið upp ágreiningur um niðurstöður þeirra hættumata sem unnin voru á því tímabili.²⁵ Menn hefðu ekki viljað horfast í augu við hættuna og hefðu ekki tekið því fagnandi að fá mötin. Ferlið hafi verið það að þegar hættumötin höfðu verið unnin hafi þau jafnan verið send til umsagnar til sveitarfélaganna. Þá hafi heimamenn farið að hnika til línunum og gera athugasemdir. Svo virtist sem menn hefðu fremur áhyggjur af verðfalli fasteigna, áhrifum á skipulagsmál og uppbyggingu, en að tengja þau öryggi íbúanna. Þannig hafi þau orðið pólitískt mál í sveitarstjórnunum.

Framangreindu til viðbótar má vísa hér stuttlega í eitt atriði sem á sinn hátt endurspeglar þau grunnstef sem hér hefur verið reynt að draga að nokkru leyti saman. Taka má fram þar að fleiri ámóta tilvik mætti reifa af framkvæmd og viðhorfum í þessum málum frá árunum fyrir og eftir snjóflóðið í Súðavík í janúar 1995 en hér verður þetta látið nægja. Hið stóra og mannskæða snjóflóð í Tungu- og Seljalandsdal í apríl 1994 olli einnig miklu eignatjóni og lagði þannig m.a. skíðasvæði Ísfirðinga á Seljalandsdal í rúst að stærstu leyti. Eins og vitnað er til í 5. kafla skýrslunnar lýsti þáverandi bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar því í blaðaviðtali eftir þann atburð að um „einstakan viðburð“ hefði verið að ræða og í ljósi þess væri stefnt að því að byggja skíðasvæðið upp aftur á sama stað og opna að nýju veturinn eftir. Eftir endurbyggingu var skíðasvæðið opnað að nýju réttu ári síðar, 2. apríl 1995, og spannaði þá yfir gamla skíðasvæðið á Seljalandsdal og nýtt skíðasvæði í Tungudal.²⁶ Í millitíðinni hafði sýslumaðurinn á Ísafirði, Ólafur Helgi Kjartansson, lýst opinberlega efasemdum um að rétt væri að byggja skíðasvæði upp aftur á Seljalandsdal vegna snjóflóðahættu og töluverður ágreiningur komið upp í tengslum við þá afstöðu hans.²⁷ Í mars 1999 féll aftur snjóflóð úr sama snjóflóðafarvegi á skíðasvæðið á Seljalandsdal, nokkru styttra en hið fyrra fimm árum áður, og skemmdi mikið eða eyðilagði lyftumannvirki þar. Svo fór eftir það að skíðasvæðið var ekki endurbyggt aftur á þessum stað, þrátt fyrir að raunar hafi komið fram einhverjar hugmyndir um það, heldur var skíðasvæði Ísfirðinga flutt í innanverðan Tungudal, þar sem það hefur verið síðan.

„Nauðsynlegt er að taka hagsmunagæslu út úr hættumati og snjóflóðavörnum enda núverandi kerfi svipað því að flugfélög og útgerðir hefðu áhrif á veðurspár og viðvaranir.“

Úr minnisblaði Magnúsar Jónssonar þáverandi veðurstofustjóra til umhverfisráðherra 31. október 1995.

25. Magnús Jónsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 19. september 2025.

26. Vestfirski fréttablaðið – 13. tölublað (5. apríl 1995) – Timarit.is.

27. Nánari upplýsingar um þann ágreining má sjá nálgast í umfangllun fjölmiðla um hann á sínum tíma, þ.e. á síðari mánuðum árs 1994 og fyrstu mánuðum árs 1995 en hér má til dæmis til hliðsjónar vísa til [umfjöllunar í dagblaðinu DV frá 20. mars 1999](#) þar sem atvik tengd þessu voru dregin saman nokkrum árum síðar.

Af því sem hér hefur verið dregið saman má telja að minnsta kosti ljóst að staða snjóflóðavarna og viðhorf eða framkvæmd varðandi mat á og viðbúnað gegn snjóflóðahættu sem helst kunna að endurspeglast í þessari skýrslu varðandi Súðavík hafi langt í frá verið einsdæmi þar á árunum fyrir snjóflóðið þar í janúar 1995. Það átti einnig og ekki síður við um aðrar snjóflóðahættubyggðir á landinu á þeim tíma og birtist jafnvel með afgerandi hætti á sumum stöðum, þar á meðal í beinum ágreiningi milli viðkomandi sveitarstjórna og opinberra stjórnvalda sem fóru með verkefni og hlutverk á þessu sviði, einkum þá Almanna- og Ofanflóðanefndar en einnig Veðurstofu Íslands.

7.3. Hættusvæði og hættumörk í snjóflóðahættumati fyrir Súðavík

Eins og fjallað er um í kafla 4 í skýrslunni kom fram við gerð reglugerðar nr. 347/1988, um hættumat vegna snjóflóða, gagnrýni á að hún áskildi eitt tiltekið líkan til notkunar við gerð hættumats, þ.e. líkan Þorsteins Jóhannessonar verkfræðings eða reglugerðarlíkanið svonefnda. Einnig kom fram í þessari vinnu efnisleg gagnrýni eða athugasemdir við líkanið sem slíkt og framsetningu þess í drögum að reglugerðinni, m.a. með vísan til álits erlendra sérfræðinga sem tjáð hefðu sig um það. Þetta leiddi m.a. til nokkurra skoðanaskipta eða ágreinings milli verkfræðinganna Þorsteins Jóhannessonar og Árna Jónssonar sem rakinn er í kafla 4.3 og telst nægja hér að vísa nánar til þeirrar umfjöllunar. Sömuleiðis er í þeim kafla gerð grein fyrir bréfi erlends snjóflóðasérfræðings, Hans Gubler, frá ágústlokum 1989, þ.e. eftir að gerð hættumats fyrir Súðavík var í reynd lokið og það beið staðfestingar ráðherra, þar sem fram kom gagnrýni á reglugerðarlíkanið. Af því bréfi, og raunar yfirleitt einnig annarri gagnrýni sem gögn rannsóknarnefndarinnar hafa að geyma um þetta reiknilíkan, verður ráðið að sú gagnrýni hafi helst beinst að eðlisfræðilegum grundvelli þess.

Af fyrirbyggjandi gögnum um endurskoðun reglugerðarinnar frá og með árinu 1990 verður einnig ráðið að helst hafi verið talin nauðsyn til að ráða bót á (eðlis)fræðilegum grundvelli líkansins en að því búnu yrði það prófað aftur á þekktum snjóflóðum. Gögn um þessa fræðilegu endurskoðun líkansins eru rakin í kafla 4 í skýrslunni. Þau benda til að hún hafi einkum falist í að leiðrétta jöfnur sem líkanið byggðist á en líkanið yrði hins vegar mjög líkt í notkun eftir sem áður og ólíklegt væri að eðlisbreyting yrði með þessu á niðurstöðum úr því. Í sama kafla hér á undan kom svo einnig fram að verkfræðistofan Vatnaskil hefði að þessu búnu í upphafi árs 1992 fengið það verkefni að gera endurbætt snjóflóðalíkan, þ.e. á grundvelli eldra líkans Þorsteins en að teknu tilliti til umræddrar endurskoðunar. Einnig kom þar fram að síðari prófanir á því líkani undir lok árs 1994, þar sem það var borið saman við upphaflegt líkan Þorsteins Jóhannessonar, þóttu í aðalatriðum benda til þess að líkonið virkuðu í stórum dráttum svipað og að lausnir sem þau gæfu væru einnig mjög svipaðar, þó gerður væri viss fyrirvari vegna frekari prófana á næmi hvors líkans fyrir sig fyrir breytingum á stuðlum.

Flosi Sigurðsson verkfræðingur lýsti því í skýrslu sinni hjá rannsóknarnefndinni að hann og aðrir sem störfuðu á þessu sviði hefðu verið meðvitaðir um að reglugerðin hefði nánast verið bundin við líkan Þorsteins og um leið verið meðvitaðir um að líkanið væri ekki alveg eðlisfræðilega rétt og því notað önnur líkón líka. Líkan Þorsteins hefði hins vegar ekkert gefið aðrar niðurstöður en þau og verið á margan hátt alveg nýtilegt, miðað við að ná niðurstöðum samkvæmt forsendum sem gefnar voru í reglugerðinni.²⁸ Hér má einnig hafa í huga, líkt og fram kemur nánar í kafla 6 í skýrslunni, að Flosi Sigurðsson gerði fyrir hönd verkfræðistofunnar VST hættumat fyrir Súðavík í ágúst 1995, þ.e. eftir snjóflóðið, og studdist þar samhliða öðrum líkönum við umrætt líkan Þorsteins Jóhannessonar. Það hættumat var unnið á grundvelli nýrrar reglugerðar nr. 376/1995, m.a. um hættumat vegna snjóflóða, sem gengið hafði í gildi í júní það ár og komið í stað eldri reglugerðar nr. 347/1988 og áskildi nýja reglugerðin, öfugt við hina fyrri, ekki notkun tiltekins reiknilíkans við gerð hættumats heldur kvað einungis á um að nota skyldi reiknilíkon sem viðurkennd væru af Almanna- og Ofanflóðanefndarinnar en einnig Veðurstofu Íslands.

28. Flosi Sigurðsson, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 24. september 2025.

Af því sem fram hefur komið við rannsóknina um þetta má ráða að gagnrýni á hið svonefnda reglugerðarlíkan hafi fremur beinst að fræðilegum grundvelli þess, sem síðan hafi verið ráðnar bætur á, heldur en efnislegum niðurstöðum og áreiðanleika líkansins út af fyrir sig samkvæmt þeim stuðlum eða forsendum sem það byggði almennt á.

Á hinn bóginn liggur einnig fyrir að reglugerðarlíkanið og reglugerðin sjálf, þ.e. reglugerð nr. 347/1988, um gerð hættumats vegna snjóflóða, voru nátengd enda mælti reglugerðin fyrir um að nota skyldi („að hluta til“) þetta reiknilíkan og stuðla samkvæmt því við gerð hættumats og var hinu sama, þ.e. reiknilíkaninu og stuðlunum, nánar lýst í reglugerðinni.

Í kafla 4 í skýrslunni og samantekt í lok hans er gerð nánari grein fyrir ákvæðum reglugerðarinnar sem helst hafa þýðingu í ljósi viðfangsefna rannsóknarnefndarinnar. Fyrir utan ákvæði þar varðandi reglugerðarlíkanið er þar helst fjallað um ákvæði reglugerðarinnar um grunngili snjódyptar (snjódyptarstuðla) sem reglugerðin hafði að geyma.

Í reglugerðinni voru ákvæði (1.-3. mgr. 5. gr.) um grunngili snjódyptar sem miða ætti við í útreikningum með reiknilíkani, þ.e. annars vegar einn meter eða hins vegar tvo metra eftir nánar tilgreindum aðstæðum og forsendum. Beinar snjódyptarmælingar á upptakasvæðum snjóflóða lágu óviða eða nánast hvergi fyrir á þessum tíma, þar á meðal ekki í Súðavík. Ákvæði í reglugerðinni (4. mgr. 5. gr.) á þá leið að styðjast við ætti við þær ef þær væru til höfðu því ekki þýðingu við gerð hættumats fyrir Súðavík. Þessu til viðbótar voru í sömu grein reglugerðarinnar (5. mgr. 5. gr.) ákvæði um áætlun snjódyptar við tiltekna aðstæður. Ljóst er af gögnum um samningu reglugerðarinnar, sem og framkvæmd á grundvelli hennar í kjölfarið við gerð hættumats í Súðavík, að þau ákvæði voru ætluð til að koma í staðinn fyrir grunngili ef þau þættu gefa óeðlilegar niðurstöður. Samkvæmt þeim mátti, ef til væru upplýsingar um snjóflóð með þekktri skriðlengd, áætla snjódyptargildi með tilteknum hætti, í höfuðatriðum á þann veg sem svo var gert við gerð hættumats fyrir Súðavík með hliðsjón af snjóflóðinu 6. janúar 1983, þ.e. að miða snjódyptargildi við það gildi sem setja þyrfti inn í reiknilíkanið til að útreiknað snjóflóð samkvæmt því næði skriðlengd viðkomandi þekkt snjóflóðs. Stuðst var við þessi ákvæði við gerð hættumats fyrir Súðavík þar sem útreikningar með áður nefndum grunngili snjódyptarinnar þóttu ekki fullnægjandi, þ.e. útreiknað snjóflóð á þeim forsendum náði ekki skriðlengd snjóflóðsins 6. janúar 1983. Reglugerðin var að þessu leyti skilin svo, og mátti skilja hana svo, að ef notuð væri þessi heimild hennar til að áætla snjódyptargildi þá væri í reynd skylt samkvæmt henni að miða við hættumörk við mestu skriðlengd þekktra snjóflóða á viðkomandi svæði. Í tilviki Súðavíkur var það snjóflóðið 6. janúar 1983.

Eins og nánar kemur fram í samantekt með kafla 4 í skýrslunni miðaðist þannig snjóflóðahættumatið fyrir Súðavík 1989 og hættusvæði samkvæmt því í reynd við skriðlengd snjóflóðsins 6. janúar 1983. Það var þá, og allt fram að snjóflóðinu í janúar 1995, lengsta snjóflóðið úr Súðavíkurhlíð sem þekkt var eða upplýsingar höfðu annars komið fram um við gerð hættumatsins.²⁹ Snjóflóðasagan á svæðinu var hér, eins og annars staðar, stutt og ófullkomin en um leið í reynd sá þáttur sem mestu réði við gerð hættumats, að minnsta kosti ef sjá mátti af samanburði við þekkt snjóflóð á viðkomandi svæði að stuðlar og grunngili í reglugerðarlíkaninu gæfu óeðlilegar niðurstöður. Það mun í reynd jafnan hafa tekið til þess ef of stutt skriðlengd kæmi út miðað við skriðlengd þekkt snjóflóðs.

Af öðru sem kemur fram í skýrslunni um gerð hættumats almennt á þessum tíma verður ekki annað ráðið en að þar hafi a.m.k. í reynd verið fylgt sömu framkvæmd, þ.e. að miða hættumat við mestu skriðlengd þekktra snjóflóða á viðkomandi svæði. Um það má m.a. vísa til umfjöllunar í kafla 4.4 um gerð hættumats á Siglufirði og Seyðisfirði og til skýrra ummæla þess efnis af hálfu stjórnvalda á þessu sviði í viðtölum við fjölmiðla sem koma fram í köflum 5.2.2 og í upphafi kafla 6.5. Ágreiningur sem gat komið upp við gerð hættumats, og gerði það í reynd, laut hins vegar að snjóflóðasögunni, þ.e. áreiðanleika heimilda fyrir tilvist eða skriðlengd snjóflóða og þar með hvort og hvaða snjóflóð væri hægt að nota til viðmiðunar.

29. Hér má vísa til umfjöllunar síðar í þessum kafla varðandi óljósar upplýsingar um enn lengra snjóflóð úr Súðavíkurhlíð í upphafi 20. aldar sem munu að sögn Magnúsar Más Magnússonar fyrst hafa komið fram frá heimamönnum í Súðavík eftir snjóflóðið í janúar 1995.

7.4. Hús á snjóflóðahættusvæði undir Súðavíkurhlíð samkvæmt hættumatskorti

Snjóflóðahættusvæði í Súðavík voru tvö, svæðið undir Traðargili („innra svæðið“) og svæðið undir Súðavíkurhlíð („ytra svæðið“). Í snjóflóðahættumatinu (einnig kallað hættumatskort) voru skilgreind og sýnd tvö svæði, annars vegar „hættusvæði“ sem lítað var rautt og hins vegar „hættulaust svæði“ sem lítað var grænt. Mörk (hættumörk) milli þessara tveggja svæða á kortinu var hin svonefnda hættulína (hættumatslína, hættumarkalína).

Eins og nánar greinir í samantekt með kafla 4 í skýrslunni hafa við rannsókn nefndarinnar ekki komið fram ítarlegar eða skýrar upplýsingar um hvers vegna skilgreint var eitt hættusvæði vegna snjóflóða en ekki fleiri, þ.e. á árunum 1986-1988 þegar reglugerð um hættumat vegna snjóflóða var samin og gerð hættumata hófst svo á grundvelli hennar í kjölfarið. Ljóst er þó að í vinnu við endurskoðun reglugerðarinnar árin 1990-1994 kom fram að breyta þyrfti þessu og skilgreina í hættumötum tvískipt hættusvæði, þ.e. eiginlegt hættusvæði auk „óvissusvæðis“ þar fyrir neðan.

Eftir rannsókn nefndarinnar er óupplýst hvernig kom til þess að grænt svæði á hættumatskortum var auðkennt á þeim með skýringunni „hættulaust svæði“ en gerð er nánari grein fyrir atriðum sem lúta að því í kafla 4 í skýrslunni og samantekt með honum. Eftir snjóflóðið í Súðavík í janúar 1995 var þetta eitt af því fyrsta sem afdráttarlaus gagnrýni beindist að í tengslum við hættumöt vegna snjóflóða og var þá svo að segja strax sammæli um það að slík framsetning fengi ekki staðist, veitti fólk „falskt öryggi“ og væri í reynd órökrétt þar sem ekki gengi upp að líta þannig á að öðrum megin við mjóa línu væri snjóflóðahætta en hinum megin hennar alls engin hætta. Af gögnum frá tímanum eftir snjóflóðið um viðbrögð stjórnvalda í kjölfar þess, sem rakin eru með öðru í kafla 6.5 í skýrslunni og veita frekari upplýsingar um þetta, verða þó ekki ráðnar sérstakar upplýsingar um ástæður þessarar framsetningar á hættumatskortum á árunum fyrir snjóflóðið. Sömu gögn benda til þess að viðbrögð stjórnvalda hafi m.a. strax beinst að því að ráða bót á þessu, vekja athygli á óvissu í þessu sambandi og lagfæra regluverk og framkvæmd við hættumat í sama augnamiði. Svo langt sem gögn rannsóknarnefndarinnar ná er ekki annað að sjá en að það hafi fyrst verið eftir snjóflóðið í Súðavík sem gögn stjórnvalda á þessu sviði endurspeglar með beinum og skýrum hætti umræðu á vettvangi þeirra um óvissu hættumarka, svo sem um „óvissuþátt“ þeirra eða „verulega óvissu um þau svæði sem merkt eru græn“. Eins og áður sagði má þó um leið ráða að meðvitund um hið sama og nauðsyn á að afmörkun hættusvæða tæki tillit til óvissu varðandi skriðlengd snjóflóða hafi verið komið fram nokkru fyrir snjóflóðið, þ.e. ef horft er til gagna varðandi drög að nýrri reglugerð um hættumat vegna snjóflóða sem lágu nokkurn veginn tilbúin fyrir í ársbyrjun 1995.

Á hættumatskortinu fyrir Súðavík lá hættulína fyrir „ytra svæðið“ þétt meðfram efri húsaröð við Túngötu og voru þau hús öll á grænu svæði, þ.e. „hættulausu svæði“. Fyrr í þessum kafla hafa verið dregin saman atriði varðandi hús við Túngötu og snjóflóðahættu á þessu svæði og vísast hér til þeirrar umfjöllunar. Á rauðu svæði og þar með hættusvæði samkvæmt hættumatinu voru svo hús í efri húsaröð við Nesveg, og leikskólinn þar fyrir ofan, og raunar einnig Nesvegur 11, 13 og 19, sem voru í neðri húsaröð við þá götu.

Eins og rakið er í kafla 4 og samantekt með þeim kafla hefur helst fram komið við rannsóknina að ástæða þess að inn á hættumatskortið vantaði tiltekin hús við Nesveg (nr. 7, 9, 15 og 17) ásamt leikskólanum þar fyrir ofan hafi tengst því að við gerð hættumats fyrir Súðavík í nóvember og desember 1988 voru í notkun mismunandi kortagrunnar hjá sérfræðingunum sem gerðu hættumatið. Á kortum sem tveir þeirra notuðu við gerð hættumatstillagna sinna og fylgdu þeim sjást þessi hús með öðrum húsum í byggðinni á þessu svæði. Á kortum þriðja sérfræðingsins á það að hluta til við einnig, þ.e. um eitt þeirra, en húsin vantar hins vegar á tvö af þeim kortum sem fylgdu hættumatstillögum hans. Svo fór að við gerð endanlegra tillagna um legu hættumatslínunnar var einnig notað kort sem húsin vantaði á og má telja ljóst að það hafi svo leitt til þess að þau vantaði einnig á hættumatskortið við lokafrágang þess og staðfestingu í árslok 1989. Umfram þetta hafa ekki komið í ljós við rannsókn nefndarinnar ótvíræðar skýringar á þessu atriði, þar á meðal ekki í skýrslutökum rannsóknarnefndar. Hér má horfa til þess, svo sem einnig kom

fram við skýrslutökur nefndarinnar, að þetta snerti þó ekki sjálfa legu hættusvæðisins og hættulínunnar. Jafnframt er ljóst, eins og fram kemur í kafla 4 og samantekt með þeim kafla, að af gögnum frá árinu 1990 og áfram varðandi möguleika á snjóflóðavörnum í Súðavík, sem beindust að svæðinu ofan Nesvegur, verður bæði beint og óbeint ráðið að þar hafi verið lagðar til grundvallar réttar upplýsingar um hús á þessu svæði.

Önnur gögn og upplýsingar benda heldur ekki til að það að áður nefnd hús við Nesveg vantaði inn í hættumatskortinu hafi eitt og sér haft þýðingu m.t.t. þeirra atvika sem rannsóknin varðar, þar á meðal vegna samskipta eða viðbragða almannavarna í Súðavík í aðdraganda snjóflóðsins í janúar 1995. Í því sambandi er t.d. ekkert sem bendir til þess að fólk sem átti í þeim samskiptum hafi haft undir höndum eða sérstaklega tekið mið af hættumatskortinu sem slíku í þeim samskiptum. Af því og öðru sem komið hefur fram um þau samskipti er ekki annað að ætla en að þau sem þar komu nálægt hafi vitað af því hvaða hús væru á skilgreindum hættusvæðum í byggðinni, óháð öllu um hvað annars kann að hafa verið sagt eða gert, eða látið ósagt og ógert, í þeim samskiptum og eftir þau. Um þau efni er fjallað í kafla 5 í skýrslunni og í samantekt með þeim kafla og vísast hér til þess.

Við skýrslutökur rannsóknarnefndar af íbúum í Súðavík á þessum tíma hefur komið nokkuð eindregið fram, sem fyrr greindi, að þau kannist ekki við að hættumatskortinu hafi verið kynnt sérstaklega í Súðavík eftir gerð þess og staðfestingu eða þau annars þekkt til þess sem slíks eða nákvæmrar legu hættulínunnar á „ytra svæðinu“. Jafnframt virðist þó sem a.m.k. sum þeirra hafi verið í grófum dráttum verið meðvituð um legu hættusvæðisins gagnvart sínum húsum. Varðandi kynningu á hættumati má taka fram að ákvæði ofanflóðalaganna 1985 um hættumat gerðu ekki ráð fyrir því að hættumat væri sérstaklega kynnt íbúum á viðkomandi svæði, þar á meðal ekki íbúum á hættusvæðum samkvæmt viðkomandi hættumati. Í ákvæðum þágildandi reglugerðar um hættumats vegna snjóflóða voru heldur engin ákvæði um slíkt. Sérstök ákvæði um opinbera kynningu á hættumati gagnvart íbúum á hættumetnu svæði komu fyrst inn í regluverk á þessu sviði með lagabreytingu árið 2000 og setningu nýrrar reglugerðar um gerð hættumats vegna snjóflóða sama ár, eins og nánar kemur fram í kafla 6.5 í skýrslunni og samantekt með kafla 6.

Samkvæmt því sem fram kom við rannsóknina kom aldrei til þess eftir að almannavarnarnefnd var stofnuð og tók til starfa í Súðavík árið 1989 og til og með snjóflóðinu í janúar 1995 að hús á hættusvæði vegna snjóflóða á „ytra svæðinu“ væru rýmd vegna snjóflóðahættu. Rýmingar áttu sér einungis sér stað á því tímabili á svæðinu undir Traðargili.

Í samhengi við hús á hættusvæði á „ytra svæðinu“ er loks tilefni til að víkja að eftirgreindum atriðum.

Í kafla 6.6 hér á undan og í samantekt með kafla 6 er fjallað um erindi og opinber greinaskrif eftirlifenda og aðstandenda vegna snjóflóðsins í Súðavík með áköllum til stjórnvalda um rannsókn á atvikum varðandi snjóflóðið og aðdraganda þess. Í þessum erindum og skrifum komu jafnframt fram athugasemdir og gagnrýni þeirra á ýmis atriði í þeim skýrslum eða greinargerðum sem stjórnvöld höfðu tekið saman um þetta. Ekki síst beindist sú gagnrýni að skýrslu Almanna- og ríkisins „Snjóflóð 95“ sem þau töldu fela í sér rangfærslur og innra misræmi, einkum þá varðandi staðhæfingu í skýrslunni sem laut með tilteknum hætti að húsum á „ytra svæðinu“. Sjónarmið þeirra um þetta hafa verið rakin nánar í áður nefndum kafla skýrslunnar, til fyllingar því sem hér fer á eftir.³⁰

Í kafla um atburða- og ástandslýsingu, og nánar þá m.a. um almannavarnir í Súðavík, á fyrstu síðum skýrslunnar „Snjóflóð 95“ kom þannig fram um hús sem verið hefðu á hættusvæði samkvæmt þágildandi snjóflóðahættumati fyrir Súðavík:

„Snjóflóðahættumatið fyrir Súðavík gerði ráð fyrir að öll efri húsaröðin við Nesveg væri innan hættusvæðis, auk leikskólans, en að línar lægi að öðru leyti meðfram efri húsaröðinni við Túngötu. Hættusvæðið sveigði síðan niður að sjó frá hafnargarðinum og um 300 metra inn eftir Aðalgötu.“³¹

Stuttu síðar í skýrslunni sagði hins vegar:

30. Eins og vísað hefur verið nánar til er skýrslan „Snjóflóð 95“ birt í heild sinni með skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

31. Skýrslan „Snjóflóð 95“ (5).

„Ekki verður séð af fyrirliggjandi gögnum að önnur málsmeðferð hefði firrt því manntjóni sem varð, þar eð þau hús sem lentu í snjóflóðinu voru utan hættusvæðis samkvæmt gildandi hættumati.“³²

Tilvitnuð orð eru í sjálfu sér skýr og ótvíræð að efni til, hvað sem öðru líður. Í þeim felst í fyrsta lagi ályktun um að ekki verði séð af fyrirliggjandi gögnum að önnur málsmeðferð en fylgt var í aðdraganda snjóflóðsins hefði forðað því manntjóni sem varð. Í öðru lagi er sú ályktun berlega og alfarið studd við þá einu forsendu að hús sem lentu í snjóflóðinu hafi verið utan hættusvæðis samkvæmt gildandi hættumati. Eins og sjá má af skýrslunni „Snjóflóð 95“ þar sem þessi staðhæfing kemur fram stendur hún sjálfstætt og óháð öðrum texta og verður þannig ekki skýrð eða skoðuð nánar með hliðsjón af neinu samhengi.

Í greinargerð aðstandenda þeirra sem létust í snjóflóðinu sem birtist í Morgunblaðinu í lok mars 1996, um sama leyti og skýrslan „Snjóflóð 95“ lá fyrir, gerðu þau með rökstuddum hætti sérstakar athugasemdir við þessa staðhæfingu í skýrslunni, sem og samhengi hennar við fyrri tilvitnuð orð úr sömu skýrslu. Sömu sjónarmið fólust í erindi þeirra til dómsmálaráðherra einum mánuði síðar og endurspegluðust einnig í síðari erindum og yfirlýsingum aðstandendanna sem rakin eru í þessum kafla skýrslunnar. Á síðari tímum hafa þau einnig lýst afstöðu og sjónarmiðum sínum um þetta í opinberri umfjöllun um snjóflóðið í Súðavík. Loks er þetta meðal atriða sem sérstaklega var vísað til í erindi aðstandenda til forsætisráðherra 23. apríl 2023 í aðdraganda skipunar rannsóknarnefndarinnar.

Ljóst er að afstaða og andmæli aðstandenda varðandi þessa staðhæfingu úr skýrslunni „Snjóflóð 95“ allar götur frá því hún var tekin saman, sem og varðandi samhengi hennar við önnur tilvitnuð orð úr sömu skýrslu, voru og eru rétt og á rökum reist. Samkvæmt rétttri lýsingu skýrslunnar sjálfar á húsum sem voru á hættusvæði í Súðavík er eina forsenda staðhæfingarinnar fáeinum blaðsíðum síðar í sömu skýrslu augljóslega röng. Af hinu sama leiðir þá jafnframt að skýrslan hefur að þessu leyti að geyma innri mótsögn eða misræmi.

Um gildi þessarar forsendu fyrir tilvitnaðri staðhæfingu í skýrslunni „Snjóflóð 95“ ætti að vera óþarft að fjalla frekar, m.a. í ljósi þess sem rakið hefur verið öðrum köflum skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Þó má benda á að fyrir lá auðvitað strax eftir snjóflóðið annars vegar hvaða hús hefðu lent í því og hins vegar að á meðal þeirra voru hús sem staðið höfðu á hættusvæði í Súðavík og þar sem manntjón hafði orðið.

Við rannsókn nefndarinnar hafa ekki komið fram gögn eða upplýsingar um hvað kunnir að hafa leitt til þess að umrædd ályktun í skýrslunni „Snjóflóð 95“ var sett fram á þessari röngu forsendu, og í berhöggi við staðreyndir, eða annars nokkuð sem varpað gæti frekara ljósi á það.

7.5. Veður í aðdraganda snjóflóðsins auk annarra snjóflóða úr Súðavíkurhlíð

Eins og fram kemur nánar í kafla 5 var við rannsókn nefndarinnar aflagð greinargerðar Einars Sveinbjörnssonar veðurfræðings, sem birt er með skýrslunni, um veðuraðdraganda snjóflóðanna í Súðavík 16. janúar 1995 og samanburð á honum við þekkt illvirði. Greinargerðin dregur skýrlega fram hversu mikið illvirði var um að ræða nóttina áður en snjóflóðið féll og að telja megi það í ýmsum skilningi fordæmalaust, a.m.k. svo langt sem skráðar upplýsingar eða aðgengileg gagnasöfn gefa kost á að ná. Í sömu átt ganga ýmsar og fjölbreyttar upplýsingar sem raktar eru í 5. kafla skýrslunnar um veðurhaminn þessa nótt og dagana á eftir sem og aðrar upplýsingar sem komið hafa fram við rannsóknina, svo sem í skýrslum fólks sem bjó í Súðavík á þessum tíma og upplifði þessi atvik eða þeirra sem komu til Súðavíkur vegna björgunarstarfa eftir snjóflóðið.

Um leið hefur komið fram við rannsóknina að þetta veður og hins vegar landfræðilegar aðstæður í og við Súðavíkurhlíð ofan byggðarinnar, þ.e. við og í kringum snjóflóðafarveginn þar, hafi saman lagst á eitt í að magna snjóflóðahættu þessa nótt. Með öðrum orðum hafi veðrið, þ.e. úrkomumagnið, vindstyrkur og síðast en ekki síst vindáttin og breyting

32. Skýrslan „Snjóflóð 95“ (8). Þess má geta að þessi staðhæfing stóð nokkurn veginn eins, og efnislega alveg eins að því leyti sem hér hefur þýðingu, í drögum að skýrslunni „Snjóflóð 95“ sem fram komu við rannsókn nefndarinnar úr gögnum Almannavarna ríkisins á Þjóðskjalasafni: Þjóðskjalasafn Íslands. Almannavarnir ríkisins 2010. D-41 (27).

á henni nokkuð til vesturs við norðrið kringum miðnættið, ásamt staðhættum í og við þennan snjóflóðafarveg falið saman í sér verstu mögulegu aðstæður fyrir snjóflóðahættu á þessum stað eða a.m.k. farið langt í þá átt. Varðandi staðhætti í og við Súðavíkurhlíð ofan byggðarinnar hefur þar ekki síst verið vísað til hnjúksins á Súðavíkurfjalli, skammt frá brún þess, sem í þeirri vindátt sem var beini úrkomu enn frekar að brún fjallsins fyrir ofan „gömlu byggðina“ í Súðavík og þar fram af, inn á aðsóps- eða upptakasvæði snjóflóðafarvegarins ofan við byggðina.³³ Um leið hefur komið fram við rannsóknina, þar á meðal í greinargerð Einars, að fyrir utan þá úrkomu og snjósöfnun sem varð um nóttina var þá þegar töluvert af snjó til fjalla á þessu svæði eftir úrkomu dagana á undan.

Í töflum 3 og 4 á blaðsíðum 18-19 í greinargerð Einars kemur fram að þrír mismunandi tímamarkar í veðrinu aðfaranótt 16. janúar 1995, þ.e. um miðnætti, kl. 03.00 og kl. 06.00, eru í efstu þremur sætum hæstu gilda vindstyrks í norðanátt á þessu svæði sem greining Einars leiðir í ljós. Benda má að gagnasafnið sem greining Einars er byggð á að þessu leyti nær aftur til ársins 1940. Einnig sést á töflunum að veðrið nokkru lengra fyrir og eftir snjóflóðið, þ.e. frá 15. janúar og til kvölds 16. janúar, er einnig með há gildi í þessum töflum. Af 40 gildum sem þessar tvær töflur hafa að geyma eru þannig 11 gildi tengd þessu veðri 15. til 16. janúar 1995.

Athygli vekur sömuleiðis að veður í aðdraganda snjóflóðanna í Súðavíkurhlíð 6. janúar 1983 kemur fyrir í báðum ofangreindum töflum (nr. 12 í töflu 3 og nr. 8 í töflu 4). Önnur veður sem birtast í þessum töflum eða í töflu 5 á næstu blaðsíðu greinargerðarinnar, þar sem sýnd eru hæstu gildi norðvestanáttar, verða einnig tengd snjóflóðum í Súðavíkurhlíð á öðrum tímum samkvæmt skráningum þeirra í gögnum Veðurstofunnar. Þar má nefna veður 27. og 28. febrúar 2000 (nr. 8, 9 og 13 í töflu 3 og nr. 13, 15 og 19 í töflu 4). Samkvæmt snjóflóðaánnál Veðurstofunnar fyrir Súðavík frá árinu 2003 mældist sólarhringsúrkoma síðarnefnda daginn 50 mm og hafði þá ekki farið yfir 40 mm frá uppsetningu sjálfvirkar veðurstöðvar í Súðavík eftir snjóflóðið þar í janúar 1995.³⁴ Samkvæmt snjóflóðaánnálnum féll snjóflóð 28. eða 29. febrúar 2000 í Súðavíkurhlíð sem átti upptök á sama stað og flóðið 16. janúar 1995 en stöðvaðist töluvert ofan „gömlu byggðarinnar“. Einnig er þar um að ræða veður 18. desember 1994 (nr. 20 í töflu 3) en þann dag féllu eins og fram kemur nánar í kafla 5 tvö snjóflóð í Súðavík, þ.e. stórt snjóflóð úr Traðargili og annað minna úr Súðavíkurhlíð sem stöðvaðist nærri hesthúsum við norðurmörk byggðarinnar. Hér má einnig benda á veður 13. og 14. febrúar 1988 (nr. 4, 12, 13 og 17 í töflu 5) og tvö snjóflóð úr Súðavíkurhlíð ofan „gömlu byggðarinnar“ sem féllu samkvæmt snjóflóðaánnálnum nokkrum dögum síðar eða 19. febrúar 1988 og stöðvuðust nokkuð ofan byggðarinnar.

Að samantöldu virðist samkvæmt ofangreindu mega tengja 24 af 60 gildum í þessum töflum í greinargerð Einars við þekkt snjóflóð úr Súðavíkurhlíð.

7.6. Snjódýpt í upptökum snjóflóðafarvegar í Súðavíkurhlíð ofan „gömlu byggðarinnar“

Eins og lýst er nánar fyrir í skýrslunni var snjódýpt í upptökum snjóflóðafarvega ein af helstu forsendum eða stuðlum sem nota átti og notaðir voru við útreikning með reiknilíkönunum á skriðlengd hugsanlegra snjóflóða í viðkomandi farvegum, þar á meðal með hinu svonefnda reglugerðarlíkani Þorsteins Jóhannessonar verkfræðings, við gerð snjóflóðahættumata.³⁵ Í kafla 4.3, í umfjöllun um gerð snjóflóðahættumats fyrir Súðavík á árinu 1988, kemur fram að sérfræðingarnir þrír sem unnu hver sína tillögu að hættumati virðast hafa verið sammála um að þau gildi snjódýptar í upptökum farvegarins í Súðavíkurhlíð ofan byggðarinnar sem nota þyrfti til að útreiknað hugsanlegt snjóflóð með reiknilíkani næði skriðlengd

33. Eins og áður hefur komið fram má greina þennan hnjúk skýrlega á loftmynd Mats Wibe Lund af Súðavík að vetri til, sem m.a. er að finna í greinargerð Einars en hefur einnig birst í útgefnum gögnum Veðurstofunnar varðandi Súðavík og snjóflóð þar.

34. Til þessa snjóflóðaánnáls hefur áður verið vitnað og vísað til í skýrslunni en hann er annars aðgengilegur á eftirfarandi slóð á vefsvæði Veðurstofu Íslands: https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/su/su_annall.pdf.

35. Um nánari upplýsingar og samhengi hér má vísa til umfjöllunar í kafla 4 í skýrslunni, einkum þá í kafla 4.3, en einnig er vikið að snjódýpt í þessu sambandi í kafla 6.5.

snjóflóðsins þar 6. janúar 1983 virtust hærri en svo að eðlilegt gæti talist. Gildin sem þar var lýst voru annars vegar 3,8 metrar og hins vegar 2,3 metrar en í þriðja lagi „verulega fram yfir“ tvo metra.

Í niðurlagi kafla 4.7 er jafnframt lýst erindi sem einn af þessum sérfræðingum, Þorsteinn Jóhannesson, sendi til Almannafræðisins eftir snjóflóðið í Súðavík í janúar 1995 þar sem fram komu sjónarmið um hvað væri ábótavant við grundvöll hættumats vegna snjóflóða og hvernig mætti endurskoða hann. Meðal annars vörðuðu þau forsendur um snjódýpt í útreikningum með reiknilíkani. Þorsteinn gat þess þar sem dæmis að hann hefði eftir snjóflóðið í Súðavík reiknað aftur með reglugerðarlíkaninu skriðlengd snjóflóðs úr farveginum ofan byggðarinnar. Fram kom að til að fá skriðlengd að hættumatslínunni eins og hún hafði verið ákveðin í hættumatinu 1989 hefði þurft að nota snjódýptina 2,4 metra, eða á móta snjódýpt og Þorsteinn hafði fundið út við gerð hættumatstillögu sinnar árið 1988 (2,3 metrar). Síðan sagði í þessu erindi Þorsteins frá janúar 1995 að ef snjódýptin 3,2 metrar væri notuð reiknaðist skriðlengdin 130 til 150 metrum lengra niður, líkt og hefði gerst í snjóflóðinu í Súðavík skömmu fyrr.

Í öðrum gögnum rannsóknarnefndarinnar varðandi tímamann eftir snjóflóðið, sem gerð er grein fyrir í kafla 6.5, koma fram á móta upplýsingar. Þar má nefna að Flosi Sigurðsson verkfræðingur lýsti því í bréfi til Ofanflóðanefndar í febrúar 1995 sem lýst er í þeim kafla að auka hefði þurft snjódýpt í upptökum farvegarins í Súðavíkurhlíð ofan byggðarinnar um 30% til að ná snjóflóðinu 16. janúar 1995. Af bréfinu má ráða að notast hafi verið þar við reglugerðarlíkanið og að tilgreind aukning snjódýptar hafi miðast við tveggja metra snjódýpt samkvæmt 3. mgr. 5. gr. þágildandi reglugerðar nr. 347/1988, um gerð hættumats vegna snjóflóða. Flosi Sigurðsson gerði sömuleiðis nýtt hættumat fyrir Súðavík í ágúst 1995, svo sem lýst er nánar í kafla 6.5. Samkvæmt greinargerð með því hættumati voru við gerð þess notaðir útreikningar með ýmsum reiknilíkönum, þar á meðal reglugerðarlíkaninu, og notuð til viðmiðunar varðandi Súðavíkurhlíð snjóflóðin þar 6. janúar 1983 og 16. janúar 1995. Þar kemur m.a. fram að snjódýptarstuðull fyrir reglugerðarlíkanið hefði þurft að vera 2,5 metrar til að reiknað snjóflóð næði skriðlengd fyrrnefnda snjóflóðsins en 3,4 metrar til að það næði skriðlengd þess síðarnefnda. Við hættumatið var svo ákveðið að nota snjódýptarstuðulinn 3,5 metrar fyrir reglugerðarlíkanið.

Í greinargerð með hættumati Veðurstofu Íslands fyrir Súðavík frá árinu 2005 er m.a. umfjöllun um snjódýpt á upptakasvæðum.³⁶ Þar segir að snjódýpt í hlíðinni ofan Súðavíkur hafi verið mæld reglulega síðan veturinn 1996/1997 á níu stikum á þremur tilgreindum svæðum, þar af tveimur stikum í Súðavíkurhlíð ofan „gömlu byggðarinnar“. Með umfjölluninni eru myndir sem sýna snjódýptarmælingar á einni stiku á hverju svæði frá upphafi og til útgáfu greinargerðarinnar 2005. Um mælingar á stikunum í Súðavíkurhlíð segir nánar þarna:

„Mjög mismunandi snjódýpt hefur mælst á stikunum tveimur í Súðavíkurhlíð. Snjódýptin á annarri þeirra (stiku 1) fer sjaldan yfir 50–100 cm en á hinni (stiku 2) mælist jafnan mest snjódýpt af öllum 9 stikunum sem lesið er af í Súðavík. Þessi stika fór á kaf í apríl 2000 og var snjódýptin eftir það metin út frá aukningu hennar á öðrum stikum þar til stikan kom í ljós að nýju. Þá er lóðrétt snjódýpt á þessum stað talin hafa náð um 500 cm og um 400 cm í apríl 1999.“

Af korti um staðsetningu stikanna sem fylgir greinargerðinni má sjá að stikur 1 og 2 í Súðavíkurhlíð eru nálægt hvor annarri í fjallinu ofan „gömlu byggðarinnar. Stika 2 er nokkru norðar og um leið um það bil undir áðurnefndum hnjúki eða felli ofan á fjallinu.³⁷

Á áðurnefndri mynd í greinargerðinni sem sýnir snjódýptarmælingar með þessari stiku 2 í Súðavíkurhlíð frá árunum 1996/1997 til árunna 2004/2005 má greina nánari upplýsingar um mælingarnar umfram það sem fram kemur í ofangreindri tilvitnun. Meðal annars endurspeglast þar að tvo vetur nokkrum árum eftir snjóflóðin í Súðavík í janúar 1995, nánar tiltekið 1998/1999 og 1999/2000, hefur snjódýptin nánast stöðugt verið yfir tveimur metrum frá mánaðamótum nóvember/desember til loka apríl og farið í megindráttum

36. Vísad hefur verið til þessa hættumats fyrir Súðavík frá árinu 2005 í kafla 6.5 í skýrslunni en það er annars aðgengilegt á eftirfarandi slóð á vef Veðurstofunnar: <https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/su/g05006.pdf>.

37. Til hægðarauka er hér á eftir tengill á þetta kort: https://www.vedur.is/gogn/snjoflod/haettumat/su/su_te_4.pdf.

vaxandi yfir veturinn upp í fjóra metra eða rúmlega það í vetrarlok. Í janúar bæði árin sýna mælingarnar um þriggja metra snjódýpt eða rúmlega það og yfirleitt enn meiri snjódýpt næstu mánuði, þ.e. um eða yfir fjóra metra fyrir veturinn eða allt að fimm metrum síðari veturinn.

7.7. Skipulag almanna- og almannavarnir í Súðavík

Frá snjóflóðinu í Súðavík 16. janúar 1995 hafa orðið miklar breytingar á almannavarnakerfinu, bæði skipulagi og viðbrögðum.³⁸ Frá því almannavarnakerfið komst á laggirnar í kjölfar lagasetningar um almannavarnir árið 1962 fram til þess tíma þegar nær dró snjóflóðinu í Súðavík í janúar 1995 hafði það þróast og eflst með ýmsum hætti. Unnið hafði verið að skipulagi viðbragða og hvatt til stofnunar almannavarnanefnda í sveitarfélögum um allt land. Samstarf hafði verið haft við aðra viðbragðsaðila, gerðir höfðu verið samningar við hjálparliða, björgunarsveita og Rauða krossins vegna viðbragða og útbúnaðar höfðu verið hópslysaáætlanir fjórðungssjúkrahúsa. Almannavarnanefndir fengu í hendur grunnskipulag og viðbragðsáætlanir sem þær gátu aðlagð sínur aðstæðum. Haldnir voru kynningarfundir með almannavarnanefndum sem og námsstefnur fyrir almannavarnanefndir auk námskeiða m.a. í snjóflóðafræðum og annarrar hjálfunar hjálparliða, m.a. björgunarsveita, sjálfbóðaliða Rauða krossins, heilbrigðisstarfsmanna og snjóathugunarmanna. Komið var á skipulagi vettvangsstjórnunar og námskeið haldin. Gefin höfðu verið út ýmis fræðslurit og bæklingar bæði fyrir hjálparliða og almenning og upplýsingar um viðbrögð við vá birtar í símaskránni.

Þetta var það skipulag sem almannavarnanefnd Súðavíkur byggði á þegar snjóflóðið féll en fjallað er um störf almannavarnanefndar Súðavíkur fram að snjóflóðinu í kafla 4 samhliða öðrum viðfangsefnum þess kafla skýrslunnar. Fyrir stofnun almannavarnanefndarinnar í mars 1989 fór hreppsnefnd Súðavíkur í reynd með þau hlutverk sem almannavarnanefndum var annars ætlað að sinna og brást t.d. við ef tilkynningar bárust frá Veðurstofu Íslands um hættu vegna veðuraðstæðna. Atriði varðandi tíðni funda almannavarnanefndarinnar í Súðavík á árunum eftir stofnun hennar og fram að snjóflóðinu í janúar 1995 eru dregin saman í samantekt með kafla 4 í skýrslunni en um efni einstakra funda á þessu tímabili er fjallað eftir tilefni í köflum 4 og 5 í samhengi við umfjöllun hverju sinni. Nokkrum sinnum fram til ársins 1995 heimsóttu fulltrúar Almanna- og almannavarnanefndina, kynntu sér starfsemina og fóru yfir skipulagið. Einnig voru snjóflóðavarnir og snjóathuganir í Súðavík til umræðu á fundum nefndarinnar.

Við skýrslugjöf fyrrverandi framkvæmdastjóra Almanna- og almannavarnanefndarinnar, Sólveigar Þorvaldsdóttur kom fram að ýmsar breytingar hafi orðið á skipulagi Almanna- og almannavarnanefndarinnar árið 1996. Lögð var áhersla á uppfærslu ferla og viðbragða og á viðbrögð við stórum atburðum í leit og björgun, svo sem flugslys og snjóflóð. Rýmingarkort fyrir snjóflóðabyggðir voru gefin út 1996 og kynnt íbúum sveitarfélaga á hættusvæðum, m.a. á norðanverðum Vestfjörðum og snjóflóðakafla í neyðarskipulagi var uppfærður.³⁹ Einnig var farið að ræða um sameiningar almannavarnanefnda. Skipulag vettvangsstjórnunar var yfirfarið og uppfært, og mun það vera í meginatriðum það skipulag sem gildir í dag. Einnig var komið á aðgerðastjórnun sem sæju um yfirstjórn viðbragða í héraði í umboði almannavarnanefndanna, jafnframt því að sinna ýmsum málefnum er vörðuðu undirbúning almannavarnaviðbragða svæðanna. Innleitt var verkþáttaskipulag fyrir stjórnun viðbragða á vettvangi sem og í aðgerðastjórn. Námskeiðsefni var uppfært og námskeið haldin í öllum landshlutum, m.a. í vettvangsstjórnun og aðgerðastjórnun til að innleiða nýtt skipulag. Haldnir voru árlegir landshlutfundir með almannavarnanefndum og málþing um málefni almanna- og almannavarnanefnda og ýmsar æfingar, viðbragðsáætlanir vegna snjóflóða uppfærðar og gefnir út bæklingar fyrir hættusvæðin. Einnig hafi verið unnið að undirbúningi samhæfingarstöðvar almanna- og almannavarnanefnda sem hýsti sameiginlega stjórnun allra viðbragðsaðila.⁴⁰ Sú miðstöð hefur verið til húsa í Skógarhlíð í Reykjavík frá árinu 2003.

38. Fjallað er um setningu almanna- og almannavarnalaga nr. 94/1962 og síðari þróun þeirrar löggjafar og almannavarnakerfisins í kafla 2 í skýrslunni.

39. [Bæjarins besta - 13. tölublað \(27.03.1996\) - Tímarit.is](#)

40. Sólveig Þorvaldsdóttir, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 11. nóvember 2025.

Almannavarnir ríkisins voru færðar undir embætti Ríkislögreglustjóra með lagabreytingum árið 2003 og stofnuð var almannavarnadeild hjá embættinu. Síðan þá hefur þróunin haldið áfram, m.a. með gerð, yfirferð og uppfærslu skipulags, leiðbeininga og viðbragðsáætlana, æfingum og þjálfun og sameiningu almannavarnanefnda. Gerð er grein fyrir núverandi skipulagi, viðbragðsáætlunum m.a. vegna snjóflóða, rýmingarkortum og fleiru á vef almannavarna.⁴¹

Eftir snjóflóðið hélt almannavarnanefnd Súðavíkur áfram störfum. Samkvæmt fundargerðum nefndarinnar tók starfsemi hennar litlum breytingum eftir snjóflóðið. Hún var mismikil milli ára og fór mjög eftir því hver veðurskilyrði voru, svo sem ef til vill má telja von til. Sum árin voru haldnir sjö fundir og önnur ár náði nefndin ekki fjögurra funda lögbundnu viðmiði. Nefndin fundaði um veðuraðstæður og ákvarðanir um rýmingar, fræðslu, neyðarskipulagið og viðbragðsáætlanir, rýmingaráætlanir, átti fundi með fulltrúum almannavarna að sunnan, yfirfor uppfærslu á snjóflóðakafli og rýmingaráætlun, einnig var rætt um búsetu á hættusvæðinu í eldri byggðinni í Súðavík, búnað björgunarsveitarinnar Kofra, hættu í Súðavíkurhlíð og merkingar þar að lútandi, sem og sameiningar almannavarnanefnda. Haldin var bordæfing með fulltrúum almannavarna 1998. Hættuástand skapaðist reglulega á árunum eftir snjóflóðið, oftast í janúar og febrúar og fundaði nefndin þá um aðvaranir Veðurstofu og tók ákvarðanir um rýmingar. Ekki var ávallt einhugur í nefndinni um þær ákvarðanir.

Árið 2007 sameinuðust almannavarnanefndir í Súðavík og á Ísafirði. Í dag er ein almannavarnanefnd fyrir Ísafjörð og Súðavíkurhrepp sem nær frá Ísafirði innst í Djúpinu og til Arnarfjarðar. Bolungavík er með eigin almannavarnanefnd. Árið 2007 gáfu Veðurstofa Íslands og Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra út uppfærða bæklinga um rýmingar vegna snjóflóðahættu í ýmsum byggðarlögum, m.a. í Súðavík.⁴² Í bæklingnum eru upplýsingar um ferli ákvarðanatöku um rýmingar, upplýsingar um skiptingu þorpsins í reiti samkvæmt rýmingaráætlun og leiðbeiningar um rýmingu. Einnig gaf Almannavarnadeildin árið 2017 út vinnureglur fyrir almannavarnanefndir þar sem gerð er m.a. grein fyrir skipun nefnda, hlutverki, samstarfi sveitarfélaga og aðgerða- og vettvangsstjórn.⁴³

Þróun almannavarnakerfisins verður hér ekki rakin lengra en ljóst er að skipulagið er í samfelldri þróun og hafa grundvallarbreytingar orðið á því frá árinu 1995. Vert er loks að geta þess að við lok rannsóknar nefndarinnar og birtingu þessarar skýrslu undir lok árs 2025 hefur verið lagt fram á Alþingi frumvarp til nýrra almannavarnalaga.⁴⁴

7.8. Uppkaup fasteigna á hættusvæðum í stað varnarvirkja vegna snjóflóða

Í kafla 4 í skýrslunni og samantekt með þeim kafla er gerð grein fyrir þróun mála með umræður og tillögur að snjóflóðavarnamannvirkjum í Súðavík á árunum eftir snjóflóðahættumatið lá fyrir í árslok 1989 og fram á árið 1994, eins langt og náði og gögn sem komu fram við rannsóknina gáfu tilefni til. Í samhengi við varnarvirki vegna snjóflóða í Súðavík, sem vitaskuld liggur ljóst fyrir að voru aldrei reist, má til viðbótar geta hér eftirfarandi atriða.

Í kafla 2 í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir ákvæðum 11. gr. ofanflóðalaganna 1985 um ráðstöfun fjármuna ofanflóðasjóðs. Eins og hér og þar kemur fram í umfjöllun í kafla 4 í skýrslunni virðist frá upphafi, a.m.k. af hálfu stjórnvalda á sviði ofanflóðamála, talin hafa verið felast í þessum ákvæðum heimild til þess, væri slíkt talið hagkvæmara, að kaupa fasteignir á hættusvæðum í stað þess að byggja varnarvirki vegna þeirra. Þetta endurspegladist þó ekki skýrlega sjálfum ákvæðum greinarinnar en kom t.d. afdráttarlaust fram í athugasemdum með þeim ákvæðum í frumvarpi til laganna. Síðari gögn rannsóknarnefndarinnar endurspeгла að nokkru leyti en þó ekki ljóslega að þessi heimild hafi að einhverju leyti verið uppi á borðum á næstu árum í umræðum um þessi mál.

41. Sjá: www.almannavarnir.is.

42. Sjá: [Rýmingaráætlanir | Categories | Almannavarnir](#)

43. Sjá: [Almannavarnarnefndir | Almannavarnir](#)

44. Sjá: [Stjórnarráðið | Ný heildarlög um almannavarnir efla almannavarnakerfið og áfallaþol samfélagsins; 396/157 stjórnarfrumvarp: almannavarnir | Þingtíðindi | Alþingi](#)

Meðal annars skírskotaði framkvæmdastjóri Almanna- og Ríkisráðsins til hennar í blaðaviðtali í Þjóðviljanum 27. mars 1988 en vísað er til þeirrar umfjöllunar í öðru samhengi í 4. kafla skýrslunnar. Af gögnum sem rakin eru í sama kafla um fund Almanna- og Ríkisráðsins með almanna- og Ríkisráðsnefnd Súðavíkur í maí 1990 má einnig ráða að í máli framkvæmdastjórans hafi verið vísað til þessarar heimildar. Ekkert verður hins vegar ráðið nánar um það af því sem fram kom við rannsóknina að þessi heimild hafi á ákveðinn eða meðvitaðan hátt verið rædd eða reifuð á árunum fyrir snjóflóðið í tengslum við ráðagerðir eða tillögur um varnarvirki í Súðavík.

Í drögum að nýrri og endurskoðaðri reglugerð um gerð hættumats vegna snjóflóða sem lágu fyrir langt komin í árslok 1994, eins og rakið er nánar í 4. kafla skýrslunnar, voru m.a. ráðgerð ný ákvæði sem kváðu sérstaklega á um þessa heimild, og sem endranær þá á grundvelli stöðar sem taldist vera fyrir því í ofanflóðalögum. Þannig átti breytt reglugerð að endurspegla með skýrum hætti að liður í varnaraðgerðum gæti verið að kaupa upp fasteignir í stað þess að byggja varnarvirki, væri það talið hagkvæmara. Í því sambandi má taka upp hér að í blaðaviðtali við Sigríði Hrönn Elíasdóttur þáverandi sveitarstjóra í Súðavík í upphafi árs 1995, sem nánar er vitnað og vísað til í kafla 5, svaraði hún spurningu um hugsanlegar snjóflóðavarnir í þorpinu með því að vísa til þess að heimild til að kaupa fasteignir í stað þess að byggja varnarvirki væri þá í burðarliðnum. Enda þótt hún vísaði þar raunar sjálf til frumvarps á Alþingi um breytinga á ofanflóðalögum í þá átt má telja líklegt, þar sem það frumvarp varðaði annað, að efnislega hafi verið átt við ný ákvæði um þetta í væntanlegri nýrri og endurskoðaðri reglugerð um hættumat vegna snjóflóða.

Af þessu má ráða að heimild til uppkaupta fasteigna í stað byggingar varnarvirkja samkvæmt ofanflóðalögum 1985, sem a.m.k. eftir skilningi opinberra stjórnvalda á þessum tíma hafði legið fyrir frá setningu laganna, hafi ekki verið kunnug yfirvöldum í Súðavík eða annars verið fyrir hendi einhvers konar misskilningur um tilvist slíkrar heimildar. Um þetta verður þó ekkert fullyrt eða fjallað frekar hér enda geyma gögn rannsóknarnefndarinnar sem fyrr greindi engar sérstakar upplýsingar um að möguleiki á þessu hafi beint og sérstaklega komið til umræðu, á einn eða annan hátt, í tengslum við snjóflóðavarnir í Súðavík á árunum fyrir snjóflóðið.

Í kafla 4.8 í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir meðferð og efni lagafrumvarps til breytinga á ofanflóðalögum 1985 sem lá fyrir á Alþingi í desember 1994. Eins og nánar greinir í kafla 6.5 í skýrslunni kom til þess eftir snjóflóðið í Súðavík, við meðferð og samþykkt þessa lagafrumvarps í febrúar 1995, að auk þeirra breytinga sem frá upphafi höfðu verið ráðgerðar á lögum með frumvarpinu var bætt við lögum beinum ákvæðum um þessa heimild. Ráða má af gögnum varðandi lagabreytingar að mikilvægt hafi þótt að skýrt væri kveðið á um þennan valkost í lögum.

7.9. Stórt snjóflóð úr Súðavíkurhlíð í upphafi 20. aldar?

Í áðurnefndum snjóflóðaánnál Veðurstofunnar fyrir Súðavík frá árinu 2003 kemur m.a. fram um snjóflóðasögu Súðavíkur:

„Eftir snjóflóðin 1995 komu fram áður ókunnar heimildir um flóð úr Súðavíkurhlíð upp úr aldamótunum 1900 á svipuðum stað og mannskaðaflóðið 16. janúar. Þegar Magnúsi Má Magnússyni var fyrst sagt frá þessu flóði var fullyrt að það hefði fallið árið 1905, sem bendir til að vitneskjan hafi verið nokkuð áreiðanleg. Flóð þetta á að hafa náð niður undir sjó. Heimildarmaðurinn er nú látinn og ekki hefur tekist að fá frekari staðfestingu á þessari frásögn. Sökum þess hvað heimildir um þetta flóð eru óljósar er flóðið einungis skráð í snjóflóðagagnasafnið en ekki dregið á kort.“

Í umfjöllun um snjóflóðin úr Súðavíkurhlíð 6. janúar 1983 í sama skjali segir jafnframt að þau flóð séu elstu flóð sem öruggar heimildir séu um ofan „gömlu byggðarinnar“ í Súðavík. Því næst er tekið fram að „óljósar sagnir“ séu þó um flóð á þeim stað sem eigi að hafa fallið um 1905.

Í ljósi þessa taldi rannsóknarnefndin rétt að beina rannsókn sinni m.a. að því hvort unnt væri að afla frekari upplýsinga um þetta atriði. Í skýrslu Magnúsar Más Magnússonar hjá rannsóknarnefnd kom ekki fram frá hverjum hann hefði fengið þessar upplýsingar og mundi hann það ekki nákvæmlega, þar á meðal hvort fleiri en einn eða margir einstaklingar hefðu sagt honum frá þessu.⁴⁵ Nánar kom fram að Magnús Már hefði komið til Súðavíkur eftir snjóflóðið í janúar 1995 þegar veður var gengið niður, farið þar um og rætt við fólk, án þess að hann myndi nákvæmlega hvað hefði verið rétt. Ráða mátti að hann hefði fengið umræddar upplýsingar við slíkt tækifæri. Upplýsingarnar sagðist Magnús Már hafa borið undir Heiðar Guðbrandsson sem brugðist hefði við með afdráttarlausu svari á þá leið að „þetta hefði verið vitað“ eða að „fólk hefði vitað þetta“. Jafnframt kom fram að þetta hefði verið í fyrsta sinn sem Magnús Már hefði frétt af þessu og þar á meðal hefði ekkert komið fram um þetta í tengslum við gerð snjóflóðahættumatsins fyrir Súðavík á sínum tíma. Þar hefðu upplýsingar á þessa leið getað haft augljósa þýðingu því þó aðeins væri um orðróm að ræða hefði verið hægt að taka þetta inn í myndina við gerð hættumats. Aðspurður kvaðst Magnús Már ekki treysta sér til að fullyrða hvort hinn látni heimildarmaður samkvæmt því sem segir í snjóflóðaánnál Veðurstofunnar um þetta væri Heiðar Guðbrandsson en kvaðst hins vegar hafa borið þetta undir Heiðar, sem fyrr sagði, og af viðbrögðum hans hefði virst mega ráða að hann og aðrir hlytu þá að hafa vitað af þessu áður. Magnús Már var einnig spurður hvort hann vissi til þess að aðrar heimildir kynnu að vera fyrir þessu eða hvort það hefði verið kannað sérstaklega og sagðist hann ekki vita það.

Við skýrslutökur leitaðist nefndin við að grennslast frekar fyrir um upplýsingar um hugsanlegt snjóflóð úr Súðavíkurhlíð árið 1905 eða því árabili, einkum hjá þeim skýrslugjöfum þar sem á annað borð var talið hugsanlegt að gætu búið yfir þeim, en engin þeirra kváðust kannast við þetta eða geta veitt um það upplýsingar.

Við rannsóknina komu ekki fram önnur gögn eða upplýsingar en að ofan greinir um þetta atriði, þar á meðal ekki frá Veðurstofunni. Rannsóknarnefndin leitaðist eftir því sem föng þóttu á við að kanna þetta frekar, einkum þá með því að óska eftir því við Skjalasafnið á Ísafirði og Þjóðskjalasafnið að tiltækar samtímaheimildir varðandi Súðavík frá þessum tíma í upphafi 20. aldar yrðu kannaðar með þetta í huga. Slík athugun fór fram en ekki komu sérstakar frekari upplýsingar út úr þeirri viðleitni.

Eftir rannsóknina hefur því ekkert umtalsvert bæst við frekar en það sem greinir í áðurnefndum snjóflóðaánnál Veðurstofunnar um hugsanlegt stórt snjóflóð úr Súðavíkurhlíð í upphafi 20. aldar og er það atriði þannig eftir sem áður óupplýst.

45. Magnús Már Magnússon, skýrsla hjá rannsóknarnefnd 14. október 2025.

8. Lokaorð

Það er einlæg von rannsóknarnefndarinnar að efni þessarar skýrslu og rannsókn nefndarinnar sem liggur henni til grundvallar megi telja í samræmi við það sem leitt verður af afmörkun þeirrar rannsóknar og viðfangsefna sem nefndinni voru falin og réðu þannig að meginstefnu ramma rannsóknarinnar og áherslum við hana.

Á því tæplega eins árs tímabili sem nefndin hefur starfað leitaðist hún við að ákvarða nánar og sinna rannsókninni af bestu getu og samvisku og um leið eins og fremst var unnt af eðlilegri nærgætni og aðgæslu, líkt og viðfangsefni rannsóknarinnar kölluðu á margan hátt á og kröfðust. Nefndin leyfir sér einnig að vona að það hafi gengið eftir að sem flestu leyti. Ítrekaðar eru þakkir til allra þeirra sem lagt hafa rannsókninni lið með framlagi sínu á einn eða annan hátt, hvort heldur með aðstoð við framkvæmd rannsóknarinnar eða í tengslum við öflun gagna eða upplýsinga af hálfu nefndarinnar, þar á meðal við skýrslutökur nefndarinnar.

Í lok þessarar skýrslu er jafnframt, á sama hátt og í upphafi hennar, ástæða til að minna á þær ábendingar sem fram koma í inngangi skýrslunnar varðandi efnistöskýrslunnar og íhugun upplýsinga sem þar koma fram og leyfir nefndin sér hér með að gera það.

Eiginleg lokaorð skýrslunnar fara hér á eftir. Þau eru raunar ekki nefndarinnar sjálfar en um leið vafalaust fremur við hæfi en nokkuð sem henni væri sjálfri kleift að fanga með orðum.

Í einni af heimsóknum rannsóknarnefndarinnar á skrifstofur Súðavíkurrepps vegna skoðunar og öflunar gagna í þágu rannsóknarinnar varð fyrir nefndinni bréf til sveitarstjóra Súðavíkurrepps frá níu ára stúlku á Akureyri sem sent var 8. febrúar 1995 eða um þremur vikum eftir snjóflóðið í Súðavík. Þetta bréf, með þeim orðum og anda sem það geymir og tala fyrir sig sjálf, verða lokaorð þessarar skýrslu:



